

Elskulega móðir mín,
systir, bróðir, faðir og sonur

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

3. bindi

Elskulega móðir mín,
systir, bróðir, faðir og sonur

Fjölskyldubréf frá 19. öld

SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR

tók saman



REYKJAVÍK 1999
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR 3

Elskulega móðir mín,
systir, bróðir, faðir og sonur

Fjölskyldubréf frá 19. öld

SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR

tók saman

REYKJAVÍK 1999

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).

Háskólaútgáfan
Reykjavík 1999

© Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon
Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir
Umbrot: Sverrir Sveinsson
Prentumsjón: Gutenberg
ISBN 9979-54-386-8

Efni

	Formáli	7
I.	Sagan sem hér fer á eftir	11
	Persónur verksins	12
	Hugmyndafræðin að baki bókinni	32
II.	Ást og framtíðardraumar	37
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1878-1879	38
III.	Vinátta og vonir sem bregðast	49
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1880	50
IV.	Kvalir innanbrjósts	60
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1880-1881	60
V.	Að láta ekki sorgina buga sig	66
	Bréfaskipti Jóns Borgfirðings, Klemensar Jónssonar og Finns Jónssonar apríl-maí 1881	67
VI.	Samband móður og sonar	71
	Bréf frá Finni Jónssyni til Önnu Guðrúnar Eiríksdóttur 1878-1880	73
VII.	Lífshlaup og hlutskipti alþýðukonu	98
	Bréf frá Önnu Guðrúnu Eiríksdóttur til Finns Jónssonar 1878-1880	99
VIII.	Vandinn að eiga danska mágkonu	167
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar maí-júní 1881	171
IX.	Von um að verða kona	174
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1881-1882	175
X.	Sjálfsmyndir renna saman	189
	Bréfaskipti Finns Jónssonar, Klemensar Jónssonar, Jóns Borg- firðings og Guðrúnar Borgfjörð janúar-mars 1883	189
XI.	Endurnýjuð von um bjarta framtíð	195
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1883	196
XII.	Erfiðleikar unga menntamannsins	209
	Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar mars-júní 1883	209
XIII.	Húsmóðir á þrítugsaldri	214
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1883-1884	214

XIV.	Launbarn kemur úr felum	221
	Bréf frá Sigurjónu Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings 1884-1907 ...	222
XV.	„Vertu svo bezt kvaddur“	236
	Bréf frá Gunnari Magnússyni til Jóns Borgfirðings 1907-1908 ...	236
XVI.	Svikinn sonur og örvæntingarfull móðir	238
	Bréf frá Guðríði Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings 1852-1854.....	238
XVII.	Betri borgarar gera fjölskyldunni lífið leitt	239
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1885-1888	241
XVIII.	Nýtt líf í Kaupmannahöfn	273
	Bréf frá Guðnýju Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings 1888.....	273
XIX.	Að vera upp á aðra komin	275
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1888-1889	276
XX.	Heimilið leysist upp	282
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1889-1890	282
XXI.	Samband föður og dóttur.....	285
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1890-1891 ...	285
XXII.	Lifað fyrir sjálfan sig	290
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1890-1891	290
XXIII.	Veikindi setja strík í reikninginn	296
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1892-1894 ...	296
XXIV.	Ást í stað áfengis	311
	Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings 1889-1894	312
XXV.	Skilinn einn eftir	328
	Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings og Finns Jónssonar 1895-1896	328
XXVI.	Nýr fóstursonur og ný hlutverkaskipan	332
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1894-1898	333
XXVII.	Að standa á eigin fótum	350
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1899-1900 ...	350
XXVIII.	Líf sem fjarar út	354
	Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð og Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar 1900-1902	355
	Heimildaskrá	365

Formáli

Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubrэф frá 19. öld er þriðja bókin í heimildaflokknum Sýnisbók íslenskrar alþýðumenn- ingar. Hér eru dregin fram sýnishorn úr sendibréfum fjölskyldu Önnu Guð- rúnar Eiríksdóttur og Jóns Jónssonar Borgfirðings. Bréfin eru sérlega merkar heimildir um alþýðufólk sem hófst til vegs og virðingar á Íslandi og í Danmörku á sviði mennta og stjórn mála á seinni hluta nítjándu aldar. Börn Jóns og Önnu urðu mörg hver þjóðkunnir einstaklingar og má þar sérstaklega nefna Finn Jónsson prófessor í norrænum fræðum við Kaup- mannahafnarháskóla, Klemens Jónsson landritara og ráðherra og Guðrúnu Borgfjörð sem var þekkt kona á sinni tíð, starfaði sem ráðskona, sauma- kona og kennari, og var einhleyp alla ævi. Öll voru þau gædd miklu and- leguatgervi og létu mikið að sér kveða í íslensku þjóðlífi, hvert með sínu móti. Hin systkinin fjögur, Guðný, Vilhjálmur, Ingólfur og hálf systir þeirra Sigurjóna, voru minna áberandi en bjuggu yfir ágætum hæfileikum sem glögglega koma fram í bréfum þeirra.

Það er von okkar ritstjóranna að bókin verði til þess að opna augu fræði- manna enn frekar fyrir mikilvægi sendibréfa sem sagnfræðilegra heimilda. Bréfin eru einnig sérstaklega vel til þess fallin að vekja áhuga manna á umræddu tímabili þar sem þau eru lifandi heimild um samtímaatburði á nítjándu öld. Þau veita okkur ekki síður mikilvægar upplýsingar um hugs- un fólks og sálarlíf og eru ef til vill betri heimild en nokkur önnur um skoð- anir fólks á lífinu og tilverunni á þessu tímabili. Bréfasafn þessarar fjöl- skyldu hentar vel til þess að draga fram í dagsljósið almennt hugarfar fólks vegna þess hve umfang þess er gríðarlegt og sambandið milli systkinanna og foreldra þeirra náíð. Eins og lesendur bókarinnar munu uppgötva er bréfiturum ekkert mannlegt óviðkomandi og leitin að hagfelldri leið til að koma ár sinni vel fyrir borð er einkar athyglisverð. Hér er á ferð óvenjuleg fjölskyldusaga sem er rík af óvæntum atburðum og skemmtilegum uppá- komum, en hún er fyrst og fremst glöggt dæmi um þrautseigju fátæks fólks sem er staðráðið í að láta ekki afkomu sína standa í vegi fyrir því að börn-

in fái notið þess besta sem lífið býður upp á. Slíkt fæst ekki án fórna og þolinmæði og um það greina bréfin á skilmerkilegan hátt.

Þegar ritröðin Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar var í undirbúningi vakti einkum fyrir okkur aðstandendum hennar, að gefa ungum fræðimönnum tækifæri til að birta sýnishorn úr þeim persónulegu heimildum sem þeir væru að vinna með og fylgja þeim úr hlaði með greinargerð um rannsóknir sínar byggðar á þessum heimildum. Nú er þessi hugmynd orðin að veruleika þar sem Sigrún Sigurðardóttir, sem nýlega lauk við yfirgrípsmikla rannsókn á heimildum um Jón Borgfirðing, Önnu Guðrúnu og börn þeirra, fær hér tækifæri til að setja saman bók sem varpar ljósi á daglegt líf þessa fólks. Sigrún lauk B.A. prófi frá Háskóla Íslands á síðasta ári og er ein þeirra sem hafa lagt rækt við einsöguna og tekið þátt í að móta aðferðir hennar hér á landi. Eins og kunnugt er hafa íslenskir sagnfræðingar sem tengjast einsöguhefðinni unnið mikið með persónulegar heimildir meðal annars vegna þess að þær gefa fræðimanninum tækifæri til að kafa dýpra í atburði eða fyrirbæri sem eru til rannsóknar. Þessi bók ætti að gefa fræðimönnum sem vilja tileinka sér aðferðir einsögunnar möguleika á að nýta sér þann efnivið sem hér er til umræðu.

Sigrún hefur þann háttinn á að láta heimildirnar tala sínu máli að mestu en skýtur inn stuttum skýringarköflum sem eru til þess gerðir að auðvelda lesendum lesturinn. Hún ritar einnig inngang að bókinni þar sem gerð er grein fyrir heimildunum, túlkunarmöguleikum þeirra og aðalpersónunum. Aðaláherslan er þó á texta fjölskyldunnar sjálfrar og gefst lesendum þannig tækifæri til að túlka heimildirnar eftir sínu höfði og mynda sér skoðanir á atburðum, persónum og fyrirbærum sem þarna koma við sögu.

Eins og í fyrri bókum ritraðarinnar er textinn gefinn út með þeim hætti að sem minnst er hróflað við frumtextanum. Þó eru augljós pennaglöp lagfærð án athugasemda og greinarmerkjasetningu breytt lítillega á stöku stað til að auðvelda lesturinn. Stöku orð hefur ekki verið unnt að lesa. Þeir staðir eru auðkenndir með tómum hornklofa. Horft er framhjá misræmi í stafsetningu bréfitara, enda er um heimildatexta að ræða. Hugmyndin er að lesandinn fái að kynnast textanum í eins upprunalegu horfi og útgáfa af þessu tagi leyfir.

Útgáfa Sýnisbókar íslenskrar alþýðumenningar er enn á ný styrkt myndarlega af Landsbanka Íslands og er það þriðja árið í röð sem bankinn sýnir ritröðinni þann sóma. Styrkur bankans gerir okkur kleift að koma þessum merku heimildum á framfæri bæði við fræðimenn og almenning. Fyrir það erum við ritstjórnarnir mjög þakklátir. Sigrún fékk styrk frá Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn til að rannsaka þau handrit bréfanna sem

varðveitt eru ytra. Önnur bréf sem birt eru í bókinni eru í vörslu handrita-
deildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Að auki hlaut Sigrún
styrk í tvígang, 1997 og 1998, frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, bæði til að
skrá fjölskyldubréf Jóns Borgfirðings og Önnu Guðrúnar og síðar til að
vinna að gerð þessarar bókar.

Við útgáfu bókarinnar nutum við margvíslegrar aðstoðar. Bjarni Magn-
ússon las yfir texta bréfanna og bar þá saman við handrit en Heiða Kolbrún
Leifsdóttir tók að sér að slá inn leiðréttingar. Þórður Ingi Guðjónsson ís-
lenskufraeðingur las yfir prófarkir af textum Sigrúnar og Sverrir Sveinsson
prentari braut bókina um. Öllu þessu fólki kunnum við hinar bestu þakkir
fyrir samvinnuna og gildir það einnig um aðstandendur Háskólaútgáfunnar,
þau Jörund Guðmundsson útgáfustjóra og Birnu Lísu Jensdóttur, auk Öldu
Lóu Leifsdóttur sem hannaði bókarkápuna. Okkur er ómetanlegt að eiga
þess kost að sækja í reynslusjóð þessa hóps árlega.

Nú höfum við gefið út eina bók á ári í þessum bókaflökki og hefur útgáfa
hans verið okkur ritstjórunum mikið ánægjuefni. Verkefni í handritasöfn-
um þjóðarinnar eru óþrjótandi og ætlum við af þeim sökum að freista þess
að gefa út tvær bækur á ári næstu tvö árin ef fjárhagur leyfir. Við erum
þakklátir þeim mikla fjölda áhugamanna um sögu sem sýnt hafa ritröðinni
velvild og vonum að útgáfa næstu ára eigi ekki eftir að valda þeim von-
brigðum.

Reykjavík í septembermánuði 1999
Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR

I. Sagan sem hér fer á eftir

Finnur Jónsson, Guðrún Borgfjörð, Klemens Jónsson, Guðný Jónsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Ingólfur Jónsson, Anna Guðrún Eiríksdóttir, Jón Borgfirðingur, Sigurlaug Jónsdóttir, Sigurjóna Jónsdóttir, Gunnar Magnússon, Helgi á Hól, Emma Herazeck, Páll Briem, Þorbjörg Stefánsdóttir, Ólafur Stephensen, Björn Bjarnarson og Engel Jensen. Allar þessar persónur leika mikilvægt hlutverk í sögunni sem hér fer á eftir. Nöfn þeirra hafa ef til vill einhverja merkingu í huga þér. Það kann vel að vera að þú hafir heyrt um Finn Jónsson háskólaprófessor, hafir gert þér ákveðnar hugmyndir um dugnað Klemensar Jónssonar landritara eða hafir lesið sjálfsævisögu alþýðuhetjunnar Guðrúnar Borgfjörð. Ef svo er munu hugmyndir þínar um einstakar persónur móta lestur þinn á bréfunum. Bréfin munu á hinn bóginn auka skilning þinn á persónunum og gefa þeim meiri dýpt. Þér er meira en velkomið að lesa söguna í því skyni að fá skýrari mynd af þeim persónum sem bréfin vitna um en það er þó von mín að þú finnir í bréfunum fleira en persónulýsingar og frásagnir af einstökum atburðum.

Þrátt fyrir að bókinn hafi að geyma sögu fjölmargra einstaklinga var það ekki markmið mitt að segja sögu einstakra persóna. Markmiðið var að opna lesandanum leið inn í daglegt líf nokkurra Íslendinga sem fæddir voru á síðustu öld; veita honum innsýn í hugarheim þeirra, tilfinningalíf og dagleg störf í því skyni að auka skilning á samfélagi 19. aldar. Bréfin sem birt eru í þessari bók eru skrifuð á árunum 1878-1902. Ég hef tínt þau til í þeim tilgangi að fá lesandanum í hendur ákveðin gögn til athugunar. Lesandinn nálgast bréfin á sínum eigin forsendum; hann gefur þeim merkingu, setur þau í samhengi og býr sér þannig til sögu um líf nokkurra einstaklinga. Þrátt fyrir að lesendur fái sömu gögnin í hendurnar, sömu bréfin, er tryggt að reynsla hvers og eins verður einstök þar sem hún mótast af þeim forsendum sem búa með hverjum og einum.

Vissulega mun ég sem höfundur bókarinnar hafa nokkur áhrif á þá sögu sem þú kemur til með að lesa úr bréfunum. Það var í mínum höndum að velja bréf í bókina, skipta þeim niður í kafla, skrifa inngang og skýringar

og skapa þannig ákveðinn söguþráð. Það er aftur á móti undir þér komið að hvað miklu leyti þú lætur framsetningu bókarinnar móta lestur þinn. Bókin er byggð upp með þeim hætti að lesandi geti sniðgengið texta minn í upphafi hvers kafla og lesið bréfin í annarri röð en hér er gert. Þannig getur lesandinn dregið úr þeim áhrifum sem uppsetning bókarinnar hefur á lestur hans. Þannig er unnt að koma í veg fyrir að bókin verði úrelt um leið og sú hugmyndafræði sem býr að baki henni fellur af stalli.

Hugmyndafræðin sem liggur að baki bókinni miðar að því að varpa ljósi á gildismat nítjándu aldar samfélagsins sem endurspeglast í skrifum þeirra einstaklinga sem á síðustu öld tjáðu sig um daglegt líf, tilfinningar, sjálfsmynd og framtíðardrauma í bréfum til ættingja og vina. Þá eru bréfin einnig heimild um að einstaklingurinn hagar ekki ætíð lífi sínu í samræmi við það sem talin er æskileg hegðun. Ríkjandi gildismat hafði vissulega áhrif á hugsun hans og tjáningu en sem einstaklingur bjó hann yfir frelsi til að líta orðræðu samfélagsins gagnrýnum augum, breyta gegn æskilegri hegðun og hafa þannig sjálfur áhrif á opinbert gildismat.

Inngangsorð hvers kafla mótast af þessari hugmyndafræði. Í þeim er leitast við að draga fram hvernig einstaklingurinn var virkur gerandi í eigin lífi um leið og hann var afurð þeirrar menningar sem mótaði líf hans. Árekstrar einstaklingsins við ríkjandi gildismat hleyptu ekki aðeins spennu í líf hans heldur höfðu einnig afgerandi áhrif á sjálfsmynd hans. Í sögunni sem hér fer á eftir verða einstakir atburðir til þess að umturna lífi ákveðinna einstaklinga, breyta samskiptum ættingja, móta tilfinningatengsl, skerpa sjálfsmynd og hafa afgerandi áhrif á framtíðaráætlanir.

Bréfunum er raðað upp og skipt niður í kafla í þeim tilgangi að skapa heilstæðan söguþráð, með stigvaxandi spennu, uppgjöri og óvæntum endalokum. Ég hef unnið með þau bréf sem birt eru í bókinni í rúm þrjú ár. Ég þekki því efni þeirra vel og þá möguleika sem þau fela í sér. Bréfin í þessari bók eru frumheimildir, þau munu standa fyrir sínu og veita ókomnum kynslóðum innsýn í nítjándu öldina.

Persónur verksins

Í þessum kafla verður dregið á nokkur atriði varðandi persónur verksins og tekin dæmi um hvernig nota má einstök bréf sem heimild um sjálfsmynd einstakra persóna. Í helstu hlutverkum eru hjónin Anna Guðrún Eiríksdóttir og Jón Jónsson Borgfirðingur og börnin þeirra sex, Guðrún, Finnur, Klemens, Guðný, Vilhjálmur og Ingólfur. Auk þeirra kemur Sigurjóna Jónsdóttir, dóttir Jóns Borgfirðings og Sigurlaugar Jónsdóttur, nokkuð við sögu.

Anna Guðrún Eiríksdóttir (f. 8. febrúar 1828, d. 10. apríl 1881) var dóttir hjónanna Eiríks Sigurðssonar og Guðnýjar Gísladóttur. Þau skildu. Níu ára gömul var Anna Guðrún send í fóstur til vandalausra þar sem reynt var að brjóta menntunarþrá hennar á bak aftur.¹ Anna Guðrún flæktist á milli bæja sem vinnukona þar til hún kom að Kaupangi í Eyjafirði árið 1855. Þar kynntist hún Jóni Jónssyni Borgfirðingi og gengu þau í hjónaband. Þau Jón og Anna Guðrún eignuðust sjö börn og komust sex þeirra til manns. Sjöunda barnið, drengur sem skírður var Vilhjálmur, dó sumarið 1869 aðeins þriggja mánaða gamall.²

Fjölskyldan bjó á Akureyri til ársins 1865 en flutti þá til Reykjavíkur og má deila um hvort vegið hafi þyngra í þeirri ákvarðanatöku betri möguleikar til að koma börnum til mennta sunnan heiða eða fæðing dóttur Jóns Borgfirðings sem hann eignaðist utan hjónabands með Sigurlaugu Jónsdóttur í ágúst árið 1865.³ Auk heimilisstarfa og barnaupveldis kenndi Anna Guðrún börnum í Reykjavík að lesa og bjó þau undir fermingu með því að hlýða þeim yfir kverið. Anna Guðrún þótti hafa einstakt lag á því að kenna börnum sem áttu við námsörðugleika að stríða og var vinsæll kennari meðal alþýðufólks í Reykjavík.

Anna Guðrún dvaldi að mestu innan veggja heimilisins og fór sjaldan út nema til að sækja kirkju. Mörg kvöldin sat hún ein heima í húsi fjölskyldunnar við Vesturgötu ásamt yngstu drengjunum tveimur og skrifaði Finni syni sínum bréf en hann bjó í Kaupmannahöfn frá árinu 1878. Bréf þessi mynda einn meginþráðinn í sögunni sem hér fer á eftir.

- 1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar* (Reykjavík, 1947), bls. 9 og Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*. Safn Fræðafjelagsins X. bindi (Kaupmannahöfn, 1936), bls. 3.
- 2 Þegar Vilhjálmur litli dó skrifaði Jón Borgfirðingur í dagbók sína: „Missti jeg Vilhjálmm úr því [taki og kvefi] þann 21. [júni] kl. 2. um nóttina, efnil. mjög, var hann jarðaður kl. 4. e.m.“ *ÍB 977 8vo* – Dagbækur Jóns Borgfirðings. Í dagbók Jóns kemur fram að Vilhjálmur hafi fæðst árið 1869 en í sjálfsævisögu sinni staðhæfir Guðrún að hann hafi verið fæddur árið 1868. Sjá Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 42.
- 3 Systkinin Guðrún og Finnur hafa ákveðið að leggja fremur trúnað á hið fyrrnefnda. Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún: „Eftir að ég fór að hafa meira vit og taka eftir því, sem talað var, heyrði ég foreldra mína oft tala um, hver ráð þau ættu að hafa til að koma okkur börnum til manns. Pabbi sagði ævinlega: „Fara suður til Reykjavíkur“, en mamma vildi það víst síður, en svo féllst hún á, að það væri eina ráðið.“ Sjá Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 14. Finnur kemst svo að orði: „Faðir minn hafði þá ákveðið að flytja búferlum til Reykjavíkur, bæði til þess að fá sjer þar lífvænlegri stöðu og eins til hins að geta fengið börnum sínum, einkum sonunum, betri menntun en unt var á Akureyri.“ Sjá Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*, bls. 8.

Jón Jónsson Borgfirðingur (f. 30. september 1826, d. 20. október 1912) var sonur ónafngreinds manns og Guðríðar Jónsdóttur, umkomulíttillar vinnukonu, sem sá sér ekki fært að ala barnið upp og sendi soninn því ungan í fóstur. Guðríður hafði lítið af syni sínum að segja en eins og sjá má af bréfum sem hún skrifaði honum árin 1852 og 1854 reyndi hún á fullorðinsárum að nálgast Jón á nýjan leik og vinna traust hans. Bréfin eru birt hér aftar í bókinni.

Framan af ævi var Jón vinnumaður í Borgarfirði en árið 1854 hélt hann norður og lærði bókband hjá Erlendi Ólafssyni í Kaupangi. Þar kynntist hann, eins og áður hefur komið fram, tilvonandi eiginkonu sinni. Jón var mjög vel lesinn en hlaut enga formlega bókmenntun eftir fermingu. Sjálfur taldi hann sig vera misskilinn fræðimann og engan veginn metinn að verðleikum. Eftir að Jón flutti til Reykjavíkur eyddi hann flestum kvöldum við ritstörf og sótti fundi er vörðuðu íslensk þjóðmál og sjálfstæði landsins. Jón skrifaðist lengi á við Jón Sigurðsson forseta og sinnti rannsóknnum fyrir hann. Þá umgekkst hann háttsetta menn og átti marga vini meðal menntamanna.¹ Jón taldi að skortur hans á formlegri menntun hafi háð honum töluvert í samskiptum við aðra menn og lagði því ríka áherslu á að koma sonum sínum til mennta. Í sjálfsævisögu sinni segir Finnur Jónsson að draumur föður síns um að ganga menntavegin hafi fengið „tragískan“ endi.² Með hvaða hætti þessi endir varð kemur ekki fram en ljóst má vera að Jón taldi það einkum hafa verið vegna fátæktar sem hann gekk ekki menntavegin. Jón var ákveðinn í að veita sonum sínum þá menntun sem hann hafði sjálfur farið á mis við. Það kom einkum í hlut Finns, elsta sonarins, að uppfylla drauma föður síns. Jón gerði miklar kröfur til hans og af bréfum Finns má glögglega sjá hversu erfitt honum þótti að standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans.³

Jón hafði ofurtrú á skynseminni sem lausn alls vanda. Hann lagði því mikla áherslu á að börn hans höguðu lífi sínu skynsamlega í stað þess að láta tilfinningarnar ráða. Í huga Jóns fór það saman að haga sér skynsamlega og að haga sér í samræmi við formgerðir samfélagsins; það er þær

1 Sjá til dæmis umfjöllun Jóns Aðils í *Merkir Íslendingar*. Nýr flokkur I (Reykjavík, 1962), bls. 199-219.

2 Finnur Jónsson, „Af Finnur Jónsson Saga.“ *Íslands Aarbog 1934* (Kaupmannahöfn, 1934), bls. 25. Sjá enn fremur Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*, bls. 9 og 32.

3 Þetta kemur einna skýrast fram í bréfum sem fóru milli feðganna frá því um sumarið 1881 og fram í janúar 1883. Á þessu tímabili var Finnur að undirbúa sig undir lokapróf við Kaupmannahafnarháskóla og leggja jafnframt drög að framtíð sinni og tilvonandi eiginkonu sinnar, Emmu Herazek.

almennu hegðunarreglur sem byggjast á ríkjandi gildismati. Þannig taldi hann börn sín eiga betri möguleika á að komast áfram í stéttskiptu þjóðfélaginu og hefja sig upp úr fátæktinni. Sjálfum reyndist Jóni þó dálítið erfitt að haga sér í samræmi við þær kröfur sem samfélagið gerði til hans. Til að mynda taldi hann það vera langt fyrir neðan virðingu sína að klæðast sérstökum lögreglubúningi og stefndi af þeim sökum fjárhag og framtíð fjölskyldunnar í hættu sumarið 1879. Þetta kemur meðal annars fram í bréfi sem Guðrún dóttir hans skrifaði Finni bróður sínum:

jeg er illa upplögð til að skrifa nú, því svo er mál með vexti að nú eru þessi nýu föt komin sem pólitíin eiga að hafa, og pabbi segi aldrei í þaug fara, svo hann verður líkast til látin hætta, og hvað verður þá af okkur, það er ekki von að hann vilji fara í þaug, gamall maður að fara að gjöra sig að apaketti, og athlægi, það verður allt af eitthvað, að koma fyrir til að mæða mann, jeg er hreint eiðilögð yfir því öllu, og yfir svo mörgu.¹

Sjálfsmynd Jóns Borgfirðings virðist hafa verið nokkuð klofin; hann þráði að tilheyra stétt menntamanna en neyddist til að klæða sig upp í einkennisbúning og ganga um götur bæjarins í gervi lögregluþjóns til að sjá fjölskyldu sinni farborða.

Guðrún Borgfjörð (f. 7. ágúst 1856, d. 22. júlí 1930) hefur getið sér gott orð meðal áhugamanna um nítjándu öldina vegna sjálfsævisögu sem hún skrifaði um líf sitt og tilfinningar. Sjálfsævisöguna skrifaði Guðrún á þriðja áratug 20. aldar en hún kom fyrst fyrir almenningssjónir árið 1947; bróðururson Guðrúnar, Agnar Klemens Jónsson, ritstýrði og bjó bókina til prentunar.² Fyrir tilstilli sjálfsævisögunnar hefur Guðrún í hugum margra

1 *NKS 4597 4to* – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 4. maí 1879.

2 Í eftirmála að þessari útgáfu segir Agnar Klemens: „Útgáfu minninganna hefur verið hagað svo, að ég hef tekið að mér að búa handritið undir prentun. Við þann undirbúning hef ég notið þrýðilegrar aðstoðar Árna Böðvarssonar stud. mag., sem hefur skrifað upp allt handritið, fært það til hinnar núgildandi stafsetningar og sett öll greinarmerki. Hann hefur einnig skipt handritinu niður í kafla og samið fyrirsagnir þeirra. [...] Ég fór svo yfir uppskrift Árna og lagfærði efnið eftir því, sem mér þótti betur mega fara, flutti til dæmis setningar eða smákafla til og strikaði út endurtekningar, þar sem um þær var að ræða. Auk þess hef ég fellt burtu kafla og kafla á stöku stað og mannanöfn á nokkrum stöðum, þar sem þannig hefur verið skýrt frá mönnum eða málefnum, stundum eftir sögusögn annarra, að það kynni að geta sært viðkomandi ættingja, sem enn eru á lífi. Hef ég þar haft í huga, að Guðrún skrifaði ekki endurminningarnar með það fyrir augum að láta prenta þær og hefur vafalaust ekki viljað særa neinn með lýsingum þeim, sem hún skrifaði niður. Minni hennar var furðu traust, og er ekki víða um rangminni að ræða eftir því sem ég hef frekast getað séð.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls.

orðið samnefnari fyrir hina dæmigerðu íslensku alþýðukonu. Fórnn hennar fyrir bræður sína og systur er mörgum kunn og mikið hefur verið gert úr glötudum menntunartækifærum Guðrúnar Borgfjörð.¹ Í sjálfsævisöggunni gerir Guðrún mikið úr þeim skordum sem kynhlutverkið setur henni. Sú áhersla endurspeglast í bréfum hennar. Í einu þeirra segir:

Nei jeg hef opt óskað að jeg hefði verið karlmaður. Nóga hæfilegleika hafði jeg, en þeir verða að eingu. Það er öðruvísi framtíð sem bræðurnir hafa að líta fram á. En tilhvers er að tala um þettað. Eingin getur ráðið bót á meini þessu. Það verður hver sína götu að gánga. Jeg hef ekki verið betra verð.²

Guðrún taldi sjálfri sér trú um að hún fengi litlu breytt um hlutskipti sitt í lífinu heldur réðist það af ytri þáttum. Í öllum skrifum sínum lagði hún mikla áherslu á þá ytri þætti sem hún taldi hafa haft hvað mest áhrif varðandi hlutskipti sitt en þeir voru 1) að hún væri kvenmaður, 2) að hún væri elst systkina sinna, 3) að hún væri ekki líkamlega hraust, 4) að hún væri ófríð. Þessir fjórir þættir höfðu jafnframt aferandi áhrif á sjálfsmýnd hennar.

Þegar Guðrún var tuttugu og fjögurra ára gömul lést Anna Guðrún, móðir hennar, eftir erfið veikindi. Samfélagið, fjölskyldan og Guðrún sjálf gerðu þá kröfu til hennar að hún tæki við hlutverki móður sinnar á heimilinu, héldi fjölskyldunni saman og kæmi yngstu börnunum til manns. Áður en Anna Guðrún lést hafði hún tekið það loforð af elstu dóttur sinni að annast heimilið þar til yngstu drengirnir tveir væru komnir yfir fermingu. Guðrún uppfyllti þessar óskir, hún annaðist systkini sín og föður og sá um daglegan rekstur heimilisins. Á milli þess sem hún stappaði stálinu í systkini sín og hvatti þau til að takast á við lífið af yfirvegum og skynsemi tókst hún á við eigin óhamingju. Hlutskipti sitt harmaði Guðrún í hljóði en fékk útrás fyrir tilfinningarnar í bréfi sem hún skrifaði Finni bróður sínum í september árið 1881:

Hjer gengur lífið sinn jafna gánga heima, en ekki er víst að jeg verði mörg ár heima og ef jeg fer því óvíst hvert nokkurt gagn er í mjer eða ekki á heimilinu. en jeg hef þó gjört það svo vel sem jeg hef getað hvert sem það hefur verið þakkað. þabbi er nú einusinni, ekki vel lyntur og er opt ergilegur, og

180. Hér er vitnað í eftirmála Agnars Klemens Jónssonar. Um ritstjórn Agnars hefur Ragnhildur Richter sagt: „Hann þaggar niður í henni þegar hún uppfyllir ekki þá skyldu kvenna að breiða yfir misfellur og gera gott úr öllu.“ Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna* (Reykjavík, 1997), bls. 125.

1 Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu*, bls. 123-160.

2 *ÍB 96 fol.b* – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings Jónssonar, 15. janúar 1893.

náttúrlega gengur eins yfir mig sem aðra. og það gjörir mjer opt lífið óþægi-
legt. Því við lifum þó að öðru leiti ekkert ílla, höfum það sem við þurfum.

En góði jeg ætla að biðja þig að láta ekki pabba vita að jeg hafi nemt það
við þig, því það yrði eilífur eldur, sem hann aldrei fyrirgæfi mjer að hafa
gjört, dreingirnir litlu eru mjer þægir og eptirlátir, og Klemens hefur verið
einstaklega góður mjer, en Guðný því miður ekki eins notaleg. hún er svo
fjarska þrá og stíf. og þó hef jeg gjört alt fyrir hana sem mjer er unt og nú
hef jeg komið því til leiðar að hún fari í kvennaskólan, og alt sem hún þarf
til þess hjálpa jeg henni til að fá, og samt getur hún verið öðruvísi en jeg
vil. jeg vinn frá því jeg kem úr rúminu og þar til jeg fer í það, og þó þykir
henni hart ef jeg bið hana að fara eitthvað að gjöra og er nú von að jeg sje
ánægð með mín kjör? og þó er jeg að mörgu leiti ánægð með þaug. og opt
róleg. en sjaldan glöð. En í guðs bænum nemdu ekki þettað eða neitt af
þessu við nokkurn lifandi mann, því jeg veit ekki hvað yrði hjer heima ef
upp kæmist að jeg hefði skrifað svona um heimilið, en jeg hef aldrei nemt
það við þig fyrr, og jeg veit annars ekki því jeg er að því.

Það er hægt að gjöra sjer alt að góðu, þegar maður fer að venjast, því jeg
skal aldrei vanþakka guð fyrir handleiðslu sína á mjer, hann hefur alt of vel
farið með mig til þess.¹

Guðrún skammaðist sín fyrir óhamingju sína en gat ekki unnið bug á henni.
Hana dreymdi um hjarta framtíð og sá sjálfa sig sem vel menntaða konu og
vel gifta. Eftir því sem lengra leið frá andláti Önnu Guðrúnar gerði Guðrún
sér betur grein fyrir því hlutverki sem henni var ætlað í lífinu. Raunveru-
leikinn setti strik í reikninginn. Daglegt líf hennar snerist um að ala upp
dregina, gera föður sínum til geðs og að viðhalda góðri ímynd heimilisins.
Við bættist þreytandi lungnaveiki sem ágerðist með tímanum og ástarsorg.
Í desember árið 1882 skrifaði hún Finni:

Það giptir sig hver kjaptur nema jeg, þið megið víst sitja með mig sem ílla
lynta piparmey alla daga, svo geng jeg náttúrlega á milli systkinanna og
verð út árið hjá hverju, þangað til þið öll eruð orðin leið á mjer þá sest jeg
einhversstaðar að, og fæ mjer hund og kött eins og ekta piparmey og svo
dei jeg úr vesöldinni og skil ekkert eptir nema þessi uppeldisbörn!!²

Guðrún reyndist nokkuð sannspá um framtíð sína. Hvergi er getið um að
hún hafi eignast hund og kött en piparmey varð hún og frá árinu 1891 var
hún mikið til upp á systkini sín komin. Það ár fór hún í annað sinn á átta
árum til Kaupmannahafnar í því skyni að leita sér lækninga við erfiðum og
margslungnum veikindum. Í Kaupmannahöfn kom í ljós að hún var sárþjád

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 18. september 1881.

2 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 4. desember 1882.

af sullaveiki og tókst læknum að vinna bug á veikindum Guðrúnar að mestu. Hún þurfti að glíma áfram við lungnasjúkdóm og var af hans sökum rúmleggjandi í lengri eða styttri tíma það sem eftir var ævinnar. Haustið 1894 fór Guðrún til Klemensar bróður síns, sem þá var sýslumaður á Akureyri, og settist að á heimili hans. Hjá Klemensi var Guðrún allt til ársins 1930 (en þá um sumarið létust þau systkinin með aðeins tveggja daga millibili), ef frá er talið eitt ár sem Guðrún dvaldist hjá frænku sinni Guðrúnu Wathne í Kaupmannahöfn.

Þrátt fyrir að Guðrún hefði það gott á heimili bróður síns dreymdi hana lengi vel um að verða sinn eigin herra. Í bréfum til Finns frá árinu 1895 lætur hún í ljós ósk sína um að kaupa borgarabréf og koma á fót eigin verslun. Í júlí árið 1896 skrifaði hún:

Jeg er altaf frísk núna, síðan á Páskum, að heita má lítils háttar einu sinni, það er mikill munur eða hefur verið, þú getur nærri að jeg er glöð yfir því, jeg hef nóg að gjöra, enda þykir mjer það miklu betra, það er svo undur preitandi að vera ómagi, bara jeg gæti orðið sjálfstæð aptur, ekki af því að jeg á hjer einstaklega gott, og er velkomin, en þegar maður er komin á þessi ár vill maður helst vera sjálfs sín ráðandi, ekki hef jeg fengið borgarabréf en þá, en vona að geta fengið það bráðum, ef jeg fæ heilsu aptur, þá held jeg að mjer sje ekki vorkun að vinna fyrir mjer.¹

Síðar um haustið varð Guðrún að gefa upp allar vonir um að reka verslun og öðlast þannig aukið sjálfstæði. Klemens og Þorbjörg Stefánsdóttir, eigin kona hans, eignuðust sitt þriðja barn í lok ágústmánaðar þetta ár. Barnið, sem var drengur, fékk nafnið Agnar Stefán. Með tilkomu hans tók heimilislífið töluverðum breytingum og það sama gilti um stöðu Guðrúnar. Í desember árið 1896 skrifaði hún Finni:

Í alt haust hef jeg verið meir og minna lasin, en ekkert kast fyrr en í nokkra daga hef jeg verið slæm, það kom mjer heldur illa, því hjer var stórt gildi þann 30 sl. m., litli dreingurinn var skírður, en jeg gat þá búið til matin með því að harka mikið af mjer en ekki gat jeg setið við borðið, litli Agnar er inndæll dreingur, stór og fallegur, dökkblá stór augu, en heldur þykir mjer hann slæmur á nóttunni, jeg hef altaf haft hann, því Þorbjörg er altaf svo lasin, en er þó heldur betri nú um tíma.²

Þegar hér var komið sögu var Guðrún fertug, ógift og barnlaus. Þar sem Þorbjörg átti við stöðug og erfið veikindi að stríða kom það að mestu í hlut

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 2. júlí 1896.

2 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 4. desember 1896.

Guðrúnar að annast barnið. Agnar Stefán naut umhyggju hennar og ástúðar og svo virðist sem hann hafi að einhverju leyti komið í staðinn fyrir það barn sem hún eignaðist aldrei sjálf.

Agnar Stefán lést þann 10. júlí árið 1900. Hann var þá tæplega fjögurra ára gamall. Guðrún var stödd í Kaupmannahöfn þegar sá hörmulegi atburður átti sér stað. Í september skrifaði hún Finni: „mjer finnst nú jeg hafa mist alt sem jeg gat haft gleði af, hann var mjer kærastur af öllum mínum systkinabörnum, sem eðlilegt var, jeg hafði sjeð hann fæðast, vagsa og dafna.“¹

Sorgin hafði ekki sagt skilið við fjölskylduna. Í janúar ári síðar lést Þorbjörg. Guðrún gerði það sama og hún hafði gert þegar Anna Guðrún féll frá tuttugu árum fyrr; hún gekk inn í hlutverk húsmóðurinnar og sá til þess að fjölskyldulífið yrði fyrir sem minnstri röskun. Næstu sjö árin hafði hún umsjón með heimilishaldi og uppeldi tveggja dætra Klemensar og Þorbjargar. Síðasta bréf Guðrúnar sem birt er í þessari bók er skrifað í júlí árið 1902 og þar segir m. a.: „jeg er glöð yfir að geta orðið Kl. til liðs í þessum hans bágu kríngumstæðum, því guð veit að hann á og hefur átt bágnt nú í nokkur ár, þessvegna gat jeg ómögulega yfirgefið, alt aptur þegar jeg fyrir tveimur árum kom heim, jeg sá, að það gat alt komið fyrir, eins og kom á daginn.“² Þannig leggur Guðrún enn og aftur áherslu á fórn sína fyrir systkini sín, hlutskipti sitt sem konu og elstu systur, og örlög sem hún fékk ekki flúið.

Finnur Jónsson (f. 29. maí 1858, d. 30. mars 1934), hefur haft það orð á sér að vera lítt félagslyndur og smámunasamur fræðimaður. Bréf hans gefa til kynna að persónuleiki hans hafi verið margbrotnari. Finnur var mjög tilfinningaríkur fjölskyldumaður og lagði sig allan fram við að vera fjölskyldu sinni til sóma. Þá ól hann þann draum með sér að komast á spjöld sögunnar; að skilja eitthvað eftir sig. Hann trúði ekki á líf eftir dauðann en þráði að lifa í minningu ættingja og annarra eftirlifenda um ókomna tíð. Kann það að vera ástæðan fyrir því að hann fól Konunglegu bókhlöðunni í Kaupmannahöfn bréfasafn sitt til varðveislu. Meginefni sögunnar sem hér fer á eftir er fengið úr bréfasafni Finns. Í því eru meðal annars varðveitt bréf sem hann skrifaði móður sinni, bréf frá báðum foreldrum hans og öllum al-systkinum hans.

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 16. september 1900.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 31. júlí 1902.

Allt frá barnæsku var Finni ætlað að stuðla að því að staða fjölskyldunnar yrði betri í stéttskiptu þjóðfélagi 19. aldar. Hann var átta ára gamall þegar fjölskyldan flutti frá Akureyri til Reykjavíkur. Allt frá þeim degi var hann meðvitaður um að ástæða flutninganna var einkum sú að koma honum sjálfum til mennta og gera honum þannig fært að feta sig upp þjóðfélagsstigann.¹ Finnur var ákveðinn í að standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans. Hann lagði sig allan fram við nám, stóð sig vel á stúdentsprófi í Lærða skólanum og hélt að svo búnu til Kaupmannahafnar þar sem hann hóf nám í heimspekilegum forspjallsvísindum og málfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Stuttu eftir komuna til Hafnar skrifaði hann móður sinni:

Mér leiðist hér ekkert, og ímynda mér, að mér ekki leiðist, enda er ég svo gerðr, að ég er ekki leiðindagjarn, og það er gott; þó að ég geti ekki neitað því, að mér þætti gaman að vera horfinn heim stundum til ykkar, en ég hugsa sem svo, þol og þrey.

Eftir fjögur ár, kemstu heim, og þau verða ekki svo löng, ef þau eru skynsamlega tekin, yfir höfuð verður maður hér að gæta sín við freistingunum, sem eru margvíslegar, einna verstr er náttúrl. Baccus gamli, enn ég hefi þann styrk, að ég get varpað öllu þess háttar frá mér og sagt, hverf frá mér satan (freistari); og þá mun hann víkja; ég iðrast ekkert, að hafa lagt út í þetta, þó að spekingarnir K.K. Fr. og Snakkó teldi það „barnaskap“ og „Narrestreger“; og geti jeg lokið námi þá þykir mér vænt, að láta orð þeirra verða hégóma, og sér til skammar; og þá vona ég, að ykkur verði það yndi; og mér er það lífsspursmál og það er ekkert að marka, hvað Garðbúar hér segja um lífið, ég er búinn að sjá það að þeir fara sumir ekki sem bezt með sitt fé, þó að ég sé búinn að vera skamma stund, og svo kvarta þeir um féleysi og sletta skuldinni uppá lífið enn ekki sjálfa sig, og svo verður ekki trúandi því er þeir segja, maðr verður að reyna sjálfr, og nú vil ég reyna að lifa svo, að ég þurfi ekki að fara eins og þeir; ég verð líka að sníða mér stakk eftir vexti fremur enn þeir.

Það er satt, enn það er reglan, sem er fyrsta, annað og þriðja skilyrðið fyrir, að lifa sómasamlega og vel, maðr verður að vera nákvæmur reikningshaldari við sjálfan sig, og ef maðr er það réttilega þá skil ég ekki annað, enn að sá maðr geti verið ánægðr með lífið, því að einmitt af reglunni sprettr gott líf; þetta veistu eins vel og ég, og betr, enn ég segi þér það samt, til þess að þú sjáir minn hugsunarhátt, og að hann líkist þínum; því að eins og ég á þig fyrir góða móður, og heyri menn tala vel um þig, eins vil ég ekki láta þig bera kinnroða fyrir mig, heldr sýna að ég er sonr móður minnar.²

1 Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*, bls. 8.

2 *NkS 4597 4to* – Bréf frá Finni Jónssyni til Önnu Guðrúnar Eiríksdóttur, 30. ágúst 1878.

Finnur mætti nokkurri andstöðu meðal betri borgara í Reykjavík þegar hann ákvað að fara utan til náms. Þessi andstaða styrkti hann í ákvörðun sinni og ýtti enn frekar undir metnað hans til að standa sig vel. Í sjálfsævisögum systkinanna Finns, Guðrúnar og Klemensar, kemur skýrt fram að það mótlæti sem Finnur, og síðar einnig Klemens bróðir hans, mætti þegar hann hugðist hefja háskólanám, og stuðla þannig að bættri þjóðfélagsstöðu fjölskyldunnar, hafði mikil áhrif á sjálfsmynd fjölskyldunnar allrar og þá ímynd sem þau vildu skapa sér. Mótlætið styrkti systkinin í þeirri trú að þau hefðu nokkra sérstöðu meðal alþýðufólks; að þau væru betur gefin og duglegri en fólk almennt.¹ Þetta viðhorf endurspeglast í bréfunum og þar kemur einnig skýrt fram hvernig velgengni Finns í námi hafði áhrif á sjálfsmynd annarra fjölskyldumeðlima og félagslega stöðu þeirra.²

Jón Borgfirðingur lagði mikið upp úr því að Finnur fengi fyrstu einkunn við útskrift frá Háskólanum. Þegar Finnur tilkynnti fjölskyldunni um trúlofun sína og Emmu Herazeck vorið 1881 skrifaði Jón Borgfirðingur til baka:

Góði Finnur! Að sínu leiti sem þjer kom óvænt brjefið um lát móður þinnar, þá kom mjer eigi að síður brjefið þitt af 31. maí n.l. þar sem þú taldir mjer inngang þinn til ástarlífsins er mjer kom eigi til hugar að svo irði bráðlega, eg sætti mig við það eptir skamma umhugsun, og einkum þar er heitmei þín er af öðru kyni en dönsku, og þyrfti eg að vita ætt hennar og sjá eptir mynd hennar. Jeg hef huxað mjer, að láta mig litlu skipta, (ef jeg lifði) um ráða hag barna minna, því það er mesta heimaska, að hvetja eða letja í þeim efnum, það hefir ekkert uppá sig.

Jeg óska þjer til sannrar lukku og blessunar með það sem annað þjer til handa, einungis verður að sjá um það, að slá eigi slöku við lesturinn til prófs og eigi heldur með önnur ritverk, en til fagsins heyrir, því um er að gjöra að þú getir náð 1. vitnisburði þegar svo margir læra á þessum tímum.³

Jón ákvað að setja sig ekki upp á móti trúlofun Finns og Emmu enda vissi hann að hann fengi engu ráðið um ráðahag þeirra. Öðru máli gegndi um framtíð Finns á fræðasviðinu. Jón lagði sem fyrr mikið upp úr því að Finn-

1 Sjá Sigrún Sigurðardóttir, „Frelsi einstaklingsins felst í vitund hans sjálfs. Tjáning og tilfinningar nokkurra einstaklinga í samfélagi 19. aldar.“ Ritgerð til B.A. prófs í sagnfræði (Háskóli Íslands 1998), bls. 13-14. Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 104-105.

2 Sjá til dæmis *NKS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 2. september 1884 og 26. nóvember 1884; *ÍB* 96 fol.b – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings Jónssonar, 26. maí 1883 og 14. júní 1883; *NKS* 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar, 6. maí 1882.

3 *NKS* 4597 4to – Bréf frá Jóni Borgfirðingi til Finns Jónssonar, 26. júlí 1881.

ur stæði sig vel í námi, öðlaðist viðurkenningu fyrir störf sín og styrkti þannig félagslega stöðu fjölskyldunnar og um leið sjálfsmýnd hennar.

Finnur átti eftir að valda föður sínum töluverðum vonbrigðum. Í janúar 1883 lauk hann cand. mag. prófi í málfræði frá Kaupmannahafnarháskóla. Mánuði síðar fékk hann niðurstöður úr prófinu og skrifaði þá:

[...] var eins og jeg hafði búist við, að jeg fjekk 2. einkunn. Jeg var mjög heppinn í því skriflega [...] enn í því munnlega var öðru að heilsa; fyrst var jeg kvefaður og þreyttur af lestri svo að jeg mátti veikur heita enda mundi jeg ekki það allra almennasta. [...] Alls og alls er jeg mjög vel ánægður með að vera búinn með þetta bansetta próf, og geta nú unnið frjálst [...] eins fyrir það þó jeg hafi eigi nema 2. einkunn og jeg vil biðja ykkur öll að vera hjartans glöð yfir því og drekka einn súkkulaðibolla í mína minning.¹

Þrátt fyrir að Finnur vissi að hann ylli föður sínum vonbrigðum verður ekki séð að hann hafi sjálfur haft af þessu þungar áhyggjur. Vonbrigði Jóns Borgfirðings og Guðrúnar Borgfjörð fengu í engu skyggt á gleði hans sjálfs. Við þessi tímamót hafði hann öðlast frelsi í fleiri en einum skilningi. Hann var frjálst til að stunda fræðin eftir sínu eigin höfði og það sem skipti ekki minna máli, hann hafði öðlast ákveðið frelsi frá fjölskyldunni heima á Íslandi. Allt frá því að móðir hans lést vorið 1881 hafði hann hægt og rólega verið að fjarlægjast föður sinn og systkini. Líf hans miðaðist ekki lengur við að standa undir væntingum ættingja sinna heldur hóf hann að marka sér stefnu á eigin forsendum. Trúlofun hans og Emmu Herazeck olli nokkru uppnámi meðal fjölskyldunnar heima á Íslandi, einkum þar sem Emma var af dönskum ættum.² Þrátt fyrir það hélt Finnur sínu striki. Eftir trúlofunina mótaðist sjálfsmýnd hans sífellt minna af þeirri heild sem hann hafði áður bundið tilvist sína við; fjölskyldunni. Emma Herazeck fyllti að einhverju leyti upp í það skarð sem Anna Guðrún skildi eftir sig. Í júlímánuði 1881 skrifaði Finnur: „[...] jeg hugsa oft um það, hvað undarlega hafi saman borið lát mömmu og jeg fjekk ástir þeirrar, sem jeg unni; það er ekki laust við að jeg þykist sjá bending forsjónarinnar í því, og jeg trúi því og treysti, að mjer verði þetta skref til láns og blessunar.“³ Finnur leitaði til Emmu í sorg sinni. Saman deildu þau sorg og gleði og með tímanum virð-

1 *ÍB* 96 fol.b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 14. febrúar 1883.

2 Jón Borgfirðingur kaus að líta svo á að Emma væri ekki af dönskum ættum þar sem faðir hennar var hálfur Tékkur. Sjá *NKS* 4597 4to – Bréf frá Jóni Borgfirðingi til Finns Jónssonar, 26. júlí 1881 og bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 2. ágúst 1881.

3 *ÍB* 96 fol.b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 2. júlí 1881.

ist fjölskylda Emmu að einhverju leyti hafa komið í staðinn fyrir fjölskyldu Finns á Íslandi. Þjóðfélagsstaða hans var gjörbreytt. Hann hafði öðlast formleg tengsl við dönsku borgarastéttina og sjálfsmýnd hans tók í auknum mæli mið af því. Um leið öðlaðist hann ákveðið frelsi undan því hlutverki sem honum hafði verið ætlað að gegna frá blautu barnsbeini. Líf hans miðaðist ekki lengur við að gera ættingjum sínum til geðs heldur fremur að fylgja eigin sannfæringu og aðlagast nýju hlutverki sem sjálfstæður fræðimaður og borgaralegur fjölskyldumaður.

Klemens Jónsson (f. 27. ágúst 1865, d. 20. júlí 1930) naut þess í æsku að vera annar í röðinni af bræðrunum fjórum. Hann var glaðlyndur og uppátækjasamur og á honum hvíldu ekki sömu kvaðir og á Finni í þá veru að nýta þau tækifæri til mennta sem Jón Borgfirðingur hafði farið á mis við. Klemens setti sér engu að síður það markmið að verða ekki eftirbátur bróður síns. Hann hóf nám við Lærða skólann og stóð sig vel. Þrátt fyrir það hafði fjölskyldan nokkrar efasemdir um að hann gæti spjarað sig jafn vel og Finnur að stúdentsprófi loknu. Í apríl árið 1880 skrifaði Anna Guðrún Finni: „nema hvað það liggur, eins og stóreflis bjarg á mjer, að hugsa til þess að Mensi sigli, því jeg er viss um að hann lifir ekki á öðru eins og þú hefir til að lifa á, en það er nú líklega kallaður óþarfi að hugsa um það núna strax, jeg get líka látið vera að tala um það, en ekki að hugsa um það.“¹

Klemens fékk augljóslega ekki sama stuðning heiman frá og Finnur. Stuðninginn sótti hann fremur í félagsskap skólabræðra sinna í Lærða skólanum. Bestu vinir hans á námsárunum voru þeir Sigurður Briem og Ólafur Stephensen. Þeir Ólafur og Sigurður voru frændur og bjuggu saman mestan þann tíma sem þeir voru í Lærða skólanum. Hjá þeim var Klemens fastagestur. Í flestum leyfum og marga sunnudaga dvaldi hann hjá Ólafi og fjölskyldu hans í Viðey.²

Á námsárunum fékk Klemens tækifæri til að umgangast íslenska yfirstétt og naut þess að komið var fram við hann sem jafningja í þeim hópi. Hann vissi að mannkostir hans sjálfs voru engu síðri en þeirra sem voru betur settir fjárhagslega og var staðráðinn í að bæta kjör sín. Leiðin að settu marki lá í gegnum Kaupmannahafnarháskóla. Vorið 1883 skrifaði Klemens Finni:

1 *NKS 4597 4to* – Bréf frá Önnu Guðrúnu Eiríksdóttur til Finns Jónssonar, 30. mars 1880.

2 Sigrún Sigurðardóttir, „Frelsi einstaklingsins felst í vitund hans sjálfs“, bls. 106-108.

De studis: þá hef jeg helzt verið að hugsa um lög, jeg hef reiknað það út, að það eru 12 lögfræðingar hjer yfir fimmtugt, og þá eru öll líkindi til að þeir hrökkvi upp af innan fárra ára, auk þess eru aðrir annaðhvort heilsulausir eða þá hafa góð Udsigt, til að vera reknir frá, en hins vegar eru 15 lögnem-endur við háskólann.¹

Klemens sigldi utan til náms í ágúst 1883. Lögfræðiþrófi lauk hann fimm árum síðar. Í millitíðinni trúlofaðist hann Þorbjörgu Stefánsdóttur en hún var eins og margir vinir hans og kunningjar af sýslumannsættum. Nokkru áður en trúlofun þeirra var gjörð opinber skrifaði Guðrún Finni bróður sínum: „jeg vona að Klemens, slái sjer ekki of lausu, hann ætti að fara varlega, hann er víst gróflega hrifin yfir þessari úngu og ríku stúlkum sem eru þarna, en hann ætti að hugsa sig um áður en hann gjörði nokkuð alvarlegt.“² Ekki voru viðbrögð Guðrúnar betri þegar ljóst var hvert stefndi:

jeg þekki þettað ekkert sjálf, og get því ekkert, um það dæmt en ef dæma á eptir umtali fólks, þá er kynið slæmt og hábölvað í alla staði. Já á allar síður, mjer fanst það hefði mátt bíða þangað til seinna, jeg er viss um að Klemens hefði ekki þurft að pipra fyrir því, og hrædd er jeg um að hann kunni illa við mikin sóðarskap, fátækt er hann vanur en hún ekki, en það er ekki við öðru að búast þar stúlkan er alin upp í öðru eins heimili og hún.³

Guðrún hafði í upphafi ekki mikla trú á mágkonu sinni og óttaðist að fjölskylda Þorbjargar myndi í krafti þjóðfélagsstöðu sinnar ekki sýna Klemensi og fjölskyldu hans tilhlýðilega virðingu. Sá ótti reyndist ástæðulaus. Af bréfum fjölskyldunnar verður ekki annað séð en að hjónaband þeirra Klemensar og Þorbjargar hafi verið mjög gott. Það fékk hins vegar dapurlegan endi árið 1901 þegar Þorbjörg lést eftir erfið veikindi.

Sagan sem hér fer á eftir nær aðeins til ársins 1902. Hún endar í óvissu og sorg norður á Akureyri þar sem Klemens leitast við að hefja nýtt líf ásamt dætrum sínum tveim. Þessi saga segir ekki frá hinni hörðu baráttu lögfræðingsins unga við að bæta kjör sín með tilheyrandi tröppugangi í innlendri stjórnsýslu. Því verður þó ekki neitað að Klemens Jónsson náði því marki sem hann setti sér þegar hann hélt utan til náms. Hann varð ekki aðeins sýslumaður heldur sat hann í ráðherrastól árin 1922-1924 og gegndi stöðu landritara á heimastjórnarárunum 1904-1917. Um þessi skeið í ævi Klemensar má víða fræðast og skal í því sambandi einkum benda á bréf

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar, 23. mars 1883.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 6. febrúar 1885.

3 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 3. maí 1885.

hans til Finns bróður síns en þau eru varðveitt í bréfasafni Finns í Konunglegu bókhöðunni í Kaupmannahöfn.

Guðný Jónsdóttir (f. 5. ágúst 1865, d. 30. nóvember 1930) var dekurrofán í fjölskyldunni. Annað verður í það minnsta ekki skilið af bréfum systkinanna. Í bréfi til Finns ber Klemens saman kjör systranna, Guðnýjar og Guðrúnar, og segir: „[...] samt sem áður er jeg viss um, að Gunnu batnar aldrei hjer, og það veldur því, að hjer heima vinnur hún svo mikið, því Guðný er of mikið heimsbarn til þess að hugsa um að hjálpa henni.“¹ Sjálf kvartaði Guðrún undan leti Guðnýjar.² Þær systur voru mjög ólíkar og kom þess vegna ekki alltaf sem best saman eins og Guðrún lýsir í bréfi frá því í september 1882: „Guðný er mjer góð upp á sinn máta og sjálfsagt eins góð og hún getur verið, en við erum svo ógn ólíkar, í öllu hreint og þessvegna kemur okkur ekki eins vel saman og skildi, en það er eingin ósamlyndi á milli okkar fyrir því.“³ Guðrún tók hlutverk sitt í fjölskyldunni mjög alvarlega og virðist hafa litið svo á að það væri á sína ábyrgð að Guðný kæmist til manns. Hún kom því til leiðar að Guðný hóf nám við Kvennaskólann í Reykjavík haustið 1881. Sjálf hafði hún farið á mis við þá menntun sem Kvennaskólinn hafði upp á að bjóða. Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún:

Þegar Kvennaskólinn tók til starfa, hugsaði ég gott til, að nú gæti ég ef til vill fengið að fara í hann, en svo varð nú samt ekki. Þegar ég fór að tala um það við móður mína, fannst henni, að hún gæti ómögulega misst mig frá verkum allan daginn og svo mundu þær frú Hólmsfríður og Hólmsfríður Björnsdóttir báðar kenna mér handavinnu eins vel og ég mundi geta lært hana í skóla, en það var nú aðallega til munnsins, sem ég hélt, að ég gæti lært þar eitthvað, sérstaklega ensku, en samt sagði móðir mín, að ef ég gæti fengið að taka þátt í tveimur til þremur fögum, sem mig mest langaði til að læra, þá mætti ég það. Ég fór svo til frú Melsteð og bar þetta fram, skjálfsandi af eftirvæntingu, hvaða svar ég mundi fá, en sú gamla var nú ekki alveg á því, að þetta gæti látið sig gjöra, og var svarið þvert nei. „Fyrst það er skóli, verður það að ganga til eins og í skóla.“ Þetta voru hennar vísdómsorð. Ég kom heim hálfskælandi, og ég held, að mamma hafi hálfvorkennt mér, því að hún sagði, að ég skyldi tala um þetta við frú Hólmsfríði, hún gæti

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar, 6. maí 1882.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 18. september 1881.

3 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 7. september 1882.

ef til vill lagað þetta, en þegar til hennar kom, sagði hún það sama og mamma. Þær skyldu kenna mér til handanna eins vel og þó að ég hefði verið í skólanum. Ég var samt ekki vel ánægð. Líklega hefur mér fundizt meira í munni að vera skólagenginn kvenmaður!¹

Guðrún harmaði það mjög að vera ekki skólagengin og þrátt fyrir að það hafi verið hún sjálf sem kom því til leiðar að Guðný færi í Kvennaskólann hefur nám Guðnýjar án efa vakið blendnar tilfinningar með henni.

Raunar voru skiptar skoðanir um kosti þess að vera skólagenginn kvenmaður á síðari hluta níttjándu aldar. Bríet Bjarnhéðinsdóttir benti ungum alþýðustúlkum á að þær ættu að hlúa að alhliða þroska sínum í stað þess að eltast við gagnslausa menntun á borð við þá sem kennd væri í kvennaskólum landsins.² Stúlkur sem útskrifuðust úr kvennaskóla misskildu margar eðli menntunar að mati Bríetar og gátu ekki notað skólakunnáttuna til neins annars en að sýnast og berast á. Hún hvatti því ungar alþýðustúlkur til að leita sér sannrar menntunar og benti þeim á að það væri ekki „öbrígunt menntunarmerki að vera skrautklæddust yzt.“³ Helsta bøl „menntunar-sjúkra“ stúlkna var að mati Bríetar að þær áttuðu sig ekki á að raunveruleg menntun fælist í andlegri eign „sem oft getr verið jafnt undir grófri þrjónapeisu eins og vandaðra búningi.“⁴

Hætt er við að systkini Guðnýjar hafi álitid hana vera í hópi þeirra stúlkna sem töldu sig menntaðar eftir einn vetur í kvennaskóla og því yfir aðra hafnar. Henni virðist í það minnsta hafa verið haldið utan við það trúnaðarsamband sem Finnur, Guðrún og Klemens mynduðu sín á milli. Guðný var nokkuð utangátta í systkinahópnum. Hún var fjórða í röðinni; níu árum yngri en Guðrún sem var elst og þremur árum yngri en Klemens

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 52-53.

2 Nám í íslenskum kvennaskólum á níttjándu öld var nokkuð einhæft. Af skýrslu sem birtist sem auglýsing frá Kvennaskólanum á Ytríey í *Þjóðólfi* árið 1888 má sjá að mun meiri áhersla var lögð á verklegar greinar, einkum saum og aðra handavinnu, en bókleg fög. Þannig lagði aðeins ein stúlka stund á ensku veturinn 1887-1888, fjórar lærðu grasafraedi, fimm lásu veraldarsögu, sjö lærðu reikning, á meðan tíu lögðu stund á blómasaum, átján lærðu léreptsaum og sjö knýtingu. Fimm vinsælustu fögin í skólanum voru: fatasaumur sem tuttugu og þrjár stúlkur lærðu, húsleg störf sem tuttugu og ein stúlka fékk tilsögn í, skrift sem níttján stúlkur æfðu sig í, léreptsaumur sem átján stúlkur lögðu stund á og íslenska sem fjórtán stúlkur fengu tilsögn í. *Þjóðólfi*, 29. júní 1888.

3 Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Sveitalífið og Reykjavíkurlífið*, (Reykjavík, 1894), bls. 37.

4 Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Sveitalífið og Reykjavíkurlífið*, bls. 44-45. Sjá enn fremur bls. 33-43 í sama riti. Sjá einnig Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna* (Reykjavík, 1888), bls. 33-36 og Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna.“ *Fjallkonan* 11-12 (1885), bls. 45-46. Þá kemur svipað viðhorf fram í grein sem Páll Briem skrifaði aldamótaárið. Páll Briem, „Menntun barna og unglinga.“ *Lögfræðingur. Tímarit um lögfræði, lögjafarmál og þjóðhagsfræði* 4 (1900), bls. 86-95.

sem var þriðji í röðinni. Þrjú elstu systkinin voru mjög meðvituð um skyldu sína gagnvart fjölskyldunni. Eftir að Anna Guðrún lést kepptust þau við að standa sig í harðri lífsbaráttunni og höfðu það að sameiginlegu markmiði að bæta þjóðfélagslega stöðu fjölskyldunnar. Guðný virðist ekki hafa haft sömu ábyrgðartilfinningu og eldri systkinin og sýndi því ekki sömu samstöðu og þau þegar Anna Guðrún féll frá. Guðný stóð utan við þann hóp sem elstu systkinin þrjú mynduðu og átti enn erfiðara með að samsama sig yngri bræðrum sínum tveimur. Hlutskipti hennar var því ekki ætíð öfundsvert.

Eftir því sem árin liðu og systkinin þroskuðust virðist Guðný hafa verið tekin í sátt af systkinum sínum. Árið 1886 trúlofaðist hún Ólafi Stephensen úr Viðey, einum besta vini Klemensar, en ári síðar komu upp vandamál í sambandi þeirra og reyndi þá svo um munaði á samstöðu systkinanna. Áslaug, móðir Ólafs, setti syni sínum stólinn fyrir dyrnar og heimtaði að hann slíti trúlofuninni. Ólafur hlýddi móður sinni en eftir stóð Guðný, niðurlægð og vanvirt. Hún þótti ekki nógu „fín“ fyrir fólkið í Viðey. Guðrún reyndist systur sinni einstaklega góð á þeim erfiðleika tímum sem í hönd fóru og varð þessi atburður til þess að þjappa systrunum saman. Í mars árið 1887 skrifaði Guðrún Finni:

[...] 18 febr fjekk Guðný uppsagnarbrjef frá Ólafi, og ætla jeg ekki að lísa hvernig henni varð við það, jeg lá sárveik í rúminu, og gat því ekkert, hann gefur henni náttúrliga eingar sakir því það getur hann ekki, það er náttúrliga móðir hans alt að kenna, hún hefur, og þær systur gjört okkur, og henni Guðnýu alt til skammar og svívirðingar sem þær hafa geta upphugsað, því það hefur verið alveg vitlaust út af því að hún kæmist inni þessa göfugu!! ætt.

Það er bótin að Guðný er fjarska stilt, en bágt hef jeg átt með hana síðan um daginn, þettað er hennar fyrsta sorg og reinsla, en hún er únglínur og heldur þúnglynd og fjarska dul. Henni hefur farið svo aptur síðan um daginn að jeg er alveg hissa að sjá hana, en það er varla að hún nefni þettað, jeg hef náttúrlæg talað um fyrir henni sem jeg hef getað og hef vit á, og jeg er viss um að þettað verður henni til láns í einhverju, undirniðri þykir mjer vænt um að hún er laus við þettað fjadans hyski því það er ekki gaman að vera í fameliu með því fólki, sem gjörir manni alt til íls sem hægt er, en að hinu leitinu er jeg hreint ólukkuleg yfir að láta fara svona með hana og vita að hún er honum og því samboðin í alla staði, ó jeg vildi bara að þú værir svo ríkur að þú gætir haft hana hjá þér að vetri, svo það gæti sjeð að hún á þó fólk að, en um það er ekki að tala, þú hefur nóg með þig.¹

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrínu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 21. mars 1887.

Gagnvart hroka og yfirgangi yfirstéttarinnar sýndu systkinin samstöðu. Þrátt fyrir bágan efnahag skröpuðu þau saman farareyri handa Guðnýju og dvaldi hún hjá Finni og Emmu í Kaupmannahöfn veturinn 1887-1888.

† mislegt bar við í lífi Guðnýjar frá því að slitnaði upp úr trúlofun þeirra Ólafs og þar til hún sigldi til Kaupmannahafnar. Björn Bjarnarson, mágur Klemensar, hafði um haustið verið fastagestur á heimili fjölskyldunnar í Reykjavík. Hann renndi hýru auga til Guðnýjar og svo fór að hann bað hennar áður en hún sigldi utan.¹ Trúlofun þeirra Guðnýjar og Björns var gjörð opinber ári síðar. Í nóvember 1888 skrifaði Guðrún Finni:

jeg hef nýlega fengið brjef frá Guðnýu, henni líður vel, ekki get jeg verið neitt sjerlega hrifin yfir trúlofun hennar og þú segjir víst alveg satt um Björn, jæa bara að það fari vel þá er jeg ánægð, það er sagt að Beníðikt Sveinsson vilji fá mann, í staðinn sinn í vor komandi, og ætlar víst Björn að ná í það, svo gæti skeð að hann fengi sýsluna á eptir, og þá væri þeim borgið, hann er núna Góðtemplar, og þess þarf hann, líka með, því Guðný er ekki fær um að eiga drykkjumann.²

Finnur var ekki himinlifandi yfir þessum ráðahag. Þau Guðný og Björn virðast aftur á móti hafa höndlað hamingjuna. Þau giftu sig árið 1890 og ári síðar var Björn orðinn sýslumaður í Dalasýslu. Guðný og Björn eignuðust 8 börn.

Vilhjálmur Jónsson (f. 30. ágúst 1870, d. 8. febrúar 1902) þótti efnilegt barn. Allt frá því að hann hóf nám við Barnaskólann í Reykjavík haustið 1879 lagði hann sig allan fram við að sýna að námshæfileikar hans og dugnaður væru engu síðri en eldri bræðranna. Þegar Vilhjálmur var níu ára gamall skrifaði Anna Guðrún Finni syni sínum: „Villi fór upp við prófið, svo hann er sá 5. áður sá 11. pabbi gaf honum falleg spil í staðin, hann er yngstur í efsta bk. hann er held jeg vel skarpur og yðinn eins og þú. hann hafði út 5,90.“³ Sex árum síðar skrifaði Guðrún bróður sínum: „en Villi hann verður skáld, það skuluð þið sanna, því hann er alt sem hann bara vill, hann er virkilega gáfaður og þar eptir er stillingin.“⁴ Fjölskyldan batt mikl-

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 19. október 1887 og Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 171.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 29. nóvember 1888.

3 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Önnu Guðrúnu Eiríksdóttur til Finns Jónssonar, 14. desember 1879.

4 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 26. nóvember 1885.

ar vonir við hæfileika Vilhjálms og allt fram til ársins 1892 leitaðist hann við að standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans.¹ En það ár breyttist margt og hann gat ekki lengur falið fyrir fjölskyldu sinni hversu illa hann hafði notað gáfur sínar og tækifæri. Vilhjálmur hóf nám í heimspækilegum forspjallsvísindum og málfræði við Kaupmannahafnarháskóla haustið 1889. Við upphaf námsins var metnaður hans mikill. Hann hreifst af lífi háskólamannsins og var ákveðinn í að láta til sín taka á fræðasviðinu. Eftir því sem mánuðir liðu rann upp fyrir honum að líf fræðimannsins var ekki ætíð jafn eftirsóknarvert. Vilhjálmur var ekki tilbúinn að fórna skemmtunum og lífsins lystisemdum fyrir fræðin og góðar einkunnir. Hann leiddist út í svall og óreglu.

Árið 1892 gerði Vilhjálmur tilraun til að beina lífi sínu inn á rétta braut. Með hjálp vina og ættingja kom hann heim til Íslands og dvaldi hjá Klemensi sem var orðinn sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu. Á Akureyri kynntist Vilhjálmur sextán ára stúlku, Engel Jensen. Vorið 1893 trúlofuðu þau sig og í aprílmánuði skrifaði Vilhjálmur föður sínum:

Annars er mjer sama um allt vín og allar skálar, úr því að jeg á Engel núna. Margopt sit jeg þar út frá hjá henni í litla húsinu nyrst á Eyrinni og er það mínir ánægjulegustu tímar. En þú skalt ekki halda að þetta kippi mjer frá lestri, heldur þvert á móti. Nú er um að gjöra að verða sem fyrst klár og verða eitthvað.²

Ástin sem í fyrstu virtist ætla að koma Vilhjálmi á réttan kjöl snérist upp í andhverfu sína. Engel reyndist ekki sá engill sem Vilhjálmur hélt í fyrstu. Eftir að hann fór aftur til Kaupmannahafnar haustið 1893 til að ljúka námi kom í ljós að ást hennar var ekki staðföst. Hún átti erfitt með að halda sig frá öðrum karlmönnum og sveik Vilhjálmi í tryggðum. Eftir það tók líf Vilhjálms nýja stefnu; hann flosnaði frá námi og hélt heim til Íslands með ónýta drauma í farteskinu og veika sjálfsmynd.

Vilhjálmur náði sér aldrei á strik eftir þetta. Hann varð aldrei sá fræðimaður sem honum var ætlað að verða og ekki varð hann skáld eins og Guðrún hafði spáð árið 1885. Vilhjálmur starfaði lengst af sem póstmaður í Reykjavík. Hann kvæntist aldrei en eignaðist eina dóttur. Vilhjálmur var aðeins þrjátíu og tveggja ára þegar hann lést árið 1902.

1 Þetta kemur mjög vel fram í bréfum Vilhjálms til Finns frá árunum 1878-1889. Bréfin eru ekki birt hér í bókinni en eru varðveitt í bréfasafni Finns, *NKS* 4597 4to, í Kaupmannahöfn.

2 *ÍB* 102 fol.a – Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 13. apríl 1893.

Ingólfur Jónsson (f. 23. september 1874, d.) var yngstur systkinanna og gegndi hlutverki „litla bróður“ með stakri þrýði framan af ævi. Hann virðist hafa skipað sérstakan sess í hugum systkina sinna, einkum Guðrúnar, vegna þess hversu ungur hann var þegar Anna Guðrún lést. Ingólfur var mjög hændur að móður sinni; í það minnsta voru þær ófáar stundirnar sem þau mæðginin dvöldu ein heima í húsi fjölskyldunnar að Vesturgötu, á meðan aðrir fjölskyldumeðlimir sinntu áhugamálum, námi og vinnu víðsvegar um bæinn. Ingólfur var aðeins sex ára þegar Anna Guðrún dó og hrósaði faðir hans honum sérstaklega fyrir að takast á við sorgina af stillingu og skynsemi. Guðrún tók við uppeldi Ingólfs og gekk honum í móðurstað. Finnur veitti honum einnig mikla athygli, þó fjarstaddur væri, og skrifaði honum reglulega.¹ Bréf Ingólfs eru ekki birt í þessari bók og kemur hann aðeins við sögu sem aukapersóna í bréfum annarra fjölskyldumeðlima.

Ingólfur lauk námi frá Lærða skólanum í Reykjavík með 2. einkunn árið 1893. Systkinum sínum til sárra vonbrigða ákvað hann að feta ekki í fótspor bræðranna og halda til náms til Kaupmannahafnar. Þess í stað hóf hann að stunda verslunarstörf og olli bæði Guðrúnu og Finni miklum áhyggjum á þeim árum sem hann var að marka sér stefnu í lífinu. Í nóvember árið 1894 skrifaði Guðrún Finni:

Líka fjekk jeg brjef frá Ingólfi, hann sýnist koma sjer vel þarna [í Stykkishólmi], hann verður þar næsta ár, við viðunanleg laun, segjir hann, jeg vona að hamíngjan gefi að það gáangi vel, Ingólfur var gott barn, og hlýðið, en það var Villi líka, jeg þekti ekkert ílt í honum, sem unglíng, og var aldrei hið minsta hrædd um hann, svo það er sárt ef hann ekki sjer að sjer og ef til vill sárara fyrir mig en ykkur hin, jeg hef lagt meira í sölurnar fyrir Ingólf og Villa en systur alment gjöra, sjá það alt vera að eingu, þýngra en frá megi segja, en það dugar ekki að tala um það, nema að reina að taka því vel.²

Væntingarnar sem gerðar voru til Ingólfs voru ekki litlar og virðist sem Guðrúnu hafi þótt hann svíkja sig með því að nýta ekki þau tækifæri til menntunar sem honum stóðu til boða. Hvað sem því líður kom Ingólfur ár sinni ágætlega fyrir borð. Hann settist að í Stykkishólmi og stundaði þar verslun. Árið 1898 kvæntist hann Kristínu Samúelsdóttur og eignuðust þau þrjú börn.

1 Sjá *NkS* 4597 4to – Bréf frá Ingólfi Jónssyni til Finns Jónssonar.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 19. nóvember 1894.

Sigurjóna Jónsdóttir (f. 19. ágúst 1865, d. 22. desember 1907) var dóttir Jóns Borgfirðings og Sigurlaugar Jónsdóttur. Hún var fædd í Hrísey 19. ágúst 1865. Jón var á þeim tíma giftur Önnu Guðrúnu og höfðu þau hjónin eignast sitt fjórða barn, Guðnýju, fyrr í sama mánuði. Jón vissi alla tíð af laundóttur sinni, sem hann kallaði svo, en kynntist henni ekki fyrr en árið 1884. Það ár skrifaði Sigurjóna Jóni bréf og gaf í skyn áhuga á að kynna föðurfjölskyldu sinni. Sigurjóna dvaldi hjá Jóni og börnum hans í Reykjavík veturinn 1884-1885.

Á Sigurjónu er fyrst minnst í bréfum fjölskyldunnar haustið 1881 en þá skrifaði Guðrún Finni:

Þú talar um stúlkuna fyrir norðan, jeg hef aldrei haldið á móti henni og jeg hef opt hugsað um hana. en mjer er ekki til neins að skipta mjer af henni því jeg get því miður ekkert fyrir hana gjört að svo stöddu, en jeg hef fyrir laungu hugsað mjer, að ef jeg einhverntíman kemst í þá stöðu að heita kona, þá skyldi jeg taka hana og kenna henni eitthvað, því hún er saklaus aumínga systirin okkar, en hínagð get jeg ekki tekið hana, án þess að kveinkja pabba því það yrði svodan umtal, sem væri mjög leiðinlegt fyrir okkur öll.¹

Guðrúnu var ekki hlýtt til hálf systur sinnar og hafði lítinn áhuga á að kynna henni persónulega en hún var vön að takast á við vandamálin af skynsemi og yfirvegun og gerði því eins og skyldan bauð henni. Í september árið 1884 skrifaði hún Finni:

Nú skal jeg segja þjer dálitlar frjettir, í sumar einu sinni þá fjekk pabbi brjef frá dóttur sinni fyrir norðan, og hún mælist til að hann taki sig. nú síndist mjer að þettað vera náttúrlegt og sagði pabba að frá minni síðu væri ekkert til fyrirstöðu, (eða síndist þjer ekki það vera rjett,) svo skrifaði hann aptur og sagði hún mætti koma, og svo nú um dagin kemur hún með pósti og verður hjer í vetur, en fer í átthaga sína aptur í vor, og það vil jeg líka, jeg vil ekki hafa hana alveg, hún er ekki vitund lík okkur eða pabba, hún er samt heldur lagleg, hún er jeg hrædd um engin fyrirtakskvenmaður, mjer síndist rjett að pabbi hefði hana einn vetur það verður svo það eina sem hún hefur gott af því að vera hans dóttir, það er náttúrlega dálítið talað um það fyrst, en það er hlutur sem niður dettur, og mjer er þá alveg sama.²

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 18. september 1881.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar, 2. september 1884.

Guðrún hafði ekki mikla samúð með Sigurjónu. Bréf hennar eru einstök heimild um það viðhorf sem Sigurjóna, sem launbarn, mætti. Guðrún taldi sjálfa sig yfir hana hafna og naut þeirra forréttinda að vera hjónabandsbarn.

Sjálf lét Sigurjóna vel af Guðrúnu í bréfunum sem hún skrifaði Jóni, hvað svo sem hún kann að hafa sagt um hana við aðra, en þau feðginin áttu í bréfaskriftum frá árinu 1884 og þar til Sigurjóna lést árið 1907. Flest þau bréf sem varðveist hafa frá Sigurjónu til Jóns eru birt hér í bókinni og eru þau mjög áhugaverð heimild um líf og hlutskipti stúlku sem var svo óheppin að vera ekki hjónabandsbarn. Þá eru einnig birt bréf frá Gunnari Magnússyni (f. 28. maí 1894), syni Sigurjónu og Magnúsar Gunnarssonar, til Jóns afa síns.

Aukapersónur í sögunni eru fjölmargar. Nokkrar þeirra hafa með bréfaskriftum sínum átt þátt í skapa þessa bók. Aðrar persónur eru aðeins sýnilegar í bréfum annarra. Allar eiga þær þó sameiginlegt að hafa verið mjög nálægar í lífi aðalsöguhetjanna og hafa þannig haft töluverð áhrif á skoðanir þær og viðhorf sem fram koma í bréfum þeim er hér birtast. Nokkrar þessara persóna hafa þegar komið fram á sjónarsviðið í umfjölluninni hér að framan. Má þar nefna Guðríði Jónsdóttur, Þorbjörgu Stefánsdóttur, Agnar Stefán Klemensson, Pál Briem, Emmu Herazeck, Áslaugu Stephensen, Ólaf Stephensen og Engel Jensen. Aðrar persónur verða kynntar í bréfunum sem hér fara á eftir og mynda söguna sjálfa. Þrátt fyrir að þær séu ekki allar jafn sýnilegar eiga þær flestar það sameiginlegt að vera mjög nálægar í lífi þeirra sem segja söguna.

Hugmyndafræðin að baki bókinni

Eins og allar góðar fjölskyldusögur fjallar sagan sem hér fer á eftir um eldheita ást, vonir sem verða að engu, vantrú á lífið, flókin fjölskyldusamskipti og ekki síst upphafningu á einstaklingnum, hæfileikum hans og dugnaði. Allar þessar frásagnir eru skrifaðar af einstaklingum sem staddir voru í hringiðu atburðanna sem þeir lýsa. Hver þeirra skynjaði sama atburðinn á sinn sérstaka hátt og túlkaði hann í samræmi við eigin forsendur.

Sú aðferð sem persónur verksins notuðu til að koma reynslu sinni á framfæri var að skrifa bréf. Sum bréfin eru löng, önnur stutt, sum skrifuð í fullri einlægni, önnur af tilgerð. Stundum skrásettu bréfritarar atburði og

tilfinningar eftir bestu samvisku, stundum með því að leggja áherslu á þá þætti er þjónuðu best þeirra eigin hagsmunum. Hvað sem því líður lúta sendibréf lögmálum ákveðins frásagnarforms sem bréfitarar þurfa að taka tillit til, meðvitað eða ómeðvitað, og móta tjáningu sína eftir. Allt frá því að menn fóru að skrifa bréf hefur frásagnarform þeirra tekið breytingum í samræmi við viðurkenndar tjáningarreglur og menningarlegar áherslur. Þar sem almennar tjáningarreglur sækja tilvist sína í síbreytileg menningarleg viðmið eru þær sjálfar síbreytilegar. Þar af leiðandi er erfitt að átta sig á því að hvaða marki hvert einstakt bréf mótast af viðurkenndum tjáningarreglum og að hvaða marki tjáning bréfitara mótast af sambandi hans við viðtakanda. Þó er hægt að komast nokkuð nærri þar um með því að lesa ótal bréf er tengjast innbyrðis og aðgreina þá þætti sem augljóslega mótast af menningarlegum viðmiðum frá þeim er taka fremur mið af sambandi bréfitara og viðtakanda. Þannig er unnt að greina upplýsingar um menningarleg viðmið og samfélagslegt gildi sem hvert bréf, eðlis síns vegna, felur í sér. Þessi aðferð gerir þó stundum heldur lítið úr persónulegri sköpun bréfitarans. Henni hættir til að ganga út frá því að einstaklingurinn sé fangi tungumálsins og algjörlega ófær um að sjá í gegnum þann blekkingarvef sem orðræðan spinnur. Hún gerir ráð fyrir því að einstaklingurinn sé algjörlega á valdi þess gildismats sem orðræðan innrætir honum; hann sé menningarleg afurð en ekki frjáls vitundarvera.

Eitt þekktasta verk menningarfræðingsins Michels Foucault, *Orðin og hlutirnir*, kom út í Frakklandi árið 1966. Í því riti ræðir Foucault möguleika fræðimanna til að festa hendur á einhvers konar sannleika með því að varpa ljósi á þau öfl sem móta orðræðu og menningu hvers tíma. Á áttunda áratugnum mótaði Foucault kenningar sínar enn frekar og dró þá inn í auknum mæli merkingu þagnarinnar; það er hvernig málefni sem þagað er um getur mótað viðhorf og skoðanir manna og verið þannig stór þáttur orðræðunnar.¹ Á svipuðum tíma hélt táknafræðingurinn Roland Barthes því fram að þar sem maðurinn væri fangi orðræðunnar endurspegluðu orð hans aðeins ríkjandi viðhorf og gildismat og því væri óþarfi að tala um höfundarverk. Þessar hugmyndir samræmdust ágætlega hugmyndum sagnafræðinga og félagsfræðinga sem töldu að gildi einstaklingsins væri aðeins unnt að meta með

1 Sjá einkum Michel Foucault, *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*. Alan Sheridan þýddi (London, 1977) og Michel Foucault, *The History of Sexuality: Volume 1: An Introduction*. Robert Hurley þýddi (New York, 1990). Bækurnar heita á frummálinu *Surveiller et punir* og *La Volenté de savoir*. Sjá einnig Michel Foucault, „Skipan orðræðunnar.“ Gunnar Harðarson þýddi. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*. Fræðirit Bókmenntafræðistofnunar 7. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir ritstýrðu (Reykjavík, 1991), bls. 192-199.

samanburði við aðra einstaklinga og þannig mætti draga upp mynd af „dæmigerðum“ þjóðfélagsþegni sem væri um leið fulltrúi allra þeirra einstaklinga er lögðu til upplýsingar svo að unnt væri að skapa hann. Mikilvægasti eiginleiki hins „dæmigerða“ er að hann er rúinn öllum séreinkennum og því ófær um að hafa áhrif á eigin tilvist. Þar sem hugsun hans mótast algjörlega af tungumálinu og öðrum menningarlegum gildum er hann fullkomin afurð menningarinnar.

Kenningar þeirra Foucault og Barthes komu af stað mjög aðkallandi umræðu um frelsi og sjálfræði einstaklingsins. Þær sýndu fram á að með því að lesa í táknerfi menningarinnar og vera meðvitaður um þau öfl sem eru að verki í orðræðunni er unnt að öðlast frelsi undan fyrirframgefnum viðmiðunum. Frelsið verður þó aldrei algjört því að það tæki sem við notum til að losna undan orðræðunni er orðræðan sjálf.¹ Afbygging er aðferð sem fræðimenn úr ýmsum greinum hugvísinda hafa beitt til þess að sjá í gegnum þá blekkingu sem tungumálið og menningin spinnur. Með því að skynja vald og merkingu einstakra orða innan ákveðins sviðs er unnt að afbyggja tungumálið og þau menningarlegu gildi sem móta hugsun mannsins. Með þeim hætti er unnt að sýna fram á hvernig merking og margræðni orðs mótast af því samhengi sem það er skoðað út frá. Þannig er unnt að rjúfa þær takmarkanir sem tungumálið og menningarleg gildi setja hugsun mannsins. En afbygging er ekki uppfinning ákveðinna einstaklinga. Hún er innbyggð í tungumálið sem vegna margræðni orðanna afbyggir sjálft sig í sífellu. Það sama á við um menninguna. Hvert menningarlegt tákni felur í sér ótal merkingarmöguleika og þar með möguleikann á að afbyggja sjálft sig. Þegar einstaklingurinn tjáir sig um hvernig hann skynjar sjálfan sig og utanaðkomandi þætti, skapar hann margræðni; margræðni sem aðrir verða að ráða í og gefa merkingu. Merkingin sem orð eins fá í huga annars er háð þeim forsendum sem viðtakandi orðanna gengur út frá og er þar af leiðandi önnur en sú merking sem orðunum var upphaflega ætlað að miðla. Þetta leiðir af sér misskilning sem aftur gerir okkur kleift að skynja margræðni tungumálsins og skilja þann blekkingarvef sem orðræðan spinnur. Þannig er misskilningurinn uppspretta sköpunar sem opnar einstaklingnum leið út úr því orðræðukerfi sem takmarkar hugsun hans um leið og hún gerir honum mögulegt að skilja þær forsendur sem aðrir ganga út frá þegar þeir tjá sig um veröldina.

1 Sjá til dæmis John D. Caputo (ritstj.), *Deconstruction in a nutshell: A conversation with Jacques Derrida* (New York, 1997), bls. 5-6.

Einstaklingurinn fær ekki skilið sjálfan sig óháð orðræðunni; ekki frekar en hann fær skilið orðræðuna óháð sjálfum sér. Með því að rannsaka heimildir, t.a.m. bréf, dagbækur og réttarskjöl sem greina frá skynjun einstaklingsins og skoðunum hans, hafa svonefndir einsögufræðingar varpað ljósi á hvernig orðræða samfélagsins mótar sjálfsmynd einstaklingsins og þar með hegðun hans. Þeir hafa sýnt fram á hvernig einstaklingurinn túlkar orðræðuna á sínum eigin forsendum. Þar sem sköpunin er hluti af túlkunarferlinu ekki síður en rökhugsunin má færa rök fyrir því að hugsun einstaklingsins um sjálfan sig feli í sér möguleika á að greina gildismat orðræðunnar og bregðast við henni á meðvitadan hátt. Einstaklingurinn hefur þannig tækifæri til að hafa áhrif á orðræðuna og gildismat samfélagsins án þess að vera algjörlega frjáls undan mótandi afli þess sama.

Þetta eru þær hugmyndir sem sagnfræðingar er kenndir hafa verið við einsögu ganga út frá við rannsóknir sínar. Aðferðafræði einsögunnar byggir á trú á hæfileika mannsins til að öðlast frelsi undan fyrirframgefnum viðmiðunum og gildismati orðræðunnar um leið og hún gengur út frá því að sköpun mannsins mótist af því orðræðukerfi sem hann bindur tilvist sína við. Einsagan er með öðrum orðum sú aðferðafræði innan sagnfræðinnar sem byggir forsendur sínar á því að maðurinn sé háður orðræðunni (og þar með gildum samfélagsins og menningarlegum áherslum) en ekki algjörlega á valdi hennar og því beri sagnfræðingum að kanna frelsi einstaklingsins innan ákveðinnar menningarheildar í stað þess að ganga út frá ófrelsinu sem fyrirframgefnum sannindum.

Einsagan og sú hugmyndafræði sem liggur henni til grundvallar hefur haft mótandi áhrif á gerð þessarar bókar. Þær áherslur sem koma fram í efnisvali og inngangi hvers kafla endurspeglar áherslur einsögunnar. Það sama má segja um þennan inngangskafila. Þar sem aðferðafræði einsögunnar er mér mjög að skapi er það von mín að umfjöllun um orðræðuna, sköpunina og frelsi einstaklingsins sem vitundarveru komi til með að opna augu lesenda fyrir því að notkunarmöguleikar bréfa sem sagnfræðilegra heimilda eru óþrjótandi þar sem persónuleg bréf fela í sér fleira en upplýsingar um einstakar persónur og samfélagslegar aðstæður.

Túlkun hvers lesanda er háð gildismati hans og reynslu, hún lýtur rökfræðilegum lögmálum (þar sem lesendur eru óhjákvæmilega háðir vestrænni orðræðu sem upphefur hið röklega) um leið og hún byggir tilvist sína á sköpunargáfu hans; sköpunargáfu sem opnar fyrir mannum áður óþekktar heildir og er nauðsynleg forsenda þess að hann geti myndað ný merkingarsambönd og varpað nýju ljósi á þann veruleika sem hann leitast við að skýra, hvort heldur er fyrir sjálfum sér eða öðrum. Túlkun lesenda

er því uppspretta nýrra sanninda um fortíð og nútíð og samband þessara tveggja tímaramma. Hana má vissulega skýra með því að greina þær forsendur lesenda sem gefa textanum merkingu en sú skýring verður aldrei sönn nema innan ákveðins samhengis. Túlkunin sjálf á sér hvorki upphaf né endi og verður því ekki skýrð nema út frá ákveðnum forsendum rétt eins og gildir um túlkun okkar á þeim bréfum sem hér fara á eftir.

II. Ást og framtíðardraumar

Bréfaskriftir þær sem hér fara á eftir hófust sumardag einn í ágústbyrjun 1878 en þann dag kvaddi Finnur Jónsson ættingja sína og vini á höfninni í Reykjavík og hélt út í hinn stóra heim.¹ Fram að þeirri stund höfðu móðir, faðir og börnin sex aðeins verið aðskilin stuttan tíma í senn. Brottför Finns frá Reykjavík markaði upphafið á tímabili sem einkenndist af sundrungu fjölskyldunnar en jafnframt varð þessi sundrung til þess að styrkja samband einstakra fjölskyldumeðlima. Aðskilnaðurinn gerði það að verkum að orð sem hefðu ef til vill aldrei annars verið sögð festust á blað.

Veturinn 1878-1879 horfðu þau systkini Finnur og Guðrún björtum augum til framtíðar. Hann var tvítugur að aldri, hún tveimur árum eldri. Þeirra biðu fullorðinsárin með öllum sínum tækifærum sem ábyrgð og skyldur höfðu ekki enn náð að skyggja á. Á þessum tíma virðist ástin og framtíðardraumar henni tengdir hafa verið helsta áhugamál þeirra systkina. Ástin var jafnvel talin æðri en skynsemin sem í huga fjölskyldunnar var lykillinn að farsælu lífi.

Þrátt fyrir að Guðrún Borgfjörð væri sannfærð um að lífinu og ýmsum uppákomum þess bæri að taka af skynsemi og yfirvegum taldi hún farsælla að lúta vilja tilfinninganna en skynseminnar í þeim málum er vörðuðu ástina. Í einu bréfa sinna segir hún: „Jeg ímynda mjer að, ef vel á að fara þurfi hjartað að tala.“ Raunar þótti Guðrúnu ástin ekki ætíð auðveld viðfangs eins og sjá má á viðbrögðum hennar við orðrómi um meinta trúlofun sína og Helga nokkurs á Hól. Sá atburður virðist hafa haft langvarandi áhrif á tilfinningalíf hennar og sjálfsímynd.

1 Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún Borgfjörð frá þeim degi er Finnur hélt af landi brott og aðskilnaður fjölskyldunnar varð að staðreynd: „Ég man, að móðir mín sagði, rétt áður en við gengum út til að fylgja honum til skips, að það væri hugboð sitt, að þetta væri í seinasta sinn, sem við værum öll undir sama þaki á ævinni, og hefur það reynzt rétt. Mikið tók móðir mín sér nærri að láta Finn fara út í heiminn án minnstu vonar um styrk neins staðar frá nema Garðpeningana, og mikið var honum og foreldrum mínum láð þetta. Þá var nú ekki daglegt brauð, að fólk færi til útlanda, eins og nú er.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 104.

Ástarmálin virðast einnig hafa valdið Finni nokkrum áhyggjum ef marka má það sem Guðrún segir í bréfi frá 26. júlí 1879: „Þig vantar enga hæfilegleika til að stúlku geti litist á þig og trú mjer til fá færri en vilja, þú ert heldur laglegur gáfaður stiltur reglumaður, hvað þarf meira, nei þú verður varla sveinkarl bara eigðu enga danska.“ Guðrúnu til sárrar gremju var Finnur tregur til að upplýsa hana um kvennamál sín. Þeim hugsunum vildi hann frekar deila með Páli Briem, sínum besta vini og sálufélaga.

Fyrsta bréf Guðrúnar til Finns er skrifað tæpum mánuði eftir að gufuskipið Díana lagði frá Reykjavíkurböfn með hinn unga fulltrúa alþýðunnar innanborðs.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1878-1879¹

Reykjavík þann 4 September 1878

Elskulegi bróðir minn!

Guð gefi þjer allar stundir góðar og gleðilegar, hjartans þakkir fyrir bæði brjefin þín, þú getur nærri hvert okkur ekki þókti vænt að heira að þjer gekk vel, guði sje lof fyrir það, jeg kveið svo fyrir sjósóttinni í þjer en það fór betur en á horðist, og nú ert þú víst komin til kóngsins, Kaupinhafnar, ó hvað jeg hlakka til að fá brjef frá þjer, jeg tel dagana þángað til Díana kemur og góði segðu okkur ef þig vantar eitthvað mikið, eða skrifaðu mjer það jeg skal þá reina, hvað jeg get því jeg á opt skildíng, jeg veit ekki hvað jeg á að skrifa af frjettum því mamma skrifar þjer á hverjum degi allt sem viðber, henni þókti vænt um að fá brjef frá þjer, okkur leiddist öllum eptir að þú fórst, og á hverju kveldi þegar jeg fer að háttá þá finnst mjer svo autt og tómt, því þá finn jeg svo mikið til að þig vantar á loptið.

Nú er farið að lísa með Þórði á Hól og Sigríði, á sunnudagin var og þá var líka önnur lísing með Friðfinni, hann er svo lukkulegur að hann gengur á klæðisfötum og pípuhatt hverndag, hann er svo „glad í sinni“.

Jeg reið út á sunnudagin, og upp á Kolviðarhól og hafði góðan hest og skemmti mjer vel, jeg verð að svíkja þig um skóna nú með þessari ferð en jeg skal samt ekki svíkja þig alveg, jeg hef haft svo mikið að gjöra að jeg hef ekki mátt vera að því, elsku bróðir fyrirgefðu mjer það að jeg svík þig.

Mjer þókti leiðinlegt að póstskipið ekki kom við í Vestmanneyjum svo jeg fjekk ekki brjef frá Siggú, þú verður að segja mjer hvernig náúngin er eins og þú lofaðir mjer, jeg skal ekki segja henni aptur. Klemens er altaf inn í Viðey og er að slá og hamast, og allt er við það gamla hjer heima, pabbi varð pólití strax dagin eptir að þú fórst svo allt gekk það vel, það kom maskína í eldhúsið núna með skipinu en er ekki búið að setja hana upp en, og svo á að leggja gólf í skúrinn svo þá fer nú kofinn að skána.

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

Pú verður að koma til Kristínar Krabbi og skila minni hjartans kveðju, og eins bið jeg að heilsa Páli Briem kærlega og svo fleirum og fleirum,

Svona líður lífið, nú ert þú komin til hafnar, en jeg sit og skrifa þjer kl. 11 um kveld, við ljós, það er í fyrsta sinn sem kveikist og það fyrsta sem unnið er við ljós á þessu hausti það er að skrifa þjer, sem nú ert þá fjarri öllum þínum, nema í huganum þá muna allir þínir þig, elsku bróðir nú fer jeg annars að hætta því þjer finnst víst nóg komið af svo góðu ílla skrifuðu og íllri rjettritun og líka ílla stíluðu, jeg sagði við Íngólf hjer um daginn, nú er Finnur bróðir komin, en hvað hann varð kátur, og hann sagði nú skal jeg kissa hann, en svo sagði jeg honum að jeg væri að skrökva að honum og þá sagði hann að jeg væri slæm, vertu nú blessaður og sæll og líði þjer ætíð eins og best fær óskað þín elskandi systir, Guðrún Jónsdóttir.

P.S Bertel bað mig að skila kærri kveðju til þín, hann er núna austur á þíngvöllum og sagðist kannske skrifa þjer þaðan vertu nú 1000 sæll þín systir gunna.

Reykjavík, þ. 30 Sept. 1878

Elskulegi góði bróðir minn!

Hjartans þakklæti fyrir þitt góða brjef, ó hvað jeg er lukkuleg að þjer skuli líða bærilega og ekki leiðast guði sje lof fyrir það, eins og allt annað gott. okkur líður við það sama bærilega, nema hvað við höfum verið að deia í kvefi, en erum að batna, ekki er jeg á því að fá tau í fót handa þjer því það er ekki gott að sauma fót og hafa þig hvergi við, það þori jeg ekki elsku Finnur minn þú mátt ekki taka það svo að það sje af því að jeg ekki vilji gjöra svo lítið fyrir þig, nei þvert á móti heldur af því jeg ekki treisti mjer til þess að sauma þau. en nóg um það.

Það var eptir Guðl. að hjálpa þjer, jeg hef alltaf álitit hann góðan dreng og það er hann sjálf sagt líka heilsaðu honum frá mjer (ef þú villt) og seigðu honum að jeg haldi upp á hann, bæði vegna Siggu og þín, hún biður kærlega að heilsa þjer, jeg sagði henni að þú hefðir sagt að þú hefðir lyst að skrifast á við hana, og hún sagði sig lángaði til þess líka, hún hjelt að honum gæti ekki þókt neitt að því, þó þið sem kunníngar skrifuðust á, og jeg er á sama máli og hún, það líkaði mjer vel að Guðl. trúði þjer fyrir trúlofun sinni hann hefur trúað þeim sem síður skildi.

Nú er sagt að Ásgeir sje trúlofaður Margrjeti Ólsen, systir Björns Ólsens, þessi falletta sem þeir slóust út af um veturin Halldór Bjarnarson og Pálmi en það er ekki opinbert en þá, og þar fór ein af kvíldinu hans Jóns Þorkelssonar, nl. Björg hún er nær því 40 ára, og svo Setselja hjá Jóni Árnasyni hún skal í Þorleifi sína allt gott og passar mikið vel finst mjer, jeg fjekk brjef frá Setselju hans síra Ísleifs um dagin og 5 al. af vaðmáli, í bænum gengur allt eins og vant er og jeg skrifa þjer ekkert bæarsnakk þú hefur ekki gaman af því.

EKKI vissi jeg að hvaða stúlkum jeg átti að ráðast að með kveður þínar, þjer er nær að segja mjer hver hún er hjerna sú gamla sem jeg opt hef spurt þig um, seig

þú mjer nú sem elskulegur bróðir sem heldur upp á systir sína hver hún er, jeg skal ekki segja frá því, jeg veit þú gjörir þettað er ekki svo?

Ef þú kemur til Frú Krabbi þá ber þú henni kæra kveðju frá mjer, þú mátt nú ekki leggja allt of mikið á þig af skriptum og lestri svo þú komist lifandi til okkar aptur, þú verður að hugsa sem svo í hvert sinn sem þú leggur of mikið á þig, þettað má jeg ekki því mínir ástvinir þreia í þeirri von jeg komi eptir 4 ár.

Það er þúngt að hugsa til allra þessara ára án þess að fá að sjá þig, og guð veit hvert jeg nokkum tíma sje þig frammar, í það minsta finst mjer að það geta skeð, svo kveð jeg þig með þeirri ósk að þessi miði hitti þig glaðan og frískan og þeirri bæn að drottin styðji þig og styrki á öllum þínum æfistundum, það mælir af hjarta þín heittelskandi systir Guðrún.

Reykjavík 17 október 1878

Elskulegi góði bróðir

Guð gefi þjer allar stundir góðar og gleðilegar, hjartans þakkir fyrir brjefið og sendinguna, já ástarþakkir fyrir járníð, það er svo ágætt sem það getur verið, mjer þókti verst að þú skildir fara að kaupa svona dýrt stykki og gefa mjer, og mindir þakka jeg líka kærlega, heilsaðu Páli Breim kærlega og segðu hann verði að senda mjer mind fyrst hann eigi mind af mjer en Guðlaug get jeg ekkert átt við, því hann er fastur á öðrum endanum, en honum er samt velkomið að eiga mind af mjer, fyrst jeg er á móti siggu, (hún biður kærlega að heilsa þjer) mjer þókti leiðinlegt að þú hafðir vondu mindina handa þjer, jeg skrifa þjer eingar frjettir því mamma og all-ir eru búinir að skrifa þær, nú er verið að biðja mig að taka stúlku til að kenna, að sauma um tíma, það er systir Lárusar Eisteinssonar, jeg held jeg taki hana, Magnús ass. ætlar að gipta sig á morgun það er margt boðið og stendur mikið til. Sigurður Melsted heldur veisluna.

Ljótt er hjónaband Friðfinns og Íngu hún hafði sagt um dagin, hann var fullur „jeg vildi óska að heilvítis brennivínið logaði upp úr honum svo hann dræpist því mjer þykir ekki fremur vænt um hann en staurin þann arna, og barði um leið í staur í eldhúsinu, það er mánuð sem þaug eru búin að vera gipt, það er góð birjun,

Hefur þú ekki sjeð Helga á Hól. guði sje lof að þjer líður vel og leiðist ekki, jeg bið hann á hverju kveldi að annast þig og blessa elskaði bróðir, svo kveð jeg þig með þeirri bæn að þessi miði hitti þig glaðan og frískan svo kissi jeg þig í anda og bið guð að varðveita þig, það mælir þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

P.S. góði Finnur minn sendu okkur mind af þjer með næstu ferð og vertu í nýju fötunum 1000 sæll þín elskandi systir.

Reykjavík 29. Novemb. 1878

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkar fyrir brjefið og líka fyrir mindina, hún er ágæt og alveg eins og þú, jeg sje mun á auganu og það er satt það sem þú segir að þeir segi um þig að þú sjert orðin annar maður, því þú ert orðin flott og það að mun. Guði sje lof að þjer líður vel jeg er svo lukkuleg yfir því, en það er eins og annað lánið okkar, það gengur, allt svona vel á endanum, þó stýrt sýnist í fyrstu, þá von og trú hef jeg í það minsta, fötin þín eru góð og gott í þeim. Jeg hefði gaman af að sjá þig, úti í yfirfrakka með paraply og lonngeniet hvert þú ert ekki finn í þessu! öllu saman, jeg veit ekki hvað jeg á að skrifa þjer, því mamma og allir eru búnir að skrifa þjer, jeg er að læra ensku hjá síra Mattíasi, jeg er búin með 30 tíma, við höfum 3 tíma í viku og erum við 8 stúlkur.

Þú varst heppin að fá kenslu hjá Thomsen því hann er vænn þar sem hann tekur því, þú verður að punta þig þegar þú ferð þangað, góði Finnur þú mátt ekki kaupa þjer morgunskó því jeg ætla að senda þjer þá, jeg hef alltaf haft svo mikið að gjöra að jeg má ekki hreifa mig til neins að gamni mínu, þú sendir Halldóri Eigils mind af þjer, það var rjett gjört af þjer, kanske Margrjet sjái hana eða má hún það ekki?

Góði bróðir er það ekki hún sem þjer líst vel á? seg þú mjer, jeg skal þega og engum segja, og meira að segja jeg skal vera milligaungu maður fyrir þig, (það er að segja með brjef) við hana, nú verður þú að gjöra nokkuð fyrir mig, og það er það að gefa mjer mindina af Guðl. sem þú áttir, þú getur narrað aðra út úr honum í staðin, en þú mátt ekki láta hann vita þettað fyrir nokkurn mun, og jeg vil ekki aðra mind en þá, það stendur svo á því jeg skal segja þjer það seinna. Sigga Jónsdóttir biður kærlega að heilsa þjer hún er lukkuleg yfir að þið skuluð vera vinir (eða má ekki brúka það orð yfir það) Guðl. kemur víst upp 1880 eða í það minsta erum við búnar að reikna það út, og þá fæ jeg veislu, hefur hann spurt þig nokkuð um mig? ef hann gjörir það þá segðu mjer, hann hefur spurt Siggu hvert jeg væri trúlofuð og segjir sjer hafi verið skrifað það að heiman en mig lángr að vita hver hefur frætt hann, en tala þú samt ekki um það að fyrri bragði við hann, berðu kæra kveðju mína til frú Krabbi, og líka til Páls Breims og spurðu hann hvert hann ætli ekki að gefa mjer mind af sjer, mig lángr að eiga mind af honum, og að endingu óska jeg þjer gleðilegra jóla og góðs og gleðilegs nýárs því það er í seinasta sinn á þessu blessaða ári að jeg tala við þig elskaði bróðir, og góður guð leiði þig og styðji og haldi sinni verndarhendi yfir þjer, þess biður þín heitt elskandi systir, Guðrún Jónsdóttir.

3 des. Elskulegi bróðir blessaður konu brjefinu til Guðl. sem hjer er innaní, það er frá teingdaforeldrum tilvonandi, allir biðja að heilsa þjer kærlega vertu svo blessaður og sæll þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 26 Mars 1879.

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, margt fer öðruvísi en ætlað er, jeg hafði ásett mjer að svara þjer rækilega uppá brjefið þitt, en nú fær þú ekki nema fáeinar línur illa úr garði gjörðar, jeg er hjá Hólmsfríði Björnsdóttur hún liggur á sæng hún átti efnilegan dreng, hann á held jeg að heita Gísli, þjer að segja (þögn) krakkar hrista mig og skaka, nú sendi jeg þjer morgunskóna, sem jeg hafði lofað þjer þegar þú ert orðin Rektor í Reykjavík þá skal jeg gefa þjer fallelgri skó og þegar næsta ferð fellur betra brjef, heilsaðu Páli Breim og biddu hann að vera þolinmóðan eptir afganginum.

Sigga í húsinu biður kærlega að heilsa þjer. engar trúlofanir get jeg sagt þjer, jeg hef áður heirt með Halldór og Önnu og ekkert hef jeg heirt um þig, það er sagt að jeg sje trúlofuð Helga á Hól, en satt er það ekki, guði sje lof þjer líður vel, jeg huxaði að þessi vetur liði aldrei, mjer fanst svo langt síðan jeg frjetti af þjer. eitt ætla jeg að svara þjer eins og jeg held að það sje og það er að sú fyrsta ást sje heitust, því hún er himnesk segja þeir sem hafa reint og yfir ekkert firnist eins seint eins og yfir ólánsama ást, jeg er eins og barn í þessum sökum sem betur fer og get því ekkert um neitt af þessu dæmt, í næsta brjefi seigir þú mjer hver stúlkan er sem þjer líst vel á, mig lángrar að vita það, vertu viss um að engin skal fá að vita það, vertu nú guði falin og blessaður og sæll elskaði góði Finnur minn og fyrirgefðu skóna, það mælir þín heitt elskandi systir Gunna.

Reykjavík 4 Maí 1879

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, mjer þókti vænt að þjer líkuðu skórnir, jeg er illa upplögð til að skrifa nú, því svo er mál með vexti að nú eru þessi nýu fót komin sem pólitíin eiga að hafa, og pabbi segjist aldrei í þaug fara, svo hann verður líkast til látin hætta, og hvað verður þá af okkur, það er ekki von að hann vilji fara í þaug, gamall maður að fara að gjöra sig að apaketti, og athlægi, það verður allt af eitthvað, að koma fyrir til að mæða mann, jeg er hreint eiðilögð yfir því öllu, og yfir svo mörgu. Guði sje lof að þjer líður vel, Helgi kom hínagað strax sama kveldið sem hann kom, og þókti okkur heldur vænt um að frjetta svona nákvæmlega og vel af þjer, því ekki ljet Kr. Þor. svo lítið að koma hínagað, og segja okkur, af þjer.

Jeg hitti hann niður hjá Hólmsfríði, og spurði hann, hvert þú værir ekki alveg eins og þú hefðir verið, hann sagði jú nema að þú værir ekki vitund, nærsýnn, en Helgi sagði þú værir eins nærsýnn og þú hefðir verið, annarhver skrókvar, nú er Þórunn í Lanshöfðingahúsinu trúlofuð manni sem heitir Arnbjörn og er vitavörður á Reykjanesi, jeg sá þaug í dag, hann er mindarlegur að sjá, aðrar trúlofanir eru hjer ekki það maður veit, jú það er sagt að Guðmundur Ólsen og Sigríður Sveinbjarnar

sjeu trúlofuð, en líkast að það sje ósatt og sagt er að Ólafur Finssen vilji ná í Karólínu Finssen, það er sú sem ljek í fyrri en hún vill trúi jeg ekki sjá hann (þögn).

Við Mensi vorum á skólaballi þriðja í Páskum, jeg skemti mjer vel, og þar bar ekkert markvert við, nema jeg sá það að Sylvía Thorgrímssen er sú argasta kokette, sem huxast getur, huxaður þjer hana í horni, og Hallgrím Melsted við aðra hliðina Davíð Schving við hina og Steingrím Jhónasen á stól fyrir framan hana, það er líka sagt hann vilji gjarnan ná í hana, já líka óska jeg þjer góðs og gleðilegs sumars, í sumargjöf fjeck jeg gull kapsel, og væri gaman að eiga í það mind nú er farið að lísa með Rúnka, fyrsta lísing í dag, eitt verður þú að gjöra og það er það að vera með þegar hátíðin verður haldin þarna hjá ykkur, þú verður að njóta allra þeirra skemtana sem þú getur, mjer skilst á einu brjefinu þínu að þú ætlir ekki að vera með (Æ nú fór bláa blekið) Sigga Jónsdóttir biður kærlega að heilsa þjer henni líður vel, jeg veit ekki hvert hún kemur í sumar, hana lánkar til að koma en það sem hún er hjá vill láta hana vera, kemur ekki Guðlaugur að ári?

Það er von þó þaug hlakki til að sjást, jeg er viss um að það er sú mesta unun sem huxast getur, að hittast eptir að hafa verið svona leingi aðskilin eða heldur þú að Guðlaugur sje henni ekki trúr, hún er ekki hrædd um það, heldur jeg er hálfsmelik, þú lætur eingan sjá þettað, allt er ekki annað en endileisa en þú verður að fyrirgefa, nú ætla jeg að biðja þig bóonar en hún er sú að láta taka 8 mindir eptir þeirri sem jeg sendi ef þú getur, svo skal jeg senda penínga þegar jeg veit hvað þær kosta, það er leit að þurfa að kvabba þettað að þjer en jeg var beðin og verð svo að biðja, jeg bið að heilsa kærlega Kristínu Krabbi og Páli Breim, og spurðu hann hvenær jeg fáí mind af honum, eitt bið jeg þig um en fáðu að vita hvað skúfhólkar úr gulli kosta laglegir, mig lánkar að vita það, fyrirgefðu nú allt kvabbið elsku bróðir, svo kveð jeg þig og kissi elskulegi góði Finnur minn það mælir þín heittelskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Reykjavík 16 júní 1879

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir brjefið þitt, já og fyrir vísurnar þær eru ágætar eins og allt frá þjer, guð gefi að þú ekki hafir eins þúngt hjarta, næsta sumardag fyrsta, eins og þú hefir haft síðastliðin, jeg man líka hvaða tilfínníngar hreifðu sjer í brjósti mjer hinn fyrsta dag þessa blessaða sumars, en jeg er ekki skáld, og þess vegna get jeg ekki líst neinu, því er nú verr, eða þá kannske betur, hver er hún sem þjer líst svona vel á, er það Sigga Sívertssen?

En heirðu var það ekki Sigga Thorberg sem þjer leist vel á hjer? mjer hefur dottið það í hug (ó hvað þettað er línuskagt) núna í seinni tíð, engar eru hjer trúlofanir og ekki neitt, nú kemur Bertel í sumar, það er aumi dónin, hann er svo argvítugur að það er ekki á einn veg heldur marga, þegar hann kemur, þá talaðu um íslenskar stúlkur við hann og heirðu í honum andan, en hann má ekki vita að það sjeu mín ráð, jeg þarf ekki að biðja þig að halda með þeim, segðu honum líka

að þjer hafi verið skrifað að hann væri að huxa um að ná í ríka stúlku, en þú vitir ekki hvert það hafi gengið og helst að láta Guðlaug heira á, jeg skal seinna bæði segja þjer hver stúlkan er og mikið meira um það, þegar þú ert laglega búin að skjóta því að honum, en fyrir alla muni að láta hann aldrei vita að jeg hafi sagt þjer þettað því, á því ríður meir en þú getur ímindað þjer, og nú kemur Steingrímur Jhonsen til ykkar með þessari ferð, jeg er nýbúin að sauma handa honum manchettsskirtur til ferðarinnar, jeg hef sjeð Jón Þórarinsson han er flott, ert þú eins?

Ó, að þú getir komið að ári að sjá okkur, hvað það væri inndælt, en hvað er að huxa um þvílígt, þess leingur sem maður þráir ástvina fundin þess fegnari verður maður að finnast, nú er bráðum komið eitt ár síðan þú fórst, en hvað það hefir verið langt, svo langt það hefur aldrei ætlað að líða, nú sendi jeg þjer fálfkan og hár af báðum systrum þínum, þú getur með ánægu átt það þángað til þú færð hár af þeirri sem þú elskar, þú stalst mindinni, jæa þú varst vel að henni komin fyrir ómakið þú skalt fá peníngana með næstu ferð, nú er mensi komin í búð hjá Lange og varð jeg fegin, þú spirð hvert pabbi eigi yfirfrakka, já hann fjekk góðan frakka í haust, nú á að ferma Guðnýu á sunnudagin kemur, hún á að vera með skaut, hún hlakkar til að losna við kverið,¹ líka er jeg að skattera mjer samfellu hún er bara falleg það er sóleian alveg eins og hún er á jörðini, græn blöð og leggir en, blómið gult allt silki, það er sú fyrsta með svona litum, en hún þykir svo falleg að það á að fara að búa til tvær alveg eins, jeg er montin að vera sú fyrsta.

Sigga Jóns. biður kærlega að heilsa þjer henni líður vel, og jeg bið þig bera hjartans bestu kveðju til Frú Krabbi, og líka bið jeg að heilsa Páli og biddu hann muna eptir mindini altaf skal jeg suða þángað til það gengur, að síðustu óska jeg þjer til lukku og hamíngu á þessu þínu nybirjaða ári. Jeg huxaði til þín 29. maí, og kisti þig í huga, og óskaði þjer heilla, og jeg vona að þessi miði hitti þig frískan og ánægðan, vertu svo margblessaður og sæll elskaði bróðir og líði þjer eins vel og best fær beðið af hjarta þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

P.S.

þú fyrirgefur þó þettað sje ljótt því jeg er orðin sífjuð kl. er orðin 12 og allir háttaðir 1000 sæll, þín elskandi Gunna.

ef þú værir komin skildi jeg biðja þig að gjöra nokkuð fyrir mig en það er ekki til neins að reina það af því jeg verð að tala við þig til þess.

1 Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún frá fermingu Guðnýjar: „Eitthvað var nú annað en þegar ég var fermd. Guðný fékk ljómandi fallettan, hvítan kyrtil, klæðispeysuföt (þangað til hafði hún verið á kjól), ullarsjal, sem kostaði 16 krónur, að ég ekki tali um stígvél. Þó að ekki væru fleiri ár en þetta frá því, að ég var fermd, þá hefði nú engum dottið í hug að láta krakka fara til fermingar með íslenzka skó. Svo voru tímarnir breyttir.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls.105-106.

Reykjavík, 26. júlí 1879

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þökk fyrir brjefið, það er eins og vant er þú færð aldrei, gott brjef frá mjer því jeg hef alltaf svo mikið að gjöra, og ekki síst núna þegar Bertel fer, jeg hef saumað handa honum dálítið af nærfötum, jeg hlakka til fyrir þína hönd, að hann finni þig því hann er svo kunnugur heima, og getur sagt þjer allt, ó jeg mætti hitta þig eina kveldstund ekki er óskín stór, en þó, ómöguleg, frjettir veit jeg ekki mikið um, og þó jeg veit ekki, jeg er annars ekki, upplögð til að skrifa núna, það er leiðinlegt að þið skulið vera í svo mikilli peningapræung, það veit guð það er leiðinlegt að geta ekkert hjálpað en hvað get jeg, minna en ekki neitt, jeg vildi jeg væri orðin rík kona, bara svo jeg gæti hjálpað þjer, ekki vík jeg til þess gamla, jeg verð að skrifa nokkrar línur um það, fyrst það ekki var Sigga Thorberg svo er það Magga, jú hún er það, því jeg veit þú hefir líka sjeð hana bæði með rjettu og raungu auga kall minn. Þig vantar enga hæfilegleika til að stúlku geti litist á þig og trú mjer til fá færri en vilja, þú ert heldur laglegur gáfaður stiltur reglumáður, hvað þarf meira, nei þú verður varla sveinkarl bara eigðu engu danska.

Heldur þú að Guðlaugur komi upp að ári? heldur þú hann hafi nokkuð illt af að búa með Gestí, drekkur hann ekki mikið, Sigga Jónsdóttir biður kærlega að heilsa þjer, hún kemur heim í vor, nú fer Jónína með þessari ferð til eyanna, hún segist ekki fara að biðja að heilsa þjer því þú munir ekki geta verið þektur fyrir að taka kveðju sinni, þettað nokkuð það segji jeg þjer ekki núna, kanske bráðum, og kanske aldrei.

Farðu varlega við Bertel, stúlkan heitir Helga, þú mátt aldrei láta hann vita að það sje frá mjer komið, það var gott þjer líkaði fálkin og hárið, jeg vildi það væri orðin festi úr því og hún falleg, nú fer jeg að hætta þú verður að fyrirgefa hvað þettað er slæmt brjef, vertu nú blessaður og sæll og guð annist þig og blessi það mælir þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

P.S.

Það kemur seinast það sem átti að koma fyrst, nl. lukkuósk fyrir snakkið, það var gleðilegt að þjer gekk svo vel það gladdi mig. 1000 sæll, þín elskandi Gunna.

Reykjavík 4 September 1879

Elskaði góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir brjefið, ó hvað jeg er lukkuleg yfir að þjer líður vel, þettað brjef verður annars óþolandi fyrir þig, því bæði er jeg svo fjarskalega ílla upplögð, og svo verður það bónarblað, elskan mín þú mátt ekki verða vondur við mig, jeg deponeraði 19. kr. og 80 aur, til þín, og þar af átt þú 4 fyrir mindirnar hennar Siggú Guðmundsd, og svo bið jeg þig að kaupa fyrir 1. kr. hvítt glinsigarn, og fyrir 80 aur. gyltar kantilíur, en svo eru nú eptir 14 kr. og fyrir þær átti jeg líka að kaupa, og jeg var búin að deponera þeim, þá var komið til mín, og jeg var beðin

um að hætta við það, svo jeg er alveg í vandræðum og verð að láta þær fara, og biðja þig að senda mjer þær með næstu ferð, mjer voru lánaðar 14 kr. þángað til, þú tekur af þeim til að borga undir þær upp aptur, þó það væri heil króna.

Nú koma frjettirnar, það er annars ekki til neins fyrir mig að reina að skrifa þær, því mamma segir þjer allt sem við ber, nú er Böðvarr Þorvaldsson trúlofaður stúlku sem heitir Helga Guðbrandsdóttir, að vestan forrík þú segir löndum frá þessari trúlofun, líka er síra Br. assi trúlofaður ríkri bóndadóttir þar fyrir austan, ekki veit jeg hvað hún heitir, nú er Helgi á Hól farin á Siglufjörð, hann bað kærlega að heilsa þjer, því hann mátti ekki vera að skrifa þjer því hann var að fara, það var annars gott hann fór, því nú þarf fólk ekki að passa hvað opt hann kemur hingað, og svo vona jeg að fólk hætti að huxa að við sjeum trúlofuð, það hefur gengið nokkuð á í sumar, eða síðan hann kom í vor, það var sagt hann kæmi 3 og 4 sinn-um á dag, náttúrulega að finna mig, !!! það er leiðinlegt bölfað slúður þegar allt er lygi, hann hálfkveið fyrir að fara greið það er víst komið nóg um þetta, þú heldur það geti sked þú komir upp að sumri, ó guð hjálpi mjer jeg má ekki hlakka til, því ef jeg hlakka þá bregst allt, þettað var Helgi að sega mjer um dagin en jeg sagði hann væri að skrökva því, þjer hefði víst ekki dottið það í hug, en hann sagði jeg skildi vita hvert hann gæti ekki sagt satt einu sinni.

Heirðu heldur þú að það geti sked að Guðlaugur ætli að svíkja Siggju mjer hef-ur verið sagt það, ó hvað jeg er ólukkuleg yfir því, því jeg tæki það eins nærri mjer eins og, það væri systir mín, en jeg vona hann sje betri en svo, að hann drýgi þann ósóma, heilsaðu Bertel frá mjer kærlega, þó hann biðji ekki að heilsa okkur, líka Páli kærlega frá mjer, Elín systir hans kom hjer einusinni inn í sumar og sagðist hafa til mín kveðju en hún væri nú nokkuð gömul, Páll hefði beðið sig að skila til mín kveðju ef hún sæi mig einhverntíma, láttu hann vita að jeg sje búin að fá hana, jeg segi nú eins og, þú um Siggju Jóns, að jeg hefði stóra lyst að skrifast á við hann. Siggja Jónsdóttir biður kærlega að heilsa þjer, hún kemur heim í vor.

Blessaður konuð brjefinu sem er innaní til skila, það er frá Valgerði á Hól hún bað mig fyrir það, fardu með það sjálfur, hún hefur svo góða trú á þjer, og taktu brjef til hennar aptur, ef hún vill, Valgerður á gott skilið af mjer, þú kemur til frú Ásgeirssen, á hún ekki eina dóttur en ótrúlofaða? reindu nú að vera kavaler, nú man jeg ekki meir í þettað sinn, elskaði góði Finnur minn forláttu þettað allt, og jeg vona þú látir eingan sjá, vertu nú blessaður og sæll, og guð haldi sinni vernd-arhendi yfir þjer hjartkæri bróðir það er hjartans ósk þinnar heittelskandi systur.

Guðrún Jónsdóttir.

Það er Magga það er Magga lalala það veit jeg nú.

Reykjavík 10 Oktbr. 1879

Elskulegi góði bróðir

Hjartanlega þakka jeg þjer fyrir þitt góða brjef, og útrjettíngarnar sem voru ágætlega af hendi leistar, eins og þjer var líkt og svo bið jeg þig að kaupa nokkuð fyrir mig, á hverju á jeg að birja, af frjettum það er þá fyrst, að nú er Ólöf Hallgrímsdóttir trúlofuð, Stefáni faktor, á Saudarkrók, syni síra Jóns Hallssonar, hann er ríkur en ekki vel látin, hún segir hann sje reglumaður, og faðir sinn hafi endilega viljað það, hún segjist vona eptir mjer norður þegar hún sje gipt, og þú getur nærri að það ætla jeg að gjöra.

Jeg er strax farin að hlakka til, að ferðast í norðurland, bara það farist ekki fyrir því allt sem maður helst óskar og vill það verður, ekki, svo er fyrir mjer. líka segjist hún, hún hafa gjört það af þægð að trúlofast honum, það er hart að gjöra því lígt stig af þægð, jeg íminda mjer að, ef vel á að fara þurfi hjartað að tala, hún segist finna að hún gjöri hann lukkulegan, og það er nú mikill munur, en þó ekki nóg einkanlega fyrir úngt hjarta sem er svo meðtækilegt fyrir heita ást, þú segir að jeg eigi að fara að huxa, eða rjettara sagt spirð mig að því, jeg get sagt bæði nei og já en það er ekki til neins, því bæði er að stúlkur meiga aldrei láta sjer detta neitt í hug fyrir en einhver kemur, og annað hitt að ef uppkemst þá er hún hverki húshæf eða kirkjugræf. og þó mjer hafi kanske litist betur á einn en annan þá er það allt búið, það var einusinni að jeg huxaði en það má nú segja um það, að það var barnaskapur, en það er ekki víst að jeg huxi um það í bráð því það sem jeg ætla að hugsa er jeg búin að, mjer var ljed skynsemi og við þettað tækifæri brúkaði jeg hana, guð gefi að þú aldrei elskir til ónytis, því þó fólk geti borid það, þá, gjörir það mikið íllt.

Ó jeg vildi þú fengir þessa Maríu ef þjer líst vel á hana, hún er af góðu fólki og íslensk, elskan mín segðu mjer hvað gengur, hún má þakka fyrir að fá þig hún fær varla betra, bágt á Gestur að vera svikin, það er að segja ef hann finnur til þess, nú er Margrjet Olsen hjer í vetur hjá bróður sínum bara að það gáangi saman með Ásgeiri og henni, það er ílla gjört af honum að svíka svo inndæla stúlku, og hún er víst mikið ólukkuleg yfir því, hjer eru eingar nýar trúlofaðar, nú er búið að skíra dreingin hans Óla Krans, hann heitir Jón eptir gamla manningnum, nú fjekk pabbi magasinofn og á að fara að setja hann upp og hlakka jeg til að fá hann upp og losast við gamla skjóðin.

Nú birjar kvabbið. jeg ávísaði 23. kr. og 90 aur. og þar af á Páll Breim 5 kr. og svo erum við kvitt fyrir vaðmálið, og fyrir 8 kr. og 90 aura bið jeg þig að kaupa giltan ektavír, og í öllum bænum hafðu hann fínan þar á ríður, og svo fyrir 4 kr. regnhlíf handa sjálfri mjer, svo góða sem þú getur, og aðra fyrir þrjár kr. en ef þú færð hana ekki fyrir það þá bættu við einni þú skalt fá hana næst, jeg ætlaði að kaupa þær hjá Löve en þá voru þær búnar, og svo eru 3 eptir og fyrir þær bið jeg þig um mindir eptir þeirri sem jeg sendi en bið þig að hafa þær dekkri og ef hægt er að laga munnin en þú mátt ekki stela neinni þeirra því hún kinni þá að halda að þú hefðir orðið skotin, það eru 6 mindir fyrir 3 kr. elsku besti reiðstu mjer ekki fyrir þettað allt saman, og sendu mjer það óborgað, blessaður borgaðu þú ekki undir það. ó að jeg

gæti gjört eitthvað fyrir þig, Guðný biður kærlega að heilsa þjer, og vertu svo blessaður og sæll elskaði besti bróðir, þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 29. Nóvember 1879

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt ágæta brjef, já og fyrir allar útrjettjngarnar, sem voru pryðilega af hendi leistar, eins og allt sem þú gjörir, (æ hvað þettað verður línuskakt) regnhlffin er góð, blessaður huxa þú ekki um aðra betri, þú biður mig að svara öllum þínum spurníngum en jeg veit varla á hverju jeg á að birja, það er þá fyrst, jeg ætla að svara með Bertel, og Helgu, jeg veit ekki hverju jeg á að trúá, jeg hef hennar sögusögn en þú hefir hans og jeg verð að játa að þær eru ólíkar jeg er hrædd um að það hafi verið hárukt á báðar síður, og beggja, góður og náðugur vilji, og líka veit jeg að hún gleimir honum aldrei, nú og þá er Sigga Guðmundsdóttir, jú það er hennar mind, hún er svona lagleg eða rjettara sagt falleg, því það er hún vissulega, þú spir hvert það sje ekki sú hláturmilda, það er hún en það sem Jóhannes hefur frætt þig um hef jeg aldrei heirt fyrr, en hvert það er, veit jeg ekki, nema það er einhver, jeg er altaf að sagla við hana um hver það sje en fæ það ekki, hún kemur suður í vor og þá skal hún út með það, það getur vel skeð að það sjert þú, hún hefur opt nemt þig við mig, en aldrei neitt svoleiðis.

þú spirr hvert jeg haldi að Ásgeir hafi svikið Margrjeti, já það held jeg reindar, hún var ekki hótí betri þegar hann bað hennar en þegar hann sagði henni upp, svo það er regluleg sköm að honum, nú er Bogi Pjetursson trúlofaður Kristínu frá Móeiðarhvoli mikið efnileg stúlka, hann var heppin, en eingar aðrar trúlofaðar sem jeg man eptir, ekki gat Þórdýs sjeð mindirnar því hún dó þann 9. svo nú höfðum við Sigþrúður mindirnar, og gáfum þær eptir geðþóttá, mjer þókti hálfleiðinlegt að hún skildi deia en sárt þókti mjer að Sæunn skildi deia, mjer þókti vænt um hana, hún var svo inndæl, mamma hefur sagt þjer hvernig það gekk til, Hólmfríður gaf mjer úrið sitt það er rjett nýtt það er inndælt, það gengur á 8 steinum, ó bara jeg gæti ljett undir með Hólmfríði aumíngjanum, jeg er viss um að það er sárt að missa ástkært barn, en jeg vona að guð huggi hana. ljótur þykir mjer Sigurður Sigurðsson, jeg þekti hann varla, en hann sagðist hafa þekt mig strax, og var hissa hvað jeg væri orðin stór, jeg sendi þjer tvo hvíta klúta svo þú, hafir almennilegan klút á jólnunum, jeg má ekki vera að, að þvo þá en þú mátt ekki brúka þá óþvegna, því það er svo dónalegt, jeg vona þú verðir boðin eitthvað á jólnunum, en helst vildi jeg þú værir komin heim.

Já gaman verður að sjá þig í vor og það er jeg viss um að einhverjar verða rasaðar og „biðja guð almáttugan á hverri stundu að gefa sjer þig,“ eins og Tobba Svenssen sagði í fyrra einu sinni við ógipta stúlku, að hún bæði á hverri stundu guð gefa sjer mann, Sigríður Guðm. biður þig um 8. mindir eptir þeirri sem jeg sendi, það er móðursystir hennar.

Hvernig gengur það með Maríu? spirr jeg en, jeg vona þú svarir hreint og beint næst eins og Gísli, (nl. það gengur helvíti vel.) þá væri jeg ánægð því það kalla jeg

skýlaust svar, illa talar þú um Stephan, en ekki ert þú sá eini er talar svo, það gjörir mjer íllt ef hann er ótukt, því Ólöf er væn, heilsaðu Páli kærlega frá mjer og segðu mig lángi eptir mind, ekki er jeg hætt við hann en jeg vil fá mind af honum, heirðu heldur þú að Guðlaugur komi í vor, látu mig vita hvenær hann kemur, Sigga biður innilega að heilsa þjer hún kemur heim í vor, jeg hlakka til að sjá hana því hún er sönn vinstúlka mín, líka bið jeg að heilsa Bertel, ekki lætur hann svo lítið að biðja að heilsa okkur aukinheldur að hann skrifi, greið við erum, víst lítilfjörleg í hans augum, en segðu honum samt að ef hann vantar eitthvað sem, jeg get hjálpað honum skal hann láta mig vita, (mjer þókti vænt um móður hans,) jeg vona þú munir að jeg vil af öllum mætti reina, ef þú hjeldir jeg gæti eitthvað sem þig vantar, þú biður mig aldrei neins, áttu rúmföt yfir rúmið þitt? á jeg ekki að senda þjer það?

Jeg sendi þjer 21. kr. og 80 aur. þar af átt þú 10. sem síra Mattías sendir þjer en fyrir kr 2 bið jeg þig um mindir eptir þeirri sem jeg merki, en 8 af hinni þú færð borgun fyrir þær með fyrstu ferð. þá eru eptir 9. kr. og 80 og fyrir það bið jeg þig að kaupa 16 al. af hvítum breiðum atlasilkis böndum jeg sendi þjer mál. og 12 af mjóum atlasilkis böndum líka hvítum, og 3. al af hvítu silkitjulli í brúðarslör það á að vera tvíbreitt. ef peningar vera eptir þá geimdu þá en ef ekki verður nóg þá segðu til, góði besti vertu ekki vondur við mig fyrir þettað, það liggur ekki á þessu með janúar ferðinni, guð gefi að miði þessi hittu þig glaðan og frískan, og þú hafir góð og gleðileg jól elskulegi bróðir, og allt snúist þjer til blessunar, vertu nú blessaður, og margkistur af þinni elskandi systir Guðrúnu Jónsdóttir.

Þettað er hið síðasta brjef sem þú færð frá mjer á þessu ári, guð gefi að skip komi í janúar með góðar frjettir af þjer.

III. Vinátta og vonir sem bregðast

Guðrún var að mörgu leyti opinská um tilfinningamál í bréfum sínum til Finns. Þó var hann ekki helsti trúnaðarvinur hennar. Sigríður Jónsdóttir var besta vinkona Guðrúnar á þessum árum og sá einstaklingur sem hún gat helst opnað hjarta sitt fyrir. Guðrún trúði Sigríði fyrir hugmyndum sínum um ástina og því hugarangri sem henni fylgdi. Samband þeirra vinkvenna byggðist á umræðu um framtíðarmöguleika þeirra á sviði ástarinnar – sem hvorki systkini Guðrúnar né foreldrar höfðu forsendur til að skilja.

Sigríður var trúlofuð Guðlaugi Guðmundssyni sem var ágætur kunningi Finns og nam lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Árið 1880 komu upp erfiðleikar í sambandi þeirra Sigríðar og Guðlaugs og fyrir hvatningu Guðrúnar hélt Sigríður til Kaupmannahafnar til að „vita hvert ekki getur alt lagast aptur.“ Svo að ferð Sigríðar yrði möguleg ákvað Guðrún að fá Finn í lið með þeim stallsysturum. Hún lofaði Sigríði að Finni forspurðum

að hann myndi reynast henni vel. Guðrún var tilbúin til að gera næstum hvað sem var fyrir vinkonu sína, jafnvel þótt það bryti í bága við hefðbundnar hegðunarreglur og stangaðist á við hagsmuni fjölskyldunnar.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1880¹

Reykjavík 10. febrúar 1880

Elskulegi góði bróðir, gott og gleðilegt nýár.

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt ágæta brjef, guði sje lof og þökk, fyrir að þjer líður vel. Jeg ætla ekki að sega þjer hvað vænt mjer þókti um skipið, því jeg get ekki frá því sagt. Þettað brjef verður leiðinlegt, það finn jeg á mjer, kærar þakkir fyrir mindirnar, en ekki get jeg sent þjer núna 4 kr. af því jeg bjóst ekki við þeim núna, en þú skalt fá það samt og svo er nú hitt, mjóu böndin eru ágæt. en þaug breiðu get jeg ekki brúkað, það áttu að vera atlasilkisbönd líka nema helmíngi mjórri en þessi breiðu, svo jeg neiðist til að senda þjer þaug aptur, og biðja þig að skipta þeim fyrir atlasilkisbönd helmíngi mjórri og svo er tjullið, það sendi jeg ekki aptur, en bið þig að kaupa annað, því þettað er of mjótt, jeg sendi þjer rúmteppi og bið þig forlata það, það er ekki eins fallegt og jeg vildi, í það sauma jeg í einum 1 kr. sem á að vera upp í tjullið, og fíngravetlíngana á mad. Buchard frá Valgerði á Hól, á meðan jeg man, Setselja í Studlakoti biður að heilsa þjer og biður þig að bera mad. Buchardh kveðju sína, og það með að hún biðji hana að skrifa sjer með næstu ferð, og sega sjer hvernig henni líður og eins hvernig Sólrúnu líði hana lángrar að fá að vita það.

Líka er eitt, er Guðni Guðms. óreglumaður? eða því er hann svona leingi í höfn? eða les hann ekki? hvenær er hann búin? er það satt að Guðlaugur, sje sá ógnar drabbari? kemur hann að sumri? já nú kem jeg til þín en hvaða gagn er í því bara á pappír, innðælt var að heira að þú hafðir skemtun, um jólin því leiðinlegt er að hafa, dauf jól, þegar allir eiga að vera glaðir, mjer dettur í hug það sem Helgasen sagði eina jólanótt, hann stje í stólin „Nú er glatt á hjalla í öllum heimi, og kveikt ljós og bakaðar lummur í hverju koti“.

Meiningin var góð ef hann hefði komist vel að orði.

Við höfðum góð og gleðileg jól, en hálfdaufur er veturin hjá okkur, það eru ein- gin samtök í neinum hjer, og því er allt á rassinum, því einn reisir og hinn treður niður, því fer sem fer. þeir vildu ekki leika, af því Krs. Þórgímsson vildi vera með, og því fengum við ekki þá skemtun, en mjer fanst þeir ega að hafa Kr. með, því jeg er viss um að þeir hefðu ekki tapað þaug kveldin sem fólk hefði vitað um hann á senunni, jeg hef líka heirt kunnugan mann sega að hann væri upplagður skuespill- er, og hann meira að sega þyrfti ekki nema að sjá stikkið, svo kunni hann það og gæti leikið þegar heim kæmi.

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

Greið Kris. hann var skotin í Helgu en hún vildi ekki sjá hann. nú er Kristjana Zoëga farin, og í hann Emíl roluna þá. svei svei. það eru allir hissa, það var naumast að fylliríð á skólaballinu í fyrra, kæmi til góðs, Þorgrímur og Lárus sátu eptir með sárt ennið fyrir utan alla aðra, svona gengur það í heiminum, hjer er annars lítið um þessháttar í vetur, ætli Geir hafi ekki ætlað sjer Sjönu það fanst mjer eiga við, nú þessi Anna, æ ekki er jeg með því!

Magga verður best af þeim öllum jeg vil nú ráðlegga þjer að skrifa henni, það er svosem velkomið að jeg komi því! það er annað hvort. heilsaðu Bertel kærlega frá mjer, og segðu honum frá mjer að náúngin sje að hjálpa honum um stúlku núna, nl. Lilju dóttir Ólafs í hafnarfyrið, hann segir mjer uppá gamlan kunningskap hvert það er satt. líka bið jeg kærlega að heilsa Páli og bið hann að rækta skegg sitt vel svo jeg njóti af og fái mind, kemur Thomsen upp í sumar með konu og börn?

Ef Sigríður Sivertsen kemur með þeim þá birtir í Reykjavík ef hún er eins falleg og hún er sögð, hvernig líst þjer á Laufey, er hún falleg? já þá er Sigga á jeg að fara að sega þjer frá henni. hún er lagleg, allvel gáfuð kát og skemtileg, og einkar trigg, en hálfgerð skvetta var hún en hún var líka barn, hún segist vera orðin stilt núna, ef jeg sje þig lifandi þá skal jeg sína þjer brjef frá henni og vita hvert þú brosir ekki. nú hætti jeg og bið þig forlata, vertu svo blessaður og sæll og best kistur af þinni elskandi systir, Guðrúnu Jónsdóttur.

Reykjavík 21 Mars. 1880.

Elskaði góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef og útrjettíngarnar, þær fóru ágætlega, þú áttir ekki að taka það svo að þú ættir að borga teppið, nei. víst ekki, en jeg saumaði krónu í það og hún átti að vera uppí slörið en ekki teppið, jeg skal senda þjer skilvíslega það sem þú átt hjá mjer bæði fyrir mindirnar og fyrir slörið.

Nú koma frjettirnar, Indriði og Marta trúlofuð. Þaug er ógn jöfn að öllu finst mjer, nema hún er ekki eins vitlaus og hann, að sjá, heldur þú ekki að Geir sjái eptir Sjönu? á ekki Símon Jhonsen bággt að missa sitt eina barn, ó hvað það var leiðinlegt og sorglegt hún var svo ógn efnileg og falleg. Þaug bera sig ógn illa, sem von er, það er líka það sár sem seint grær. þú heldur að eingin geti forlíbað sig í þjer, heldur þú að nokkur stúlka geti orðið skotin í Sigurði kennara? á jeg að sega þjer sögu, í fyrradag var fæðingardagur stúlku sem er hjá Hólmsfríði Björnsdóttir, jeg var boðin þangað og fleiri og þar á meðal Jórunn dóttir Jóns prentara, manst þú ekki eptir henni?

Hún er ógn heimsk og ófríð svo vorum við búin að drekka kaffi og sjókólaði þá kemur Sigurður (hann kemur þar því hann er forn kunnugur) svo er honum boðið kaffi og hann þiggur það, svo er hann nú að tala um hitt og þettað þú veist hann er ræðin, jeg sá svo strax að hún var heilt inntekin í honum, en eingin tók eptir því nema jeg, en þegar hann er komin út þá stendur hún upp og segir við Hólmsfríði, „meiri ánægu en þettað gátuð þjer ekki veitt mjer“ svo þakkaði hún henni fyrir

kaffið og í öðru lagi fyrir sjókoladið og þriðja lagi fyrir Sigurð, ó hún sagði hann væri svo skemtilegur, en jeg var svo dónaleg að þegar hún fór að hæla honum þá rak jeg upp skellihlátur, en hún var svo hrifin að hún tók ekki eptir því, góði þú mátt eingan láta heira þettað, þvaður því það er eins og annað kjaptæði, og varla til að asnast í, það gaman fyrir þig að hafa fundið systurnar.

Prúður, skrifaði mjer núna og hælir þjer mikið, allir elska þig sem þekka þig, ó hvað það er mikil ánæga að vera svona vel látin, af öllum eða finst þjer ekki það? Guðrúnu, hjákonu E sál. Jafets er að dínsla við danskan skreðara, og hefur legið í bælinu vitlaus út af honum, en hann segist, eingan frið hafa fyrir henni, nú siglir Ingibjörg Norðfjörð með skipinu, það er land og bæarhreinsun að slíkt kvendi fer, hún gjörir öllu kvennfólki sköm, þú segir að jeg geti sent brjef S. til þín og þú svo til baka, já að vísu viljin segir já en samviskan nei, það eru svik við hana, því hún er einlæg við mig, og trúir mjer og þú mistir gott álit á systur þinni ef hún gjörði eða rjettara sýndi slíkan ódrengskap, annað mál er að lofa að sjá brjef heima hjá sjer, jeg fjekk brjef frá henni núna gott og skemtilegt eins og vant er, hún segist vita að þú sjert forlfbtur í einhverri stúlku það segist hún hafa grafið upp, en í hverri það segist hún ekki vita, og segist efast um að jeg viti það heldur því þú sjert svo dulur, hún hefur nasasjón af svo mörgu stelpan, líka er hjer ein ný trúlofun en ekki opinberlega nl. Einar Vigfússon og Björg systir Jóns Jónssonar, hann hefur verið hjer að slarka í allan vetur.

Ekki hef jeg fengið brjef frá Siggu Jónsdóttur síðan með seinustu ferð í haust og er mjer farið að leiðast, hún kemur heim í vor held jeg. bara að Guðlaugur gleimi henni ekki, hún er of saklaus til að draga hann á talar, hann ætti að reina að klára sig svo hann fengi síslu, svo það yrðu ekki tómir danskir dónar sem fengu þær jafnótt og þær losna en svo sitja íslenskir kandídatar og fá ekki neitt að gjöra, jeg fjekk brjef frá Ólöfu hún giptir sig seinast í Apríl eða fyrst í maí, enga atvinnu hefur Kristján, en fengið, jeg bið kærlega að heilsa Páli því jeg vona að guð gefi honum hafi batnað, segðu honum að hann skuli ekkert hugsa um skeggið fyrir en honum sje vel batnað, líka bið jeg að heilsa Bertel, líður honum ekki vel?

Valgerður á Hól biður þig að bera mad. Buchard kæra kveðju sína, henni líður vel nú er komin 23. og skipið fer í dag, svo jeg verð að fara að loka, jeg sendi þjer peninga með næstu ferð, það skal ekki bregðast, nú sendi mamma þjer 2 skirtur og tvennar nærbuxur, og jeg sendi þjer 2 kraga, jeg held þú getir brúkað þá, jeg þvoði þá ekki, af því þeir hefðu böglast stífaðir þú lætur þvo þá áður en þú brúkar þá, ef þjer líka þeir, og getur brúkað þá, þá getur þú fengið fleiri, þú lætur mig vita hvert þú villt það, hefur þú nóga klúta og handklæði? eða vantar þig ekkert svoleiðis, blessaður láttu mig vita það.

Það er sagt að Jón Pálsson eigi barn í vonum, hjá stúlku sem er svo ljót, að það hálfá er nóg, hefur þú heirt að Laufey væri trúlofuð? jeg hef heirt það en veit ekki hverjum, ekki batnar Betu Jónsen en, hún er alveg galin, það er sorglegt, jeg fjekk mjer nýtt sjal í gær, falleg á 11 kr. jeg legg innaní brjef til Prúðu, þú ættir að sína henni frakkan, hún segjir þjer hvort það verður gjörður úr honum kjóll, nú fer jeg

að hætta þú mátt eingan láta heira þettað bölvað rugl. jeg bið ástsamlega að heilsa Frú Krabbi vertu svo blessaður og sæll, og guð annist þig og blessi, og gefi þjer góða og gleðilega hátíð, það mælir þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Láttu ekki brjéfin mín flækjast brendu þaug svo engin sjái þaug síst vitleysuna um Sigurð.

Reykjavík, 7. Maí 1880

Elskaði góði bróðir!

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, gott og gleðilegt sumar jeg vona það hafi allt gott þjer að færa, mikið ógn þykir mjer vænt um að þú hefur það sem þú þarft í peníngalegu tiliti, en þú mátt ekki leggja of hart á þig, þú situr víst alt of mikið, elskan mín góð, sparaðu heilsuna, því ef hún fer, er allt farið, það er ekki gaman að vera altaf veikur, eins og jeg er, jeg hef aldrei verið frísk síðan um jól, jeg veit ekki hvað það er jeg vildi jeg væri komin til hafnar eina viku að vita hvert þeir gætu ekki gjört eitthvað við mig því ekki er að leita lækna hjer því þeir gjöra ekki annað en hlæa að manni og svo er apotekið alveg ónýtt, en nóg um þettað, nú koma frjéttirnar!! við fórum á skólaballið, og skemtum okkur vel. þar var dansað og drukkið glatt en ekki samt um of. alt fór vel og nóg forlebeli var þar líka, Sigga í skólanum er rasandi forlfbt í Þorgrími en hann er að hugsa um Gunnu Knus og getur því ekkert átt við hana, heirðu er það satt að Guðl. sje búin að svíkja Sigggu? eða því vilt þú ekkert sega um hann?

Hún hefur ekkert brjef fengið frá honum síðan í haust, og ekkert með síðustu ferð, hún er ógn ólukkuleg yfir því en hún heldur þaug liggi einhverstaðar, hún heldur ekki samt að það sje búíð, en aðrir sega það, og jeg er svo ólukkuleg yfir því, að þú getur ekki trúað því, jeg held ef það er satt að jeg taki mjer það eins nærri, eins og jeg væri það sjálf, slíkt helvítis rót mætti hann vera, henni líður vel að öðru leiti, hún kemur heim í sumar, hún biður kærlega að heilsa þjer, góði besti segðu mjer hvert þettað er satt, jeg er svo óttalega spent, og hrædd. jeg held annars Sigga yrði galin ef hann gjörir þettað, (er Bertel á rassinum með penínga? lifir hann ekki flott? les hann ekki? jeg hef verið beðin um að spjra um þettað allt).

Hjer var ógn um dírðir þegar Jón Sigurðson var jarðaður, það kemur annars alt í blöðunum og því læt jeg hjer staðar nema, Ingibjörg laug því að hún ætti að færa þjer kveðju hún kvaddi eingan heima, gott og gaman er að Þrúður getur keypt sjer væna búshluti, skilaðu kærri kveðju til hennar, og þeirra frá mjer, jeg hlakka til að fá mind af þeim, og jeg tala nú ekki um af þjer, eins og þú ert nú orðin með skósfitt skegg!!! hæhæ.

Jeg vona að Páll svíki mig ekki með mind. ef hann gjörir það skrifa jeg honum skammabrjef! ekki skalt þú láta strax taka eptir minni mind. hver veit nema jeg sendi spánýa útgáfu af mjer! aukna og endurbætta, jeg kvað annars vera að fríkka!! jeg er ekki orðin svo hroðalega ljót núna, en hvað er jeg að þvaðra, þú vilt vita allt

sem Sigga Guðm. segir um þig, þegar þú kemur heim skal jeg lofa þjer að sjá, þú furðar þig á að hún skildi ekki sega það heima, ef hún hefði verið skotin í þjer, jeg get ekki annað en hlegið, kannske hún hafi átt að koma til þín og sega þjer það svona blátt áfram, jeg er skotin í yður, nei það er altof mikið, hvaða heiðvirð stúlka gjörir það, en ef þú hefðir komið til hennar og sagt það við hana, þá gat átt sjer stað að hún hefði stamað því út að sjer væri það ekki á móti, með næstu ferð skalt þú fá betra brjef því jeg sárskamast mín hvað þettað er ómerkilegt, og þú sem ættir frá [mjer] svo gott brjef skilið en jeg er svo fjandalega upplögð og svo birjar bölvað kvabbið.

Sigga segist senda mjer 4 kr. fyrir mindirnar með skipinu, og þá skalt þú strax fá þær, Helga, er ekki komin en, svo þú færð ekki heldur það sem eptir stendur af því dóti, nú sendi jeg þjer 26 kr. og þar af sendir mamma þjer 4 kr. 50 aur. líka sendi jeg þjer hár í karlmanns úrfesti, hún að vera stutt (en ekki að ná upp um háls,) bara í hnapagati og út í vasa þú sagðir að hún hefði kostað 8 kr. og þær 8 kr. átt þú að taka af þessu, góði besti hafðu hana svo vandaða sem þú getur, því mjer er mjög annt um að hún líki, jeg sendi tvennslaks hár það dökka á að brúka en ef hitt stutta, verður notað með, þá væri það gott, ef afgangur verður af hári þá geimdu það en ef vantar þá keyptu það jeg skal borga. ef ekki verður ógn dírt. svo bið jeg að kaupa fyrir 10 kr. silfurgarn eptir blaði sem jeg sendi með.

Prúða ætti annars að hjálpa upp á mig með það því jeg treisti henni betur en þjer, til að fá það rjett, svo bið jeg að kaupa fyrir 2 kr. og 50. aur. hvítar palfettur og dálítið af kantilíum hvítum líka fyrir eins og 50 aura og fyrir 1 kr. giltar palfettur og kantilíur giltar, svo sem fyrir 30 aura kantilíur úr krónunni, góði fyrirgefðu þettað óttalega kvabb og vertu ekki vondur við mig, jeg er skildug að gjöra eitt-hvað fyrir þig í staðin, biddu mig um eitthvað, já gefðu mjer bók sem heitir Lærebog í Kvindelig haandarbeide, hún hvað vera ódyr, en ekki skalt þú hafa mikið fyrir því samt, jeg bið kærlega að heilsa Páli og Bertel. en sjálfan þig kveð jeg og kissi, þín elskandi systir Gunna.

Reykjavík 8 júní 1880

Elskulegi góði bróðir.

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt ágæta brjef og alt er því fylgdi, þú færð nú að frjetta nákvæmlega að heiman því nú kemur gestur það er nl. Sigríður Jónsdóttir, nú kemur hún að hitta sinn unnusta, jeg kalla hann það en, en nú er að birja á sögunni, hún fær brjef með síðastliðinni ferð, og það er skrifað 4. mars og er stýlað á þann hátt að ógæfa hans sje orsök í því að þau geti náð saman í þessu lífi, en er samt svo ólukkulegur og finnst það vera svo gott sem dauðadómur yfir sjer og gæfu sinni. en biður hana þó að gleima sjer.

Þú getur ímindað þjer hvernig henni hefur orðið við að lesa þessar frjettir, hún hefur víst verið á góðum vegi að verða alveg trilt, en svo kemur hún hínagð þann 13. maí. með seglskipi án þess við ættum nokkra von á henni jeg hef aldrei sjeð

annað eins, að hugsa sjer að sjá manneskju yfirkomna af sorg og hugarángri, hún var svo að mjer varð ílt þegar jeg sá hana, guð hjálpi mjer hvað jeg er ólukkuleg yfir þessu, nú ætla hún að koma og vita hvert ekki getur alt lagast aptur, en ef ekki það getur lánast þá hjálpi góður guð ef hann ekki er búin að tapa öllum tilfinningum fyrir henni vona jeg að það lagist, en ef það lagast ekki þá held jeg hún verði galin. en nú kemur til þinna kasta ástkæri bróðir, að reinast henni og mjer vel, hún segjist treista þjer næst guði, jeg vona henni verði það til liðs. jeg sendi þettað brjef yfir Englands svo þú fáir það áður en hún kemur, þú verður að fara um borð og finna hana. Þess biður hún þig um að láta sjer ekki bregðast því hún er svo feimin að fara ein í land, og þú verður að reina að ná í Guðlaug strax svo hún geti talað við kollin á honum, hún ætla ekkert fyrst að láta hann vita að hún hafi fengið þettað brjef, (það er að segja ef þjer sínist) mjer sínist það alveg rjett, jeg læt vera þó hann þurfi að hafa það upp aptur ef alt er búíð, en ef hann verður góður þá gjörir ekkert til með það, því þá er það dálítill hrekkur.

Svo verður þú að reina góði bróðir að laga sem þú getur, jeg veit þú gjörir það þó þjer finnist ef til vill óþægilegt, það er gustuk að reinast þeim sem svona eiga bággt vel. ó jeg hefði mátt fara með henni. jeg hef aldrei fundið fyrir til þess að mig lángaði, hún er svo einmana (þú ert það nú líka en þú ert þó karlmaður) og ólukkuleg. Þú mátt fyrir alla muni ekki láta nokkurn mann vita neitt um að hún komi, því það má Guðlaugur ekki frjetta því þá er hann í standi til að fela sig ef hann er ótukt, hún hefur dálítíð af peningum, en hana vantar stað, gæti ekki mad. Buchard tekið hana? eða Erlendarsystur? jeg ætla að skrifa þeim, og biðja þær að taka henni vel ef þú skildir fara með henni þángað, Guðl. þarf ekki að verða hræddur, þó þið sjeuð saman, því hún áltur þig eins og góðan bróðir, jeg skal sega þjer hvað hún treistir vel, hún skrifaði þjer undireins brjef, en skipið fór fram hjá eyunum svo hún gat ekki komið því, það er hjá mjer, þú skalt fá það seinna, Guðlaugur fjeck 2. ágæt brjef frá henni með þeirri ferð svo ef hann hefur ekki verið eða er samvisku og tilfinningalaus, þá hefur hann mátt finna til.

Jeg er alveg hissa á öllu þessu, hans brjef hafa frá því fyrsta til hins síðasta öll verið jafngóð en svo kemur þettað núna, þettað sem komið er, er Sigga búin að fá að heira en nú kemur nokkuð sem hún aldrei má vita að jeg hafi vitað, nl. að jeg hef heirt að hann Guðl. sje trúlofaður búðarjómfrú !!! hjá hanskamakara ... og að hún sje ljót gömul og fátæk, er það ekki inndæl lísing, svei svei, helvítis óþokkin, nú er jeg, svo reið að jeg vildi að það væri búíð að heinga hann og hana líka, Sigga bað mig um dagin að láta sig ekkert heira þó jeg eitthvað frjetti, og þess vegna læt jeg hana ekki heira þettað og veit þó ekki nema það sje rángt, en þá einu sinni bið jeg þig að láta eingan vita þettað áður hún kemur, og um fram alt að fara um borð, og sækja hana og ef þjer sínist að narra Guðl. líka um borð en það má vera eptir því sem þú vilt, í guðs nafni reinstu henni vel elskulegi góði bróðir þess [biður] þig af hjarta þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 9. júní 1880

Ástkæri bróðir.

Hjartans bestu þakkir fyrir brjefið og allar útrjettíngarnar í einu orði þær voru ágætær, og líka þakka jeg þjer kærlega bókina, jeg hef raunar ekki skoðað hana því það hefur lent í öðru, frjettafátt verður þettað brjef sannarlega ekki, því þú sjerð á hinu brjefinu að jeg muni heldur ílla upplög en hitt. ástkæra hjartans þökk fyrir mindirnar, þær eru ágætær, það er satt sem allir sega mjer að þú sjerst orðin svo fallegur.

Jóh. Arnljóts, sagði að þú værir orðin svo fallegur að hún ekki hefði þekt þig, vertu nú upp með þjer dreingur minn, svona á endanum rífast þær um þig. ekki hefur Þórhalli fríkkað í höfn því hann er helmíngi en ljótari þegar hann fór, er hann ekki reglumaður? nú kem jeg en með kvabb, nl. jeg sendi hár í aðra festi alveg eins og hina, hún líkaði ágætlega og þessi á að vera alveg eins ef afgangur hárinu þá geimdu það, heldur þú að stutta hárið verði brúkað í nokkuð? svo bið jeg þig að kaupa eina svarta skinhanska No 7 og þ og eina hvíta No 6 þ og svarta líka 6 þ. svo er það ekki meir í þettað sinn. Nú er ég mikið betri með heilsuna hvað lengi sem það verður því, jeg er líka so undarlega veik að jeg get ekki líst því. mjer er altaf ílt, en það sjálfsagt batnar með tímanum, svo kom nú þettað alt með Siggú og [jeg] er svo óróleg yfir því öllu að jeg hef ekki ánægu af neinu fyrr en jeg frjetti frá henni, elsku hjartað mitt skrifaðu mjer svo fljótt sem unt er, jeg vona að þú hafir lán til að laga þettað, af því þú ert gæfu maður og af því hún er svo ólukkuleg, annars stæði mjer alveg á sama, blessaður reindu (það er að segja ef alt fer vel) að koma honum og þeim á þá skoðun að drífa sig úr höfn, hvað eiga þau að gjöra þar því hann er slarkari og ef til vill fleira!

Sigga hefur lofað mjer að gjöra sitt til en jeg er hrædd hún lofi honum að ráða, ó hvað þettað er annars leiðinlegt að þurfa að leggja þettað á þig, en þú mátt ekki reiðast við mig fyrir það, mig tekur svo sárt til hennar að mjer finnst jeg geta lagt alt í sölurnar fyrir hana, hún vill endilega láta Guðl. heira brjefið sem jeg skrifaði þjer um þettað. ef hann hvorki vill heira hana nje sjá þá er mjer sönn ánæga að hann lesi það sjálfur. en ef hann gjörir alt gott aptur fyrirbíð jeg það, nú sendi jeg 9. kr. fyrir festina og það sem vantaði á hina til 50 aura. innilega óska jeg þjer lukku á þessu nýbirjaða ári, veru svo blessaður og sæll og líði þjer betur en best fær beðið þín elskandi systir, Guðrún.

4 kr og 50 aur. fyrir hanskana.

Reykjavík 29 júní 1880

Hjartkæri bróðir.

Nú er jeg svo skjálfhent að jeg get varla skrifað þjer fáar línur, jeg hef verið svo veik að jeg hef held jeg aldrei orðið eins veik, jeg lá í viku en hún var bæði laung og straung, það var og er í lungum jeg er að sönnu komin á fætur, en hvað frísk jeg er það veit Guð einn en mennirnir ekki, það er ekki til neins að tala um það því

eingin getur ráðið bót á því, það þvingar mig sem sagt alt. en hvað er jeg að þvaðra við þig gjöra þig órólegan minna vegna, en það þarft þú ekki að vera, það er suma daga sem mjer finst alt vera til ama og óánægu, en aptur hinn sprettin finnst mjer ljetta til og ekki vera eins dimt og þúngt. fyrirgefðu nú annars þettað alt þegar jeg birjaði þá ætlaði jeg ekki að birja svona.

Nú er Þórður Thomsen og Anna Guðjóns opinberlega trúlofuð, hún var víst heppin að fá einn, en synd er að segja hún hafi ekki borið sig eptir björginni! sagt er að samdráttur sje í M. Olsen og P. Makk en þögn, Helgi á Siglufirði kom með Phönix, en ekki hef jeg sjeð hann eða talað við hann. hann hefur samt komið hingað. hann er trúi jeg með rautt skegg og ansi feitur, Valgerður ætlar með honum norður, aumíngja kerlíngin, hún kom hjer áðan og ætlaði endilega að drífa mig líka norður (ekki á Siglufjörð)! heldur á Saudárkrók, en jeg er víst ekki á því, og þó jeg hefði nú verið frísk þá hefði jeg ekki farið bara vegna þess að Helgi fer líka.

Valgerður segist ekki hafa hálfá ánægu af ferðinni af því jeg ekki komi. en það fær að hafa það, hver hefur sinn dj..... að draga, alt kjapta jeg við þig, þú þegir, ó nú þessa dagana eruð þið að skrifa heim, Guð hjálpi mjer hvað skildi það vera, sorg eða gleði, mjer leiðist svo sárt eptir því að frjetta af öllu þessu, jeg skrifa ekki Siggju því jeg er svo hrædd að ef alt hefur farið ílla að hún annað hvort liggi eða sje dauð. en mína hjartans kveðju áttu að færa henni frá mjer, það er ekki af órækt að jeg ekki skrifa henni.

Nú segja allir að unnusta! (eða hver djöfulin sem hún er í hans augum) Guðlaugs sje svensk og það er haft eptir Þórhöllu, jeg er alveg hissa ef hann er opinberlega trúlofaður að þú skulir ekki vita neitt um það, eða jeg íminda mjer að þú hefðir sagt mjer það ef þú hefðir vitað það, þegar jeg spurði þig um það, já það fer alt sem auðið er jeg vona þú reinist henni eins vel og þú getur, jeg vona eptir brjefi frá ykkur öðru hverju með Stimensskipinu sem kemur þann 12. júlí hingað, góði besti bróðir skrifaðu mjer alt eins nákvæmlega og þú getur, jeg bið þig bera kæra kveðju til Frú Krabbi og Erlendarsystra og Páls Breims, og jafnvel til Bertels, ætli hann hafi ekki spilt Guðl. við Siggju? nú fer jeg að hætta þessu óttalega þvaðri og bið jeg þig fyrirgefa vertu svo blessaður og sæll elsku besti bróðir, Guð annist þig alla daga, þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Reykjavík 29. júlí 1880

Elskaði ástkæri bróðir!

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt ágæta brjef. en ekki fjekk jeg það með Stimons það hafa verið einhverjar misfellur með það, eins og með mitt brjef til þín, ílla fírst Guðlaugi við Siggju, svo ílla að þeim versta skurk ekki hefði verið ætlað verra, er það ekki óforskammað, svínabest hann er. En sá hræsnari. þykist vera ólukkulegur og helst vilja deya, í þessu síðasta brjefi til hennar og öll þessi inn-dælu brjef sem hún á frá honum og sem jeg vona að hún geimi honum til kvalar. og altaf að vera að biðja hana að koma til sín, en svo þegar hún er búin að brjótast

í að fá peninga, og leifi til að fara á móti ráðum flestra þeirra sem þókti vænt um hana, þá er hann sú helvítis ótukt að segja henni alla ómögulegleika og það með að hann sje trúlofaður annari¹ og hann elski hana og hún muni ganga út og drepa sig ef hann svíki hana en þettað alt segir hann henni í trúnaði !! en sú huggun fyrir hana, jeg hata einga manneskju nema hann. en hann hata [jeg], og jeg frjetti aldrei svo ílt um hagi hans að það ekki gleðji mig, jeg vona að honum gáangi aldrei vel, um það skal jeg biðja.

Heirðu góði besti náðu mindinni minni hjá honum. segðu honum að jeg vilji fá hana, jeg gaf hana að jeg huxaði ærlegum og dreinglunduðum manni, en nú vil jeg ekki eiga hana hjá svikulu fyllisvíni, skammast má hann sín ef hann hefði vit á, við þig var önnur eins ótukt, hann er bleiða líka, eins og annað gott að þora ekki að tala við þig. hann hefur náttúrlega altaf verið henni ótrúur, með orðum get jeg ekki þakkað þjer fyrir Siggu, því þau yrðu dauð og köld hjá því sem hjarta mitt finnur til, hvað vel þú hefur gjört þjer launast það vona jeg, þegar þjer liggur mest á. það er ágæt hugmind sem Sigga hefur fengið að koma til Íslands aptur og það er líka þjer að þakka.

Það var ekki til að nefna það við hana þegar hún fór að koma aptur, hún sagðist aldrei koma aptur, mamma hennar sendir henni eitthvað af peningum, en karlfjandin er hinn versti og segjist ekki láta einn eiri frammar til hennar, hann hafi hjálpað henni í þeirri von að hann sæi hana aldrei meir. (en þettað mátt þú ekki láta hana vita) er það tilfinningar fyrir barni sínu, guð hjálpi Siggu að koma heim til hans, hún á bágt með að öllu móti, hún er líka þvinguð í Vestmanneyjum, en þángað ætti hún að fara, að mjer finst því óbærilegt að vera heima vegna skammanna í karlinum, jeg er viss um að hann ber hana eins og fisk þegar hún kemur, nei jeg skal passa hana sem jeg get, hann er hræddur við mig og þorir ekki að berja hana þegar jeg sje. jeg hef aldrei hitt hann en síðan brjefin komu, en jeg skal svei mjer lesa við hann þegar jeg get, hann er svo vondur við hana út af því að hún kemur, að það er eingin húsfríður.

Látt þú ekki Siggu vita eitt orð af öllu þessu, og eingan. heldur þú að þú ekki getir hjálpað, henni og fengið til láns það sem vantar, það er óhætt, þú færð það aptur því það í Vestmanneyjum hjálpar henni víst þegar það veit það og svo á Bensi í sparísjóð 38. kr. en getur ekki tekið þær fyrr en í haust svo karlin ekki viti.

Bensi á að sigla í haust á verslunarskóla, Ficher kostar hann og þá gæti hann komið með peningana til þín bara hún komist heim, hana lángrar svo ógn mikið til þess. ógn verður þettað leiðinlegt brjef eingar frjettir, jeg er ílla upplögð, af tannpínu og höfuðverk, það er aumi kvillin þessi tannpína jeg er búin að reina alt, en ekkert dugar, nú kemur Davíð Scevíng til ykkar núna, greið hann skilur nokkuð eptir, því sagt er að hann eigi barn í vonum hjá Sigríði sem var vinnukona hjá frú Benidiktssen en góði minn láttu eingan vita, kanske alt sje lygi, kærar þakkir fyrir það sem þú keyptir, það var ágætt. ef jeg hefði getað komið að sjá þig, það hefði

1 Í maí árið 1882 kvæntist Guðlaugur Guðmundsson sænskri konu, Olivu Mariu Svenson.

verið notandi, jeg bið átsamlega að heilsa Frú Krabbe, Páli og Bertel, ef hjer verður innaní brjef til hans þá skaltu fara til hans svo engin sjái, það ríður á því, vertu svo blessaður og sæll minn ástkæri besti bróðir og líði þjer eins vel og best fær beðið þín elskandi systir Guðrún.

Eitt verð jeg að biðja þig eins og vant er, það er um eina úrkeðju úr hári alveg eins og hinar, hár og penínga sendi jeg, en fyrir afgangin af peníngunum bið jeg þig að kaupa, maskínunálar allar grófar af sömu sort og þá er jeg sendi, nema hún er altof fín, nálarnar allar grófar og keðjan alveg eins og hinar.

Reykjavík 29. ágúst 1880

Elskaði besti bróðir.

Hjartans bestu þakkir fyrir brjefið þitt með Siggju, nú held jeg að hún sje komin í sjóin, því hún fór á lítilli skútu og 4 mönnum þann 24. og svo hefur altaf síðan verið ófært veður og allir halda að skútan sje farin, þá væri þá Guðl. búin að vinna um hádegisbil æfinnar, að koma henni í sjóin, og kalldjöfulin, hann faðir hennar verri maður skrífur ekki á guðsgrænni jörð, henni var ekki vært nema að fara, jeg sagði honum nú sitt af hverju á miðvikudags kveldið og það með að ef Sigga væri komin í sjóin þá væri það hans og Guðl. skuld.

Hann heldur mikið upp á Guðl. því honum finst það held jeg eitthvað svo líkt sjer, ekki segjist hann hjálpa henni um einn eiri, en þú skalt ekki vera hræddur þú færð alla þína penínga, mamma hennar gjörir alt sem hún getur hún er hreint galin út af því að geta ekki sent þjer það alt, hún sendir þjer tíu kr. og biður þig að fyrirgefa sjer að hún getur ekki meir núna, hún fær penínga að austan þegar ferð fellur frá manni sem hefur lofað henni því og hún er búin að skrifa honum, hann er Jón í Austraðsholti, hún er ólukkuleg yfir að þú skulir líða fyrir peníngana og jeg sagði henni það og guð hjálpi mjer hvað það gjörir mjer íllt að þig vantar þá svona mikið en jeg vona að drottin leggi þjer eitthvað til á meðan en jeg má ekki til þess huxa, það þvíngar mig svo, en það eru 11. kr. sem jeg ávísaði til þín jeg ætlaði að biðja þig að kaupa fyrir mig hvítar paléttur fyrir krónuna, svo sendi pabbi þjer 20. kr. í seðlum þar af sendir Páll þjer 12. og jeg 4. fyrir mindirnar, líka þakka jeg þjer kært fyrir kaupin.

Sigga bað mig flytja þjer sína hjartans innilegustu kveðju og bað þig að fyrirgefa sjer að hún ekki skrifaði þjer, hún birjaði það en gat ekki einhverra hluta vegna, hún sagðist ætla að gjöra það þegar hún væri orðin róleg á Vestmanneyjum, aldrei segist hún geta þakkað þjer eins og þú eigir skilið hvernig þú hafir verið við sig, ó hvað hún er ólukkuleg. ekki segir hún að Guðl. hafi fallið hjá sjer eina vitund, hún segjist elska hann, eins heitt eptir sem áður, svo ílla sem honum hefur þó farist við hana, jeg vildi hún hataði hann eins og jeg, en helst vildi jeg hún væri lifandi því mjer finst jeg ekki mundi gleima því strax ef svo væri. en það er ekki meir en annað. líka bað hún að heilsa systrunum kærlega og það gjöri jeg líka, hún sagði mjer alt sem Guðl. sagði við hana, ó hvílfkur maður, er hann ekki. heldur þú að hann eigi þessa gæs? hann víst á hana ekki.

Jón Finsen hafði sagt hjá prestunum að það hefði heldur komið flatt upp á G að sjá Sigggu og hún þessi gæs væri víst við fleiri en hann. Mamma liggur og alt er eins, jeg er ógn hrædd við það, heilsaðu frú Krabbi innilega frá mjer. Jónasens fólkið biður kærlega að heilsa þjer, og jeg bið líka að heilsa Páli og Bertel, taktu eptir hvort þú heirir ekki talað um stúlku sem heitir Jósifína dóttur Jóns prentara hún kemur með skipi sem Thomsen á, hún er ógnar flenna, Langi þekkir hana að sögn, hún hefur verið vinnukona hjá H.[ólfríði] Rósinkrans og sjálf þekki hana, nú hætti jeg og bið þig forlata, vertu svo blessaður og sæll góður guð annist þig og stiðji það mælir þín elskandi systir Guðrún.

Mamma biður að heilsa þjer hún er ekki verri, Villi er komin, Jeg vona að þjer leggist eitthvað til með penínga, guð gefi það, og jeg er svo hrædd um mömmu.

IV. Kvalir innanbrjósts

Sumarið 1880 var Guðrúnu að mörgu leyti erfitt. Ástarsorg Sigríðar og fjárhagsvandráði Finns, sem hún átti nokkra sök á, ollu henni miklum áhyggjum. Guðrún hafði sjálf kynnst ástarsorg og virðast þeir atburðir sem áttu sér stað um sumarið hafa ýtt enn undir óhamingju hennar. Sú lífsgleði sem áður einkenndi bréf Guðrúnar var með öllu horfin. Samband hennar við Sigríði varð sífellt minna og í bréfi frá því í nóvember 1881 segist Guðrún aðeins eiga eina kunningjastúlku, Sigríði Guðmundsdóttur. „Hún segir mjer alt sem hún frjettir, því jeg hef verið út úr heiminum í haust“, skrifaði Guðrún í bréfi til Finns.

Anna Guðrún, móðir Guðrúnar og Finns, veiktist síðla sumars 1880 af „einhverju innvortis meini“ og var meira eða minna rúmföst allt fram í desember sama ár. Veikindi Önnu Guðrúnar voru enn til að auka á áhyggjur Guðrúnar sem mátti eyða flestum sínum stundum í að annast veika móður og halda heimilislífinu í eins eðlilegu horfi og unnt var.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1880-1881¹

Reykjavík 20. septe 1880

Elskaði besti bróðir.

Línur þessar eiga að færa þjer innilegt hjartans þakklæti, fyrir elskuríkt brjef að vanda, já og líka fyrir vísurnar. en nú fær þú ekki langt brjef eða gott frá mjer því

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

altaf liggur mamma og er öðru nær en bata svo þú getur nærri hvernig jeg er inn-anbrjósts það er held jeg þvagstemma eða eitthvað þvílíkt. Læknarnir geta ekkert hjálpað hvað miklar kvalir sem eru, í nótt er leið var hún ófær af kvölum, en seinni partin í dag heldur skárri, hún var flutt upp um dagin svo hún sefur á móti mjer. guð veit að það særir og grætir hjarta mitt að heira stunur hennar og geta ekki hjálpað henni eina ögn, hrædd er jeg um líf hennar en von hef jeg dálitla en, guði er ekki ómáttugt að leinga líf hennar, okkur til gagns og gleði, hún er ögn máttlaus og ómögulegt að hún geti skrifað þjer eina línu. og það er nú komið á 5tu viku síðan hún lagðist, ó jeg veit hve hríggur þú verður þegar þú færð þessar frjettir, en jeg verð að segja þjer afdráttarlaust frá því, svo þú getir tekið á móti með ró og skynsemi því er drottin lekkur á oss ef honum þóknast að kalla hana til sín, nú er kl. orðin 11. og hún blundar núna. guð gefi að við fáum betri nótt í nótt en þá sem leið, á morgun bæti jeg við. því nú fer jeg að halla mjer út af. og biðja góðan guð að vernda líf og heilsu okkar elskuðu móðir. góða nótt.

Nú er komin sá 22. nú er mamma mikið betri en hvert það er bati má guð vita en nú er jeg líka mikið rólegri. frjettir litlar nema við erum búin að frjetta af Siggju Jónsdóttir hún er þá lifandi, undarlegur er lífsferill hennar. skipið hrakti vestur undir jökul, vestur í Ólafsvík, í því óttalega ofviðri að það gat ekki verra verið og þar varð hún eptir hjá frænda sínum sem hún á þar. og þar verður hún líkast í vetur. meir, um hana get jeg ekki sagt þjer í þettað sinn. nú er Kjartan Einarsson trúlofaður dóttur síra Sveinbjarnar í Holti undir eyafjöllum, hún er óttalega leiðinleg og stór er hún svo að jeg er viss um að hann nær henni ekki nema í mitti, svona fór hann. en jeg vildi svara brjefi þínu eða sumu í því dálítið. já það er um þessa stúlku, þar kom að því. það er ekki gott að gera við þessháttar.

Ó það er leiðinlegt að hún skuli vera dönsk en ástin spirr ekki að því hverrar þjóðar hverr er. bara reindu að ná í hana fyrst þjer líst svona vel á hana. en líka verð jeg að segja það að skemtilegra hefði mjer þókt, að þú hefðir orðið hrifin yfir einhverri góðri íslenskri stúlku, en hvað gjörir það til ef hún er góð og þjer samboðin. en nóg hjer um í bráð, en þú segir mjer hvað gengur með það alt. nú sendi jeg 39. kr. og þar af á Árni Þorvarðarson 20. kr. frá móður sinni og brjef. Þú afhendir honum það en hinar 12 kr. bið jeg þig að kaupa fyrir hálfu annað lóð af giltum ekta vír og fyrir 2 kr. giltar kantilúr og svo fyrir afgangin grænan silkitvinna alveg eins og spottan sem jeg sendi, en blessaður bittu um vírin og kantilúrnar ekta og vírin fínar, líka sendi jeg þjer hár enþá og hárfesti sem hárið er orðið ónýtt á og bið þig að láta taka það af og búa annað til undir lásin sem á að vera sá sami sem er nema setja stærra nisti neðan í, en þú ert beðin um að hafa breiða festina, breiðara ofna en hún er. Peninga sendi jeg þjer ekki fyrir hana. því jeg veit ekki hvað hún kann að vera dyr. það á hana sú sama sem á hitt alt hárstásið.

Nálinni hefur þú týnt góði minn, en nú sendi jeg þjer eina en og bið þig senda mjer fyrir krónuna nálar, en hafa ögn mjórri leggin á þeim, jeg gat ekki fengið alveg eins nál aftur. en svo bið jeg þig að senda mjer 3. alveg eins og þessa.

Valgerður á Hól biður þig að bera kellingunni kveðju sína. hún skrifar henni næst. það er verið að lísa með dóttir Þórðar rauða og syni Eiríks götuskellis.

Mamma biður ástsamlega að heilsa þjer, hún er allvel hress núna hún þakkar kærlega fyrir brjef og sendingu, hún ætlar að senda vetlínga með næstu ferð, ef hún lifir – en, annars heilsaðu innilega Frú Krabbi systrunum, Páli og Bertel. Jeg get eingum skrifað nema þjer, fyrirgefðu alt kvabbið og þennan ómindar seðil þinni elskandi systur Guðrúnu.

Reykjavík 17. Október 1880

Hjartkæri góði bróðir.

Bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, og þalíettunarn. nú fær þú ekki langt brjef frá mjer, því ílla er jeg upplögð að vanda, þú getur nærri jeg vakti í nótt yfir mömmu og um leið slátri, en nú er jeg samt heldur vongóð um að guð gefi að mamma komist á fætur aptur því heldur er henni að batna þó seint fari. hún er svo en að hún getur ekki sest upp. auk heldur meir. það kom upp á endanum hjá lækni að það var innvortist bólga sem að henni gekk en nú er hún farin að mínka. miklar ógnar kvalir er hún búin að taka út. hreint hef jeg verið hissa hvað hún heldur út, hún hefur hljóðað og stunið heila sólarhringana út. ó hvað jeg hef átt bágt. síðan hún varð svona. en hvað er það bara að henni batni. þá lofa jeg góðan guð. já guði sje lof að jeg var hjá henni að geta hjúkrað henni en að öðru leiti eru allir frískir heima. nema jeg hef verið svo hás að það hefur ekki heirst til mín þú manst hvað jeg hjelt á móti Jónassen. en nú held jeg annað eins uppá hann, hann hefur passað mömmu svo einstaklega vel. altaf komið tvisvar á dag og gefur henni öll meðöl.

Jeg sendi þjer ofurlítin kæfudúnk sem þú mátt forlata mjer, af klaufaskap varð hann ekki fullur hjá mjer og þykir mjer leiðinlegt. mamma sendir þjer vetlíngana handa kallinum ef honum líka þeir ekki þá getur þú haft þá. en þú færð sjálfur vetlínga næst við gátum ekki verið búin með þá núna, eingar frjettir skrifa jeg því jeg má ekki vera að því í þettað sinn. jeg bið ástasaml. að heilsa frú Krabbi. Páli systrum og Bertel. ekkert veit jeg meir um Siggju við höfum ekkert brjef frá henni fengið síðan, mamma biður innilega og ástsamlega að heilsa þjer hún hefur alla rænu og mál. ó jeg vona að guð bænheiri mig og hún fái að lifa, hjá okkur en ef ekki þá verður maður að taka því eins og öðru sem frá guði kemur, nú verð jeg að hætta. jeg má ekki leingur það á að fara að borða.

Altaf má jeg til að kvabba þjer samt, jeg hef eingan frið og þar af leiðandi þú ekki heldur. jeg sendi 21. og skrifa á blað það sem á að kaupa. Silkiklútin verður þú að biðja Prúðu um að hjálpa þjer að kaupa. hann á að vera um háls við peisuföt. Hugsid þið að þið væruð að kaupa um hálsin á mjer. sú sem á vill ekki slifs. henni þykir þau ónít hann á að vera ljósbrúnn með dökkbrúnum eða svörtum rósum. fyrirgefðu alt kvabbið elskan mín, vertu svo kistur heitum kossi af þinni systur gunnu.

Reykjavík 29. Nóvember 1880

Elskaði góði bróðir.

Hjartans bestu þakkar eiga þessar línur að færa þjer fyrir þitt ágæta [bréf] og allar útrjettfingar sem voru góðar nema brúna silkið var því miður of fint svo jeg neidist til að senda þjer það aptur og biðja þig að skipta á grófara það á að vera eins gróft og það græna sem þú keiptir, og ef þú getur þá hafðu það heldur ljósara en dekkra. nú er mömmu heldur farið að batna og jeg vona að það sje algjör bati, en ekki er hún líkleg að hún fari á fætur en þá, þegar aðal veikindin voru bötnuð þá kom í hana kvæfið og það var svo vont í henni að jeg var dauðhrædd við það en nú er það að skána og jeg vona að ef ekkert kemur nýtt fyrir að hún fari nú að komast á fætur. ó hvað jeg hlakka til að sjá hana á fótum. mjer þykir gott ef hún verður komin á fætur um jól það sem við eigum Jonassen að þakka það er ekki lítið með annari eins þolinmæði og hann hefur geingið heim á hverjum degi og tvisvar á dag, og lætur skrifa öll meðöl hjá sjer. Nú færð þú kæfudúnk úr kropp er Illhugi frændi sendir þjer, hann sendi kind og jeg bjó til kæfu mjer fannst þjer það hentast og ofaná hana læt jeg brúna silkið og fíngravetlínga sem þú átt að eiga, um jólin, ef þig vantar eitthvað af fötum þá lætur þú okkur vita það. nú sendi jeg þjer 48. kr. og 50 aur. og þar af átt þú sjálfur 30. kr. frá Kristínu og biður hún innilega að heilsa þjer og biður forláts á drættinum hún gat það ekki fyrr.

Bensi átti að sigla og færa þjer þessa peninga en svo leggst hann sárveikur í lungna bólgu og getur því ekki farið. en er heldur í aptur bata, og 4. kr. fyrir hárfestina, en fyrir hitt á að kaupa og læt jeg það fylgja á lausu blaði. nú koma frjettirnar! en hvað á það að vera. eingin ný trúlofun. jú Helga í Duxkoti er trúlofuð Ólafi, eða labba. í hlíðarhúsum og jeg var hrædd um dagin að þú værir trúlofaður í höfn. Sigga Guðmundsdóttir fræddi mig en hver hana fræddi veit jeg ekki hún er hjer í vetur hjá Birni H. og kemur opt til mín það er mín eina kunningja stúlka núna. Hún segir mjer alt sem hún frjettir, því jeg hef verið út úr heiminum í haust. mjer þykir vænt um hana, líka er verið að „hjala“ mjer um Pál vin þinn. en jeg sagði ekki annað en að það væri þá stærðarmunur. þvílík b..... vitleisa, þann 19. þ.m. giptu hlíðarhúsasystur sig og fjekk jeg þá æru að vera með. það voru 124 boðnir og öll stórmenni, ágæt veisla og skemtileg jeg mátti til að fara því mamma hætti ekki fyrr. mjer veitir raunar ekki af að ljetta mjer upp. en jeg er undarlegri en allir aðrir því ef jeg er í samkomu eða gleði þá finst mjer alt sverfa að, og jeg helst vildi vera komin í jörðina. því jeg má aldrei vera iðjulaus því þá huxa jeg alt of mikið.

Nóg um þettað, er þessi Fröken Jensen trúlofuð? það er leitt. hvornig líður Guðl. mig lángr að frjetta af honum samt. jeg vildi jeg gæti náð mindinni minni hjá honum? jeg fjekk brjef frá Siggju, henni líður vel. hún biður innilega að heilsa þjer og biður þig að bera frú Krabbi kveðju sína, (og jeg sömuleiðis kæra) og systrunum. jeg bið að heilsa Bertel og Páli mjer leiðist eptir mind. líka bið jeg að heilsa Prúðu og þeim og þakka henni fyrir kaupin. og óska henni til lukku ef hún er gipt. jeg skrifa henni næst, mamma biður ástsamlega og innilega að heilsa þjer, hún

getur ómögulega skrifað því hún er svo máttlaus. vertu blessaður og sæll. og kistur kært af þinni elskandi systur Gunnu.

það sem kaupa á er.
fyrir 6 kr. giltan fínan ektavír.
fyrir mig sjálfa
fyrir 2 kr. giltar palíettur og kantilífur
fyrir 2 kr. grænt streingsilki eins og spotta sem jeg sendi
fyrir 1.50 aura hvítan fínan ektavír.

og svo eru eptir 3. kr. og fyrir þær bið jeg þig um að af tauti eins og jeg sendi þjer prufuna af 3 ál. en ef peninga vantar lætur þú mig vita. jeg sendi þá næst. jeg á það ekki. góði fyrirgefðu alt kvabbið jeg sendi innaní reikningin en umfram alt hafðu brúna silkið ekki dekkra og ef þú getur græna silkið eins á litin og spottin er.

Reykjavík 10 apríl 1881

Ástkæri besti bróðir.

Guði sje lof að við erum búin að frjetta frá þjer, sú gleði þegar sást til skipsins, en það má segja að það var gleði gráti blandin því mamma var svo veik að hún hafði enga rænu á því. pabbi hefur víst sagt þjer þegar hún lagðist aptur. hún hefur haft fjarska kvalir. en fyrir 3. vikum hættu þær að heita en þá kom máttleisi og rænuleisi, sem nú er orðið svo að hún er mállaus og rænulaus. og ekki að sjá annað eptir en bara að skilja við. ó þú eilífi guð. hvað honum þóknast að leggja á mömmu. með orðum ætla jeg ekki að lísa hvað jeg hef liðið í vetur guð einn veit það. og jeg má lofa hann fyrir að jeg fjekk að hjálpa og þakka honum, jeg vona að hún fari að fá hvíld. já jeg bið hún fái að deia, því sárt er að heira stunur og vein elskaðrar móður, því hún hefur haft kvalir í 2 sólarhringa núna síðast, jeg veit þú hriggist að heira þettað en þú verður að brúka skynsemina og gá að því, að alt er gott sem frá guði kemur.

Elsku Finnur minn, hugsaðu um hvað jeg hef átt í vetur. að vaka alein yfir henni nótt og dag, heira hverja stunu, en nú í nótt var Kristín í húsinu hjá mjer, því jeg var orðin svo þreitt, góður guð gefi þjer, og okkur öllum krapt að taka þessu eins og vera ber. Um dagin þegar skipið kom, þá sagði jeg að nú, væri brjef komið frá þjer, og hún gengdi því eingu svo sagði jeg að þjer liði vel hvort henni þækti ekki vænt um það þá sagði hún. „jú það veit guð., og síðan ekkert, jeg má ekkert vera að skrifa og hef einga værd á þar heldur. þettað er nú sú fyrsta alvara og sorg lífsins sem fyrir okkur kemur svo það er von að okkur sje sárt og þúngt eða finst þjer það ekki?

Illu fór skipið í vetur og alt með því, jeg fjekk náttúrlega ekki neitt jeg fæ víst ekkert hjá póststjórninni aptur? mjer dettur ekki í hug að borga neitt af því, það

verður hver að líða þann skaða sem hann hefur fengið. jeg átti sjálf gilta vírin fyrir 6. kr. og jeg tapa því.

Nú sendi jeg þjer 6 kr. aptur og bið þig að kaupa fyrir giltan ektavír fínan og um framm alt ekta. jeg vona jeg verði ekki eins óheppin aptur. Ný kona Jóns Ól. í hlífðarhúsum biður þig að kaupa fyrir sig brúnleitan vaxdúk hann á að vera yfir borð. vænn og vandaður. og ein al. þrjú kvartil á hvern veg. nl. jafn á alla kanta. jafnbreiður og hann er lángur, hún sendir ekki peninga af því hún veit ekki hvað hún á að senda mikið. þú sendir reikning með því það er óhætt hún borgar, jeg klára seinna og hætti í bráð.

Dálftið seinna, mamma alveg eins, þú skalt ekki kæra þig um vaxdúkin, jeg fjeck boð frá konunni núna um það. jeg hef nú ekki meir og hætti svo og bið góðan guð að vernda þig og varðveita og kveð þig með þeim bestu óskum sem elskandi systurhjarta getur óskað og beðið þín systir Guðrún Jónsdóttir.

Fyrirgefðu þettað brjef því það er svo vitlaust að jeg get ekki lesið það yfir aptur.

Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún frá andláti móður sinnar og aðdraganda þess:

Þetta var frostaveturinn, þegar Phönix strandaði vestur á Myrum 4. febrúar 1881. Þá sömu nótt var óttalegt veður hér. Það var eins og stormurinn ætlaði að líða húsið í sundur. Þá vissi ég ekki fyrri til um miðja nótt en barið var á gluggann hjá móður minni – þar logaði ljós – og kallað, að það væri eldur, eldur. Henni varð ákaflega illt við, og hélt, að það væri hjá okkur, sem ég fljótlega gat sagt henni, að ekki væri. Faðir minn fór náttúrlega út. Eldurinn var uppi í Þingholtum, svo að hún róaðist, en fór ekki á fætur frammar, og nú versnaði henni eins fljótt og henni áður hafði farið fram. Nú voru engin meðul brúkuð nema til að deyfa þrautirnar. Við vorum ekki í efa um, að hverju stefndi, og 10. apríl, á pálmásunnudag, klukkan þrjú, 1881 dó hún. Þrjár síðustu vikurnar var hún mállaus og rænulaus. – Sárt er að sitja við sjúkrahæð elskaðrar móður og geta ekkert linað þjáningarnar, en alla þá hjálp fékk hún, sem mögulegt var. Jónassen gjörði það, sem hann gat, og stundaði hana með mestu alúð, blessaður karlinn. Faðir minn vildi endilega láta taka hana til bæna á pálmásunnudag. Lét ég hann ráða því, enda mátti það vel vera að því leyti til, að hún var vel trúhneigð kona og bar djúpa lotningu fyrir guðdóminum, þótt hún ekki væri að tjá það hverjum manni. Síra Matthías messaði þennan dag, og var til þess tekið, hvað fallega hann hefði gjört það. Hún var jarðsett síðasta vetrardag, 20. apríl, að viðstöddu miklu fjölmenni. Alls staðar var flaggað og búðum og skólum lokað. Allflestir embættismenn fylgdu, og sumir í einkennisbúningi. Var slíkt fátæmi, þar sem fátæk almúgakona átti í hlut. Okkur var sýnd ákaflega mikil hluttekning. [...]

Eftir að búið var að jarða, fannst mér ég ekkert hafa að gjöra og var fyrst eins og í dvala, en það skánaði nú fljótt. Nóg var að taka hendinni til eftir þennan langa og stranga vetur. Aldrei hef ég lifað annan örðugri. Frá því að móðir mín lagðist og þar til hún dó, fór ég aldrei úr fötum, ekki einu sinni þennan tíma, sem hún var á fötum, því að alltaf þurfti að hjálpa henni, nótt sem dag. Svo bættust við þessi óttalegu frost. Allt fraus, sem frosið gat, þ.á.m. allir brunnar. Við urðum oft að bræða snjó, svo að við gætum þvegið þvottinn, og stundum varð ég að kynda eldavélina á nóttunni til þess að geta þurrkað rúmtauið, því að síðustu vikurnar varð ég að skipta í rúminu á hverjum klukkutíma, svo að ekki kæmu sár á hana. Sem betur fór gat ég varið hana fyrir þeim. Jónassen sagði, að það hefði verið vel gjört að geta það. Ég vakti alltaf ein yfir henni nema tvær síðustu næturnar, þá vakti Kristín í húsinu með mér. Það var sönn ánægja að hjálpa henni, svo þakklát sem hún var og framúrskarandi þolinmóð, og aldrei heyrðist æðruorð. Skynsemin var svo mikil, og kjarkurinn þar eftir.¹

V. Að láta ekki sorgina buga sig

Jón Borgfirðingur tilkynnti Finni andlát Önnu Guðrúnar í bréfi sem hann skrifaði á pálmásunnudag árið 1881, sama dag og Anna Guðrún lést. Finnur svaraði bréfinu tæpum hálfum mánuði síðar. Í bréfinu leitast hann við að sannfæra föður sinn um að hann taki sorgarfréttinni af skynsemi og yfirvegun og því þurfi fjölskyldan ekki að óttast um sig. Þá gefur bréf Finns ýmislegt til kynna um lífsviðhorf hans og trú. Trú Finns er ekki bundin yfirnáttúrulegum öflum og athyglisvert er að hann, ólíkt föður sínum og systur, minnst hvergi á vilja og blessun guðs heldur upphefur eigin styrk og trú á manninn. Anna Guðrún hélt áfram að lifa innra með Finni sjálfum: „Jeg veit að látin lifir í hjörtum okkar allra og þakklátri minning, sem ekki deyr nema með okkur sjálfum,“ skrifaði hann. Líf í minningu annarra var það líf eftir dauðann sem Finnur trúði á.

Klemens, bróðir Finns, virtist taka sorginni af stakri ró og yfirvegun. Á dánardægri móður sinnar skrifaði Klemens bróður sínum bréf í því skyni að undirbúa hann fyrir sorgarfréttirnar sem Jón Borgfirðingur gat um í bréfi sínu. Það kom í hlut Páls Briem að færa Finni bréfin í rétttri röð og styðja hann í sorginni.

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 115-117.

Bréfaskipti Jóns Borgfirðings, Klemensar Jónssonar
og Finns Jónssonar apríl-maí 1881¹

Reykjavík 10 apríl 1881

Elskulegi bróðir.

Nú hef jeg eigi margt í frjettum að segja, móðir okkar er alltaf mjög veik, núna í nokkra daga hefur hún legið eins og í dái, svoleiðis að hún hefur mestmegnis sofið, en þó haft fulla rænu stundum á milli, en nú er það orðið öðruvísi, jeg er hræddur um, að hún sje orðin mállaus, kvalirnar eru án efa miklar, en þó er það bót, já mikil bót, að hún finnur eigi til þeirra, því hún, liggur sem sagt meðvitundarlaus, en jeg sje á því, að kvalir sjeu, að hún stynur ofurlítið við og við, og bandar upp höndunum, svo jeg held, að hún finni dálítið til gegnum svefninn og máttleysið, en þó skal jeg láta það ósagt, það er einhver innvortisveiki, líklega áframhald, af þvageppunni, sem sjúkdómur hennar byrjaði á.

Jeg skyldi eigi hafa skrifað þjer þetta svona nákvæmlega, ef jeg eigi hjeldi, að þú myndir bera karlmannlega það mótlæti, en eins og nú er komið, þá held jeg, að henni verði eigi lífs auðið. Heldur vildi jeg skrifa þjer þetta, en þú frjettir það annarstaðar að, þótt jeg viti, að Gunna, ef hún hefur tíma til skrifi þjer það, já Gunna hún stundar mömmu svo vel, eins og barn getur stundað móður sína.

En nú vík jeg að öðru. Um daginn þegar leið að því, að póstskipið myndi fara að koma (eitthvað um 20 marts, eða svo, þá kallaði mamma til mín (því þá hafði hún fulla rænu) og sagði þurfa að biðja mig um að tala við sig einslega, jeg sagði henni, að jeg skyldi gjöra það kl. 2 þegar jeg kæmi úr skóla. Nú kem jeg heim, það var þá það, sagði hún, að hún ætlaði að biðja mig um að skrifa til þín, og biðja þig að útvega sjer og senda 4 krónu dýra Harmoníku, Gunnu langar til að eignast Harmoníku, og mamma ætlaði að gefa henni, hún sagði reyndar skammast sín fyrir, að biðja þig um þetta, sem hún þó ætlaði að reyna að borga þér í sumar.

Nú leið og beið póstskipið kom, en hún hefur aldrei haft rænu meðan jeg hef verið heima að tala um þetta, því skýt jeg þessu til þín, annarsveggar langaði hana til þess að gefa Gunnu Harmoníku, en hins vegar er jeg í vanda staddur, að hún hefði ekki borið það yfir hjarta sitt, að láta þig láta úti peninga, en hún vonaði eptir, að hún mundi fá borgað það í sumar. Nú hef jeg uppástungu, að jeg og þú kostum það, þú kaupir Harmoníku fyrir 4 kr. (hún tók það fram, því hjer fást þær brúkandi fyrir það verð, en náttúrliga betri ytra) og jeg borga svo í sumar, helm-inginn, eða það, en ef þú kaupir hana, – jeg læt það undir þjer komið – þá verður þú, að skrifa utan á til mín, og svo afhenti jeg hana.

Í skólanum gengur allt sinn sama gang, þar ekkert nýtt til tíðinda, jeg hef alltaf í vetur verið sá 4. en við fyrstu röðun 3, og brilliera mjög mikið. Við erum farnir að lesa Horaz og komnir út í aðra bókina, af kvæðunum, en sleppum ýmsum, í

1 ÍB 96 fol. b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings; NkS 4597 4to – Bréf frá Jóni Borgfirðingi til Finns Jónssonar; NkS 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar.

grísku klárum við núna fyrir páskana 8 bók Herodóts, og tökum þá fyrir 23 bók í Odysseunni, ekki kvíði jeg fyrir, að byrja á henni, þó töluverður munur sje á Hómer og Herodot, hvað málið snertir, en Hómer er á hinn bóginn (eins og H. Kr. Fri) segir miklu skemmtilegri en Herodot að innihaldi.

Prófið í vor er hið versta, sem við tökum, verra en dimissiónin, en jeg er eigi mjög hræddur við það, mjer þykir verst ef þeir fara að sitja eptir nokkrir, við megum samanl. eigi vera færri. Jeg hefði nú eptir allan veturinn meira til að skrifa, en bæði er það, að jeg er eigi upplagður til að skrifa, og svo hitt að jeg ímynda mjer, að þú eigi kærir þig um það, og ætla jeg svo að láta hjer staðar numið, óskandi þjer allrar blessunar, og að þjer megi ganga allt að óskum. Þinn elskandi bróðir Klemens

Rvík, á Pálmadag 1881

Elsku Finnur!

Síðan jeg fyrst hreyfi penna, hef jeg aldrei tekið hann mjer í hönd með öðrum eins tilfinningum og nú, þar sem jeg nauðugur viljugur hlýt að draga eigi að kynna þjer brottför hjeðan, þinnar elskuðu móðir, er þú unnir svo heitt eins og mjer og öllum börnum hennar. Hryggðarfregn þessa verður þú að taka með höndum og anda trúarinnar eins og góðum og greindum syni ber. Lof sje guði fyrir hennar frelsi fyrst honum þóknadist að leggja þann kross á herðar henni er eigi varð læknaður hjer. Það mátti segja að hún fengi hægt andlát.

Í dag messaði síra Mattías því klerkur er veikur, og tók hann hana til bænar, en kl. 3 tók hún andvörpin, og vorum við öll hjá henni, og minntumst við hana áður. Ingólfur hefur opt verið hníppinn þessa daga og í dag rennur trúinn hægt og stilt af vörum hans, hann er svo skynsamur. Bara eg fái að halda honum meðan eg tóri. Hún var búin að segja mjer fyrir löngu síðan, að stutt yfir fimmtugt mundi hún lifa, nú var hún fullra 53 ára. Þegar hún lagðist aptur datt mjer þetta í hug, ef guð lofar verður hún falin moldu á 4 í páskum. Jeg vona að hún fái góða viðtöku af góðu englunum í guðsríki, sem góð og trúuð kona og [] drottins og henni auðnist að taka á móti okkur, jafnóðum og við höfum náð til hennar, lifum við sem guðs börnum, ber í þessu lífi, Mjer er að detta í hug ef g.l. að senda þjer mynd hennar til þess að myndir verði teknar eptir henni. Hún mætti takast sjer líkt? en stærri og greinilegri, þótt fleiri sjeu á sama blaðinu. opt leiddist henni eptir komu brjefs frá þjer, og sýndi Guðrún, brefið þitt henni, er kom í gegnum Engl. jankaði hún við því, er Guðrún sagði henni.

Margrét frá Kalastöðum, bað mig að spyrja þig að, hvort þú vissir, hvað Árna syni hennar Þorvarðar erpir líði. lærði hann eigi bókb? Hún hefur ekkert brjef frá honum fengið og er óróleg. Adressu til Simons fylgir hjer með. Vertu nú blessaður og sæll af þínum elskandi föður meðan lifi, Jón Borgfirðingur.

Þú geymir sjálfsagt brjefin hennar.

Elskulegi faðir minn!

Við öllu öðru bjóst jeg enn þessari harmafregn, sem nú barst norðan að; jeg þráði hverja skipskomu fyrir nýjárið til þess að fá að vita hvernig mömmu liði; við fregnina eftir nýjárið varð jeg himinglaður yfir því, að hún skyldi vera komin á fætur, og nú - hvílík óvænt harmafregn; mamma dái; það er von að hún hrífi mig biturlega, enn það sem dregur úr harmi mínum eftir svo góða elskaða móður, er vitundin um, að þið hafið hjúkrað henni fram í dauðann, eins vel og unnt var, vitundin um hennar einlægu aldrei bilandi ást og ástarkjark til þín og okkar barnanna sinna, sem vera má, að jeg hafi ekki fundið sízt, sem varð að fara frá henni, og vera í burtu frá henni; þar um vitna brjefin hennar sem jeg geymi og skal geyma hvern bókstaf af, meðan jeg lifi; nei þvílíkri sorg hafði jeg þó ekki búizt við.

Enn trúðu því elsku pabbi minn, að jeg læt ekki sorgina buga mig; mamma hefði þó of illa kennt mjer, og til lítils sýnt sína stöðugu þolinmæði sem hún sýndi alltaf í öllu sínu lífi, sem oft og títt var allt annað enn sætt, eins og okkar allra, ef ég hefði ekki fengið neitt af henni í arfi jú, þolinmæði og stöðuglyndi hafði hún og það hefi jeg erft mikið af henni; hún var okkur oft til blessunar í lífinu og hennar fóstur, ástfóstur á okkur börnunum verður eigi ávaxtalaust í lífi okkar seinna meir; Blessuð veri hennar minning; ógleymanleg er hún okkur öllum.

Ennfremur þakka jeg ykkur, Gunnu sjer í lagi, fyrir þá nákvæmni, að undirbúa mig undir fregnina með bréfum sínum; það kom svona smátt og smátt, þangað til Páll sagði mér látið; í gær morgun var þetta; í morgun fékk jeg hin brjefin, og í fyrra málið fer skipið; jeg skrifa ekki nema þetta brjef heim núna, það er til ykkar allra; huggaðu aumingjana litlu móðurlausu sem síður hafa vit á að huggast, jeg veit að þið lesið það öll, Gunna veit jeg að hefir ekki látið sitt eftir liggja að létta á mömmu og hugga drengina litlu; skelfing erum við brjóstumkennanleg, enn það er huggun harmi gegn, að jeg veit að látin lifir, lifir í hjörtum okkar allra og þakk-látri minning, sem ekki deyr nema með okkur sjálfum.

Á Pálmásunnudag var jeg um kveldið í boði hjá ekkjufrú Herazeck, tilvonandi tengdamóður Moriz Halldórssonar; hún missti manninn sinn í vetur um jól; það veit líka hvað sorg er og hvað það er að missa jafnmikið sem föður eða móður; á miðvikudagskveldið var, var jeg þar líka; ekki hugsaðist mjer, að þá sama dag hefði móðir mín verið jarðsungin; enn svona er að vera fjarvistum. Um páskana var jeg hvergi í boði; jeg var heima eða gekk úti í góðviðrinu; það hefir verið mjög gott veður, nokkuð kalt, þessa dagana; það er satt, það er komið sumarið; enn hvað gleðilegt það kemur, það vitum við. Góði pabbi, já, sendu mjer myndina af mömmu og mynd af þjer; ef þú átt ekki nema eina þá láttu mig láta taka eftir henni hjer, það er svo óviðkunnanlegt, að hafa ekki mynd af ykkur, mig vantar líka mynd af henni Guðnýju; sendu mjer þær með næstu ferð; jeg veit, að af mömmu var ekki til nema stóra myndin með okkur öllum sex.

Mjer hefir liðið vel og betur enn að undanfögnu oft; jeg hefi aldrei verið við eins góða heilsu eins og þennan vetur hjer; nú er svo til ætlast, að sagan mín verði búin

með næstu ferð; formálinn er kominn í prentsmiðjuna og seinustu örk er rétt búið að setja; jeg hefi ekki haft sinnu á í dag að gera neitt af því, sem þú biður mig um, eða Gunna, enda fer skipið rjett bráðum aftur og þá skal jeg gera það allt. Jeg fékk brjef frá Helga á Hól, honum líður vel.

Frjettir get jeg eingar ritað núna. – Góði pabbi minn, jeg fel þjer umönnun, tvöfaldri umönnun allra systkinanna, og einkum verð jeg að biðja þig og ykkur að trúa því, að jeg tek það með stillingu, ég veit það að þið gerið það líka; „tárin fá eigi vakið hana er sefur í mold“; sýnum aðeins, við börnin hennar, að við höfum átt góða móður, það er bezti árangurinn, af verkum hennar og bezta þakklætið fyrir þau sem við getum sýnt, úr því að við getum ekki líka sýnt henni það í verkinu. Kysstu fyrir mig öll systkinin heitum huggunar- og kveðjukossi og sjálfan kveð jeg þig elsku faðir minn með allri þeirri sonarást sem jeg get ekki sýnt í orðum einum; eg veit hvað þú hefir misst, og hvað við höfum misst öll. Vertu svo innilega kvaddur af þínum þig af hjarta elskanda Finni.

Páll heilsar innilega.

Reykjavík 9. maí 1881

Elskulegi bróðir minn!

Mikil umskipti eru orðin hjer heima fyrir, eins og þú getur nærri, móðir okkar dáin, hún sem elskaði oss svo heitt, að hún skuli nú vera komin undir græna torfu, já þessi dauði, hann er svo hryllilegur og mysterius, að mann hlýtur að ægja við honum. En þó er það mikil huggun í hinu þunga mótlæti, hversu allir hafa keppt við að votta okkur sína innilega hluttekningu. Aldrei hefur slíkur fjöldi fylgt konu af alþýðuætt, hún var svo stór líkfylgdin, að það gekk næst greftrun Jóns Sigurðssonar. Sambekkingar báru líkið inn og úr kyrkjuni, en til hvers er jeg að skrifa þjer þetta, eins og Gunna og pabbi skrifi þjer það ekki allt saman miklu betur og greinilegar.

Þetta er byrjun til alvöru lífsins, nú fer maður fyrst að finna til þess, hvað heimurinn er, og að finna til beiskju lífsins. En fyrirgefðu þetta eru alltsaman sundurlausir þánkar, og nú ætla jeg að víkja til annars efnis. og segja þjer um skólann, nú skaltu sperra eyrun og búast við nokkru merkilegu og heyrðu nú til á sunnudaginn var, var samþykkt í einu hljóði, að Bandamannafjelagið skyldi hjeðan í frá vera opinbert fjelag. Náttúrlega hafði nokkuð verið rætt um þetta, en þó mestmegnis með. Forseti (Árni Jónsson) stóð fyrst upp, og hjelt snjalla ræðu, og sýndi mönnum fram á, að það væri engin þörf á, að halda fjelaginu leynilegu, þar sem það væri eigi lengur politiskt, eins og það hefði verið áður, ennfremur gat hann þess, að þetta setti hjer um bil Ingólf á hausinn, og það kom mjer einkum til þess, að greiða atkvæði með því, því að mjer er bölvanlega við Ingólf og alla hans vini, að fáum undanteknum.

Ingólfur er annars á hausnum nú þegar Einar fer, og í vetur fóru þeir E. og Þor-

leifur til Árna J. og biddu hann að bera það upp á fjelagsfund, að sameina fjelög- in, jú Árni gerði það, en það fellt í einu hljóði, nei það voru tveir með því annar var Stefán bróðir Sig. Stefánssonar, þar geturðu sjeð egta dóna, enda er Sigurður ekki hætis hót betri, en fyrir þetta tiltæki þeirra Einars og Þorleifs urðu Ingólfs- menn svo æfir (eða réttara sagt Árni Finssen því hann hefur agiterað og fengið sinn flokk af dónum í fjelaginu og ræður þar öllu) að þeir ætluðu að reka þá úr fjelaginu. Hvernig lízt þjer á þetta ráðlag okkar?

Segðu mjer þína ætlun um það næst, náttúrlega á að gefa út eitthvað af beztu próductunum, bæði fornum og nyjum ef höfundarnir leyfa. Nú hef jeg þá leyfi til, að segja þjer frá fjelaginu sem þú hefur ekkert heyrt um í 3 ár, en jeg er nú búinn að gleyma því, sjálfur hef jeg ekkert, ritað þrjú smá próduct og fjórða á leiðinni, sá langbesti í fjelaginu er Ólafur Davíðsson, hann ritar ágæta vel og lipurt mál, í vetur ritaði hann langa ritgjörð um málara og myndadrátt, sem hann fjeck verðlaun fyrir, og aðra, er hjet Kaldadalsförin og ótal smærri, segðu mjer eitt, hvar eru próductin úr fjelaginu Eggert Ólafssyni og hvernig var sú rimma, sem þá olli sund- urlyndis í Binfl.? Þú getur því nærri að okkur langi til að vita það.

Segðu mjer hvort þú sendir heftið af Meyer, er jeg beiddi þig um með janúar- ferðinni og hvað annað, því liggur annars ekkert á. Bráðum fáum við upplestrar- fríð, til þess að lesa undir fyrri Dimission, þá dimission, sem er orðin þyngri, en sú seinni, en hvað er þegar hún er búin? Við losnaðir við maþematík og náttúru- söguna, sem eru þau leiðinlegustu og verstu fög í skólanum, og að vetri, hvað við eigum náðugt, ekkert að lesa, svo til, nógur tími til að producera, því það hef jeg ásett mjer að gera þá. Þá ætla jeg að kenna Villa undir skóla, hann þarf eigi að læra annað en Latínu, hitt kann hann allt, hvernig lízt þjer á það, hann verður varla eins óþægur og jeg var forðum hjá þjer, ótal fleira gæti jeg skrifað þjer ef jeg hefði tíma til, og kveð jeg þig því með óskum alls hins bezta um tíma og eilífð, þinn elskandi bróðir Klemens.

VI. Samband móður og sonar

Anna Guðrún sat oft við glugga og beið eftir að sjá við sjóndeildarhring skip sem færði henni fréttir af Finni. Í fyrstu var henni nóg að vita að Finni liði vel, hann væri heill heilsu og liði ekki skort. Eftir því sem tíminn leið og bréfin urðu fleiri gerðust þau sífellt persónulegri, og ólíkt því sem var með þau fyrstu voru flest bréf Finns til móður sinnar ætluð henni einni. Það sama gildir um bréf Önnu Guðrúnar til Finns. Þar sagði hún Finni frá áhyggjum sínum af þeim Klemensi og Guðrúnu og fór jafnvel á bak við eiginmann sinn þegar hún sagði Finni fréttir sem Jón hafði beðið hana að þegja yfir.

Bréfasamband þeirra Finns og Önnu Guðrúnar stóð aðeins í rúm tvö ár. Á þessum tíma sendi Finnur móður sinni nítján bréf en til samanburðar má geta þess að hann skrifaði Jóni föður sínum fjórtán bréf á sama tímabili. Í sínu fyrsta tilskrifu til Önnu Guðrúnar segir Finnur: „annars falla saman bréfaskriftir til ykkar beggja [foreldra minna], því að jeg ann ykkur báðum jafnmikið og þið viljið mjer jafnt allt gott, og takið jafnt þátt í hag mínum.“

Finnur gerði sér þó fljótlega grein fyrir því að sambandi hans við Önnu Guðrúnu var öðruvísi háttað en sambandinu við Jón og að fjarlægðin fékk þar engu um breytt. Þeir Finnur og Jón skiptust einkum á skoðunum um íslensk stjórnsmál og þjóðmál en ræddu einnig töluvert um rannsóknir og útgáfur á íslenskum fornritum; tilfinningamál létu þeir liggja á milli hluta.

Þrátt fyrir að Jón Borgfirðingur hafi ekki haft mikil áhrif á tilfinningaþroska barna sinna hafði hann vissulega áhrif á gildismat þeirra og félagslega hegðun og var að því leyti virkur þátttakandi í uppeldi þeirra. Langvarandi bréfasamskipti feðganna tveggja gefa einnig til kynna að á milli þeirra hafi verið sterk tilfinningabönd sem þó voru aldrei beinlínis færð í orð.

Minningar Finns um föður sinn og móður endurspeglar þau ólíku hlutverk sem þau gegndu í uppeldi hans. Í sjálfsævisögu sinni segir Finnur:

Ef brúka skyldi eitt orð um móður mína, mundi það helst vera orðið hetja. Hún var mesti vinnuforkur, og varð svo að segja að vinna alt á heimilinu, sem gera þurfti, matselda, þvo, gera að fatnaði, sauma og bæta skó [...]. En oft hefur hún verið hugsjúk, þegar ilt var að fá mat í húsið, það vildi hún síst af öllu, að við syltum, en til þess kom ekki eiginlega svo að jeg muni. [...] Hún var „praktísk“, en það var faðir minn ekki. Hvenær sem eitt-hvað vandasamt bar að hendi, var það hún, sem gerði það sem gera skyldi. Hún var í einu orði fyrirmyndarkona í öllu, brjóstgæðin út á við við alla, hún mátti ekkert aumt sjá, og hafði hún þó ekki af miklu að miðla. [...]

Móðir mín var allt í einu: góð kona, góð eiginkona, góð húsmóðir og ekki síst góð móðir. Alt hið besta, sem í mjer er, tel jeg arf frá henni.¹

Í danskri útgáfu á sjálfsævisögu Finns segir: „Á milli okkar var mjög sterkt trúnaðarsamband. Jeg held, að hún hafi haldið mest upp á mig af öllum börnum sínum; en hún lét það ekki í ljós, því að hún elskaði okkur öll og vildi ekki gera upp á milli okkar. Samt sem áður var eins og ég stæði hjarta hennar næst.“²

1 Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*, bls. 34-35.

2 Á dönsku er textinn svohljóðandi: „Det var mellem mig og hende et meget fortroligt samliv. Jeg tror, at hun holdt mest af mig af alle sine børn; men hun lod sig lidet mærke dermed, thi

Finnur minnst ekki á föður sinn í þessari útgáfu en í íslensku útgáfunni segir hann: „Faðir minn var mjög fáskiptinn á heimilinu og gaf sig lítt að okkur börnunum, nema helst Klemensi, sem honum þótti víst vænst um. Hann las eða skrifaði einatt, þegar hann var heima, þ.e. í frístundum sínum.“¹

Finnur var kominn hátt á áttræðisaldur þegar hann skrifaði sjálfsævisögu sína. Verður að teljast líklegt að æskuminningar sínar hafi hann að einhverju leyti byggt á fjölskyldubréfunum sem hann varðveitti allt til dauðadags.

Bréf frá Finni Jónssyni til Önnu Guðrúnar Eiríksdóttur 1878-1880²

Garði 30. ágúst 1878.

Ástkæra móðir mín!

Nú er ég búinn að skrifa þessa alla ferðasögu mína með meiru, og þess vegna vil ég ekki taka hana hér upp aftr; enn það sem ég hefi ekki sagt þar, ætla ég að segja þér, annars falla saman brjefaskriftir til ykkar beggja, því að ég ann ykkur báðum jafnmikið og þið viljið mér jafnt allt gott, og takið jafnt þátt í hag mínum. Ég skal nú segja þér, hvernig ég lifi og ætla að lifa; hér er miðdagsmatur, sölumaðr að nafni A. Eyrih (sem við köllum Eirík), hjá honum kostar matrinn 40 aura á dag, það eru 12 kr. á mánuði, hjá þessum hefi ég ákveðið að eta; það eru tveir réttir, sem má fá sig fullsaddan af; svo kaupi jeg mér brauð hér, sem kostar mig hérum bil 2 kr. á mánuði, 1/2 pott af mjólk kaupi ég um morgna, sem kostar alls um 2 kr. 50, nú eru komnar alls 16 kr. 50, svo kaupi ég mér te til kvölds, sem kostar 1 kr. á mánuði og það eru 17 kr. 50, ef ég nú kaupi ost, þá verðr maturinn um 20 kr. enn ost vil ég reyndar heldr enn kjöt eða kæfu, nú ganga um 8 kr. til karlanna hér og í þvott á mánuði, og þá eru þó eftir 10 kr. sem ég ætti að geta fengið smér að keypt heiman fyrir.

Ég er hræddr um, að ég hafi gert mér of mikil smérkaup hjá síra Eggerti, ég held, að ég þurfi eigi meira enn 6 fjórðunga; nú fæ ég eitthvað hjá Símoni Sjöt, og hjá ykkur vil ég gjarna fá niðursoðna kæfu; ég skal senda peninga upp til ykkar, því að eins og þú sérð þá get ég misst lítið eitt, og ef ég fæ þetta þá lifi ég góðu lífi, og

hun elskede os alle og gjorde ingen forskel. Det var, som om jeg alligevel af en eller anden grund stod hendes hjerte nærmest.“ Hluti af danskri útgáfu sjálfsævisögunnar birtist í *Íslands Aarbog* árið 1934 og er þessi texti fenginn þaðan. Sjá Finnur Jónsson, „Af Finnur Jónsson Saga.“ *Íslands Aarbog 1934* (Kaupmannahöfn, 1934), bls. 32.

1 Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*, bls. 33-34.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Finni Jónssyni til Önnu Guðrúnar Eiríksdóttur.

svona vildi ég líka gjarna hafa það, smérkassinn, sem ég fór með, endist mér víst þangað til hinn kemur með Phönix, ég þreyi komu hans nfl. Phönix, mjög (reyndar ekki vegna smérsins!); smérið var farið að mygla, og hefir dálítið skemmst, – þess vegna verður það að vera salt vel; ég hefi etið harðan fisk; enn verð slæmur í tönnum; því að hann er seigr og ekki vel barinn; hangikjöt læt ég nú fara að sjóða handa mér.

Sýnist þér ég ekki vera efni í búshald? Já mér sýnist það sjálfur. Sjálfum líður mér mikið vel, og heilsa hin bezta; og ég vona, að ég fái sömu fregnir heiman að. Ferðakostnaðurinn er 196 kr. og nokkrir aurar, hjá Jóhannesi lánaði ég 40 kr. þar af gengu 22 uppí að kaupa borgarabréf við háskólann og bráðum fæ ég ferðastyrkinn, og þá fer ég að kaupa í búíð. Mér leiðist hér ekkert, og ímynda mér, að mér ekki leiðist, enda er ég svo gerður, að ég er ekki leiðindagjarn, og það er gott; þó að ég geti ekki neitað því, að mér þætti gaman að vera horfinn heim stundum til ykkar, enn ég hugsa sem svo, þol og þrey.

Eftir fjögr ár, kemstu heim, og þau verða ekki svo löng, ef þau eru skynsamlega tekin, yfir höfuð verður maður hér að gæta sín við freistingunum, sem eru margvíslegar, einna vestr er náttúrl. Baccus gamli, enn ég hefi þann styrk, að ég get varpað öllu þess háttar frá mér og sagt, hverf frá mér satan (freistari); og þá mun hann víkja; ég iðrast ekkert, að hafa lagt út í þetta, þó að spekingarnir K.K.Fr. og Snakkó teldi það „barnskap“ og „Narrestreger“; og geti jeg lokið námi þá þykir mér vænt, að láta orð þeirra verða hégóma, og sér til skammar; og þá vona ég, að ykkur verði það yndi; og mér er það lífsspursmál og það er ekkert að marka, hvað Garðbúar hér segja um lífið, ég er búinn að sjá það að þeir fara sumir ekki sem bezt með sitt fé, þó að ég sé búinn að vera skamma stund, og svo kvarta þeir um féleysi og sletta skuldinni uppá lífið enn ekki sjálfa sig, og svo verður ekki trúandi því er þeir segja, maður verður að reyna sjálfur, og nú vil ég reyna að lifa svo, að ég þurfi ekki að fara eins og þeir; ég verð líka að sníða mér stakk eftir vexti fremur enn þeir.

Það er satt, enn það er reglan, sem er fyrsta, annað og þriðja skilyrðið fyrir, að lifa sómasamlega og vel, maður verður að vera nákvæmur reikningshaldari við sjálfan sig, og ef maður er það réttilega þá skil ég ekki annað, enn að sá maður geti verið ánægður með lífið, því að einmitt af reglunni sprettr gott líf; þetta veistu eins vel og ég, og betr, enn ég segi þér það samt, til þess að þú sjáir minn hugsunarhátt, og að hann líkist þínum; því að eins og ég á þig fyrir góða móður, og heyri menn tala vel um þig, eins vil ég ekki láta þig bera kinnroða fyrir mig, heldr sýna að ég er sonr móður minnar. Og svo kveð ég þig elskulega móðir mín, með allri þeirri sonarást, sem ég er þér um skyldugur, þinn elskandi sonur Finnur.

Ástkæra móðir mín!

Hjartanlega þakka ég þér fyrir bréfin þín; mér eru þau einkar kærkomin einmitt í þessu sniði sem þú hefir þau; og ég veit, að þér þætti vænt um að fá sömul. frá mér, enn það hefi ég ekki gjört nú, Mér líðr mjög vel eins og sagði í bréfinu til þabba; ég hefi verið hjá Guðlaugi, og verð þangað til ég flyt sjálfr inn, sem verðr nú bráðum, mér leiðist, að vera svona því þá get ég ekkert byrjað að lesa; ég ætla nú að segja þér hvað ég hefi keypt fyrir fé mitt; við fengum peningana tregðulaust; Rúm keypti ég fyrir 8 kr. það er trérúm með þunnum dýnum í, ég þarf að fá betra; ég fékk mér alveg klæðnað hjá Elísen skraddara og gelt honum 20 kr. latn. orðabók og fl. bækur fyrir 25 kr. slabrokk fyrir 18 kr. borð fyrir 14 kr.

Ég hefði fengið lánaðar hjá Jóhannesi 20 kr. til þess að losast við skipið og svo hefi ég keypt ýmisl. smávegis mat og kaffi sem hefir nokkuð dregið sig saman, nú á ég eftir hér um bil 30 kr; ég á líka eftir að kaupa mér lampa, stól, borðdúk, og fleira smávegis, að minnsta kosti hefi ég nóg, því að ég get fengið bækur lánaðar; enn flestar bækur, sem ég þarf, eru dýrar, svo að ég verð að kaupa þær smátt og smátt eftir efnahag mínum.

Ekki hefi ég látið enn taka af mér mynd, og gjöri það ekki fyrr enn á undan næstu póstskeipsför; og þá vona ég, að þú getir fengið eina; nú er kassinn búinn og sendi ég hann nú; Guðl. segist geta látið mig fá smjör, og Gestur tilvonandi sambýlismaður minn segist fá smjör með skipi, svo að ég fæ það hjá honum, ef allt um þrýtr. Það verðr þó ódýrara enn hér í búðum; ég er fullviss um, að ég get lifað hér svo að þú mátt vera viss um að ég líð hér engan skort, ég segi þér alveg satt frá öllu; því að ef reiknum saman hvað ég þarf um mánaðartíma þá er það svo:

Matr (miðd.)	12 kr.
brauð	1.50
mjólk	2.40
kaffi 1. sinni á dag ...	3.60
te	1.00
þvottr í það mesta	3.00
karlakaup	4.25
til skraddara	10.00
	<hr/>
	37.75

Þetta er þó vel lifað, ef ég kaupi bæði kaffi, mjólk og te, enn líkl. sleppi ég bæði kaffi og te, enn kaupi meiri mjólk, það er bæði kvöld og morgna. Þetta er allt leiðindaromsa, og öðruvísi enn þín góðu bréf, ég finn að vísu til þess, að ég er án ykkar; enn ég er þolinmóðr og svo nýt ég þeirrar blessunar, að hafa hér góðan vin þar sem Páll minn er; það er þó munur, að hafa þann, sem maðr getr opnað hjarta sitt fyrir og sagt allt sem í hjarta býr, heldr enn ekki; maðr er þó ekki einn.

Moriz er og mikið alúðl. við mig, enn hann og Páll eru líka vinir; það er þetta

orð vinátta, sem er svo mjög misbrúkað, góðir vinir eru sjaldan til, og það eru fáir, sem þá eiga; þeir sem kallaðir eru vinir eiga flestir ekki að kallast nema kunningjar, því að maðr veit eigi hverjum treysta má ef ábjátar og þá hlaupa þeir í felur og láta engir sjá sig, enn þá koma vinirnir kærast, er mest á liggr, og það er einhver mesta sæla, að eiga góðan vin, fullt eins góð og eiga góða heitmey, og jafnvel betri, það er reyndar nokkuð líkt og eitt og hið sama, enn þó er munur á því, sem ég get reyndar skilið, enn ekki nákvæml. útlistað, það er ekki svo að skilja, að ég viti muninn af reynslunni enn ég get fmyndað mér hann. Fyrirgefðu móðir mín, miða syni þínum, æ mun lifa mynd þín og ást í huga mínum.

Meðan sól á sæinn skín,
og sveipar jökulslóðir,
minnist hjarta þakklátt þín,
og þinnar ástar, móðir.

Vertu svo kærst kvödd af þínum heitt elskanda Finni.

Garði þ. 7. nóv 1878

Elskulega góða móðir mín!

Hjartans þakkir fyrir þín elskulegu bréf og sendinguna seinast. Það var hvað öðru betra, og held ég reyndar að mér þótti vænst um bréfin þín. Ég hefi sagt þabba allt um mig, enn nú ætla ég að segja þér um mína búslóð og búíð; höfum 2 herbergi, í öðru lesum við, öðru sofum við; rúmið mitt er gott, það er góð madresse í því, svo á ég borð í laginu eins og púlt, 2 stólar og bókaskáp með bókunum mínum í, og mig vantar nú ekkert eiginl. í neinu tilliti; við Gestr etum kvöld og morgun brauð og ost og kæfu (hún er ágæt kæfan, sem þú sendir) og drekk ég kaffi á eftir morgunmat enn te á kveldum, mjólk allra fyrst á morgnana; til miðdags ét ég hjá kellingu, það kostar 19 kr. á mánuði enn er góðr matr.

Ég fékk mér nýjan yfirfrakka bláan og heitan. Hér eru öll þægindi sem óskast geta; karlarnir þjóna manni morgns og kvelds; og að eins þeim þarf maðr að borga 4, 25 á mánuði; ennfremur er karl á daginn til sendifara; og kerlingar til þess að búa um rúmin; lestrarstofa til þess að lesa öll blöð og bækur, allt fyrir ekki neitt; bibliotek háskólans stendr opið fyrir hverjum garðbúa með ótakmarkaða bókatölu fyrir alls ekkert, svo að það er annaðhvort að maðr getr lifað eða ekki.

[...] Ég bý á 2. gangi neðst og fremst No 1, á 3 gangi búa flestir Íslendingar. Frá garði gengur maðr upp strætið og upp á háskóla, og andspænis honum er Frúarkyrkja mikið hús; rétt hjá garði er Sívaliturn, og er skömm frá að segja, að ég skuli ekki hafa nennt þangað upp enn, enn ég fer bráðum.

Ég er orðinn rændur af frjettum og færðu því bréf sem er í alla staði ómerkilegt í samanborði við bréfin þín, sem eru svo góð og elskuleg. Ég veit, að ef þú heyrir að mér líði vel, og þú mátt vera sannfærð um það, þá þyki þér nóg; og þú veist

líka, að ég muni ekki leiðast út í neitt slark og óreglu, það máttu vera fullviss um; því að þó að hér sé margir og of margir háskastaðir, þá firrist ég þá alla, og kem þangað aldrei.

Fyrirgefðu mér svo þennan ómyndarseðil; ég finn, hvað það er ómyndarl. nú í síðasta sinn sem skipið fer, og ég get ekki skrifað fyrir enn í vor seint í febr.; það fellr á mig einhver þungi við þessa tilfinningu, og hugsa þá til þess hvað verðr kannske breytt eftir 4-5 mánuði; ég óska þér elsku móðir mín og ykkir öllum góðs og gleðilegs nýjárs, og bið góðan guð að vernda okkur öll á því komandi ári, og leiða okkur eftir sinni miskunnsemi, hvort um sig að því marki, sem affarasælast sé í brað og lengd. Vertu sæl, það er í síðasta sinn sem ég kveð þig á þessu ári, enn ég hugsa því oftar til þín og ykkar, vertu sæl, vertu sæl, þess óskar þinn heittelskandi sonur.

Vertu sæl og sólin blíða
sveipi farsæld höfuð þitt,
almáttugur guð þig geymi
svo grand þig ekkert fái hitt.

Vertu sæl elskulega góða móðir mín, þess óskar þinn af hjarta elskandi Finnur.

Garði þ. 26. febrúarm. 1879.

Elskulega móðir mín!

Hjartans þakka ég þér fyrir brjefið þitt, sem er eins og öll frá þinni hendi, og ég finn hve ég er ónýtr til þess að svara þeim maklega, Í annan stað óska ég þér gleðilegs nýjárs og um leið líka farsællegs æviárs, ég mundi eftir 8. febr. og bar í brjósti þakkláta hugsun um að mér þennan dag skyldi hafa fæðst góð móðir; enn þá var líka fæðingardagr Kristjáns Þorgrímssonar, og bauð hann okkr, mér og sambyling Gestu Pálssyni, Páli Briem, Guðlaugi Guðm. og Helgi býr með Kristjáni; við átum þar og drukkum, enn hugurinn minn var heima.

Mér hefir liðið heldr vel, einskis þarfnast að því er tekr til lífsnaudsynja; því að kennslan bætir upp það sem mig vantar algjörlega. Nú á ég að fá kennslu (handleiðslu) í heimspekinni í 3 mánuði; og um mánuðinn kostar það 12-13 kr. Til þess að borga, ætla ég að biðja Elisen skraddara að eiga hjá mér 3 mánaða borgun, og þá er ég hólpinn; hann gjörir það líka því að nú verð ég búinn að borga honum 70 kr. af 130.

Smjörið mitt er ekki búíð enn, þó að báðir við Gestr höfum lifað á því; kjötið mitt entist fram að febrúar, þá tók Gestu kjöt við; svo að kjötið jafnast upp, enn fyrir smjörið fæ ég ekkert, mér er líka sama, og Gestr er fésnauðr sem ég, því að hann þarf að borga einar 15 kr í kennslu, og þar að auk óteljandi eldri krefjendr. Mér þykir vænt um, að okkar sambúð hefir geingið vel, og að hann hefir verið

einstakr reglumaðr yfir höfuð; enn nú í Marsmánaðarlok flytjum við Páll saman orðalaust, og þá hlakka ég til og til þess hefi ég alltaf hlakkað, því að Páll er minn beztu vinur og veit ekki hvað hann á að gjöra fyrir mig; ég óska mér einskis frekara enn að geta staðið nokkurn veginn við hlið hans svo lengi sem við lifum.

Einasta skemmtunin út á við er að fara á leikhúsin; enn það kostar peninga, á konungl. er það dýrast enn það er líka bezt; fyrir 50 aura minnst má fara á folke-teatrið; ég vildi að Rvík ætti annað eins leikhús og það er; afar góð og saklaus og enda nytsöm skemmtun hvort sem maðr sér gamanleik eða sorgarleik; við gamanleik og grín eins og lyftist maðr upp úr allri leiðisorg og veraldar áhyggjum og gleymir sér; og nokkuð það sama af sorgarleiknum; það eru tvær hliðar lífsins sem maðr sér; í sorgarleiknum kemur það tignarlega sorgblandna fram á svo angur-blíðan hátt að maðr viknar, og sú viknun gjörir hjartanu svo óendanlega mikið gott, þó að maðr kynni að halda annað.

Oft hefi ég hugsað heim, hugsað um hvernig ykkir myndi líða, hvernig veðrið, hvort það væri blíða eða harðindi; hér hefir verið óvanalega harðr vetr, snjór sem þó hefir tekið upp á milli, og frost mikil allan janúar og einkum þó febrúar og nú er svartr bylr úti; bara að skipið komist út 1. mars; enn við erum allir svo hræddir um að það komist það ekki. Enn því seinna sem það ferr, því seinna kemst það heim og hingað aftur; o það er svo langt, þessi tími, þangað til við fáum fréttir heiman, reyndar fengum við í f. vetr frétt með skipi að vestan, sem sagði góð veðr, og annars ekkert.

Í gærkveldi var sprengikveld enn ég held enginn hefi sprengt sig hvorki á mat né öðru; í mánaðarlok erum við garðbúar orðnir svo dauðans snauðir að það er varla hægt að upp drífa nokkurn penning, og í dag er öskudagr; heima gengur víst eitthvað á með poka og steina, meðal unga fólksins.

Varla verð ég búinn að 4 árum liðnum, ég veit ekki samt; ég vil helst vera vetrinum lengur og vera sterkari enn skemur og vera veikari; líkl. geng ég samt upp, ef ég sé mér fært, um jól eftir 4 ár.

Ég þreyi hér mitt ljúfa land
þars ljómar aldan blá blá
og sólin kyssir svalan tind
og sveima skýin há há.

Ég þreyi fold þars faðir minn
við forlög hörð á stríð og reið
og ástkær sitr móðir mín
svo mild, svo klökk og blíð.

Ó, geymdu þau mitt góða land
svo grand þau fái ei hitt
og sólin ljúfa, ljáðu þeim
ljósið blíða þitt.

Ég sendi nú heim 2 kassa, svo að segja sem tómir eru, mér þykir vest, að vera ekki svo efnaðr að geta látið eitthvað í þá, sem nokkuð væri í varið.

Eftir þessar sundurlausu hugsanir bið ég þig að fyrirgefa allt klórið, og ég bið góðan guð að annast þig og ykkir öll, og leiða okkr farsælega gegnum þetta líf; vertu svo sæl elsku móðir mín, guð gefi ég megi bráðum fá að sjá þig aftr, þinn elskandi sonur Finnur.

Garði þ. 27. maím. 1879

Elskulega ástkæra móðir mín!

Hjartanlega og innilega þakka ég þér fyrir þitt langa og góða bréf, sem ég get nú eigi goldið sem verðugt er, Ég er nú nýkominn á fætr, og póstskipið fer kl. 9 eða lítið þar yfir, ég fer þangað niðr eftir, því að þar er aðalsamkomustaðr Íslendinga kvenna sem karla, mönnum þykir einhver unun að því að sjá kugginn leggja í haf heim til Íslands sem flestir þreyja meira og minna. Jón Þórarinsson fer heim með því til þess að skemta sér í sumar í föðurhúsunum, og bið ég hann fyrir þetta bréf. Ég er búinn að setja þakka á pósthúsið með bréfum í frá mér og Páli, það sem [] er utan um það á Siggi Briems að taka; ég er alveg orðinn dauð uppgefinn á bréfaskriftum þessum; ég nenni heldur aldrei að byrja fyrir en nokkuð seint, og þarf svo að taka það allt í einu; enn þig vildi ég síst láta fara varhluta af bréfi frá mér.

Mér líðr allbærilega, er alltaf hress og frískr að miklu leyti, það er oft sem manni er hætt við kvefi hér, (sbr. fær oss oft heilsutjón, ferðaloptið). Í fjárhagslegum efnum ætla ég að segja þér hag minn. Við Páll höfum lifað á náðarbrauði (svo nefnum við brauð og smjör og ost) síðan við komum saman, og þykir bæði illt til manneldis og dýrt; líka átum við egg; enn samt er ég svo að segja sílspikaður, og er í góðum holdum og það þó á vordegi sé. Enn nú fékk ég blessaðan rysklingin (eina 3 fjórðunga) frá honum Símoni, og hann er hjá okkr blessuð búdrýgun. Enn um fjárhag minn er það að segja að heldr er þröngt um hann nú; ég er orðinn skuldugr um einar 30 kr. og fæ þó meira, því að næsta mánuð verðum við að vera hjá mánuðvetörnum og þá verð ég líka að borga Elíasi 10 kr. Matsölukerlingin á líka nokkuð hjá; ég ætlaði að hætta að borða hjá henni um tíma, enn þá bauð hún mér að lána mér, og það þáði ég. Það er allra almennilegasta kerling, og er sjálf fátæk; svo að ég er alls líkl. til þess að skulda 40-50 kr. fyrir utan það sem jeg skulda Elíasi, það kalla ég nú hálf um hálf ekki skuld, þar sem eg borga það alltaf mánaðarlega. Ég fékk nú hjá honum sumarfrakka, grámórauðan að lit á 40 kr. það er betra að hafa það, bæði er hér ryk, mikið á götum og svo hlífir það fótum manns; svo að það er ábati, fyrir mig eftir mínum reikningi; nærföt og sokka hefi ég nóglega; maðr hættir hér að ganga í nærbrókum um heitasta sumartímann; það er nú orðið allheit nú, enn þó eyi um of, heldur mikið notalegt.

Ég mun hafa síðast getið um einhvern mann sem sagði verða hjá mér í latínu, og hann var farinn að semja við mig; enn svo allt í einu tók hann upp á því, að láta

ekki sjá sig framar, og hefi ég því ekkert haft aukreitis enn ég má til þess að reyna að fá mér eitthvað þess háttar, ég er nú orðinn dálítið kunnugur Konráð [], og ég get ef til vill beðið hann um að útvega mér einhvern starfa, sem ævinlega fæst einhvern, enn það eru líka margir um það, ef það er.

Svo langt er það nú komið að við erum búnir að innskrifa okkr til examens. Jóhannes og Geir eiga að ganga upp laugard. 21, ég mánudag 23, annar í röð (milli kl. 9-10, þ.e. 7-8 eftir heima klukkunni) Páll þ. 25. Þeir eru farnir víst sumir að fá hjartslátt, enn ég fæ hann ekki, ég kætist og hugsa mér til hreyfingar, ekki með að fá þæ en jafnvel laud, heldr við að sleppa; hér meðal manna (danskra) er filosofían fyrirlitin [] og gjörir lítið til uppá legöt seinna, það er að vera komið undir því að vera inn undir hjá prófessorunum og það ætla ég að reyna. Ég ætla nú að reyna að sækja um legat sem er aðeins fyrir garðbúa, enn óvíst með öllu hvort ég fæ nokkuð.

Ég hlakka til hátíðarinnar; þar er varla hægt að fá að vera með í öllu t.d. fyrst í kyrkjunni, því að höfðingjar og sendiherrar eru látnir sitja fyrir og sömul. Þykir oss stúdentum það reyndar hart, og í morgunblaðinu var kvartað undan því, enn í skógargildinu sem haldið verðr af stúdentum ætla ég að verða þó að það kosti um 5 kr. Við svífum á gufuskipinu fram með trjápakinni ströndinni og höldum svo til skógar einhverstaðar nálægt Klampenborg, sem hér er rétt fyrir utan. Meira hérum seinna.

Segðu Gunnu, að ég hafi spurt um gullhólk og að mér hafi verið sagt, að laglegur hólkur myndi kosta 12-14 kr. Þetta sagði mér Stefán gull bróðir Jóns Steff. enn hann er svo fjarskl. gyðingr, að hann kann að fást ódýrari annars staðar.

Ekki er það að marka, þó að Mensi sé búinn að missa söngródd, það eru margir unglingar á hans reki sem komast í mútur, og verða hljóðlausir, enn fá hana víst síðar.

Það er svo fjærri því, að mér leiðist bréfin þín, svo ástrík, að mér þykir mest gaman, þegar þau eru sem langorðust og fréttamest eins og þau reyndar alltaf eru; Ég man nú ekki eftir öllu meira í svipinn, og bið þig um ætíð að fyrirgefa mér seðilinn, sem er harla ómerkil. í samanburði við þín góðu bréf. Á fimmtudaginn er minn fæðingardagr; ég ætla að hafa chocolate og bjóða Geir og Jóh. og Páll er nú náttúrl. sjálfsagðr. Vertu nú sæl elsku móðir mín og vertu viss um þín minning er mér svo dýrmæt, að engin tími mun hana fá máð, móðir kæra man ég þig, ég kyssi þig síðasta bréflægum kossi, mín í allri hryggð og kæti, og er þinn heitt elskandi sonur Finnur.

Garði þ. 6. d. júlím 1879

Elskulega móðir mín!

Hjartanlega þakka jeg þér fyrir brjefið þitt, sem var jafngott jafn snjalt og jafn langt sem að undanfögnu; ó hvað ég er hamingjusamlegur að eiga svo góða og elskulega móður (og foreldra) sem þú hefir verið og ert; ég finn nú bezt þegar ég af fjarlægðinni get ekki notið þinnar móðurlegu umönnunar, hve þú hefir verið

mér, og ég get ekki látið þar neitt í móti koma nema þöglu ástarminning og lotning í brjósti mínu sem ég get ekki með orðum málað; ó hvað ég skal vera sæll þegar ég næsta sinn fæ að hvíla höfuð mitt við brjóst þér, sem ég vona, að mér auðnist eftir eigi alllangan tíma; nú er mér unun í því, að geta fullvissað þig um, að mér líði vel í heilsulegu tilliti; og þó að ég eigi þröngt í búí með peninga, þá kippi ég mér eigi upp við það; ef ég er heill heilsu þá þykir mér ekkert að því að komast í nokkura króna skuldir, ég vona að ég verði einhvern tíma maðr til þess að borga það.

Annars fer nú að verða hægara fyrir mig; nú er ég búinn með filosofíuna og þarf ekki að greiða kennslufé í henni, það gekk allt vonum betr; Páll fékk í gær að heiman með seglskipi smjör og hangikjöt, osta og rúllupylsur og fisk; og ég á rýskling og fæ líka smjör frá síra Eggert með Dfönu, svo að nú þarf ég ekkert að kaupa hjá karli hér; og það er mikill búbætur, ég borða með Páli hans mat þó að það sé að vísu leiðinl. enn ég gjöri það hlífðarsamlega. Að vetri er víst, að ég fæ legat, og það því fremur sem ég næ í þræ í filol. og það hjálpar nokkuð.

Fólksþingið veitti 4000 kr. til bókakaupa fátækum stúdentum, og hefi ég sótt um hjálp af því, enn veit ekki enn hvort fæ, Við verðum að flytja burt úr herbergjunum um nokkrum tíma í sumar, því að það á að gjöra við þau í sumar; og flytum við þá í herbergi þeirra, sem fara heim til sín út á land.

P. 29. maí minntist ég dagsins með því að bjóða Geir og Jóhannesi og náttúrl. Páli og gefa chocolate. Geir gaf mér engilsaxneska lestrarbók og svo ekkert frekara, allt gekk sinn vanalega gang.

Háskólahátíðin gekk vel; ég var með svo að ég fékk inngönguseðil til frúarkyrkju; við komum fyrst allir saman á stúdentafélagshúsinu og gengum svo allir í processíu upp að kyrkjuni gegnum helstu götur bæjarins. Ég fékk pláss svo framarl. í kyrkj. að ég heyrði ekkert nema sönginn; enn ræðu Martings heyrði ég ekkert af, enda er blestr. í máli svo gamall maðr, mér hálfleiddist.

Seinna kveldið var ég útá Klampenborg; 4 skip fluttu oss þangað fram og aftr og var þar lystilega etið og drukkið, daginn eftir var hátíð á háskólanum, og fékk ég ekki þangað að fara, því að svo var til stilt með aðgönguseðla, að þeir sem ekki komust að kyrkjuni þeir fengu háskólann og þvert á móti ég hlaut kyrkjuna sem áðr er sagt. Þann 5. var svo aðalhatíð landalaganna (grundlovsfest) á Tivoli, og var ég þar, þar voru 15000 manns um kveldið, undur var þar lítt hægt að komast áfram. Betra um þetta allt seinna, eða í bréfi þabba.

Mér þótti einna mest gaman að skógartúr garðpíla, sem var haldinn þann 28. hann hófst kl. 2, ókum við í 2 stórum vögnum fyrst út á það svæði sem kallað er „Dyrehavsbakke“. Það er skemmtistaðr og ekki neitt vel ræmdr fyrir siðsemi; við í gegnum hann, eftir nokkura viðdvöl komum síðan að stað nokkrum, sem nefnist „Fortuna“ og drukku þar kaffi með 2 bollum; héldum svo áfram til hins fyrirhugaða staðar við Tunesjó. Þar átum við mjög góðan kveldsnarl. Síðan var sungið, þar sá ég hversu hey er hér slegið; það er sláttuvél sem er dregin af einum hesti og maðr sitr á, enn út úr til hliðar gengr ljár sem sker allt upp sem fyrir verðr við gras-

rótina. Það var gott veðr, þó að hér sé um lengstan dag, er nótt þó ávalt dimm; og það var farið að elda aftr er við komum heim kl. 2 þ, fengum við þá brennheitt kaffi, með bollu, sem prófastr gaf öllum.

Ég man nú ekki meira, sem ég þarf að skrifa þér í þetta skifti; enn vera má ég bæti enn við. Páll biðr kærli. að heilsa þér. Vertu svo innilegast og kærast kvödd af þínum syni, sem elskar þig heitt og sannarlega, og minnst þín þakklátlega til dauðans þinn Finnur.

Garði þ. 16. d. ágústm. 1879

Elskulega ástkæra móðir mín!

Hjartanlega þakka ég þér fyrir þitt, vanalega góða og langa og einkum ástríka bréf, sem ég held ekki nú fremur enn vant er, megna að gjalda, svo vel sé; og mér finnst, að það sé þær einu fréttir, sem ég get skrifað þér, það, að ég sé alltaf jafn heilbrigðr, og líði vel, svo vel, sem yfir höfuð hægt er, enn þessar fréttir fylla ekki margar blaðsíður, það sem um fram verður, er allt af sjálfum mér; ég óska þér og Guðnýju til allrar hamingju með að hún er komin í „kristinna“ tölu, eða orðin ein af oss.

Hvað hinn ytri hag minn snertir, þá er það að segja, að ég hafi breytt um matvistarstað, og borða hjá frú nokkurri Svendsen, alíslenskri, sem var gift manni, verslunarstjóra á Ísafirði, sem var faðir hinnar látnu konu N. Zimsens, hún altsvo stjúpa hennar; hún á dóttur eina, svo borða þar Jón Jónsson og Jón Þórarinss, og einn kvenmaðr til, maturinn er meiri og betri, enn þar sem ég var áðr, og kaffi á eftir og kostar alls 18 kr., enn við það er ég hjá íslensku fólki, sem ég kann betr við.

Enn fremr er ég orðinn nokkuð kunnugr hjá frú Ásgeirsson, fólkið þar er frúin, dætr 2, Guðrún (að sögn, lofuð Jóni Þórarinss, þey) og María og lítil stelpa af Ísafirði; og kom þangað nýlega með Geir, sem hafði til frúarinnar skilaboð frá „stóra“ Geir, um Jóhönnu systr hennar Geirs og lágu henni mjög vel orð til hennar, og sagðist vilja gera allt fyrir hana til þess að létta henni elliárin, þú ættir að láta Jóh. skrifa henni og láta bréfin ganga í gegnum mig; ég hefi þá ástæðu til þess að koma þangað og kynnast þar betr, þú sérð af þessu, að ég er hættir að hræðast fólk; hér á maðr líka miklu hægra að kynnast enn heima, þar sem allt var svo – einhvernveginn óþýtt og stirt, og kúladað í smámunasemi, og ófrjálst. Hér er maðr þó svo frjáls, sem hægt er, þó að hér sé (og liggi) heimsk þjóð.

Heilsaðu kærlega þeim feðgum frændum mínum, Jóhanni og Lauga, og hertu að honum að skrifa mér; þarna er smámunasemin, eins og ég muni taka til þess, þó, þó, rektu hann til þess! annars skrifa ég honum ekki, hótáðu honum með því. Sérlega vænt þótti mér um för þína austr, ég veit að þú munir hafa haft bæði gaman og gagn af henni.

Af fötum hef ég nóg, það væri helst að mig vantaði einar nærbrækr úr vaðmáls-lérefti, til þess að brúka um sumartíman, en nú er hann bráðum búinn og þá tekur að kólna og þá eru góðar vaðmálsbrækrnar, svo að ég held, að ég þurfi þær ekki

héðan af fyrr enn að vori. Þú talar um, að þið sendið mér ost, smjörið hefi ég fengið, enn ost engan, mér þykir illt, ef þú hefir sent hann, og hann hafi tapast, en annars ekkert, ég lifi annars á Páli, þó að hann sé úti í Slangerup, hann fékk mat að heiman, og fær eitthvað nú með nýkomnu skipi, sem Lárus Tómasson skólabróðir minn úr 1. bekk kom á, og verður hann hér vikutíma, og fer með sama skipinu aftr. mér þótti gaman að sjá hann.

Ekki veit ég hvort ég á að skrifa biskupi nokkuð, ég geri það þá ekki fyrr en dálítið seinna, Ég skrifa líkl. yfir England seint í þessum mánuði með Stimans skipi.

16/8) Mér hefir ekki hugkvæmst meira að skrifa, póstskipið ferr í fyrra málið, Vertu kærst kvödd, elsku móðir mín af þínum elskandi syni, sem alltaf mun bera þína minning djúpt í hjarta sér, Finnur.

Garði þ. 25.d. septbr 1879

Elskulega móðir mín!

Hjartans-ástar-bestu þakkir fyrir brjéfið þitt, það er eins og vant er, gott, langt, og fréttaríkt, mér þykir gaman að fá þær smávegis fréttir, sem þú skrifar, ég er þá eins og heima og get svo að segja alltaf fylgst með lífinu í og kringum Rvík; því að ég þekki fólkid þar meira, en það þekkir mig; og ekkert held ég yfir höfuð uppá Rvík, nei það eru aðeins nokkrir menn, fyrir utan ykkir öll, sem mér er nokkuð hlýtt til. Hitt gerði mér alltaf ef ekki illt, þá að minnsta ekkert gott.

Svona finnst mér það vera, hvort sem það er tilfinningarleysi eða ópakklátsemi eða annað verra; þegar ég kom hingað, bjóst ég við hinu sama, að ég myndi verða jafn einræningslegur og útaf fyrir mig, sem heima, enn því er öðru nær. Þeir piltar, sem ég ekkert þekkti, tóku mér vel hér, og eru góðir kunningjar mínir, þar sem sagt ég hefi oftast verið í „famiíunni“ hér, þetta ár, enn öll heima. Það er reyndar satt, að þar sem hér eru að tiltölu fáir frónbúar þá tengjast þeir nánar útaf fyrir sig saman, sakir sama þjóðernis, tungumáls og siða, og halda sinn hóp; og það hygg ég líka að sé bezt, þótt Jón rektor væri að leggja okkr ráð, þau, að koma okkr vel við danskinn; ég hygg að það sé fáir Ísl. sem geti samþýðst svo því danska, að það verði eins og danskt og danskt eða því síðr ísl. og ísl.

Og ekki hefi ég í hyggju að dveljast hér í Danm. lengur enn ég óhjákvæmilega þröngvist til að gjöra. „Mig langar, langar, langar heim, mig langar ávallt heim“, segir Jón Ól. og það býr alltaf hjá mér heimfýsn þ.e. að segja ekki svo, að ég sé ekki sinnandi mönnum eða sé neitt órólegur þar fyrir; langt frá. Virgill segir um Júnó, að hún geymi það og það „djúpt (eða neðst) í hjarta sér“, og það segji ég líka um þetta.

Eftir þenna langa leiðindainngang, sný ég mér með að aðalefni hvers bréf til þín, nfl. mér sjálfum og hag mínum. Ég er þá við góða heilsu, og jafnvel betri, enn að undanfögnu, ég hefi líka vandlega sækt böð (sjóböð og fossböð) í sumar, sem hér má fá nóg af. Ég er farinn aftr eftir svo sem mánaðarúrfelli að lesa, og tek nú

aftr til óspiltra málanna eftir póstskipið fer. Mér vantar ekkert sem stendr í nærfatalegu tilliti eða fatnaðar yfir höfuð. Sokkar og skyrtur er næstum allt hér bil óslitið eftir heilt ár, og jafnvel hálstáj líka; já, nú er liðið heilt ár síðan ég fór, það vekur hjá mér undarlega tilfinningar við að hugsa um það; skyldi líða 2 og 3 og 4, svo að stíg eigi fæti á fóstrjörð mína og sé ykkur. Það er hvortveggja til. Það er eina óskinn, að hvort sem ég sé ykkur fyrir eða síðar, þá megi ég sjá ykkur öll heil og hress sjálfr heill og hress.

Ég þakka fyrir ostinn, hann er ágætr. Hinn þann fyrri hefi ég eigi fengið, enn það gerir ekkert til. Fisk og ryskling höfum við dálítið enn, við Páll, og ísl. smjör svo að ég kaupi það ekki, það er reyndar leitt, að þurfa að liggja upp á Páli, enn það er ljúft að þiggja þar sem engar eru eftirtölurnar eða neitt þess konar. Nei við erum sem bræður; skoðanir okkar eru að vísu harðla mismunandi, en það gerir ekkert til, við erum jafnsáttir fyrir það.

Enga hefi ég fengið kennslu enn, enn nú ætla ég að tala við Thomsen, og vita hvort hann vill láta mig sinna Þórleifi, eða ekki, annars reyni ég, að verða mér úti um eitthvað þess háttar til búsdrygindis. Ég er reyndar ekki þraslindr maðr; og líkl. yrði ég ekki neinn búforkr, ef það ætti fyrir mér að liggja.

Jóh. Arnlj. er hér hjá Kristínu Jóhannesd. það er ekkert góðr staðr, enn hún hefir ekki annað; hún er víst mikið skikkanleg hér, og nokkuð snemmt þykir mér það, sem þú drapst á. Ég vil ekki fara orðum um það meir hér. Lesið þið ekki öll hvers annars bréf?

Mér þykir vænt um, að þið gátuð tekið Valgerði gömlu; það er ævinlega betra, að vel fari um þá gömlu, og þeir séu í góðra manna höndum, einkanl. ef goldið er með þeim, ef þið eruð þar að auki búinn að fá launaviðbót, þá er það fyrst þolanlegt líf, sem þið hafið núna; og ég get ekki sagt, hvað ég er ánægðr ef ég veit, að þið þurfið ekki að lifa við sult og seyru, eða allt of mikla búksorg, sem helsti opt kemr illu einu á stað.

Ég man ekki eftir meiru í bráð, það getr verið ég bæti við. Ég bið kærll. að heilsa Jóh. gömlu og kunningjunum (?), ég kveð þig svo elsku móðir mín með hjartans heitustu óskum um, að þér vegni vel og svo vel sem hægt er, þess óskar þinn elskandi sonur Finnur.

Garði þ. 5. d. nóvemb. 1879

Elskulega hjartkæra móðir mín!

EKKI MISSIR SÁ SEM FYRST FÆR. ÉG BYRJA NÚ Á ÞÉR TIL ÞESS AÐ ÞÚ FÁIR MIG ÓÞREYTTAN AF BRÉFASKRIFTUM, OG ÞAKKA ÉG ÞÉR ÞÁ FYRST FYRIR 2 AÐ VANDA ÁSTRÍK OG MÓÐURLEGA ELSKULEG BRÉF, HIÐ SÍÐARA (MEÐ FÖNIX) FÉKK ÉG Í RÚMIÐ, Þ.E. RÚMIÐ Á FRIÐRIKS-SPÍTALA, ÉG FÉKK NEFNL. MISLINGANA Þ. 19. F. M. (Á SUNNUDAGSKVELD), LÁG HÉR HEIMA 2 DAGA OG VAR FLUTTR Á SPÍTALANN MIÐVIKUDAGINN EFTIR SKIPAN GARÐLÆKNIS VORS, SEM ÉG LÉT SÆKJA TIL MÍN. ÞAR LÁG JEG SVO 10 DAGA (12 DAGA ALLS); VAR ÞÓ Á FÓTUM SÍÐUSTU DAGANA OG KOM ÞAÐAN Þ. 1. Þ.M. (LAUGARDAG). ÞAÐ VAR FJASKAL. LEIÐINLEGT AÐ LIGGJA ÞAR ÚTI; ENN

það var betur að ég varð hér um bil ekkert sjúkr, dálítið heitr meðan mislingarnir voru að brjótast út, og augnverkir fyrri vikuna. Jón Þórarinnsson lág líka í þessu og Jón Jónsson. Jón Þór. kom út daginn eftir mig, enn Jón er ókominn enn; hann hefir líka brjóstveiki. Ég er fjarskalega feginn að vera búinn að úttaka þá, enn nú eru hinir eptir lafhræddir; enn ekki eru þeir þó smittaðir enn. Fólki leggst hér hrönnunum saman í þeim; ég græddi nokkura skildinga á því, því að þar fær maðr leguna ókeypis.

Mislingarnir eru allra mesta óféti og mér leiddist ákafl. Ég var líka einn Íslendingur í stofunni; hinir voru heyrnarlaus karl og apoplektis, mállaus annarr, 2 strákar og sænskr skipstjóri sem dó osfrv. svo að það var ekki uppbyggilegr söfnuðr, og svo maturinn, ég gat ekki einusinni hlakkað til matarins þegar hann kom; kl. 6. á morgnana var maðr vakinn og látin þvo sér og greiða og fékk heitan mjólkurbolla, og það var ekkert á móti því, kl. 9-10 kom morgunmaturinn, eitt franskneskt brauð (helmingi minna enn það heima) og mjólkurbolli. Hvaða matr handa mér! og til miðdags eitthvert lins saup (!) og þarabýrsklingur, sem ég hvorki fyrr né síðar hefi getað etið, ég leifði nokkurt og þeir héldu að það væri af veikindum, (!); enn svo seinna er ég var búinn að fá aftur þennan reglulega hita og misl. hurfu, fékk ég betri miðdegismat, þetta var „feberkostr“, og til kvölds kl. 6 sama og um morguninn, og punktum.

Nú er ég orðinn góðr aftr, og hefi lifað eins og greifi síðan; í dag var ég úti hjá Kristínu Krabbe; hún biðr að heilsa kærlega. Þeir eru skemmtil. Drengirnir hennar, ég man ekki hvort ég hefi skrifað þér nokkuð þar um áðr; elstr er Ólafir, gáfulegur og mikið lagleggr, og sem maðr segir sinnuggr; hann les hjá mér í kvöldvökunum og skrifar íslensku; ég ætla reyna að gera hann góðan. Þá er Jón; hann er fjörmeiri og lítir út fyrir að vera harðvítuggr og ókærinn en gáfulegr; honum kenni ég að stafa í kverinu hans pabba; hann kemst bráðum upp á að lesa. Þorvaldr yngstr, og er ekki farinn að læra neitt, undarleggr og nokkuð þybbinn; mjer kemur ekki á óvart verði hann það, sem heimurinn (NB ekki ég) kallar sérvitur, enn all greindarleggr og hægr, og hefir skap.

Já, miklar eru giftingarnar heima og margar; það er öðruvísi þar heima enn hér, hér þykir óráð að gifta sig, nema því að eins að maðr sé vellríkr eða þá hafi fengið fullgott embætti; enn heima giftist allt hvort sem það hefir nokkuð eða ekki neitt, það um það.

Já, ég hefi ennfremur gleymt að þakka þér fyrir sendinguna, kæfukassann, o, hún er inndæl, og vetlingarnir, þeir eru mikið góðir. og komu sér vel, því að hinir frá í fyrra voru orðnir lasnir; ég veit ekki hvort ég sendi þá núna heim eða ekki. Ég hefi keypt mér (í gær) nýja skó, ég sagði þegar ég kom út af spítalanum:

Illu skæddr er eg nú
allvel græddr meinum
allvel klæddr, allgott bú,
einnig gæddr von og trú.

og svo komst ég ekki lengra, bættu við. Nú er ég þó í góðu líkamlegu ástandi, og sálin leitar sér fróðleiksauðæfa í fornum fræðum, sem henni þykir mest gaman að, svo að höfuðsumman verður heldr góð. á mánudaginn er kemur byrja ég kennslu hjá Thomsen, kenni Ditlef eins og í fyrra latínu og ísl. 3 tíma alls á viku, og verður það góðr styrkr. Ég ætla að sækja núna um legat (20 kr) sem er ekki ólíkl. að ég fái, enn að minnsta kosti fæ ég í desember legat eða eftil vill legöt. Ég er að reyna að koma mér í mjúkinn hjá Ussing sem miklu ræðr, hann hreint elskaði Sig. slembi.

Ég get ekki ritað þeim litlu neitt núna eða Guðnýju, enn segðu þeim að mér þyki allt eins vænt um þau fyrir það, þó að ég skrifi þeim ekki fáeinar línur, og kysstu þau fyrir mig með ástkærri heilsan frá mér. Ég skal reyna að rita þeim nokkurar línur með janúarpóstinum, sem líklega verður að fari heim til fróns, um það leyti; ég hlakka til að geta fengið fregnir að heiman t.d. í febrúarmánudi.

Páll biðr kærlega að heilsa ykkur öllum, ég bið þig að bera kæra kveðju mína Helga bróður og Lauga frænda og foreldrum hans osfrv. Vertu svo elsku, móðir mín, kærast kvödd af syni þínum, sem ann þér með allri þeirri sonarlegu ást, sem unnt er, vertu sæl, þinn Finnur.

Garði þ. 3/3 – 1880

Elskulega ástkæra móðir mín!

Hjartanlega þakka ég þér fyrir bæði bréfin þín, annað með Fönix hitt með spánar skipinu, það fékk ég þó ekki fyrr enn Fönix var farinn, og þótti mér leitt, að geta ekki sagt ykkur það; enn ég varð svo hjartanlega glaðr og ánægðr yfir því, að vita, að öllum liði vel, eða svo vel, sem yfir höfuð hægt er, elsku móðir mín, ég held þú verðir á hakanum með bréf langt og gott frá mér núna, bæði er lítill tími fyrir oss að skrifa, í öðru lagi hefi ég tíma á háskólanum, sem ég þarf að lesa undir, þriðja lagi varð Páll hastarlega veikir af taki undir vinstri síðunni á mánudagkveldið og lá með stunum þá nótt og í gær, enn nú var hann betri í nótt og í dag, enn var þó fluttr á spítalann, því að þar er þó betri hjúkran enn hér heima því að hér fæst svo að segja enginn notalegr matr fyrir sjúkling, ég vona að, það verði ekki langt eða strítt takið og að honum batni bráðum aftr, enn nú má ég til þess að búa um alla hans þakka fyrir hann í kveld, og rita fáeinar línur heim, því að það getr hann ekki sjálf. Enn þó að bréf mitt verði ekki langt, þá veit ég, að þú lætr þér nægja með þær fréttir sem þú færð af sjálfum mér, eins og líka mér er mest um hugað að fá að vita sem fyrst hvort allir eru á lífi og með heilsu, og ég get þá sagt, að mér líði yfir höfuð að tala mjög vel; ég hafi góða heilsu nú, ég var kvefaðr um tíma og svo fékk ég aðkenning af mínum gamla höfuðlasleik, sem ég hefi þó hrakið brott með fossböðum og daglegum gangi oft á dag, sem mér er líka nauðsynlegr; það er heldr ekki til þess að halda út, þessi þokumugga með slagningi og bleytu svo vikum skiftir.

Nú hefi ég loksins fundið, eða öllu heldr þær mig, erlendsdætr, ólöf, þrúðr og

anna, mér falla þær vel í geð; ólöf er gáfuð og hagamælt, þrúður er líka gáfuð og skörp víst, enn báðar ríklundaðar nokkuð; anna er víst greind líka; segðu mér hvaða álit þú hafðir á þeim; og fólk heima; þær eru laglegar saumakonur; Þrúður heldr víst brúðkaup í sumar, og þá má nærri geta, að ég verði með, ég kem til þeirra að jafnaði; og þykir gaman að spjalla við landa;¹ mér rennur stundum til rifja, að ganga um allar götur hér án þess að sjá nokkurt kunnugt andlit, og í annan stað er mér ekki um, að komast í neitt náð félag við neina danska familíu.

Mínar ytri ástæður eru fremur góðar, eða að minnsta kosti hafa eigi hingað til verið betri; hjá thomsen fæ ég svona 9 kr á mánuði, hjá frú krabbe á 3, og hér hjá danskri familíu, Jassen, ég kenni latínu 2 tíma í viku 50 aura um tímann þótt lítið sé; svo að tekjur mínar alls eru um 55 krónur, og er það nóg og of mikið ef ég hefði ekki verið orðinn smáskuldugr áðr, sem ég þarf að borga nú. ennfremur var ég svo heppinn að ná í bókaletgat, sem ég fékk 50 krónur af, 2 fengu 75 krónur, og svo var ég næstr, halldór daniélsson fékk 40, og sigurður ólafsson frá hjálmholti 13 kr, sem voru leifar. páll og jóhannes hafa hvorr fengið eitt lögfræðingalegat (70 kr. hvor) til þess að kaupa lagasafn sem kostar 120-60 krónur. einu sinni fékk guðm. þorlákss. mér 10 krónur upp í það sem ég hjálpa honum með söguútgáfuna, sem því miðr ekki er fullbúin enn; og svo hefi ég samið registr yfir sögurnar, sem er rétt að segja örkr prentuð og á að fá einar 30 kr. fyrir, þaraf ganga 12 uppí 2 ára tillag, og þá held ég að hlunnindi mín sé talin, enn satt er það, að hver eyririnn kemur sér vel í minn pung.

Mikið er að fréttu og margt er að heyra úr rvík, og gaman væri að vera horfinn heim þótt ekki væri nema svo sem dagstund og hvað meira, því betra, þá mætti ég segja margt, sem er ekki til neins að setja á blað og einnig munduð þið segja mér margt sem þið ekki getið ritað; enn slíkt (samtal) verður líkl. að dragast til seinni skipanna og verðum við að láta okkr nægja með línurnar, og þakka fyrir, að þær geta farið okkar í meðal.

Ég var úti hjá Krabbe í gærkveldi, því að það var fyrsta þriðjudagskveld í mánuðinum marts; þar voru þó ekki fleiri aðkomandi enn guðni Guðm. og ég og dr. Kálund; allt var kátt; frúin biður ósköp vel að heilsa ykk öllum; hana langar til að koma heim, enn hún getr það ekki fyrr en kannske seint og síðar meir.

1 Samskipti fjölskyldunnar við þær Erlendsdætur virðast hafa verið töluverð. Þær reyndust Finni vel á námsárum hans í Kaupmannahöfn og tóku Guðrúnu Borgfjörð ekki síður vel þegar hún dvaldist í Kaupmannahöfn árið 1883. Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún: „[...] kom ég með Finni til íslenzkrar konu, sem hét Þrúður Erlendsdóttir frá Akureyri. Hún var gift snikkarameistara, sem hét Peter Therp. Halldór læknir Gunnlaugsson kvæntist seinna dóttur þeirra, Önnu, sem þá var ekki í heiminn borinn. Þrúður tók mér eins vel og ég væri systir hennar eða náskyld. Hún átti tvær systur, sem voru búsettar í Höfn og lifðu af því að sauma í húsum fyrir fólk. Eldri systir-in hét Ólöf, afbragðs vel gefin stúlka, en sú yngri hét Anna, og kölluðu þær sig Erland. Anna kom nokkrum árum seinna til Akureyrar til að stunda móður sína veika. Til þessara systra kom ég oft og var ævinlega velkomin.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 143.

Ég sendi ekkert heim núna af gömlu, eða öllu heldr hefi ekki tíma til þess að taka það til og búa það út; það er líka fátt sem ég brúka ekki enn; ég brúka þó mjög sjaldan gráu vaðmálsbrækrnar og frakkann og klæðisfrakkann, ég er að hugsa um að láta gera úr honum kjól, er það hægt? Það er oft þægilegt, að hafa hann, og þurfa ekki að lána slíkt dýrum dómum, þá sjaldan sem (ó)siðrinn skipar að klæða sig svo auðhælislega. sokkar og skyrtur eru hér um bil allt í góðu standi.

Ég hætti nú um sinn, það getr verið að ég auki við á morgun, því að skipið fer ekki fyrir enn kl. 3, þar sem það annars fer kl. 9.

Vertu nú blessuð og sæl ástkæra móðir, guð gefi þér og ykkur öllum alla ánægu, sem þið æskið ykkur, og gefi oss öllum að sjást eftir eigi of langan tíma. Vertu kvödd af sonarlegri ást þíns eigin sonar Finns.

Garði þ. 14. d. janúarm. 1880

Gleðilegt nýjár elskulega ástkæra móðir mín!

Ástsemdar þakki fyrir bréfið þitt, sendinguna og allt þitt móðurlegt ástríki mér til handa, sendingin kom mér náttúrl. mjög vel, enn eina vænst þótti mér um nærbrækurnar, já og svo peningarnir frá þér og séra matta, mér þótti vænt um það; og varð stórdagr, því að um það leyti fékk ég líka legat (schoele legat) 20 krónur einu sinni, það var gott í bráðina enda þurfti ég þess líka með þótt meira hefði verið, nú hafi ég enn sótt um nýtt bókalegat og fengið sérstaka meðmæling til þess frá Gísla Brynjúlfssyni hvort sem hún dugar nokkuð eða ekkert, víst spillir hún ekki, hann er í engu sérlegu álitu hér hjá neinum hvorki íslendingum né dönum og það hefir hann fyrir sinn vindhanaskap.

Ég hafði komið heim til hans, hann er giftr danskri konu, sem er trúí ég gáfuð, svo er móðir hans hjá honum víst átræð og anna magnúsdóttir thorlacius, sem gengur hér á einhvern kvennaskóla, greind og skáld, lætr best að yrkja á dönsku segir hún. svo hefir hann uppeldisdreng 5 (?) ára, sem sumir seyggja, að sé sonur hans, hvað sem satt er í því. mér hefir liðið mjög vel; á aðfangadag jóla var ég úti hjá Krabbe, og skemmti mér mjög vel, við spiluum og átum og drukkum vel; reyndar var það þunnt, sem ég drakk, ég læt frána alltaf blanda mér púns, hún kann það að blanda handa mér.

Jón Þórarinss. og Guðni voru þar, við keyptum jólagjafir handa strákunum ómerkilegt á 50 aura basar og urðu þeir kátir við, á jóladaginn var ég og geir boðnir til konráðs gíslasonar, við fórum kl. 3 og borðuðum til middags og svo var ekki að tala um annað enn vera til kvelds líka; hann var kátr og skemmtilegr; talaði um alla heima og geima, gamlar skólasögur og grínsögur og svo lærða hluti á milli; Konráð vill hjálpa upp á mig með öllu móti þó að hann ekki hafi sagt mér það beinlínis; hann vill t.d. koma eiríki jónssyni í stað jóns sig. sem archivvar og koma mér svo aftr í stað hans sem stipendiarius arnamagnusanus, og þá fengi ég 400 kr. um árið auk garðs, enn meðnefndarmenn konráðs vilja ekki eirík, og ég er að spekulera í að verða á einhvern hátt laus við hann, hann hefir stundum verið ákafir í að

komast heim, og verða nú heimspekikennari á eftir snakkaranum. verði það þá er það vatn á minni myllu, því að ég stend næst til þess hér nú sem stendur. á gamlárskvöld var ég svo hjá Thomsen kaupmanni, þar var Þórhallr og systir hans laufey og bertel ofl. þar skemmti ég mér líka mikið vel.

Thomsen er allra besti maðr í viðkyningu og allt öðru vísi, enn ég hafði ímyndað mér hann, ég hálfkveidd að komast þar í húsið, Sonur hans er eins; það er líka munur að eiga við það fólk sem hefir verið heima á fróni, það er ekki eins vitlaust og bomerað eins og hitt pakkið, sem ekkert veit og ekkert skilr. Thomsen hefir „opið hús“ á föstudagskvöldum og koma þá allir þeir sem vilja og eru honum kunnugir, ég hefi ekki getað notið þessa fyrr enn nú vegna tíma minna á háskólanum enn nú hefi ég verið þar einu sinni og verð þar framvegis; sömul. hefir dr. Krabbe einu sinni í mánuði „opið hús“, og er ekki talað um annað enn að ég komi þangað í hvert skifti, hún, frúin, hefir skipað mér það, og mér er það heldr, ekkert á móti! ég baslast, það er ekki hætt við öðru, svo framarlega sem ég nýt heilsu minnar.

Vænt mun þér þykja og ykkur að fá bréf frá okkr svona snemma árs móti vanda; jú, þetta varð úr að skip færi heim, alltaf fer, oss framm, lengi var hér verið að útkljá málið; og higg ég að það sé tryggva mikið að þakka; oddgeir stefensen og nellemann voru með því, ég get ekki sent neitt núna gamalt af mér enn geri það líkl. næst, ég hefi lítinn tíma, því að janúarm. höfum við frían frá háskólastörfum, og því verð ég að nota hann vel, og skrifa engum nema ykkur, fyrirgefðu mér seðilinn, elsku besta móðir mín, ég kveð þig með öllum bestu sonar óskum, Finnur.

Garði þ. 16. d. aprílm. 1880

Elskulega ástkæra móðir mín!

Hjartans bestu þakkir unni ég þér, bréfið þitt síðasta, og sendinguna, sem kom sér mjög vel; því að nú fara hitarnir að koma, og þá eru ullarbrækr ofheitar, enn stólblækr góðar; það eru reyndar margir hér, sem ganga í einum brókum um sumrum, enn það er mér ekki um, sokka hefi ég nóga og skyrstur líka, enn kragar mínir voru farnir að fynrast, enda ætlaði ég að kaupa mér nýtt í stað hins úr sér gengna, því að nú hefi ég vonum bráðar nokkur peningaráð. og sem stendur, er ég í örlitlum skuldum, og er þær dragast frá, þá á ég allmikið eftir.

Ég get heldr skrifað um það næst, enn ég hefi unnið mér inn ekki svo lítið með prófarkalestri, frá síra Eiríki 10 kr fyrir Hersögu Gísla Hjálmarssonar, enn þær skuldaði eg Páli frá því í fyrra; svo hefi ég samið registr við sögunar eina örk fyrir 32 krónur, og lesið aðra próförk af sögunum, sem ég tek 1 kr. fyrir og það verða 16 krónur til, enn bókmenntafélaginu skulda ég eftir 18 kr. svo les ég prófarkir af Andvara sem verðr um 10 arkir og 4 kr. fyrir örkina, og seinasta mánuð hafði ég þau ráð, að ég keypti borðdúk í sameiningu við Pál og nýja húu fyrir 4 kr. því að hin gamla var orðin tvævetra og slitin, og ekki brúkandi nema í illviðri.

Annars minnka nú mánaðartekjur mínar að minnsta kosti þennan mánuð, því að

sonr Thomsens er kominn í látínuskóla, og sagði Th. mér því um mánaðarmótin, að nú þyrfti hann eigi meiri latínukennslu hjá mér, og kvaðst hann vilja sjá svo sem hálfan mánuð hvernig honum gengi í skólanum, og láta hann svo byrja aftr á íslensku hjá mér 2 tíma á viku; enn ég hafði eiginl. engan skaða á því, því að hann fékk mér 12 kr í stað 7 króna, sem mér báru fyrir marz; enn ekki hefi ég fengið enn boð frá Th. um að byrja aftr, og ætlar hann að fara nú heim með póstferðinni, svo að ég vonast eftir seðli frá honum, á hverri stundunni; og hjá Krabbe er fríða litla hætt að sinni með kverið, og ég kenni því að eins strákunum og fæ mat fyrir; enn að vetri á ég að kenna fríðu bæði kverið upp aftr og ísl réttitun eða eitthvað því um líkt. Þetta er nú ekkert orðið nema matarmál og búsmauksrolla, enn af því að ég veit að þér þykir ekkert svo smátt, er mig snerti, að þú viljir ekki heyra það, þá tel ég þetta upp.

Annars líður mér vel að öðru leyti, hefi svo mikið að gjöra, að ég hefi ekki tíma til þess að skrifa öðrum enn ykkur, enn það fer líka skip bráðum aftr, ég bið því að heilsa öllum, sem ærðast eftir bréfum.

Páll er orðinn heilsugóður aftr, að því er sýki hans snerti, enn nú hefir hann höfudverk, sér til ílls og mér til ergelsis, enn hann moltnar þegar úr að vonum.

Í dag kom Norðurskiöld úr sínum lang„vegferðarreisutúr“ og hafði verið múgr og margmennni niðr við skip að taka mót honum enn ég fór hvergi; danskir gunnfánar eða heldr fríðfánar hafa blastað á hverri stöng á hverju húsi, og bráðum á að verða stórkostlegt át hér, og kostar ekki nema 125 krónur fyrir hvern, ég býst við að við smámennin verðum þar ekki með að fá oss í belginn, enn verðum að láta oss nægja með 1, 25, eða þaðan minna.

EKKI hefi ég verið oft á leikhúsinu í vetr enn þó nokkurum sinnum, og ég hefi gert samning við jón jensson um að fara næst, sem fást verður leikinn, sem er nafntogað söngstykki. Vökufélagið hefir safnað fé, og förum við á leikhúsið fyrir, og nú hefir því safnast aftr, með því líka að voru 25 kr. í lotterí nýlega, og var nýbyrjað að spila.

Ég er á sunnudagskveldum oftast hjá þeim Erlendssystrum, og les eitthvað fyrir þær, því að þær fá og hafa svo lítið þess háttar einkum íslenskt, og þær eru mikið viðkunnanlegar. Ekkert íslenskt fólk hefi ég komist í kunningskap við frekara.

Nú er styttra fyrir Jóhönnu Geirs að rita systr sinni, því að hún er nýfarin að stað heim til Ísafjarðar. Gott eiga þeir sem geta skroppið landa á milli. Nú er það nokkur hugnun að hafa ísland á pappírnum fyrir ofan borð mitt. Ég get ekki timbrað saman neitt núna, sem gæti jafnast við þínar góðu vísur. Um leið og ég óska ykkur góðs og gleðilegs sumars og farsællegra vetrarloka kveð ég þig með öllum bestu sonaróskum, þig elskandi Finnur.

Þú verður að fyrirgefa mér þennan ómyndarseðil, elsku mamma mín, ég er hálfilla upplagður núna.

Ástkæra elskulega móðir mín!

Hjartans þakklæti inni ég þér fyrir hið síðasta bréf þitt, sem að vanda var ást-úðlegt og umönnunarfullt, og fróðlegt. Mér líður vel bæði með tilliti til heilsu og fjár; ég hefi unnið mér inn töluvert, eins og ég hefi ritað áðr; svo að ég eigi aðeins losa mig úr öllum skuldum, sem ég var í, heldr kaupi mér nú ýmisl. t.d. regnhlíf, sem ég hefi ekki átt áðr; bækr er verið að binda fyrir mig uppá 20-30 kr, sem ég get borgað allt í einu, svo hefi ég nú tekið að mér útg. fornsöguheftis, sem verður varla minna enn 12-15 arkir, og ekki minna enn 32 kr. fyrir örkina; enn nú sem stendr hefi ég einga kennslu og fæ líkl. ekki fyrr enn að hausti, enda hefi ég nóg í sumar með sögurnar sem eiga að koma að vori.

Fatnaðr minn er í góðu lagi, nema eitthvað einir sokkar eru orðnir svo þæfðir og rifnir, að þeir eru orðnir ónýtir; ég sendi þér bolina við tækifæri. annars hefi ég nóg af öllu, og nú er ég með fyrstu smjörkrúsina af 2. töflunum frá séra höskuldi, svo að ég er ekki á nánösinni, þar, og ket á ég enn nóg eftir; mig háflangar í fiskbita á milli; enn hann fæst víst varla um þessar mundir. Ef þig langar til, að fá eitthvað héðan, sem þú færð ekki heima, góða mamma mín, þá segðu mér það. Ég sendi þér nú bréfaveskið; það átti að kosta 3,00, enn ég fékk það fyrir 2,75. verði mensa að góðu. Það er farinn að koma í mig fæðingardagsfögnuðr (hann er á laugardaginn kem.) ég hefi hugsað mér að bjóða þeim þremur (Páli Geiri og Jóh.) að drekka með mér einn bolla af chokolade á stað sem er norðr við vötn hér þvert í gegnum borgina, og heitir Café de lac = kaffistaðurinn við vatnið, sem ég því kalla sjóbúð, og ætla að gefa þeim mynd af mér; þessi mynd er alveg eins og ég í alla staði; það er best að eyðileggja þá gömlu; af þessari getið þið fengið fleiri með tímanum, ef þið viljið og segið til.

Ég hefi spurt mórítz spjörunum úr svo nákvæmt eftir lýsing þinni á sjúkdómi gunnu, sem hægt var; hann sagði, að það vantaði að geta umm tíðir, hvort þær væri í lagi; hann sagði að það væri eigi hægt að segja með vísu, hvaða sýki þetta væri, enn við hverju fyrir sig, sagðist hann geta ráðlagt, og það er þá sem fylgir: Fyrst er að sjá um hvort hægðir sé góðar og laga þær, ef eigi eru. Hérmeð fylgir receipt uppá Pill. Blancardi og á að fá þær þar eptir, og taka 2 inn kveld og morgun, alltaf meðan veikindin eru við verk og mæðinni. Mikstúruna líka eftir fylgjanda ‚recepti‘ á að brúka að eins þegar hóstarkviðurnar koma (á nóttu eða degi) 40 dropa í einu. og ef andþrengli eða hósta ekki (eða hóstamá) kemr þá að taka inn 10 kamfóru-dropa, þó eigi meira enn 20 dropa alls á dægri.

Ennfremur fylgja hér með pillur kraftstyrkjandi er af á að taka 2 á dag, og er þær eru búnar þá eina teskeið af meðfylgjandi röhórausedropum í vatni 3. á dag. það er auðvitað, að inntökurnar verða að haga svo, að þær sé ekki hvað ofan í samt, heldr með nokkuru millibili.

Ég vildi að eins óska þess, að þetta dygði og hjálpaði gunnu, því að það getr ekkert hugsast leiðara, enn að dragast alltaf hálfveikr á fótum, og geta ekkert gert

svo að maðr beiti sér, heldr eins og allt með hanganda hendi. (Í þessari lyfjagjöf er gengið út frá því, að enginn sé uppgangr né blóðspýtingr).

Nú er komið sumarið úr suðrátt, enda finnst mér sem umm mig fari einhver fjörgari lífsblær og hugr minn lyftist hærra, þegar ég sé himinsins hátígnarlegu djúpbláu heidi, og sólina skína svo lífvænlega, grösin gróandi og fuglana eins og kveðandi einhver nýfæðsluhjóð.

Ég er orðinn syfjaðr, og vil ég því ekki fara út í meiri háfleygissálma, þú færir kannske að dotta líka; enn ég man nú ekki eftir neinu meiru markverðu að rita. Ég gæti raunar ritað umm hitt og þetta óþrotlegt mál.

Þær systir biðja kærll. að heilsa ykk. Páll sömul. hann er nú hér umm bil orðin vel brjóstheill aftr. Vertu svo sæl, elsku móðir mín, vertu kærst kvöð af þínum þig heitt elskanda og af hjarta unnanda þínum eigin litla Finni.

Garði þ. 11. d. júlím. 1880.

Elskulega ástkæra mín!

Hjartans bestu þakkir fyrir bréfið þitt, sem ég las með sömu ánægju og ástartilfinning sem öll þín undanfarin. Á bréfum löngum og góðum átti ég von með skipinu, enn hitt varð ég líka að játa, að þessu átti ég ekki von, að mér væri „sendr“ kvenmaðr. Mér kom það reyndar alls ekki illa, og það er mér sönn ánægja, að geta orðið Siggú að einhverju liði, þó að þetta með Guðl. sé eins og það er, og ég geti eigi bætt úr því. Meir um þetta í gunnubréfi, sem ég sendi með næsta Stimon, og kemur fyrir heim, enn þessi bréf, enn það er af því, að ég vil láta hana vita allt sem fyrst; Sigríðr skrifar henni líkl. sjálf með því; þá kemr nú líkl. saga mín í fáum orðum.

Mér hefir yfir höfuð liðið vel nema hvað ég fékk höfuðverkiskast fyrir 2 vikum, svo að ég alveg hætti umm tíma að lesa og er nú orðinn jafn góðr aftr. Ég tók mér þá þegar sjóböð nokkur, og fann ég töluverðan bata á mér við. Ég hugsaði mér því það snjallast, að fara í garðlækni, og spyrja hann ráða; hann ráðlagði mér, að halda fram sjóböðunum, enn ég kvaðst eigi hafa efni á að kaupa mér þau, og gaf hann mér því attest uppá, að ég þyrfti þeirra. og svo borgar Garðr það; ég læri líka umm leið sund hjá karli, og gengr vel; ég er núna nýkominn frá honum, og hældi hann mér mjög fyrir præstatióninga; fyrir það borga ég 5 kr. Ennfremr ráðlagði lækningurinn mér járnpillur, og bannaði mér að lesa nokkuð 1^{1/2} tíma fyrir svefntíma; og að lesa meira enn 6 tíma á dag, og fylgi ég því trúlega. ennfremr hefir Mórítz ráðlagt mér að drekka 1 pott af undanrenning á dag, og geri ég það; það kostar ekki nema 6 aura pt. og sparar mér kaffi. Ég hefi sömu kennslu hjá Krabbe, var þar í gær; frúin biðr kærlega að heilsa ykk. Ennfremr hafði ég hjá Thomsen sömu kennslu þenna mánuð, sem áðr. þ.e. aðeins 2 tíma á viku í íslensku. Svo er ég og farinn að fást við fornsögu heftið og fæ 32 kr. fyrir örkina prentaða; enn það verðr ekki fyrir enn umm nýjár í vetr, að það verðr fullbúið.

Enn ef mér liggir á fé í svipinn, þá fæ ég lán hjá kunningjum mínum, ég er kunn-

ur að reiðilegheitum í peningal. efnun. svo að þeir þora að lána mér til lengri eða skemmri tíma. Það er satt, ég þakka þér innilega fyrir sendinguna síðast, bræknar og sokkana og skildingana. Þú hefir haldið, að það hafði verið dýrt fyrir mig þetta, sem ég sendi, nei, móritz gaf mér pillurnar, og róbráuce droparnir kostuðu aðeins 80 aura, svo að það var ekkert kapítal. Ég vil ekki að þið séuð að senda mér skildinga; ég veit, að þið þurfið alls með þess háttar.

Ég er nýkominn úr íslenskutíma frá pilti, sem á morgun á að taka stúdentspróf; og það mig umm að hafa nokkura tíma með sér áðr, hann er ærið þunnr.

Nýlega var hér afhjúpað líkneski H. C. Andersen ævintyrskáldsins fræga; það stendur í garði sem heitir Kongens have; þar leika sér að jafnaði mest krakkagrúu og þess vegna þykir það hæfa, að hann, barnavinrinn, væri þar meðal þeirra; ég var einn af þeim fáu, sem var svo heppinn, að fá inngönguseðil til þess að vera við hátíðina; þar var allt konungshyskið, og sá ég það því einkar vel. Þjóðþingsmaðrinn, íslandsfjandinn Bille, hélt ræðuna sem var fremur þunn; það var ekkert við hana, að minnsta kosti.

Það er óhætt að láta sendingar í bókmenntafélagskassan til mín, því að ég verð við; eða get komið þangað, jafnskjótt sem kassinn er kominn þangað; sendill félagsins hefir líka áðr komið með til mín, hafi það verið eitthvað.

Vertu nú kærast kvödd, elsku hjartans mamma mín; og fyrirgefðu þennan eymdarseðil. Lifðu ætíð eins vel, og ég get óskað, og að minnsta kosti, eins og hægt er, meira verðr eigi krafist. Vertu sæl, þinn af hjarta elskandi eiginn sonr Finnur.

Garði þ. 28.d. júlím. 1880

Elskulega góða móðir mín!

Ástar þakkir fyrir bréf þitt, og sendinguna sem mér kom næsta vel í þetta sinn sem að vísu alltaf allt, sem heiman kemur þess háttar. Nú sem stendr hefi ég ekkert af ísl. matnum nema fiskinn og smjör; enn með því að ég borða góðan miðdegismat og drekk pott af undanrenning á dag, þá lifi ég ekki ílla; svo et ég egg þegar mér býðr svo við að horfa. Peningar eru litlir nú sem stendr; vorpeningar mínir voru búnir og sumarið þarf aukagetu; maðr getr ekki verið svo inni í bæjarsuddanum í blíðu góðviðri svo að maðr ekki vilji lifta sér upp, og fara út í skóginn, og það þarf allt saman peninga, þó eigi sé mikið í einu.

Hitinn hefir verið afarmikill, og rétt óþolandi jafnvel inni; það er best þegar maðr er í sjó og eru í honum þó 15 mælistig og þar um bil. Það sem nú helst kæmi vel heiman að væri vaðmál í utanyfirbrækr; helst hvítt og ósniðið, ég léti sníða og sauma hér. Ég get reyndar fengið nóg hjá skraddaranum mínum, enn af því að ég skulda honum nokkuð og læt oft hjá líða að borga honum, mánuð og mánuð, þá vil ég ekki taka meira fyrst um sinn; ég á reyndar ein föt, svo að segja óslitin, enn fari maðr að ganga í þeim þá eru þau ekki lengi að fara; ég má reyndar til að vera í þeim í sumar; því að í hitanum má maðr til að vera þokkalega til fara úti; á vetrum er öðru máli að gegna, þá hefir maðr yfirfrakka og þá er skammdegið.

Ef þú hugsar til mín með þetta, þá getr gengið upp í það fáeinar krónur, sem ég á hjá Gunnu fyrir mindirnar, þegar hún fær þær. Mér líður að öðru leyti vel; ég er að sönnu alltaf nokkuð höfuðveikr, og þoli ekki að lesa í sífellu, enn það geri ég ekki heldr, og nú hefi ég svo gott sem frí alveg svo sem mánaðartíma. Sigríður kemur nú heim; hún er nú mikið óþolinmóð, og mér þykir gustuk, að koma henni heim.

Sigurður forseti Jónsson lét mig hafa 50 kr. upp í bókarútgáfuna sem ég lána henni 42 krónur af; enn þarf þó að borga núna um mánaðarmótin mest af því; enn af því að ég vona sterklega, að hún eigi að fá fé með Aktúrusi, þá gerði ég þettað að ljá henni fyrir farinu sjálfur; hér er nú annars ómögulegt að drífa upp fé til láns af þeirri orsök, að enginn, sem maðr þekkir hefir neitt. Ef hún ekki fer með Aktúrusi þá með Phönix, enn þá er ég í vaskinn, enn verð að hafa einhver ráð. Enn ég vona, að ekki komi til neinna vandræða. Hún held ég hálfkvíðir samt fyrir að koma heim, hún á illt hvort sem er, hvort heldr að vera hér, þar sem eiginl. enginn er, sem getr staðið nokkurn straum af henni, og eða koma heim eftir allt þetta. Gott á hver, sem eigi kemst í slíkt!

Það hefir verið að rugla eitthvað um mig, enn það hefir bara verið bull; trúðu eingu orði af því. Ég hugsa jafnlítið um kvonfang hér sem heima; það er nógur tím-inn þegar maðr, er orðinn mart og hefir eitthvað meira með hjarta og hendi að bjóða. Það er auðvitað, að tilfelli geta komið fyrir sem hrinda þess háttar framtíðar-hugsunum; enn það hefir ekki, og mun ekki koma fyrir mig það. Gott á Valgerður gamla á Hól að sjá ávöxt af striti sínu fyrir Helga sínum, því að henni á hann að þakka, það sem hann er orðinn, ég vildi óska að þér hlotnaðist sama með okkr systkinin. Ég ætla mér að verða búinn að minsta kosti eftir 2½ ár. Fyrr varla, ég þoli ekki að lesa svo vel sem til þess út heimtist. Vertu svo kærast kvödd af þínum þig til dauðans af hjarta elskanda syni, Finni.

Páll biðr kærlega að heilsa ykk. Hann fer út í Slangerup á morgun til frænda sinna þar, svo að ég verð „einbúi nú“ bráðum.¹ Fyrirgefðu annars allt. ég hefi ritað með Stimens víst tvisvar. Þinn elsk. Finnur.

Garði þ. 28. d. ágústm. 1880

Elskulega móðir mín!

Ástar þakkir fyrir bréfið þitt, sem var mér jafn kærkomið, sem vant er, eða öllu fremr sem vant er, þar sem lengra líður á milli, nú í sumar enn önnur, enn það er vonandi, að úr því rætist næsta sumar, því að frétst hefir, að Stimon ætli að hafa 2 skip á förum milli landa.

Mér líður vel mjög vel. Allan ágústm. hefi ég tekið lífið létt, enda hefir manni varla verið vært inni sem úti fyrir hita sökum, og varla sofanda um nætr, enn nú er

1 Á því tveggja mánaða tímabili, frá 30. júní 1879 til 28. ágúst 1879, sem Páll dvaldi í Slangerup skrifaði hann Finni ellefu bréf. Hluti bréfanna er skrifaður á latínu. Bréf þessi vitna um einlæga vinátta drengjanna tveggja. Þau eru varðveitt í bréfasafni Finns *NkS* 4597 4to í Konunglegu bókhöðunni í Kaupmannahöfn.

þó nokkuð hitinn í rénum. Ég hefi farið í sjó á hverjum morgni og það hjálpar töluvert, einkum heilsunni, sem aldrei er of mikil; annars hefi ég þó einhvern veginn alltaf verið eitthvað að sýsla; frá kl. 8-9¹/₂ hefi ég lesið hinn gríska sagnaritara; það er einhver hin skemmtilegasta bók, sem ég hefi lesið enn nokkuð þung. Þá hef ég farið í sjóbað og gengr til þess 1¹/₂ – 2 tímar, þá borðað, þá verið uppá háskólabiblíoteki að skrifa upp hdr eða bera þau saman til kl. 2¹/₂ að jafnaði svo gengið svo etið middegismat; kl. 4¹/₂, enn eftirmiddagana lesið eitthvað skemmtilegt eða hlustað á opinbera „músík“, sem er haldin hér 2 í viku, eða gengið; eða kennt alt fram í miðjan ágústmán. hjá grósseranum sem ég hefi um getið fyrr; ég kendi 18 tíma á mánuði og fékk fyrir 50 aura um tímann og þar að auki var ég úti á landi hjá honum og skemmti mér vel, einstaklega vel; þó að ég sé hættr kennslunni því strákr er kominn í latínuskóla, kem ég þar samt; það hefir lánað mér skáldrit og ég því aftr t.d. Pilt og stúlku á dönsku eftir Kålund, og þótti því bókin skemmtileg; ég var þar í gærkveldi að gamni mínu, og grósserinn bauð mér að koma á sunnudaginn (á morgun) út til sín með sínum eignum vagni, sem ferr héðan kl. 9 í fyrra málið, og get ég því ekki séð póstskipið fara frá landi „til landsins míns heim á ný“; enn ég ferr snöggvast niðr eftir samt og það er bót í máli; mér finnst ævinlega einhver unaðr í því, að sjá skipið leggja af stað og því meiri að sjá það koma; enn það sér maðr síðr, því að þá yrði maðr að passa upp á það dag eða fleiri en einn. Seinast gerði ég það þó.

Eftir á að hyggja; grósserafrúin hefir beðið mig að útvega sér ísl. fingravettlinga handa mannum sínum, og vil ég því fela þér á hendi að sýsla mér það; þeir verða að vera vel gerðir; ekki mjög finir og heldr ekki grófir, og laglegir; stórir þurfa þeir ekki að vera, heldr vanalega stórir karlmannsvettlíngar. Ég kann vel við familíuna, bæði er hún ekki neitt broddborgaraleg, og ekki stór; að eins hjónin, dóttir 22 ára gömul og sonr 13 ára; (auk griðku, sem ekki heyrir familiunni til). Ekki hugði ég það að ég myndi komast inná danska familíu, enn svona gengr það; ég sækist ekkert eftir því, þó að það sé hægt að komast það; þetta hefi ég gert svona nolens volens (Klemens þýðir).

Þá held ég sé nú búinn með mig. Ekki fékk Sigríðr Jónsd. penninga, með skt. sem hún vonaðist sterklega eftir; hvað hefði orðið úr henni, ef hún hefði þó eigi farið fyrr? Ég vonast eftir penningum næst með Fönix, því að ég er fjaskal. á rassinum (sbr. Gandreiður).

Svuntutauið sendi ég, og bið ég þig að misvirða ekki, ef það er ekki sem best eða best valið, ég hefi það svo líkt því, sem þú biðr um, sem ég get.

Með seglskipi sendi Friðbjörn Steinsson son sinn hingað til bókbandsnáms, og bað mig fyrir, að vera honum hjálpsamr þar eð hann væri ókunnugr og óreyndr; hann er búinn að fá pláss hjá bókbindara, með honum kom og Árni son Þórvarðar sál. á Kalastöðum, til hins sama; enn guð veit hversu honum gengr efnalausum og allslausum (!) það er vit á því að fara svoleiðis út í bláinn.

Systrnar biðja kærlega að heilsa; Frú Krabbe sömuleiðis; ég verð þar hjá henni að kenna drengjunum og Fríðu í vetr íslensku (réttitun og kverið (upplestr) á

hverjum miðvikudegi. Svo hefi ég söguna og marga tíma í háskólanum, svo og kennslu hjá Thomsen, og þá er setinn bekkurinn. Að mér verði féprot „féskyfll“, að öllu, skaltu ekki hugsa þér; ég hefi nóg, og þá mér nóg; ég hefi ekkert gaman af dalanna dyngjum. Vertu svo kærast kvödd elsku ástar mamma mín, og fyrirgefðu seðilinn þínum þig af hjarta elskandi syni Finni.

Garði þ. 25. d. sept. 1880.

Ástkæra elskulega móðir mín!

Ástar þökk fyrir brjefið þitt síðast og sendinguna (vaðmálið er ágætt, ef ekki of smágerð í ytri brækur; tungan smakkaði vel). Það þótti mér mjög vænt um hvortveggja. Enn að heyra, að þú hefðir verið lasin, það þótti mér lakara, og verst þó, að þú skyldir liggja enn, er skipið fór því að þá veit jeg ekkert um, hve fljótt, eða hvort þjer er batnað; skelfing eru þessar ótíðu frjettir leiðinlegar og póstgöngur. Fyrr er varla við það unanda, enn hálfsmánaðarferðir eru á komnar enn hvað geta þær ekki átt í land enn? Jeg vona, og treysti því, að þú sjert orðin góð aftur, og að þessi miði megi finna þig heila og hrausta; „Það er vonin blíða og bjarta, best sem friðar órótt hjarta“, segir Kristján.

Mjer hefir líðið mæta vel síðan síðast. Veðrið er farið að batna, það er að segja, að kólna; áður var þvílíkur ofsahiti; nú er það orðið manneskjulegt og loftið nokkurn veginn hreint. Nú sem stendur, hefi jeg einga kennslu; enn jeg vona, að jeg fái hana aftur hjá Thomsen, hann er ekki vanur, að láta byrja fyrr, enn í októberm. Jeg hefi reyndar nóg að gera, það er ekki svo að skilja; nú eru háskólafyrirlestrar byrjaðir; jeg les annars að jafnaði frá kl. 7-9 á morgnana, og svo geng jeg klukkutíma, og borða þar á eftir, og svo er jeg oftast frá kl. 12-2 á fyrirlestrum og háskólabókasafninu til þess að bera saman handrit Reykdælasögu, sem jeg verð að vera langt kominn með um nýjár. Svo les jeg frá kl. 5-7 og 8-9; það er ekki nein ofætlan. Nú er jeg hættur sjóböðum, það er farið að kólna, og mjer er fremur hætt við ofkæling.

Lítið er til í kotinu af ísl. mat, enn ekki svelt jeg; þá eru egg og síldir reyktar (?) sem er saðsamur og ódýrr matur; það er enn sem fyrr að kaffið er minn verstí ásóknari; jeg læt karlinn nú koma með bolla þegar er jeg er kominn á fætur, svo annan fæ jeg eftir morgunmat og þ. þriðja eftir miðdagsmat, og svo þann fjórða (þó ekki nema stundum) ef jeg er þyrstr eftir háskólatíma. Þessi háskólatímar eru annars bæði þreytandi og tíð-spillandi, eins og gefur að skilja, þegar maðr á að skrifa heilar bækur eftir fyrirlestrum, í stað þess, að gefa þær út; það er til vinnanda, að kaupa þær; enn á fyrirlestrana verður maður að hlýða, til þess að komast ekki í ónáð hjá próffessorunum, sem þekkja mann persónulega.

Löndum hjer líður fremur vel, Ólafur Finsen hefir legið núna nokkurn tíma af kýli í maganum; enn er nú á batavegi, eða nær því albati. Annars eru allir frískir og hressir, eftir því sem um er að gera í þessu þokulofti – heilsutjónslandi. Hinir nýkomnu líta allefnilega út; Jón Jakobsson nemur málfraði, Emil guðfræði; Pálmi

norræna málfræði og hinir lög. Ísland á nóg málfræðingafnin, og þá ekki síður lögfræðinga.

Jeg fyrir mitt leyti er alltaf meir og meir að snúast að íslenskri málfræði, og hefi fastlega í hyggju að stúdera hana nær eingöngu eftir það er jeg hefi tekið próf í lat. málfræði; það er bæði embættisvænna að lesa latínu og grísku og svo standa þau mál, einkum grískan í svo nánú sambandi við íslenskuna, að þau mál skýra hvort annað margvíslega. Nú er Konráð Gísl. á förum, til þess að gera, og útlenskir fræðimenn alltaf að verða ágengari og nærgöngulli íslenskunni (þeirri nýju) svo að ekki veitti af einhverjum innbornum Íslend. að hamla upp í móti þeim.

Ekki að jeg í nokkurn máta jafnist eða geti jafnast við Konráð; enn þegar hann líður, vantar mann, sem beinlínis snúi sjer að málinu sjálfu; og svo vantar orðabók yfir ný-ísl. og hana ætla jeg að semja; hvernig líst þjér á „planið“. Jeg vil að eins óska, að mjer gæfist líf, og lán til þess að „halda svo fram stefnunni“. Páll biður kærli. að heilsa. Vertu svo síblessuð og kærast kvödd af þínum þig heitt elskanda syni Finni.

Kysstu litlu bræðurna frá mér.

Garði þ. 7. d. nóv. 1880

Elskulega móðir mín!

Guð gefi þér allar stundir góðar og gleðilegar; hann gefi þjer skjótan og góðan bata, og gleðilegt nýjár. Það hryggir mig að vita ekki hvernig þér líður, enn gleður mig, að vita, að þú varst síðast á batavegi, er ég frétti; ég vona, að þér hafi farið síðan dagbatnandi, og að ég fái frá þjér næst kærkomið bréf.

Mjer líður næsta vel, er hraustur vel að öllu leyti; kvef getur maður reyndar auðveldlega fengið í þeirri suddaóheilmæmistíð sem hér er nú, enda hefi ég haft það, enn ekki neitt til muna. Viðurværi mitt var síðasta mánuð ekki sérli. gott, því að þá hafði ég engan ísl. mat. svo kom kæfan, góð og ljúffeng sem sparar allt annað. Góðar þakkir fyrir vettlingana, þeir voru góðir, og líkuðu mjög vel; ég vildi helst ekkert hafa fyrir þá, enn það var ekki nærri því komanda og tók ég svo 1 kr. það vildi láta 1½ eða 2, enn það vildi ég ekki; það sagðist aldrei hafa séð eins ullgóða og snotra vettlinga, og liturinn þótti góður; það varð hissa, er ég sagði því, að það væri náttúrlegur ullarlitur (eða var það ekki rjett?) Fraukenin á herðadúk hekladán úr mjög fínun svörtum þræði, og sagði hún að sér hefði verið sagt, að það væri úr ísl. ull, enn ég trúði því valla; það var líkt á að taka og silki en það getur verið, að það hafi verið ull ísl. samt; ég er nú ekki skýr „uppá það hrosshárið“!

Nú er ég búinn að fá brækur úr vaðmálinu, sem ég lét lita blátt (svart), og þykja mér góðar. Að öðru leyti vantar mig ekkert í fatalegu tilliti. Þar á móti bækur, þeim verð ég seint saddur af, og alltaf vantar mig eitthvað; ef ein er fengin, þá er önnur og svo koll af kalli; það er arfgengt, og ekki tel ég það með ókostum; blindur er bóklauss maður; ég óska þess oft, að ég hefði nokkur hundruð króna, til þess að fara þar og þar inn, og kaupa hitt og þetta.

Enn það verður að bíða líklega, til þess er ég er orðinn maður, það er að segja hálaunaður skólakennari eða – háskólaprófessor (!). Við ungu mennirnir höfum oft stóra framtíðardrauma, og það skaðar ekki, enda þótt þeir komi sjaldan eða aldrei fram í fyllsta skilningi. Æskumaðurinn á að setja sjer stórt takmark, þegar hann hefur vit til, og vinna svo af öllum krafti, og komist maðr þá ekki að takmarkinu, er það sjálfsagt að hann hefir numið eitthvað þarft sér og öðrum.

Á elliárum getur maður þá litið aftr yfir æviferil sinn, og sagt með góðri samvisku, að maður hafi ekki legið á liði sínu, og það getur þú í fyllsta mælti gert. Pitt starf hefir ekki aðeins náð blessunarverðum árangri hjá oss börnum þínum, sem jafnan munum minnst þín með elsku og þakklátsemi, heldur og hjá ótal öðrum vandabundnum sem vandalausum, sem ætti að muna þig, og gera það að minnsta kosti sum, og ég vil vona, að þú megir halda þínu starfi fram langa tíð enn.

Eg hefi svo ekki meiru hér við að bæta öðru enn því, að endurtaka óskir þær, sem fremst standa í bréfinu, og kveð jeg þig svo elsku mamma mín með öllum heitustu sonarhjärtans óskum, þinn þig elskandi sonr Finnur.

Frú Krabbe biður kærli. að heilsa og sömul. Páll.

VII. Lífshlaup og hlutskipti alþýðukonu

Allt fram til haustsins 1880, þegar Anna Guðrún lagðist í rúmið og máttur hennar til skrifta þvarr, héldu þau Finnur fast í þá von að hittast á nýjan leik. Sú von gerði það að verkum að bréfaskriftnar mótuðust mjög af tilfinningasambandi mæðginanna.

Þar sem hið nána samband bréfrítara og viðtakanda hafði svo mikil áhrif á efni bréfanna, hlaut orðræðan fremur að mótast af því en hefðum samfélagsins. Hefðir höfðu ekki afgerandi áhrif á hversu opinská bréfin voru, heldur var það samband Finns og Önnu Guðrúnar sem réði því hvaða reglum tjáning þeirra laut. Því verður að teljast líklegt að þau mæðgin hafi átt auðveldara með það en áður að tjá hvort öðru tilfinningar sínar eftir að samband þeirra tók að lúta einungis þeim lögmálum sem þau höfðu skapað með bréfaskriftunum.

Þegar samband bréfrítara og viðtakanda verður að leiðandi þætti, líkt og gerðist í bréfum Finns og Önnu Guðrúnar, leitast bréfrítari jafnan við að koma viðtakanda vel fyrir sjónir og gera honum til geðs með því að leggja áherslu á það í fari sínu sem hann veit að viðtakandi metur mikils. Þannig skapar bréfrítari sér, meðvitað eða ómeðvitað, ákveðna ímynd sem nauðsynlegt er að taka tillit til við lestur bréfanna.

Falli þessi þáttur niður og bréfitari hættir að miða bréf sín við ákveðna persónu, getur bréfið breyst í sjálfsskoðun bréfitara. Þess háttar sjálfsskoðun er oft að finna í trúnaðardagbókum; sendibréfum sem ekki taka mið af viðtakanda má því líkja við trúnaðardagbækur eða hugsanabækur sem höfundur sendir frá sér og býður þannig ópersónulegum viðtakanda inn í hugarheim sinn.

Eftir því sem samskipti tveggja einstaklinga einskordast lengur við að skrifast á er aukin hætta á að þeir missi raunveruleg tengsl hvor við annan og skrifi bréf sín óháð viðhorfum viðtakanda. Þegar svo er komið er réttara að líta á bréfin sem samtal bréfitara við sjálfan sig fremur en orðaskipti við annan einstakling. Það sem einkum kom í veg fyrir að bréf Finns og Önnu Guðrúnar þróuðust í þá átt, voru áform Finns um að snúa aftur til Íslands – og síðar, eftir að sú von varð veikari, ósk þeirra um að skapa sér fagra ímynd sem vara myndi að eilífu í hugum beggja.

Bréf frá Önnu Guðrúnu Eiríksdóttur til Finns Jónssonar 1878-1880¹

Reykjavík 6. ágúst 1878

Elskulegi Finnur minn.

Nú er klukkan 8, bara jeg vissi hvernig þjer hefur liðið síðan í gærkveldi, og hvert þú værir farinn úr Stúkkishólmi, veðrið hefir verið indælt logn eður lítil vestan gola, áðan kl. 7. kom þvílíkur steipiskúr enn ljetti fljótt af aftur, vel verði G. fyrir þig og öllum sem þjer gott gjöra, það var sannarlega vel gjört. pabbi þinn er uppi ekki hefir hann farið neitt á kontórin í dag held jeg. G. er suðrí húsi að baka jólak. til afmælisins síns M. liggur í Villa rúmi og segir sjer leiðist, Gv. er hjá prestinum Villi er hjá mjer Ing. er sofnaður, jeg fer líka bráðum að hátta og vita hvert mig dreimir þig ekki. guð gefi þjer allar góðar nætur elsku barnið mitt. beislið hans P. varð eftir Siggi sjer um það þegar hann kemur. g.n.

7. Elsku Finnur. Guð g. þ.g. dag. nú er steipirigning og logn, jeg vildi að sjórinir irði svona alla þá tíð sem þú ert á leiðini, allir sofa. kl. 8 í dag hefir verið veðurblíða, enn grófasta rigning með köflum hvar skildir þú nú vera, og hvernig líða blessaður Finnur minn, guð g.þ.g. nótt.

8. Sama er veðurblíðan g.s.l. nú kindir Jylla til heimferðar, í gærkveldi höfðu þeir flugelda og mislit ljós. líklega verður þú á Ísafirði einhvern tíma í dag. kl. 4. presturinn er að lesa þau saman E. og H. Hanssen, og B. Ásagr. ... og syngja yfir

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Önnu Guðrúnu Eiríksdóttur til Finns Jónssonar.

þeim, H. Jónssen er svaramaður hennar, en Símon hans. sjera Sv. fór inneftir á dönskum skóm, og er því ugglaut boðinn.

9. nú er komin rífaði norðan stormur og sólskin, jeg kvíði fyrir ef það verður mjög hvast meðan þú ert norðanlands. í nótt er var, hafði verið eitthvert uppistand hjér á götunum, Vagtarinn barin, og rítarinn vakin, og honum sagt að sjá hverjir á götunni væri, svo hann þyrfti ekki að láta segja sjer það, það var Egilsson, Luve, H. Melsteð H.G. S. Vigfússon og fleiri, þabbi þinn skrifar þjer um þettað líklegast. vertu ætíð blessaður.

10. norðvestan rigníng. ekki mjög kvast. nú hugsa jeg þú sjert kannske á Akur-eyri, í dag var skírt hjá T. lækni. barnið heitir Krístrún móðirnafnið hans.

11. norðan eður vestan gola lítið sólskin og gott veður, kofukarlarnir komu í gærkveldi með ein 500, úngarnir eru dauðir í holunum af vatni, en lundin mestallur flogin burt, Árni er yfirmaður heima, jeg er ein heima sumt er í kirkju, drengirnir úti. Gunna er barnfóstra fyrir Jóhönnu í hábæ, hún er að láta lesa sig í kirkju, líka á að skíra í kirkjunni. barnið á að heita Elínborg, gamla konan fór í kirkju þó kend væri. jeg skrifa þjer á hverjum degi mjer til skemtunar, en þjer leiðist líklega að lesa, því alt er smávegis sem jeg skrifa þú stúngur því undir stól, Elsku Finnur ætíð sæll.

12. Sólskin og blíða lítil norðvestan gola. nú vona jeg þú sjert búin að sjá norðurland, og sjert komin austur á við eður suður á við, eða farir frá Seyðisfr í kvöld. nú er vika síðan þú fórst, ný trúlofun, Magnús Ste. og Elín riðu á stað í dag upp að hjarðarholti og fylgdu þeim einhverjir hjeðan, innað ánum, þar gjörðu þau opinbera trúlofun sína, og ljetu þá flitja tíðindin ofaní bæin, það verður líklega samkomudagur hjá A. Melsteð á morgun, sem hvað vera afmælisdagur hennar, og Elínar líka.

13. blíðveður en rigníng allan seinni partinn, og líklega ekki gott að sjá til landsins fyrir þig. altíð blessaður vertu.

14. í gærkveldi kom Guðm. Pálsson, og bar okkur kveðju þína, og sagði þig glaðan og nokkurn vegin frískan, það gladdi mig mest. með honum fjekk presskonan brjef frá Guðlaugu, og í því var að þann 9. ágúst hefðu þau Sigurður V..... gjört opinbera trúlofun sína. Seinna hesta skipið enska kom í dag kl. 3 af Akur-eyri, en ekki kom neitt brjef með þeim frá þjer. Díana hafði verið farin þaðan þann 11. þegar þeir komu þar, það kemur líklega ekki firr enn með pósti. G.g.þ.g. nótt.

Reykjavík 24. ágúst 1878

Elsku besti Finnur minn.

Nú er sunnan og austan stormur og stórríging síðan í gærkveldi. Samt fór jeg í kirkju þau prestsefnin voru að stíga í stólinn allir 5. eftir stafrófsröð, allir lögðu út af sama texta, sem var tekin úr Pálspistli til flíþþborgaranna 2. kaf. v.1.-5. ræðurnar voru töluvert líkar; Þorb. fannst mjer mest prestlegur og Jón nokkuð líka, Gr. gjörði það nógu vel, framburðurinn var lakari hjá hinum, í gærkveldi tók Bertel brjef fyrir mig til þín, hann ljét miða innanf og pabbi þinn líka, jeg vona þú fáir það, firri enn þetta, Kafteininn á Tomssens skipinu er beðinn að flitja það, ekki meira núna, vertu ætíð blessaður og sæll elsku barnið.

25. sæll og blessaður Finnur minn, nú er ögn skárra veður, þur austan gola, Sra. Sv. stje í stólin í dag og það var líst. gettu með hverjum) í annað sinn með H. Kúsk og hans 4. barna móðir, en í fyrsta sinni með Friðfinni og Ingu. Það er sagt þau sju bæði hæðst ánægð, hann sjer víst ekki eftir Önnu leingur og þarf þess ekki heldur því Í. er henni fremri í öllu. hún kvíðir því mest að hún geti aldrei launað honum hvað hann sje góður við sig. á hverjum sunnudegi ríður út mesti fjöldi, meðal annars sem reid útí dag voru hlíðarhúsa systur B. og D. þær voru með Ámunda, en hann með Ólafi í Vigfusarkoti!! jeg hlakka til, og leiðist eftir næstu helgi, um það leiti vona jeg þó eftir brjefi frá þjer, því þá á bæði pótskipið og norðan pósturinn að koma, blessaður og sæll.

27. altíð sæll, elsku dreingurinn minn, nú er afmælisdagur mensa míns, ekki hefir hann komið í land en jeg get eins og ekki síðan beðið fyrir ykkur þó þið sjeuð ekki hjá mjer, nú er komið kveld, í allan dag hefir verið blíða logn og valla sjeð til sólar. okkur G. leiddist að sitja inni og geingum vestur stíg og útá Valhús fórum kl. 4 og komum aptur kl. 6. nú er orðið dimt kl. hálfnú allir eru úti í góða veðrinu nema jeg og Ingólfur, hann er sofnaður, líka fer jeg að hátta einu sinni hefir mig dreimt þig, og þótti mjer þú vera að fara, svo jeg var við líka í svefninum, eins og jeg var innan brjósts kveldið sem þú fórst, Guð gefi þjer allar góðar nætur.

kl. 4. e.m. pótskipið er að hafna sig, hvað skildi það færa í frjettum.

vonin og kvíðinn vígslast á
veitir henni þó núna betur
að eitthvað muni jeg þjer frjetta frá,
sem frískur hefir þú sett á letur,
en ef mjer bregst sú ósk og von
þá á jeg bággt minn kæri son.

kl. hálfsjö. nú er jeg glöð á góðri stund, því pabbi þinn sendi heim brjefið frá þjer frá 18. þ.m. það er eins og velt sje steini af hjarta mínu. Guði s.l. fyrir allt gott. 1000. sæll og þökk.

30. ágúst. Elsku Finnur minn alltaf sæll.

Í dag er afmæli villa litla, við höfðum sætt kaffe og vinarbrauð, en hann fjekk vasaklút allt það, mensi kom líka og fór aptur hann segir þjer af Viðeyjar lífinu, nú er norðan gola og sólskin, pabbi þinn fjekk fáar línur frá Friðb. með Birni í prentsm. sem kom í dag, og segir hann að þjer hafi verið skotið yfir að rangá og þótti okkur það gott, n.k. kemur líklega í kveld. margir segja „þetta var góð póst-skípskoma“ við segjum það líka, því auk brjefsins þíns, fjekk Jón 60. kr. frá þeim svenska sem hann skrifaði fyrir, og líka held jeg að maskínan í eldhúsið hafi komið. aðrir hugsa gott til nýja fógetans að alt geti komist aptur í blessaða værðina, Indriði Einarsson hefir beðið A Thors um skrifara emb. í stað Kristjáns. hann mun hafa skrifað með enska skipinu um dagin og sjálfsagt verið sá fyrsti. (það fór á stað áðan) altaf hefir mjer þótt vænt um litlu myndina þína en aldrei eins og síðan þú fórst, jeg hef hana alveg hjá mjer og bið Guð að varðveita þig, blessaður dreingurinn minn.

31. Elsku Finnur minn. norðanpósturinn kom í gær kveldi seint, með honum fengum við brjefið þitt. blessaður vertu fyrir þau bæði, og vel sje öllum sem tóku þjer vel, mjer þótti undur vænt að þú fanst gamla G. líka að þið Helgi fundust. Þjer veitti ekki af sokkunum svo hefði hann ekki átt að láta það vera meir. nú er verið að keipa mörinn það sem eftir er, hann er nær því helmingi meiri en í fyrra, veðrið er ágætt lítil norðan veður vestan gola og hálfþurt lopt, vertu altend sæll.

1. Sept. Guð gefi þjer góðan dag viku og mánuði o.s.fr. það er indælt veður alveg eins og í gær. gunna reið út með þ. hjá Sigþrúði og fl. Guðný fór gángandi með g. á hól til berja, og sigga með tveimur þúttum en við pabbi ætlum úti efesey. vertu sæll þángað til jeg kem aptur.

komdu blessaður, nú erum við komin aptur dreingirnir skemtu sjer vel og við líka Ing. mundi hvar kindurnar voru í fyrra og að hann hefði verið hræddur við þær; ef veðrið er svona gott í höfn þá sjer Díana til að leggja á stað, þú verður að virða til vorkunar þá brjefin mín sjeu yfir höfuð efnislítill og hversdagsleg, því þegar mjer leiðist og jeg hef tíma þá er mjer skemtun að skrifa þjer, og mjer finst þú vera mikið nær mjer heldur enn í rauninni er. Guð gefi þjer skemtilegt kveld, og góða nótt. hjartkæri Finnur minn.

2. góðan daginn Finnur minn,
nú er ljóta veðrið.
Stormur er og stórrigning,
stendur það af viðey beint,
allur fullur alt í kríng,
í dag stillir víst upp seint.

3. nú má segja gott kveld, Finnur minn því kl. er 5. veðrið hefir verið líkt og í gær, nema mikið kirrara og hlítt, kumpánarnir M. og Ó úr Viðey eru nýfarnir, þeir skildu eftir sitt brjefið hver til þín. jeg kenni í brjóstum þig. hvað langt er þángað til þú færð frjettir af okkur, en guð gefi þjer líði eins vel og okkur, við erum öll frísk, það er best G.s.l. hann varðveiti þig, og okkur öll.

4. Elskulegi Finnur minn.

Guð gefi þjer góðan dag. þú ert líklega ekki vaknaður. kl. er 6 f.m. allir sofa hjer, enn þá rignir með austangolu, þó er hann ekki eins þúngbúin og verið hefir. allir pakkar eiga að vera komnir á pósthúsið í dag kl. 12. og lökin og koddaver sendum við þjer, eitthvað af brjefum líklega innaní þeim, verst þyki mjer ef jeg get ekki sent ögn af smjöri, það ætlaði jeg þó endilega, blessaður segðu mjer samt hvað þig vantar, hvert sem jeg get bætt úr því eður ekki, á hverju þú liggur og þesskonar, vaðmálið hans Páls get jeg held jeg selt fyrir 1. kr. 66a. en hvergi er jeg búin að láta það nje fá neitt fyrir það. jeg sendi það jafn óðum og jeg fæ það og sleppi ekki vaðmálinu fyrri en jeg fæ eitthvað, sistkinin þín sem ekki skrifa biðja ástsamlega að heilsa þjer.

kl. 11. ekkert fæ jeg smjörið, það þykir mjer verst enda jeg svo þetta klór og bið þig lesa í málið. fel jeg þig svo almáttugum Guði um tíma og eilífð og kyssi þig hjartanlega í huga mínum, hjartanskæri dreingurinn minn. Þettað hugsar og skrifar mamma, þig elskandi meðan heiti Anna Eiríksdóttir.

p.s. við biðjum kærlega að heilsa Páli.

Reykjavík 6. september 1878

Elsku sonur! ástkær heilsan.

Í gær fórst það einhvernveginn fyrir að jeg skrifaði, enda bar ekki annað til tíðinda, en póstskipið fór kl. 3. veðrið í gær og dag hefir verið útsinningsrigning með hriðjum, og stundum sólskin, mensi minn kom alfarinn heim í dag og norðanpósturinn fór á stað og Einar í nesi með honum. Sra Sv. kemur við og við, er kátur og hlakkar held jeg til að sjá Jón A son sinn, samt sagði hann mjer að hagar sinn batnaði ekkert þó Jón kæmi, en skólanum mætti samfagna við komu hans, því ekki væri nokkur maður til, er eins vel væri hæfur í það embætti og hann, eins og líka eingin prestur væri eins vel hæfur og Sv. H. til að vera dómkirkjuprestur, (og svona tókst honum upp kveldið það) guð gefi þjer góða nótt.

7. ætíð sæll, Finnur minn. núna er ljóta veðið, Sunnanstormur og rigning, en sú for og bleyta, ekkert í frjettum, vertu blessaður altjend.

8. Elsku Finnur, alla daga góða gefi þjer drottin dýrðarhár, daga, vikur, já mörg ár, nú er gott veður, sólskin og lítil vestangola, nú er verið að vígja Leifa til presthóla, S.Sv lýsir vígslunni. nú er kl. 7. og svo dimt að valla sjest til að skrifa, eða

rjetta sagt klóra, enda er lítið meir að segja nema núna fyrst komu fedgarnir úr veislunni frá biskupi, og seinni partin í dag hefir geingið á með sömu steypiskúr-unum og hina dagana, jeg skrifa þettað bara út úr leiðindum, því jeg hefi verið ein heima með litlu dreingina að mestu leiti í dag, en ætti mjer ekki að vera það nóg, jú mjer ætti að vera það nóg að vita alla mína heilbrigða glaða, og mjer hefir líka æfinlega verið það fyrir mestu, en nú get jeg ekki vitað hvernig öllum mínum líður síðan þú fyrst, jeg er mäske alltaf hugsandi um þig, en jeg get nú ekki að því gjört. Guð gæti þín og gefi þjer góða nótt.

13. sæll og blessaður, rjett þegar jeg var búin að láta blaðið niður í gærkveldi kom Bertel austan frá Þingvöllum og sagði að flestallir norðan piltar væru komnir, þeir hefðu verið 30. í hópnun, mensi var nýkomin heim og var ekki leingi að bregða sjer inneftir aftur og sögðum við honum að koma með S. Bríem og það gjörði hann, þeir voru hjer báðir í nótt Óli og Sigggi og þótti okkur vænt um að hann þáði það, nú hafa þeir fundið sra M. og var hann hverju barni betri. og ætlar að ljá þeim stofurnar fyrir 7. krónur um mánuðin, þær verða lausar þann 16. þá flitir Páll M. í hinn nýja kvennaskóla, sem orðin er eins að sjá og risin úr rústum, stór og ljómandi fallegur innifyrir að sagt er, piltar feingu vesta veður í gær og það hjelst í nótt og í dag fram yfir hádegi í morgun hvítnaði í hriðjunum, seinni partin hefir verið svolítið smáfeldari úrkoma, kl. er 6. og farið að dimma svo mikið, vertu blessaður og góða nótt.

14. enn þá sæll Finnur minn í morgun átti að heita fjallabjart og þurt, en svo var kalt eins og um vetur, esjan hvít ofanundir bæi en síðan kl. 4. hefir rignt ákaflega og svo er hvast á austan að valla er stætt. Jón Þórarinsson hefir verið hjer í dag að setja gólf í skúrinn og nýtt borð og mókassa undir, svo ætlar hann að koma á mánudaginn og gjöra við hann að utan og þakið á húsinu, þar sem lekur, líka var boðið upp ýmislegt rusl hjá H. gamla snikkara, þar keipti Jón minn sóffa fyrir 10. kr. hann er nógu laglegur yfirtrektor með rauðbrúnu vaðmáli, það geta setið í honum þrír, hann stendur undir austur glugganum, nú held jeg sje komið nóg af þessu rugli, vertu ætíð sæll.

16. Komdu blessaður: sama er veðrið, norðanofsi og jeljagangur í fjöllum en lítið hjer, skólin var settur kl. 11. mensi fór upp eftir á meðan. Gunna fjeck í yfirfrakka handa honum þrjár álnir af svörtu duffeli, 3 krónur álnin hjá Smitt, og varð jeg því fegin, og vildi að þið pabbi ættuð líka yfirfrakka, í gær trúlofuðust Markús kapteinn og Björg í skólanum, Guðný biður þig að segja H. á hól það, því hún sagði við hann í fyrra að B. væri geingin af móðnum fyrir aldursakir. líka er sagt að Þorsteinn í veltunni og Sólveig ríka sjeu trúlofuð. vertu blessaður og sæll.

18. Sæll og blessaður Finnur minn, sama er norðanveðrið og kuldin, allir að rífa upp kartöflur, nú vona jeg að þú sjert búin að fá brjef frá okkur. Gunna var að

dreima þig í nótt, hún þóttist spyrja þig hvar þú hefðir geimt fötin þín og hvert þú hefðir sjeð frú Krabbe. og þú sagðist hafa geimt þau hjá kjólunum hennar og hún hefði verið þjer væn, og allra handa vitleisur, dreingirnir litlu eru báðir að fá ólukku kvefið, vertu sæll.

19. Sæll vertu elsku Finnurinn minn. nú lækkar heldur veðrið og hríðarbáلكurinn á Esjunni og má nú kalla allgott veður, því glaða sólskin er og þurkur, kl. er 10. f.m. meira seinna í dag. kl. 6. ekki ætlar Dána að koma snemma dagsins. Gunna er lasin, líklega er að byrja í henni kvef, mensa ætlar aldrei að batna hóstin og ræman.

20. September 1878

Elskulegi Finnur ætíð sæll,

Nú er gott veður, samt er sudda rigning og hæg austangola. Kl. 4 e.m. í kveld ætlar Þórður á hól að gipta sig. svo hann verður fyrstur, þó seinast væri byrjað að lísa með honum. það er sagt að í veislunni sje um 50. manns, hann flytur í hús J. Ólafssonar útfrá. Gunna hefur ekki legið í dag en ekkert hefir hún þolað að sauma, henni er svo íllt yfir augunum, hún á tvo yfirfrakka ósaumaða, S. Bríem á annan, og þeim 3. er hún að venda fyrir S. Jónssen, og þykir okkur verst hvað mikið hún hefir að gjöra vegna morgunskónna þú skilur það, það er ekki skemtilegt að frjetta frá sra. Helga. Snemma í vikunni mistu þau stúlku sem Anna hjet á sjötta eður 7da ári úr heilabólgu, og Hálfán er búin að liggja meira enn í viku í blóðspítung.

nú er kl. hálf sjö og nú er nýhætt að hringja, allir eru í kirkju hjeðan nema jeg og Ingólfur, hann er að hrista mig og kyssa mig, og uni jeg mjer við það og að skrifa þjer þetta. jeg er úti í kamens glugganum og sje valla hvaða krass jeg gjöri, jeg bið Guð að annast þig og gefa þjer og okkur góða nótt.

21. Elskaði Finnur minn ætíð sæll. nú má segja „himinraufarnar opnuðust,, því í sumar hefir valla komið önnur eins rigning eins og nú það sem af er deginum, í morgun var bálhvast á austan en nú er hann rokin á vestan. Þó er kl. ekki fult 11. mensi kemur, jeg verð að fara.

nú er hann farin, hann kom upp í sögu fyrsta sinn í öðrum bekk og fjekk 5 2/3. Stgr. Thorst. hlíðir yfir sögu, því P. Melst. verður víst allur við kvennaskólan. dreingirnir litlu eru báðir í rúminu, þeir vorur brennheitir í nótt, og Gunna liggur uppi, hún er verst af hósta.

Sra Mattías fer illa með þá frændur S. og Óla. um helgina var lofaði hann þeim stofunum fyrir 7. kr. um mán. og sagt það á hverjum degi að á morgun ætlaði Melst. að flitja alfarinn, en í gær sagði hann ekki ljá þær fyrir minna en 10. kr. um mánuðin, því sjer biðist það, þetta kalla menn svik, þeir hafa verið á hrakningi, sofið í skólanum, haft hjer málamat sinn og s.frv.

nú er kl. að ganga 6. Gunna dróg sig í kirkju að sjá Friðfinn og Íngu fyrir altar-

inu, því þau eru að innganga í það heilaga hjónaband, H. Jónsen er svaramaður hans en Teitur Finnbogason hennar. í veislunni á að vera „smjörbrauð og tevatn,, Inga veit hvað hagar segir hann, margt er haft eftir þeim eður helst honum, hún: hvað ætlarðu að kalla mig elskan mín, þegar jeg er orðin, konan þín? hann: madama Arnasen. en strákarirnir kalla hana frú mandal, Sra Sv. er í boðinu og prest-hjónin, gamla frúin og Friðrik og fl. Guð gefi þjer góða nótt.

22. Sæll og blessaður Finnur minn. nú er komið þurt og gott veður, vestan eður norðan gola og sólskin, svo Díana sjer til í dag að komast eitthvað áleiðis, það er verið að messa og gjörir Sra. Porleifur það, jeg held bara til að venja sig við, Villi er betri en í gær og Gunna líka, en Íngólfur held jeg miklu lakari fær höfuðverk og hita og hósta, þú getur mjer nærri innvortist þegar hann er svona.

kl. 5, Íngólfur er heldur frísklegri, hann leikur sjer ögn núna og talar. T. lækni kom og skoðaði hann vandlega og ráðlagði meðal sem hann sagði að væri gott, hann hjelt jeg mætti vera óhrædd þetta væri bara kvæf.

Jeg er nýbúin að lesa blessuð brjefin frá þjer. Já það eru þau, þau eru mjer eins og bestu læknilif veikum manni, og veik hefi jeg verið síðan þú fórst, en nú er mjer batnað að mestu þegar jeg veit að þjer líður vel, og blessaður vertu fyrir þau og alt gott og átsamlegt. Gunna dró sig á fætur þegar hún var búin að lesa brjefin þín, og lagði á stað ofan til H. Björk. hvurnin sem hún nú verður á eftir, Díana hefir víst feingið vesta veður alt í kríngum landið, og ekki kom hún á Skagatrönd, það er meinlegt fyrir þig, og pilta sem áttu að fá vetrarforða með henni, ekki kom Jón Aðalst. með henni. Gísli dáin, það er leiðinlegt, ekki skrifa jeg eður tala hvað vel jeg bið fyrir Guðl. fyrir meðferðina á þjer, það var sannarlega vel gjört. okkur þótti mjög vænt um þú komst til Kristínar og sást litla dreingin hennar. yfir höfuð verði öllum vel, sem þjer eru vel. mjer finst nú að jeg sje minna hrædd um þig en jeg hef verið, þegar jeg veit þú ert dálítið farin að kynnast, vertu margblessaður og margkystur af mjer það er að segja í huganum, og mjer finnst ekki vera svo langt milli okkar þegar jeg er að skrifa þjer.

29. Alla viku sjertu sæll, í dag er heiðríkt og austan gola þó svöl, Ásgeir kom í gærkveldi, mensi fór með brjefið til hans í morgun, Magn. Torfason er firir austan, í gær keipti Jón dilk á 6. kr. það var ekki svo dýrt, í dag höfum við slátrið til miðdags. Gunna er á fótum að kalla, það er sagt að lýst hafi verið í dag með Magn. Steffensen og Ólínu, líka er Gróa skv. farin að sauma frakka handa liddunni. Það er sagt þar muni verða stáss. vertu sæll.

1. október: ætíð sæll. í gær var afmæli pabba þíns, ekkert var til ágætis haft. veðrið hið besta, logn og sólskin, og ágætur afli af ísu þíslíng og lúðum stórum og smáum. Gunna með besta móti. Svo hún sneið frakkan handa mensa, í dag er líka gott veður, logn og þykt en gróft frost í nótt. okkur líst vel á að þið komist í

kunningskap við þennan skreðara því G. treisti sjer ekki til að sauma frakkann þegar þú ert ekki við. jeg sendi þjer smjörkassan og sokka. það er alt á skornum skamtí, verði það þjer samt að góðu. viltu ekki senda okkur upp sokkana sem H. bróðir gaf þjer til að láta merkja þá? nú má jeg til að hætta því alt á að vera komið á pósthúsið kl. 12. á morgun á Díana að fara, forláttu alt ruglið og rissið, og vertu ætíð blessaður og sæll ástkæri Finnur minn, það mælir þig elskandi mamma þín Anna G. Eiríksdóttir.

P.S. Jeg fann brjef niðrí kistli mínum frá Sra Guttormi til þín sem ég legg hér með ef þér þætti gaman að hafa það, vertu 1000. kystur og sæll.

Reykjavík 2. október 1878

Ástkæri Finnur minn.

Nú er alt gott að segja, allir frískir lof sje góðum guði. veðrið er líka gott. glaða sólskin og nokkuð hvast á landnorðan og gaddfrost á nóttunni, ósköp af ferðamanni og fje, kvennaskólin settur í gær, Jónína í húsinu fór í hann, það er undir 30. í honum, hjá Sr. Sv. eru allir byrjaðir sem voru í fyrra nema Bensí. og stjúpsonur B. múrara að auki. Díana fór í morgun kl. 8. og með henni nýgiptu hjónin Þorl. Kr. og kona hans til Seyðisfjarðar. vertu blessaður.

5. konuð blessaður og sæll. í dag er norðan eður austan gola og sjer lítið til sól- ar. kl. geingur til 4. en þá er verið í kirkju því nú er loksins verið að gipta kúskinn, eptir 5 vikna bið síðan búíð var að lísa, við Íngólfr erum heima eins og vant er, og mjer finst þú ekki vera 100. míflur frá mjer núna en jeg veit þó að það er héðan meir. vertu blessaður hvar sem þú ert.

6. Elskulegi Finnur minn. en þá erum við Íng. heima og Sigga, hitt er alt í kirkju sra. Þórarinn messar, prestshjónin eru til altaris og eitthvað fleira. það er norðan stormur og svo mikið mistur að ekki sjer fram í Eingey, en þó sjer til sólar og frostið er minna. Í. hristir fyrir mjer, ekki skánar skriftin mín við það, jeg vildi jeg gæti komið til þín ögn af fiski því nú kom vættin frá Sigtr. með Díönu, nú er kl. 4, það hafði verið lýst með fjórum nýum, fyrst skal frægan telja Ásmund Sveinsson og G. hall. Markús kaft. Madaman á barði og einhver Þórður ofan úr Borgarfirði, nú í skuggahverfi, Sigurður einhver Guðmundsson og Valgerður systir Sigríðar Benidikts prentara. þau eru í skildinganesi, það er haft fyrir satt að Torfi í vigfús- arkoti og þessi Guðrún sjeu skilin, hún sagðist vera óljett, en hann þóttist vera frí, og vildi fá að vita hver væri annars vegar; en það var þá Jónas hall. (með alt stoltið, en sú sneipa) og er sagt hann hafi mátt til að játa það fyrir S. og Þjetri Bjeríng húsbónða hennar.

Jón í Dúks skipaði Gvendi hjer um dagin að hætta að læra og sækja bækurnar. G. kennir B. í garðhúsum um þetta og er honum reiður mjög. Sra. Sv. sagði við

mig að hann gæti lært, honum þótti þetta ómynd, og mjer, sem var hvatamaður að hann byrjaði þótti stórfilla. Það er nokkuð mikið komið í dag og ekki alt svo merki-legt en þú virðir til betri vegar, og lætur þjer ekki leiðast að lesa, fyrst það er frá mjer. jeg treisti því elsku Finnur min, vertu sæll núna.

10. Guð gefi þjer góðan dag. nú er fagurt veður logn og frostlaust og hálfþykt lopt. norðan pósturinn kom í gærkvöldi, ekkert hef jeg frjett eftir honum enn. nú er kl. hálf níu og póstskipið skríður inn á milli eyanna. Presturinn og deingsi eru farnir að taka á móti Jóni A. meira seinna.

Kl. er 5. og við erum öll búin að lesa brjefin þín, Guði sje lof, að þjer líður vel og þú ert frískur. og hafðu kæra þökk fyrir þau og sendingarnar og hvað þú ert hugull við mig, þó jeg geti vel þegið alt gott, þá mátt þú ekki eyða þínu til þess elsku góði dreingurinn minn, en dæmalaust þótti G. vænt um járnid og mjer líka. það hef-ir verið mikið góður dagur í dag. fyrst góðar frjettir af þjer, annað, pabbi fjeck þrjár kindur vetur gamlar til láns þángað til í vetur, það þriðja, B. múrari setti loksins upp maskínuna í eldhúsinu. ílla er skrifað, þú forlætur, guð g.þ. góða nótt.

11. nú má segja gott kveld, kl. er að slá 8. jeg sit uppá lopti meðan villi er að háttu og sofna, hann sefur hjá mensa, en Guðný niðri síðan gunna kom úr sveitinni. V. stílar sjálfur það sem hann skrifar þjer, mensi sjer stundum á hjá honum, og stríðir honum svo með heilum setningum. villi kærir sig ekki en hlakkar til að fá brjef frá þjer. í dag hefir verið logn og dálítill rigning stundum. góður afli hjá þeim sem róa, og nóg soðning hjá okkur. Gunna hefir leingi lofað að baka jólaköku, ef maskínan kæmist upp, og enti hún það í dag, jeg vildi þú værir komin þegar hún er brúkuð. (rjett á meðan) eður þá dálítið af henni til þín, hver veit nema það seinna geti einhvern tíma svo gott sem orðið. vertu ætíð blessaður, þú mátt vera viss um að jeg bið fyrir þjer á hverju kveldi, af þeim kröptum og viti sem jeg hef til, jeg vona að drottinn heiri bænir mínar, sem jeg bið fyrir ykkur börnunum mínum.

12. Enn þá er nú komið kveld, kom þú sæll og blessaður. bráðum sofnar fyrðafjöld, frændur og pabbi er háttaður. Kl. er líka 11. Gunnu hefir verið svo ílt í kveld, af uppsölu og því vaki jeg. í dag var köld austan gola, en með rökkrunu gekk hann í landsunnan storm, betur að eingin hefði haft ílt af því, á sjó, jeg ætlaði að svara brjefinu þínu sumstaðar að gamni mínu, þú verður að segja mjer hvernig fötin sem þú keiptir eru lit, svo jeg geti hugsað mjer hvernig þú ert í þeim, og hvað þau kostuðu, eða þarftu að gjalda skraddaranum 10. kr. mánaðarlega, og færð svo föt eftir því sem um semur.

Það er verst ef þú hefir slæmt rúm og geta ekki bætt úr því, ekki má það minna vera en þú hafir kaffe einu sinni á dag ef þú getur, verst er að þú getur ekki feingið nóg smjör hjeðan, já það er satt sem þú segir um vináttuna, það er vinur sem í raun

reinist, og þeir eru vandfeingnir, þó hittast þeir, sem betur fer, Sofðu vel drottinn vaki yfir þjer, ástkæri sonur mömmu sinnar.

Hvað segir Helgi hvernig líður honum. Það er sagt honum leiðist, ef svo er þá á hann bág.

Eitt kvöld í október, 78.

Elskulegi sonur minn.

Hjerna sit jeg einatt ein,
og Íngólfur í kvöldrökkrinu,
hugsa jeg til þín síst þá sein,
og sje þig vel í hugskotinu.

Hitnar þá mitt hjarta og brár,
að hugsa um þig í fjarlægðinni,
laung þau fjögur eru ár,
ástkær Finnur sálu minni.

Enn það mýkir trega og tár,
að teigar þú af menta brunni,
og brúkar rjett þín úngdómsár,
æfin svo þjer gagna kunni.

Drottinn blessi öll þín ár,
svo engin slis þjer hnekkja kunni,
hann vor græði synda sár,
og sameini oss í upprisunni.

2. Nóvemb.

Ástkæri Finnur minn. veðrið í gær og í dag er logn og lítið frost, minni fiskafli enn fyrir norðanveðrið, það er samt dágóð vertíð hjá prestinum, því hann er búin að gefa saman 9. eða 10. og 5. fara af stólnum, á morgun svo nóg verður að gjöra næstu viku, fyrir hann. vertu altíð blessaður.

3. Nú er komið kveld, kl. er 9. úti er vestan gola og nóg for því frostlaust er, með tvennum var en lýst að nýu í dag, annað var úr hlíðarhúsum, Runólfur einhver og gamla borga sem kölluð er, hún hefir leingi verið hjá J. Þórðarsini, hitt var sunnan af bænum, við G. og Íngólfur fórum boðinn útí norðurbæ, og fengum kaffe og jólaköku eplaskífur og nikknakk, það var bærilegt, Ísfold hefir verið hjer hjá gunnu (síðan þú fórst) að sauma merkja og hekla en á nú að hætta bráðum, og fara

að læra til munnsins, hjá einhverjum. jeg vildi þú hefðir haft eitthvað gott í dag líka, Guð gefi þ.g.nótt.

4. Nú má segja að komið sje kveld, kl. geingur 11. allir eru háttaðir nema pabbi þinn hann er úti, í dag hefir verið sudda rigning af vestri. það var raðað í skólanum Mensi er sá 4. eins og áður. Árni fór uppfyrr hann, en Stefán G. niður. Oddur er efstur en Ólafur í Viðey neðstur, jeg vildi skólaröðin væri komin til þín nú þegar, og jeg líka snöggvast, hún verður víst fljótari, því jeg fer að hátta. guð gefi þjer góða nótt.

7. Nú er rjúkandi norðanveður logn og blíða en fiskilaust að kalla, 1. þ.m. hjeldu piltar dansleik á sjúkrahúsinu, daginn eftir lagðist þorg. líka er rikki veikur, þó er Skúli sagður aumastur, Páll st. um það komin á fætur. Bjarni Þórarinss. og Bertel stóðu fyrir leiknum ekki bauð B.G. þó hún hafi þjónað honum, enda mundi hún ekki hafa farið. Mensi kom upp í landafr. og fjekk 6. hann er sá eini sem hefir 6. í l.fr. í bekknum, í fyrra og núna. vertu 1000 sæll.

7. Elsku barnið mitt. enn þá erum við Íng. ein heima. kl. geingur 6. allir eru í kirkju. það er verið að gefa saman tvenna. í gær og dag var frost og sólskin kalt en gott vetrar veður, jeg var suður í geirsbæ í gær að lita, það er orðin aumi kofin. Jóhanna ætlar held jeg bráðum úr honum til frú Skúlasen, og selja lóðina bænum fyrir 150 kr. kerling gjörir sjer víst glaðan dag þegar hún fær þær. vertu alla tíma blessaður.

12. Elsku Finnur minn. nú líður heldur langt á milli þess að jeg skrifa þjer, jeg sit yfir krökkunum allan daginn, en á kveldin er jeg svo löt, og svo er nú kl. 9. á sunnudaginn var, var jeg að koma lottu fyrir í vetur og gat það um síðir hjá Páli gullsmið Porklss. lotta getur ekki verið í Arabæ fyrir illindum, og ekki í Likkju fyrir fátækt. þess vegna gat jeg ekki skrifað þá, þessa daga hefir verið norðan stormur og frost Hálfán gekk upp (í gær) í dýra grasa og steina fræði og fjekk pre, fjöldi pilta liggur, Lárus úr vestm.eyum, aumastur og Skúli. Bensi í húsinu er byrjaður hjá sra Sv. Guð gefi þjer g. nótt og allt gott

17. Elsku besti Finnur. Í dag voru piltar til altaris, þó ekki nema 24. enn var lýst með þremur að nýju einn af þeim var Guðm. sem leingi var hjá Oddi Gíslasyni, og dóttir Joh. á bústöðum, annað Lúvís Arens og einhver Þorvarður að austan, hinn þriðji hjet Pjetur úr Ánanaustum, þegar þeir eru búinir, þá eru 32 búinir að gifta sig í haust, hjer í sókn, veðrið er, austan gola með regnskúrum, nýlega hefir frjest lát sra S. á Þíngvöllum. nú hlakka jeg til, þessa viku kemur póstskipið, bara það færi góðar frjettir af þjer, æ jeg er svo hrædd um þig, og nú verður svo óþjótandi langt þángað til það kemur aftur, vertu síblessaður hjartans barn.

22. Logn er úti föl og frost,
fjöllin skauta í sólskininu,
margra bæta mun það kost,
menn ef fiska í skammdeginu.

og það er vísast að guð gefi það eins og margt annað gott kl. gengur 6. það er verið að gifta eins og vant er, (einhver hjú sunnanaf bæum) norðanpósturinn kom fyrir rökkrið, (hann varð fyrri en póstskipið) með honum fjekk jeg brjef frá S. Erlindar. í því segir hún meðal annars „mjer brá í brún þegar Finnur kom til mín 10 ágúst, því jeg hafði ekki búist við að sjá neitt af ykkur í þessu lífi, en verst þótti mjer að geta ekki tekið svo vel á móti honum sem jeg vildi, en yndi var mjer að sjá og heira hvernig hann sameinar blíðu og sakleisi barnsins, við framför og mentun æskuáranna, og ef hin börnin líkjust honum þá eigið þið mikinn og fagran auð,“ þikir þjer týna á skarinu, heldur þú að því hafi litist bærilega á þig.

Nú er búíð að flitja alla pilta úr báðum svefnloftunum, þá heilbrigðu uppá þingissal, en þá veiku ofaná Sjúkrahús, L. Árnas aftur lakari, í dag, mikið ósköp er jeg búin að rita af þessu rugli, þú virðir til betri vegar elsku sonur vertu ætíð blessaður.

Kl. nærri 12. fólkið streymir til kirkjunnar, en það sem meira er vert, er að póstsk. er að hafna sig. guði sé lof. g.

Reykjavík 5. Des. 1878

Ástkæri góði Finnur minn.

Þessa daga hefi jeg eigi komist til að skrifa þjer, jeg þurfti að skrifa norður, þessa daga eru þýða og blíðviðri, þeir sem róa fiska dálítið, í dag var hætt að halda skóla fyrst um sinn, vegna veikinda, 26. eru veikir, Mensi fjekk samt áður 6. í guðfr. og var drjúgur af. vertu blessaður og sæll.

8. Ætíð sæll, mitt elsku barn, úti er logn og lítið frost hina dagana, (síðan jeg skrifaði) hefir verið þítt og þokur stundum, það bar annars ekkert til tíðinda, svo jeg heyri ef nokkuð ber við í kirkjunni, skrifa jeg það í kvöld, jeg er heima og litlu dreingirnir, ekki er hitt samt allt í messuni held jeg, bara jeg vissi hvernig þjer líður eina mínútu á dag þá væri jeg ánægð, sonur minn ástkær.

12. Sama veður, eingin rjeri, Gunna er að sauma klæðisjakka handa Mensa, pabbi er búin að fá sjer góðan yfirfrakka, svo þið eigið allir yfirfrakka, það er gott og ómissandi. Fr. prestsins hefir bætst við hjá mjer að lesa og læra biflíusögur, hann er latur ennþá, Jónas herðir sig eftir vonum, vertu 1000 sæll.

13. ætíð sæll, ástkær sonur minn, í dag er logn og frost, kl. 5. jeg og Íngólfur erum heima, allir úti í góða veðrinu, því gott er það, Gunna er í enskutíma hjá sra

Matt. hún var mánuðin sem leið, en verður líklegast ekki nema til nýársins, því hann tekur 15 aur um tíman og hefir 8. í tímanum, og auk þess leiðrjettir hann alla stíflana í tímanum, vertu ætíð sæll.

14. Nú er norðanstormur og frost, jeg fór í morgun snemma út til St. skómakara að panta skó handa Mensa fyrir jólin, og hann fór sjálfur um miðjann daginn að láta taka mál af sjer svo hann verður góður, ef guð gefur honum heilsu, vertu sæll.

15. enn þá sæll, og ætíð sæll, elskulegi Finnur minn, nú er veður eins og í gær, nú bar ekkert til nýlundu í kirkjunni í dag. í gærkveldi gifti það seinasta sig. brúðurinn var dóttir Sigurðar í hrólfsskála og heitir Puríður, í rökkrinu kom Friðr. litli að bjóða systkinum þremur, svo G. og Í. eru þar en Villi auminginn gat ekki farið því honum er ílt í fæti. (jeg held undan skauta ól) og þótti honum slæmt að verða af eplunum sem F. sagði þau ættu að fá, tarna er aumi penninn hann klessir allt, guð gefi þjer allar góðar nætur.

23. Gott veður, frostlítið og lítið fól á jörðu sem kom í nótt, Gunna ófrísk, samt hefur hún bakað 5. jólakökur í maskínunni, eina handa okkur, þabbi keipti nýan kindar kropp og fjórða part af hángnu krofi svo nóg er að bíta og brenna, því uppboð var haldið á braki úr strandaða sk. og keipti hann fullan vagn af því, allar góðar nætur, blessaður brenndu þetta

24. og náttúrlega jólanótt, Guð gefi þú hafir hana góða og skemtilega, við erum nýkomin úr kirkju (samt búin að drekka kaffe) við fórum öll og læstum húsinu. veður er gott. S. Jens stje í stólinn, ekki heirði jeg til hans, jeg var líka of framarlega, og svo ljét því vel að hósta eins og vant er, 1000 sæll.

25. Desember 1878.

Ný eru komin náðar jól,
njót þú gleði ástkær mögur,
yfir þjer skíni unaðs sól,
alla daga í heiði fögur.

Já njóttu gleðilegra jóla, elskulegi Finnur minn, nú hef jeg tíma til að hugsa um þig, og spjalla við þig í huga mínum, jeg er ein heima og Íngólfur sofandi (kl. geingur 9.) við fórum í kirkju aftur í dag öll nema Mensi, hann var einhversstaðar hjá piltum, um messutímann sem var frá kl. 11. til eitt, (þá tók við dönsk messa) sra. Sv. stje í stólin, og hjelt ágjæta ræðu að mjer þótti, eftir messu fór Mensi og S. Brím úti Viðey, Guðný til pressins, og við hjónin og Guðrún og litlu dreingirnir úti norðurbæ, og höfðum við þar alslags góðgæti, jeg fór heim með Í kl. 7. því hann

var orðin sífjaður, en Jón, G. og Villi eru þar en. jeg held póstskipið hafi komið heim þessa dagana fyrir jólin, mig dreimdi þig svo mikið á Þorláksmessunótt, og þóttist jeg kyssa þig marga kossa, jeg ætla að vona að þjer hafi ekki orðið það fyrir íllu, nú er búið æfintýrið í dag, Guð varðveiti þig og gefi þjer góða nótt, elsku – blessaður dreingurinn minn.

30. ætíð sæll, Í gær lá jeg í höfuðverk og einhverri ótukt. það var 17. eður 18. gráða frost, það var skaði því messufall varð, og tapaði söfnuðurinn eigi litlu en Helgasen þó líklega mestu því hann átti að stíga í stólin, í dag er jeg á fótum, heiðríkt veður sólskin og nokkuð frost, hjer er mesta ráðaleisi með vatn, alt er þurt af frostunum, sjórinn er allur háflagður, hjer er skip á höfninni, það kemst inn rjett fyrir jólin eftir lánga mæðu, það flutti ekkert híngað, en er að sækja fisk til Símsens austur frá og fleiri. Núna rjett í þessu (kl. gengur 1.) kom Mensi úr Viðey, hann segir það hafi verið geingið yfir sunðið alla þessa daga, í gær að gufuneskirkju, vertu sæll.

31. Á gamalárs kveld ætíð sæll. það er frosið alt blóð og mergur úr þessu ári, enda er það komið á fallanda fót, Guði sje lof fyrir liðna árið, bara þjer líði vel, eða ekki lakara en okkur, jeg og litlu bræðurnir eru heima, það er svo kalt, hitt fór alt í kirkju að heira Sra. Matt. Sra. Sv. kom í rökrinu en er nú nýfarinn, bara jeg væri komin til þín eður þó heldur þú til mín ofur litla stund eða þá bara jeg vissi hvernig þjer líður, Elsku Finnur minn, líði þjer sem best nú og ætíð, Guð blessi þig, þess óskar mamma þín sem skal elska þig meðan lífi.

á Nýársdag, 1879.

Elskulegi sonur minn.

Guð gefi þjer góðan dag, og gott og gleðilegt ár, veðrið er hið sama afarmikið frost og bjart veður, jeg og litlu dreingirnir heima, hitt alt að heira sra. Hallgr. kl. 7. e. miðdag, núna rjett kom pabbi heim, og segist hafa heirt að senda megi brjef til hafnar með skipi því er hjer liggur, (það ætlar reindar til Skánar), það gleður mig óseganlega, ef jeg mætti óhrædd senda ruglið mitt með því. það væri líka gaman fyrir þig að fá brjef heimanað svona óvænt, einhverntíma áður enn póstskipið fer, ef þetta lukkast, þá lætur þú mig vita, hvenær það kemur, og hvert þig hafir óráð fyrir því. góða nótt elsku barnið.

5. janúar. Elsku barnið mitt gott.

Í dag get jeg nú seinast skrifað þjer í þettað sinn. Það gjörir nú ekkert, bara það komist klaklaust til þín og hitti þig heilan. Þessa daga hefir verið sama frostið og lofn, en í dag er þikt lopt, og austanstormur, en núna frost. það er sagt að presturinn ætli að fara að yfirheyra börnin bráðum, svo hann geti fermt áður enn farið er að gjöra við kirkjuna, okkur lángaði til að láta Guðnýju og villa í barnaskólan um nýárið, en þegar til kom treistist pabbi þinn ekki til að kosta nema annað í þettað

sinn, og vildi jeg láta G. verða fyrir því, helst vegna þess að jeg ætlast til hún verði fermd í vor; en hún vill ekki fara í skólan, svo Villi fer á morgun ef guð lofar. jeg vona hann hafi gott af því, hann er iðinn, og heldur gott að kenna honum. Íngólfur stafar duglega og les smá atkvæði, og þekkir tölu að þrjátíu eður jafnvel 50, en ekki finst mjer hann næmur að læra orðrjett utanbókar, en það er ekki að marka, hann er svo úngur, nú fer jeg að hætta, skipið fer eftir helgina, og á morgun eiga brjefin að vera til. Guð varðveiti þig alla tíma, og gefi að þettað brjef hitti þig heil-an, vertu sæll, vertu 1000 sinnum sæll. Elsku blessaður Finnur minn, það mælir af hjarta (og kyssir myndina þína) þín heittelskandi móðir, (mamma þín, kann jeg betur við að segja).

Anna Eiríksdóttir

7. jan. Elsku Finnur minn. Enn þá bæti jeg við fáeinum línum, með þrétándan-um gekk í austan átt og hláku svo í gær var mesta rigning og óveður, í dag er hægt og stílt veður, snjórin var ekki mikill, enda er hann farin, Villi er nýkominn úr skólanum í fyrsta sinni, hann var settur í miðbekk, og segist muni vera sá 5. jeg vildi heldur hann hefði verið settur neðar og haft sig heldur upp, en ef hann er svona ofarlega er jeg hrædd að hann haldi síður sætinu, hver veit nema Villi standi sig. Mensi er sá 4. eins og áður, það var raðað eftir nýárið, hann biður átsamlega að heilsa þjer, honum þykir að þú hafir sig út undan í brjefalegu tilliti. enn kveð jeg þig og kyssi. A.

Jeg skrifa einhvern snepil á morgun ef skipið fer ekki, hjer er mikið pólikst stríð og snúa flestar eggjar að Jóni ritara eins og vant er. pabbi þinn segir þjer líkl. um það.

9. jan. Elsku Finnur, eina línu, ennþá get jeg ritað þjer, það gaman eykur gleði mína, jeg gleðst ef aftur sjáumst vjer. já jeg gleðst í hvert sinn, sem jeg fæ brjef frá þjer, og á hverjum morgni gleðst jeg við að allir vakna heilbrigðir, heilsuna fær maður aldrei guði fullþakkað, heldur enn allt annað gott.

Í gær var frost, í dag er þítt, alt af eru úrkomur: svo ekki verður flutt úti skipið. altaf liggur Þorgr. og aumíngja Rikki, hann lagðist með þeim fyrstu, nú er sagt hann sje svo magur að hann geti valla komist á milli rúmana, en Ó Guðm. frá Breiðabólst. liggur nú einn á sjúkrahúsinu. L. Arnas. er að koma til, hann er í holti hjá Mad. Salv. þjer leiðist held jeg að lesa þetta alt rugl, það er best jeg hætti, og fari að háta, kl. er yfir 10. guð gefi þjer góða nótt.

10. Nú þótti mjer vera völlum á Villa þegar hann kom úr skólanum, það berg-málaði í húsinu, þegar hann kom inní skúrinn, „Einn fjekkk 6. í rjettritun, hann hjet Vilhjálmur.“ Magnús Andress. leiðrjetti og sagði hvað hver feingi, sá mesti næst honum fjekkk $4\frac{1}{3}$ en sum barasta 1.

Veðrið er ekki gott í dag, stormur og rigning á landsunnan. vertu ætíð blessaður og sæll. jeg bið að heilsa Páli og Helga og öllum sem þjer eru vænir.

14. ætíð sæll og blessaður elsku Finnur minn. Alltaf líður dag eftir dag, ekki kemst skipið, því einlægt hafa geingið rigningar, og ekki orðið skipað úti það. jeg veit ekki hvert það er til nokkurs að senda með því brjef. í dag er frost og landnordan stormur. Á Laugardags og sunnudags kveldið var haldin tombóla á sjúkrahúsinu (fyrir fátæka) og seldi pabbi þinn inngaungu miða við dyrnar bæði kveldin og fjeck 4. kr. fyrir, seinna kveldið fóru allir hjeðan nema jeg, þá ætlaði jeg að skrifa þjer, en viti menn Sra. Sv. kom þegar það var að fara, og sat allt kveldið, og segji jeg það satt, að jeg vildi mikið heldur vera ein þá stundina, vertu ætíð sæll,

15. Í dag er besta veður, skipið á að vera tilbúið í kveld og pabbi þinn er komin til að sækja brjefin og koma þeim á pósthúsið, jeg óska skipinu farar heilla og þjer allra heilla sem jeg hugsað get. það mælir þig af hjarta elskandi móðir.

Anna G. Eiríksdóttir

Reykjavík 19. jan. 79.

Elskulegi Finnur minn.

Nú má segja að himinraufarnar opnist, hvað sem uppsprettum undirdjúpsins líður, því í dag rignir látlaust, og ofsinn er að því skapi á landsunnan, ekki hefir verið messað, því jeg sje að presturinn er heima, kl. er yfir 1.

Í gær dó Haldóra gamla Hogensen eftir stutta legu. þann 16. næstl. varð skipið loksins ferðbúið sem hjer kom fyrir jól, það á að fara til Spánar, en kemst ekki á stað fyrir óvedri, með því sendum við brjef til þín, þar á meðal allt mitt rugl og riss. ó jeg vildi það komist til þín áður en póstskipið fer á stað, en helst af öllu vildi jeg að drottinn vildi gefa þjer heilsu og hamíngju, elskulegi dreingurinn minn.

20. það hefir ekki öllum þótt eins vont veðrið í gær og mjer, einhver hefir þorað út, og ekki verið iðjulaus því í gærkveldi voru brotnar sjö luktir niðri bænum, og er sagt að búið sje að setja 50 kr. til höfuðs honum er unnið hefir skemdaverkið, vertu ætíð sæll.

21. Guð gefi þjer alla góða daga, elskaði Finnur. Í gær var fógetinn með þjónum sínum að reina að komast fyrir hver brotið hefði luktirnar, og bárust miklar líkar að Sveini á Gufunesi hann hefir verið hjer í vetur eða um tíma að vinna eitthvað hjá Jak. Sveinssyni hálfbróðir sínum, Sv. hefir haldið til hjá Teiti, Finnbs. og segja því allir, sem nokkuð þykjast spámannlega stemdir, að Jón ritari hafi haft hann til þess, fóg. og lögreglu þjónumum, til ílls, segja þeir, og vilja víst sumir helst að svo væri, því það er fullkomið hatur í hjörtum margra til hans, og gánga því helst of tilfínanlega örfar og skeyti þeirra útífir þá er hafa verið svo óhyggfir að taka málstað hans, annað hvert að gamni, eða vegna þess að þeim þótti íllyrðabelgurinn nógu steyttur, þó einhver legði gott orð til, en hvað um það, Sveinn var settur inn í gærkveldi eins og maklegt var ef hann er sekur,

Í dag er besta veður þítt þurt og nærri logn. kl. er 3. Jón er ókomin heim til miðdags, kl. 8. ekki hefir hafst upp í dag um luktarbrotið, góða nótt.

23. ætíð sæll. Í dag hefir verið besta veður lítið frost og logn. Villi er veikur, af höfuðverk og í hálsinum, hann kvartaði um það í morgun en vildi þó fara skólan, en kom heim kl. 2. og gat ekki verið í saung, (hann er annan daginn í saung en annan í teikningu) og háttaði strags ofaní rúm, guð gefi þjer góða nótt, blessaður Finnur minn.

24. Föstudagur fyrsti í þorra fagurt veður og lítið frost. nú lagði aumingja skipið á stað áðan kl. 9. og fylgja því heitar hjartans heilla óskir mínar meðfram vegna brjfsins til þín sem jeg vildi svo fegin að kæmist til þín áður en pótskipð fer, kl. er 10. fyrsti krakkinn kemur, sæll.

Nú er kl. 4. jeg er ein heima með litlu bræðrunum, Villi mikið veikur af höfuðverk og beinverkjum. T. læknir kom í dag og ráðlagði meðul. Br. bókb. gjörði Jóni boð áðan að koma inn að Bústöðum með sjer, og hann fór. G. er hjá sra M. Guðný og Sigga að rulla og Mensi uppí skóla náttúrlega. það er orðið svo dimt að valla sjest til, vertu alltið blessaður.

25. Pálsm. það er samt ekki sem best Pálmessu veður í dag, það sá reindar til sólar, í dag en með kveldinu fór í austanbleitu bil, Villi er betri guði s.l. pabbi kom kl. háltvö í nótt og hafði skemt sjer vel. Sveini var slept út í dag, hann með gekk ekkert, en er þó haldin sekur (fóg. er ugglaut bölv. slóði). Sv. er hálfbróðir Guðrúnar í sjóbúð.

3. febrúar. Ástkær Finnur minn. ó hvað jeg verð fegin, hvað líður þó nær og nær því að þú farir að skrifa okkur, en guð veit hvað þú hefir að skrifa eða hvert þú getur skrifað, eða hvert þú ert eða verður, þá einu sinni á lífi, æ af því jeg er svo ónýt og hrædd, þá liggur opt við, að kvíðinn beri vonina ofurliði, þá von sem jeg uni mjer við, að þjer muni líða bærilega og við munum sjást aftur, já ef guð lofar okkur að lifa það, elsku Finnur minn að við sjáumst öll aftur með bærilegum kjörum., þá verður það sælasti dagur æfi minnar. Í gær fór jeg og 3. yngstu börnin í kirkju. það var besta (jeg kann ekki að skrifa zetu í lagi) veður glaða sólskin og hiti, en það var samt ekki það rjetta kindilmessuveður eftir gamalla manna máli, í dag er líka gott veður frostlítið og lígt og þykkt loft. Miðsvetrar próf byrjaði í morgun, vertu elskulegur og sæll.

5. Elskulegi Finnur minn. Í kveld er liðið rjett missiri síðan hið þunga skilnaðar kveld, er jeg sá þig seinast, Guði S. lof fyrir það sem liðið er, og liðið bærilega því bærilegt hefir það verið okkur, ó en jeg veit ekki hvernig þjer kanna að líða, og það er það, sem mjer er þungbærast.

Núna er gott þorra veður, lítið frost og þurr landvindur af austri eður norðri nokkuð hvass. vertu blessaður og sæll.

7. ætíð sæll, elskulegur minn. sama veðurlag, Í kveld á að byrja að leika sjónarleiki á Sjúkrahúsinu, Einar Jónsson og Ásgeir eru forstöðu mennirnir, leikendurnir eru margir, Morten Árni í Stuðlak. Ólafr Lækjark. Jón lánga nafnið Ó. Rósk. Jón í veltuni þ. Tórod. Anna og Marta Guðjónssen Guðrún Hall. og G. Knudss. og Sigga í Perney og Sigga T. Magnússonar Valdi í skólanum og kannske fleiri. Það sem leika á er Jeppi paa bjerget, Gjenboer, Aprilsnarran og Nei. Þorst. Pólfí er dyravörður og er sagt hann hafi beðið að lofa sjer að vera það. 1000 sæll.

8. Guð gefi þjer góðan dag. og þjer og mjer og okkur öllum gott ár, því nú stend jeg á ára mótum því í dag er afmælisdagur minn eins og þú manst ef til vill, jeg er 51. árs máske þú munir líka eftir því, og biðjir fyrir mjer í hjarta þínu kl. er 8 þ f.m. það er fagurt veður og logn og sólin blessuð er að koma upp.

kl. nærri 7. um kveldið. í dag um hádegið höfðum við sætt kaffe og vínarbrauð. jeg vildi þú hefðir drukkið gott kaffe um það leiti. pabbi þinn gaf mjer bakka, sem komast á 6 bollapör, mjer þótti vænt um, jeg átti engan almennilegan. jeg er heima og Íngólfur sofandi Gunna niður hjá Hólmmfr. Björns. að passa börnin því H. fór á sjónarleikinn núna og í gærkv. G. og V. eru suðrá tjörn, því veðrið er ágætt, pabbi er einhverstaðar og Mensi er að lesa hjá Valtír held jeg, prófið stendur yfir hann fjekk ekki nema 5. í sögu (því H. R. var prófdómari) en segist alstaðar kunna hana uppá 6. það hefir hann líka feingið í tímum. það er búið að segja Rikkarð úr skóla, hann er komin í lyfjabúðina að öllu leiti að sagt er. Þorgr. liggur ennþá, Guð gefi þjer góða nótt og allt gott.

14. ætíð sæll. nú er austanvindur og þíða að nafninu, í gærkveldi fór M. og Gunna á Gleðileikin að sjá Genbúeni, hún keipti sjálf en pabbi gaf honum, og í kveld gefur hann Mensa aftur og V. (Villi á það líka skilið fyrir hvað hann er kappsamur að læra, hann hafði verið settur neðstur eins og líklegt var, þegar raðað var fór hann upp fyrir 14. Systurnar ætla líka, prestshjónin gáfu Guðnýu en Hólmmfríður Björns Gunnu, það á að leika Jeppe. Í gær var búið prófið og raðað í dag og frí (þó það). Mensi fór niður fyrir 1. St. Gíslason en segist hefði átt að fara upp fyrir 1. nefnil. Odd, sem er sá 4. G. Magnúss. er efstur og Árni svo, H. R. var sensor bæði í sögu og dönsku, og fjekk Mensi svo lítið í hvorutveggja að hann hefir aldrei fengið eins lítið í tímum, $3\frac{2}{3}$ í dönsku en í dönskum stíl er hann vanur að fá $4\frac{1}{3}$. í sögu fjekk hann 5. í tímum $5\frac{2}{3}$ og 6. það væri synd að segja hann hefði ekki lesið vel í vetur, og staðið sig líka.

Nú er kl. 8. um kveldið, jeg er alein í húsinu og Íngólfur sofandi, (nú er næðið) systkinin á jeppe og pabbi þinn líka, Íngibjörg í norðurbæ sendi Gunnu inn-göngumiða í rökkrinu svo hún átti tvo, og ljet svo pabba hafa annan, uppá það að fá aftur að sjá Aprílsnarrann og Nei, sigga er að sækja mjólkina til Ólsens, þángað

fer hún í vor, ekki veit jeg betur og líkar mjer það vel! hún er orðin allt af stór í okkar litla hús, ekki svarar hún íllu samt um það sem hún á að gjöra, eður taka við en hún er óhrleinlynd og óþrífín í meira lagi, þetta er reyndar óþarfi að skrifa, en það jókst svona orð af orði, þú stíngur öllu mínu rugli undir stól (í eld) elsku Finnur minn. Guð gefi þjer góða nótt og varðveiti þig og okkur æfinlega.

16. Elsku Finnur minn. í gær var logn og þíða en svo var dimt fyrripartin af snjókomu að valla sást fram í skipin (Geirs) þó rjeru allir og fiskuðu meira og minna. Það er komið ofsaveður úti, á austan. Mensi fór í gærkveldi að sjá Aprílnarran og Nei. Valtýr gaf honum. í dag er bleituffjúk og þíða svo allt verður krapi, það var piltadagur og messað, nú fyrst staulaðist þorg. hingað á hækju og staf og tillir ekki niður fætinum, jeg hef verið lasin í dag af höfuð verk og ótukt og lá að mestu leiti en skreið nú á fætur þegar orðið er svo dimt að ekki sjest leingur til, vertu blessaður og sæll.

[...]

22. Ástkæri Finnur minn.

Sama veður; sólskin og frost. Í gærkveldi sendi md. Guðrún sra. Mattíasar mjer 2. billett, annað handa börnum og átti Guðný það eiginlega og fór líka með það, mig lángaði hálfvegis til að fara með hitt, og sjá Jeppa, sem þá átti að leika í seinasta sinni, en bæði var jeg eigi vel frísk, og svo var sætið á 11. bekk, og þótti mjer það of langt frá og gaf Mensa það, hann ljét ekki bjóða sjer tvisvar.

Kl. 8. um kveld seinast í þorra, Jeg er heima og litlu bræðurnir. Íngól. er sofnadur en Villi er, held jeg, að skrifa upp vitnisburðar bók sína, pabbi og systurnar eru að sjá Aprílnarran og Nei í seinasta sinni, nú á ekki að leika oft, þettað er 15ánda kveldið, Bertel gaf Gunnu, hún bað hann hjer um daginn að kaupa fyrir sig billett til seinasta kveldsins, pabbi gaf Guðnýu, og náttúrlega sjer, að því búnu ætlar hann uppí Geisir, hann á að vera þar í nótt, eitthvað fram eftir, því handverksmenn ætla að halda þar dansleik (Góublót), Gunna í dúkskoti er þar, Íngvar nokkur bauð henni, hann er að læra skósmíði hjá Guðna, og er kunnugur í dúkskoti. Jeg er hrædd um G. systir þín hugsji henni þegjandi þörfina hjer eftir, þegar hún stríðir henni með H. mikil ósköp er jeg búin að rugla við þig núna elsku Finnurinn minn, ó hvað mjer leiðist eftir póstskipinu eða þá Sigþr. hún kemur líklega ekki fyrri en það, hrædd er jeg um að þú sjert ekki búin að fá brjefin frá okkur enn, eða aldrei hefir mig, en þá dreimt svoleiðis, síðan skipið fór; (það er nú mánuður síðan, 30. dagar;) en það er ekki að marka kannske, láttu þjer ekki leiðast að lesa ruglið mitt elsku vinurinn og Finnurinn minn. Guð varðveiti þig ætíð og gefi þjer góða nótt.

23. Á Sunnudaginn fyrstan í góu. Ástkæri Finnur. Í dag er dönsk messa, það á að spyrja börnin í fyrsta sinn. það er frost og dálítið sólskin og lítil austan gola,

Dansleikurinn hafði gengið vel í Geisir og hætti kl. 4. í morgun, þá kom þabbi þinn og G. rjett áður. vertu blessaður.

[...]

25. Elsku Finnur minn. Í dag er logn en ógnar for, því í nótt var mesta hrakveður, allir rjeru en fiskuðu ekki vel, en urðu þó varir, og búin er jeg að fá fisk frá hól. við höfðum sætt kaffe og bollur áðan, á eftir miðdegis matnum, sem var kjötsúpa, einginn er samt sprúnginn enn til allrar lukku, í kveld er sprengikveld. jeg held að maður megi annars hætta að drekka kaffe, því hvergi fæst nokkurs konar sikur.

Ekki batnar samlyndið milli Friðfinns og Íngu, í nótt kl. 12. vöknudum við, við það að barið var í gluggan, jeg fór að vita hver úti væri, þetta var þá presturinn, í þessu góða veðri, hann sagðist hafa feingið það, að koma úti hús og það Jón að koma með sjer. þeir fóru báðir, Fr. var vitlaus niðri en madm. Zoëga og G. Steins (sem búa uppá loftinu) voru búnar að ná Íngu af honum upp til sín, en hann lamdi og barði svo allt ætlaði ofan að keira, prestur hafði verið reiður og ómjúkur í orði, en Fr. brúkaði kja. fyrst meðan hann þorði, og svo endaði að þeir máttu fá tvo menn að vaka yfir honum, annan þeirra klóraði hann allan í framan og beit í handlegginn. hann er falskur alveg eins og krókódfíll. og enn er hann jafnfullur og vitlaus og vondur, en það hjónaband, vertu ætíð blessaður og sæll.

Á Öskudaginn. Elsku Finnur í dag er ljóta veðrið, húðarrigning og stormur nokkur á austan, samt var alment róið, vertu 1000 sæll.

27. Elsku Finnur minn. Í morgun var logn og frost og besta veður; allir rjeru, en með hádeginu rauk allt í einu á norðan, fjöldinn er kominn, en einhverjir hafa farist, því er ver, því Akurnesingar sem allir hafa hleipt og lendt útá nesi, segjast hafa sjeð skip á kvolfi, en hvert það hefir verið hjeðan eður þaðan vita menn ekki enn.

Mig dreimdi í nótt að jeg var komin til þín, og jeg var glöð mjög og kysti þig en fór síðan heim aftur, og grjet þá svo mikið að mjer var dauðilt í höfðinu þegar jeg vaknaði, kannske þú hafir feingið brjefin frá okkur í gær, og því hafi mjer þótt jeg koma til þín, og hitt hafi verið eins og stundum vill til, líka hugsa jeg að þú sjert að skrifa okkur þessa dagana, ef guð gefur þjer líf og heilsu. Í gær fór prestur að finna Friðf. sem þá var loksins orðin ófullur, og það gjörðist, að F. gekk í bindindi, hvað ætli það standi leingi.

1. Mars. Elsku Finnur. Loksins er þá kominn þessi eftirþráði mánuður hvað sem hann færir okkur. það veit drottinn. Í dag er bálhvast á útsunnan, með kolsvörtum jeljum, svo valla sjer í næstu hús, en gott á milli, komnar eru frönsku fiskiskúturnar undir landið samt, sú fyrsta kom inn á höfn í dag, það var raðað í barnaskólanum í dag, Villi (hann hefur út 4, 80), fór upp fyrir einn og er sá 4. vertu 1000 sæll.

3. Aftur sæll. mitt elsku barn. það er eins og veturinn sje nú að gánga í garð. Það er 10 gr. frost og allagðir gluggar, því lítið sjer til sólar, loptið er svo þykt og fullt að það er eins og aldrei hafi komið úrkoma í vetur. Það var raðað í latínusk. í dag (og frí) Mensi náði aftur sínu 4ða sæti, Guðm. M. næst honum. Árni svo, og Oddur efstur. (óverðugur segir M.) Ó. St. sá 10. Pálmi 11. Sv. neðstur. H. Hafst er efstur í skóla, Lárus 3. sem von er sem lá svo leingi. allir piltar, frískir, og í tímum. L. Árnason hvað standa sig gróflega vel, og gekk upp í öllu við miðsvetrar próf.

Þorgr. kom í gærkveldi og sagðist hafa verið í skýrnarveislu hjá P. bróðir sínum, og Helgu, barnið heitir Margrjet Steinunn, eftir þeirri einu dóttir sem Vigfúsarkots-hjónin eignuðust, og mistu, P. gamli var annar skýrnarvottur en Þorst. bróðir B. múrara hinn, þar er Helga til heimilis, en ekki fór gamla konan, hún komst ekki til þess sagði Þorgr. og það held jeg að satt hafi verið, vertu sæll elsku Finnur minn.

5. Ástkæri Finnur minn. Hjer er almennilegur vetrarbragur út að sjá, töluverður snjór, og 16. gr. frost í gærmorgun, en í dag mikið minna, og þíðir glugga ekki samt í morgun.

Það er sönn frjett að 2. skip hafi farist af Akranesi þann 27. f.m. formaður fyrir öðru var Eiríkur nokkur á Breiðinni á sex manna fari, og höfðu verið úngir og valdir menn á hjá honum, en hinn Jón Guðlaugsson móðurbróðir Guðb. í katanesi, og systursonur frú Í. Melsteð, og það er fullyrðt að Vigfús í katan. hafi verið á hjá honum og jafnvel Guðlaugur líka, og þótti okkur mjög aumt að heyra, að þetta skyldu verða afdrif Vigf. jeg segi það líka satt að jeg kenni í brjósti um móðir hans og ef hún er orðin ekkja í þriðja sinn. Guð varðveiti þig og okkur öll frá öllum slisum, og hjartasorg, því sá sem býr yfir sorg eða söknuði í hjarta sínu, hann er ekki heilbrigður, elsku Finnur minn.

7. Smálíður, elsku Finnur minn, pabbi þinn vill nú reyndar helst telja mjer trú um að skipið sje ekki komið á stað ennþá, en jeg legg lítin trúnað á þann spádóm, en reyni heldur að gleðja mig við þá von, að það sje komið á miðja leið. og flitji góðar frjettir frá þjer, ástarkæra barnið mitt. jeg er annars alltof kjarklaus orðin móti ónotum heimsins. en jeg huggast líka alveg og styrkist, við vellíðan og menningu ykkar barna minna, og meðan Guð gefur heilsu og hamingju eftir vonum. Veðrið er þessa daga hið vesta, grófasti útsinningur og snjókoma, en ekki mikið frost, vertu blessaður og sæll.

8. Ástinn mín ætíð sæll. Nú er ekki frost og snjókoma, en það er austanstormur og rigning, háлка og krap í meira lagi, í gærkveldi voru þau gefin saman, Einar og Fríða í móakoti, veislan var í Geisir, og fjöldi fólks boðin, (um 40), af öllum sortum, 2 skólap. Bertel og Jón thorst. nokkur hjón, heilmargar vinnukonur, og Gunna gamla í miðhúsum.

Nýdáinn er Jóhann maður Í. Norðfjörð hann hefir legið síðan um Jól, og legið þúngt, fyrst var haldið hann hefði sopið á eitri. og var það helst eftir Jónassen

lækni, sem var sóttur til hans, því fyrst byrjaði þetta með slagi um nótt en þó áður en Jóhann heitin háttaði. Seinna er haldið að það hafi legið við að loga uppúr honum, því hann hafði drukkið nætur og daga, og verið mjög þungbúin og óglaður í hjónabandinu, en vel til friðs að deya að sagt er, þau eiga einn dreing, líka er Kristján í Görðunum nýdáin úr taki og lungnabólgu, og úr því dó líka um dagin maður í hlíðarhúsunum, Gísli frá Grænuborg. Það væri óskandi að það færi ekki að ganga, Guð varðveiti þig, (og okkur).

13. Elsku Finnur minn. Jeg hef altaf sagt, að úr því þessi dagur væri hálfnaður, þá vonaði jeg eftir póstskipinu, á hverri stundu, þángað til það kæmi og það gjöri jeg líka, kl. er bráðum 10. f.m. mig dreimdi líka í morgun að jeg kæmi út, og sá vestur hjá Akurey, að gufuskip kom brunandi. jeg þóttist hlaupa inn og segja að póstsk, kæmi, „það hugsaði jeg leingi,“ sagði Jón „ójá“ sagði jeg, „þú hefur ugglaust hugsað það,“ svo þóttist jeg ætla að líta á kl. til þess jeg gæti skrifað þjer, hvenær jeg hefði sjeð það. en þá vaknaði jeg, og kl. var liðugt 6. og jeg þurfti að fara að klæða mig. Það er alveg sama veður, Enn þá hefir frjest lát Jóns Repp. hann hafði verið á ferð, og lagst og dáíð uppí melasveit.

Nú er dagur að kveldi kominn kl. 9. ekki hefir fjölgað á höfninni í dag. sem heldur er ekki von ennþá, en jeg fjeck brjef í dag sunnanaf miðnesi frá Einari br. Það var ekkert markvert í því, en það er skrifað 24. Nóvemb. f.á. og er búíð að vera á leiðini rjettar 16. vikur. jeg fer að hátta, við erum olíu lítil, enda er langt síðan íllt var að fá hana, og sikurlaust er yfir allan bæin eður allar búðir. alltaf höfum við haft sikur að þessu, það smástittist vona jeg, enda legg jeg enga áherslu á það, nema ef allt annað gengur vel. Guð gefi þjer góða nótt.

16. Elskulegi Finnur minn! Nú hef jeg ekki skrifað í tvo daga, því jeg hafði ekki annað að tala um en frostið sem er 7.-10. gr. á morgnana en hlínar þegar framá daginn kemur, í gær lögðu Geirsjaktirnar út aftur og fá víst gott, því í dag er logn og besta veður. ekki fór jeg samt í kyrkju, því jeg hjelt það mundi verða heldur kalt fyrir Íngólf sem vill endilega fara með, við gengum út stíg bæði um messutímann, til að vita hvert við sæum ekki pótskipið, sem jeg hef vonað eftir síðan á fimtugdag, en hjer eftir fer mig að leingja eftir því, jeg er helst að hugsa um, að skrifa ekki fyrr en það kemur, svo þú sjáir ekki, hvað jeg er barnalega óþolinmód. Guðm. gamli í laugarnesi er nýdáinn, hann hefur legið á sjúkrahúsinu, síðan í haust eða sumar, ekki meir í þettað sinni vertu blessaður alla tíð.

17. Elsku Finnur minn! jeg verð að segja þjer nokkuð, hann Kolbeinn fær hjerna kaffe á morgnana, í vetur, þegar hann kom í morgun sagði hann að pótsk. kæmi og Jón lóðs væri farinn, útí það, því hann (Jón) og Johanes í Nýjabæ hefðu sjeð það ofan af túni, (en mikil þoka var yfir sjónum) þettað var satt, Jón fór en kom aftur innan stundar svo búin. Nú er kl. 4 e.m. og ekkert pótsk. sjest enn. en þú getur nærri hvaða ys og þys kom á fólkið, allir voru á hlaupum, og fullar göturnar

og túnin, það sama gekk á hjá okkur. Þeir sem ekki voru komnir á fætur flíttu sjer, en bráðum feingum við að vita hið sanna, samt gengum við Gunna upp að skólavörðu því vedrið er ágætt í dag sólskin og logn og frostlaust. Þeir sem ekki eru komnir suður rjeru en fiskuðu lítið. Norðanpósturinn var að koma áðan þegar piltar voru að koma úr skólanum. Þabbi þinn er farinn inneftir, en ekkert hef jeg frjett eftir honum ennþá. Vertu sæll. Já sana farsæll.

19. Elsku Finnur minn! komin er sá 19. kl. 10. f.m. ekki er pótsk, komið en, alla leingir eftir því, suma af sikurleisi, (en þá á jeg ögn af sikri) sumir af öðrum ástæðum og þar er jeg með, kannske það hafi lagt út þann 12. Því þá dreimdi mig það nóttina eftir, og Mensi var drjúgur yfir því í morgun, að sig hefði dreimt í nótt að skip væri komið, og með því hefði frjest að pótsk. hefði lagt út þann 12.

Meðal annara brjefa er þabbi þinn fjeck með norðpóst. var brjef frá Guðm. á Varðgjá, sem hann segir að sje það seinasta, í því gefur hann ávísun uppá 10. kr. (er eiga að takast af norðf. peníngum) sem þú átt að fá, því hann segist hafa verið of fátækur þegar þú hafir komið til sín, og datt mjer í hug, að láta ekki senda þær með þessari ferð, en spyrja þig hvert þú vildir ekki láta útvega þjer fyrir þær smjör í sumar, svo fljótt sem það fengist, því nú er almenn ekla á því, vertu ætíð blessaður ástinn mín.

20. Kl. 9 þ f.m. Elsku Finnur! Nú er pótsk. loksins að varpa atkerinu, í austan stormi og rigníngu. ó! hvað skyldi það færa í frjettum, 1000 sæll.

20. mars. kl. 5 e.m. Elsku besti sonur minn! Jeg hef ekki orð til að lýsa hvernig ég er innvortis núna þegar jeg er búin að lesa blessuð brjefin þín. (Guð veri lofaður fyrir að þjer líður bærillega já fyrir allt gott sem við njótum,) jeg þakka þjer ástsamlega fyrir brjefin þín öll sjerflagi mitt og abelsínurnar, þær smökkuðu dável. Þú mátt ekki senda það sem nemur neinu verði, þetta var nóg.

Villa þótti ósköp vænt um jarðhnöttinn, og mjer hans vegna, yfir það heila er eins og af mjer sje ljett birði eða torfu er leingi hefir á mjer legið, en ekki hefir þú verið búin að fá brjefin sem send voru með Íðu, og þyki mjer verra ef þau koma ekki til skila. Í dag heirdist, að búin er að veita Hallormsstað, en gettu hverjum, sra. Sveini Níjelssyni. heldur þú ekki að kallinum segi fyrir?

Þú segist varla munir verða búin á 4. árum, og mun þess varla von og betra er að koma vel búin en ílla búin, á hverju sem þú átt að lifa 5ta árið, það er ekki vert að hugsa um það núna, guð varðveiti þig, elsku Finnur minn. verst er ef þú þarft að kaupa kenslu í heimsspekini sjer á parti, það er líka leitt að vera svona fátækur, að geta ekki sendt þjer svo sem 40. kr. til að borga þessum góða heimsspeking en það tjáir ekki að deila við (dómarrann) gjafarann segi jeg, hitt er enn neyðarlegra ef jeg get ekki rifið upp smjör í annan litla kassan og sendt þjer, jeg á reyndar svo lítið hjá Kr. í Engey en hann verður líklega ekki svo búngóður, að borga mjer það í því, þetta er orðið of langt mál. ef það verður svo ekki meir. vertu blessaður og sæll.

23. Elskulegi Finnur minn. í fyrra dag var hláka, í gær útsinníngur með jeljum og frosti í gærkveldi, í dag er allgott veður. sjer til sólar nærri logn en nokkuð brim og þiðnar allt í dag. Pótsk. fór suðrí hafnarfjörð á morgun, það er annars eins og einhver góður andi hafi komið með því, því auk þess sem jeg hef þriðjúngi betri heilsu en áður, þá lítur svo út sem kaupmenn hafi feingið sinn þriðjúng af honum. því þeir hafa sett niður ýmsar vörur, svo sem kaffe sikur rúgmjöl og líkl. fl. þú manst að þeir eru ekki vanir að flíta sjer að setja niður, svona með fyrstu ferð.

Sra Helgi messar í dag, rv. er eitthvað lasin, á sunnudagin kemur á að messa í seinasta sinni, áður enn hún er rifin, það á að brúka líkhúsið í hennar stað, en ef þar verður fermt í vor þá læt jeg ekki ferma Guðnyú fyr en í haust að búíð er að bygga kyrkjuna. mjer þykir mikið ef fleiri verða ekki eins sjerlundaðir.

S. fángav. hefir sagt þabba þínum að hann hafi feingið bréf frá Kristínu systur sinni, dags. 7. þessa m. er hún hafi sent til Englands á eftir pótsk. og í því þakkar hún honum fyrir brjefið með ídu, mjer þótti ósköp vænt um þessa fregn, því hafi eitt bréf komist, þá vona jeg að öll hafi komist, og þú fengið þín, sem jeg vildi svo gjarnan, á jeg ekki að senda þjer einar nærbrækur með næstu ferð úr vaðmálinu sem jeg er að koma upp, láttu aftur koma ef eitthvað verður ónýtt hjá þjer, sokka sem þarf að gjöra neðanvið. nú vona jeg að geta sent þjer tvenna sokka mórauða samt, (en það er sama hvernig þeir eru litir í danska skó), og morgun skóna, þeir eru frá okkur Gunnu báðum við vildum heldur láta setja þá í stand hjer, að öllu leiti heldur enn senda bara yfir borðið, ef þeir skyldu verða of rúmír þá skaltu brúka í þeim fleppa, vertu sæll.

24. Finnur minn góður. Í dag er lítið að skrifa, nema mjer ógnar kvað úr loptinu getur farið stundum vatnshríð stundum snjóhríð í skæðum en verður allt að vatni og ekki er hvast en brim er, því vestanátt er eða útsinníngur þó hann standi á austan, skipið fór í gær suðrí Hafnarf. og er ekki komið en, kl. 6. e.m. mjer líst ekki á að það fari á miðvikudaginn, þann 26. vertu altíð blessaður.

25. Elsku Finnur minn. Nú skrifa jeg þjer líklegast í seinasta sinni í dag með þessu skipi því í kveld á að búa allt út, jeg sendi annan kassan til þín aftur með ögn af smjöri í, sem er þó oflítið, en þú tekur viljan fyrir verkið Finnur minn, þú verður að lesa þetta allt, saman, því það er í mörgu lagi,

Hólmfr. Björnsdóttir [eignaðist] dreng áðan, og er frísk eftir vonum. Gunna systir þín er þar, en jeg vona að hún komi heim að búa út með mjer, við sendum 6 kr. uppí vaðmálið til Páls og biðjum þig afhenda honum, þær verða látnar innaní sokkana eða skóna, brjefið og böggulin til R.B. frá Sessilju í Stuðlakoti ferðu sjálfur með, og færð kaffe í staðin, en hárlökkin á Jóhannes á stað, frá Árna. jeg man nú ekki að það sje meira sem jeg þarf að segja við þig í þettað sinn, jeg bið þig lesa í málið, vertu elskulegur og sæll, ástkæri sonur minn, það mælir af alhug þín heittelskandi móðir eður mamma þín. Anna.

Reykjavík. 30 Mars. 1879

Elskulegi Finnur minn!

Nú hef jeg ekki skrifað þjer í 5 daga, um þá er ekkert að segja nema storma og krapaskúrir, þángað til í gærmorgun, þá var loksins logn, og sást þá skip fyrir utan eyjarnar, og var það Sigþr. (er hafði lagt út 11. þ.m. hún færði engum frjettir) þegar hún var búin að hafna sig, rauk á með norðan bálveður (um hádegis bilið) og helst það enn þá. kl. 6. e.m. hún slapp mátulega undan því. jeg fór samt í kirkju í dag, kannske í seinasta sinni, eða altjend núna um tíma, því nú á að fara að messa í líkhúsinu, og veit jeg ekki hvert jeg fer þángað nokkurn tíma, það er að segja til messu, vertu ætíð blessaður elskan mín góð.

1. Apríl. Elsku Finnur minn! Í morgun var 5 gr. frost, en heldur er lignara, og Akurnesingar eru hínagað hleiptu á laugardagin lögðu á stað í morgun, kl. er 11. f.m. Villi er nýkomin úr skólanum, það er röðunar frí, hann fór uppfyrr 1. (Þórð Jensson) og er sá 3. Jeg fór út í gærkveldi, ekki eiginlega til að spássjera því bæði var hvast og kalt heldur að gamni mínu suður til G. Brínjólfsdóttur, þær Ella tóku mjer mikið vel. E. hefir verið mjög vesæl um tíma, en hver veit af hverju? heyrst hefir að G. Ólsen sje trúlofaður Sigríði Sveinbjar. hann sefur þar í húsinu hjá Ásgeir Blöndal, í vetur, enn áður var sagt gott á milli þeirra G. og E. og ætli það hafi ekki verið svo. vertu blessaður Finnur m.

6. Á Pálma. ætíð sæll, Finnur minn. Nú er allgott veður í dag, hæg norðan gola, og þó þítt, í morgun kom skip til Jóns Símsen, ekkert hef jeg frjett af því það var 19. daga á ferðini, nú var messað uppí líkhúsi í dag, og þar er nú verið að yfirheyra börnin, líklega má jeg til að láta ferma Guðnýu þar, jeg fann prestinn í morgun, og sagði hann að kyrkjan yrði ekki búin, fyrr en um veturnætur eða seinna, hann sagðist mundi ferma tvisvar í vor, og ef til vildi einu sinni í haust, ekki held jeg að jeg dragi það til hausts fyrst þá verður ekki fermt í kyrkjuni að heldur, (það geingur svona öfugt við það sem maður vill) jeg þori eða vil ekki láta það bíða til vors aftur, jeg á ekki víst að við lifum öll þángað til, nóg um þettað, í þettað sinn. vertu blessaður og sæll.

8. Elskulegi Finnur minn góður. Veðrið í gær, og dag er austan þíða og lítið regn stundum. Í gærkveldi dó Guðfinna gamla móðir Þorbjargar, ekki auðnaðist henni að sjá Pjetur sinn aftur, í þessu lífi.

Páskafríið byrjaði í gær kl. 4 piltar ætluðu að halda ball í kveld en Biskup skrifaði forstöðumönnunum um daginn og bannaði það, af þeirri ástæðu að það væri í efstu vikunni fyrir páska, en sagði þeir mættu halda það á þriðja í páskum, og það er í ráði að verði, Mensi ætlar með Gunnu (hún kom heim í gær frá Hólmsfr. B.) ef alt verður eins og nú er.

Það eru á milli 40.-50 dömur þar á meðal Jónína í húsinu, Gísli Br. bauð henni. nokkrir hafa rall, og sumir eru ekki með, Bertel bauð S. Jónassen en hún fer ekki,

Porg. Knútssen systur, (hann er hættur við hækjuna en hefir staf.) Bjarni Þór. býður 4. Rútur Fanný og svona sinn hverri. Guðnýu litlu þykir held jeg verst að hún getur ekki verið með, vegna þess að hún er ófermd. Vertu blessaður og sáll.

11. Finnur minn, elskan mín! Í dag hefir verið undurgott veður, logn og blíða, jeg og Íngólfur fórum til messu, suðrí líkhús, mjer þótti skemtilegra en jeg hafði búist við, það er líkt og í fallegru en lítilli sveitakyrkju. svo um eftir miðdaging gengum við Jón og Íngólfur útá stígs enda, og komum heim núna, kl. 5, pabbi þinn fór inneftir og allir eru úti í góða veðrinu, og jeg er til með að fara út aftur þegar jeg er búin að segja þjer þettað, og segja, að þú skulir altjend vera, blessaður og sáll.

12. Elsku Finnur minn! kl. 6. e.m. Í dag er besta veður. logn fram eftir, norðvestan gola núna, um miðjan daginn kom Valdimar eftir 11 daga ferð, og með Helga fjekk pabbi brjef frá þjer, sem gladdi okkur, að vita að þjer leið bærilega þá. (Guði sje lof fyrir það) en verst þykir mjer, ef þú hefir ekki feingið brjefin, er send voru með Ídu, því ekkert minnist þú á það. Guð gefi þjer góða nótt, og gleðilega Páska á morgun. (Ástin mín).

13. Á Páskadaginn. Elskulegi Finnur minn! Guð gefi þjer góðan dag og gleðilega Páska. (kl. er hálfþólf,) í dag eiga að vera 3. messur, sra Mattí. hjelt þá fyrstu kl. 8. í morgun. Jón og Mensi fóru þá, önnur byrjaði kl. 11. þá fórum við öll, það gekk vel að fá sæti fyrir okkur, en þá kendi einhver þeim (sjálfsagt íllur andi) að setja opna alla glugga, svo andveðrið stóð inn á okkur, og jeg þorði ekki að sitja þar með Íngólf og fór, og er nýkomin heim hálfergileg útaf ferðalaginu, um eftirmiðdaging erum við mæðgurnar og litlu dreingirnir boðin útí norður bæ til Íngibjargar. Veðrið er ágætt, lítil vestan gola og sjer til sólar, nú ætla jeg að labba út á stíg með Íngó. vertu blessaður og sáll.

2 Maí 79. náttúrlega.

Jeg þarf að segja þjer nokkuð, Finnur minn! Hjer um daginn hitti pabbi þinn Pál Þorkelsson gullsmið, hann spyr opt um þig, og í þettað sinn var talað um þig, bæði að þjer geingi vel, og liði bærilega, og að efnahagur þinn hlii að vera í þreingra lagi, veistu hvað, Páll segir að hann (pabbi) skuli láta sig vita, ef þú sjert í mikilli þröng.

Meiníngin að hann lánaði þjer eða honum eitthvað ef á lægi, en er það nú ekki gott, jeg læt þig vita þetta, til þess, að þú getir heldur kvartað við okkur, ef þú ættir eitthvað erfitt, en ekki máttu láta vita, að þú vitir þettað, ef pabbi segir þjer það ekki. Jeg set þetta á laust blað svo þú getir brennt heimulegheitin, „vertu sáll og mundu mig, minn í allri hrigð og kæti,“ o. s. fr. mamma þín elskan mín.

Reykjavík 9. Maí 1879

Elsku besti Finnur minn!

Nú er kóngsbænadagur. Það er heiðríkt og glaða sólskin og lítil vestan eða norðan gola, en svo er hún köld, að öllum er hálfkalt, um hádaginn, og í morgun var allt gaddað. Það er verið að messa, Pabbi er nýfarinn á stað inni Viðey, hann ætlaði að ganga inná klett, en í gær fór Mensi og S. Bríem með Ólafi sjóleiðis inneftir. Gunna er heima og er að hekla hvítan dúk fyrir komóðuna sína, því til þess brúkar hún flesta frítíma sína, Guðný er við messu, litlu dreingirnir hjá deing-
gsa, uppá bletti. Enn er nýdáinn Björn á Breiðabólstöðum á Álptanesi úr lungna-
bólgu, frá mörgum börnum. Þann 5. næstl. keypti landafóg. við þriðja uppboð hús
Gísla sál. Magn. fyrir rúm 3. þúsund krónur, að sögn, handa St. grími bróður sín-
um. ekki veit jeg hvort frúin verður kyr, eður hvert hún fer. Jóhanna Geirs er þar
hefir verið síðan í vetur, flitir hingað um tíma, meðan verið er að koma upp bæar-
kofa handa henni. Geir er hennar hjálparmaður fyrir hönd Sigr. systir hennar. Jóh.
er orðinn mesti aumíngi.

10. Sæll Finnur minn. Í gær urðum við svo fræg að sjá Þorst. í einkennisfötun-
um, þau eru ekki ljót, giltir hnappar framan og aftan, þau gengu vestur stífg hjónin,
en sigga hvað þykja munur á búning sínum, og mannsins síns, og fjellst vel á, að
skauta, þegar þau færu á skemtigaungu, einhver stakk uppá því við hana!!! en ekki
gjörði hún það samt í gær. Í dag er hvast á austan og svalt, og loptið fult með úr-
komu. Vertu blessaður og sæll elskan mín.

11. Ástkær Finnur min! ætíð sæll. Nú er heldur ónotalegt vorveður, austan
stormur með jeljagangi, eingin fór til messu hjeðan, jeg hef setið í allan dag inni
kamersi með Villa og Árna á hól, að hjálpa þeim eftir efnunum í dönsku, er á að byrja
í fyrra málið, þá byrjar vorprófið. kl. er bráðum 6. Mensi kom núna úr Viðey, og
þeir fjel. Pabbi kom aftur undir eins, honum þótti blautt að ganga þegar inná göt-
urnar kom, ekkert nýtt, allir frískir, lof sje guði, jeg vildi að jeg vissi hvernig þjer
líður núna, elsku Finnur minn. Ó að jeg sæi þig rjett í svip, vertu sæll, guð varð-
veiti þig.

16. ætíð sæll, Elsku Finnur minn. Í dag er austan stormur og stórrígníng, eftir
hádegi, ögn skárra um morguninn, jeg fór kl. 10. ofaní Barnaskóla, því þá var hon-
um sagt upp, en það var lítið gaman, jeg heyrði svo ílla fyrir isi í krökkunum. Villi
skrifar þjer hvað hann hafði út, þann 14. byrjuðu piltar að lesa undir vorprófið. jeg
man nú ekki meira í þettað sinn, enda hef jeg lítin tíma, því mest Siggju verk koma
á mig núna, því Gunna er byrjuð á að skattera samfellu handa sjer, hún er niður hjá
Hólmf. núna meðan hún er að byrja, svo ætlar hún að gjöra það heima, vertu sæll.
og kystur, af mjer náttúrl. í huganum, elskan mín.

19. Elsku Finnur! Ástkær heilsan. Í dag er auma veðrið, austan stormur og úr-hellis rigning. ekkert nýtt. Guð varðveiti þig.

20. Elsku Finnur minn! ef þú átt ekki mjög bágt, sem jeg vona að Guð gefi að ekki sje, þá þarftu ekki að sjá eftir, þó þú sjert hjer ekki núna, í þessari ótíð, í dag er lítið betra veður en í gær, vertu ætíð sæll.

25. Ástkæra barnið mitt. ef þú vissir hvað þú stendur mjer fyrir hugskotssjónum í dag, mig dreimdi þig svo í nótt, að þú værir komin hjer og værir veikur, og J. læknir sagði að þú værir dauður, en jeg vissi að það var ekki satt, því þú talaðir við mig og sagðist bara vera máttlaus, Ó jeg man svo vel eftir blessaða andlitinu á þjer, en jeg vona að þettað sje ekki annað en draumur, og bið Guð að varðveita þig, og hjálpa þjer, ef þú átt eitthvað bágt.

Veðrið í dag er allgott, glaða sólskin, og hæg en svöl útnorðan gola, og leggur jeljadrög ofaní hvert skarð og gil á Esjunni. Vertu altjend blessaður.

28. Elsku Finnur minn. Í dag og gær hefir verið útnorðan átt, þurkur um daga, en frost um nætur til sveita, svo ekki er álitlegt með gróðurinn. Mjer leiðist eftir Díönu, mjer finst svo langt síðan hún lagði á stað. vertu margblessaður.

Reykjavík 29. Maí 1879.

Elsku sonur minn!

Þessar línur eiga að færa þjer mínar heitustu hjartans heilla óskir á þessu komanda ári þínu, og á þessum nýbyrjaða afmælisdegi þínum, jeg vildi guð gæfi að þessi dagur og þettað ár yrði þjer eins bjart og fagurt, eins og þessi morgun er hjer, hjarta mitt er fullt af tilfinningum þín og allra minna barna vegna, en hvert þær ná þángað, sem þær ættu að ná, það veit guð einn, jeg hef vonarljós, en líklega ekki hið rjetta sterka trúar ljós, en fyrir ykkur skal jeg biðja, svo leingi jeg megna, í von um að bænir móðurinnar finni stað og fáí bænheyrslu.

Klukkan er að slá 6. f.m. „Himininn er heiður og blár og hafið er skínandi bjart“, því það er blíða logn, og glaða sólskin, allir sofa hjer enn, nema jeg, og Gunna systir þínn, hún er farin í laugar, en jeg er ekki viss um, hvert hún var fær um það, (það var samt borið fyrir hana) það hriggir mig hvað hún er heilsulin og niður dregin. eins fjörug og hún var.

Nú verð jeg að hætta við þettað, og fara að hugsa um kaffe, og að vekja Mensa, því í dag byrjar prófið, allt skriflegt á að verða búíð fyrir hátíð, í gær var Den store dag. Þú ferð líka bráðum að vakna og fara á fætur, ef guð gefur þjer líf og heilsu, elsku Finnur minn. Guð gefi þjer góðann dag. Mælir af allhug mamma þín.

1. júní á hvítasunnudag.

Elskulegi Finnur minn! gleðilega hátíð.

Nú er glatt á hjalla hjá okkur. (kl. er 5. e.m.) Því pabbi þinn er nýkominn heim með brjefið sitt, frá þjer. Ó jeg lofa guð í hvert sinn, er jeg fæ að frjetta að þjer líður vel, eða bærilega vel, DÍana hafnaði sig kl. að gánga 1. með fjölda farþega. Það er þykt lopt og þoka ofaní mið fjöll, og lítil vestan gola, hina dagana, síðan jeg skrifaði hefir verið sólsk. og besta veður, í dag er líka gott veður bara vantar sólskinið. í morgun kl. 9. hjelt H. Sveinsson morgunmessu, var vígður Þorst. Benediktsson, og stje hann í stólinn, sr. Helgi lýsti vígslunni. jeg komst suður í kyrkjugarð, og ekki leingra, því allt var fullt. Í gærkveldi sendi fógetin hingað heim með einkennar búningin, en ekki fór pabbi þinn í hann í dag, og fer líklega aldrei, hvar ætli þetta lendi? vertu blessaður, ástin mín.

2. júní kl. 1 e.m.

Ástkæri Finnur minn.

Í dag er svo mikil þoka að stundum sjest ekki fram á höfnina, sem er alþakin skipum, undir 20. eru þau, þó ekki gufuskip nema DÍana. Í morgun kl. 10. messaði sr. Mattías, jeg fór með Íngólf, en mátti sitja úti en það var held jeg eins gott og inni, því ekki bærðist hár á höfði og hvert orð heirðist, og þótti mjer mikið gott að heira til Matt. nú er sr. Hallgr. að halda danska messu, og kl. 5. ætlar H. Helgasen að halda aftansöng.

Með DÍönu komu ótal farþegar, af þeim nefni jeg Sigtrigg Sigurðsson apótekarasvein til Krügers. Ó Ólafsson prentari, til Einars prentara. ekkja Hákonar sál. í Bíldudal. Að norðan frjettust nokkur merkismanna lát, og nefni jeg þessi, Jóhannes er var á Gunnsteinsstöðum, Jónas prentari. Sigurður gamli í Höfnum. hann hefir einu sinni eða tvisvar áður verið sagður dauður, gamla madaman á Höskuldsstöðum, og Þorgerður Björnsdóttir á Akureyri, kona Jóns Stefánssonar.

Ólafur sonur þeirra, hefur verið í vetur eins og í fyrra vetur að læra söng hjer, hjá J. Helgasyni en fór í morgun á stað norður, hann kom hjer snemma í gær að kveðja, glaður í anda, af að hugsa til að koma heim til föðurhúsanna, og að móðurhjartanu, en seint í gærkveldi fann pabbi þinn hann, og hafði hann þá verið heldur hryggur í huga, og sagt, að hann kviði fyrir að þurfa að fara norður, og að koma heim, jeg segi það satt, jeg kenndi í brjósti um hann. Vertu blessaður og sæll.

5. Ástkæri Finnur minn! ætíð sæll.

Nú er held jeg nokkuð um dýrðir í höfn í dag, en jeg er líka ánægð, því áðan kl. liðugt eitt hafnaði póstskipið sig. nú er hún 5. ekki erum við búin að fá brjefin enn, en kveðju og vitneskju um þau, og það er mjer nóg, að vita að þú ert frískur og glaður, þetta á nú við mig, að fá brjef frá þjer á sunnud. og svo aftur nú, það er almennilegt, og þó vikan hefði liðið, hefði jeg verið ánægð fyrir það, en að frjetta ekki af þjer í marga mánuði það er lítt bærilegt, að mjer finnst, þessa daga, hefir

verið, besta veður, oftast logn eða lítil vestangola, stundum sólskin en stundum þykt og þoka, og svo er í dag, að ekki sjer sól.

Elskan mín góð, núna rjett í þessum skrifum fjekk jeg brjefið mitt, frá þjer, með Jóni Þórarinssyni. Bertel kom hingað með það, hafðu ástar þökk fyrir það, þau eru ástrík og ágæt brjefin þín til mín, eins og þú ert sjálfur. (Gott á J. að hafa efni til að koma heim, sjer til skemtunar) eingin er búin að fá brjefin sín frá þjer nema jeg, heldur þú ekki að jeg sje groggin eða mokin, jeg er það reyndar ekki, jeg er bara glöð og ánægð, því jeg kalla allt gott þegar þú ert heilbrygður og líður ekki skort, en það er ekki við öðru að búast en að þú komist ekki af skuldlaust, þar sem eingin hjálpar þjer um nokkurn eyri, vel verði kerlingunni er bauð þjer að borða til láns, hvar ætlar þú þá að borða miðdagsmat, hefði hún ekki boðið þjer að borða hjá sjer?

Gaman þætti mjer að vita hvernig ykkur Páli geingur að hita kaffe, og búa það til, það held sje nú kaffe. það er annars, án gamans, mjög vænt fyrir ykkur að geta hitað, ykkur einhvern dropa, þegar á liggur, jeg bið ástsamlega að heilsa Páli, Vertu blessaður ástkæri sonurinn minn.

8. júní. á þrenningar hátíð. Elsku Finnur minn góður. Í gær var sólskin og vestan gola, svöl að mjer fanst, en aðrir sögðu hún væri heit, og svo hefir líklega verið, en Íngólfur hefir dálítið kvef og hósta einkum á nóttunni, og því er jeg hrædd að hafa hann úti þegar hvast er, og af þessu hefir mjer líklega fundist kaldara en öðrum. Sra. Jónas Björnsson kom hjer snöggvast inn og spurði hvernig þjer liði og þar frameftir, hann kvað vera komin hjer til að sækja um Sauðlaugsdalinn, því Sra. Magn. G. hefir sagt af sjer. (Resignerað).

Í morgun þegar jeg kom út kl. liðugt 6. þá þótti mjer veður til smávika, það var blíða logn, og sólin skein í heiði, skipin höfðu snúið sjer til austurs eins og til að fagna deginum, eður eins og grösin er snúa sjer ávalt móti sólu, það má fara nærri um hvað framorðið er dags, þó eigi sjái sól, með því að gæta að hvert blómstrinn snúa sjer. í dag hefir ekkert markvert tilborið, kl. er 4. e.m. jeg er að hugsa um að fara ofan til Hólfr. Björns með litlu dreingina, hún hefir boðið mjer opt að koma, það er ekki búíð að skíra þar enn, vertu sæll já og 1000. sæll.

13. Elsku Finnur minn! Í dag er næstum heiðríkt seinni partin, það er líka giftúngardagurinn okkar, en ekki hefir það sjest í neinu, enda árar líklega ekki til þess fyrir okkur, því ekki veit jeg annað en Jón sje hættur að koma á kontórinng og er það vegna þess að hann vill ekki brúka fötin, brjef hafa gengið milli hans og fóg. en hvað þau hafa innihaldið veit jeg ekki, þettað fer dável. en guð gætir sinna. vertu marg blessaður.

Reykjavík 15. júní 1879

Elskulegi Finnur minn.

Þessa daga í gær og í dag, hefir verið besta veður, logn og sólskin í gær, en í dag þykt lopt og logn, en sjer þó stundum til sólar enda hreifir fólkið sig hjer líka.

Díana fór á stað, kl. 12. í gærkvöldi og með henni er sagt að farið hafi, á annað hundrað manns, það var líkt veðurlag og allt útlit eins og þegar þú först, en miklu bjartara. (Díana fer aldrei svo á stað hvedan, að hún minni mig ekki á, eða það rifjast upp fyrir mjer endurminningin, um kvöldið sem hún flutti þig burt frá mjer.) Líka eru piltar að fara þessa daga, S. Br. kvaddi hjer í gær, en fór á stað í dag með hafna bræðrum og fl. S. frá Höfnum og Mensi eru mestu mátar, aldrei sjást þeir saman bræðurnir, líka kvaddi sra Sveinn, aumínga kallinn, hann er brjóstumkennanlegur að þurfa að taka þettað til bragðs, vegna þess hann getur ekki haft ánægu hjá neinu barna sinna sem hann þó af vilja og mætti er búin að gjöra að mönnum, hann hefir feingið 30. kr. hjá okkur fyrir M., ekkert nefndi hann það sem eftir stendur, en óskaði honum og okkur heilla og hamíngju, og sagðist hafa notið hjer margra skemtistunda. Friðfínnur skó, fór vestur á Ísafjörð, að reyna að koma sjer fyrir.

Björn gullsm. Arnas fór alfarin með konu og 2. börn. og ótal ótal fl. Gústa á Hjálmholti hefir verið hjer 2-3 daga og fór í gær, með henni fjeck jeg boð, í annað sinn í vor, frá Jóh. bróðir, hvert hann ætti ekki að senda mjer hest um jónsmessuleitið, til að koma austur, og játti jeg því, því mig lángr til að sjá sveitirnar og koma austur, en mjer finnst samt jeg geta valla farið, bæði er jeg fátæk til að sjá nöfnu mína og Lauga, líka á að ferma Guðnýu á Sunnud. kemur ef guð lofar, ef jeg fer segi jeg þjer ferðasögu mína seinna.

Í dag var vígður (í líkhúsinu náttúrl.) Ólafur Ólafsson frá Melstað, að Brjáns-læk. Páll gullsm. Þork. hefir afhendt pabba þínum 18. kr. er þú átt að fá, endurgjaldslaut frá honum, „það er vel gjört af vandalausum“ og vel verði honum fyrir það, það er sagt að St. Jónsen ætli að sigla, nú er orðið nokkuð langt í dag, þó eitthvað eftir, vertu blessaður og sæll.

16. Elsku Finnur minn góður, Nú er hver seinastur að skrifa, á morgun fer pótsk. Í gærkv. gjörði hellirigníngu og þótti gott, því jörðin var orðin þur um of, en í dag hefir ljett upp með norðan roki og kulda, samt er verið að taka upp mó hjá okkur, Guðný og Íngólfur biðja átsamlega að heilsa þjer, þau geta eigi skrifað núna, hún af tímaleisi, hann segist „víst ekki skrifa honum Finni, fyrst hann skrifi sjer ekki brjef, nei víst ekki.“ Vertu nú blessaður og sæll í þettað sinn ástin mín.

17. Ástar besti sonur minn! Nú er það í seinasta sinni í þettað sinn að jeg skrifa þjer, þó skipið fari kannske ekki í dag, því það er hið mesta norðanrok, en glaða sólskin þó kalt mjög, þá þarf allt að vera tilbúið.

Pabbi þinn segist vera búin að senda þínar 10. kr. manni uppí sveit sem hafi lofað smjóri fyrir þær áður en pótsk. færi, en það ætlar að bregðast, og þykir mjer það verst, því jeg veit þú þarfnast fyrir það, þú ættir að reina að lána hjá hinum, þángað til það kemur, til þess að kaupa það ekki dýrum dómum, Gestur væri víst rjettur til að hjálpa þjer, ef jeg hef gleimt einhverju, þá kemur það á pappírinn seinna, og svo til þín með hinnu ferðinni, ef guð lofar, Vertu svo kærast kvaddur og

kystur, þú sjálfur í anda, en litla mindin þín í raun og veru, guð blessi þig sinni blessun, það mælir þín heitt elskandi móðir Anna.

Jeg bið að heilsa öllum sem þjer eru vel, eða rjettara, jeg bið þeim öllum blessunar.

Reykjavík, 6. júlí 1879

Elsku besti Finnur minn.

Nú er orðið æðilángt, og oflángt síðan jeg skrifaði þjer og verst þótti mjer að Dána fór, án þess að hafa eina línu með, frá mjer til þín, enn, það kom til af fleiri orsökum en einni, fyrst höfðum við nokkuð mikið að gjöra dagana, frá því póstsk. fór, og þángað til fermt var, annan sunnud. eftir þrenningarhátíð.

Gunna á Hól var efst af stúlkunum, og Guðný litla næst henni, af börnunum sem fermd voru þekkir þú held jeg þessi best, systkinin Kr. og G. Blöndal. Sjönný Jörins. Ragnheiði Einarsd. Zoega og Gunnu í Klettak. hún var neðst af stúlkum og Símon bróðir Sighvats, als voru þau liðug 20.

Um kvöldið höfðum við súkkulaði og kaffe og jólaköku náttúrl. og það kvöld vantaði hjer eiginlega ekkert að mjer fanst nema þig, elsku barnið mitt, prestshjónin komu, og öll börnin þegar búið var að borða, að óska til lukku og voru allt kvöldið, gamla frúin var veik, en við svo sem buðum, mæðgunum úr Þerney, og húsínu Kristínu og Jónínu og svo utanaf stígnum Elínu og Íngib. og litlu stúlkunum þeirra, líka kom Hólifr. Björns. og fleiri. Gróa í Þerney gaf Guðnýu 2 kr. og Ísafold 2. og prestskonan lofaði henni ljómandi fallelgri sálmabók er hún hafði pantað með póstskipinu, þettað var þann 22. júní, morgunin eftir var nóg að hugsa um, að hugsa til þín, sem þá ætlaðir að ganga upp í heimsspeki, og hugsa til ferða austur að Hjálmholti, jeg sem ekki hafði komið á hestbak í 14. ár, og að vera burtu í viku eða meir, jeg sem altjend eða optast er heima, en hesturinn var komin.

Jóh. bróðir sendi mjer hann, og jeg fór á stað kl. hálféitt um daginn, (með systursyni Ólafs í Hjálmh. únglingsmanni er Þorkell hjet frá næsta bæ þar,) og kom austur um nóttina kl. hálf tvö, mjer var tekið mikið vel af öllum, þar er gamalt timburhús en eingin bær, túnið er stórt og sumstaðar sljett og liggur nokkuð hátt, mjer þótti þar heldur fallett heima, en hverki þótti mjer Ölfusið nje Flóinn fallelgar sveitir þar sem jeg fór um, jeg fór með Íngólfsfelli og sá það báðum megin, það er ekki grænt nje grösugt, heldur urð ein og grjót, þar er sagt að Íngólfur landnámsmaður sje haugaður, og hefir þá fellid líklega verið fagrara en nú er það.

Í Hjálmh. leist mjer vel á flest, það var samlindi á heimilinu, og hver vann það er þurfti án alls ágreinings, jeg sá ærnar og lömbin því jeg kom á stekkin, lömbin voru falleg, en ærnar heldur berar, eða illa fíldar, sem kallað er, enda var margt af þeim í ull, eða óruíð, kýrnar voru fallegar og margar líka, það voru naut og tuddar og vetrúngar og kálfar, allt feitt og frítt, eftir því sem kýr geta verið, Laugi og foreldrar hans eru öll vinnuhjú, nafna mín er á kaupri föður síns, hún er á fjórða ári,

efnileg vel og borin á höndum sjer af öllum. jeg eignaðist talsvert af ull, dúksvuntu handa Guðnýu, og tvö skinn,

Laugi gaf mjer annað og ull, sem hann sagði að ætti að vera í sokka handa þjer, jeg var að herða að honum að skrifa þjer en hann sagðist skrifa svo illa að hann gæti það ekki, hvað sem verður. Jóhann bróðir fjeck mjer 6. krónur sem hann sendir þjer, og er mjer að detta í hug að senda þjer þær með Bertel eða Skúla sem báðir ætla að sigla.

Yfir það heila gekk ferðin vel, og ekkert varð mjer meint við reiðina, enda var jeg með lest til baka, og fórum við frá Hjálmh. kl. 5. f.m. 1. júlí, og komum, kl. 8. um kvöldið ofaní vötn, sem kallað er, þau eru hjerna megin við Svínahraun, þar var tjaldað í dinjandi rigningu, og legið fram yfir lágnættið, Laugi og Sveinbjörn Ólafss. voru með lestina.

Um morguninn var snemma farið á stað, og kom jeg heim kl. liðugt 10. f.m. þá lá Íngólfur minn mjög veikur, af kvefi, og beinverkjum, svona var nú heimkoman, að öðru leiti var hún góð, Íngólfur er klæddur í dag og í gær, guði sje lof, þó er hann æði vesæll og aumíngjalegur, þarna er öll ferða sagan mín, líka er komin háttatími, og jeg hálfháttuð, vertu blessaður og sæll, og guð gefi þjer góða nótt.

[...]

15. júlí. Elskulegi Finnur minn.

Nú sest jeg fyrst niður í dag, kl. 6. e.m. en þó jeg hafi nóg að gjöra, þá verð jeg að segja þjer, að vel hefir legið á mjer í dag, fyrst fór jeg á fætur kl. 5. í morgun, þá var enskt gufuskjap að hafna sig, svo hitaði jeg kaffed og vakti Mensa með því, svo hann yrði kominn í búðina kl. 6. en hann kom óðara stökkvandi, og sagðist hafa fundið Geir og hann hefði sagt sjer, að hann væri búin að fá brjef frá nafna sínum og að þú og G. og J. hefðu feingið ágætl. jeg varð glöð við, eins og þú getur nærri, bæði af því að þjer gekk svona vel, og ekki síður af því, að jeg þóttist vita, að þú hefðir verið heill heilsu þegar brjefið fór. Litlu síðar kom brjefið frá þjer til pabba þíns, og þá var allt gott, og allir kátir yfir þjer, og jeg segi fyrir mig, jeg var glöð yfir ykkur öllum því þó Páll feingi ekki nema dáv. þá var það ekkert lítið, líði þjer, og ykkur öllum, ætíð sem best, veðrið er hið ágætasta, í fyrri nótt og í gær rigndi dálítið, það veitti ekki af því, bæði kálplöntunum, og vatnsbólunum, Guðmundur í Lángholti var hjer í nótt er leið, og fór á stað áðan, hann er líkur, eins og þegar jeg sá hann fyrst. vertu blessaður og sæll, hjartakæri sonurinn minn.

17. júlí. Elskulegi Finnur minn. Í gærkvöldi hjer um bil kl. 6. hafnaði Póstsk. sig, (í innðælasta veðri) en kl. um níu kom Ó í Lækark. með brjefin til okkar pabba þíns, og var jeg fyrst að lesa mitt brjef því hann var niðrá Pósthúsi og þakka jeg þjer átsaml. fyrir það og alla þína ást til mín, elsku barnið mitt gott, Guð veit hvort okkur auðnast að sjást aftur, að minsta kosti verður það ekki fyrr en eftir „als lánan“ tíma, því það er nokkuð langt síðan þú fórst, þó ekki 1. ár alveg, en vissi jeg fyrir víst, að jeg feingi að sjá þig, þá skyldi jeg ekki láta mjer leiðast, því jeg

er hæðst ánægð, að eiga þig, og vita þig þar sem þú ert, einkum ef efnahagur þinn skánaði dálítíð, sem jeg óska að yrði, og Guði sje lof að þú ert frískur, en varaðu þig að leggja ekki ofmikið að þjer með lesturinn, blessaður gætu að þjer.

Mikið hefir verið um dýrðir með hátíðarhaldi, og jeg hugsa, að þjer hafi mátt til, að þykja gaman, áðan kom Einar Torlasíus með brjefin er hann hafði, (kl. er 5.e.m.) systkinin voru orðin lángeygð eftir brjefunum sínum, Íngól. var ánægður vel en Villa þótti sig vanta brjef, en Guðnýu hef jeg ekki fundið og finn ekki fyr en hún kemur heim í kveld því hún er hjá Sigþr. þennan mánuð. Veðrið er hið ág. á hverjum degi, í fyrri nótt varð Sigurður í Hólak. bráðkvaddur, og yfir allt, er heldur kvillasamt. Sigm. prentari er trúlofaður Guðbjörgu dóttir Torfa prentara. Meira man jeg ekki í dag, vertu ætíð blessaður og sæll.

20. júlí. Elsku besti Finnur m. Enn þá er veðurblíðan hin sama, dagarnir líða svo maður veit valla af, bara manni leiðist, að geta ekki verið nóg úti, alltaf eru veikindin, þó heldur minni, held jeg en í vor. Bertel fór austur í Þíngvallasveit í morgun, það er hver seinastur sem hann er hjer, jeg segi það satt, jeg vildi að Bertel liði og geingi vel. hann á aungvan að, og verður að bjargast á sínar spítur, eða bera umhyggju fyrir sjer sjálfur, (eins og þú aumínginn minn) jeg hef opt kent í brjósti um hann síðan móðir hans dó, og einstöku sinnum áður, verið getur að hann sje ekki fastur í rásinni, en ekki er víst að það sje allt satt, sem sagt hefir verið um hann í vetur, nóg um þettað.

Mensi reið út kl. 12. í dag, eitthvað uppeftir að gamni sínu, og Valdas. ljeði honum hest, og fyrra sunnud. reið hann og Bensi í húsinu uppá Kolviðarhól. Torfi í H.K.B ljeði honum þá rauðu, einu sinni.

Jeg hef gleimt að segja þjer, að pabbi þinn fór í fötin góðu!! 23. júní dagin sem jeg fór á stað austur. og var þá ekkert ergilegur, en heldur hefir mjer fundist hann vera það stundum síðan en mjer finst að okkur ætti að vera það báðum jafnkært, og jafnáríðandi að hann hjeldi þessu emb. og þessum launum, svo við gætum komið börnunum eitthvað áfram, ef guð lofar okkur að lifa, heldur enn að segja, að sveitin megí ábyrgast, jeg vildi óska að hún þyrfti hverki að ábyrgast mig nje mína. og jeg vona að svo verði, kl. er yfir 9. e.m. jeg fer að búa um og háttu bráðum, (Mensi er kominn.) Guð gefi þjer góða nótt, Ástkæri Finnur minn, það mæli þín elskandi mamma þín.

Rekv. 23. júlí. 79.

Elsku besti Finnur minn.

Nú er hver dagurinn seinastur að skrifa með þessari ferð, okkur kom saman um að senda þjer ögn af smjöri því er kom fyrir kr. frá G. gamla, því við hugsum að E. prestur sendi þjer ekkert fyrr en með næstu ferð Díönu. pabbi þinn ætlast til þú fáir 4. pund og jeg er búin að láta þau í krukku, sem á að flitjast í bókmentafjel. kassa. er á að sendast til hafnar, jeg læt fylgja lítinn ost, sem jeg eignaðist, hann er ekki

slæmur held jeg, en hann verður líkl. orðin grjótharður, kannske dygði að geima hann innaní votum klút í matarskápnnum, í öllu falli bið jeg þig að forlata hvað hann er lítill, og ekkert af neinu get jeg sendt þjer frá mjer, annað, en blessaður láttu mig vita þegar þú vilt fá nærföt eða sokka, því það langar mig til að þú fáiir hjeðan, meðan við systir þín erum báðar á fótum saman, en 6. kr. frá Jóh. flitur Bertel til þín, jeg vildi þabbi þinn sendi þjer þessar 10. kr. eins og þær eru, en það gjörir hann líklega ekki.

Umbekagen hjelt brúðkaup sitt um daginn til þýskrar stúlku er kom með pótsk. Gunna frá dúkskoti er hjá þeim, og lærir sjálfsagt þýsku, dönsku kunni hún áður, og nær svo bráðum, þángað tánum, sem faðir hennar hefir hælana í því, leingra þarf hún ekki að hugsa sjer að komast !! Helga systir hennar kom að vestan, frá Stað í dag, og fer að Þorgrímsholti til Guðlaugar föður systir sinnar. Þorgerður sem er hjá Br. bókbindara átti dóttir, á sunnudaginn var, og er Br. sjálfsagður faðirinn, Kr. Þorg. er að láta byggja tveggja tasú hús í garðinum hjá H. Fr. og er búið að reisa grindina. nú ekki meira í dag. vertu blessaður og sæll ástkæri sonur minn. já Ástkæri sonur minn.

26. júlí Elskulegi Finnur. Í dag tók Bertel við, þrettán krónum og fimmtíu aurum, er þú átt að taka við, 6. kr. frá Jóh. bróðir, eins og áður er getið, en hinar 7 kr. 50 aur. eru frá G. á Varðgjá. Smjörið í krukkuni í bókm. fjel. kassanum fullgjörir þær 10. er hann sendi þjer. Hefur þú aldrei skrifað Biskupi, jeg held þú ættir endilega að gjöra það.

Mensi biður ástsamlega að heilsa þjer, hann getur ekki skrifað þjer, hann lagðist í gær alveikur, í fyrradag hafði hann meitt sig í handleggnum, og er stokkbólginn um olbogann, í dag er nokkuð minni hitinn í honum og lækni ráðlagði að hafa við það arfa, þegar hann loksins kom í kvöld. það er ekki betra að fá hjer lækni, eins og þó maður búi þíngmannaleið í burtu. kl. er 10 þ e.m. og orðið svo dimmt að ekki sjest til. Skipið fer á morgun, og því verð jeg að kveðja þig, og kyssa þig í anda, vertu sæll, vertu sæll ástkæri sonur minn. það mælir þín heittelskandi móðir. Anna G. Eiríks dóttir.

P.S. 27. kl. 5. f.m. Guð gefi þjer góðan dag. Helgi á Hól kom hjer í gærkv. þegar jeg var að kveðja þig, hann bað mig að segja þjer að hann hefði gleimt að skamma þig dálítið fyrir utanáskriptina til sín, minnir mig hann sagði, og sagðist ekki vilja hafa þetta „torf,“ jeg skyldi ekki hvað hann var að meina. hann var annars ekki reiður. heldur eins og hann er vanur. hann kom að vitja um Mensa, ráðlagði ekkert. nema arfan. sæll. vertu sæll sæll.

Mensi er alveg eins, hafi bólgan ekki vagsið. 1000 sæll.

Reykjavík. 3. ágúst. 1879.

Hjartakæri Finnur minn.

Nú er, enn þá einusinni, orðið býsna langt síðan jeg kvaddi þig, jeg hef ekki komist til að skrifa alla vikuna sem leið, auk annars, hef jeg þurft að hjálpa Mensa aumíngjanum sem alltaf hefir verið í rúminu, eða við það, handleggurinn var allur stokkbólgin og gróf um olbogann. Helgi skar í hann, og fór mikið út í nokkra daga og dró þá nokkuð úr bólguni, en svo hætti að fara út og kom hrúður á gatið, og fór að bóligna aftur, en seinni partinn í dag opnaðist gatið, af heitum bökstrum sem jeg hef við og hefir farið þau undur út, af mörðu blóði og greftri, svo jeg vona að honum fari nú heldur að skána.

Í gær var reist hús í dúkskots garðinum norðanvert við götuna, það á Þórður á Hól, Beníða Smitt dó núna um kvöldið úr slagi, líka er Árni Bjarnason í Melshúsum nýdáiinn, og alltaf er barnaveikin að gjöra tjón. Í dag var skýrt hjá sra. Matthí, og heitir Þóra, móðurnafn hans að sagt er, Pabbi þ. segir þjer frá, gildi því er haldið var í minningu þjóðhát. í gærkveldi. vertu blessaður og sæll, og guð gefi þjer góða nótt, elsku Finnur minn.

5. ágúst. Ástkæri sonur. Nú er kl. liðugt 9. e.m. jeg man þettað kvöld í fyrra, það var líkt veður og núna, nema það er ofurlítill útrænugola enn þá, já þvílík tíð sem er í sumar, á morgnana, gullmálar sólin blessuð lopt og láð, og speglar sig í silfurtærum og spegilsljettum sænum, og þá eru kvöldin eigi síður fögur, Í dag er afmæli Guðnýjar litlu, en ekki varð neitt haldið uppá það, og ekkert hefir henni verið gefið, Í morgun fæddist dóttir hjá frú Elínu Stefensen, og nýlega er fæddur sonur hjá konu Bjarna sem var hjá Símsen. vertu blessaður.

7. ágúst. Elsku Finnur. Gunna systir óskaði eftir þjer í dag, því hún bakaði jóla-köku í morgun, og gefur okkur súkkulaði og kaffe í eftir miðdag, bara heima fólkinu, og stúlkunum sem eru hjá henni að sauma. Ísfold. G. á hól og Guðný dóttir Jóns Ólafssonar, hún gaf henni grátt svuntuefni, það er hálfsilki. Sigþrúður kom líka snöggv. hún var að vitja um S. Bjeríng mágkonu sína, hún eignaðist dóttir í gærmorgun.

Í dag var keirður mórinn okkar, og á morgun á að keira það sem eftir er, fyrir viku síðan, flutti Valgerður gamla hínagað. (manstu ekki eftir henni?) hún fór suður að Þormódsstöðum í vor, en unni sjer þar ekki, og bað okkur að taka sig, og þótti okkur ófært að verða eigi við bón hennar, þar sem hún hefur alltaf viljað komast til okkar, litla rúmið var flutt upp, þángað sem Óla rúm stóð, og í því sefur hún, hún vinnur í höndunum þó nokkuð, og af sveitinni eru gefnar með henni 90. kr. um árið, jeg vildi bara að hún yrði ánægð hjá okkur. Mensi er að verða góður í handleggnum til allrar lukku, vertu ætíð sæll.

17. Ástkæri Finnur minn.

Nú er gulldagur gleðidagur fyrir flesta eða marga bæarbúa, sem heilsuna hafa, og geta skriðið, það er glaða sólskin og lítil vestangola, en sá fjöldi sem út er riðinn, þar

á meðal þabbi þinn, hann fór einn á stað og ætlaði uppað Vatni, Guðný reið líka með Jóni og Gunnu á Hól, og fl. Jón St. ljeði henni hest. og gaf henni 2 kr. til að kaupa fyrir rjóma og mjólk á bæjum, var það ekki vel gjört af karlreyinu? Í dag var skýrt hjá þeim J. St. og Sigþ. og heitir dreingurinn Guðmundur. Helgi.

Villi fór inní Öskjuhlíð með Nikulásar börnunum, en hann mátti nú ríða tveimur jafnfljótum auminginn. Íngól. er heima, báðir eru státnir á nýu fötunum. Mensi á að verða nokkurs konar dyravörður í Glasskóv kl. 4. e.m. þ. Jónss. ætlar að halda þar sýningu á útlendum myndum, og hefur látið prenta þá dómadags auglýsingu, er kostar 50. aur. og hver hana kaupir hefir inngaunguleifi á sýninguna. M. festi hana upp, í morgun hjer og hvar, á húsin. við Gunna erum nú heima, hún hefur aungva stúlku sjer til skemtunar síðan Sigga í húsinu fór. margt fleira hef jeg að segja við þig ef jeg hefði tíma eða nenti að skrifa, vertu sæll, já sann farr sæll.

21. ágúst. Ástkæri Finnur. Í morgun kl. 6. hafnaði Díana sig, og kl. 9. kom þabbi heim með brjefið sitt frá þjer, það var mjer nóg, bara að fá að vita að þú varst frískur, og líður eftir vonum. Guði sje lof fyrir það, Villi fór með þakkan til C. Br. ofan til H. Fr. og tók Skólabæar Einar við honum og fórum með hann, mjer þótti líka gott að þú fórst yfirum til Svíaríkis, en leið er fátæktin, að hamla þjer að geta komist að Lundí (svona er hún, aldrei hefði jeg komist austur, eða á hestbak, uppá mínar spítur.) jeg fjekk brjef og sendingu (smjör fjórðung) frá Helga bróðir, hann biður kærlega að heilsa þjer, og vertu kært kvaddur af mjer, líka þángað til jeg sest næst, vertu blessaður.

22. ágúst. Ástkæri Finnur.

Enn er nokkuð nýtt að segja þjer, og það er það, að í gærkv. hjelt Br. bókb. brúðkaup (stofubrúðk.) sitt og Þorgerðar, og um leið var barnið skýrt, og heitir það, Ólafía Rannveig. ætli það hefði ekki verið laglegra fyrir þau, að giftast áður enn krakkinn kom. Í gær og í dag hefur verið austanstormur og besti þurkur, alltaf er reyndar þurt, en það eru oftast logn og blíður, ekki má jeg vera leingur í þettað sinn. vertu blessaður og sæll.

24. Aftur sæll, elsku Finnur m. Enn þá er sama blessað veðrið, þó stundum dálítið kaldara kvöld og morgna. Ólafur í Viðey kom núna í vikunni til að fá Mensa í berjaheiði með því í dag, það ætlaði allur fjöldi, sumt ætlaði yfir að Kleppi, og svo þaðan ríðandi, en sumt ætlaði að sigla innað Gufunesi eða Gröf, og þar á meðal þeir. M. fór seint í gær inná klett, og jeg vona þeir hafi það gott.

Gunna er niður hjá Jónsen í dag, það átti nú fyrst að klæða litlu stelpuna í kjól í dag, og hefði mjer verið farið að leiðast að kúldast með hana í reifum alla þessa tíð, þabbi þinn er heima, hann lá í gær en er nú á fötum, og mikið betri, jeg held það hafi verið gigt, sem hefir hlaupið í hann, litlu bræðurnir fóru í kyrkju (í líkhúsið) og komu núna og sögðu ekkert nýtt, nema skýrt barn er einhver átti, og er hjet Sigurður Ágúst. og þótti þeim eða einkum Villa það hátfðlegt.

Jóhanna Geirs er nú farin, ekki samt í nýjan bæ, því það er ekki farið að byggja hann enn, heldur á næturloftið hjá Jóh. Pjeturs ekkju, Geir útvegaði þar herbergi handa henni, en hún var ekki sjerlega ánægð með það, kerlingar garmurinn,

Eitt skal jeg segja þjer, að gamni mínu. Jóh. Arnl. sigldi með pótsk. seinast, til lækninga því hún var að vaxa skökk. það er sagt, og það mun vera satt, að Sig.... frá Höfnum og hún sjeu trúlofuð, hvaða framhald heldur þú að verði á því, hann rjett komin úr neðsta bekk, en hún af lausa bergi brotin, enn verst þyki mjer, að Mensi mun vera trúnaðar maður hans. og flutt mun hann hafa brjef til hennar frá S. áður en hún fór, mjer þykir ekkert til koma að Sig. gjörði Mensa að góðkunnínga sínum, í vetur er leið ef hann er einhver lausalopi, jeg vil miklu heldur að M. hjeldi áfram að vera í kunníngsskap við Valtýr og lesa með honum, ef þess væri kostur, þeir eru líka í sama bekk, en S. hefur boðið honum að lesa með sjer í vetur komanda, og segist ætla að búa í kvennaskólanum, eða vera búin að leigja sjer þar herbergi. Jóh. á líkl. að vera þar aftur í vetur,.

Það er víst annars bæði óþarft og ljótt únglínga tal í latínuskólanum, allir, er kallað, að eigi sjer stúlku, sumir þykast eiga sjer hana, en sumum er eignuð hún og strídt með því, orðin eru til alls fyrst, en lausúng eður þesskonar ótukt þykir mjer vera á næstu tröppu, (að ofan samt) við drykkjuskap, og óttast jeg hvortveggja eins og dauðan, eða næstum eins, ef jeg hugsaði að eitthvert ykkar lenti í þessháttar selskap, en jeg vona drottin varðveiti ykkur. Ekki þori jeg að þú minnst á þettað við Mensa, síst svo fljótt.

En það rugl sem komið er í dag, þú stingur því niður hjá þjer. Þú segist kannske koma upp að sumri, það væri nú Gleðin stóra, en ekki ætla jeg að hlakka til þess svo fljótt, því jeg er hrædd um, það sje ómögulegt, fyrir efnaleysi með gufuskipi, en sjósótt með seglskipi, og svo kostar það líka nokkuð, þó yrðu það eingin ósköp. bara ólukku sjósóttin væri ekki. vertu margblessaður elskann mín góð. vertu sæll, 1000. sæll.

31. ágúst. Ástkæri Finnur minn. Nú geingur fram úr öllu hófi, hvað jeg get sjaldan skrifað þjer. jeg þakka þjer átsamlega fyrir brjefið þitt. (ágæta eins og vant er) með pótskipinu, þú skalt ekkert fírást yfir því, þó þú getir ekki haft brjefin þín eins laung og mín því bæði þekkir þú betur til hjer en jeg þar, og svo týni jeg svo margt smávegis til, þegar jeg hef tíma til, mjer er nóg að þú segir mjer vel um þína hagi.

Já það er satt smjör og dálítinn ost sendi jeg þjer, og segist pabbi þinn hafa látið hvortveggja ofaní kassann, sem bókm. fjel. bækurnar voru sendar í, og hlýtur sá, er þar hefir tekið upp, að verða var við ostinn eins og smjörkrukkuna, og mjer þykir mjög íllt að þú fái ekki það lítið sem þjer er sent. þú lætur okkur víta ef G.B. bregst þjer alveg með smjórið, nærbrækur gæti jeg vel sent þjer, en það er íllt eins og þú segir að hitinn fer að minka um það að pótsk. kemur aftur til, en í vor skaltu fá þær, vertu viss um það elsku Finnur minn ef það væri eitthvað, sem við gætum ljett undir með þjer, þá er sjálfsagt að gjöra það.

Nú er útsinníngur og heldur rosalegt, þessa vikur hefur líka rignt talsvert stund-

um. Í dag var prestvígður Einar Jónssen til Fells í Sljettuhlíð. Símon Jónssen hefur látið skilja á sjer að hann ætli eitthvað að hugsa til þín í haust eins og í fyrra. Þú manst eftir honum Böðvari sem var í norsku búðinni. Þorv.syni frá Saurbæ hann (og S. Eym.) verið vestur að Hvítadal í sumar, og það Helgu Guðbrandsdóttir (bónda dóttur þar) og fjekk hana. hún var hjer í kvennaskólanum í vetur er leið, hún er vel að sjer, og faðir hennar hvað vera ríkur.

Þú þekkir þetta ekkert, en ef þú segir það þeim nýkomnu í frjettaskini, þá ber einhver þeirra kennsl á meyna, þegar jeg heyrði það datt mjer í hug, að hún mætti synga „da jeg var lilli, dag var jeg saa nett“ eða að minsta kosti seinni partinn því þó Böðvar sje einginn Maíór í mínum augum, þá getur hann verið það, í samanburði við kadettinn. sem ekki er orðinn nema hálfur maður. Þú lætur hjá þjer allt gamanið og vitleisuna elsku Finnur minn. vertu sæll ætíð sæll.

1. Septemb. Ástkær sonur m. Í dag er aftur þurkur og sólskin, jeg gleimdi í gær, að segja þjer að Helgi á Hól fórr með Díönu, hann það mig að bera þjer kveðju frá sjer, og segja þjer að hann gæti ómögulega skrifað þjer, Guðný kemur heim þessa dagana. vertu blessaður og sæll.

3. Spt. Elsku Finnur minn. Nú er norðanbál og nógur kuldi, Í gær var skýrt hjá S. Jónsen, og heitir Anna Lára. eftir M. sál. Tærgesen og Lára sál. Símsen, Gunna var þar, og gaf Ínger henni 4. kr. fyrir. fyrir hvað annars? svona er Jónsens fólk við ykkur. Jeg fjek núna brjef frá Jóh. bróðir skrifaði 1. septem. og í því ekki góðar frjettir, Laugi var búin að liggja í viku í lúngnabólgu og taki, mjög þúngt, en maðurinn sagðist halda, að honum hefði verið heldur ljettara, enn þá sendi jeg þjer ost, en það er misuostur í litlu þjátu máli, sem látið er ofaní bókm. fjel. kassann eins og áður, það verður víst eitthvað eftir, sem jeg vildi segja við þig, þó mikið sje ruglað, vertu sæll, til þess næst.

4. Nú sest jeg niður, elsku Finnur minn, bara til að heilsa þjer og kveðja, í seinasta sinni með þessari ferð, í dag er austan gola og sólskin, en frost er á nóttuni núna Björn Ólsen og Margr. systir hans er sagt að ætli að búa í herbergum Jóns Árnasonar, en hann er búin að taka Mullers húsið til leigu því Kristján M. siglir með þessari ferð alfarinn. líka ætlar Árni Gíslason gamli Pólití að sigla, hann hefur leingi lángað til að sjá ýmislegt.

Jóh. Geirs, þáði með ánægju að láta brjefið sitt fylgja með okkar, hún segir systur sinni víst eitthvað um það, að þú sjert aldavinur sinn frá því þú hefðr verið barn. hún segir það reyndar satt, því hún heldur ósköp uppá þig.

Nú er allt búíð í þettað sinn, en ef jeg lifi mun jeg setjast niður smátt og smátt, og segja þjer það sem við ber, aldrei núna get jeg gjört vísu, að gamni mínu æ! vertu þá blessaður og sæll, elsku vinurinn og Finnurinn minn, jeg kyssi þig í anda, og sje þig í huga mínum, og það verður að duga mjer, þangað til við sjáumst betur, vertu sæll, Guð gæti þín og varðveiti þig, það mælir, þig af hjarta elskandi (móðir,) mamma þín, Anna G. Eyríksdóttir.

Reykjavík 7. Septembe. 1879

Elskulegi Finnur minn

Í dag var messað í seinasta sinn í þessu góða líkhúsi, kyrkjan er búin en ekki orðinn þur að sögn, að utan er hún rauðmóraud, þó með þeirri litar breytingu, að sumstaðar eru svartir blettir, en sumstaðar gráleitir blettir, Nokkru gleimdi jeg að segja þjer í brjefinu seinast, eða jeg man ekki til að segði þjer það, að Svanborg sem var í Geisir ól andvana sveinbarn, og kenndi það Kristjáni Þorgr.syni, en það kom sjer ekki vel, síst núna, þegar hann heldur að Fanný líti sig náðaraugum, og segist hann ekkert eiga í því, og verður líklega ekki skipt sjer af því meir, Veðrið í dag er vestan gola og glaða sólskin, það er fagurt haustveður, samt er frost á nóttunni, vertu nú blessaður og sæll, elsku Finnur minn. Já Elsku Finnur minn.

9. Ástkær sonur, ástkær Finnur, ætíð sæll vert þú. jeg skal vona, vonin vinnur, veik er þó sú trú. Já jeg lifi við þá von, elsku F.... minn að guð lofi mjer að lifa það að jeg sjái þig aftur, og viti hvað úr þjer verður, eða hvað um ykkur verður, það er að segja, um ykkur elstu börnin mín. Veðrið í dag og í gær er logn að mestu og þykkt lopt, lítið eitt hefur rignt seinni partinn í dag, kl. er 7. og farið að skyggja, enda er mjög dimmt uppyfir, vertu sæll, og Guð gefi þjer góða nótt.

10. Elsku Finnur minn!

Í dag er útsinningur, og sólskin stundum, en grófustu hriðjur með sprettum, Hólmf. Björnsdóttir sendi hingað í morgun, og bauð okkur ofan eftir, mjer systrunum, og litlu bræðrunum. þau fóru en jeg ekki, bæði langaði mig ekki, og svo var þá pabbi einn sem ekkert hafði gott (því Mensi er fram í Viðey eina ferð, hann fór á mánudaginn) það er afmælisdagur Fríðu litlu, vertu blessaður og sæll.

11. Já já, sæll vertu nú elsku Finnur minn, Í dag er bjart og þurt veður, Díana kom í morgun, kl. hálf tíu, með henni kom fjöldi pilta, pabbi þinn fjekk brjef frá sjera Eggert og því meðfylgjandi smjör dúnk (2 fjórðungar) og hann segist líka senda þjer „bragð“ og það gladdi mig.

Við höfum heyrt að búid sje að veita ölmusurnar, og Mensi fái ekki nema hálfa og er það ljóta bragðið ofaná það, hvernig sumarið fór með hann, „en það sem verður að vera, viljugur skal hver bera,“ okkur leggst eitthvað til eins og vant er Finnur minn, það munar samt miklu á haustin með kjöt og smjör. en nú feingum við þessa 2 fjórðunga, og líklega þarf aldrei að láta peninga fyrir það, og jeg, satt að segja, kvíði aldrei, áður en á dettur, það er að segja, nema því að börnin veikist. það er sá eini kvíði, er mig hefir svekt, sem jeg hef borið fyrir ykkur, úngum og gömlum.

Hólmfriður í Brunnhúsum kom hjer um daginn, (hún varð ekkja í sumar, eins og jeg hef kannske sagt þjer) til að biðja okkur að taka Valda því þeir ætla að taka hann á Torkelín sjóðinn, og má hún sjálf koma honum fyrir ef hún getur en ekki hafa hann, jeg kenndi í brjósti um hana, hún var aum og hálfgrátandi, af því að

þurfa að hrekja hann frá sjer, en sagðist meiga þakka fyrir, að fá honum borgið, því hún gæti ekki haft þau bæði, jeg lagði ekki á móti henni, og pabbi lofaði að taka hann, jeg hálfkviði fyrir að fá þriðja dreinginn í fjelagið, en vildi að jeg gæti gjört við hann eins og hina, eða verið honum eins alúðleg, og hann þyrfti ekki eins mikið að sakna, og jeg gjörði þegar jeg varð að hrekjast frá foreldrunum, til vanda- lausra. Að því bý jeg æfina mína, úti gegn. jeg sá þá valla sólina skína, sorg var megn. jeg held það sje komið nógu mikið í þetta sinn, vertu elskulegur og sæll, alla tíma ástkæri Finnur minn.

14. Septemb. Elsku Finnur minn. Í dag hef jeg mikið að segja þjer, veðrið er samt ekki sem best, það er mesta útsinnings rok, en sólskin stundum. Í gærkveldi var hringt í kyrkjunni frá kl. 6-7. eins og fyrir hátíð. (En ekki lokað búðinni samt.) en í dag var messað í henni, og vígði Biskupinn fyrst kyrkjuna, með ræðu frá allt- arinu.

Það voru fermd 16. börn, af þeim þekkir þú helst, Mórets og Morsu Finnsen, og Matta og Siggu í Perney og Pjetur Hjaltested. líka voru skýrð þrjú börn, eitt var sonur Óla og Hólmfr. misseris gamall og heitir Jón. Annað átti Óli Finnsen, það heitir Karl. Þriðja Þórður á Hól, er heitir Sigríður.

Jeg á það uppá prestinn, að G. var fermd í líkhúsinu, því hann sagði hiklaust, að ekki yrði fermt í kyrkjunni í haust, en margt gott hefur hann eða þau gjört henni. þegar pabbi þinn ætlaði að borga fyrir hana 8. kr. þá sagði presturinn við skyldum kaupa eitthvað handa Guðnyu fyrir það.

Nú er kl. 5. e.m. og Stína í Perney kom og bauð okkur öllum ofan þángað. Gunna er í skýrnar veitslunni hjá Hólmfr. en við förum held jeg öll hin, jeg fór ekki í kyrkju en allir aðrir, nema Valgerður gamla, hún vildi ekki fara, hún er líka hálfvesæl, og hálf ónotaleg, mig lángaði að fara, en vildi ekki skilja kellu eina eft- ir svo leingi, en nú segir hún að jeg skuli fara, og það ætla jeg að gjöra. vertu blessaður og sæll.

15. Elsku besti Finnur minn!

Við höfðum það gott í Perney, súkkulaði og kaffe, og jólaköku og alslags kökur með. Nú var Skólinn settur í dag. Guðni Skevíngr bað Mensa, að lesa með sjer í vetur, og jafnvel sofa hjá sjer líka, móðir hans flutti hingað í sumar, og býr í húsi Símonar Alexíuss. fyrir ofan J. Pjetursson. jeg held Mensi gangi að því, því S. frá Höfnum, og Valtýr legja saman lítið herbergi í kvennaskólanum, og varð jeg fegin að Mensi varð þar ekki með, hvernig sem hitt geingur. vertu altjend sæll.

17. ætíð sæll elsku Finnurinn minn. Í gær og í dag er nokkuð stórkostlegt veður, brim og útsinningskrapa skúrir, Gunna fjekk brjef frá Ólöfu Hallgr. og segist hún vera trúlofuð faktor, Stefáni Jónssyni prófasts, frá Glaumbæ. hún segir að hann sje reglu maður, og fólkið hans og sitt sje lukkulegt, og hún muni verða það líka. (S. Bríem var reyndar búin að segja okkur þetta áður.) hún segist vona eftir að Gunna

komi til sín þegar hún sje orðin kona á Sauðárkrók. og jeg vildi það gæti orðið, því G. veitti ekki af að ljetta sjer upp. vertu blessaður og sæll.

19. Elsku Finnur minn!

Nú er seinasti dagurinn, sem skrifað verður með Díönu, því hún á að fara, á morgun, altaf er mesta hrissings veður, stormur ýmist á vestan eða austan, og krapaskúrir hjer, en öll fjöll eru hvít ofan til miðs. Gunna biður ástsamlega að heilsa þjer, og segist skuli skrifa þjer vel næst, hún þurfi að skrifa Ólöfu, og það sje handa sjer í einu, Villi skrifar þjer, en hin syskininn biðja að heilsa þjer, líka áttu að bera kæra kveðju frá okkur Gunnu, og okkur öllum, Páli Br. verst er hann á alltaf hjá okkur, en við munum það, Mensi er búin að vera tvær nætur uppfra. Valdi kom í gær, og sefur hjá Villa. Pabbi er hálfslasinn af óluku vindinum fyrir brjóstinu.

Við vorum aldrei til altaris í vor, og ætlum við að verða á sunnud. kemur, ef Guð lofar. Nú voru þeir teknir inn í skólan, sem reknir voru í vor. Þórður Ólafsson, Pjetur Hjaltés. og einn að austan. kl. gengur til 7. f.m. eingin vaknaður. jeg þarf að fara að hita kaffeð. jeg kyssi brjefið og þú átt aftur að kyssa það. vertu sæll elsku sonur minn. Já hjartkær sonur minn. Guð varðveiti þig og gæti þín allra tíma. sæll, 1000 sæll.

5. október. Elsku Finnur minn. þessa viku hafa alltaf geingið rigningar, en í dag er þurt að kalla, að ofan, en nóg for er. Afmælisdagur Pabba, var á þriðjud. var, (þ. 30.) Sigtr. í Apótekinu var hjer um kveldið, og drukku þeir f. glas totti. Mensi var ekki með, því hann gekk í bindindi litlu áður, með piltum, sem flestir gengu í bindindi í haust. Við ljætum M. sjálfráðan, en ekki hvöttum við hann til þess.

Barnaskólinn var settur, fyrsta þessa mán. Villi var fluttur uppí efsta bekk. og heldur hann, að hann sje sá 13. af 17. eða 18. ekki fjekk hann 6. þessa viku en 5 2/3 í flestu. Mensi hefir tvisvar fengið 6. í grísku. Mjer var sagt, á Sunnud. var, að ekkert hefði borið nýtt til í kyrkjunni, en það var þó lýst með Sigm. prentara og Guðbjörgu dóttir Torfa prentara. og Jóh. (bróðir Geirs) og Guðnýju, (systir Þorbjargar, konu Jóns skipasmiðs).

Í dag var lýst að nýu með Guðmundi nokkrum Vestmann í norðurbænum og einhverri stúlku, þau eru bæði að vestan. Núna fyrir helgina, kom Sveinbjörn í Hjálmholti, hann sagði þær gleðifrjettir að Laugi væri einu sinni búinn að fara í fötin, og væri á batavegi. Í morgun kl. 11. dó Háldán Helgason, hann hefir legið nú um tíma, jeg veit ekki hvað leingi hann hefir legið, en alltaf hefir hann verið lasinn, þú getur nærri, hvaða sorg og söknuð foreldrar og systkini hafa að bera, og skólabræður hans. jeg hef margt fleira að skrifa af heimilis lífi okkar ef jeg hefði tíma og frið til þess. vertu ætíð blessaður og sæll.

7. októb. 1879

Elsku besti Finnur!

Í dag hefur verið allgott veður, sunnan stormur og þurt, nema fyrst í morgun rignði góða stund, og líkt viðraði í gær, Guðný J. Ólafssonar sendi okkur sauðarkropp, og ekki af verri endanum, líka keypti pabbi þinn 2. koppa, (rýra), og væna Á (gelda), fyrir 12. krónur; eins og hún lagði sig, nú er kl. hálf sex, og presturinn fer inneftir með Ólafi í Lækjarkoti, (gettu til hvers), til að gefa saman Steinunni sem var hjá Robb, og Magnús nokkurn, sem leingi hvað hafa verið vinnum. í Lækjarkoti, hún er hjá J. Blöndal, og þar halda þau (stofu) brúðkaup sitt.

Við höfum ekki heyrð þessa trúlofun fyrri enn um daginn að hún kom hjer; og þá sá Gunna hrínginn, og við sögðum henni, að við slepptum henni ekki út fyrri en hún segði okkur allt af ljetta, og sá varð endirinn. Pabbi keypti en á ný kjöt; fyrir 25. krónur. jeg vona eftir póstskipinu, og hlakka til þess, vertu sæll, ætíð sæll.

9. Elsku besti Finnur minn!

Í dag á 12ta tímanum, hafnaði póstskipið sig okkur til mestu gleði, nokkru seinna kom hjer heim maður á gráum frakka, (jeg var að láta út sokka sem jeg varð að þæfa) og spurði eftir húsi J. B. jeg sagði hann væri ekki heima, hann sagði það gjörði ekkert, og fjekk mjer brjef til hans, jeg spurði hver maður hann væri, þjer dettur í hug hver maðurinn var, S. slem. jeg reif brjefið upp, en átti ekkert í því, en jeg var róleg, því S. sagði þjer hefði liðið vel þegar hann fór, og svo leit jeg yfir brjef pabba þíns, en núna kl. 5. fór G. á pósthúsið, og sókti kassann og brjefin, hafðu ástar bestu þakkir fyrir brjefið þitt, elsku barnið mitt, jeg las, og les það mjer til hjartans ánægu.

Guði sje lof fyrir þig, og það, að þjer líður bætilega, jeg kalla það betur en eftir voninni þar sem aðrir þurfa krónur svo hundruðum skiptir, en þú hefir ekki einn eyrir. það er eins og mjer finnist að okkur líði alveg eins og þegar þú vissir. en líklega safnast ekki eins á okkur skuldir. vertu blessaður og sæll.

12. Elskulegi Finnur minn!

Mikið undur rignir nótt og nýtan dag, samt var messað, og lýst en á ný, með Simoni Hanssen og Guðfinnu dóttir Puríðar austmanns, og með Jónasi póeta og Kristínu systir Símonar. Ætli það verði kjöthátíð. Við lesum hvert annars brjef að mestu, Mensi vill stundum ekki láta alla sjá sín brjef, en mjer les hann þau oftast. Gunna lofar mjer ætíð að lesa sín, en ekki öðrum.

Það er ómögulegt, elsku Finnur minn, að þig lángi meira heim heldur en mig langar til að sjá þig, og fá þig heim, en þó allt með eðlilegu móti, þú mátt vera viss um það, ef önnur hver okkar G. lifir til vors, þá skaltu fá nærföt úr ljerefti, en nú er verið að vefa fyrir mig tvistinn minn loksins og ef það verður fínna, en það sem er í þínum nærbuxum, þá vildi jeg skifta við þig á öðrum þeirra þó ekki væri nema á öðrum í einu því þínar eru svo ansi grófar, en það verður ekki með þessari ferð. Það gleður mig að þú ert ekki mjög utanvið veröldina, því það er í rauninni leiðin-

legt, og það hefur verið mitt hlutfall um æfina. jeg man nú ekki meira í þetta sinn, nema jeg fjekk alúðlegt brjef frá Stínu frænku á Sandhaugum, með pósti. vertu sæll, og mundu mig, minn í allri hriggð og kæti.

15. október. Elsku Finnur.

Aftur er komin sama rigningin, því lík ókjör, Í gær kom Guðný litla heim, alfarin, frá T. lækni, því nú kom stúlkan loksins að vestan sem átti von á, þau gáfu G. þrjár krónur, þegar hún fór. Bergur Söðlas. gifti sig í kvöld, og var boðsfólkið um 60. að sögn, jeg hef 4 smákrakka að láta stafa. Björn Óla krans, hann þekkir vel stafina, Ásmund í Grjóta Eiríksson og Þorbjörgu Nikulásar, þau þektu eingan staf, og Íngu Einarsd. hún er nú búin að vera hinn mánuðinn og það sem er af þessum, hún er líka farin að lesa mörg orð, og svo er Ingólfur minn elskann, líka farinn að lesa dálítið, hann er yngstur þeirra allra. hann sagðist (í dag) meiga til að skrifa þjer, og segja þjer að hann stafaði heilann dálk í Biflúnni þinni í dag, kl. er 11. e.m. allir háttadir nema pabbi þinn. Guð gefi þjer góða nótt.

17. okt. Elsku besti Finnur minn.

Nú skrifa jeg í seinasta sinni með þessari ferð, því Póstsk. fer á morgun, jeg sendi þjer eina fíngra vettlínga og litla kassann með kæfu í, blessaður forláttu að hann er ekki alveg fullur; það kom ekki til af efnaleysi eða nísku, heldur af því að við tókum óvart of lítið til.

Annað kveld ætlar Sigm. prentari að gifta sig. Guðný biður kærlega að heilsa þjer, og jeg bið að heilsa Páli átsamlega, og frú Krabbi og öllum þeim sem þjer eru vel, óska jeg heilla og hamingju, Enn þá er nýr sonur fæddur í Dúskoti, ekki samt hjá hjónunum, heldur er Jón yngri pabbinn, en móðirinn er stelpa, vinnukona þar að nafni Ragnheiður eða Ragnhildur, dóttir Vigf. í Nauthól. Greyið Jón, hann er alveg kominn í hundana.

Í dag er þurt að kalla, Jón í Sauðag. er hjer að lista skúrin og húsið þar sem það lekur. Pabbi þinn pantaði ofn hjá Lyðer (dönskum múrmeistara sem er hjer í bæn-um) og fjekk hann með Póstsk. en ekki er farið að setja hann upp enn, jeg man nú ekki eftir neinu í þettað sinn, Vertu blessaður og sæll. hjartkæri dreingurinn minn. Guð gæti þín, og okkar allra. vertu sæll, vertu sæll. Það mælir þín heittelskandi móðir: Anna G. Eiríksdóttir.

Reykjavík. 26. október. 79.

Elsku besti Finnur minn.

Já elsku blessað barnið mitt. Póstsk. er bráðum komið til hafnar, og allan þann tíma hef jeg ekki skrifað eina línu til þín. Veðrið er oftast þýðveður og regn, og svo er í dag. Veturinn byrjaði í gær með besta veðri, og hlaðfiski er, þegar gefur Jóh. bróðir Geirs, gifti sig í gærkv. og var margt boðsfólk, og veislan hjá Nikulási, Geir var svaramaður hans, en Kristinn í Eingey hennar, líka gifti sig, þessi Guðm. vest-

mann, hún heitir Málfríður dóttir Einars á Tóftuni, veislan hjá Jóni Ólafssini útfrá, jeg hef fengið brjef frá Jóh. bróðir og segir hann að Laugi sje farin að skríða á fætur, en seinn bati sje það.

Það eru ekki gleðidagar hjá Hólmmfr. Björns. Sæunn (hún var inndæl og efnileg, á þriðja ári.) litla liggur fyrir dauðanum, af heilabólgu og krampa, en fyrst byrjaði það með uppsölu, hún er eins og meðvitundarlaus fyrir laungu. Gunna er þar nótt og dag, í gærkveldi gaf H. henni úrið sitt, jeg valla tímdi að Hólfr. fargaði því, en hún hugsar víst ekki um það, eða sjer eftir því.

Já nokkuð er eftir að segja þjer, hann Magnús í Melkoti ætlar að fara að gifta sig, það er önnur lýsing í dag með honum og Guðrúnu Klængsdóttir, er leingi var hjá Skapta sál. hún fór að Melk. í fyrra, í dag var skírt í kyrkjunni barn Markúsar kafeinns og Bjargar, og heitir Sigurjón. Skírnarveislan er uppí skóla, nú man jeg ekki meira í þettað sinn. Vertu Elskulegur og sæll.

2. nóvemb. Ástkæri Finnur minn. Enn þá er liðin ein vika, síðan jeg skrifaði seinast, veðrið er optast hið sama, rigning og blíða, nógur aflí. ennpá var lýst að nýju með, (fyrst skal frægan telja) Pjetri prentara og Hallberu, svaramenn þeirra eru, Jón ritari hennar, Egilsson hans. – Þórði Pjeturs í Oddgeirsbæ, og Guðrúnu dóttir Einars á kleppi, og Hermanns í kofa og Guðnýu systir Regínu. Jóhanna kona Einars bróðirs, kom hjer í vikunni, og fór aftur á stað í dag og Guðný dóttir hennar með henni, kinniferð til að sjá kotið og krakkana, jeg held henni þyki samt ekki mikið til koma, henni þykir ekkert nýtilegt nema danskt sje. Núna eftir messuna fór presturinn út að Háabæ að skíra son Rúnka og Gunnu Sigurðar dóttir (pósts) hann heitir Sigurður.

Í gærkv. giftu þeir sig S. Hannssen, og J. pólití. Jónssens feðgar (Símon nafna sinn) fluttu systkinin uppað altarinu, en Gröndal Jónas og Jón hjá Smitt Guðfinnu, veislan var hjá Nikulási. það var raðað í latínu – og barna- skólanum, Mensi er eins og áður sá 5. en Villi sá, ellefti, áður sá 13. Ólí í Viðey sá 8. í öðrum bekk áður efstur, hann hafði haft út, heilmikið.

Jeg er skínandi að deya í bakverk, mig vantar sra. Svein að lækna mig af honum. þann 28. næstl. vann dauðinn, með allri sinni harðneskju, sigur á Sæunni litlu, þar er sár söknuður sem von er, jeg hef ekki komið þar, en Gunna er þar, og verður þángað til búíð er að jarða. það eru allir háttaðir, og jeg ætla líka að hætta og fara að háttu. Guð varðveiti þig, og gefi þjer góða nótt.

8. Elsku besti Finnur minn. Í kveld er Magnus í Melk. að gifta sig, um 50. er boðið. Guðný litla systir, sagði, að hann hefði verið sorgarbuíinn, með svart um hálsinn. Eitt verð jeg að segja þjer, Guðrún dóttir bólu Hjálmars, átti barn, núna fyrir stuttu, og kendi hún Jóhanni í Arabæ það, og sendi Jón rauða með þann boðskap, en svo brá Jóh. og Guddu við, að þau lögðust bæði, og grjetu bæði, hann misti málið, og er kallað að hann liggi í barnaveikinni !! þegar Gudda hafði grátið sína list ránsað hún við sjer, og sá að svo búíð mátti eigi standa, ljet hún þá sækja

G. (sumir segja, að hún hafi ráðlagt honum fyr.) konu Á... G..... sonar til að telja um fyrir Jóh. og er sagt að hún hafi ráðlagt honum að lesa Passíusálmana, og láta Gunnu sverja barnið uppá hann, við þettað ljetti honum svo, að hann varð fluttur ofan af loftinu, og niður í húsið til Guddu, en gamli Rúnki flutti upp. leingra er ekki komið sögunni enn. Vertu blessaður og sæll. jeg er hálfháttuð og allir eru háttaðir nema pabbi. guð gefi þjer allar góðar nætur.

9. Ástkær sonur, ætíð sæll. Nú er loksins þurrvindur af austri og frost. Sra Þórarinn embættar hjer í dag, prestsfólkið er til altaris, það er pilta dagur, þeir eiga hjer eftir, ekki að vera skyldir að fara í kyrkju, nema einu sinni í mánuði, sóknarfólk hefur kvartað yfir að þeir taki of mikið rúm, frá því, að vera annan hvern sunnud. presturinn svo boríð þetta undir stipsyfírvöldin, en þau brjóta lög á piltum, en þeir eru víst ekki reiðir útaf því, þeim er heldur ekki bannað að fara í kyrkju þegar þeir vilja.

Í nótt dó á sjúkrahúsinu, Þórdís hjá Jóni Steffens, hún var flutt þángað á sunnudaginn var, en var leingi búin að vera veik heima af sullaveiki, það er sú sem myndin er af sem Gunna sendi þjer til að láta taka eftir. Líka er þar nýdáiinn maður, úr Stikkishólmi Ó. Torlasíus. (Jóh. frá Stað þekkir hann víst.) aftur fæðist í skarðið. Kolbeinn og Anna eignuðust dóttir núna í vikunni, og í nótt er leið, átti Kristbjörg í Sauðagerði son, ekki hef jeg heyrt hver faðirinn er, en líklega er það vinnumaður þar, Oddur að nafni. frændi Haldórs Guðm. skólakennara, því sagt er að Guðl. hafi gjört sitt til, að koma þeim saman, (sá kemst í lukkupottinn). Sonurinn í Dúkskoti heitir Oddur. vertu blessaður og sæll.

15. Elsku Finnur minn! Enn er kl. 10. og allir háttaðir. (nema jeg.) pabbi þinn er nýkominn utan frá Sauðagerði, þar var skírt í kveld, og var hann og Sv. skírnavottar, barnið heitir Sveinn Oddsson. Mjer var líka boðið en mig lángaði ekki að fara, veðrið er líka eins og vant er rigning, og þar af leiðandi ófærð. vertu blessaður og Guð gefi þjer góða nótt.

16. Elsku besti Finnur. Í dag bar ekkert nýtt til í kyrkjunni, nema hvað mönnum þykir alltaf nýtt, að lýst er með Pjetri og Hallb. en þó er búið að því þrisvar eins og vant er, en bæjarstjórnin hafði sagt, þegar lýst var í fyrsta og annað sinn, að það mundi verða seinasta lýsing, því hún ætlar ekki að láta þau komast í hjóna sængina, en hún hefir nú ekkert, er hún getur gjört, nema 10. krónu skuld, þó 17. ára gamla, sem Pjetur er í, við sveitina, en hún á nú að duga þó ólögleg sje, og svo eru nú svaramennirnir ekki traustir að sögn, því báðum þykir skömm að því, að fara með slík hjú upp að altarinu, þó þá hins vegar lánghi til, eða hafi gaman af að gjöra það. bæjarstjórninni til ills eða stríðs, nóg af þessu rugli. vertu 1000 sinnum sæll. elskann mín.

18. Já já elsku Finnur minn, jeg hefði átt að enda seinast með þessum orðum: framhaldið síðar, því nú kemur það. Í gær kl. 3. fórum við öll í kyrkju nema gamla

Valg. Því þá gifti P. og Hallb. sig, það var ekki kveikt, nema tvær tíur á altarinu, og ein eða tvær hjá orgelinu. presturinn hjelt fyrst inngánga ræðu til safnaðarins (því nokkuð ys var í kyrkjuni í hálf myrkrinu) og hafði fyrir texta: drag skó þína af fótum þjer. o.s.frv. enn í vígsluræðunni hafði hann: gjaldið keisaranum hvað keisarans er. og s.frv. Veðrið var þá eins og núna rigning og for.

Enn nú kemur önnur saga ekki fallelgri. Í fyrri nótt kl. hálféitt, sat presturinn að skrifa, vissi hann þá ekki fyrri, en það kom steinn innum gluggann, stór og aflánga-ur og mjór í annan endann, sem gekk á undan, en af því prestur sat hálfboginn fram yfir borðið, fór steinninn bak við hann og marði stólinn, en annars hefði hann komið á brjóstið eða öxlina, og skaðað hann meir eða minna, einginn sást, þegar prestur kom út, enda var rigning og myrkur eins og vant er, en það er niðri öllum, að það hafi verið einhver þeirra sem hefur feingið ofanfgjöf, fyrir ólifnað, og konu viðskilnað, (E....) þetta hefur ekki verið tekið fyrir nema steinninn er geimdur hjá Fógetanum, og er sagt hann vegi 5. pund. svona er nú þessi saga, jeg segi fyrir mig, jeg er ekki nærri óhrædd um prestinn, og svo munu fleiri. vertu blessaður og sæll ástinn mín og elskann.

21. Ástarbesti Finnur minn! Í gærkveldi kom norðan pósturinn, ekkert brjef fjekk jeg. Gunna fjekk brjef frá Ólöfu, og segir hún að Popp, hafi sagt Kristjáni upp forþjenustinni án orsaka og er hún óánægð, sem von er. G. Einarsdóttir fjekk br. frá kærastanum, og segir hann, fyrst að faðir hennar vilji ekki láta hana eiga danskann mann, sem sjer sýnist þó eins góður og ísl. þá megi hún gjarnan vera burtu frá sjer. hún ljét sjer ekki bilt við verða sem betur fór, en segir þetta flapur eintómt og læst ætla norður eins fyrir því í vor, en það er vonandi að hún komist það ekki, til að elta hann, hún er fákunnandi únglingur og liggur ekki svo mjög á að giftast að mjer sýnist. Með póst, frjettist lát, Snorra dýralæknis.

Í dag er þurt og gott veður, jeg hlakka til pótskipsins, en jeg kvíði líka fyrir öllum þeim í höndfarandi tíma, sem það kemur ekki, og jeg fæ engva frjett af þjer elsku Finnur minn. (já og svo skammdegið sem mjer er ætíð svo leiðinlegt). Guð varðveiti þig, og gefi þjer góða nótt, því nú er kl. að slá 10. jeg get helst skrifað á kveldinn. 1000. sæll.

23. Nú sest jeg, bara niður að skrifa, af ópolinmæði. Elsku Finnur minn, því áðan, kl. hjer um bil 11. brunaði aumínga blessað Pótskipið, vestanað og inná höfn, en nú er kl. 1. en eingin brjef komin sem ekki er heldur von, pabbi þinn er niðrá Pósthúsi. eingin fór í kyrkju, nema Villi hann fór með deingsa. Það er dönsk messa. Villi og Friðrik eru alltaf saman, og samferða í skólann. Veðrið í gær og dag er, frost og norðan átt. Í gærkv. giftu þeir sig, Hermann og Þórður Pjetursson. vertu sæll, á meðan. jeg fer að taka matinn. já vertu blessaður og sæll. hjartkæri dreingurinn minn.

Já hjartkæri Finnur minn. kl. er orðin 10. og eingin brjef eru enn fundinn eða feinginn frá þjer, það hefur verið lángr eftirmiðdagur þettað, en það er samt bót í

máli að ég hefi frjett það eftir Gísla Árnasyni, að frískur varstu og frí við bana, þá fór hann burt af grundu dana. og það er mjer fyrir mestu.

Þó það væri dönsk messa, þá var samt lýst með tvennum, einhverjum Jóhanni utanaf nesi, og með Runólfi frænda ykkar (loksins) og Guðrúnu. jeg fer nú að háttu, í herrans nafni, og bið hann að gefa þjer og okkur góða nótt.

24. Elskulegi sonur minn. Nú er ennþá komið kveld, en rjett fyrir rökkrið feingum við brjefin, og hef jeg lítið gjört síðan annað en lesa þau. hafðu bestu þökk fyrir brjefið þitt. Guði sje lof að þú varst orðinn frískur af ólukku mislíngunum. jeg vildi, að jeg hefði verið komin til þín á sjúkrahúsið með brjefinu mínu. elsku blessaður Finnur minn. já og með eitthvað gott að færa þjer, (ekki bara þislíng) jeg vildi að þjer gengi vel að kenna bæði Ditlef, og litlu bræðrunum.

Björn Hólmfr. stafar nú orðið duglega í Mjallhvít, en betur les Íngólfur, já mikið betur, hann er nú alltaf að fá koss hjá mjer, frá þjer, og sagðist eiga það hjá þjer, (blessaðir litlu bræðurnir) Já, það held jeg að það verði dont á því, að jeg botni vísuna þína, ef það á að vera undir þínu nafni, þá væri það svona, einnig gæddur von og trú. ef það ætti að vera undir mínu nafni, þá mætti kannske vera, ertu eða eflaust, fyrir einnig, segðu mjer nú hvernig þjer líkar þettað, eða hvað af því þú vilt helst hafa.

Segðu mjer um þessi legöt, er það mánaðarlega? eða að eins 20. kr. um árið, jeg sendi nú einar nærbuxur til þín eins og jeg minntist á í fyrra brjefi mínu, til þín, og verð jeg að biðja þig að senda mjer aðrar gömlu ullarbuxurnar aftur með næstu ferð, jeg skal reina að nýja hinar upp seinna (og skyrstur skaltu ekki kaupa.), það er núm. 2. í þessum. og ljerefts buxurnar, skaltu fá í vor, ef guð lofar mjer að lifa,

Íngólfur biður mig að skrifa þjer, fyrir sig, hann á myndina af kóns familíunni, og vill hann endilega senda þjer hana, enn við höldum að þjer þyki lítið til hennar koma, hann biður átsamlega að heilsa þjer, það er orðið ósköp framorðið, jeg fer að háttu. Guð gefi þjer góða nótt, og varðveiti þig, hjartkæri Finnur minn.

28. Elsku besti sonur minn. Nú sest jeg niður í seinasta sinn, (í þettað sinn,) til að skrifa þjer því skipið á að vera tilbúið annað kveld, en á daginn get jeg ekki skrifað, þessa viku hefur verið stillíng á veðrinu, og frost, þó ekki mikið, Í dag ávísaði pabbi þinn, sjö krónur á pósthúsið, til þín, svo sem frá mjer, en ekki er sú myndin á að þú eigir þær allar, 5. af þeim bið jeg þig að afhenda Bertel, það er fyrir nokkuð af gömlu fötunum er eftir voru hjer, hinar 2. átt þú að kaupa þjer eitt-hvað fyrir um jólin, ó hvað það er lítið elsku Finnur minn, en þú tekur viljann fyrir verkið, og jeg óska þjer gleðilegra Jóla og Nýárs, ó hvað jeg hlakka til, ef skip kemur eftir Nýárið, því jeg hef kviðið ósköp fyrir þessum tíma, já þessum lánga tíma sem jeg hef einga von haft um að fá nokkra fregn af þjer, ó bara þú værir kominn til mín á jólnunum, en er það ekki vitlaus óskað tarna.

Við skulum hugsa hvert til annars, elskann mín, og biðja hvert fyrir öðru ef guð lofar okkur að lifa. jeg bið kærl. að heilsa Páli og Bertel greyinu líka, og þá Krist-

ínu. Kr. þá man jeg ekki að neitt sje eftir nema kveðja þig, vertu sæll. „vertu sæll, og mundu mig, minn í allri hrigð og kæti, kossi föstum kveð jeg þig, kyssi heitt mitt eftirlæti,“ svo kveður þig í seinasta sinni á þessu ári, þig heittelskandi, móðir þín. Anna G. Eyríksdóttir.

p.s. Í fyrri nótt, dó frú Tóroddssen, hún hefir leingi verið vesæl, og veik. nýr harmur fyrir aumingja bræðurna. Íngólfur biður ástsaml. að heilsa þjer, og biður þig að senda sjer lúður, stundum er það bolti, og stundum þrír. drottinn veri með þjer. Laugi alltaf að koma til.

Reykjavík, 7. Des. 79

Elsku besti sonur minn.

Af því hjer liggur skip ferðbúið til Spánar, (það er Valdimar F..... þá látum við hlaupa línu með því, þó jeg hafi reyndar lítið að segja í frjettaskini. nema það að Hannes gamli Árnason er nýlega dáinn, það á að jarða hann á morgun, en frú Tóroddsen á þriðjudaginn. jeg veit ekki hvað margir sækja um „snakkið“ á prestaskólanum, B. Óls. Mattías, Helgasen, og St. Jónssen, og hann er settur í vetur. Í gærkv. gifti sig Þorsteinn Jónsson (bróðir Óla sem var hjá Sveinbjörnssen.) hann átti Björgu dóttir Guðm. heitins á Bergi. (holdsveika) þau búa í Brunnhúsum, og hafa flogist á og barist annað kastið. Enn aftur verð jeg að bera það til baka,

Er jeg skrifaði þjer í hinu brjéfinu að Runki væri kominn uppá stólinn, hann hefur ekki komist svo hátt enn þá greyið, þó það væri sagt bæði, í fyrra og um daginn. Dóttir Kolbeins heitir í höfuðið á Önnu Guðjónssen. Mensi fjekk sex sinnnum 6. vikuna er leið. alls hefir hann feingið 17. sinnnum 6. í grísku alltaf 6. Villi kann að reikna, hvað hann hefur út, hann hafði út vikuna er leið 5, 11 en um mánaðarmótin, 4, 12. hann sat í stað, og er 11. Helga Jónsdóttir skipasmiðar er búin að vera mánuð í skólanum, hún settist neðst í miðbekk. en varð efst þegar raðað var um daginn.

Okkur líður öllum bærilega, guði sje lof, Íngólfur biður mig að spyrja þig, hvenær þú komir, sistkinin biðja öll ástsamlega að heilsa þjer, blessaður segðu mjer hvenær þú færð þetta brjef, að gamni mínu, og mundu að senda mjer aðrar gömlu vaðmálsnærb. með fyrstu ferð og ef þú átt ónýta sokka, jeg skal gjöra við þá, jeg man ekki eftir neinu meiru eða fleiru í þettað sinn.

Að endíngu góð og gleðileg jól,
með gleði og náðar skínandi sól,
og nýjár þjer heilsu og hamingju gefi,
og hrindi burt, gikt míslíngum og kvefi,
og öllu því sem þjer ama kann,
og allt gott þjer veiti,
er best óska kann,

Já elsku Finnur minn, jeg segi þetta að gamni mínu, því mitt gaman er ekki ofmikið. Vertu sæll. vertu sæll, elsku blessað barnið mitt. Það mælir, þig af hjarta elskandi móðir þín. Anna G. Eyriksdóttir.

Mjer þykir fallegra að hafa y. en i. í Eiríks nafni. vertu 1000. sinnum kystur og kvaddur, af sömu mömmu þinni elskan mín góð. Anna.

Reykjavík 14. Desemb. 1879

Elsku besti Finnur minn.

Jeg hef nú reyndar ekki mikið að skrifa þjer núna, jeg skrifaði þjer um helgina var, það er um borð í „Valdemar“ honum gefur ekki að leggja á stað, það hafa alltaf geingið austan rigningar, og ósköp dimmt uppyfir, en í dag er útsinníngur, og snjójel, og fer líklega að frjósa, að undanförmu hefur verið, 6-7. gráða hiti á daginn. Pabbi og Villi eru í kyrkju. (V. fer þegar hann getur, því hann fær að syngja uppi hjá orgelinu, af því hann er í efsta bekk, og söngmaður! Jónas kennir söng í Barnaskólanum). Gunna er hjá Sigprúði, hún bað hana þess, Guðný fór til Tómasar læknis, og Valdi til mömmu sinnar, svo er hitt ruslið heima. Íngólfur leikur sjer að dóm. spilunum. jeg get líkl. ekki skrifað aftur fyrri en um jól. Þá skal jeg, elskan mín ef guð lofar skrifa þjer, alla smámuni, á öðru er ekki vól hjá mjer, vertu margblessaður, og sæll.

Á Jóladaginn. Elsku blessaður Finnur minn.

Jólin gleðja guma og fljóð,
þá gleðjast börnin ekki síst.
ó að þau þjer yrðu góð,
óska jeg þess af hjarta víst.
Heilsu líf og glaðvært geð,
gefi þjer, vor drottinn kær,
sæmd og skemmtun sje þjer ljæð,
svo sem best þú óskað fær.

Já það vildi jeg, að jeg vissi hvernig þjer líður, elsku Finnur minn. Í gærkv. fór-um við öll að heyra Magn. honum sagðist ágætl. Lár. Jóh. tónaði, og fórst það vel. það var dálítið fól á jörðu og lítið frost, logn og glaða túnglsljós, þegar við komum heim drukkum við sætt kaffe og jólaköku með, náttúrlega, svo spiludum við „vist“ til kl. 1. allt gekk vel, og óskuðum við Gunna að þú værir komin en það gat ekki orðið samt, og ekki gat mig dreimt þig í nótt, hvernig sem jeg hugsaði um þig í gærkv. Jeg held það sje af því, að maður sje eitthvað ósterkari að hugsa, þegar maður eldist, heldur en á meðan maður er barn, því það man jeg þegar jeg var á Hlíðum, og átti bágast, og saknaði hennar mömmu minnar blessaðrar mest, þá dreimdi mig hana oftast á nóttinni, og hlakkaði jeg því mjög til að sofna, en kveidi

fyrir að vakna, eða fyrir hverjum deginum. Jeg er komin útfi allt aðra sálma en jeg ætlaði því jeg ætlaði að segja þjer frá veðrinu í dag. Það er ekki sem best, austan ofsa stormur og krapa rigning, og má heita ófært út úr húsunum, samt er ekki heima hjer, nema jeg, Íngólfur og gamla Valgerð. hitt er að heyra H. Haldánars. nema Mensi, hann fór útfi Viðey á Þorl. messu og S. Br. Guðný, litlu bræðurnir og Valdi voru sókt, í gærkvöldi að sjá jólatrje, hjá prestinum. og spila lottarí.

Villi fór upp við prófið, svo hann er sá 5. áður sá 11. pabbi gaf honum falleg spil í staðin, hann er yngstur í efsta bk. hann er held jeg vel skarpur og yðinn eins og þú. hann hafði út 5, 90. Mensi fór upp fyrir St. Gíslas. núna við röðunina, svo hann er sá 4. vitnisburðarb. hans er ekki ljót í vetur. vertu margblessaður og sæll, líði þjer eins vel, og jeg óska og ann þjer. Anna.

Á annan jóladag 79. Elskulegi Finnur minn. Nú er dálftið skárva veðrið en í gær, líftið frost, og svo líftið föl á jörðu, við fórum í kyrkju, pabbi, jeg, Gunna, og litlu dreingirnir, það er bærilegt að koma í hana núna, það er lagt í ofnana, svo það er baðhiti, að koma inn, hún er annars mikið fallelgri en hún var áður, allir ljósa hjálmur og stikur, eru þó fagaðir, en áður var það allt grænt af spanskgrænu.

Ef jeg á að minnast nokkuð á þenna nýja „Mána“ þá finst mjer sannarlega, að hann kafni undir nafni, Máninn okkar gamli, lýsir allt upp, og gjörir bjart og fagurt, en þessi nýji seilist furðanlega til, eftir stærð, að sverta allt, og kasta skugga á allt sem hann nær til, sumstaðar gjörir hann úlfalda úr míflugunni, svo sem með sköll og skarkala, um messutímamann, á tjörninni, er valla mun eiga stað, síst nú orðið, og margt fl. sumt er alveg ósatt, t.d. að ófermdir únglíngar sjáist, ekki ósjaldan ölvaðir á götum og í búðum (minnir mig hann segji) og þá líkl. bæði piltar og stúlkur.

Jeg vil gjarnan hafa mín börn undan þegin slíkum óhróðri. jeg veit af því, að hver sem les þennan óþverra, má hugsa, að það sje eingin ærlegur maður hjer í bænum, en sveitafólkið fær líka nokkuð, og þó „Máni“ reidi nokkuð hátt Gullhamarinn að höfðingjunum svo sem lofgjörðina um andríki H. prests, þá byrtir líftið af honum fyrir það, blessaður segðu mjer á lausu blaði álit þitt um þetta rugl, sem jeg skrifa að gamni mínu, til að stitta mjer stundir. Pabbi fór útað Sauðag. og systurnar sín í hverja áttina eins og von er. Jeg hlakka til ef skip kemur eftir Nýjáríð. loksins ætla jeg að hætta þessu afleita bulli. Þú virðir á betri veg, elsku dreingurinn minn, vertu margblessaður og sæll.

Á Nýjárstag 1880.

Elsku besti Finnur minn. Guð gefi þjer góðan dag, og gleðilegt nýtt ár. Í gærkv. fórum við pabbi og öll börnin í kyrkju, Ólafur í Lækjark. tónaði, vel, að mjer þótti, og Jóh. Þorst. hefur líklega gjört það svo vel sem hann hefur getað, veðrið var ekki uppá það besta, við feingum jel, á heimleiðinni, það var líka nokkuð frost, og mikill snjór er á jörðu því það hafa geingið einlægir útsinningar og umhleipingar síðan um jólin. Nú er minna frost en norðan stormur og líkur fyrir bil, við Íngólfur litli

erum heima, og Valg. gamla stundum er hún ansi upprifinn, en stundum óttalega fúl. eins og sumu gömlu fólki er hætt við. vertu sæll. já margblessaður og sæll.

11. Elsku blessaður dreingurinn minn. Það er eins og jeg ætli nú líka að hætta að skrifa þjer á sunnudögunum, því núna fyrst kl. 9. e.m. sest jeg niður, og dettur mjer ekki í hug að gjöra annað en spjalla svo lítið við þig, Gunna systir hefur legið síðan um þrettándann, hún hefur verið vesæl síðan fyrir jól, af hósta og verk fyrir brjóstinu, en í dag er hún heldur skárri, Íngi litli Einars, kom daginn, og fór í gær og Guðný systir hans með honum, móðir þeirra hefur verið mjög lasin í vetur og valla getað þjónað því, en jeg er ekki viss um að það sje til vinnandi fyrir þau að fá hana, í dag og gær er gott veður, logn og lítið frost og föl á jörðu, Sigga (sem kölluð er, Knúts.) eignaðist einn krakkan enn, og var það skírt í dag, þó það heiti ekki mikið, það heitir bara, Guðrún Sigríður Gíslína. faðirinn heitir Gíslí, strákur sem hún býr með, í Hólakoti, Vertu blessaður og sæll.

18. Elsku blessaður Finnur minn.

Þessa viku hefur verið gott veður, oftast logn, og opt niðmyrkurs þokur, og svo er í dag, og glerúngur yfir allt, svo það er hállt að ganga og óhollt lopt, enda eru margir kvefaðir og ílt í hálsinum, Villi hefur legið í því, en er nú að batna. Gunna er alltaf ófrísk, en þó á fótum, og í kyrkju fóru þær systurnar og pabbi, og mig lángaði líka, því sra. Matt. messar alveg, því presturinn er lasinn.

Fjöldi manna fór suður í fiskitúr, þessa vikur, og eru allir komnir aftur, og feingu frá 20-70, til hlutar af vænum fiski, mest stútúng, en sumt ísu, af því hef jeg eignast 12. fiska, nýdáin er Sigríður Tómasdóttir, systir Geirs og þeirra systkina, hún var heilsulítil mjög, en þó á fótum, og eins seinasta daginn, það er sagt að líf-æðin hafi sprungið og blóðið runnið fram um allt gólf, og þegar lækurinn kom, var hún skilin við, hún var um tvítugt, Mensi hefur feingið 5. sinnum 6. þessa viku, 4. sinnum í grísku, og einusinni í guðfræði, og 5 2/3 í lat. stíl. Villi er að lesa sögu og landafr. í allan dag, til að missa ekki úr, og endilega segist hann fara í skólan á morgun, allir eru að fillast með kvef. vertu margblessaður og sæll.

22. Elsku Finnur minn góður.

Í kvöld er þá þessi blessaði vetur loksins hálfnaður, bara seinni parturinn verði okkur ekki verri, en sá liðni hefur þó verið, reyndar er Íngólfur æði veikur af kvefi, en jeg vona að guð gefi að honum batni, það er ógnar fjöldi, af börnum og full-orðnum líka, sem liggja í því, en eingin hefur dáðið úr því enn þá, samt er nýdáðið barn hjá sra. Matt. er Elín hjet, en það var úr heilabólgu.

Það er át (þorablót) á sjúkrahúsinu, og er pabbi þinn þar, hann skrifaði sig, að gamni sínu, það var líka rjett, ef hann hefði gaman af því, heldur þykir mjer seinka skipkomunni, og er jeg orðin vonarveik, um að fá frjettir af þjer, elsku Finnur minn fyrir einhverntíma, og einhverntíma, bara guð gefi að þær verði góðar, þegar þær koma, kl. er 9. e.m. jeg fer að hátta, jeg hef ekki sofið mikið síðan Íngólfur lagðist, þettað er þriðji dagurinn sem hann liggur. Guð gefi þjer góða nótt, og varðveiti þig.

25. Elsku besti Finnur minn.

Alltaf liggur Íngólfur minn, þó er hann, held jeg með skásta móti í dag, eingin messa var í dag, og einginn skóli í gær, sökum kvefsins en á föstud. fjekk Mensi, 6. í frönsku, og 6. í guðfr. þá voru ekki nema 8. í bekknum, það þarf ekki að segja að „þorri“ geingi í garð, með „grimd og gráu skeggi,“ heldur með besta veðri og þýðu, og í dag er frostlaust en þó fjúk og kaldara. vertu ætíð blessaður og sæll.

27. Elsku Finnur minn góður. Nú hef jeg svo mikið að skrifa þjer, fyrst það sem best er, að Íngólfur er nú klæddur. G. s.l. samt hefur hann æðmikinn hósta. Í gærkv. kom norðanpósturinn, jeg fjekk brjef frá Helga bróðir, þar var allt frískt, hann biður ástsamlega að heilsa þjer. E. prestur B. biður þabba þinn að koma, pilti fyrir, hjá Magnúsi Árnasyni snikkara, til að læra trjesmiði, en nefnir ekki hvað hann heiti, við hugsam að það sje Sigvaldi, því í öðru brjefi, segir Eggert að á jóla-föstu nú hafi Haldóra kona Bjarna dáíð, og á greftrunardegi hennar, hafi það komið fyrst til orða, að Haldór sonur þeirra hjóna skyldi fara að læra undir skóla, en segir þó, að hann sjái ekki, að hann komist út úr því fyrir efnaleysi. en um hinn piltin segir hann að hann gæti ekkert gefið með sjer. ef þeir kæmu hínagað suður, þá ættu þeir að mega koma hjer, og njóta þess, hvað foreldrar þeirra og þeir voru þjer góðir, Í dag er talsvert frost og blindbilur, og er því líkast sem norðlendst veður væri.

Ja, Finnur minn! ef þú, (og þið Íslendíngar í höfn) vissuð hvað mest er talað um hjer þessa dagana, þá segðuð þið, að það væru sannkallaðir Súkkulaðidagar. En umtalsefnið er, ný trúlofun er var gjörð opinber á sunnudagskveldið var, nefnilega Emil Schou og Kristjana í Sjóbúð. Síðan hafa verið gjörðar margar uppgötvanir, !! að hann sje trúl. 2. fyrir norðan, þó ónefnar, og efni í drikkjumann sjálfsagt, samt að hann eigi að sigla, og læra guðfr. og verða Biskup. Aftur á hina síðuna, að G. sje ekki svo ríkur sem látið sje, og það sje eitthvað skrítið að fara núna að gjöra þetta opinbert, fyrri en í vor að hann sje stúdent, og fleira heyrast óþarflegt, enginn má heyrja þetta nje sjá. eins og líka allt mitt rugl. vertu margblessaður og sæll.

1. Febrúar. Ástkæri Finnur minn. þar er þessi blessaður janúar liðinn, og ekkert skip og eingin fregn, hefir glatt okkur, á honum, þá er sú von úti, þángað til í næsta mánuði. Í gær kl. 4. byrjaðu piltar að lesa undir prófið, Mensi er mjög lasinn af ólukku kvefinu, þessi vika hefir verið afar vond, ymist stór rigníng eða stórhrið. Sæll.

Reykjavík 8. febrúar 1880.

Elsku besti Finnur minn.

Jeg var orðin vonlaus um póstskip, og hætt að líta framá höfnina á morgnana, í von um að sjá ljós og skip. En þann 4. næstl. kl. að gánga 11. var jeg sest hjer inn í svefnherbergi okkar að vanda, og var að láta Björn Ólafss. stafa. Sje jeg þá að

allir eru á fluga ferð vestur götuna, og Dúksk. br. með kíkurrinn. Það fór að lifna í mjer blóðið, og hjartað að slá dálítið harðara en áður, fór jeg þá út að vita hvers jeg yrði vís, heyrði jeg þá sagt, að póstskipið kæmi, og sá hvar Jón hafnsögum. fór á stað að taka á móti því, kl. 3. fjekkk G. myndirnar, og þá var jeg ánægð, að jeg vissi að þú varst við líf og heilsu, en kl. 7. um kveldið, þá kom nú kassinn, og þá var nú glatt á hjalla, eins og þú getur nærri. Íngólfur var himinlifandi yfir boltanum, en Villi held jeg, hálfstoltur af stokknum og við öll hjartanlega ánægð. Guði sje lof, fyrir allt sem við frjettum af þjer með þessari ferð, og hafðu ástarþökk fyrir þín ástríku blessuð brjef, elsku blessaður dreingurrinn minn.

Já í dag er afmælisdagurrinn minn, jeg er 52 ára, pabbi og Gunna gáfu mjer 4. bollapör úr postulíni, og úr þeim drukkum við sætt kaffe og jólaköku með, bara að við lifum það öll, að drekka saman kaffe og að þú sjert með. Gunna er alltaf meira og minna lasin og leiðist mjer það sárlega, en þó finst mjer eins og veturrinn sje búinn, fyrst skipið er komið, en þó er fullkomin vetrarbragur á öllu, í morgun var blindbilur og 6. gráðu frost, og mikill snjór er á jörðu, en það verður, ef til vill komin dinjandi rigning á morgun. Beta E. er mjög veik í vetur, af brjálsemi, og er víst mikil brögð að því núna, og líka er sagt að Stína sje ekki frí, orðin útúr öllu því basli sem þar hefir verið í vetur, móðir þeirra hefur leingi verið veik af ýmislegri vesæld, svo H. og M. mega stríða ein.

En þyki þjer ekki Árni í Stuðlakoti vera heppinn, sra. Jón Austmann í Saurbæ skrifaði honum með pósti, og bað hann að fara til sín fyrir aðstoðarprest þegar hann væri búinn í sumar, og lofar honum 600. krónum í laun og bújörð aftur hitt árið, einnig búshluti, með góðum gjaldfrest, Árni geingur náttúrl. að þessum kostum, og hugsar sjer að fara sjóveg norður með gufuskipinu. litlu systurnar eru einstaklega efnilegar. Verst þyki mjer ef þú hefir ekki feingið brjefin er við sendum með Valdimar í vetur, blessaður láttu mig vita það. jeg man nú ekkert, hvað jeg ætlaði að segja meira, en eitthvað var það þó, en nokkuð er nú komið af ruglinu, ef þú sendir eitthvað gamalt, þá ættir þú helst að senda með einhverjum farþega en ekki með pósti, svo þú þurfir ekki að gefa undir það, því það er ófært. Jeg bið ástsamlega að heilsa frú Krabbe. einnig Páli og Bertel. yfir það heila óska jeg öllum góðs af hjarta sem þjer eru vel. að endingu kyssi jeg litlu myndina þína (jeg hef hana alltaf hjá mjer) og kveð þig í hug og hjarta, vertu sæll og blessaður dreingurrinn minn, það mælir þín elskandi móðir, Anna G. Eiríksd.

16. febr. Elsku besti Finnur minn.

Í dag kl. 2. var mikið ys og þys um götuna, sást þá brátt og heyrðist að póstskipið kæmi, öllum óvart, því menn vonuðu ekki eftir því, fyrr en um þann 20. enn nú er kl. 10. e.m. og enn þá er ekkert brjef komið frá þjer, og heldur eingin fregn, nema Gunna fjekkk brjef frá P. Erlendar, og af því heyrir jeg að þú hefir verið heill heilsu 8. febr. mjer þætti mikið gaman að vita betur hvernig þær systur hafa það. Þrúða segir, að móðir sín hafi beðið þær að taka á móti þjer eins og bróðir sínum. hún hælir þjer mjög fyrir gáfur og siðferði, og segir þú takir flestum þínum stall-

bræðrum fram í því. nú fer jeg að háttu, pabbi er niðri á pósthúsi, Gunna ætlar að vaka eftir honum. guð gefi þjer góða nótt.

17. Elsku besti Finnur minn!

Nú er jeg búin að lesa brjefið þitt, hafðu bestu þökk fyrir það. mjer þótti vænt að þú fjekkst brjefin með fiskiskipinu. jeg verð víst ekki á „hakanum“ með brjef frá þjer ástinn mín, og þó jeg fengi ekki langt brjef þá er jeg hjartanlega ánægð, þegar jeg bara frjetti að þjer líður vel. æ! það vildi jeg að honum Páli væri batnað, til þessa lífs, mjer leiðist nú mest eftir að frjetta af honum.

Það var gaman fyrir þig að finna þær systur, jeg þekki þær lítið, nema Ólöfu helst, hún var hæg í dagfari, gáfuð vel og lagleg til handanna (hún er orðin gömul Finnur!!) Prúða var eitthvert það greindarlegasta árgamalt barn sem jeg hefi þekkt, Anna er yngst, jeg þekki hana ekkert, móðir þeirra er allra vænsta kona þar sem hún tekur því, og munu þær líkar henni, eða ekki síst Prúða, þau systkin komu sjer öll heldur vel hjá öðrum. vænt þótti mjer um, að þú fjekkst 50 kr. legatið, ekki held jeg að þú hafir ofmikið auminginn minn, bara það sje nægilegt, þá, guði sje lof. og fyrir heilsu og líf helst af öllu,

já einu gleimdi jeg, þú minntist á Önnu Torlasíus, í hinu brjefinu þínu, hún og Ólöf Hallgr. eru þrímenníngar, hana hefi jeg aldrei sjeð, en fólkið hennar þekki jeg dálítið, Páll þekkir föður hennar minnir mig, móðurfólkið, mun flest vera ráðvant, allvel gáfað og hagamælt. (Aldís móður systir hennar er varð seinni kona G. Laxdals vel hagamælt, en kallinn glansaði allur af sk.) en nokkuð óþrifíð, þú lætur hjá þjer, jeg segi þetta að gamni mínu, vertu sæll, jeg kem aftur.

Reykjavík 22. febrú. 1880

Elskulegi Finnur minn!

það er nú rjett vika síðan póstskipið fór, því það komst ekki firr en á sunnudaginn var, þann 15. Síðan hefir optast verið landnorðan stormar, og er ekki ólíklegt að það hafi feingið gott, og að þú fáir brjefin frá okkur þessa viku, bara, guð gefi að þau hitti þig glaðann og heilbrigðann. Hjer er ágætur afli af þorski og stútúng, þegar gefur að róa, en það er aldrei friður fyrir veðrinu, í gær var almennt róíð, og var þetta í hlut 30.-50. við höfum æfinlega gott af þegar fiskast. Mensi sat í stað þegar raðað var eftir prófið, hann fjekk 50. kr. í viðbót, við þessa hálfu ölmusu, er honum var veitt í haust. það var góður styrkur, hann á að fá nýja skó fyrir páskana frá færeyíngum. vertu blessaður og sæll.

1. mars. Ástkæri Finnur minn.

Nú er þau sorgar tíðindi að segja, að í nótt er leið dó Anna Lára, dóttir S. Jónsens. hún hefir verið, meira og minna veik síðan á jólum, þó var henni batnaður hóstinn að mestu, og móðir hennar orðin vongóð að hún mundi lifa. Í dag er ögn betra veðrið en í gær, þó er nokkuð frost og landnorðan gola og sólskin. það var

raðað í barnaskólanum, Villi fór upp, og er sá 6. áður 9. Helga Jóns skipas. er sú 10. í efsta bekk. vertu 1000 sæll, og kystur í anda af mömmu þinni.

7. Elskulegi Finnur minn.

Þessa liðnu viku hefir verið versta tíð, norðan átt, frost og stormar, en í morgun var frostlaust og snjókrapi, en núna um messutímann lygnir og ljettir til, og er nú að kalla sól og sumar sem stendur, á morgun á að jarða barnið hjá Jónssen, þar er sorg sem von er, Sigvaldi er hjer, hann kemur á sunnudagana, og stundum hina, honum bregður held jeg eitthvað við, ekki kvartar hann samt um það, enda batnar fyrir honum í vor ef hann lifir það að komast til Magn. snikkara, vertu blessaður og sæll elsku barn.

Reykjavík, 30. marz 1880

Elsku besti Finnur minn,

Nú er blessuð hátíðin liðin, veðrið hefir verið ágætt, alla helgu dagana, á skírdag messaði sr. Helgi, en á föstud. lánga þjedikaði Helgasen, jeg var heima báða dagana, en hátíðis dagana báða fór jeg í kyrkju, sra. Helgi messaði á páskad. en presturinn okkar á annan, hann er alltaf svo ósköp vesæll, það er leiðinlegt, Mikið er hjer talað um mormónana, (Jón og Jakob,) þeir voru kallaðir fyrir, á laugard. fyrir páska, og varð Jón að játa fyrir rjettinum, að hann væri hýddur, líka meðkenndu þeir, að þeir væru búnir að skíra þrjár konur, nefnil. Sigr. konu Þorst. pólití, og Sesselju konu Stefáns Egilssonar, (hún er nú trúarhetjan mest) og Sigríði Bjarnad. sem var fyrir teingda dóttir Jóhönnu Geirs.

Þessi „helga“ athöfn fór fram inni laugum eitt kveld, kl. 7.-10. Því heilagur andi var nokkuð seinn að koma yfir þær nöfnur, og þurftu þær tvær eða þrjár duglegar dífur. áður en hann kom, það eru líka víst fleiri sem sýnist gott um hjejeljur þeirra, Helga á hliði er bráðskotin í, alltjend Jóni og þá trú hans líka, Þorst. pólití er dauðhræddur að hann verði settur af emb. og telur fógeta trú um að hann viti lítið eða ekkert um athæfi konu sinnar, og það prestinn að tala við hana, hann er þetta litla falskur, því sumir segja að hann og fl. hafi staðið vakt, meðan konurnar voru skírðar. hjer er mikið talað um þetta mormóna hyski, og jeg er líka orðin nokkuð lángorð um það, það gæti þó orðið langtum meira, ef jeg nennti að tína vel saman það sem haft er eftir, einkum þessum nýskírðu konum. vertu blessaður og sæll. ástkæri dreingurinn minn.

4. apríl. Elsku Finnur minn. Gamlir menn segja, að vorið verði, eins og fyrsti sunnud. eftir páska, og þá á að verða kalt og þurt vor, í vor, því í dag er norðan átt, og dálítið frost í morgun, í dag var dönsk messa, 2. þ.m. var almennt róíð, því besta veður var um morguninn, en um og eftir hádegíð, hvesti fjaskalega á landnorðan, voru þá flestir á uppsiglingu, þá fórst fjöggra manna far hjerna fram undan selsskerjunum, formaðurinn hjet Þórður Jónsson skeggmanns, hann drukknadi og

einn hásetinn, Jón Björnss. í Ánanaustum bjargaði tveimur, annar þeirra var Ólafur frá kalastöðum. Það er mikið að gjöra fyrir piltum og stúlkum, að búa sig undir skóla ballið, Mensi er með, og er gjört ráð fyrir að systurnar fari báðar, og held jeg að Guðný hlakki til. vertu 1000. blessaður og sæll.

8. apríl. elsku Finnur minn. kl. er bráðum 6. e.m. systkinin eru nýfarin á ballið, systurnar voru báðar í hvítum kyrtlum, með skaut náttúrl. Veðrið hefir verið ágætt það sem af er vikunni þurt og lignt, og fiskafli góður. jeg vildi guð gæfi að þú værir frískur, og hefðir eitthvað gott. vertu sæll, blessaður og sæll.

15. Elsku besti Finnur minn. Jeg ætlaði að skrifa á sunnudaginn var, en jeg gat aldrei sest til þess. þann 10. næstl. var gjörð opinber trúlofun, Steingrímur Jónssen og Anna Bjeríng. líka er sagt að hann sje kominn í æfilángt bindindi, og það væri ágætt, ef það er satt. líka er Blöndal og Emilía Guðjónssen trúlofuð opinberlega. og í gær heirðist önnur ný trúlofun, hjer er danskur málari í vetur, hannn heitir Bertelsen, en Jórunn dóttir Jóns prentara er í gamla bakarínu, og þessi hró eru trúlofuð, og það svo, að það er sagt að þau gráti, af lúttar kærleghed, vertu sæll.

18. apríl. Elsku besti Finnur minn. Nú er kl. 5. e.m. jeg er nýkomin heim, við vorum öll (pabbi, jeg, systkinin, og Valdi) boðin í afmælis gildi til Ísfoldar, afmælisdagur hennar var þann 12. næstl. en vegna annríkis sem nú er hjá öllum sjáfarmonnum, var þá eigi haldið uppá hann, við feingum súkkulaði og kaffe og allskonar góðgæti með.

Valgerður gamla fór strax í morgun eitthvað uppí Þíngholt, og kom ekki heim fyrr en rjett núna, svo hún vissi ekkert, að jeg fór út eða neitt um þetta, því hefði hún vitað að jeg ætlaði út, þá hefði hún víst ekki farið, til þess að látast sitja ein heima allan daginn, hún á hjá sjer að vera svona notaleg kerlíngar sauðurinn, hún er að braska í að fá húsnæði handa sjer, því hún ætlar, held jeg, að fara að verða sjálfrar sinnar aftur, og sýnist mjer það vel til fallið, því aldrei verður hún ánægð hjá öðrum. vikuna er leið voru optast allgóðar gæftir, enda er ekki lángróið, því fiskurinn er innum öll sund, Indriði Einarss. og Á Bl. rjeru hjerna um kveldið, útfyrir eyarnar (minnir mig) og feingu þrjátú í hlut, og var allt flutt heim til Guðjónsen, líka hefir Sveinbjörnssen og fl. róið og fiskað, (að segja, róið bara einusinni), já, já, nokkuð held jeg sje komið núna af ruglinu, jeg er líka hætt. vertu elskulegur og sæll.

22. á sumardaginn fyrsta.

Hjartkæri Finnur minn.

Guð gefi þjer góðan dag og gleðilegt sumar, elsku blessað barnið mitt. Gufusk. „Íngólfs“ kom, hjerna um daginn, Ó jeg hugsaði að þú mundir kannske hafa látið eina línu hlaupa með því, en það hefir ekki verið, jeg er svo óþolinmóð, eftir að fá

brjef frá þjer, og líka til að frjetta af Páli sem jeg er svo hrædd um, jeg hefi aldrei vitað hvað mjer hefir þótt vænt um hann, fyrri en núna, eða síðan jeg frjetti að hann væri veikur, jeg lifi við vonina (þó hún sje stundum veik) að jeg í næstu viku frjetti gott af þjer og honum.

Veturinn endaði, og sumarið byrjaði ágætlega, nógur fiskafli eins og áður er sagt, og að því skapi er veðráttan, í gærmorgun var steipirigning dálitla stund, svo glaða sólskin, og um kveldið hálfsvalt, því það var ákafl. heiðríkt, en í morgun var þikt lopt, og töluverð rigning er annað kastið, en sjer vel til sólar hinn sprettinn, það er bærilegt fyrir jörðina.

Gunna mín er opt lasin af ýmsu, vondum hósta og verk undir herðablöðunum og fyrir brjóstinu, og fylgir því opt höfuðverkur og máttleysi, þetta gjörir mjer mjög ílt, jeg er svo ósköp hrædd, að það sje brjóstveiki, hún hefir valla getað dregist á fótum síðan um fyrir helgi, og aldrei held jeg verið heilbrigð síðan fyrir jól, að öðru leyti finnst mjer að okkur líða þrautalaust, nema hvað það liggur, eins og stóreflis bjarg á mjer, að hugsa til þess að Mensi sigli, því jeg er viss um að hann lifir ekki á öðru eins og þú hefir til að lifa á, en það er nú líklega kallaður óþarfi að hugsa um það núna strax, jeg get líka látið vera að tala um það, en ekki að hugsa um það. Vertu blessaður og sæll.

29. Ástkæri Finnur minn góður. kl. er 8. e.m. og 8. dagar liðnir af sumrinu, hver öðrum betri að veðrinu til, og eins er nú orðið grænt og sprottið, eins og opt er á fardögum, en þessir fáu dagar hafa verið þúngir sorgar dagar fyrir suma, því núna fyrir hálf tíma andaðist Hildur kona N. Jafetssonar, eftir þúnga vikulegu, þau áttu 4. börn öll úng, líka andaðist í þessari viku, Stína Knudssen, hún hefir alla tíð verið heilsulaus, hún var á aldur við Guðnýju sistur þína, móðir hennar hvað bera sig mjög illa eftir hana, það er svona „hverjum er sinn sár“ aðrir segja: Guði sje lof, að hún fjekk að deyja á undan móður sinni. Jeg er alltaf að gæta að póstskipinu útum norðurlöpts gluggan, en nú er jeg hætt því, í kveld því það er farið að dimma, vertu ætíð blessaður.

30. Elsku besti Finnur minn.

Í morgun kl. að gánga 9. hljóp jeg eina ferð upp á lopt, til að gá að póst sk. en valla var jeg búin að horfa eina mínútu fyrri en jeg sá hvar það kom brunandi fram undan hlíðarhúsa bæjunum, jeg kallað þá og sagði, póstskipið kemur! allir komu óðar upp, og sagði hver um sig, hver segir það? sjerðu það? og um leið sáu allir það, nú er komið kveld, og jeg er búin, mjer til hjartans ánægju, að lesa brjefið þitt, guði sje lof fyrir það, og hafðu bestu ástarþökk fyrir það, ó hvað mjer þykir vænt um að vita að þú átt ekki bág, eða mjög bág í efnalegu tilliti, og ekkert skrifar þú mjer svo smálegt af högum þínum, að mjer þyki það lítilsvert, nei, þvert á móti, mjer er það unaðsfyllt, að vita sem greinilegast af þínum högum. Jóh. Geirs fjekk brjef frá Ragnh. dóttir sinni, hún er í Kaupm.höfn, vinnukona einhverstaðar þar, en þeirri gömlu þykir lítið til koma, að fá svona brjef, frá fólkinu sínu ef því fylgir

einginn skildingur, það er svo margt sinnið sem maðurinn er, en jeg hugsaði, að móðir, væri þó altjend móðir, það er hálfkalt í dag, vestan eða norðan stormur og jelja drög í fjöllum, og í morgun var snjófól ofaní sjó, en tók fljótlega upp, því jeg held, að ekki hafi verið frost, á morgun á að verða messufall, því kyrkjan er sorgarklædd. nú verð jeg að hætta í þetta sinn, vertu blessaður og sæll.

3. maí. Elsku Finnur minn. Þessa daga er heldur kallt, dálítill snjór á morgnana, en tekur upp á daginn, nema í morgun var frost og einginn snjór, á morgun á að jarða Jón S. og konu hans, mikið er talað um ráðsmennsku nefndarinnar, en líkl. er mikið eftir ótalað, og væri betur að ekki sannaðist á henni orðtækið, „þegar fara á betur en vel, fer opt ver en illa.“

Nei veistu hvað, fyrra sunnudag flutti Valgerður gamla hjeðan, uppí stuðlakot í loptið sama sem hún var í áður, eða í fyrra, hún þóttist ómögulega meiga bíða til mánaðar mótanna, því hún þyrfti að útvega sjer eitthvað að gjöra hjá konunum þar í kríng, en í dag frjettum við látið hennar, hún hafði legið í þrjá daga, sistkinin urðu fegin að hún dó ekki hjer, en jeg trúi að jeg hefði heldur viljað að hún hefði heldur dáíð hjer, fyrst hún lá ekki leingur eða tók ekki mikið út kellingarsauðurinn.

Í gær kom norðan og vestan pósturinn, jeg fjekk brjef frá Sigurb. móðir þeirra systra, hún segir: „jeg á ekki orð til yfir hvað vænt mjer pykir um kunníngsskap Finns og stúlkanna, þær minnast allar á hann í brjefum sínum. og eru so himinglaðar yfir því hvað hann sje þeim velviljaður með að ljá þeim bækur og blöð og lesa fyrir þær, og þú sjert í mörgu falli, stakt afbrigði íslendinga sosem í hófsemi og yðni í lærdómi sínum. og fleira skrifa þær þjer til hróss. jeg gleðst og lofa guð fyrir allt sem jeg veit þjer geingur í vil, og bið hann að gefa þjer líf og heilsu, það hefir mjer ætíð fundist það dírmætasta. vertu blessaður.

6. maí á uppstigníngardag. Elsku Finnur minn góður,

Í nótt er leið, var mikið frost, og glaða sólskin framana í dag, en nú með kveldinu er orðið kafpykkt og rigníngarlegur. Villi minn er hálfflasinn af höfuðverk og kvefi, og ekki frí fyrir ólukku hæsi sem jeg er ætíð svo hrædd við, nýlega er eldri sonur S. Eymundssens dáinn úr barnaveikinni eða einhverju þessháttar, hann var lítið yngri en Villi. jeg er að hugsa um að biðja þig að útvega mjer brjefa möppu, jeg lofaði Mensa henni á sumardaginn fyrsta en hún fæst hvergi, en sem komið er, hún ætti að kosta hjer um bil 1. 25-50 aura, og læst verður hún að vera, Gunna sendir þjer penínga, eða depónerar þeim til þín, jeg læt þar með fylgja 4. kr. 50. það sem af geingur möppunni átt þú að hafa fyrir kaffe bolla, handa þjer, 29. maí. og bið jeg þig að forláta hvað þetta er lítið, jeg gjöri það að gamni mínu. Guð gefi þjer heill og hamingju.

Jóh. bróðir kom hjer í dag, og verður hjer í nótt, hann er að sækja eitthvað í kaupstaðinn, og kom með hest handa Ólafi húsbónða sínum því nú er komið að lokunum, Jóh. segir allt gott þaðan og biður átsamlega að heilsa þjer, Steinþóra fósturdóttir Árna Björnssonar, fer til okkar, fyrir vinnukonu, hún er hjá J. braskara,

jeg verð að kveðja þig í þetta sinn, systkinin sem ekki skrifa þjer biðja ástsamlega að heilsa þjer, jeg bið undur vel að heilsa Páli og Jóhannesi og Geir, og þá Bertel, mjer er altaf vel til hans. hann er sannarlega einmana í heiminum. vertu blessaður og sæll, og guði falinn um tíma og eilífð, það mælir af alhug þig af hjarta elskandi móðir þín. Anna G. Eyriks dóttir.

Segðu mjer að gamni, hvað mappan kostar. 1000 sæll. sama Anna, mamma þín.

Reykjavík 8. maí 1880

Elskulegi Finnur minn.

Mjer datt í hug, (þegar jeg var búin að loka brjefinu mínu.) hvort ekki væri reyndandi að senda þjer lýsingu á því sem amar mest að Gunnu. (Því jeg hræðist heilsuleysi hennar) og biðja þig, að biðja Móríts eða einhvern lækni að ráðleggja eitthvað við því, lýsingin er þessi, máttleysi eða fjörleysi, hósti en einginn uppgangur, mæði eða þyngsli fyrir brjóstinu ef hún geingur nokkuð, og á nóttunni, stundum svo, að hún má til að sitja uppi, bara af þyngslum, þar með er matarólist, verkur fyrir brjóstinu, og stundum undir herðarblöðunum, og stundum höfuðverkur, en ekki er hún bólgin, eða hún gild um brjóstið nokkra vitund, þó þetta sje kannske ónóg lýsing, þá get jeg ekki gjört hana betri, en verst er að þó maður feingi reseft þá er apótekið hjer afleitt nú, við höfum bæði feingið sápu og guðsanda plástur, og hvorugur tollað við. pabbi bíður eftir brjefinu, Villi er betri og les af kappi undir prófið. vertu 1000. kystur og kvaddur af þinni elskandi móðir.

Reykjavík, 16. maí 1880

Elsku besti Finnur minn.

Guð gefi þjer alla daga góða, og þessa hátíð góða og gleðilega, kl. er reyndar bráðum 6. e.m. það líða fljótt skemmtilegir dagar, eins og þessi. vedrið er alltaf svo blessað og blítt, við fórum öll í kyrkju, sra. Helgi embættaði, nema Mensi, (hann þóttist ekki mega vera að því, fyrir upplestrinum undir vorprófið.) svo fór jeg út þegar við vorum búin að borða, og geingum við pabbi og Íngólfur vestur stíg og suður fyrir alla garða, og komum eigi heim fyrri en núna.

Sigga Jónsdóttir er nýlega komin hingað úr eyjunum, þó heimurinn væri aldaud eyðimörk og hún stæði ein lifandi, þá gæti hún ekki verið ólukkulegri en hún er. jeg skil ekki í, að Guðl. sje verulega svona vondur maður, að eyðileggja svona hennar inndælustu vonir, og þar með hennar líf og heilsu náttúrl. nei, jeg vona að þetta sje af einhverri annari rót runnið, en svikum og prettum, já jeg vona og óska, að þetta lagist aftur, og jeg þurfi ekki að fyrirlíta Guðl. hann, sem tók þjer svo vel, og mjer þykir svo vænt um, bæði þín og Siggu vegna.

Já jeg vona, að sá vondi hafi ekki tekið sjer svo bólfestu í hjarta hans, að hann sviki eins saklaust blóð og hún er, já en, jeg vona nú svo margt, og hefi gjört mjer

svo margar fagrar hugmyndir um ýmislegt í lífinu, og þó þær hafi ekki, kannske allar rætst á þann hátt, sem jeg hefi hugsað mjer þær, þá lítur þó líklega út að margar af þeim eigi sjer uppfyllingar von. jeg er nú komin útí einhverja endileysu og langt frá efninu, og er því sæmilegast að hætta í þetta sinn og segja, vertu sæll alla tíma, blessaður og sæll, hjartakæri sonur mömmu þinnar.

17. Ástar besti Finnur minn. Nú er veðrið ekki eins gott og að undanförmu, það er austanstormur og töluverð rigning seinni partinn, jeg fór í kyrkju, sra. Matt. messaði, og hafði fyrir umtalsefni textann fyrir þriðju gr. trúarjátningarinnar eða einkum þessi orð: „jeg trúi á heilagann anda.“ og þótti mjer ræðan ein með bestu og kraptmestu ræðum, er jeg hefi leingi heyrt, það er skaði, að mjer finnst, að hann er ekki í prestlegri stöðu, ætli hann kæmist ekki nálægt „miðjunni“ í því efni. Jeg hefi nú ekki meira að rugla í þetta sinn, enda er það lítill skaði. vertu altjend blessaður og sæll, og sæll, og sæll.

29. maí 1880. Elsku besti Finnur minn! Guð gefi þjer líf, heilsu og hamingju, á þessu þína nýbyrjaða 23. aldursári, jeg vaknaði í morgun kl. 4. þá var glaða sólskin líkt og um morguninn sem þú fæddist. það var líka laugardags morgun, hjer um bil, kl. 4.

á sunnud. var, voru fermd hjer, um 40. börn, en fátt af þeim held jeg að þú þekkir, nema börn sjera Helga, Jón og Guðrúnu, frú Hildur átti einn dreinginn, hann heitir Brinjólfur, hún ætlar alfarin norður núna með skipinu, með hann og annan yngri sem heitir Páll. Br. á að vera hjá Snorra Páls syni á sigluf. í sumar en fara á Möðruvalla skólann í haust. Skeving legir hjá Gróu í Perney hann er í Smiths búð á sumrin. Mensi kemur alfarinn heim í dag, hann hefir haft undur gott í vetur, guð launi fyrir hann. vertu margblessaður og sæll. segir, elskandi mamma þín.

7. Elsku Finnur minn góður. Kl. er 11. f.m. Þöñix er að hafna sig, jeg hefi aldrei hlakkað eins kvíðalaust eða kvíðalítið til brjefanna eins og núna, bara það viti ekki á eitthvað óþægilegt, ekki held jeg það samt, jeg segi þetta bara að gamni mínu, jeg er líkl. eitthvað skárri fyrir hjartanu núna, heldur en jeg er stundum.

Nú er kl. hálf 6. e.m. og jeg er búin að fá brjefið og allt sem því fylgdi, vertu blessaður og hafðu ástarþökk fyrir það allt, fyrir brjefið, þá fyrir sögurnar já og fyrir blessaða myndina þína, (jeg fjekkk, já tók sjálfsagt eina, en ekki held jeg við eyðileggjum gömlu myndina, okkur þykir of vænt um hana til þess.) og brjefa veskið, Mensi var all ánægður, en lítið hefir verið eptir af aurunum handa þjer í fæðingardags gildi, en þjer bregður ekki við, þó þú sjert ekki styrktur mikið af okkur aumingja blessaður dreingurinn minn. já, þá þakka jeg þjer hjartanlega fyrir meðölin og alla þá fyrirhöfn, jeg veit að droparnir hafa verið dýrir, og það er grátlegt að láta þig leggja út peninga fyrir mig.

Nú ætlar Sigga Jónsd. að sigla, (kannske betur að fyrr hefði verið) og með henni

sendi jeg þjer einar nærbrækur (segir þú) og eina sokka af því jeg á þá til, þú getur eins geymt þá, eins og jeg þangað til þú þarft þeirra við, og þrjár krónur læt jeg annaðhvort í sokkotuna, eða þá bið S. að fá þjer þær, svo sem uppí meðölin, jeg á þær til, jeg fjeck 5. kr. um daginn. Þær stóðu eptir hjá Nikulási fyrir Þorbjörgu litlu, það er búið að taka af honum allar stúlkurnar Kalli er einn eptir heima, sra. Steingr. og Guðrún systir Jóhannesar tóku Rannveigu allra laglegasta barn, eitt-hvað 4. ára. Tobba fór í Engey en Lína suður í njarðvík til systur N. sagt er að þær tvær eigi að koma í haust. Svanb. sem var í Geisir er ráðskona hjá Nikul. en Gudda systir hans fór vestur að Breiðabólst. Nauðsynlega þyrfti jeg að biðja þig að senda mjer hvorutvegga gömlu vaðmálsnærbr. Þínar, fyrir veturinn, getur þú ekki sett þær ofaní bókakassa bókm. fjel. ef þú værir eitthvað við riðinn að búa í hann, bara til að þurfa ekki að gefa undir þess konar dót.

Jeg ætlaði einhvers staðar að geta þess að Gunna er mikið skárrí núna um tíma. Ó hvað mjer þykir vænt um það, hóstinn er einginn og þyngslin minni, og að öllu er hún betri heldur en þegar jeg skrifaði þjer seinast, en jeg varð eins fegin að fá þetta frá þjer fyrir því, bæði er jeg svo hrædd um að henni vesni þegar minst varir, og svo er hún ekki svo styrk enn, að henni veiti af að fá eitthvað styrkjandi, í einu orði vertu blessaður fyrir það allt og blessaður og sæll í kveld.

9. Elsku Finnur minn blessaður. Jeg hef reyndar ekki mikið að skrifa núna, en þó altjend nóg ef jeg nenti því, jeg, og við öll, vorum að heyra landhöfðingjann, þegar hann svo gott sem vígði þinghús grundvöllinn, en það var ekki mikið að heyra. pabbi segir þjer frá því. það er sagt að Marta sje ekki betur en vel lukkuleg, þó mikið gengi á þegar þau Indr. trúlofuðust, en það ber til þess, að G. Hjaltalín kom hingað snemma í vor, jeg held með marsm. ferðinni, hún kom sjer til heilsu-bótar, hún þoldi ekki loptið í Englandi, og sumir halda að hún þoli það hvergi nema þar sem Indr. er, það voru svo mikil brögð að þessu að móðir Mörtu vildi láta hana segja honum upp, ekki alls fyrir löngu, en það vildi M. ekki. og nú ætla þau, eða eru farin að búa saman í húsinu sem frú Hildur bjó í. Frúin frá Enni keypti hús Einars heitins Jaf. og flutti í það í vor, en Guðr. legir allt niðri í húsi V. Gíslas. og er hæst óánægð, Ránka verður í Viðey í sumar, Ínga er heima og Einar, hann kom í vor, og er hættur að vera á pumpast en lítið hefir hann verið móður sinni til aðstoðar síðan hann kom, presturinn ætlar með skipinu austur á Eskifjörð og mæta þar föður sínum, og koma svo með honum aftur, honum hefir verið ráðlagt að hreifa sig sem mest, við fáum vona jeg gest, ef gamli maðurinn kemur hingað aftur.

Nú í dag gengu piltar upp í því seinasta, þriðju bekkingar í landafr. 4. þeir efstu fengu 6. Mensi er einn af þeim. jeg fjeck Siggu þrjár kr. er hún afhendir þjer, verst er að geta ekki sent þjer bragð af góðum fiski, pabbi segist skuli láta það í bókm. fjel. kassa næstu ferð, en er það óhætt, ert þú við þegar þær eru teknar upp? þú getur kannske sagt mjer það með næsta skipi. Jeg má til að hætta, enda er heil-

mikið komið, en þú forlætur allt ruglið og samheingið, jeg hefi líka ekki altjend frið að sitja, vertu svo alla tíma blessaður og sæll, hjarta kæri sonur minn, það mælir, þjer af hjarta alls góðs óskandi og unnandi móðir þín. Anna G. Eyríks dóttir.

Guðný systir biður að heilsa þjer átsamlega.

Reykjavík 13. júní 1880

Ástkæri besti Finnur minn!

Það er giftíngar dagurinn okkar í dag, við erum búin að vera saman í 24. ár, G.s.l. fyrir allt það sem hann hefir gefið okkur, um þennan liðna samverutíma, jeg fór í kyrkju, sra Helgi messaði, því hann á að gegna prestsverkum meðan sra. H. er að sækja kallinn föður sinn, Veðrið er allgott þessa daga, þó er fremur hráslagalegt og kalt og krapaskúrir stundum. Mensi fór í búðina í fyrradag, æ! jeg ætlaði að segja þjer að það var lýst með Jóni nokkrum Loptssyni. (syni Barböru gömlu.) og Sólvæigu sem var í Sjóbúð. þau eru til húsa hjá Eyríki á Hól. jeg man nú eigi meira í þetta sinn, jú Mensi fór í búðina í fyrra dag. Það á að segja upp skólanum á morgun. vertu blessaður og sæll.

18. Elsku Finnur minn!

kl. er að gánga til 6. e.m. Mensi minn er að fara uppá Brákarpoll, og er nýfarinn um borð, það er snarpur lands stormur og jaktin er að fara á stað, hitinn er 16-17 gr. í forsælunni. Það sem af er vikunni hafa gengið rigníngar. vertu sæll.

20. Elsku Finnur minn!

Veðrið þessa dagana er sú einstök blíða, lítil sunnan gola og sólskin, en sá hiti. það er um messutíman, jeg sit uppá lopti, því Gunna liggur í einu þyngsta kastinu og er alveik, hún skreið í gær, hún hefir verið bærileg um tíma, um helgina var, fór hún að brúka pillurnar er þú sendir því þá fór hún að verða máttlaus og lystarlaus. jeg ætlaði inneftir með reseptið í morgun, en okkur kom saman um að fá Tómas til að skoða hana, en hann er ókominn enn. kl. 6. e.m. T. er nýfarinn, hann hlustaði og bánkaði bæði á brjóstið og bakið á Gunnu, hann segir, það sje gamalt kvef og það mikið í lúngunum og ekki frítt fyrir bólgu undir herðarblöðunum, hann fór ofaní apótek og pabbi með, þaðan kom afarstórt glas glóðvolgt, fullt af einhvers konar mixtúru. T. vill held jeg gjöra þetta mikið vel. vertu blessaður og sæll.

21. Veðrið sama blíðan. G. fárveik, þyngslin þó heldur minni. Stór brunafleiður á báðum, eða neðan við bæði herðarblöðin ollu henni líka þrauta.

22. Gunna er eins að kalla, jafn minni verkur fyrir brjóstinu, en meir höfuðverkur, betur fór að læknir var sóttur, veðrið sama.

23. G. heldur skárrí, þó alveg máttlaus og listarlaus, uppúr henni geingur bæði ljótt, og mikið nokkuð, og er gott það fer. kl. er 1. e.m. Fönix er nýkominn, með honum komu heilmargir, þar á meðal Helgi læknir Guðms. presturinn og sjera Sveinn, hann hvað vera hrumur og magur hjá því sem hann var. pabbi ætlar inn í laugar í kveld, jónsmessuferð. vertu sæll.

24. elsku Finnur minn. Í gærkv. var G. með besta móti, og hefði verið bærileg í nótt ef andans tannpínan hefði eigi kvalið hana seinni partinn, en í dag tók þó út fyrir, jeg hugsaði hún mundi alveg tapa ráðinu, af kvöl í tönnunum og hálfu höfðinu. Helgi kom snöggvast í dag, og fann mig og börnin, hann sá myndina þína og fjekk hana, hann lætur mjög vel af sjer, og er mikið feitari í andliti en hann var. guð gefi þjer góða nótt. (því nú er komið kveld).

27. Ástkæri sonur minn!

Nú er G. komin á fætur, G.s.l. en ógn er hún aumingjaleg. Veðrið er hin sama blíða, útræna og sólskin. í morgun kom enskt listiskip, og nú kl. 19. er sagt að Slímskipið sje undir nesinu. Ó! jeg vildi að jeg ætti brjef með því frá þjer, elsku barnið mitt, það er æði tími frá því 2. júní, og þángað til 24. júlí og það um hásumarið, ef ekkert frjettist allan þann tíma, það var nokkuð betra og skemmtilegra í fyrra, já, satt var orðið, skipið er búíð að hafna sig. kl. hálfeitt, þau höfðu bæði farið á stað, á fimmtud. var, ekki er nú leingi verið á leiðinni. með því kom Einar Zoëga (líkl. til að kyssa konuna! það er nú sem von er á, segja sumir) og eitthvað af englendíngum, skipið ætlar á stað í kveld norður fyrir land.

Nú er kl. 5. það var verið að skíra í dúksk. einusinni enn. barnið heitir jónas, við pabbi vorum þar, þetta er 5. krakkinn með þessari konu, það er verið að segja nýja trúlofun, þórður Thórodds. og Anna Guðjónssen. það er nú ekki eftir nema Kristjana, sú yngsta, og er nú verið að ánafna henni, Ó.G. frá Breiðabólst. mikið er jeg búin að rugla af vitleisunum, og er því bezt að hætta í þetta sinn. vertu margblessaður og sæll, elsku elsku Finnur minn.

29. Ástkær sonur ætíð sæll. Veðrið einstök blíða. Gunna á fótum og inní búð að kaupa fyrir Ólöfu H. samt er heilsan lin. jeg er að reina að láta hana taka inn úr glasinu frá þjer, en henni þykir það ekki gott bragðið, jeg læt það vera, ef henni bara gæti batnað, en því er ver, hún er líklega ófrísk á sál og líkama, þó lítið beri á, orsökina til þess hefi jeg einhverntíma lítið drepið á við þig, nú er búíð að berja og búa um fáeina (12) fiska, í litlum poka og verður hann látinn í bókm. fjel. kassann, og í honum verða líka tvær skirtur, er Sig. frá Hjálmholti á að taka við, systir hans saumaði þær hjer, og bað okkur að koma þeim, blessaður sjáðu um þær.

Sesilía í Stuðlak. biður þig að bera mad. Buchard. kæra kveðju frá sjer, og þakk-læti fyrir sendínguna og segist skrifa henni með næstu ferð. í gær voru nýsveinar reindir, þeir voru 16. og komust allir inn. efstur, Þorv. Jónss. Beint, held jeg. 3. Gíslí sonur Pjeturs Gíslas. 4. o.s.fr. en neðstur Hallgr. Magnúss. Thorl. og næstur

honum Villi Knudssen. blöðin segja þjer þetta allt betur. jeg hef frjett af Mensa mínum, hann hafði verið í landi á laugard. og vel kátur, blessaður og sæll í þetta sinn.

30. Ástkæri Finnur minn.

Annað kveld leggur Phönix á stað norður fyrir, með þessari ferð, hefir leingi verið talað að Gunna færi norður á Sauðárkrók, og í gærkv. kom Valgerður á Hól. að vita hvert hún ætlaði að fara, (Valg. ætlar snöggva ferð norður á Siglufjörð, Helgi hefir ekki þagnað fyr.) en bæði er G. ekki nærri svo frísk, að hún þoli andans sjósóttina, (og það hafði hún sjer til afsökunar við Val. sem endilega vildi hafa hana með,) og svo segist hún ekki mundi hafa farið, því fólk segði að hún væri að elta H. sem náttúrl. fer með.

Hann hefir ekki komið hingað nema í þetta eina skipti, en líkl. kveður hann á morgun, mjer þykir alltaf vænt um kunníngsskap hans, því hann er reindar gamall, en víst er um það, að hann fer með (större del) meira hjeðan en hann veit, og sjálf-sagt vill. jeg tala ekki um hvað jeg hefði feginn viljað að Gunna hefði getað ljett sjer þetta upp, og komið aptur með Aktúnusi, en það getur ekki látið sig gjöra. jeg er búin að rugla alltof mikið um þetta, en þú forlætur, og lætur hjá þjer. jeg hefi heldur ekki meira í þetta sinn að tína til.

Að þú verðir auðnumaður,
unir við það hugurinn,
vertu sæll, og síblessaður,
sonur elskulegur minn.

svo kveður þig heittelskandi móðir þín. Anna G. Eyríks dóttir.

1. júlí. kl. 11. f.m. ástkær heilsan. Helgi er nýfarinn hjeðan hann kom að kveðja, hann er eins og áður, glaður skemmtilegur, og enn er það, að hann vildi jeg helzt eiga fyrir aukason. þetta mátt þú skrifa honum, ef þú heyrir að hann sje giftur, en eigi fyrir. fylgi honum guð og lukkan. 1000 sæll. þín mamma.

Reykjavík. 4. júlí. 1880.

Elsku besti Finnur minn.

Nú hefi jeg ekkert að segja í frjettaskini, nema það, að í gærmorgun lagði Villi litli á stað austur að Hjálmholti, með kalli sem var sendur hingað suður með naut til slátrunar, og vakrann hest handa Villa, hann var heldur kátur að fara hvernig sem hann unir sjer, þeir ætluðu í ölvusið í gærkv. og alla leið í dag, veðrið í gær var eins og að undanförmu, blessuð blíða, en undir kveldið hvesti talsvert af suðaustri og varð hálfkalt og þykt lopt. og í dag hefir bæði verið kvast og líka rigníng stundum. aumínginn litli hefir fengið háflslæmt í dag, sjera Sv. kemur hjer nærri daglega, að minsta kosti 5. daga í röð í þessari viku, hann er heilsulasinn mjög, og að sjá eins og hann sje 10 árum eldri en ekki held jeg hann þykist minni maður fyrir það!

Einar bróðir og Íngi eru hjer á ferðinni, Einar í kaupavinnu norður í Skagafjörð, en Í. austur á skeiðar, vertu margblessaður og sæll.

15. Elskulegi Finnur minn. Nú er liðið heldur langt síðan jeg skrifað seinast, jeg er of löt í því, jeg er líka opt vesæl, bæði af hjartaveiki og fl. og náttúrl. lökust, þegar eitthvað mótdrægt kemur fyrir, sem er einkum heilsulasleiki í börnunum, þegar Gunna var orðin ögn bærileg, (hún tekur nú alltaf inn, úr flöskunni frá þjer,) þá varð Íngólfur veikur af hósta og kvefi, í nótt er leið var hann alheitur, en núna með kveldinu er hann þó að leika sjer í rúminu, og er ekki mjög vesæll að sjá nema af ólukku hóstanum, sem reyndar hefir aldrei skilið við hann síðan í vetur, að hann lá í kvefinu.

Mensi kom á Sunnud. var (þann 11.) úr spekúlantstúrnum honum þótti gott og gaman, en í gær ljét Lange hann, og fleiri fara, vegna þess að ekkert væri til að gjöra, og var það slæmt fyrir okkur, og jeg er hrædd um að M. leiðist einhvern tíma, ef hann fær ekkert að gjöra til hausts. jeg fjekk br. frá Villa litla í gær, hann var búinn að vera viku, þegar það var skrifað. hann segir: „mjer líður ósköp vel, jeg fæ nóga mjólk og nóga froðu á stöðlinum, við Anna litla verkum kýrnar, og getum það.“ hann kemur líkl. í ágúst, því þá ætla þeir að koma í kaupstaðar ferð.

Nú í tvo daga hefir verið sudda rigning, en logn og besta veður að öðru leiti, það veitti ekki af vætu, því vesalíngs plantarnir í gördunum voru að deyja af hita og þurki, en nú hafa þeir gjört sjer til góða, og dafna vel. Slímóns skipið kom í gær, og fór í dag, og einga línu færði það okkur, og við höfum ekkert frjett af þjer, síðan þú skrifaðir fyrir afmælið þitt, 26. maí. skárrí er það tíminn núna um hásumarið, en pabbi þinn fjekk brjef frá Robb með skipinu skrifað 20. júní. hann lætur heldur vel af sjer nú, síðan hann flutti sig í vor til Lækehood. það er lítill bær, segir hann, og fámennur. vertu ætíð guði falinn.

Reykjavík 8. ágúst. 1880.

Elsku besti Finnur minn.

jeg er nýkomin úr kyrkju, sra Jón Bjarnason vesturfari, stje í stólinn, jeg má ekki vera að, að segja þjer hvernig mjer þótti það, en faríseinn er held jeg þegar dæmdur, en ekki nefndi hann kónginn, eða ætt hans. ekki nefndi hann hver sunnud. væri. ekki lánkar mig að eiga hann fyrir prest. aldrei sagði hann amen, nema á eftir, faðir vori, bænina á eftir, las hann, eins og ræðuna, upp úr sjer blaðalaust, og hún var góð, milli ræðu og bænar hafði hann eingin orð, eins og prestar eru vanir að hafa, nema, „látum oss biðja.“ rjett á eftir mjer kom pabbi þinn, hann hafði skotist inná pósthúsið, því enska skipið kom um messutíman, hann kom með dálítin opin seðil frá þjer, af 21. júlí næstl. hafðu bestu þökk fyrir hann.

Mjer þykir svo ósköp vænt að þú sendir línu, með svona ferð, bara jeg fái að vita að þú ert við líf og heilsu. Mjer gleimdist að segja þjer seinast, að Guðmundur læknir frá Stóruvöllum, er trúlofaður Arndýsi, dóttir Jóns Pjeturssonar, hjer eru

annars allt einar trúlofanir, báðar póstbæjarsystur, Halla og Sigurlaugu eiga að vera lofaðar, önnur dönskum múrara en hin einum skreðaranum, Kristín í melkoti (skikkanleg stúlka) er trúl. einum múraranum sem heitir skó. í dag var skírt í grjóta, og heitir Júlíus, en ekki í höfuðuð á afa sínum.

Nú eru liðnir fæðingardagar systra þinna, (Guðný hjelt dálítið uppá fæðingard. sinn, en Gunna víst ekki) og líka eru liðin tvö ár síðan jeg sá þig seinast, já stundum nokkuð löng, elsku blessaður dreingurinn minn. jeg ætlaði að gefa Guðnýu í svuntu, en það fæst hjer ekkert fallett nema fyrir 1. kr og 70 a. en mjer þykir það æði dírt, og lángr mig til að biðja þig að útvega mjer þrjár álnir af svuntutau, helst bleikrauðu, helst á 1. kr. eða þá dálítið meir. en ekki má það vera klárt tau. jeg þori ekki að senda þjer fyrir það með enska skipinu, en með pótsk. vil jeg geta sent þjer 4. kr. ef lifi. við erum öll, vel á fótum, lof s.g. jeg fjeck brjef frá Villa skrifað 1. ágúst, hann lætur vel af sjer, segist hafa farið til kyrkju, þótti pr. góðr fyrir altarinu en verri í stólnum, líka farið til berja og fundið mikið, farið milli með heybandið og slá og smala með öðrum samt, þú mátt segja Siggju að taðan í Hjálmh. hafi verið 260-70, hestar, og um næstl. mánaðarmót hafi verið búið að fá inn 90. hesta af úthei. og allir verið þá frískir þar.

Nú er kl. 8. og pabbi búinn að fá annað brjef frá þjer, og G. brjef frá Sigr. jeg hugsaði að hún væri greindari og stiltari en svo, að segja eða skrifa sumt af því sem í því er. hún lætur mikið illa yfir sjer, sem von er, jeg kvíði fyrir þegar hún kemur, því G. tekur sjer mjög nærri óhamingju og kjör hennar. vertu blessaður og sæll. jeg kyssi þig í hug og anda nú, og opt opt. Guð varðveiti þig, þín elskandi móðir Anna,

Systkinin og Jónssens fólkíð biðja ástsamlega að heilsa þjer.

Reykjavík, 19. ágúst. 80.

Elsku besti Finnur minn.

jeg gat ekki skrifað á sunnudaginn var, því við pabbi og Íngólfur og Valdi fórum inní Öskjuhlíð, en berjuðum lítið. Mensi fór snemma um morguninn, og fór upp hjá Vatnsenda, og fann heilmikið, en Guðný innað Kópavogi og hafði líka nokkuð. Gunna fór hvergi, og fer ekkert sjer til skemtunar, og þykir mjer það mjög leiðinlegt en get þó eigi að gjört.

25. Elsku barnið mitt.

Nú get jeg valla klórað, því jeg er í rúminu, og hef verið það síðan fyrir helgina, jeg er reyndar lítið verri, en jeg hef verið stundum í sumar, fyrir blessað góða brjefið þitt með Sigríði, þakka jeg þjer hjartanlega. gráu „brækurnar“ eru alveg mátulegar handa Men. jeg ætla að biðja þig, að vera ekki í öðrum eins sokka-görmum, og þú sendir, ef jeg lifi, þá vil jeg sjá um að þú þurfir þess ekki, jeg er alltaf að jagast við þig, um þessar nær. að senda mjer þær gömlu, því jeg vona þú haf-

ir feingið tvennar nýjar úr vaðm. aðrar í haust er var, en hinar með Sigr. jeg sendi þjer nú hálfu fimtu alin af hvítu vaðmáli, jeg þori ekki að hafa það minna, því það er lítið þæft, og hleipur kannske í litnum.

Jeg skrifaði þjer með Stím. skipinu, og bað þig um þrjár álnir af bleikrauðu svuntu taui. en Gunna sagði jeg hefði átt að segja ullar taui, jeg hef afhent þabba þínum 4. kr. fyrir það, því hann ætlar að senda þjer 20. krónur í seðlum, af þeim eru þessar 4. frá mjer, 4 frá Gunnu, fyrir myndirnar, og 12. frá P.P. gullsm. jeg hef áður sagt þjer, hver það er, sem sendir þjer, mjer hefir heldur aldrei verið sagt, að hann ætti að vera ónefndur, nema hvað mjer skilst af brjefum þínum til þabba þíns.

Þegar póstsk. kom, lá hjer skúta úr Vestm. eyjum, og með henni fór Sigr. til eyjanna, í gærmorgun, og má guð ráða hvernig þeim reiðir af. Því það geingur alltaf stormur á landsunnan, en mannfátt á skútunni. jeg man nú ekki eftir meiru í þetta sinn. vertu elskulegur og sæll, guð gæti þín blessað barnið mitt. og varðveiti þig, og öll elsku börnin mín. það mælir af hrærðu hjarta, þig til dauðans elskandi móðir: Anna G. Eyriks dóttir

VIII. Vandinn að eiga danska mágkonu

Miklar breytingar urðu í lífi fjölskyldunnar eftir andlát Önnu Guðrúnar voríð 1881. Það var ekki aðeins heimilishaldið sem breyttist heldur einnig sjálfsmynd fjölskyldumeðlima og samband þeirra innbyrðis. Við bættist að nokkrum dögum eftir andlát Önnu Guðrúnar trúlofaðist Finnur danskri stúlku, Emmu Herazek, og hafði sá atburður töluverð áhrif á stöðu Finns innan fjölskylduhópsins.

Finnur gerði sér grein fyrir því að faðir hans yrði ekki himinlifandi yfir því að fá danska stúlku í fjölskylduna og þar af leiðandi dönskættuð barnabörn. Því gætti nokkurs kvíða í máli Finns þegar hann sagði fólki sínu frá ákvörðun sinni. Hann ákvað að skrifa Guðrúnu og biðja hana að færa öðrum í fjölskyldunni þessar fréttir, þar á meðal Jóni föður þeirra. Áður en svar barst frá Guðrúnu skrifaði Finnur föður sínum:

Elskulegi faðir minn! Jeg hefi aldrei verið eins tímalítill eins og nú, þess vegna bið jeg þig að taka til þakka þessa ómynd, sem jeg nú skrifa. Mjer hefir liðið mjög vel, síðan seinast; og hefir ekki lítið stutt það, það sem jeg hefi um ritað í brjefinu til Gunnu; já elsku faðir minn jeg vona, að þú leggir þína föðurlegu blessun yfir mig og unnustu mína; þó að hún teljist dönsk, þá gæti hún þó verið álíslenzk eftir hennar hreina og ljósa hugsunarhætti; og hún hefir mjög góða hugmynd um Ísland og allt sem íslenzkt er; henni þykir mikið koma til Íslendinga og segist treysta þeim yfir höfðu betur en

öðrum, „já, það sjeu karlar í krapinu“. bæði að gáfum og öllu andlegu atgjörvi. Jeg hefi sagt henni um þig og þín verk, og finnst henni mikið til um.

Jeg sýndi fólkinu myndina af þjer; og leizt því öllu einkar vel á þig og mömmu sál. það má nú líka; jeg veit, að það munu óviða finnast eins samvalin hjón jafngáfuð og jafn menntað, af alþýðufólki að vera, og að öðru leyti jafn elskuverð. Já, elsku pabbi minn, Jeg hefi gert þetta stóra skref upp á eigin hönd, án þess að tala um það við ykkur; eins bæði er það, að því varð ekki við komið vegna ólukku samgönguleysisins, og svo ef tvö elskast og unnast, þá er ósjaldan gott að halda í hemilinn á þeim; jeg segi eins og Jón Ól.

Ef eg fæ konu, eg veit þá
eg allan hennar kærleik á
því ekki er eigu né auður hér,
sem ástir kvenna dragi að mér.

Já jeg veit, að hún ann mér; að hún er falslaus, að hún á ekkert illt til í sínu hjarta; jeg veit, að þú munir blessa mig og hana, sem þannig verður 3. dóttir þín, svo að segja; hún elskar mig, og þar af leiðandi ykkur öll; við harmafregnina heiman varð hún eins mikilli sorg slegin, sem jeg, og vorum við þá ekki lofuð, það var daginn eftir, að ég fékk svar hennar. –

Undarlegt er lífið, það má segja, að ég umkomulaus fátæklingur skuli verða svo gæfusamur, sem ég er orðinn í einu sem öðru, enn að mamma lífði; það er hin þyngsta sorg, sem fyrir mig hefir komið; enn á undarlegan hátt hefir sorgin verið gleðiblandin yfir þessari gæfu hjer suður frá, og sem mjer einsog finnst að sje sýnileg áhrif þeirrar blessunar, sem út frá mömmu streymir lífs og liðinni. – Jeg bíð með eptirvænting mikilli næsta skips.¹

Rúmlega mánuði síðar hafði ekki borist svar frá Jóni. Samt sem áður ákvað Finnur að skrifa föður sínum annað bréf. Í máli Finns má greina bæði eftirvæntingu og kvíða:

Jeg vænti með óþreyju brjefs nú með Valdimari, því að þar er svar frá ykkur upp á það sem J sagði ykkur frá um hag minn; enn leiðast þykir mjer, að geta ekki vænst brjefs frá mömmu; það fer í gegnum mig hvasst sorgarsverð, hvenær sem jeg hugsa um það; að jeg aldrei fái framár línu frá, henni, að jeg aldrei framár fái að sjá hana; enn það tjáir ekki að deila við dómarann; unnusta mín gerir líka allt sitt til með ástúð sinni og innileik að gera mjer lífið þægilegt, og jeg hugsa oft um það, hvað undarlega hafi saman borið lát mömmu og jeg fjekk ástir þeirrar, sem jeg unni; það er ekki

1 ÍB 96 fol.b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 31. maí 1881.

laust við að jeg þykist sjá bending forsjónarinnar í því, og jeg trúi því og treysti, að mjer verði þetta skref til láns og blessunar. Henni þykir mjög vænt um mig og þar af [leiðandi]. um ykkur öll og Ísland og þykir gaman að heyra um allt íslenskt, og ekki myndi hún vera fráhverf því að fara heim, ef jeg vildi það, og jeg vil það að vísu, enn jeg get, held jeg, gert meira gagn hjer, enn heima.¹

Í ágústmánuði barst Finni svarbréf frá Jóni Borgfirðingi sem ritað var í Reykjavík 26. júlí 1881. Í bréfinu segir:

Góði Finnur! Að sínu leiti sem þjer kom óvænt brjefið um andlát móður þinnar, þá kom mjer eigi að síður brjefið þitt af 31. maí n.l. þar sem þú tald-ir mjer inngang þinn til ástarlífsins er mjer kom eigi til hugar að svo irði bráðlega, eg sætti mig við það eptir skamma umhugsun, og einkum þar er heitmey þín er af öðru kyni en dönsku, og þyrfti eg að vita ætt hennar og sjá eptir mynd hennar. Jeg hefi huxað mjer, að láta mig litlu skipta, (ef jeg lifði) um ráða hag barna minna, því það er mesta heimaska, að hvetja eða letja í þeim efnum, það hefir ekkert uppá sig.

Jeg óska þjer til sannrar lukku og blessunar með það sem annað þjer til handa, einungis verður að sjá um það, að slá eigi slöku við lesturinn til prófs og eigi heldur með önnur ritverk, en til fagsins heyrir, því um er að gjöra að þú getir náð 1. vitnisburði þegar svo margir læra á þessum tímum, jeg veit eigi annars hvernig fer hjer heima, um þennan aragrúa sem lærir, því 40 ætla að ganga upp til prófs í vor, og aldrei getur sá sægur fengið embætti.²

Jón Borgfirðingur átti erfitt með að kyngja því að hin tilvonandi tengda-dóttir væri dönsk. Hann huggaði sig þó við að Emma væri af tékkneskum ættum og því „af öðru kyni en dönsku“ og var staðráðinn í að láta tilkomu hennar í hópinn ekki hafa áhrif á samband sitt við Finn svo lengi sem Finnur léti ástina ekki hafa áhrif á námið. Finnur varð himinlifandi þegar hon-um barst bréfið frá Jóni og skrifaði föður sínum einskonar þakkarbréf fyrir að hafa ekki látið trúlofunina spilla fyrir sambandi þeirra feðga:

Elskulegi faðir minn! Hjartans beztu þakkir á jeg að inna þjer frá mjer og unnustunni minni elskulegri; hafi jeg nokkru sinni átt að þakka þjer vel brjef, þá ætti jeg að gera það í þetta sinn, þar sem þú hefir með samþykki þínu gert mig tvöfalt gæfusamari; það er satt og rjett, sem þú segir, að börn-in ráði mestu sjálf í því efni, en hitt er líka jafnan bezt og farsælast, að þess konar mál veki eigi misklíð milli foreldra og barna, því að oft hafa sjest

1 *ÍB* 96 fol.b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 2. júlí 1881.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Jóni Borgfirðingi til Finns Jónssonar, 26. júlí 1881.

sorgleg dæmi uppá hið gagnstæða; já, minn elsku beztu faðir, jeg þakka þjer hjartanlega og innilega fyrir hið síðasta brjef þitt og samþykkt á þessu vandasama enn mikilvæga skrefi, sem jeg hefi gert eftir hvötum hjarta míns og sálar.

Maa jeg ligeledes Takke Dem for Deres Samtykke til Deres Söns og min Forlovelse og jeg haaber at De aldrig vil komme til að fortryde det. Hver uendelig meget jeg holder af Finnur kan jeg ikke fortælle, men jeg vil gjöra alt muligt for at blive ham en god og kjærlig Stötte, Venlig hilsen fra Deres hengivne Emma Herazeck.

Emma bað mig um, að lofa sjer að skrifa þjer nokkurar þakklætislínur í brjef mitt af því að hún kom sjer eigi að hafa það í sjálfstæðu brjefi, enda fannst mjer það eiga líka vel við, að hún gerði það og þannig. Þú sjerð á þessu að hún ann mjer heitt; og jeg get sagt um hana það sama sem hún segir um mig; og ef þú kynnist henni persónulega, þá trúi jeg ekki öðru, enn að þú kunnir vel við hana. Hún er svo saklaus og svo hjartanlega góð. Þú biður mig um mynd af henni; hana hefir Gunna fengið; og hefir hún víst sýnt þjer hana nú; og hvað ætterninu viðvíkur þá er hún ekki alveg dönsk, enn hún er fædd og uppalin hjer í Höfn, svo að því leyti er hún dönsk. Faðir hennar var konunglegur vopnasmiður, sonur manns sem kom um aldamótin hingað frá Böhmen, og giftist danskri konu, sem hann átti við einn son, föður Emmu.¹

Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún frá trúlofun þeirra Finns og Emmu og viðbrögðum sínum við henni:

Sumarið eftir að móðir mín dó, trúlofaði Finnur bróðir minn sig, og urðum við töluvert hissa á, að hann skyldi velja danska stúlku. Okkur fannst, að hann mundi hafa getað fengið nógar og góðar íslenzkar stúlkur, og einnig fannst okkur hann aldrei elska danskinn, en svona gengur það. Allt kemur, sem á að koma fram við hvern og einn. Það var Mórítz H. Friðriksson, sem kom Finni í kynni við þetta fólk. Hann var sjálfur trúlofaður systur Emmu mágkonu. Mér hefði nú þótt vænna um að fá íslenzka mágkonu, en það sagði ég aldrei við bróður minn. Ég var oft búin að heita því við sjálfa mig að leggja aldrei neitt til þeirra mála við systkini mín. Þó vissi ég, að á þeim árum fóru þau töluvert eftir mínum ráðum. Mér hefur ævinlega fundizt það vera of mikil ábyrgð að skipta sér af slíku.²

Guðrún segist þarna ekki hafa viljað skipta sér af ástarmálum Finns en bréf hennar gefa annað til kynna. Þau eru einnig vitnisburður um hvernig samband systkinanna tók að breytast í samræmi við þær sviptingar sem orðið höfðu á persónulegum högum fjölskyldunnar.

1 ÍB 96 fol.b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings, 2. ágúst 1881.

2 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 128.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar maí-júní 1881¹

Reykjavík 8 maí 1881

Ástkæri elsku bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, ó hvað jeg var glöð þegar jeg vissi að þú varst búin að frjetta frá okkur og þjer leið eins vel og unt var, eptir aðra eins harmafregn því jeg veit hvað er að vera við og sjá það, auk heldur að frjetta það og vera hvergi við, fjarlægur öllum sínum, en jeg vona að góður guð verndi þig og varðveiti og gefi þjer krapt til að bera alt andstreimi lífsins eins og skynsömum karlmanni hæfir, en þungur og sár er missir ástríkar móður, að minsta kosti fyrir okkur sem áttum aðra eins móður og við áttum, mjer finst við eiga hana enn. og jeg er eins viss um að sje nokkur hugur til eftir dauðan, þá er hugur okkar elskuðu móður hjá okkur og það finst mjer vera sá ljettir, er jeg hugga mig við en guði sje lof að hún fjekk hvíld.

Hún var orðin þreitt á öllu sínu mæðu mikla og opt örðuga lífi, og síðast á öllum þessum sáru og þúngu veikindum, en sælir eru þeir er deia frá eins fallega unnu dagsverki og hún dó frá, og sem allir sem þektu elska og virða, eins og hana. Það síndi sig líka þegar hún var jarðsett, því það mátti heita, að allir sem vetlþng valda fylgdu, það var alveg troðfull kirkjan, og allir hafa eins og tekið þátt í okkar miklu sorg, eins og það best hefur getað og aldrei fáum við guði fullþakkað að hann gaf okkur aðra eins móðir, ó svona ástkæra og umhyggjusama móðir, blessuð veri hennar ógleimanlega minning.

Þú mátt vera viss um að alt var gjört sem mögulegt var til að bæta sjúkdóm hennar, því Jónassen gjörði það alt sjer til sóma og okkur til ánægu, og jeg gjörði alt sem jeg gat til að ljetta byrði hennar, og guði sje lof hún var aldrei óánægð við okkur, hana vantaði ekkert sem hún þurfti með af neinu tagi, hún var líka altaf róleg þegar þjáníngar leifðu hvíld. Þú mátt vera viss um að jeg skal gjöra alt sem jeg get fyrir ykkur systkini mín öll, já með ánægu, því það verður víst líka mín eina ánæga í þessu lífi, sem mjer er ætluð ef það verður, að jeg geti verið ykkur til gagns, því að öðru leiti er mitt líf eiðilagt, mín staða er ekki skemtileg en hún er samt ekki svo að jeg geti ekki unað við hana, þú biður mig að ráðleggja þjer, mjer skilst hvert þú eigir að reina að lesa til prófs?

Í guðs nafni. Já blessaður gjörðu það eins vel og þú getur, það er heilög skylda þín að, uppfylla vilja vorrar elskuðu móður, alveg eins þó hún sje dáin, því jeg segi eins við þig, og jeg segi við litlu dreingina, þegar þeir eru óþekkir við mig, að þá gráti okkar góða móðir á himnum yfir þeim, og þeir trúa að hún sjái og heiri til þeirra og það hvetur þá til að vera góðir, en það er öðru máli að gegna með þig, þú gjörir alt sem þú getur til að verða maður og þegar þú ert orðin það þá getur þú sigurhrósandi sagt sjáðu mín ástkæra móðir nú ávögst verka þinna, jeg hef farið vel með hann, því hún hafði einga heitari ósk en að sjá þig mann, þú verður að

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

fyrirgefa alla þessa endileisu og taka viljan fyrir verkið, jeg meina það vel við ykkur öll það veit góður guð.

Dálítið verð jeg að kvabba á þjer þó leitt sje að ómaka þig, um þessar stundir, en það er gott að hafa nóg að gjöra þegar hjartað er sært. eða það finst mjer. jeg sendi fyrir 6. krónur, fyrir 3. kr á að kaupa grænt siffongarn eins og spottan sem jeg sendi. en fyrir 2. kr. giltar paléttur og kantilúr og biðja um það ekta. en fyrir 1 kr. hvítar kantilúr, og svo sendi jeg þjer sýnishorn af vaxdúk, sem jeg bið þig nú um að kaupa, fyrir mig. það er sá sem jeg bað þig að kaupa fyrir mig um dagin hann á að vera 1 ál. og 3 kvaril á hvern veg, hann þarf ekki að vera alveg eins og þessi tjulla bara, hann sje eins vænn. Valgerður biður þig að bera madömu Buchard kæra kveðju sína. hún má ekki vera að skrifa henni núna, jeg bið innilega að heilsa Páli og öllum er taka vilja kveðju minni. Þú verður að segja mjer ef þig vantar eitthvað sem jeg get í té látið, vertu nú blessaður og sæll og guði í hendur falin af þinni elskandi systur.

Guðrúnu Jónsdóttur

Reykjavík, 2 júní 1881

Ástkæri elsku bróðir

Hafðu bestu þakkir fyrir þitt góða brjef og það sem þú keiptir það var ágætt. innilega og hjartanlega óska jeg þjer til lukku og blessunar á þínu nýbirjaða ári, jeg mundi vel eptir því og óskaði af heilum hug að þú værir komin. en það var nú ekki nema heimsk ósk, við drukkum kaffi og chokoladi í minningu um þig. jeg vona að þú hafir getað gjört þjer eitthvað til gamans líka. jeg sendi þjer eina sokka. en þú hugsar víst þegar þú skoðar þá að það sje auðsjeð. að mamma hafi ekki sent þá. en jeg gat ekki betur í þettað sinn, þú ættir endilega að senda mjer alla þá sokka sem þú getur ekki brúkað svo jeg geti þrjónað neðan við þá. líka ættir þú að gjöra það sem fyrst, jeg sendi þjer tvo hvíta klúta.

Þú lætur mig vita ef þú þarft fleiri en svo sendi jeg þjer skirtur seinna og ef það er eitthvað sem þú þarft þá blessaður láttu mig vita það, jeg skal gjöra það ef nokkur vegur er til, okkur líður öllum vel. eða að því sem unt er, mjer finnst eins og jeg ekkert hafa að gjöra, og mig vanta alt hvert sem jeg sný mjer. og þó hef jeg svo mikið að gjöra að jeg sje ekki út úr því. og það er mikið gott því maður hefur þá minni tíma til að huxa um alt mótdrægt, og einkanlega svona stóran og þungbæran missir, og þegar alt sem maður elskaði mest í heiminum er burtu svipt frá manni, þá er inndælt að hafa ekki tíma til að, hugsu um það. ó jeg er svo fjarska ólukkuleg og aldrei eins og nú. en getur þú fyrirgefið mjer að skrifa þjer þettað? jeg mátti til, því jeg á hjer eingan vin. eða það er að segja svoleiðis vin sem maður getur opnað hjarta sitt fyrir, en stundum finst, mjer að mig vanta hann svo óseganlega mikið, mömmu, ó okkar ástkæru mömmu, gat jeg sagt alt.

Jeg skrifa þjer eingar frjettir, og veit engar því jeg er út úr öllu og svo hef jeg eingan tíma, jeg hef í allan dag verið í garðinum og nú er kl. 11. og allir að hátta, dreingirnir litlu voru svo ógn glaðir og ánægðir yfir sendíngunni. þakka þjer kær-

lega fyrir þá. það er lítið sem gleður, og lítið sem hriggir þessi litlu grei. vertu óhræddur, jeg skal vera góð við þá. elska mín góð haltu eins öruggur áfram og þú hefur gjört svo jeg fái þá ánægu að sjá þig orðin mann, jeg er viss um að góður guð hjálpar þjer og verndar eins og hann hefur gjört, fram á þennan dag, heirðu góði, skrifaðu mjer allar nýungar þarna frá ykkur, um Guðl. og Bertel og Þórhall. og alla ef eitthvað er, jeg skal geima vel, sendingin þín er í bókaþjel. kassanum, það biðja allir að heilsa þjer – og jeg bið innilega að heilsa frá Krabbi og Páli og Bertel og systurum svo man jeg ei meir, vertu nú blessaður og sæll og góður guð annist þig verndi alla daga það mælir þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Þú ættir að skrifa Símoni, hann heldur svo fjarska mikið upp á þig.

Reykjavík 30. júní 1881

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef. Líka óska jeg af hjarta þjer til lukku og blessunar með trúlofun þína. Jeg vona að góði guð blessi og farsæli ykkur sameininguna. Jeg þakka henni kærlega fyrir mindina. Mjer líst heldur vel á hana, svipur hennar er þýður og hreinn og augu hennar sýnast vera falleg en ekki þykir mjer hún fríð, en hvað gjörir það til? ef alt annað er eins og best má vera. Jeg veit þú hefðir ekki beðið hennar ef hún ekki væri væn og í alla staði góð stúlka, og þá er mjer nóg, mjer er alveg sama þó hún sje dönsk, og við því bjóst jeg líka altaf, ekki skrifa jeg henni núna bæði af því að annir eru nógar og að öðru leiti því að jeg er ei búin að átta mig að öllu leiti á þessu öllu, heldur þú að hún kæri sig um að fá brjef frá mjer? jeg get skrifað á dönsku ef jeg vil. hverra manna er hún, hvað var faðir hennar? Þú fyrirgefur þó jeg spirji þig nokkuð mikið en jeg verð að vera kunnug henni því hún á að vera svo gott sem systir, jeg hef ekki sýnt þabba mindina en hann var ergilegur fyrst að hún væri dönsk, en svo fór jeg að tala við karlin og segja honum að hún væri eigi dönsk og þá batnaði stórum og nú er það gott. hann varð svo hreint hissa á þessu, að þú skyldir vera trúlofaður en jeg, gamla konan varð ekki svo mikið hissa, Klemens skellihló og sagði jeg skrifi víst mákonu til, mjer hefði verið sama þó hún hefði verið tyrknesk.

Þú segir að þessi breiting hafi verið sorg og gleði, það er líka satt, það hlýtur að vera gott að eiga sannan vin sem, huggar, mann þegar sár harmur slær mann, og guði sje lof að þú hefur fengið hann, það er eitt af lífsins stærstu spursmálum þessi sameining milli karls og konu, og er því sárgrætílegt þegar ílla fer, þú berð henni kveðju mína. ef þjer sýnist, jeg sendi mind af mjer seinna í sumar þegar jeg er orðin feit og sælleg, en nú er ekkert gaman að láta taka hana, því þó jeg sje skárri en jeg var í vetur þá er jeg samt eins og beinagrind eða apturganga, jeg er samt vel frísk, nema að jeg á hálf bágð með að sofa. nú er síra Eiríkur komin suður með sitt fólk.

Guðrún er svo veik og aum að hún er eins og hún sje utan við heiminn jeg hef verið að hjálpa henni dálítið síðan hún kom, en jeg má ekki vera að því, gamla

konan er alveg eins málhress og hún var í gamla daga, nú á að setja alþing á morgun og stendur mikið til, að víga hið nýja hús, það eru öll ósköp af fólki komið til bæarins, sem ætla að sjá og heira dýrðina.

Jeg hef altaf nógar stúlkur að kenna. en jeg gjörði nú lítið af því. núna er alt af manna gángur, í gærkveldi var síra Kjartan hjer og faðir hans. hann er á leið austur að sækja konuefni sitt. hún er dóttir síra Sveinbjarnar í Holti, hún kvað vera óttalega óskemtileg. reikir og tikkur tóbak, (þú þegir.) hann var mikið ánægður með sín kjör, að öllu leiti og ljet mikið vel yfir öllu þar syðra, hann biður kærlega að heilsa þjer. jeg bið kærlega að heilsa Páli með þakklæti fyrir mindina, hún er bara ágæt, (veit hann ekki af trúlofun þinni?) hvernig líður Bertel, heilsaður honum frá mjer. og segðu honum að jeg vilji fara að fá mindina er hann lofaði mjer.

Halldór frá Höskuldsstöðum er komin og gekk inn í skólan í gær og komst inn. nýdáin er Halldóra Guðjónssen á Húsavík. og er sárt fyrir hennar mörgu og ungu börn, líka er Valgerður Finsen sem var dáin af barnsförum. Helgi var hjá henni og hefur hann víst átt bágð að sjá hana deya í höndum sínum, og svo er sagt hjer að það hafi verið klaufaskapur hans, svona er heimurinn íllur og bakmáll, jeg er sjálf búin að láta hlaða upp leiði okkar ástkæru móður og svo sáði jeg blómum á hana, og vona jeg þaug lifni og dafni meira get jeg ei gjört að sinni við gröf hennar.

Jeg fjekk brjef frá Siggju hún biður að heilsa þjer undur vel, hún er altaf veik og er það víst leiður sjúkdómur, hún verður víst ekki gömul. hefðu kæra þökk fyrir kaupin, jeg sendi þjer nú peningana fyrir dúkin. Klemens fór strax upp á Brákarpoll og hann var búin í skólanum, svo hann mátti ei vera að skrifa þjer en biður að heilsa þjer. Villi er í veltuni og er mjög lukkulegur svo er nú litli Ingólfur og á götunni og er leiðinlegt að vita hann þar því hann er fjarska mikill fyrir sjer. þú veist að Þorgrímur er trúlofaður opinberlega Jóhönnu Knútsen ekkju síra Björns Stepánssonar. nú man jeg ei meir að rugla og bið þig fyrirgefa mjer. góður guð verndi þig og varðveiti og veiti þjer sína bestu blessun í öllu sem þú tekur þjer fyrir hendur. Þess biður af hjarta þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Jeg bið að heilsa systurum og frú Krabbi kærlega.

IX. Von um að verða kona

Eftir fráfall Önnu Guðrúnar barðist Guðrún við að halda heimilinu saman og skapa sér og systkinum sínum framtíð. Eins og sjá má af bréfunum sem hún skrifaði sumarið og haustið 1881 hafði henni verið innrætt að setja hag fjölskyldunnar ofar eigin hagsmunum. Afleiðingar þess koma enn skýrar í ljós í þeim bréfum sem hún skrifaði veturinn og sumarið þar á eftir. Sjálfsmynd Guðrúnar mótaðist mjög af stöðu hennar sem elstu dóttur og þeirri ábyrgð sem því hlutverki fylgdi. Við bættust erfið veikindi en Guðrún þjáð-

ist á þessum tíma af slæmum astma sem hafði töluverð áhrif á andlega líðan hennar og framtíðarsýn.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1881-1882¹

Reykjavík 27 júlí 1881

Ástkæri elsku bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða og ágæta brjef, og mindirnar er fylgdu þær voru ágætar, þú ert bara kaveler en Morits er eins ljótur og hann var í gamla daga, þið eruð ólíkir tengdasynir, það eru allir skotnir í þjer. Þú ert líka bara ljómandi falletgur, þín unnusta má vera stolt af þjer. nú ætla jeg að rita henni, en er satt að segja í dauðans vandræðum, jeg veit ekkert hvað jeg á að segja jeg vildi óska að hún hefði birjað, því það er sannarlega leiðinlegt að birja, þú og hún, verðið að fyrirgefa þó það verði eitthvað galið í stefnunni, jeg rita á hreinni íslensku, jeg get vel skrifað á dönsku (með raupi og öllu saman) en jeg á hægara með að skrifa þettað á íslensku, hún getur vel skrifað mjer sjálf, en ef hún ekki skrifar mjer aptur þá svei ykkur báðum, jeg kan ekkert til með þettað danska fólk, ef satt skal segja, þú ert mjög lukkulegur. guði sje lof að hjarta þitt hefur fundið, von og frið, þú átt skilið að fá góða konu og jeg vona að þú hafir fengið hana.

Hverra manna er hún? en nú átt þú líka eptir að vinna til hennar, og það er að ná góðu prófi eða rjettara sagt vitnisburði, og það vona jeg að þú fáir, þjer fanst brjef mitt undarlegt, já jeg er opt ílla stemd en jeg hef líka mínar ljúfu stundir og þá er jeg góð, og skoða lífið með skynsemi en það er satt að stundum get jeg ekki heldur skoðað það rjett. en þær stundir eru líka leiðar, því tilfinningar mínar eru nokkuð stórkostlegar, í blíðu sem stríðu og ekki einslega til að leika sjer að þeim eða finnst þjer ekki, ílla gert af pilti að láta í ljósi með öllu móti að honum lítist svo og svo vel á stúlku að henni og öllum er ómögulegt að sjá annað en hann meini eitthvað með því, en svo þegar henni er farið að líftast vel á hann, nú svo er alt búið, og þannig er leikið sjer að hinum bestu og helgustu tilfinningum, sem saklaus stúlka á til, það er hægt að hitta þá stúlku fyrir sem lætur sjer á sama standa, en það er líka hægt að hitta þá fyrir sem aldrei gleimir því, og sem gjörir henni lífið fjarska leitt, og erfitt (fyrirgefðu). Okkur líður öllum, svo vel sem unt er, öll frísk, strákarnir í búð og alt gengur svoleiðis vel.

Guðný á að fara á kvennaskólan í vetur. jeg er búin að fara og fá leifið, fyrir hana,² þú mátt vita að jeg er dugleg og dríf það áfram, nú er jeg að falda mjer á skauttreiu, svo innðæli búningurinn minn skal ekki verða, til skammar, því jeg hef sannarlega, ánægu af að hugsa um hann, jeg er líka nú búin að fá saumamaskínu,

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

2 Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún: „Guðný, systir mín, var jafnaldra Guðrúnar á Hól, og voru þær óaðskiljanlegar vinstúlkur. Mig langaði því mjög mikið til, að Guðný gæti orðið jafnvel að sér og hún var, og stakk upp á, að hún færi í Kvennaskólann. Ég fór til frú Melsted og bað

sú gamla var orðin svo vond hún kostaði 64. kr. jeg kaupi hana sjálf, svo jeg eigi hana þá ein, jeg held jeg eigi hjá þjer 2 kr. síðan í vetur. kaupu nú fyrir þær giltar palíettur og kantilúr. gott átt þú að fara til Norvegs, það liggur við að jeg öfundi þig, en þó má meiri gleði mín fyrir því að þú skulir njóta þeirra ánægu, það er svo gott að ljetta sjer upp.

Gamli Guðl. svo hann er giptur, jeg hef gaman af að heira smátt og smátt frá löndum þar. jeg vissi að Bertel mundi fara í hundana, það var það lag á honum hjer síðustu árin, hefur þú heirt að Jóhannes Ólafsson væri trúlofaður Margrjeti Guðmundsdóttur. Þey. en sú sneypa fyrir Jón Þórarinsson að vera hættur. heilsaðu innilega frá Krabbi, systrum og Páli. sömu leiðis bið að heilsa Bertel, heldur þú að systurnar hafi ekki nasasjón af trúlofun þinni? er ekki Páll líka trúlofaður þar? jeg sendi þjer 2 skirtur og eina sokka, góði sendu mjer gamla boli. ef þig vantar meir af einhverju þá láttu mig vita elskan mín, góði láttu, eingan sjá brjef mín, og forláttu alt sem í þessu brjefi er, og nú hætti jeg því jeg hef nauman tíma, drottin annist þig og blessi alla daga. Þess biður af hjarta þín elskandi systir

Guðrún Jónsdóttir

Jónassensfólkið biður innilega að heilsa þjer.

Reykjavík 11 september 1881

Elskulegi bróðir.

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef síðast, en nú fær þú ekki langt brjef frá mjer því tímin er svo naumur orðin. en þú vilt ef til vill segja að hann hafi verið nógur en ekki fyrir mig því jeg hef haft svo mikið að gjöra en nú fer það að mínka, og næst skal jeg skrifa langt og systurlegt brjef ástin mín, kistu þína kæru Emmu og þakkaður henni fyrir sitt vinalega brjef til mín. einnig hún verður að fyrirgefa mjer, í þettað sinn fær hún ekkert.

Er það annars ekki undarlegt að við ímínduðum okkur báðar að við birjuðum hver í sínu lagi en birjuðum báðar jamt, það er eins og einhver, það er eitthvað undarlegt, samband, jeg íminda mjer líka að ef við gætum hist þá kæmi okkur saman, það er eins og það leggist á mig. en jeg sje hana víst aldrei. Þó raunar hafi verið spáð fyrir mjer að jeg ætti að sigla! sunnudagin þann 14. þ.m. var komið gagngert með hest handa mjer og jeg drifin út að ríða, og fór jeg fyrst suður á Álftanes og svo upp um Mosfellssveit. og skemti mér mæta vel. annað hef jeg ekki farið og varla út fyrir húsins dyr en nú stendur til að jeg fari uppá Akranes bráðum. Margrjet Ólsen, (systir Björns) er altaf að biðja mig um að koma með sjer. jeg má til að gera það.

Ó nú er haustið komið, fyrirboði vetursins sem jeg aldrei hugsa til nema með kvíða. það er eins og maður kveðji ástvin þegar maður kveður blessað sumarið,

hana að leyfa henni inntöku. Sú gamla var fús á að taka hana, en lét í ljós undrun sína yfir því, að ég vildi ekki kenna henni sjálf. Ég sagði henni, sem satt var, að Guðný þyrfti líka að læra hið bóklega.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 129.

svo sárt finst mjer að sjá það hverfa í haf endurmininganna en alt líður blítt og strítt, og ekki annað en mannlegur breiskleiki og fjas að kvíða nokkru. Nú ætlar Inger Johnsen að sigla, þú átt hjá henni frakka, ó hvað mjer þykir vænt um að hún skuli sigla því það hefur verið hennar fyrsta ósk í mörg ár, og henni óska jeg og vil alt hið besta því hún er mjer eins og besta systir. svo kemur Símon á eptir svo það er líka gaman fyrir þig.

Heilsaðu öllum í einu orði frá mér sem þú heldur að vilji kveðju mína en sjerlega Emmu innilega. vertu svo besti bróðir innilega kvaddur og kistur af þinni elskandi systur Guðrúnu.

Guðný og Ingólfur biðja innilega að heilsa þjer.

Reykjavík 18. sept 1881

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða og ástríka brjef og einnig sendingu. nú er sunnudagur og allir farnir í guðs hús, nema jeg, það á að víga 5. presta og sagt að það eigi að lísa með síra Þorsteini Benidiktssyni. og Guðrúnu Knuds sem er hjá Jóni Arnarsyni og nú er síra Magnús Andrjesson giptur Sigríði systur Sigurðar Sívertssen sem er hjá Thomsen. aðrar trúlofanir ei nýar. óþarfi þykir mjer fyrir ykkur að gjöra strax opinbera trúlofun ykkar. mjer finst ekkert ligga, á því. það er svo langt í land fyrir ykkur en, nú ætla jeg að skrifa Emmu. ekki get jeg neitað því að mig lánge ekki stundum til að sigla, svona með tímanum, að segja hver veit nema jeg einhverntíma verði svo stöndug að geta það. jeg þyrfti þess líka hvað heilsuna áhrærir, hún er aldrei góð.

Er Prúður gipt? nú er Sigga komin aptur og verður herna í vetur hvað sem leingur verður, hún er hress ofaná en eiðilögð undirniðri. Það er aumt hvernig með hana hefur verið farið. mjer þykir mjög vænt um að hún verður hjer í vetur, því jeg á ekki margar vinstúlkur, eina stúlku á jeg en mjer góða, en það er nýkomin kunningssskapur okkar á milli, en það er eingin vinátta en. en hún getur komið því okkur fellur einstaklega vel saman.

Það er Margrjet Ólsen. hún kemur opt til mín og jeg stöku sinnum til hennar, jeg vil eiga fáa vini en góða. þú heldur að jeg hafi ílla yfirvegað það sem jeg skrifaði þér um (sem betur hefði ekki verið), nei minn kæri jeg hef svo vel skoðað það að það er ómögulegt betur. en við skulum ekki tala um það. það er ekki til neins, og það má gjarna vera, alt vitlaust og öfugt frá minni hlið skoðað. og það er það síst, eða við skulum hafa það svo. en jeg vona að þú brennir þetta brjef sem um þettað var talað um í, því jeg kæri mig ekki um að óviðkomandi dæmi mig eptir því. það yrði víst falletur dómur!

Hjer gengur lífið sinn jafna gang heima, en ekki er víst að jeg verði mörg ár heima og ef jeg fer því óvíst hvert nokkurt gagn er í mjer eða ekki á heimilinu. en jeg hef þó gjört það svo vel sem jeg hef getað hvert sem það hefur verið þakkað.

pabbi er nú einusinni, ekki vel lyntur og er opt ergilegur, og náttúrlega gengur eins yfir mig sem aðra. og það gjörir mjer opt lífið óþægilegt. Því við lifum þó að öðru leiti ekkert illa, höfum það sem við þurfum.

En góði jeg ætla að biðja þig að láta ekki pabba vita að jeg hafi nemt það við þig, því það yrði eilífur eldur, sem hann aldrei fyrirgæfi mjer að hafa gjört, dreingirnir litlu eru mjer þægir og eptirlátir, og Klemens hefur verið einstaklega góður mjer, en Guðný því miður ekki eins notaleg. hún er svo fjarska þrá og stífl. og þó hef jeg gjört alt fyrir hana sem mjer er unt og nú hef jeg komið því til leiðar að hún fari í kvennaskólan, og alt sem hún þarf til þess hjálpa jeg henni til að fá, og samt getur hún verið öðruvísi en jeg vil. jeg vinn frá því jeg kem úr rúminu og þar til jeg fer í það, og þó¹ þykir henni hart ef jeg bið hana að fara eitthvað að gjöra og er nú von að jeg sje ánægð með mín kjör? og þó er jeg að mörgu leiti ánægð með þaug. og opt róleg. en sjaldan glöð. En í guðs bænum nemdu ekki þettað eða neitt af þessu við nokkurn lifandi mann, því jeg veit ekki hvað yrði hjer heima ef upp kæmist að jeg hefði skrifað svona um heimilið, en jeg hef aldrei nemt það við þig fyrr, og jeg veit annars ekki því jeg er að því.

Það er hægt að gjöra sjer alt að góðu, þegar maður fer að venjast, því jeg skal aldrei vanþakka guði fyrir handleiðslu sína á mjer, hann hefur alt of vel farið með mig til þess. Þú talar um stúlkuna fyrir norðan, jeg hef aldrei haldið á móti henni og jeg hef opt hugsað um hana. en mjer er ekki til neins að skipta mjer af henni því jeg get því miður ekkert fyrir hana gjört að svo stöddu, en jeg hef fyrir laungu hugsað mjer, að ef jeg einhverntíman kemst í þá stöðu að heita kona, þá skyldi jeg taka hana og kenna henni eitthvað. því hún er saklaus aumínga systirin okkar, en hínagð get jeg ekki tekið hana, án þess að kreinkja pabba því það yrði svoddan umtal, sem væri mjög leiðinlegt fyrir okkur öll. heilsaðu innilega frá mjer öllum sem vilja kveðju mína, en sjálfur ertu hjartanlega kystur af þinni heitt elskandi systur Guðrúnu.

Heirðu góðurinn minn. keyptu núna fyrir mig, fyrir 50 aura hvítar kantilíur. og fyrir 5 krónur, hvítan skinnkant eins og haft er á mötla hjer. farðu til frú Krabbi og láttu hana fræða þig, (þettað á ekki samt að vera á möttul).

Valgerður á Hól biður að heilsa þjer og biður þig að sega Mad. Buchard að hún ætli að skrifa henni næst. Það er leitt að geta eingan íslenskan mat sent þjer en það eru engar kindur komnar en. blessaður og sæll þín Guðrún.

Hvað kostar heldur góð, spiladós?
Sigga Jóns biður innilega að heilsa.

1 Stúlkán að norðan er dóttir Jóns Borgfirðings og Sigurlaugar Jónsdóttur, Sigurjóna Jónsdóttir. Sigurjóna fæddist í Hrisey 19. ágúst 1865.

Reykjavík 19. október 1881

Góði besti Finnur.

Hafðu ástarþökk fyrir þitt góða brjef, þó jeg sje mikið ólukkuleg yfir, að mjer finnst þú vera hálfkvíðin yfir framtíð þinni, en jeg vona að góður guð gefi að það hafi alt góðan enda, jeg er líka opt hálfkvíðin yfir framtíð ykkar, systkina minna, um Klemens er það að segja að það er ei annað um að gjöra fyrir honum en að sigla og, hvað tjáir mjer að telja hann af því, þú manst sjálfur hvernig þú varst. Þú þarft ekki að óttast að hann slarki því hann er eins reglusamur og þú varðst. en guð veit hvernig það alt er. en það getur nú margt umbreist þangað til, svo er Guðný, hún er nú alveg á kvennaskólanum í vetur. Það er nú líka leiðinlegt með hana ef að pabbi hætti að búa eða dæi að láta hana fara út að þjena, og svo er Villi, nú er hann birjapur að læra og hann á langt í land, svo það er von að maður líti hálfkvíðin á framtíðina, en um Ingólf þarf eingin að hugsa. ef guð gefur mjer líf og heilsu, þá hef jeg hann og það verður mín skömm ef aldrei verður neitt úr honum, en mín framtíð er opin fyrir mjer. og jeg horfi ókvíðin framm á hana, bara jeg hafi heilsu, jeg má til að reina að sigla og reina að fá algjöra bót á veikleika mínum, nú fær þú eingar frjettir því sláturstíð og annir banna það.

Pabbi sendi þjer einn [] í kæfu en jeg sendi þjer einu sinni smjör að borða, jeg ætla að reina með næstu ferð að láta þig fá meir, jeg er að kenna stúlku ofanúr sveit og ætla jeg að fá smjör fyrir það, og það átt þú að fá. jeg sendi þjer penínga um dagin til að kaupa fyrir, og líka mind til að taka eptir, jeg vona að þú hafir fengið það og nú sendi jeg þjer 10 kr. og 80. aura og Hólmfríður Björnsdóttir biður þig að fara til Frú Krabbi og biðja hana að vera í ráðum með þjer og, kaupa fyrir sig hvítan skinnkant á möttul, hann á að vera 10 al. á leingd, en láta 9. kr. og 80 aura ráða breiddini en fyrir eina kr. biður hún hana að láta sig fá nálar í gömlu maskínuna, frá Guðmundsen. hún er eins og hennar maskína, sem hún átti þegar hún sigldi. hún biður um að láta þær allar vera No 2. og 3. svo bið jeg þig um hvítar palfettur fyrir 50 aura. jeg mundi það ekki fyrr en jeg var búin að ávísa.

Jeg bið innilega að heilsa öllum sem jeg þekki. en sjerlega Emmu með kærri þökk fyrir sitt góða brjef, hún má til að fyrirgefa mjer, því mjer er ómögulegt að skrifa henni núna, en næst skal hún fá rækilegt brjef frá mjer, nú má jeg til að hætta, vertu blessapur og sæll elsku bróðir minn. það mælir þín systir Guðrún.

Nú er Sigga trúlofuð Þórarni. hann kemur nú til ykkar.

Reykjavík 10 des 1881

Ástkæri bróðir

Hafðu ástarþökk fyrir þitt góða brjef þó jeg reindar hafi verið hugsandi út af því, því mjer finst það vera svo undarlegt, og eitthvað biturt út í heimin og það gjörir mjer ílt ef þú ekki af skynsemi, skoðar lífið, því ef maður ekki gjörir það þá er maður alveg fallin fyrir ofan borð. Það eru allir menn sem eitthvað hafa við að

stríða, en kanske að jeg hafi skilið þettað eins og alt annað öfugt, ef svo er þá fyrirgefur þú mjer. jeg þakka fyrir kaupin. hinn kanturinn á að vera 5 ál. á lengd. og láta penínga ráða breiddinni, nú er jeg heldur glöð í anda, því jeg vona að jeg verði nú laus við mína gömlu veiki. jeg held jeg hafi ekki nemt það síðast að, jeg var þá alveg við rúmið þegar jeg skrifaði þjer. en jeg vildi ekki óróa þig með því, jeg vissi að þjer mundi falla það ílla, svo var jeg komin á fætur og fór alt sem jeg þurfti.

Svo einu sinni var jeg niður hjá Fríðu Björns, og Guðrún Briem var þar líka. svo voru þær altaf að tala um hvernig ætti að fara með mig. því mjer var svo fjarska þungt. og sá óþolandi hósti, svo Guðrún segir að hún skuli fara til Guðna. hún heim og nokkru seinna er hún búin að finna hann, og hann strags viljugur á að koma til mín. og síðan hefur hann altaf gengið hingað, og látið mig brúka meðul svo þegar jeg fór að brúka þaug fór jeg alveg í rúmið en er nú á fótum en, en samt ekki alveg góð. jeg má ekki út fyrir dyr koma, hann segir að það sje svo slæmur sjúkdómur að koma aptur en góða von gefur hann mjer að jeg verði jafngóð. svo þú getur nærri hvert jeg er ekki kát. þó leitt sje að mega ekki út koma, fyrir náð fjekk jeg samt að fara þegar minnisvarðinn var afhjúpaður. en lítið var gaman að því.

Nú færir Sigga þjer þettað brjef svo jeg þarf ekki að svara þjer upp á spurníngu þína, hún gjörir það sjálf, frjettir veit jeg eingvar, eða man ekki. í bókmentafje. kassanum áttu, dálítið af hangikjöti sem mjer var gefið í gær. var jeg ekki heppin að fá það og mjer fanst það hvergi betur komið en hjá þjer. Þú fyrirgefur þó það sje lítið, en hjá Siggu áttu böggul og þar er í böggul til mad. Buchart. og þú átt þar eina vetlínga og einn klút, jeg vona að þú fáir þettað fyrir jól, líka eru hjá Siggu 14. kr. þar af eru 3 fyrir mindirnar frá Sigfríði og 6 bið jeg þig að kaupa fyrir mig svart tvistgarn, alveg eins og spottan sem jeg læt innnaní brjefið, en þær 5 kr sem eptir eru segir pabbi þjer frá.

Þú verður að fyrir gefa þó þettað brjef sje ómerkilegt. nú á að leika hjer í vetur og hlakka jeg mjög mikið til þess. ó að jeg mætti núna fara með skipinu til hafnar. jeg bið innilega að heilsa Jónsens hjónum. einnig Frú Krabbi, Prúði og Páli, Bertel, heldur þú ekki að Prúða hafi hugsað að Anna mundi ná í þig? líka bið jeg innilega að heilsa Emmu og þakka henni mikið fyrir kaflan í þínu brjefi og óska henni og þjer góðra og gleðilegra jóla og, blessunarríks nýárs.

Jeg vona að góður guð leiði þig og styðji á hinu nýja ári, og guð gefi að við næsta gamla ársdag ekki þurftum að líta með eins mikilli sorg yfir hið liðna ár eins og við nú meigum gera. jeg man í fyrra á Nýársdag að jeg lofaði guð af hjarta þegar mamma var komin á fætur en hversu skammvinn var eigi sú gleði, og svona hverfur alt, og fer en drottin gaf og hann tók líka, nú á aðfángadagin ætla jeg að láta nýan krans á leiðið svo jólin sjeu þar. vertu blessaður og sæll. þín elskandi systir Guðrún.

Jeg er hreint galin út af því að hugsa til að fá ekki brjef fyrr en í mars.

Guðný biður að heilsa ykkur.

Reykjavík 4 jan 1882

Elskulegi bróðir

Innilega og hjartanlega óska jeg þjer gott og gleðilegt nýtt ár, og að alt megi gánga þjer að óskum á því. nú er þá þettað okkar sorgarár liðið, guð gefi að við næsta gamlársdag höfum ekki orsök til að líta með sorg og trega yfir hið liðna ár. eins og við nú máttum, gjöra. nú hef jeg aptur verið fjarska veik og hef legið síðan fyrir jól að heita má og alveg um nýárið. svo þú getur nærri hvert það hefur verið skemtilegt hjer, og nú í dag skríð jeg með veikum mætti, og get varla skrifað þjer, og svo er jeg horuð að jeg tolli ekki saman.

En altaf gefur Guðni mjer góðar vonir. og jeg hef heirt eptir honum, að hann voni að geta gjört mig góða, og það marka jeg meir en þó hann segji það við mig, en útsjæð er um að ekki kemst í komedíurnar, því nú er birjað að leika á laugardag-in, eingar eru frjettir, að öðru leiti líður okkur vel. guð gefi að þjer líði það líka. jeg bið innilega að heilsa Emmu og óska henni, gleðilegt nýtt ár, einnig frú Krabbe, Frú Johnsen, Páli, Bertel, Siggu, Prúði.

Þú skalt ekkert vera hræddur um mig jeg lifi nok og fæ að sjá þig og þá gleim-um við öllu mótdrægu, en nú er jeg komin of langt, jeg má ekki vera leingur að því nú er pabbi að fara. jeg skrifa þettað bara til að láta þig sjá að jeg get það. Systkinin biðja að heilsa þjer innilega. en sjálf kveð jeg þig með óskum als góðs. og bið góðan guð að vera leiðtogi þinn um ókomnar æfi stundir. þín elskandi systir, Guðrún Jónsdóttir.

Reykjavík 24 Mars 1882

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef. ó hvað glöð jeg varð þegar jeg á sunnudagsmorgun kl. 8. þegar jeg kom á fætur og leit út. og sá skipið, hvað kát jeg varð fær eingin líst og svo þegar brjefið þitt kom, og var eins ánægulegt og það var. ó hvað jeg er lukkuleg yfir því öllu. nú er jeg að batna og nú er það viss bati vona jeg, en hverjum er það að þakka nema, Guðna. mikið ógn held jeg upp á hann, og jeg vil ekki fá danskan læknir og missa hann. hann kemur hjer svo til fram, að hann er búin að ná almennings hylli. hann hefur gefið mjög mörgum fátækum alveg alt, jafnvel þó þeir hafi þurft miklar lækninga við, en mjer er alveg sama þó það komi danskur, bara Guðni verði kurr.

Hjer er mjög mikið umtal um þettað og margir dómar, en jeg er alveg laus við að segja eitt orð. nú hef jeg farið út í 4. daga, síðan í janúar, og er það lánгур tími, en ekkert þorði jeg að gjöra, og má ekki heldur, og ekki þoli jeg að sitja nema svolitla stund í einu við að skrifa en hress og glöð í anda er jeg, nú á að verða ball í skólanum á 3ja í páskum, en ekki veit jeg hvert jeg get farið, en dálítið lánugar mig.

Klemens er forstöðumaður. þú getur nærri að hann er drjúgur, hann er í mjög miklu álitu í bænum, hann er líka stór og mjög laglegur dreingur, og þá þykir Guðný fallæg, nú er Helgi læknir [á Hól] trúlofaður en ekki er það samt nema

bóndadóttir en hún er líka rík, en allir skrifa, að hann hefði getað fengið betra ef lán hefði verið með, það er leiðinlegt, að það er líka sagt að hann sje sá ógnar óreglumaður, að hún varla hafi viljað hann. það er þó trúú jeg ekkert við hana, ekki einu sinni að hún sje vel að sjer eða lagleg.

Það er leiðinlegt að Helgi fer í hundana því hann var þó mannsefni, en þeir fara allir eina leið sem drekka. jeg fjekk brjef frá Siggu hún er hálfergileg að þú hefur aldrei komið til hennar en nú hefur þú sjálfsagt heimsókt hana og hennar inndæla strák, já fljótt gekk það fyrir henni og þó ekki eins fljótt og jeg hugsaði, jeg kalla nú þettað ómind, að eiga barn í lausaleik. svei svei. en hún þóktist nú vera gípt. en mjer er alveg sama, ekki líst mjer vel á Þórarin. og hann er mjög ósíðaður í tali, og það á ekki við mig, en þú mátt ekki láta vita að jeg hafi sagt þettað um hann. og aldrei skal jeg heimsækja hana bara vegna hans.

Heirðu elskan mín, ekki fórst þjer vel að kaupa garnið, það átti að vera fyrir 6 kr. (sem jeg vona að þú hafir fengið frá Siggu ásamt 3 kr. fyrir mindirnar og 5 kr. frá pabba) og tvistgarn til að vefa úr en nú skalt þú ekki gefa um það. jeg var svo heppin að það kom og jeg gat keypt það, en hitt sendi jeg þjer og bið þig að skila aptur og geima peníngin þar til seinna, ef þú fær því skilað aptur, blessaður sendu mjer alla sokkabólí sem þú hefur jeg skal láta neðan við þá.

Okkur líður öllum vel og erum frísk nema jeg, öllum skal jeg útbíta gjöfunum á sumardagin fyrsta, þær eru allar vel valdar, og fallegar. jeg er viss um að þær gjöra lukku, hjá öllum, gott var að Guðl. tók próf, ekki er hann ræktarlegur við unnustuna eða konuna. heilsaðu kærlega Frú Krabbi og Johnsens, jeg hlakka til að sjá þaug, einnig Páli og Bertel, og systrunum, en sá munur á þessu brjefi eða því er þú fjekst í fyrra með fyrstu ferð, nú er líka ár síðan, að okkar góða móðir kvaddi heim þennan.

Guð veit endurminning þess missis er eins ný og hún var þann dag er hún dó, nú liggur hún undir snjó og frosti, í stað þess að verma sig við yl og ást barna. svona gengur það. nú hætti jeg og bið þig að fyrirgefa alt þettað ómerkilega rugl. Það er skömm að senda þjer svona brjef í stað þíns ágæta brjefs. nú skrifa jeg unnustu þinni. þú verður að túlka, það gleður mig að þú hugsar til að kenna henni ís-lensku, nú óska jeg þjer góðs og gleðilegs sumars. en ekkert fær þú í sumargjöf. vertu svo blessaður og sæll. drottin annist þig og blessi alla tíma. þess biður af hjarta þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Práðurinn var ágætur. kostaði hann 4 kr.?

Reykjavík 6 Maí 1882

Elskulegi góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef. og einnig fyrir báðar bækurnar jeg er búin að lesa þær báðar. mjer þykir sú fyrir góð en Verðandi þykir mjer misjafn og sumt eptir Bertel hefði heldur átt að liggja undir lás sem handrit, en að koma sem

úrval á prent. saga Gestis er góð, og mjög sönn en ekki er víst öllum líki hún þó mjer þyki hún góð. kvæði mörg eptir Hannes líka góð, en saga Einars í meðallagi þú fyrirgefur þettað slúður, jeg hef ekkert vit á því og þar við situr, en heirðu minn kæri bróðir, mjer gjörir dálítið ílt hvað þú heldur með þessum danska lækni, það er þó og verður bölvuð skömm að veita honum það og einhverntíma hefðir þú tautað þessháttar „baunversku svínaríe“ en mjer finst vera rjett að láta hann sína sig áður hann er lofaður eða lastaður, þú skalt geima að lofa hann en jeg að lasta.

Maðurinn getur verið góður og mikið góður. en það er líka hart að eiga marga íslenska lækna og læknasyni og fá svo danskan, og það tannlækni, og jeg vil ekki spá að hann verði broddi [broddborgari] eins og hinir þegar hann er hjer komin, líka leiðist mjer ef þú ert nokkuð riðin við þettað skammabrjef sem kom því ef upp kemst þá er náttúrlega stór útlát og þeim ert þú ekki vaxin,¹ og svo er æfinlega uppistand eins og þú veist í svona litlum bæ. og þar sem svo mart og alt þekkir hvað annað, svo það gæti orðið leiðinlegt fyrir þabba, og að öðru leiti hefur slíkt ekkert upp á sig. því það þarf að taka öðruvísi í taumana. Piltar eru líka stórbokkar, og ekki vænir sumir af þeim sem eru í skóla. þú skalt ekki íminda þjer að það sje líkt og þegar þú varst þar. en því er verr að það er alt öfugt við það sem á að vera á báðar síður eptir því sem jeg hef komist næst, en nú er jeg búin að rausa. þú lest. en jeg vona að þú nái fyrstu einkun jeg kynni skár við það. en hitt er betra en ekkert, og þú mátt ekkert segja um skólan (svo eigi komist að þú sjert) ef ske kynni að þú kæmist að á eptir, því það gæti orðið óþægilegt fyrir þig. okkur líður öllum heldur vel. mjer er að batna heldur. en ekki þoli jeg neitt að gjöra en þá. nema að spássera, og er all þörf vinna!

Jeg fjekk öllum sumargjöf frá þjer. en eingum gaf jeg neitt, nema krans ljét jeg á leiði okkar ástkæru móðir. því það var greftrunardagur hennar, og á leiði hennar bað jeg góðan guð að gefa okkur öllum gott og gleðilegt sumar og jeg vona að hann hafi heirt það. Sigga biður að heilsa þjer. jeg bið að heilsa öllum yfir höfuð en sjerstaklega Emmu, hún verður að eiga svar hjá mjer hún fyrirgefur mjer það sem góð mákona (efni) nú hætti jeg og bið þig að fyrirgefa alt saman. þú veist að systir þín er vargur og stórord. en gott á hún til líka. svo þú mátt ekki dæma hart. mundu mig um að skrifa ekkert í blöðin sem getur skemt fyrir þjer heima. Villi biður að heilsa hann er að gánga upp og má ekki vera að rita þjer. Guðný að lesa undir próf og Ingólfur að ólmast. en biðja að heilsa, vertu svo blessaður og sæll. Jeg kissi þig í anda elsku bróðir, þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

1 Um er að ræða bréf frá *Velvakanda og bræðrum hans* sem fjallaði um agaleysi, lélega stjórn og slæma kennslu í Lærða skólanum í Reykjavík. Á bakvið dulnefni *Velvakanda* stóðu námsmenn í Kaupmannahöfn með þá Finn Jónsson, Pál Briem og Skúli Thoroddsen í broddi fylkingar. Sjá Finnur Jónsson, Páll Briem og Skúli Thoroddsen, *Brjef til Íslendinga um lærða skólann frá Velvakanda og bræðrum hans* (Kaupmannahöfn, 1882-1883).

Reykjavík 24 júlí 1882

Elskulegi góði bróðir

Nú ættir þú sannarlega að fá langt brjef, og gott eptir allan þennan tíma en hvorugt verður. Þó líkast til fyrst og fremst þakka jeg þjer Brjef og „kort“ brjefi þínu seinasta ætla jeg að svara munnlega, annað hvort, þegar þú heimsækir okkur. eða jeg manna mig upp af „hundapúfunni“ og heimsæki þig, þá skal jeg ekki spara að láta þig heira mínar skoðanir í öllum mindum minn kæri bróðir.

Nú er okkur öllum batnað, og jeg er svo frísk og hress, og þar af leiðandi glöð og kát, að jeg hef um lánagan tíma ekki verið eins nema jeg heiri dálítið ílla enn. ó jeg er svo lukkuleg þegar jeg er frísk. því þá get jeg horft ókvíðin framm í vegin. og þá finnst mjer ekkert vera að, en svo þegar hitt er aptur þá er hugarángur, og kvíði, mínir vana gestir, því að hugsu sjer að lifa, ef til vill lánga æfi fátæk og heilsulaus. það fer ílla með sál og sinni, en nú er jeg búin að slúðra mikið meir en jeg ætlaði, þú brennir, alt á eptir.

Nú ætla jeg að skrifa Emmu, og sárlángar að gjöra það á dönsku. en jeg þori það ekki því hún gjörir grín að mjer fyrir, ef rjettritunin er slæm, sem hún nú sjálfsagt yrði. en því hefur mjer líka ekki verið kent að skrifa dönsku? sjálfsagt af því að eingum hefur dottið í hug að jeg sauðsvartur almúgin þyrfti nokkurntíma að rita hana, ellegar af því að eingan hefur dottið í hug að Finnur Jónsson ætti danska konu. fólk hjer segjir að hún eigi að fá í heimanmund 25. þúsund krónur. það lítið líka, jeg er hrædd um að Emil Schou hafi komið með þær frjettir en ekki veit jeg það upp á víst, er það satt?

Ný trúlofuð er Rósa Siemsen og hinn enski Patterson. og eru allir hissa á því eins og gengur, að hann skyldi vilja hana því hún er heilsulaus aumíngi, og þar að auki herfilega ljót, Jón Ziemsen og stúlka hjá landshöfðingjanum, sem hefur kent systurum og er dönsk. mikið hæg, og góðleg að sjá. svo jeg álít hann heppin. svo er nú Ólafur og Margrjet sem jeg er alveg hissa á. hann önnur eins skepna og strákur, en hann er laglegur samt.

Nú kemur Ásgeir víst í haust, það segir náúngin, að þau muni vera orðin södd hvert af öðru. en hátt fer það ekki. Milla og hann. einnig að Emil og Sjana sjeu hreint ekki lukkuleg. það er ekki heldur von að það blessist eins og alt er víst lagað.

Nú siglir Björg með honum, hún á víst að passa að hann detti ekki í brunnin, líka er Jón í hlíðarhúsum og Jósifína trúlofuð. þau eru nú alveg passandi hvert fyrir annað. Rútur er hjer með unnustuna, mikið lagleg stúlka. ekkert hef jeg frjett af Guðlaugi og hans drilli. hún er ekki ósnotur að sjá en þegar farið er að gæta að, þá er hún háflúaleg í kríngum augun.

Nú er komin 5. ágúst, og fæðingardagur Guðnýjar. kæra þökk fyrir brjef þitt síðast. mjer þykir verst ef þú færð ekki garðleinging. aldrei get jeg annað en verið dálítið leið af, að þú skulir persónulega halda á móti Jónassen lækni, af því mjer finst við öll hafa honum, nokkuð mikið að þakka, fyrir mömmu sálugu, því þó hún dæi, þá gat hann víst ekki á neina lund að gjört, því hann gjörði það alt svo vel. að jeg get aldrei þakkað honum það, og mjer finst því vanþakklæti að fara íllum og

ósæmilegum orðum um hann. og í annan stað finst mjer að þú vel hafa getað sneitt hjá að láta skoðun þína í ljós með þessa embættisveitfingu, því sá danski hefði fengið hana eins fyrir því, því mjer finst alt annað persóna manns eða embætti. góði bróðir fyrirgef þú. er það satt að Hannes Hafsteinn slarki mikið.

Seg þú mjer allar frjettir um alla menn, spirr elsku bróðir þú mátt hugsa að jeg ætti að gjalda, þjer líku líkt, en það er hvorki tímaleisi eða trúlofun sem gjöra það að þettað er svo ómerkilegt, heldur mislínar. ó hvað jeg hef átt bágð í þeim, en nú er jeg svo ansi góð, nema bara máttleisi, og það er svo mikið, af að skrifa þessar línur, nötra jeg eins og hrísla já innilega og hjartanlega óska jeg ykkur til lukku og blessunar, eins og jeg hef áður gjört, bærin er allur í forundrun yfir því að (held jeg að þú skyldir líta á stúlku), þegar jeg sendi Guðna lækni kortið segir hann „það er að líða yfir mig“ og stundi hvenær í fjandanum þú hefðir hitt upp á þessu en samt biður hann að heilsa þjer með innilegri lukkuósk, Guðrún Briem sagði að nú tryði hún eingum íslending meir. fyrst þú hefðir farið flatt. við erum öll að koma til. vertu og verið þið blessuð og sæl. þið skuluð fá meir næst þín systir Guðrún.

Þú kemur innilögðu til skila.

Reykjavík 7 september 1882

Elskulegi góði bróðir

Nú átt þú sannarlega að fá brjef frá mjer og þó ætlaði, jeg að láta það trassast í þettað sinn, satt að sega af leti en svo tók skip upp á því að snúa aptur, og það er náttúrlega af því að jeg átti eptir að skrifa þjer. já kærar þakkir fyrir brjef þitt síðast, þó stutt væri þá þókti mjer þó vænt um það. mjer líður nú heldur vel já alveg vel. nema mjer er dálítið ílt í baki og þoli ekki að sitja kinn nema lítið í einu, en Guðni vill nugga mig en jeg er að draga það ef ske kynni að það liði í burtu af sjálfu sjer því það er víst óþægilegur kúr, að láta rúa sig en jeg vil það þó heldur en kvölin. Um heimilislíf okkar, er það að segja að það er heldur gott. við höfum það sem við þurfum og það er öllu betra en þegar þú varst heima. ó hefði mamma bara lifað þá hefði mjer ekki fundist margt að lífinu, en það verður altaf að vera einhver mæða. mjer finst alt vera autt og tómt hér heima, svona gat jeg seint felt mig við þettað stóra og sorglega skarð. blessuð hún og hennar minning, betri móðir hefur ekki verið til.

Villi og Ingólfur eru mjer þægir og góðir. Mensi svo ágætur sem nokkur bróðir getur verið, hann vill alt fyrir mig gjöra, Guðný er mjer góð upp á sinn máta og sjálfsagt eins góð og hún getur verið, en við erum svo ógn ólíkar, í öllu hreint og þessvegna kemur okkur ekki eins vel saman og skildi, en það er eingin ósamlyndi á milli okkar fyrir því. nú hef jeg 4 stúlkur að kenna ýmsar hannyrðir og Guðný þá 5tu, svo þú getur nærri að jeg hef nóg að gjöra, að segja þeim til og halda svo heimilinu í standi, og svo er jeg sjálf að baldera borða sem jeg fæ peninga fyrir (nú má jeg víst hætta því nú er Mensi sestur í stofuna hjá mjer og er altaf að kjafta),

pabbi er altaf frískur, nema hann kvartar um fótaverk sem von er að hann þreitist, en nú er hann glaður í anda út af bókmentasögu sinni, já og við meigum líka sannarlega vera glöð af því.

Það er þá gaman að hann fær viðurkenningu fyrir alla sína baráttu, og fyrirhöfn, hann er hálf gnafin út af bókavardarembættinu. Það var nú lúalegt af herre Shou. hvers er von af öðrum eins bjána, en ekki skalt þú samt taka alt til greina sem pabbi segjir um það málefni, því þú veist að hatrið gjörir mann blindan, jeg hef beðið pabba, að leiða Shou hjá sjer, og fyrirlíta hann eins og argan hund, en það vill hann ekki heldur lofar honum skömmum og öllu íllu, en það líkar mjer ekki, því jeg veit það þykir hinum best, ef pabbi tæki sjer þettað nærri, og þá ánægu vil jeg hreint ekki að hann hafi, en látt þú pabba, ekkert vita um að jeg hafi nemt þettað.

Ásgeir hefur hjálpað K. Guðný biður að heilsa. jeg bið að heilsa öllum lýð sem kveðju mína vill, en sjerlega þinn ástkæru unnustu. nú hætti jeg og bið þig forláta, jeg lofa betur næst. Mensi hefur nemt við þig stól, jeg vil helst einhvernvegin lenistól, annað hvert úr trje eða strái, en ekki vil jeg hann fjarska dýran, skyldi ekki fást gamall trjelenistóll með góðu verði? en helst ekki mjög láfættan. jeg kæri mig ekki svo mikið um að það sje fjaðrastóll, þó það sje betra. vertu nú blessaður og sæll þín elskandi systir Gunna.

Reykjavík 18 september 1882

Elsku góði bróðir

Hafðu kærar þakkir fyrir þitt góða brjef. nú má jeg ekki vera að, að skrifa, og svo hef jeg líka nýlega ritað þjer seðil lítin, mjer og okkur líður nú vel. nú er jeg altaf frísk. ó jeg er svo ósegjanlega lukkuleg yfir því. bara jeg væri horfin litla stund til þín þá skildi jeg segja margt sem ómögulegt er að skrifa, góði láttu mig hafa mindirnar, jeg skal borga þjer alt að lokum. líka er innaní hjá pabba 2 kr. og bið jeg þig að kaupa fyrir aðra krónuna giltar kantilíur, en fyrir hinar hvítar palíettur og kantilíur, blessaður sendu mjer alla þína ónýtu sokka, jeg ætla líka að senda þjer skirtur, jeg bið innilega að heilsa Emmu. Sömuleiðis frú Krabbe. Páli og Bertel greið. Það er sorglegt að hann skyldi fara í hundana en það var ei við öðru að búast.

Nú kemur Guðni víst til ykkar aptur, þegar ykkar danski læknir kemur, ó hvað jeg sje eptir honum, því hann er sá eini læknir, sem nokkuð hefur viljað hjálpað mjer og honum á jeg það einum að þakka að jeg lifði mislíngana af, og svo verður hann að fara af því það er gagn í honum. Guðný biður að heilsa. vertu nú blessaður og sæll. elsku bróðir þín systir Guðrún.

Elsku góði bróðir

Hjartans bestu þakkir fyrir þitt góða brjef í seinasta sinn á þessu ári skrifa jeg þjer. Þettað ár hefur verið gott að mörgu leiti þó það hafi verið leitt með sumu, guð sje lof við höfum þó eingan mist af okkar fólki. nú er jeg glöð og kát, því nú er jeg alveg orðin góð fyrir brjóstinu, jeg fjeck kvef um dagin og fann ekki til að öðru leiti. ó hvað jeg er lukkuleg yfir því. en jeg er altaf slæm í bakinu, jeg er að hugsa stundum, hvað það, væri gaman að geta siglt, þá gæti jeg náttúrlega fengið fullkomin bata hjá einhverjum nuddlækni, Edvald Johnsen en jeg gjet það víst ekki að sinni til. en í huga hefi jeg það. Scheibak kann ekki að nudda.

Nú koma blessuð jólin sem, jeg vona að gjeta eitthvað gjört mjer og öðrum til ánægu. nú hef jeg lifað tvenn jól hver öðrum sorglegri og leiðinlegri en nú vona jeg að ekkert hindri, og því hef jeg hugsað að gjöra öllum mínum glatt í sinni. jeg sendi þjer í jólagjöf tvistholder. þú verður að fyrirgefa hvað hann er leiðinlega úr garði gjörður, það er svo dimt og dapurt á þessu skammdegi að það er ómögulegt að gjöra nokkuð, vel sem vandað. en þú verður að virða viljan fyrir verkið. en Emmu sendi jeg sokka og vetlínga, jeg vissi ekkert hvað það átti að vera, hún hefur ef til vill gaman af að eiga íslenska vinnu, og jeg veit hún fyrirgefur þó það sje lítið. jeg veit ekki hvert þettað verður mátulegt handa henni, hún ætti helst að fá það á jólunum. svosem í jólagjöf. pabbi og Mensi eiga báðir að fá morgunskó, Villi og Ingólfur vetrarhúur Guðný silfurskúfhólk, sem á að kosta 8. kr., svo þú sjerð jeg ætla að vera flott.

Jeg ætlaði að gjefa Guðnýju heldur gullhólk. einhverntíma en hún vill ekki eiga þá. hún er verð þess að hafa fallett höfuðfat því hún er reglulega fallett stúlka. það er munur en jeg, því ljót var jeg en verri er jeg. nú koma frjettirnar! við pabbi vorum í veislu um dagin hjá fólki sem þú ekki þekkir, og skemti jeg mjer dæmalaust vel. en á laugardags kveldið var vorum við Guðný í veislu og hún var nú heldur stór. Jón í Vigfúsarkoti, og Jóhann á Hól slóu saman og vígðu, hið nýja „Hótel Ísland“ það voru 110 manns. og þar á meðal allir höfðingjar bæarins, og þar af leiðandi ekkert skemtileg veisla, við fengum rjett Sunnudags mat, sætsúpu og steik. það er ósköp sem giptir sig af fólkinu. mjer finst það vera nokkurs konar óáran ekki satt?

Það voru 14 á stólnum í einu um dagin. Það giptir sig hver kjaptur nema jeg, þið megið víst sitja með mig sem ílla lynta piparmey alla daga, svo geng jeg náttúrlega á milli systkinanna og verð út árið hjá hverju, þangað til þið öll eruð orðin leið á mjer þá sest jeg einhversstaðar að, og fæ mjer hund og kött eins og ekta piparmey og svo dei jeg úr vesöldinni, og skil ekkert eptir nema þessi uppeldisbörn !!

Þú heldur víst að jeg sje upplögð, já það er jeg reindar, aumínga kallin hann Sigurður Sigurðarson, að fá strákin sinn. bærin ætlaði að sprínga í lopt upp. frúnnar fengu yfirlíð. Frókenarnar fölnuðu upp. (Það er að segja þær sem fölnað gátu) apotekið varð hoppmansdropalaust. alt út af því að einn lítill drengur var til. nei þettað er nú spaug og annað ekki.

Hörmulegt er að mæta Gesti um hádegisbil, svo ölvuðum úti á götu að hann ekki getur staðið, og heira götustrákana og dóna hrópa á eptir honum háðs og skammaryrði. mann sem hefur notið eins mikillar mentunar, engar eru hjer nýar trúlofanir, heimurinn hjer er að kólna og dofna í því. heir þú er Bertel alveg í hund-unum? seg þú mjer alt sem þú getur um alt þar syðra. jeg er svo sólgin í alt nýtt og gaman. guð gefi að þjer gáangi vel að taka próf, það liggur á mjer eins og þúngur klettur, jeg hlakka til þegar það er búið.

Þú átt harðan fisk. jeg fjeck ekki meir. líka átt þú hángikjöt en hangikjötið sem Páll fjeck var frá Guðrúnu [Briems] svo hún á allar þakkirnar. mjer líkaði silkið, jeg sendi fyrir 10. kr. sem jeg bið þig, að kaupa fyrir 9. alveg eins grænt silki en fyrir 1. kr. gerpúlver og sítrónuolú, líka sendi jeg fyrir hár, þú mátt ekki reiðast mjer betlinu, úr því á að búa til karlmanns úrfesti fallega, far þú varlega með leind-armálið, það veitir ekki af.

Heilsaðu innilega frú Krabbi frá mjer, mjer finst þú tala svo kalt til Guðna. hvernig stendur á því? það er þó maður sem er ekki eitt í dag og annað á morgun, og það gjörir mjer reglulega ílt ef þið eruð ósáttir því hann á þó ekki skilið ílt frá okkar hálfu. eingin maður gerir gott ef ekki hann. og jeg vona að þú getir fyrir mig borið honum innilega kveðju mína og sagt honum að mjer líði vel, nema bakið gjörir mjer altaf svo ílt, bara hann gæti sent mjer eitthvað sem dygði hann þekkir svo vel hvað við mig á. það er óvinallegt af þjer að segja að hann ekki hafi þurft fara, jú hann Tómas situr kinn, átti hann að reka hann í burtu?

Hinn 30 sept gipti Helgi á Siglufirði sig, jeg hef fengið brjef frá Siggju henni líður vel, við vorum til altaris um dagin, en það vantaði mikið í okkar hóp og jeg fann vel til þess. við höfum ekki verið síðan mamma dó fyrr, jeg var í fyrsta sinn í mínum nýja búníng sem er ef til vill einhver sá fallegast sem til er, Einglendíngar hafa sjeð hann og hafa boðið mjer ærna penínga til að fá hann en jeg vil ekki láta hann, en belti á jeg ekki en er nú að fara að smíða það, það verður víst hátt á annað hundrað kr.

Þykir þjer jeg ekki gjöra vel. að geta keypt alt þettað sjálf, án þess að fá hjálp hjá pabba. bara fyrir það sem jeg vinn, fyrir utan alt sem gjöra þarf í húsinu, ekki af því að pabbi ekki gjarnan vilji hjálpa mjer ef hann gæti, heldur af því að jeg er svo stolt að jeg vil helst eingum skulda neitt, heldur hafa alt sjálf og jeg á ef til vill meira til af ýmsu en mörg sem ríkari er. og fyrir alt þettað á jeg marga öfundar-menn. nú fer jeg að hætta þessu rugli sem þú varla getur haft þolinmæði til að lesa, heilsaðu innilega Emmu frá mjer og kistu hana heitum jólakossi frá mjer. ásamt gleðileg jól. líka bið jeg að heilsa Páli, góð og gleðileg jól elsku besti bróðir, guð gefi þjer alla hamíngju sem þess fær óskað þín elskandi systir Guðrún Jónsdótt-ir.

Það biðja allir að heilsa Emmu.

X. Sjálfsmyndir renna saman

Finnur lauk cand. mag. prófi í norrænum fræðum frá Kaupmannahafnarháskóla í janúar 1883. Hann hafði þá stundað nám við háskólann í aðeins fjögur og hálf ár en vanalegi tíminn var „hálf sjötta ár“ ef marka má það sem hann segir í bréfi til Jóns föður síns. Fjölskyldan lagði mikið upp úr því að Finnur útskrifaðist með 1. einkunn, og kemur það fram í bréfum Jóns, Guðrúnar og Klemensar. Hlutverk Finns var að fá góða prófgráðu, öðlast viðurkenningu fyrir störf sín og styrkja þannig félagslega stöðu fjölskyldunnar og um leið sjálfsmynd hennar. Það kemur víða fram í bréfunum, einkum Guðrúnar, að velgengni eins úr hópnum hafði áhrif á viðhorf almennings til fjölskyldunnar allrar sem leit á sig sem eina heild. Þetta kemur vel fram í bréfum þeim sem hér fara á eftir.

Bréfaskipti Finns Jónssonar, Klemensar Jónssonar, Jóns Borgfirðings og Guðrúnar Borgfjörð janúar-mars 1883¹

Barkarstöðum 13/1 – 1883

Elskulegi pabbi minn!

Gleðilegt nýjár og beztu þakkir fyrir brjefið þitt síðast og það með Komieus sem jeg loks náði í föstudaginn milli jóla og nýjár; jeg fjekk þakkann ekki fyrr, og var mig farið að lengja eftir brjefinu þínu reyndar hafði jeg fengið það sem þú skrifaðir síðast. Jeg hef um ekkert annað hugsað núna seinast nema prófið og hefi jeg gert mjer allt far um að vera svo við því búinn, sem bezt mætti verða eptir kringumstæðum. Jeg hefi lesið svo að jeg hefi reynt að fá gott og ljóst yfirlit yfir námsgreinarnar og kunnáttu í því sem mest er í varið; þar á móti hefi jeg hvorki haft tíma nje vilja til þess að setja á mig alla smæstu munina, og þyngja svo öllu bæði lærdómin og minnið; enda hygg jeg að það hafi verið rjett og að það hafi dugað.

Vanalegi tíminn fyrir próf er talið hálf sjötta ár, enn margir eru lengur og fæstir skemur einn að eins (danskur) hefir gengið upp eftir hálf fimmta, (eins og jeg) og segi jeg það ekki mjer til hróss, heldur hins vegna að þú getir sjöð, hvaða vanalegt er. Enn hvernig jeg hefi nú gert mínar sakir, get jeg ekki sagt með fullri vissu; „uppgáfurnar“ voru alls og alls fremur góðar, og lítið yfir þeim að klaga, nema

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar; *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar; *ÍB* 96 fol. b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings.

opelíella sagan mín, hana var jeg ekki alls kostar ánægður með. Það er leitt, að jeg skuli ekki geta komið boðum með skipinu heim, í öllu falli get jeg það ekki með það munnlega; á laugardaginn fáum við að vita hvað við fáum í því skriflega, og þá kynni jeg að geta telegraferað til Leith; því að óhugsandi er að jeg á mánudags eftirmiddag geti gert það.

Enn til þess að geta sagt ykkur eitthvað þá hefi jeg farið í báða prófessorana, Ussing sem hefir það latínska og Gertz sem hefir það gríska; Ussing hefði að eins lesið þrennt, enn ekki stflinn, og sagði hann að hann væri óánægðastur með seneku-þýðinguna; þar væri óvíst hvort jeg gæti fengið meira enn 5 stig (það er hæsta 2. einkunn); þar á móti væri sú ritgj. um „realisjónina“ (no 3) „ubenisget den bedste“ af mínum; eftir þessu hefir mjer talist til að jeg myndi fá út í skriflegri latínu 5^{1/2} -6 stig; Gertz sagði mjer þar á móti að, allar uppgáfunar í grísku væri „I det hele taaget meget tilfredsstillende, måske Hudes (sá sem gengur upp með mjer og jeg ferðaðist með í hittíð fyrri í Noregi, og er einu ári eldri stúdent enn jeg) være en græn bedse“; þetta þótti mjer undurvænt um; því að Hude þessi er mjög vel gáfaður og vel lesinn, og allir spáðu mjer illt af því að ganga upp með honum. enn nú gerir Hede sjer von um 7 samanlagt í grísku, sem er hæsta 1. eink.), og er það víst rjett, og eptir því ætti jeg að fá svo sem 6^{1/2} stig um historíu veit jeg ekkert, enn jeg ímynda mjer að hún sje ekki öllu lakari enn hitt samt; henni kveið jeg mest fyrir; ef það gengi nú ekki miður í því munnlega, sem það sjaldan gerir, og jeg fengi 7-8 í ísl sem jeg geri mjer nú, þá ætti jeg að geta náð í lága 1. einkunn.

Enn ekki skuluð þið álíta nje í ljósi láta annað enn að jeg muni fá góða 2. einkunn, til þess að þið verðið ekki neitt hvumsa við ef jeg nú samt skyldi fá 2. þegar jeg byrjaði, var jeg hálfsmeykur, og taldi víst að það væri ómögulegt, að jeg fengi meira og gott ef jeg fengi það; enn hjer hefir farið sem svo opt að vogum vinnur (og vogum tapar) eða hugur ræður hálfum sigri; svo mikið er víst, að jeg er harðánægður með 2. eink. og þykir gott að losna úr þessu prófshelsi sem bindur mann á klafa auðleysis og ómennsku; mjer þykir mál til komið að hálfþrítugir menn, vinni sjer mat síns sjálfir og öðrum gagn.

Jeg hefi þurft á peningum að halda töluverðum, þetta haust, því að nú hefi jeg ekkert annað haft enn 28 krónur og húsnæðið, og ekkert getað annað áunnið mjer vegna tímaleysis; enn mínir gömlu skóla og bekkjarbræður hafa hjálpað mjer um lán þangað til seinna að jeg get farið að vinna; bæði Geir og einkum og sjer í lagi minn góði vinur Páll; hann hjálpaði mikið bróður sínum Halldóri til þess að fá embættið á Möðruvöllum og þóttist eiga hönk upp á bakið á honum fyrir; og sagði honum að lána mjer 50 krónur mánaðarlega í 4 mánuði eða 200 krónur, „hvað og“ hann undir eins gerði; enn jeg hefi samt ekki tekið meira enn 100 enn. þeir ganga upp skildingarnir; jeg hefi þessa dagana orðið að lifa á góðum mat og það kostar ekki svo lítið að borða á matsölustöðum, enn jeg ætla mjer að vinan bæði fyrir bókmenntafjel. og Kálundsfjelag þegar jeg er búinn og þá fæ jeg pen. til þess að borga skuldir mínar, að minnsta kosti að geyma á þeim. –

Kaalund hefir dregist á við mig í sumar að gefa eitthvað út og hefi jeg tekið því;

jeg hefi helzt hugsað mjer eftir samtali við hann að gefa út Rímbeglu og ýmis. fleira af því tagi, enn til þess þarf jeg að lesa dálítið í rúmfræði og held jeg að það sje ekki svo stíft. Fyrir bókmfjel. einhverjar íslsögurnar Svarfdælu eða Grettlu; Guðm. er aldrei búinn með neitt, og er hann búinn að koma sjer út úr húsi hjá tvennum velunnurum sínum fyrir leti og óáreiðanlegleik og er það skaði um svo greindan og fróðan mann. Og hérna ætla jeg að lifa framvegis og sjá hverju fram vindur. –

Hjer er nú verið að stofna nýtt embætti með 2500 króna launum fyrir sjerstakan bókavörð við Árnasafn Magnússonar, og er það mjög þarflegt, ríkissjóður launar; líklegt þykir að Kálund muni fá það embætti það ætti nú við mig að fá það, enn til þess er ekki að hugsa fyrst um sinn; fyrr hygg jeg að jeg muni geta náð í annað stipendíatið við safnið og hefði jeg ef til vill getað náð í það, ef jeg hefði viljað veita hálfgerðum ódrengskap, enn það vildi jeg ekki. –

Annars er hjer í bókum. fjel. ekkert eða lítið líf, enn það getur verið að það fari nú að rjetta við dálítið; það eru vandræði að hafa engan forseta. Bækurnar sem þú sendir get jeg ekki sýslað neitt við fyrr enn, jeg er kominn í samt lag eftir prófið; enn mjer sýnist að maður geta heimtað meira enn einar 12 krónur fyrir allan þennan búnska; jeg ætla að fara fram á einar 30 kr. eða svo.

Heilsaðu fyrir mig Höskuldi kærlega og innilega og seg honum að jeg hlakki til að sjá línu frá honum með vorinu; nú hefi jeg eingan tíma til þess að rita honum Gaman þótti mjer að sjá við tækifæri ævisögu Gísla Konráðss. þar hlýtur að vera margt fróðlegt í og gott. – eftir að jeg er búinn með stúderingu fer jeg að geta átt við þesskonar lestur, sem mjer er alla jafnan kærastur. Brjef Jóns ritstjóra til Páls mun hafa allt annað innihaldið enn þú sýnist ímynda þjer.

Hjedað eru engar sjerlegar frjettir; það sem mestum tíðindum hefir sætt í útlöndum er dauði þjóðskörungsins á Frakklandi Jaenbetta. Ekki getur mjer skilist að nokkrar illar afleiðingar komi af því, að Schist haldi fyrirlestra á dönsku um nokkra mánuði; það gerði Hjaltalín gamli sjálfur á sinni tíð; að Sch. [læknir] sje betri útvortis enn innvortis er náttúrlegt, því að raunþekking sem til þess þarf, er mjög skammt á veg komin enn það efast jeg ekki um að hann sje eins gerður þar eins og hver annar.

Um skærur hjer meðal stúdentu vil jeg ekki rita þjer að sinni, annaðhvort seinna, þegar jeg hefi betra næði, eða jeg segi þjer það seinna munnlega. – Jóni Bjarnarsyni hefi jeg hjálpað sem mjer var hægt, enn tíma hefi jeg valla haft til þess; hann er heldur ekki sjálfbjarga með málið og þá er maður frá með lögum. Heilsaðu ást-saml. Johnssens, Jóni Ólafs. og fleirum Emma biður kærlega að heilsa. Vertu svo kærast kvaddur af þínum þig af hug og hjarta elskandi Finni.

Höfn þ. 14. d. febr 1883

Elskulegi faðir minn!

Jeg rita þessar fáu línur í von um að þú fáir þær fyrr enn gufuskipið Lára, kemur næst heim. Jeg rita það í mesta hasti að eins til þess að láta ykkur vita hver lykt

fjell á prófið og hún var eins og jeg hafði búist við, að jeg fjekk 2. einkunn. Jeg var mjög heppinn í því skriflega; fjekk 5 stig í skriflegri latínu 6 stig í grísku og sögu hvorri og var það ágætt; eptir því hefði jeg getað fengið 1. einkunn; (Slembirinn hafði í því að eins 1/2 stigi meir) enn í því munnlega var öðru að heilsa; fyrst var jeg kvæfaður og þreyttur af lestri svo að jeg mátti veikur heita enda mundi jeg ekki það allra almennasta; svo að jeg fjekk 4 stig í lat. og grísku, 5 í sögu, og fannst jeg eiga meira en það; og svo kom íslenskan eða „oldnordisk“ sem þeir kalla það; það var hreinasti skandali.

Sveinn Grundtvig prófaði mig og það svo heimskulega sem mest mátti; hann ljét mig leggja út á dönsku eina síðu Fóstbræðrasögu sem jeg skyldi náttúrl. alla nema hvað hann vildi ekki skilja eina setningu sem jeg, enn það var rangt, hvernig hann skildi hana; svo spyr hann mig um skinnhandrit af Sæmundar Eddu og hvaða kviður standi í hverju hdr. !!! eins og jeg kynni slíkt utan að; svo hvort munur væri á ísl. og rúnasteinamálinu og danska lagamálinu til forna, og síðast um dönsk skáld á 18 aldar síðari hluta; jeg leysti úr þessu sem jeg kynni, enn slík spursmál, sem þau tvö fyrstu voru þess konar að slíkt datt mjer ekki í hug að fá, og svo gefa þeir mjer ekki nema 5 fyrir og þá varð jeg reiður og hugsaði að jeg skyldi einhverntíma sýna þeim herrum að jeg kynni ísl. eins vel og þeir allir til samans.

Það datt líka ofan yfir alla og ekki Konráð Gíslason minnst því að hann sagði við mig seinna, að hann hefði engan ísl. stúdent þekkt sem væri betur að sjer í ísl. en mig; enn jeg var heldur ekki prófaður í ísl. Alls og alls er jeg mjög vel ánægður með að vera búinn með þetta bannsetta próf, og geta nú unnið frjálst; jeg á að útgefa Svarfælu og þátt Þorleifs jarlarskálds með, og svo hefi jeg skrifað svolitla ritgjörð um Skíðarímur, sem jeg ætla að koma í útlensk tímarit; seinna mun jeg víst eitthvað gefa út fyrir Kálunds fjelag. Nú sem stendur líður mjer vel og fagna frelsinu, en hinir öfunda mig áfram, eins fyrir það þó jeg hafi eigi nema 2. einkunn og jeg vil biðja ykkur öll að vera hjartans glöð yfir því og drekka einn súkkulaðibolla í mína minning. Heilsaðu kær! Símoni og því fólki. Verið öll sömul margblessuð og sæl og fyrirgefðu hripið þínum elsku syni Finni.

Reykjavík 1 febrúar 1883.

Elskulegi bróðir!

Fyrst og fremst óska jeg þjer af alhug til hamingju, að þú ert búinn að útstanda þínuna, en þegar jeg hugsa um það, að jeg á eptir stúdentspróf, sem jeg reyndar eigi kvíði fyrir, heldur einnig æðra próf, þá fer hryllingur um mig allan. En samt sem áður gleðst jeg nú hjartanlega yfir því, að þú skulir vera búinn, og það með öðrum eins heiðri.

Jeg ætla þá fyrst að skýra þjer frá námi mínu. Jeg tek fyrst grískuna, af því mjer þykir einna mest varið í hana af öllu því, sem jeg les; í henni erum vjer búnir með allan okkar kursus; og erum nú að lesa upp „Proméþeus“ eptir Æschylos, þú hefur lesið hann; hann er afar þungur, en skemmtilegur; það mundi víst þykja „svulst“

hjá vorra tíma skáldum, ef þeir kvæðu eins. Með hann verðum vjer búnir fyrir miðsveitarpróf; en eitthvað eigum vjer eptir cuororískt í prosa í grísku.

Pá kemur nú latínan, í henni erum við að lesa 2. bókina í Virgli og ljúkum henni einnig af fyrir miðsveitarpróf, og þá erum við búnir með hina tilskipuðu latínu. Sem hraðlesid erum við með Metamorphes Ovíðs. Í sögunni erum við að lesa revolutionarsöguna að lesa upp physikina, og búin með astronomíuna, búnir með þýzkuna og erum að lesa hana upp, í guðfræði já þar er nokkuð skrítið; við vorum svo diplomatiskir að lesa Lisco vel í fyrra hjá síra Eiríki, að við fáum að sleppa honum til dimissionar.

Pú gratúlerar mjer náttúrlega, en í hans stað, hefur síra Eiríkur lesið fyrir í vetur ofurstutt ágríp af kirkjusögu, sem er nokkuð skemmtilegra en Lisco, þar að auki lesum við Lúkasar guðspjall og Galata brjefið en NB á íslenzku, nú hef jeg þá talið allt upp, og erum við sannarlega vel staddir undir okkar brottför. Hvenær vjer byrjum að lesa upp, veit jeg eigi fyrir víst, en þó þykir mjer líklegt, að við fáum það um páskana þ. 22 martz; við vildum fá að ganga upp í fyrra lagi í vor, til þess að komast að þinginu, en Terki tók dauft í það, en við kúgum hann til þess, því að það er um að gjöra fyrir marga af okkur að komast þar að til siglingar.

Illt er ástandið í skóla vorum, og aldrei hefur það verið verra en nú, Brjef ykkar hafa haft þau áhrif á Ólsen, að hann er alveg úr sögunni, og skiptir sjer eigi af neinu, engin stjórn, eingin disciplin, ef nokkur stjórn er, þá er hún í höndum piltar, og af því getur þú sjeð hve slæmt það er. Piltar haga sjer eins og þeir væru akademiskir borgarar. Koma í tíma þegar þeir ætla sjer og fara þegar þeim svo þykir. Opt og tíðum eru eigi fleiri í tíma en 5 af 20. Skólinn drepst út af innan fárra ára ef þessu heldur áfram og enginn kricas kemur.

Það verður að koma revolution og það bezt sem fyrst. Það er auðvitað, að piltar og kennarar verða að fara, en það er líka nauðsynlegt, því að flestir hinna föstu kennara eru algjörlega óhæfir til þess, Gröndal hefur sjeð þetta, og er nú búinn að sæka um lausn, enda var mál til komið, að hann færi.

Hinir sem þurfa að fara eru Stgr Thorsteinsson, Halldór Guðmundsson og Slembir. Terki verður að fara frá sem rektor, því að aldrei getur nein stjórn orðið meðan hann á að hafa stjórn á hendi. Piltar verða líka að leggja í sölurnar og fara, en það er verst að fæstir þeirra hafa það vit, að skólinn er og á að vera styrkur þjóðar vorrar, því að út frá honum ganga þeir menn, sem síðar eiga að vera leiðtogar þjóðarinnar; en ættjarðarástin hjá þeim er eigi svo rík, að þeir vilji leggja neitt í sölurnar.

Sumum þykir líka þetta svo þægilegt líf, að þeir óska engis fremur en að það haldist við, en samt sem áður það verður að neyða þá að fylgja sjer, því að við höfum hugfest að gjöra eitthvað í vetur. Fyrst og fremst hefur Gestur lofað okkur, að taka hvað sem væri um skólann í Suðra; en til þess að geta staðizt allan málarekstur vill hann hafa vottorð frá piltum, um að það sje satt, sem hann ritar; og það vottorð ætlum við að gefa honum ýmsir af dimittendum, undir eins og miðsveitarprófi er lokið og 5. bekkingar sem enga ölmusu hafa; dugi þetta ekki, þá verður

að taka til annara ráða. En þetta verður að gjörast í vetur, til þess að duglegri og betri kennarar geti komið að hausti. Jeg skrifa þetta ekki til þess að æsa þig neitt upp til þess að rita eða annað því um líkt heldur einungis í frjettaskyni.

Okkur þykir undarlegt, að nýju stúdentarnir, sem vissu hvernig var í fyrra, skuli nú vera klumsa þar sem þeir þó höfðu sagt, að þeir skyldu muna eptir því, og nú með þessari ferð skrifar Valtýr Jóni Þork. orðháknum mikla allþungt brjef, og hvetur hann til þess að rita, og vonum við því eptir einhverju frá honum með næstu ferð, þó það yrði persónulegt þá gjörir það ekkert til því þess þarf með. Svona nú er jeg orðinn syfjaður, en á morgun ætla jeg að bæta einhverju við.

P. 2. Jæja nú sest jeg við aptur, og er það helzt til þess að segja þjer af ástandi Gunnu. Guðni gjörði hana alveg góða fyrir brjóstinu en það er bakið, fram að jólum var hún svo að hún hafði viðþol, en síðan má segja, að hún hafi ekki viðþol haft og síðustu viku hefur hún legið rúmföst og það er fyrst í dag, að hún hefur farið á fætur.

En þetta má eigi svo til ganga lengur; ef engin hjálp fæst þá er hún dauð innan fárra mánuða eða jafnvel fyr, þótt alverdens meðöl kæmu, þá mundu þau ekkert duga nema nugg. En það getur hún eigi fengið hjer, hún verður því að sigla, og það með næstu ferð, því að það má eigi dragast lengur, hún er að hugsa um að fara til einhvers húseiganda, og biðja hann um að lána sjer hús sitt í pant fyrir svo sem 300 kr. 100 getur hún líklega safnað sjálf saman og meira þarf hún víst eigi.

Hún á nóg fót til þess að setja í pant fyrir þessum 300 kr. hún hefur reyndar eigi enn þá fengið lofun fyrir þeim hjá neinum, en jeg vona samt, að þú megir eiga von á henni næst, og verðir henni í öllu innan handar eins og góður bróðir, því að hún má til að fara, það tjáir eigi annað, gæturðu eigi fengið hjá Moritz einhver profat meðul við sjósótt? Jeg vona að þú takir vel í þetta, og sért þess heldur hvetjandi en letjandi þinn elskandi bróðir Klemens.

Reykjavík 1/2 1883

Elskaði góði bróðir m.

Gleðilegt nýtt ár og alla hluti góða. Innilega og hjartanlega þakka jeg þjer fyrir, þitt góða brjef og sömuleiðis hvað þjer hefur gengið vel við prófið, jeg veit þú ert ekkert lukkulegri sjálfur en jeg er fyrir því. nú get jeg ekki skrifað langt því nú er jeg komin í rúmið, og er nú samt að því leiti góð í dag að jeg hef viðþol. en það er að segja bara þegar jeg ekki hreifi mig, nú er ekkert um að gjöra annað hvort verð jeg að verða aumíngi eða jeg verð að reina að koma með næstu ferð til hafnar því hjer segja þeir „jeg get ekkert gjört við yður., er það huggun! en jeg var nú að komast á fætur í þettað sinn.

Jeg hef fengið hvert kastið á fætur öðru í janúar. jeg er frísk að öðru leiti en þessu í bakinu, en ef jeg kem þarft þú ekki að kvíða fyrir mjer í persónulegu tilliti, því ef jeg ekki get dregið upp penínga, sem jeg held að jeg þurfi, þá kem jeg ekki. því jeg vil helst einskis mans handbenti vera. en með aðstoð aðra þarf jeg þín mikils með. en jeg veit líka þú hjálpar mjer það sem þú getur svoleiðis bæði að útvega

mjer hús. og mat. jeg hef skrifað Guðna læknir. og beðið hann að vísa mjer á læknir og eins segja mjer, hvert mjer muni vera til nokkurs að koma. Mjer er mjög áriðandi að brjefið komist sem fyrst til hans. svo jeg fáí svar aftur með ferðinni, pabbi segjist eiga 10. kr. hjá fjelagi ykkar. þær átt þú að taka fyrir mindirnar 3. og fyrir 2. kr. gilta palfettu og kantilíur, en 5 í allar þessar útgíptir fyrir þettað kvabb. það er líka óforskammað af mjer að vera að hrúga á þig peníngaútgíptum, heilsaðu Emmu innilega, jeg get ekki meir. jeg hef skrifað, þettað með hvíldum og þó er það lítt skemmtandi. ó elsku bróðir. reinstu mjer nú vel. hárið skalt þú geima, vertu sæll og blessaður þín elskandi systir Guðrún.

XI. Endurnýjuð von um bjarta framtíð

Pann 24. mars 1883 skrifaði Jón Borgfirðingur á bréfspjald frá Alsherjar-Póstfjelaginu og stílaði það á hr. Cand. philo. Finn Jónsson, Borchs Colligium No. 10, Copenhagen. Skeytið er svohljóðandi:

Kæri Finnur. Gunna held jeg komizt um borð í dag, hún hefir verið svo veik undanfarna daga, hún hefir meðferðis stórt gulmálað kofffort, merkt henni. Jeg kvíði fyrir ferð hennar vegna veikinda og lík. sjósóttar, þó hún fengi [] lækna meðöl. Jeg vona þú verðir við, þá pótskipið kemur og best væri að þú færir um borð, áður enn hún fer í land. hún hefur líka tösku meðferðis. Þú skilur það. Síðan útsynningnum hætti eptir miðgöuna, hefir verið himinn heiður og blár etc. Vetur þekkest varla. Svona um alt land, síðan í jan. og febr. eptir afstöðu sveitanna. Ágætur fiski afli hjer á innnesjum. þinn elsk. faðir J. Borgfirðingur

Umhyggja Jóns fyrir dóttur sinni leynir sér ekki. Hann óttaðist að ferðin kynni að hafa slæm áhrif á heilsu hennar en vissi sem var að við óbreytt ástand heima á Íslandi færi heilsu hennar sífellt hrakandi. Í sjálfsvævisögu sinni segir Guðrún:

„Faðir minn var mjög óánægður með að láta mig fara svona veika, en mér fannst ég mega til að drífa mig af stað, en fáum þeirra, sem fylgdu mér til skips, datt víst í hug, að ég kæmi lifandi aftur.“¹ Guðrún komst heil á húfi til Kaupmannahafnar. Finnur tók vel á móti systur sinni og fann henni tímabundinn samastað á gistiheimili Ágústu Svendsen við Sölvgadens Forlængelse.

Þrátt fyrir að Guðrún væri komin til Kaupmannahafnar hélt hún áfram að skipta sér af heimilishaldi fjölskyldunnar á Íslandi. Í bréfi til föður síns ræddi hún til að mynda um málefni vinnukonu sem fjölskyldan hélt. Í

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 136.

sjálfu sér er athyglisvert að fjölskyldan sem áleit sjálfa sig fátækt en vel menntað alþýðufólk, skyldi hafa efni á því að hafa vinnukonu. Samkvæmt sjálfsævisögu Guðrúnar hafði fjölskyldan haldið vinnukonu frá árinu 1877 eða frá því þau fluttu inn í eigið húsnæði við Vesturgötuna. „Það var mest af því, að ég var orðin svo þjád af asthma, að hún [Anna Guðrún] þorði ekki að leggja á mig þvotta eða skúringar. Hún sá einnig, að ég gat þá saumað meira,“ segir Guðrún í ævisögunni.¹

Annað sem einkennir bréf Guðrúnar frá þessum tíma er hversu sterka löngun hún hefur til að mennta sig. Hún virðist reyna að telja föður sínum trú um hagkvæmni þess að hún sem kona verði sér úti um einhverja menntun, meðal annars til að hún geti kennt, fengið traust á sjálfri sér og séð um að faðirinn líði ekki skort í ellinni.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1883²

Kaupmannahöfn 9/4 1883

Elskulegi góði pabbi.

Nú er jeg þá komin hingað eins og þú sjerð, og er heldur góð, eða eptir öllum vonum eptir hina háflslæmu ferð. Þettað brjef læt jeg fara með seglskipi, sem fer á morgun, ef ske kinni að það kæmi fyrr en pótskipið, sem jeg vona að guð gefi svo þið fáid að frjetta af mjer því jeg veit að þið eruð óróleg yfir ferð minni. En jeg vona að góður guð gefi mjer heilsu aptur svo jeg geti í verki sínt að jeg virði alla þína, hjálp og umhyggju við mig, nú er jeg fór.

Nú er jeg búin að tala við Edwald [Johnsen] og hann vill gjöra alt sem hann getur til að hjálpa mjer. og er birjaður að nudda, og nudda. Jeg er nú sem stendur hjá frú Svensen. Betri viðtökur en jeg fjeck hjá Finni og Emmu kæri jeg mig ekki um. Þú sjerð að jeg á bágnt með að skrifa því jeg titra svo mjög. heilsaðu innilega öllum, og öll eruð þið kist, heitum kærleikskossi af þinni til dauðans elskandi dóttur, Gunnu.

Finnur heilsar innilega.

Kaupmannahöfn 14/4 1883

Elsku góði pabbi

Jeg skrifaði þjer nokkrar línur með seglskipi er fór til Smiths. en jeg er hrædd um að þú fáir það ekki strax. Nú skrifa jeg ekki neinum langt. Jeg nenni ekki að fara að skrifa alla ferðasöguna. Jeg vona að ekki verði mjög langt þangað til jeg get það sjálf. Ekkert veit jeg hvenær jeg get komið samt. Edwald segist ekkert geta

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 98-99.

2 *ÍB* 96 fol. b – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings.

sagt um það en þá. Hann er fjaskalega góður og almennilegur við mig. Hann hafði haldið jafnvel að jeg mundi ekki koma til sín. Hann hefur víst haldið að Finnur mundi ekki vilja að jeg fari til sín. Og það hefur hann nú ekki farið svo vilt í. En jeg hef aldrei látið hræra í mjer. Hann hefur lofað mjer að hann skildi gjöra alt sem í hans valdi stæði til að hjálpa mér, og það veit jeg hann gjörir, því það er nokkurs konar hefnd á Finni. ef jeg hefði gott af því. Finnur fylgdi mjer til hans en inn fór hann ekki. Jeg fór ein inn en hann beið fyrir utan. Svona er á milli þeirra. Finnur tók sjer víst nærri að jeg fór það því hann er fjaska stífur. þú lætur ekki sjá þetta-¹

Finnur er í fjaskalega miklu álitu hjer og Konráð [Gíslason] hafði sagt að það hefði verið fjaskaleg óheppni að hann ekki fjekk meir í íslensku því hann tæki hann framm yfir alla sem hann hefði þekt. Björn [Ólsen] og Sigurður [Sigurðsson] hefðu verið góðir, en ekkert á við hann, og þess mans orð met jeg mikils. Já það er sönn ánægja fyrir þig og okkur öll hvað vel hann hefur lánast. Mjer hefur opt dottið í hug, hvað misskipt er með Einari prentara og þjer með sonu ykkar. Enda eruð þið líka ólíkir menn og feður.

Jeg bý hjá frú Svendsssen og hef það svo gott sem hægt er. Hún selur mjer alt fyrir 46. kr. um mánuðin. Hún segir að hún þekki Finn svo vel. Jeg segi nú ekki frá því mig komi til að vanta peninga, það veit jeg. Jeg hefði altaf mat á fyrstu kaetu svo jeg var orðin dauðhrædd, að jeg mundi þurfa að borga 4 kr. á dag, en skaparin gaf að jeg þurfti ekki borga nema 2 kr. svo það urðu 25. kr. í alt. Jeg hef það Ola Finsen að þakka, og þjer náttúrlega. Frú Bjarnason hefur verið mjer svo einstaklega góð. Hún býr nú í sama hjerbergi og jeg. Okkur fellur vel saman.

Jeg hef verið tvisvar hjá Emmu og var boðin þángað í gær en gat ekki farið því jeg var svo slæm, en ekki lá jeg beinlínis. Mjer líst einstaklega vel á Emmu. Hún veit ekki hvað góð hún á að vera við mig, og eins er móðir hennar indæl kona.

Heirir þú nú hef jeg gleimt að tala við þig um kaup Steinþóru. Hún ætti að fá 30 kr í kaup á ári. Þú hefur víst skrifað alt sem hún hefur fengið. Eins er það með þessa nýju vinnukonu. Þú ættir að biðja Stefán á Vatnsleisu að koma henni innept-ir.

Þú verður að fyrirgefa hvað þetta er illa skrifað. Ég á svo bággt með það. Jeg er svo ansi óstyrk. Svo óska jeg þjer og ykkur öllum góðs og guðlegs sumars. Jeg vona að góður guð gefi að við öll fáum að sjást aptur og þá glöð og hress. Vertu nú

1 Edvald Johnsen nuddlæknir var ekki vinsæll meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og þurfti Guðrún að standa uppi í hárinu á bróður sínum og félögum hans til að geta leitað til Edvalds. Í sjálfsvævisögu sinni segir Guðrún: „Edvald var eitthvað ósáttur við landa og þeir við hann, og töldu þeir honum allt illt til. T.d. kom Mórítz Friðriksson til mín til að telja mig á að hætta við að fara til hans og sagði, að hann væri svo dýr og mesti kvennabósi í tilbót, – en við það var ég ekki mikið hrædd, ég held nú ekki, – hann væri viss með að reka mig út og fleira og fleira. Svona voru fleiri landar á móti honum. Þetta var mjög óþægilegt fyrir mig, sem ekkert rataði og var öllum ókunnug. [...] Ég sagði við Finn, að hann yrði að fylgja mér einu sinni að húsinu, en síðan mundi ég klára mig ein. Þetta gjörði hann og hefði nú sjálfsgagt komið með mér upp, ef ég hefði lagt að honum.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 140.

blessaður og sæll og innilega þökk fyrir alla þína föðurlega umhyggju elsku pabbi minn. Þín elskandi dóttir Guðrún

Jeg vona að guð gefi að jeg fái góðar frjettir að heiman.
Heilsaðu öllum sem vilja.

Kaupmannahöfn 26/5 1883

Elsku góði pabbi.

Hjartans þakkir fyrir þitt góða brjef. En hvað jeg varð fegin þegar þaug loksins komu. Fjandans póstboðið fór með þaug öll upp á Garð, og þaðan komu þaug ekki fyrr en um kveldið. Og en vænna þókti mjer um að öllum leið vel heima. Það gleður mig að heira að Guðný stendur sig vel. hún getur verið flink þegar hún vill.

Mjer er heldur að batna og jeg get gengið þreitulítið, og bakið er heldur að batna en það fer hægt að því. Edvald heldur að sje jeg nógu lengi að mjer gæti batnað nokkurn vegin. En þá koma nú peníngarnir til skjalanna, því leiðinlegt er að vera lýir, og geta ekkert gert.

Mig lángrar til ef jeg þarf, að vera hjer á annað borð nokkuð lengi, að læra eitt-hvað, en það kostar alt eitthvað. Sú billegasta kensla kostar 10. kr. um mánuðin, en þá er maður líka hvern einasta dag, 5 kl. tíma. Mig lángrar svo mikið til að verða dugleg heima á Íslandi með tímanum, en til þess þarf jeg að læra ýmislegt, bæði til að vinna álit, og líka til þess að jeg fái traust á sjálfri mjer. Jeg veit náttúrlega að Finnur hjálpar mjer nokkuð, en hann hefur nú sem stendur nóg með sjálfan sig.

Jeg fer nú um mánaðamótin til Þrúðar [Erlendsdóttur]. Hún er gipt, og býr, inn í sjálfum bænum. Hún hefur lofað mjer að jeg skildi fá það ódýrt hjá sjer, og er jeg ekki lítið glöð yfir því. Jeg vildi helst borða hjá sjálfri mjer á málum.

Það er ljótt að geta hvergi fengið 200 kr. þá yrðu það 400 kr. sem jeg tek til láns. Frú Bjarnason get jeg ekki beðið. Jeg veit ekki hvert, það er nokkuð eigandi við hana í þeim sökum. Hún víst sjer um sig. Jeg talaði um dagin við hana um það, að vera hjer í sumar, og sagði hún það væri sjálfsagt. Hún sagðist halda að allir lánuðu þjer óhræddir, því væri óhætt, en mjer bauð hún ekki lán. En hún getur það sú gamla. Hún er einhver sú grínagtugasta manneskja sem jeg hef þekt. Jeg hef skrifað Guðnýu greinilega um það, sem jeg drep hér á. Jeg ætla að biðja þig að lesa það, og láta mig svo vita álit þitt um þettað alt. Góði elsku pabbi gjörðu nú alt sem þú getur fyrir mig í þessu og þó eitthvað gáangi í ólagi heimilinu viðvíkjandi þá skal jeg laga það alt þegar jeg kem heim.

Hugsaðu þjer líka, ef jeg svo kæmi heim, svo úr garði gjörð að jeg gæti tekið að mjer kenslu bæði við skóla og líka þrívát. Hversu mikla penínga gæti jeg ekki unnið inn. Þá þyrftir þú heldur ekki að gegna þessu embætti því þá gætum við Finnur hjálpað til að vinna, því það segi jeg fyrir satt að það skal vera mín helgasta skylda að hugsa um að þú getir haft það gott í ellinni, en unnið get jeg aldrei það sem áreinslu þarf til, svo jeg verð að innrjetta það svo að jeg geti kent. Þú stíngur þessu öllu hjá þjer því jeg held, fólkíð í Reykjavík varði lítið um hvað jeg væri hjer

að gjöra, og líka yrði það ekki í vandræðum með að smíða svolítið, ef jeg þekki rjett ef jeg verð hjer.

Jeg hef [hitt] Erlendardætur. Ólöf er einstaklega greind stúlka. Þær búa saman hún og Anna og hafa það ágætt. Þær sauma og vinna og hafa víst heldur afgang. Og Prúða er vel gípt, og er einstaklega góður maður sem hún á. Þaug eiga eitt barn. Það er dreingur, og hann er víst gáfaður, og verður víst fyrir bækur, og það hrigg-ir víst ekki mömmu hans.

Yfir höfuð líður mjer vel að öllu leiti sem mennirnir geta að gjört. Ekki hefur mjer beinlínis leiðst, en opt hef jeg hugsað heim, og ekki vil jeg vera hjer lengur en jeg þarf. Hjer er náttúran fögur og brosandí. Því verður ekki neitað, en jeg er meir fyrir hina köldu og tignarlega náttúru á okkar kæra og gamla Íslandi. Það er svo áhrifamikið, og ágætt. En að fara um Edínarborg, það er indæl endurminning sem hún skilur eptir.

Jeg skrifa Mensa allar frjettir þú verður líka að lesa hans brjef. Jeg get ekki verið að skrifa öllum það sama. Ekki kemur Finnur heim í sumar. Hann situr önn-um kafín. Altaf hann er og verður óþreitandi að vinna. Og jeg held að þeir geti ekki gjört nokkurn skapaðan hlut nema hafa hann. Þegar jeg kem til hans þá er altopast einhver hjá honum eitthvað að bollaleggja. Ó hvað jeg er lukkuleg yfir að hafa hann hjer, og heira alstaðar ef á hann er minst, hvað hann sje sá fyrsti Íslendingur hjer. Það er betra fyrir þig og skemtilegra en nokkrar krónur.

Heilsaðu innilega frá mjer Johnsens fólkinu, og einnig ef einhver vill kveðju mína. Nú kemur Páll og Elín [Briem] með næstu ferð. Þaug koma heim til þín. Hann biður að heilsa þjer og ykkur kærlega. Góður guð annist ykkur öll. Vertu nú blessaður og sæll elsku pabbi minn. Þín elskandi dóttir Guðrún.

Emma biður kærlega að heilsa þjer. Hún skoðar mig alveg eins og systur sína. Heir þú hvernig gengur með að prenta?

Nörrefarmaksgade 45. 2. sal.
Kaupmannahöfn 14. júní '83

Elsku besti pabbi

Hafðu innilegar þakkir fyrir þitt góða og frjettafróða brjef, meðtekið í dag. Jeg get ekki með orðum líst, hvað glöð jeg er að alt skuli gánga vel heima. Skárri eru það lætin í Reykjavík, og Eyþór giptur hreint er jeg hissa á. Það er svo gaman að fá svona frjettafróð brjef heimanað. Það verður varla eins það sem þú færð frá mjer, því nú eru ekki einslega góðar frjettir frá mjer.

29. maí. fór jeg eins og vant var til læknisins, en var hálfvesöl, og svo ætlaði jeg um leið til Finns, að óska honum til lukku en þegar jeg var á leiðinni til hans, þá fann jeg að mjer var að verða svo ógn ílt. Og til allrar lukku var jeg í götu sömu sem stud. Buchart og þar fór jeg inn. Og þegar jeg var búin að vera þar dálitla stund, og þá varð mjer svo ílt að jeg varð keirð heim. Og í fyrradag fór jeg fyrst út aptur. Og það sem verst er, er að það er mín gamla lúngnaveikleiki, hósti og þynksli.

Ó það er leiðinlegt að það nú skildi koma aptur. Edwald, hefur gengið til mín, og látið meðöl sem mjer hefur batnað af. Svo skrifaði hann einum brjóstveikis-læknir til og, bað hann að skoða mig og ráðleggja mjer eitthvað.

Hann skoðaði mig og sagði að þettað væri víst orðið gamalt og dálítið gæti það batnað og ef lukkan væri með þá fyrir leingri tíma og hann ráðlagði mjer kúr sem heitir Klokken. Það er nl. maður er látin sitja í húsi í tvo tíma á dag, og það er andað inn til manns lopti. Það er ógnarlega þægilegt að anda inn því manni verður svo ljett. Jeg var þar í gær og í dag. Jeg á að vera þar í 30 daga. Og fyrir þá daga kostar það 50 kr. en Edwald, sá til að jeg fæ það fyrir 40 kr. en það eru líka miklir peningar fyrir mig sem er eins illa stödd og jeg er í þeim sökum. Guð veit hvernig það fer alt fyrir mjer þettað, en jeg vona að góður guð gefi að einhver upprekist til að hjálpa mjer en jeg veit ekkert hvern jeg á að biðja.

Jeg er komin til Prúðar, og líður vel, að öllu leiti sem mennirnir geta að gjört. Mikið makalaust hefur Edwald viljað hjálpa mjer. Jeg hef víst ekki ástæðu til að lasta hann. Heilsaðu innilega til Briems og Johnsens og Bíldudalsfrúar [þ.e. Jóhanna Þorleifsdóttir frá Bíldudal]. Jeg hef ekkert að skrifa neinum því jeg hef ekkert sjeð síðan. Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja. Jafngott þykir mjer þó fógétin sjái hver maður þ er. Húfur lögregluþjóna er mikið fallegrri en hattar, en flestir þeirra, brúka þó hatta hjer, alveg eins og ykkar, en jeg sá víst þennan hatt í Englandi. Hvernig gengur með útgáfuna. Finnur hefur þaug lifandi ósköp að gjöra, og þá hefur hann líka nokkuð af peningum en ekki nóg.

Nú kemur Páll heim. Ó hvað við erum ergileg öll, yfir hans öðrum karakter. Han fjeck 4 lát og 4 háð og þó gátu þeir ómögulega gefið honum láð. Hann átti það þó sannarlega skilið, en svona er það. Ljótt er að heira sögur hjer af Jóni Magnússyni. Hann kemur nú heim útskúfaður úr öllum ósæmilegum stöðum.

Rektor ætti ekki að hafa skitið Finn út, þegar hann fór, og ekki heldur gleðjast yfir að hann eigi fjeck nema aðra einkunn. Jón er nú hans uppeldissonur. Svona gengur það. Það hefur eingin lán af því að vera á móti okkur, því hef jeg tekið eptir. Það er h..... kellingin hans sem á alt ílt skilið. Ó jeg er varla búin að gleima henni, að hún kallaði þig hinn ólærða fúskara. Það ætti hún einhverntíma að fá endurgoldið, svo jeg get vel unt henni að fá sinn uppeldisson og ættingja heim eins og hann er.

Páll og Elín koma bæði heim til ykkar. Elín hana held jeg upp á, það er sú stúlka sem á við mig. Jeg ætla að biðja þig að neita henni ekki um að sjá í skápin ef hún vill. Hún er bókamaður. Hún heldur upp á okkur öll. Hún segir að það sje eins og hún sje svo kunnug heima.

Nú er jeg búin að slúðra alla vitleisu þú fyrirgefur. Heilsaðu litlu dreingunum innilega frá mjer. Ingólfur ætti nú ekki að ganga á nýju stígvélunum. Vertu nú blessaður og sæll. Drottinn annist ykkur öll, þess biður þín elskandi dóttir Guðrún

Makalaus persóna er Sigmundur [Guðmundsson, pentari]!! Hvað gjörir Baldvin [Stefánsson]?

Elsku pabbi!

Kærar þakkir fyrir brjefið, eða brjefin, jeg man ekki nema þaug sjeu tvö. Nú líður mjer aptur betur. Jeg er altaf að skána, aptur. Edwald er að ferðast til Berlín, og hefur Eggert sonur Páls Johnsens, sjúklínga hans á meðan. Það er ógnarlega góður maður víst. Edwald kemur aptur um miðjan næsta mánuð. Hann er altaf eins góður á móti mjer. Jeg sit í Klukkunni á hverjum degi. Jeg hressast vel, því það tekur á kraptana að sitja það innbirgður í tvo kl. á dag.

Jeg á gott hjá Þrúði, hún er einstaklega umhyggjusöm við mig. Anna og Ólöf búa saman. Ólöf, það er sannarlega gáfaður kvennmaður. Hún er víst eins inni öllu. Það er skaði hvað hún er óþekt, en svona er það, það óekta glóir en gullið er falið.

Ekki skalt þú fara að selja bækur þínar, þá þækti mjer heilsa mín of dýrkeipt fyrir þig, ef hún ætti að kosta, það að þú seldir þær, og það væri nokkuð sem jeg ekki vildi hafa á minni samvisku, því þú sæir aldrei glaðan dag, ef þú misstir þær. Jeg vona að guð leggi mjer eitthvað til. Hann hefur aldrei brugðist mjer, þegar mjer hefur legið á.

Jeg hef skrifað frú Bjarnason, en hvert hún lætur nokkuð er óvíst. Jeg veit ekki hvern jeg ætti að biðja, ef hún ekki vill gjöra það fyrir mig. Þú ættir að biðja séra Sigurð á Útskálum. Nei hann gjörir það ekki. Já það fer sem auðið er. Jeg hef komið hjer til systra sýslumannsfrúarinnar á Akureyri, og þær eru svo kunnugar heima, að jeg varð aldeilis hissa. Þær voru einstaklega almennilegar við mig, og buðu mjer að koma til sín. Á morgun ætla jeg að fara til Fröken Arnesen, og hlakka jeg til að sjá hana. Jeg hef sjeð systur hennar, hún er svo skrtin, að jeg gat ekki annað en brosað að henni. Það er langt síðan jeg hef verið hjá Krabbe. Jeg hef verið svo vesöl að jeg hef ekki getað farið neitt, og nú er orðið svo heitt að það er rjett ómögulegt að hreifa sig. Jeg fer opt til Finns og tala við hann. Hann býr ekki langt hjer frá. Ó það er opt svo gaman að honum.

Nú eru stúdentar hjer búnir að taka próf, þeim gekk öllum vel nema H. Thorsteinsen og S. Thoroddsen, þeim gekk illa. Bogi fékk 1. einkunn, og eru víst allir hissa á honum því hann er ekki í sjerlega miklu álitu hjer á milli stúdentu. Hann þykir drjúmontin. Jón Stefánsson fjekk þann besta vitnisburð sem hægt er að fá.

Jeg hef hugsað heim þessa daga. Villi er víst orðin skólapiltur, er ekki svo? Annars líður víst ekki einn dagur, ekki ein stund að jeg ekki hugsu heim. Nú fer líka Klemens að gánga upp. Bara að alt gáangi vel heima. Þá væri jeg ánægð, fyrir það.

Nú fer jeg að fara um bæin aptur, að skoða mig um. Jeg mátti hætta við það alt saman um daginn. Jeg er orðin alveg góð í handleggjunum, en bakið er alltaf hálf slæmt. Friðrikka sem var á Eirarlandi er hjer einhverstaðar. hún lifir af að vaska og betla. Misskript er hennar æfi. Dætur hennar eru hjer báðar, önnur gipt en önnur ógipt.

Jeg skrifa eingum nema þjer. Heilsaðu öllum frá mjer, já hreint öllum. Segðu Guðnýu að Lína á keðjuna með steinum, en Kristín að austan átti hana, en Guðný getur geimt hana þar til hún fær skeiti frá henni. Biddu Guðnýju að senda mjer

hekludu dúkana báða bæði komóðudúkin sem jeg heklaði, og stofupúðadúkin sem hún gaf mjer. Hann var í komóðunni minni. Jeg kissi ykkur öll í anda. Vertu blessaður og sæll, og þið öll því þið eigið öll þettað brjef. Þín elskandi dóttir Guðrún.

Emma biður að heilsa. Hún hefur meitt sig í fæti og liggur. Jeg hef ekki verið þar síðan á þriðjudag, því jeg hef ekki mátt vera að því.

Nörrefarmiksgade 54 A. 2. sal. hægri.
Kaupmannahöfn, 19/7 83

Elsku besti pabbi

Góðar þakkir fyrir þinn hluta í brjefi Finns. Jeg er altaf núna svo hrædd, að eitthvað sje að heima, eitthvað frjetti jeg leiðinlegt, einhversstaðar frá. Það bregst mjer ekki, en jeg vona að góður guð gefi mjer að það ekki verði heimanað frá ykkur. Jeg get ekki sofið á nóttunni fyrir einhverri hræðslu. Nú er jeg heldur betri, í svo sem 4 daga. Annars hef jeg verið meira dauð en lifandi en altaf hef jeg dregist á fótunum. En jeg vona að nú sje að koma algóður bati, mjer er mikið að batna í bakinu, væri nú bara brjóstið eins gott, er það verður víst aldrei jafngott.

Jeg er á laugardaginn búin að fara 30 sinnum í Klukkuna, og svo segja þeir að jeg verði að fara 15 sinnum til, en það er svo dýrt að jeg veit ekki hvert jeg get það. Það eru þær 20. kr. Þrúður fer aðdánlega vel með mig. Jeg skít ekki við útgardið hjá henni. Það vildi jeg að frú B. [Bjarnason] hefði haft vilja til að hjálpa mjer en það hefur hún víst ekki, sú góða kona.

Það var gott að Villi komst að þinginu. Hann er líka víst montin núna. Hvað fær hann um daginn? Ljót er að heira aðfarirnar á Snorra og Siggju. Svona skilja þeir þá fógetinn og Þór. með allt dálætið, betra minna og jafnara. Gaman er að hann skuli verða sjer dálítið til skammar áður en hann fer frá gamla Íslandi. Legðu nú kjör þín saman við hans, þó barnlaus sje og ómagalaus þá vildir þú víst ekki skipta. Nú átt þú einn son candídat, annan stúdent, og þriðja í skóla. Geri aðrir betur. Og ef guð gefur mjer heilsu þá má reikna, að jeg sje þá betri en ekki neitt. Svo ef guð lofar okkur að lifa öllum saman, þá er ólíklegt að þú þurfir að kvíða ellidögum. Og ekki er nú orðin ómegð, ekki nema Ingólfur. Nei góði pabbi vert þú aldeilis ekki í kvíða fyrir þinni elli. Það er víst að Finnur hefur allan vilja til að hjálpa þjer ef hann fengi embætti og slíkt getur komið áður en mann varir.

Þú talar um að jeg ætti að senda á [hannyrða]sýningu. Nei svo dugleg er jeg ekki í þettað sinn. Það er best að þær sem settar hafa verið til menta, og sem hafa lært í fleiri ár spreiti sig, á að koma með eitthvað. Skeð getur samt að þú lifir það að jeg verði þjer til gleði og láns, í því efni. Það er hægt að sýna víðar en á Íslandi. Jeg er alt of vesöl til að geta verið til uppbyggju landi og lýð og sjálfri mjer í suman en jeg vona að betri tíð, bíði mín.

Það hafa víst verið falleg læti þegar Gröndals brjefið kom. Alt get jeg unt rektor þessháttar. Hvað segja þeir um greinina hans Finns? í Andvara. Þeir hafa víst

orðið þokkalega vondir. Ekki hef jeg sjeð Björn Ólsen en, jeg hef ekki verið á Garði síðan. Finnur skrifar þjer alt sem frjettir heita. Nú stendur til að jeg fari til Hróarskeldu einhverntíma ef jeg verð svo frísk, að jeg geti það.

Heilsaðu dreingjunum, innilega frá mjer, jeg má ekki vera að skrifa þeim. Ingólfur skrifaði mjer ekki seinast, hann er þó vonandi orðin frískur núna. Heilsaðu Johnsens fólkinu innilega frá mjer og ef einhver vill taka kveðju minni. Vertu svo blessaður og sæll elsku pabbi minn, þín elskandi dóttir Guðrún.

Prúða og Ólöf biðja að heilsa þjer.

Kaupmannahöfn, 2/8 1883

Elsku góði pabbi

Í dag hefur mig lángað heim, en það er ekki til neins, jeg er þar sem jeg er kominn. Nú er mjer held jeg að batna. Jeg er orðin ansi hress aptur. Jeg er altaf í Klukkunni, en nú á jeg þar ekki eptir nema 8 daga. Þar er nýkomin Baronessa [Elise] Stambo. Hún er ein af þessum góða gamla aðli. Hún er gömul. Hún er hreint hrifin yfir mjer. Hún hefur boðið mjer að útvega mjer frípláss, á einhverjum háskóla, sem er einhvers staðar nálægt Slesíu, ekki beinlínis boðið mjer það heldur beðið mig um að gjöra það. Hún segjir að það væri sú stæðsta gleði, að hafa komið þangað íslenskri stúlku.

Hún segjir að þar komi ekki nema útvaldar stúlkur, svo hún segjir að jeg ekki þurfi að vera hrædd. En jeg er svo ólukkuleg yfir að geta ekki notað þettað en það er ómögulegt, vegna peníngaleisis. Það er frá 1 maí til 31 júlí, til að tala um ekki.¹

1 Það er athyglisvert að bera þetta bréf saman við lýsingu Guðrúnar á aðstæðum sínum og þessu boði barónessunnar eins og hún segir frá því í sjálfsævisögu sinni. Þar segir hún: „Þetta var kostaboð, sem ekki kemur daglega til manns. [...] Nærri má geta, að mér þótti vænt um að fá svona tilboð. Nú var eftir að vita, hvað fólkið segði heima, bæði faðir minn og Guðný, systir mín. [...] Ég skrifaði þeim og bað þau að segja sitt álit. Þau svöruðu bæði um hæl. Faðir minn sagði, að þessu yrði ég að ráða sjálf. Hann sagðist ekki geta skipað mér að koma heim, því að eins og ég vissi, hefði hann ekkert að bjóða mér í staðinn. Guðný sagðist ekki geta staðið fyrir heimilinu. Þar með var þessu lokið.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 149.

Svo virðist sem Guðrún hafi séð þessa atburði í öðru ljósi þegar hún rifjaði þá upp fyrir sér sjötug að aldri í sjálfsævisögunni en hún gerði þegar þeir raunverulega áttu sér stað. Því miður hafa bréf Jóns og Guðnýjar til Guðrúnar ekki varðveist, ekki frekar en bréf hennar sjálfrar til Guðnýjar, en bréf Guðrúnar til föður síns bera þess merki að hún hafi ekki rætt neitt frekar um þetta kostaboð við hann. Í sama bréfi og Guðrún sagði föður sínum frá tilboði barónessunnar segir hún t.a.m.: „Þú talar ekkert um þettað við neinn úti í frá, það gjörir ef til vill grín af því.“ Hún vildi því ekki að faðir sinn reyndi að fá lán hjá velunnurum fjölskyldunnar til að kosta dvöl hennar.

Guðrún hafði á þessum tíma ekki mikinn áhuga á að láta það spyrjast út að hún ætti sér stóra drauma um að verða menntuð og mikil kona. Ef til vill þorði hún ekki að storka þeim hefðum og venjum sem voru ríkjandi í samfélaginu og hlaupast undan þeirri ábyrgð sem staða hennar bauð henni. Þegar hér var komið sögu var Guðrún orðin von því að setja hag fjölskyldunnar allrar í öndvegli fremur en sinn eigin.

Í dag kom hún með aðra Baronessu með sjer, svo hún gæti fengið mig að sjá og tala við. Hún er yngri. Þú getur sjeð að jeg er ekki svo illa kynt. Þú talar ekkert um þettað við neinn úti frá, það gjörir ef til vill grín að því.

Ekki er Björn Ólsen skynsamur maður. Hann gengur og er á móti Finni eins og argasti dóni, og Finnur segir þjer víst lítin póst af því, hvernig hann var á móti honum niður á Garði um daginn. Og svo kom jeg þar nokkrum dögum seinna og var þar til kvelds, og þá kom hann þar, en jeg var inni í annari stofu, en hann kom þar ekki inn og fór strax aptur, en hann hefði víst ekki farið strax, ef jeg ekki hefði verið þar.

Nú kemur Halldór Briem aptur. Hann fjeck ekkert embætti. Björn Jensson fjeck það, og það segja líka allir að hann hafi verið sá eini sem var fær að taka það að sjer af þeim sem sóktu. Halldór Daníelsson hefur fengið Dalasýslu. Hvað heldur þú að verði af Guðlaugi, hann hefur sætt og heim reitt. Hjer er annars ekkert sem jeg get sagt þjer frá. Jeg er eins og vant er illa upplögð.

Hvenær verður farið að prenta bók þína? Þeir segja slæmt af prentvillum í bók Móra. Það er líka leiðinlegt því það er Tryggva að kenna. Fyrst lét hann aldrei birja á henni, og svo varð að vaka nótt og dag til að koma henni af, og af seinustu örk-inni varð ekki lesin nema ein próförk. Þú skalt ekki taka þettað svo að jeg sje að bera í bætiflaka fyrir Móris, nei sje langt frá mjer, heldur af því að þú heldur ef til vill að það sje Finni að kenna, og þú tekur hart á prentvillum, en Finnur átti ekki að lesa þær.

Fellur mjer nú heldur illa við Móris. Jeg kem þar opt og er opt boðin þángað. Hann getur ekki fyrirgefið mjer að jeg fór til Edwalds, og er altaf að gjöra grín að honum en það þoli jeg ekki vel, og segi honum þá að hann mætti þakka fyrir væri hann annar eins læknir. Láttu ekki Finn vita að jeg hafi nemt þettað. Það er yfir höfuð alt reitt út af að jeg skuli vera hjá honum. Jeg fæ opt að heira svona ýmislegt. Þögn.

Nú fer víst Mensi að fara, þá átt þú jafnt hjá þjer og frá þjer. Jeg vildi jeg væri orðin rík. Mig hefur aldrei fyrr lángað til að vera rík. Jeg skrifa eingum nema þjer. Jeg bið innilega að heilsa öllum heima, og alstaðar. Þú átt að afhenda Jóni Guðnasyri blaðið sem er innaní. Ó jeg er svo hrædd um að Mensi ekki geti komið. Hann ætti að koma þó hann væri blángur. Vertu svo blessaður og sæll elsku pabbi min. Guð annist ykkur öll, þess biður þin elskandi dóttir Guðrún.

Kaupmannahöfn, 25/8 '83

Elsku góði pabbi

Bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, og einnig brjef þitt, fyrir Eingland. Nú er þó Mensi komin, mikið undur er Finnur lukkulegur yfir að hann er komin. Jeg hef aldrei sjeð hann eins kátan og síðan hann kom. Nú er hann birjaður að kenna. Hann hefur ósköpín öll að gjöra, en hann hefur þá líka penínga. Mensi er ekki en farin að koma víða en, því nú er hann að skrifa heim.

Ekki reindist Frú Bjarnason mjer vel. Jeg bað hana að lána mjer penínga, en veistu hvað hún gjörði, hún skrapaði saman handa mjer 28 kr. sem hún lætur skjóta saman handa mjer. Já og meira að segja hún fór til frú Johnsen, og hún lætur 10 kr, en jeg sendi henni alla þessa penínga aptur, og bið hana sem fljótast að láta hvern fá sitt aptur. Svo bað hún Thómassen fyrir þettað, og guð má vita hvert hún ekki hefur sagt honum hvernig ástæði. Nei svo er jeg ekki nálægt hrepp, en að jeg láti betla handa mjer nokkrar krónur. Ó hvað jeg er sár við hana. Þú getur trúað, jeg læt hana vita hvað jeg er gröm, yfir þessu.

Nei þó jeg sje fátæk þá læt jeg ekki kreiskja mig. Þú mátt upp á eingan máta, þó hún nú komi til þín og vilji láta þig senda mjer þessa penínga undir öðrum kringúmstæðum, taka við þeim. Því gæti jeg aldrei gleimt. Heldur ekki mátt þú láta hana vita að fyrra bragði að jeg hafi sagt þjer frá þessu, því jeg vona að hún hafi þó verið svo ærleg að láta eingan vita þettað. Jeg mátti annars búast við einhverju glappaskoti frá hennar hálfu, því það er eins og hún sje hálf vitlaus með köflum.

Nú held jeg að jeg sje að batna, jeg er heldur bærileg núna altaf. Nú er jeg búin í Klukkunni. Barónessan sem jeg sagði þjer frá um dagin, hefur boðið mjer til sín eitthvert kveld, og jeg ætla að fara til hennar þegar skipið er farið, og hafa Mensa með því það er svo langt. Hún hefur gefið mjer einar 3 smábækur, og hún hefur ort til mín kvæði. Hún er hreint hrifin yfir mjer. Bara jeg gæti haft út úr henni nokkrar krónur.

Það gleður mig með sýninguna hvað hún hefur gengið vel. Á næstu sýningu ætti jeg að hugsa svo eitthvað á en þá læt jeg líka margt.

Leiðinlegt er með Ólaf Rósenkranz. Getur han ekkert fengið að gjöra. Hjer er leikarafjelag frá Ítalíu, sem hefur leikið hjer, í einu leikhúsinu í borginni í fyrra kveld. Færir einn góður náungi mjer billett, og fór jeg að heira það og sjá. Ó þá var jeg hrifin, jeg gleimi því aldrei. Slíkt hef jeg aldrei heirt eða sjeð annað eins. Billettið kostaði bara 3. kr. Jeg hlakka til, það á að birja að leika á morgun fyrir alvöru. Jeg er viss um að jeg opt fæ billett. Það er ekki hætt við að jeg eiði sjálf, því jeg á ekki einn eirir

Jeg kem sjálfsagt með næstu ferð sem fer hjeðan 27. september, og þá er jeg heima 6.október. Nú kemur eitt Velvakanda brjef heim og þó þeir hafi aldrei reiðst þá reiðast þeir nú. Jeg hef heirt það alt. það eru nú skamir, en þeir eiga það líka skilið. Rektor á alt ilt skilið. Finnur er nú að launa honum, eins og þar stendur kinnhestin forðum.

Það er leiðinlegt með Gvend, að hann skuli stela svona. Það er makalaust. Heilsaðu Johnsens fólkinu frá mjer. Ekkert skalt þú láta það heira að jeg sje í peníngaþröng, og yfir höfuð eingan því það kann að vera til það fólk sem gleður sig yfir því. Kistu litlu dreingina jeg má ekki vera að skrifa þeim. Mensi hefur samið stórt skjal, um sýninguna og er hún allvel samin. Emil Shou hefur hann á sínu herbergi, því Finnur þarf að fara svo snemma á fætur, en það vill ekki Mensi, og svo má engin koma til hans allan fyrripart dagsins því þá er hann að kenna. Heilsaðu

yfir höfuð öllum, frá mjer. Vertu nú blessaður og sæll. Guð annist ykkur öll þess biður þín elskandi dóttir, Guðrún.

Heldur þú að þú hafir nokkur ráð ef mig til dæmis vantaði peninga á Reykjavíkurhöfn.

Í sjálfsævisögu sinni fjallar Guðrún um dvöl sína í Kaupmannahöfn og segir þar nokkuð ítarlega frá þeirri meðferð sem Edvald læknir veitti henni við astmanum. Auk þess segir hún frá samskiptum sínum við Elise Stampe barónessu.

Edvald læknir vildi hjálpa mér að fá bót á andþrengslunum og sagði mér að reyna hin svokölluðu rómversku böð. Þau voru ákaflega dýr, en hann útvegaði mér aðgöngumiða, ég man ekki, hvað marga, á tvær krónur hvern, sem ekki var helmingur verðs. Ég var tvo klukkutíma í baðinu í hvert sinn. Þetta var svo margbrotið. Ég var sárþreytt á kvöldin, þegar ég var búin að labba þessar löngu leiðir. Það var mun styttra, eftir að ég flutti til frú Therp, sem bjó í Nörre-Farimagsgade. Svo var annað, sem Edvald vildi endilega láta mig reyna, og það var hin svokallaða Klokken eða fullu nafni Luftklokken. Hún var í Kronprinsessegade og var undarleg innrétting. Ef ég reyni að lýsa henni, verður það að öllum líkindum eins og þegar síra Ólafur fríkirkjuprestur var að lýsa sláttuvélinni hans síra Magnúsar Grímssonar, að enginn skildi neitt. – Jæja, fyrst var komið inn í stórt herbergi, ekki vistlegt. Þar var svo í öðrum endanum tæki, sem ég held, að réttast sé að kalla búr. Það var kringlótt, mannhæð, járn að neðan til miðs, en hitt gler. Átta manns komust inn í einu. Stoppaðir bekkir voru allt í kring og lítið bord í miðju. Inn og út varð maður að fara, hver á eftir öðrum. Þegar svo var komið inn, var hurðinni læst, og síðan var dælt inn til okkar einhverju lofti í heilan klukkutíma. Þetta var kallað fortyndet Luft. – Eftir þennan klukkutíma var loftið svo létt og frískandi sem uppi á háfjöllum væri. Svo var aftur verið annan klukkutíma að draga það út aftur. Feginn var maður að koma fram og rétta úr sér. Alltaf var gæzlumaður fyrir utan. Við gátum líka hringt, ef einhver hefði orðið veikur, sem aldrei kom fyrir, á meðan ég var þar. Þótt svo hefði verið, var ekki hægt að ljúka upp fyrir en eftir tíu mínútur. Annars var öllum dauðinn vís. Læknir var alltaf að smákoma inn og kinka kolla til okkar. Tvær krónur kostaði þetta í hvert skipti, en Edvald læknir útvegaði mér 30 miða fyrir 50 krónur. Ekki var fullskipað í klukkunni, þegar ég byrjaði að fara í hana. Tvær ungar stúlkur voru þarna samtímis mér, önnur frá Bornholm, og hét hún fröken Römer, kát og skemmtileg. Það var eitthvað í lungunum á henni, sem átti að reyna að uppræta. Hin hét fröken Keil, yfirkomin að sjá af tæringu. Bezt gæti ég trúað, að hún hafi

ekki lifað eitt ár í viðbót. Svo var kona að nafni madama Hasberg, sem átti heima í Nýbúðum, þá svenskur herra, etazráð Hagemann, og höfðu þau bæði asthma. Einn herra enn var þarna, en nafn hans man ég ekki. Hann var eitthvað háttsettur hjá Galle og Jessen, og það bezta við hann var, að hann kom oft með stóra og þykka súkkulaðiköku, eins og þær, sem eru til sýnis í gluggunum. Stór hnífur fylgdi með til að stinga bita og bita úr kökunni. Annars var hann leiðinlegur. Oft var glatt á hjalla hjá okkur. Við spiludum eða einhver las hátt eitthvað, sem gaman var að. Madama Hasberg gekk í amakarabúningi. Hún var anzi fín í tauinu, en ósköp var hún einföld. Það var því ekki laust við, að við fröken Römer hefðum hálf-gaman af henni. Hún var svo upp með sér af því að ganga í klukkuna og sagði, að aðrar Nýbúðarkonur öfunduðu sig af því, þeim þætti það svo fínt og það gengju ekki aðrir í klukkuna en fína fólkið. Etazráðið var reglulega indæll, fínn, gamall maður, sjötíu ára, víst mjög ríkur, og átti verksmiðju í Svíþjóð. Mér féll hann fjarska vel í geð. Hann var ógiftur. Einu sinni fann fröken Römer upp á því að spyrja hann að, hvort hann hefði aldrei verið giftur eða trúlofaður. Ég vildi ekki leggja orð með því og sagði, að hún skyldi ekki gjöra það. Hún spyr hann samt að því. Hann þegir dálitla stund, en segir svo, já svo angurblítt: „Jeg var engang forlovet með en dejlig Pige, men saa kom Krigen. Jeg gik i Krigen, men da jeg kom hjem, saa var hun gift. Siden har jeg aldrig tænkt derpaa.“ Ég gleymi aldrei, hvað þetta var þýtt og blítt. Við spurðum ekki um þetta aftur. Hann var alltaf svo innilega góður við mig. Áður en hann fór, bað hann ungu stúlkurnar að gefa sér nafnspjöld þeirra, en snýr sér um leið að mér og segir: „Men Deres behøver jeg ikke, for Dem glemmer jeg aldrig.“ Hann hefur sjálfsagt grunað, að ég ætti ekkert, sem og líka var.

Þegar ég var búin að ganga í klukkuna um tíma, kom þangað kona af aðli. Barónessa Elise Stampe hét hún, sjötug piparmey, víst mjög rík og hámenntuð, en svo einstaklega yfirlætislaus og elskuleg. Þessi kona varð svo ákaflega hrifin af mér, hvernig sem á því hefur staðið. Hún var svo hrifin, að hún kom einn dag með bróðurdóttur sína til að sýna henni djásnið! Hún lét enga aðdáun í ljós, en var mjög alúðleg. Einu sinni fór barónessan að tala um við mig, hvort ég mundi ekki vilja fara á kvennaskóla, sem hún tilnefndi, ef ég ætti kost á því, og sagðist hafa ráð yfir einu eða tveimur plássum. Ég skyldi engu þurfa að kosta til að neinu leyti og ekki vera skuldbundin við nokkurn mann um neitt nema það eitt að vera þar í þrjú ár. Í sumarfríinu, sagðist hún hafa hugsað sér, að ég væri með henni á stórum herragarði yfir á Sjálandi, sem væri eign ættarinnar. Þar safnaðist saman öll ættin, hver með sína fjölskyldu. Hver fjölskylda væri út af fyrir sig og hefði sitt þjónustufólk. Hún sagðist hafa eina stúlku og gæti hún þjónað mér jafnt sem sér. Á skóla þessum var kennt allt til munnis og handa. Þetta var kostabod, sem ekki kemur daglega til manns. Ég sagði henni náttúrlega, hvað slæm ég væri af asthma. Hún sagði, að ég skyldi fá þá hjálp, sem hægt væri

að veita. Henni var þetta svo mikið áhugamál, að hún bauð mér þetta ekki eingöngu, heldur margbað mig um að þiggja það. Nærri má geta, að mér þótti vænt um að fá svona tilboð. Nú var eftir að vita, hvað fólkíð segði heima, bæði faðir minn og Guðný, systir mín. Eins og áður er sagt, stóð hún fyrir heimilinu, á meðan ég var í burtu, sex mánuðir í þetta sinn. Ég skrifaði þeim og bað þau að segja sitt álit. Þau svöruðu bæði um hæl. Faðir minn sagði, að þessu yrði ég að ráða sjálf. Hann sagðist ekki geta skipað mér að koma heim, því að eins og ég vissi, hefði hann ekkert að bjóða mér í staðinn. Guðný sagðist ekki geta staðið fyrir heimilinu. Þar með var þessu lokið. Móðir mín hafði beðið mig að vera heima, þar til litlu bræður mínir væru komnir yfir fermingu. Ég sagði svo barónessunni eins og var, að systir mín treysti sér ekki til að vera ein um húshaldið. Mikið þótti henni þetta leiðinlegt. Samt sagðist hún skilja þetta vel, og jafnelskuleg var hún eftir sem áður. Hvernig mér hafi verið innanbrjóst, geta þeir skilið, sem hafa heita lærdómsþrá. Hana hafði ég í fullum mæli, en þar var ekki um annað að ræða en að fara heim, eins og ég líka gjörði. Mér fannst alltaf, að þar hefði ég fórn að tölverðu, einkanlega í þá daga. Nú er allt búið og ætti að vera gleymt og grafið.¹

Bréf Guðrúnar til Guðnýjar eru því miður ekki aðgengileg almenningi og því vitum við ekki með vissu hvort eða með hvaða hætti Guðrún hefur rætt um löngun sína til að setjast á skólabeck með Guðnýju. Í sjálfsævisögu sinni kennir hún Guðnýju um að hún hafi ekki getað tekið boði barónessunnar en erfitt er að meta raunveruleg áhrif Guðnýjar á þá ákvörðun Guðrúnar að hafna boðinu.

Guðrún hafði á banabæði móður sinnar lofað henni að annast heimilið þar til þeir Vilhjálmur og Ingólfur væru komnir yfir fermingu. Undan því loforði gat hún ekki skorast þegar Guðný var ekki tilbúin til að hlaupa undir bagga með henni og taka að sér stjórn heimilisins á meðan Guðrún væri í lýðháskóla í Danmörku.

Þá er einnig rétt að hafa í huga að Guðrún óttaðist að verða að athlægi ef út spyrdist að hún hefði svo ríka menntunarþrá sem raun bar vitni. Hve mjög Guðrún lét sig varða álit almennings segir mikið til um hversu óttinn við að storka formgerðum samfélagsins var henni ofviða. Ef til vill skorti hana ekki aðeins kjark til þess arna heldur einnig vilja; ekki er ólíklegt að væntingar Jóns Borgfirðings til elstu dóttur sinnar hafi haft nokkur áhrif á ákvörðun Guðrúnar.

Af bréfum Guðrúnar má sjá að Guðnýju gekk ekki sem best að sjá um

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 146-149.

heimilið sumarið 1883. Hugsanlega hafði Guðrún hvorki kjark né geð í sér til að setja sjálfa sig í öndvegi og svíkja loforð sitt við hina látnu móður. Það má vel ímynda sér hverjar afleiðingarnar hefðu orðið hefði Guðrún kosið að taka eigin hag fram yfir hag heildarinnar, fjölskyldunnar; hefði hún tekið boði barónessunnar er vel hugsanlegt að heimili Jóns Borgfirðings hefði verið leyst upp og litlu drengirnir tveir sendir í fóstur. Þá hugsun hefur Guðrún naumast viljað hugsa til enda.

Guðrún naut þess að hitta ástvini sína á ný þegar hún kom heim frá Kaupmannahöfn haustið 1883. Fjörutíu og þremur árum eftir heimkomuna skrifaði hún í sjálfsævisögu sinni: „Svo vænt þótti föður mínum um að fá mig heim, að hann tárfeildi, þegar hann heilsaði mér. Ég held, að það hefði verið synd, ef ég hefði ekki komið heim.“¹

Þá ber að hafa í huga að þegar Guðrún reit sjálfsævisögu sína hafði hún þurft að viðurkenna að ekki aðeins hún var nauðsynlegur hlekkur í fjölskyldukeðjunni; hún þurfti ekki síður á ættingjum sínum að halda en þeir á henni.

XII. Erfiðleikar unga menntamannsins

Klemens lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík sumarið 1883. Mánuðurnir þar á undan fóru að mestu í próflestur og undirbúning fyrir frekara nám. Klemens hafði gefið upp á bátinn allar áætlanir um málfræðinám en lét sig dreyma um að hefja nám í lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla um haustið. Fjárhagur aðstandenda var fremur bágborinn og allt sumarið var Klemens í vafa um hvort fyrir honum lægi að gerast háskólaborgari í Höfn.

Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar mars-júní 1883²

Reykjavík 23 marz 1883

Elskulegi bróðir minn

Já það er sannast að segja, að nú hef jeg ástæðu til þess að þakka þjer fyrir brjef, enda ætla jeg líka að gjöra það, þvílíkt brjef, það er auðsjeð að þú ert frjáls og festulaus eins og þú segir, þarna ritar þú allt, og jeg er fullkomlega ánægður; jeg á þá eptir að borga þjer það, og skal jeg nú reyna að gjöra það, eptir því sem föng

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 158.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar.

eru til. Jeg ætla þá fyrst að minnst á skólann: kennsla og umsjón er náttúrulega alveg sú sama og áður, en heldur hefur batnað að því leyti, að piltar sækja betur tíma síðan um miðsvetrarpróf, en það er eigi kennurunum að þakka, heldur er það hitt, að vedrið hefur verið svo gott, að þeir hafa heldur viljað hírast í tímum en liggja rúminu; vera má og, að sumir hafi sjeð ófullkomlegleik sinn í prófinu, og því sjeð, að eigi dygði annað en að herða sig, til þess að standast próf í vor.

Nú verð jeg að víkja að öðru, sem beinlínis stendur í sambandi við þetta. Eins og þú veist hafa verið tvö fjelög í skólanum Bandamannafjelagið, og Ingólfur. Opt hafði þess verið farið á leit, að þau yrðu sameinuð, voru það einkum Einar Hjörli. og Þorleifur, en það fóst ætíð fyrir. Nú í vetur var Ingólfur orðinn ærið þunn-skipaður og fáir productiv menn í honum, en þó hefði hann getað lafað.

Nú þegar þetta illa ástand var hjer, þá sáu ýmsir piltar, að skólinn þyrfti allur að vera samtaka eða í einni heild því að hægra væri að ræða um skólann í einu fjelagi, heldur en sitt í hverju lagi í þeim báðum, það væri reyndar hægt að gjöra það á almennum skólafundi, en þá væir sá annmarki á, að piltar væru eigi skuldbundir til að þegja (en því miður eru margir sem kjapta öllu sem fyrir kemur í alla). væri aptur á móti skólinn í einu fjelagi og yrði þetta mál gjört að tillagsmáli, þá væru þeir bundir af lögunum til þess að þegja; þessvegna vildu þeir sameina fjelögin; jeg vildi einnig sameininguna en þó með þeim kosti, að nafnið „Bandamanna-fjelag“ væri. Nú var því báðum fjelögum slitid, og allur skólinn kom saman til þess að, samþykkja lögin fyrir hið nýja fjelag; en svo fór, að hið nýja félag heitir „Framtíðin“.

Hefur nú verið rætt um ástandið, og sumir hafa viljað senda nefnd frá piltum til þeirra Ólsens og Slembis, að segja þeim frá Sameiningunni í skólanum, og áminna þá um að gæta betur skyldu sinnar; en jeg og margir aðrir erum þessu mótfallnir, því að reynzlan hefur sýnt það, að þetta er þýðingarlaust, jeg kom aptur fram með þá uppástungu, að skora opinberlega í blöðunum á þá Ólsen og Slembi, að segja af sjer respective umsjón og kennslu; þetta kom fram á undirbúningsfundi, sem nokkrir úr efstu bekkjunum hjeldu, en nú á að halda fund á annan í páskum, og býst jeg þá helzt við, að vjer förum í sömu stefnu og þeir að fá aðgreint kennara-embættið og umsjónina.

Vjer erum ykkur stúdentum við háskólann mjög þakklátir, því að þið sýnið, að þið látið yður ant um skólann, þótt þjer sjeuð úr honum komnir, en það er svo langt frá, að stúdentar hjer skipti sjer nokkuð af því, að þeir þvert á móti gjöra gis að oss piltum, því að þeir eru drykkjubræður Slembis og Stubbs.

Meira held jeg að jeg hafi eigi að segja um skólann. Hvað okkur dimittendum viðvíkur þá var það eigi fáanlegt hjá rektor að við fengjum þessa fjóra daga, sem eru milli enda páskaleyfisins og 1 apríl, svo að við byrjum eigi fyr, jeg hlakka til að sleppa, og tel dagana, sem eptir eru.

Jú enn er eitt eptir. Vjer komumst á snoðir um það, að kennarar höfðu skrifað stiptysfirvöldunum um það, að vjer fengjum eigi að halda skólahátíð, en í þess stað væri haldin ræða af einhverjum kennaranum, og þeim 100 kr. sem piltum eru ætl-

aðar, væri varið til þess að kaupa bækur handa dúxunum eptir miðsvetrarprófið, og útbýta þeim um leið, þegar vjer heyrðum þetta, (það var farið svo leynt með það, að piltar áttu ekkert að vita fyr en þetta væri samþykkt) þá kölluðum við þegar saman fund, og samþykktum að fara þess heldur á leit, að 100 kr. væru lagðar til lestrarsalsins, sem er að fara í hundana, því að hátíð hirðum vjer ekkert um; stiptsyfirvöldin kváðust hvorki hafa leyfi til að veita það til lestrarsals nje bóka-kaupa, en vildu láta piltu hafa át sem byrjaði kl. 7^{1/2} og stæði til 12, skyldu tveir piltar vera saman um eina rauðvínsflösku við bordið, en eptir átið, átti að hafa toddy sem eigi væri meira en svo að 50 aurar kæmu á mann, þessum kostum höfnuðum vjer, svo að nú verður engin skólahátíð; nú ætla jeg að hætta um stund og fara í kirkju því að B. Þór stígur í stólinn.

Nú er jeg þá kominn aptur úr kirkjunni, það var heldur laglegt hjá Bjarna en ekki meir. Mjer þykir þú vera furðu djarfur að segja það með vissu, að jeg muni koma í sumar. Nei sannarlega stendur eigi betur fyrir mjer en þjer, en þó held jeg að jeg komi hvað lítið sem jeg hef. Pabbi spurði amtmanninn um daginn, hvort hann hefði ekkert til að láta mig gjöra fyrir sig í sumar, og sagði hann að það gæti vel verið, en þegar pabbi nefndi þingið við hann, þá sagði hann, að ómögulegt væri að segja neitt um það því að það eru jafnan svo margir, sem sækja, en fengi jeg þingið, þá væri jeg góður. Í öllu falli kem jeg eigi fyr en með ferðinni, sem fer frá Reykjavík 29 ág. og kemur til Hafnar norður um land 20 sept. svo að jeg þyrfti að láta sækja um Garð fyrir mig, og gætir þú gjört það. Jeg vildi að einhver maura-púkinn byði mjer sömu kosti og Jóhannes bauð Sveinbirni, að borga honum aptur ef hann gæti, annars eigi.

De studis: þá hef jeg helzt verið að hugsa um lög, jeg hef reiknað það út, að það eru 12 lögfræðingar hjer yfir fimmtugt, og þá eru öll líkindi til að þeir hrökkvi upp af innan fárra ára, auk þess eru aðrir annaðhvort heilsulausir eða þá hafa góð Udsigt, til að vera reknir frá, en hins vegar eru 15 lögnemendur við háskólann.

En nú kemur eitt á veginn og það er að jeg hef heyrt, að lögfræðingar þyrftu mikla manuductiu og hún er dýr. Segðu mjer nú hvernig þjer líst á þetta, og jafnframt, hvað það er fyrir nokkuð þessi Statistík? Enn fremur ætla jeg nú að biðja þig um nákvæman reikning yfir útgjöldin, sem nauðsynleg eru á Garði og týna allt til, jeg hef reyndar sjeð þess háttar frá Ólafi Davíðssyni, en mjer líkar það eigi.

Kemur þú upp í sumar þá geturðu náttúrlega sagt mjer þetta alltsaman betur. Jeg man ekki, hvort jeg sagði þjer síðast, að Gröndal væri settur frá, nú er því kennaraembætti laust, en eigi vil jeg ráða þjer til þess að sækja um það, að minsta kosti eigi fyr en búíð er að greina umsjónina frá kennaraembættinu, því að annars lendir hún á þjer, og er vandi fyrir þig, annarsvegur af því að jeg veit eigi hvort þú ert þeim hæfilegleikum búin, sem þar til útheimtast, og hins vegar er það meiri vandi fyrir þig, þar sem þú hefur ritað um það.

Jeg hef það eptir piltum á Möðruvöllum, að þeir eru hræddir um, að þeir missi Þorvald, væri það sannarlega gleðilegt, að fá hann, svo góðan kennara. Já jeg á eptir að óska þjer til hamingju með prófið, jeg er harðánægður með það, en alla

sem þekkja þig rak í rokastans yfir því. Fyrirgefðu nú allt rausið og vertu svo kærast kvaddur af þínum elskandi bróður Klemens.

Porgrímur er mikil vinur Jónassens, annað veit jeg ekki, jeg bið að heilsa Emmu.

Reykjavík 5 maí 1883

Carissime frater!

Kærar þakkir fyrir brjefið síðast, en heldurðu að jeg hafi mikinn tíma afgangs, þar sem jeg er að lesa undir mína dimission; jo pyt min bror det er feiltagelse; nei jeg er nátturl. totus in latneskum og grískum dodröntum, það er líka gaman að þeim eða hitt þó heldur. Jeg er nú búinn með síðan 1 apríl alla latínuna nema það hraðlesna en það eru 1000 vers í Óvíð og sem svarar 2. bókum í Liviusi, enn kemur allt prosía í grískunni, en á alla porsi eptir c 4000 vers.

Það er sárgrætilegt til að vita, að grískan og latínan skuli taka upp helminginn af upplestrartímanum og meira til. Jeg les náttúrulega ekki eins og vitlaus maður, heldur fer mjer ofurhægt, aldrei við ljós á kveldin, því að það þyldu mín augu ekki, en samt er jeg eigi á eptir öðrum og kenni þó einn tíma á hverjum degi. Fyrir prófinu sjálfu kvíði jeg ekkert en það er tíminn hann er svo skolli langur. Terki liggur sjúkur. 2 apríl þegar raðað var sagðist Terki hafa bunka af brjefum frá piltum, sem í væru skammir um skólann og kennarana.

Oss brá í brún því að hefði Terki þessháttar brjef þá hlaut hann að hafa stolið þeim eða hans satelliter, Ólsen og Slembir. Nú skrifuðum vjer Terka brjef ósköp hógvært og beiddum hann um að gefa upp þá pilta, sem hann hefði brjef frá. Fyrst þótti honum brjefið hógvært en seinna kvaðst hann eigi svara því, því að það væri ósvífið, og hafði náttúrl. einhver skotið þeirri flugu að honum. Nú skrifuðum vjer stiptysfirvöldunum, og beiddum þau að skerast í málið, og Gröndal hafði gjört hið sama fyrir hönd nokkurra pilta, sem hann var fjárhaldsmaður fyrir.

Nú voru stiptysfirvöldin í vanda stödd, því að Terki kvaðst aldrei hafa sagt þetta og bauðst að sverja það, en hinsvegar voru 100 skólapiltar sem buðust til að sverja að hann hefði sagt það, enda voru þau ekki á sama máli, biskupinn vildi láta oss fá áminningu fyrir að vera að hreifa við þessu, en amtmaðurinn vildi láta Terka hafa hana, en þá varð Terki allt í einu fárveikur, nýrnaveiki eða eitthvað þess háttar af curu og kyrrsetum. Terki ætlaði að láta Ólsen gegna rektorsstörfum, en nú var M. Steph. settur amtmaður en hann setti H. Fr. þegar í stað, og það má segja að Dóri er á báðum buxunum núna, enda hefur og þegar orðið betri regla á en áður.

Við þetta þyngdi Terka stórum, og nú þyrfti eigi annað en eitthvað líkt atvik, þá færi hann alveg. Svona er nú í skólanum núna. Jeg hef góða von um að uppástunga ykkar hafi góðan byr á þingi í sumar og verði til mikils góðs. Jeg þakka þjer fyrir upplýsingar í brjefi þínu en þjer hefur gleymst eitt, sem jeg bað þig um, og sem mest á ríður.

Það eru tvær ferðir í sumar, sem um er að gjöra, önnur beint út, sem fer hjeðan 4 ágúst, en hin norður um land. 29 ágúst og á að koma til Hafnar 20 sept. með þeirri ferð vildi jeg helzt fara, en nú getur hlekkst á, og það komið seinna en þann 20. er þá eigi hægt að sækja um Garð áður? Það vil jeg fá að vita næst. Jeg býst við, að jeg komist ekki nema jeg geti farið með þeirri ferð, því að jeg get eigi farið nema jeg fái þingskriptir, og eru litlar líkur til þess. en eigi jeg að fara 7 ágúst þá er það bæði að jeg hef ekkert unnið mjer inn, og svo hitt að þá þarf jeg að lifa á því frá 20 ágúst og þangað til jeg fæ Garð. En samt held jeg að jeg komi skítblankur, jeg trúi eigi öðru en að það megi fá nóga kennslu ytra, og hún er svo vel borguð. Um þetta vildi jeg heyra þína „meiningu“ næst. Viðvíkjandi greininni í Fróða þá hef jeg ekki getað grafið það upp, þeir vita það engir hjer, en jeg skal hafa það í huga. Hver er þessi Krúnert sem er að skrifa í „Dagblaðið“, jeg hef heyrt því fleygt að það væri M. Steph. Í gær var haldin veisla handa H. Finsen. Stgr. Thorst. beiddi Valtý að græja. jeg sendi eitt ecpl., þinn elskandi bróðir Klemens.

Jeg bið að heilsa Emmu.

Reykjavík 20 júní 1883

Gunna og Finnur!

Þið eigið sumsje bæði þetta brjef í sameiningu, og vona jeg þið getið foreinast um það. það er þá fyrst til máls að taka, að við gerðum ritgjörð þann 12 júní, efnið var þannig: „Að lýsa eðli sannrar vináttu og þeirri heill, sem af því leiðir að eiga góðan vin.“ heldur gott og veit jeg ekkert um, hvernig jeg hef gjört hana, explicandum sama daginn það var hjá Svetonii Vezpasianus 4 cap, þar fæ jeg sjálf-sagt laud og svo kom danski stýllin hann er 2. ári Fjelagsritanna bls. 70 öll síðan.

Allir sem sjeð hafa segjast aldrei hafa sjeð verra dimissionartheta ma í dönskum stýl, og þykir Jón Jenson þar hafa yfirstigið Grím Thomsen hann var eins og við var að búast afleitir hjá öllum, svo að líklega fær enginn laud í dönsku, En hitt gjörum við eigi fyr en í júlí; drottinn minn hvað það er leiðinlegt að sitja inni og lesa núna, jeg er orðinn svo latr. Jeg nenni eigi að skrifa lengra nú, jeg skrifa ykkur báðum 1 júlí, ef jeg hef nokkuð; að minnsta kosti Gunnu.

En heyrðu nú til Finnur. jeg er alltaf að hugsa um þessa siglingu, en þykist ekki sjá neina möguleika ef jeg þarf að fara heim 7 ágúst; fær maður eigi ferðakostnaðinn þó maður fari með Camoeus? Og ef svo er, er þá eigi nóg að fara með því er það fer hjeðan 3 sept, kemur til Engl. 7 sept og maður í Höfn þann 12 sept eða fyr, er þetta eigi nógu snemmt. Sje það eigi, nú þá kem jeg með ferðinni 7 ágúst ef jeg get, en annars ekki því að þó jeg vinni inn svo sem 100 kr. þá er það ekki neitt vertu svo kært kvaddur af þínum elskandi bróður og þú líka elsku systir, guð gefi þjer góðan og fljótan bata.

Ykkar elskandi frater Klemens Jónsson.

Jeg bið kærl. að heilsa Emmu.

XIII. Húsmóðir á þrítugsaldri

Guðrún kom heim til Reykjavíkur um haustið og tók þá við sínu fyrra hlutverki á heimilinu; hlutverki sem hún hafði í raun aldrei losnað úr þrátt fyrir dvöl sína í Kaupmannahöfn. Bréf Guðrúnar frá árunum 1883-1884 lýsa vel daglegu lífi ungrar húsmóður sem sinnir heimilisstörfum samhliða því að afla tekna með hannyrðakennslu og saumaskap. Í bréfunum má auk þess fræðast um fermingarundirbúning, viðhorf Guðrúnar til náttúrunnar, tvíbenta afstöðu hennar til borgarastéttar og hug hennar til hálsystur sinnar sem fædd var í lausaleik, svo dæmi séu tekin.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1883-1884¹

Reykjavík 21/10 1883

Elsku besti bróðir

Línur þessar eiga að færa þjer innilegt þakklæti fyrir alla þína miklu og góðu umhyggju og hjálp við mig, nú er jeg þá komin heim. Þú hefur vona jeg fengið brjef er jeg ritaði í Englandi, og svo hefur Páll sagt þjer frá því að við fundumst í Þórshöfn, en hvað mjer þókti vænt um að sjá hann, og hann kom um borð til mín, og því skal jeg ekki gleima honum, heilsaðu honum kærlega frá mjer, svo gekk nú ferðin vel hingað, frá Færeyjum, nema hvað jeg var alveg dauð í sjósótt, Einar í Brekkubæ var með heim, og hann var svo undur góður við mig, og sagði það væri alt vegna þess að þú værir sá ágætisdreingur.

Björn talaði þá altaf við mig þegar hann sá mig uppi, jeg get núna ekkert skrifað þjer sem matarbragð er að því jeg er en svo ókunnug, pabbi, þú hefðir átt að sjá hann þegar hann kom um borð hvað hann var glaður, hann er svo lukkulegur, að hann leikur við hvern, sinn fíngur fyrir því að jeg er komin og er eins frískur og jeg er, því nú er jeg svo makalaust góð, hvað leingi sem það verður. Ingólfur og Villi urðu líka glaðir fjarskalega.

Guðný hefur farist þrýðilega að halda húsið, hún er ögn ergileg uppá þig, hún segjist vita þú virðir sig ekki meir en hund þegar þú aldrei skrifer sjer eina línu, þú mátt til að skrifa henni, en eitt þókti mjer sárt og sorglegt að þær fyrstu frjettir sem jeg fjeck var að Símon væri búin að missa dreinginn sinn, og var hann jarðaður sama dagin og jeg kom, og það þókti mjer leiðinleg gánga hingað í hús, jeg varð fegin að vera komin heim og sjá okkar góðu gömlu hvítu fjallatinda, það er einhvernvegin svo undur viðkunnanlegt, og jeg er líka altof „bondægtig“ segir danskurinn, til að geta þrifist annar staðar en á Íslandi, en ekki tala jeg um hvað gaman jeg hef að hafa farið þettað.

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

Heilsaðu innilega fyrir mig hjónum á Garði. jeg hef komið öllu sem jeg var beðin fyrir til skila, nema mig vantar kassa með gypsmindinni, frá Eiríki, en jeg vona hann komi. jeg er búin að hafa þaug ósköp fyrir að leita að honum, þú veist að því er öllu skipað upp hingað og þangað, og svo verður maður að elta það, ó hvað jeg er ólukkuleg yfir þessu, en jeg get ekki að því gjört. jeg ætla nú að senda suður í hafnarfjörð ef því skyldi hafa verið skipað þar upp, jeg verð náttúrlega að borga það ef það kemur hvergi fram.

Biddu Mensa að fara til Frú Svendsen, og heilsa henni innilega frá mjer, nú hætti jeg þú verður að fyrirgefað hvað jeg gat sent ykkur lítið núna, jeg gat ekkert, skipið stóð svo stutt við, Ingólfur og Villi biðja, að heilsa, vertu svo blessaður og sæll elsku bróðir, Guð launi þjer alla daga fyrir mig það mælir þín elskandi systir Gunna

Reykjavík 2/12 1883

Elsku góði bróðir

Gleðileg jól góði bróðir. Innilegar þakkir fyrir þitt síðasta brjef, en stutt var það minn kæri, ekki nema hálf örk, jæa það var nú gott samt, hjer gengur við þettað sama heima, allvel, jeg er bærilega frísk, en dálítið kvef hef jeg fengið en það er ekki mikið, jeg er svo miklu betri nl. jeg fer líka vel með mig, aldrei úti nema í góðu veðri, og sauma ekki mikið, jeg hef stúlku sem jeg er að kenna, og hana læt jeg sauma á maskínuna, og Guðnýju líka, einnig í bænum gengur við þettað sama, betra ástandið í skólanum að sögn, Ólsen hvað vera mikið betri síðan heim kom. hann hefur sjeð að sjer, en rektor altaf jafnvitlaus.

Í dag fóru skólapiltar í kirkju og Halldór Guðna með þeim, og kallin var svo þrekaður að það varð að stiðja hann upp stigan, ekki er gott, Björn Jenson er vel liðin, og einnig Geir, nú er í ráði að halda Tombólu í Thorvaldsenfjlaginu, og ganga hinar háu frúr í hverja búð og kaupa ónýt glíngur, á hana, í staðin fyrir að tylla sjer niður og búa til eitthvað sem gagn yrði af haft, nei svo hátt hugsa þær ekki, ekki¹ hef jeg heirt nemt hið síðasta „velvakandabrjef“ þeir varast að nefna ykkur þessir herrar, nú hefur Halldór Friðriks verið fjarskalega veikur, og alveg tekin af, en nú er hann að batna aptur, en á langt í land til að verða jafngóður, nú er Gestur altaf blindur upp á hvern dag.

Þórhallur spilar stóra rullu hjer í bænum, hann er nú annars gróflega viðkunn-

1 Guðrún gekk í Thorvaldsensfélagið haustið 1886. Eins og sjá má í sjálfsævisögu hennar breyttist viðhorf hennar til félagsins töluvert eftir að hún var sjálf orðin aðili að því. Í sjálfsævisögunni segir hún frá því að það hafi verið fyrir tilstilli frú Elínar Sveinsson sem henni og Guðnýju systur hennar var boðið að ganga í félagið. „Þá var ekki beðið um inntöku, heldur var útvöldum boðið að ganga í það, svo að við vorum töluvert upp með okkur að fá að vera með í þeim fína félagsskap, enda vantaði ekki öfundina hjá þeim, sem ekki var boðið!“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 160.

anlegur, á mannamótum, jeg hef talað við hann á „Ingólfi,, en aldrei sje jeg hann svo að mjer ekki detti hrákin í hug, Guðlaugur Guðm. hefur víst nóg að gjöra en hann drekkur svo ógurlega mikið, Jóhannes drífur sig líka, hefur þú heirt að nú er Sigurður sýslumaður frá Hjálmholti giptur ekkju Sigurðar læknis Ólafssonar.

Illugi frændi er hjer núna um tíma að æfa sig í að spila á orgel. hann biður innilega að heilsa þjer með kæru þakklæti fyrir bókina, nú sendi jeg þjer vestið og vona jeg að þú getir notað það, þakkir skalt þú fá með næstu ferð, líka sendi jeg þjer sokka og vetlínga, þið verðið að fyrir gefa hvað þettað er lítið og fátælegt, leiðinlegt er að Mensi þarf að búa með Brynjólfi en jeg vona, að hann láti hann ekki draga sig út í neina ófæru, en ef hann lætur hann tæla sig, þá er hann ekki verður að verða maður.

Jeg vona góði bróðir þú lítir til með honum, jeg sendi þetta yfir England því nú fer Hólmfríður Sigurðardóttir. jeg bið Klemens að fara til skips og fylgja henni til Krabbi, þú hvetur hann til að gjöra þettað, jeg vona að hann láti mig ekki biðja sig til einskis, því aumt er ef sonardóttir Jóns Guðmundssonar, ekki ætti mig að, að svo miklu sem jeg gæti ef henni læi á, svo reindist afi og amma hennar mjer, nú man jeg ei meir, jú heilsaðu innilega Eiríki Jónssyni frá mjer og þeim hjónum, alt er komið til skila frá minni hendi, er jeg tók af, þeirra kassi kom seinna, heilsaðu innilega Páli frá mjer, einnig, ef það er einhver sem kveðju mína vill, jeg fjekk brjef frá Edwald og rita jeg honum aptur, jeg rita víst Emmu nokkrar línur.

Góði Finnur þú mátt til að skrifa Guðnýu, með næstu ferð, hún er svo ógn ergileg, nú hætti jeg, gott og gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir alla þína ástsemð við mig á hinu gamla ári. vertu svo blessaður og sæll, guð annist þig alla tíma, þess biður þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 21/3 1884

Elsku góði bróðir!

Hafðu bestu þakkir fyrir brjef þitt, en eitthvað hefur, legið ílla á þjer þegar þú skrifaðir, og naumast trúi jeg að uppsögn í húsnæði hafi verið því ollandi, bara þú nú ekki sjert farin að iðrast eptir að hafa steypit þjer í þettað þras alt saman og hvernig er því varið að þú nú skyldir sættast? við Triggva en að það hafi verið rjett efast jeg ekki um, en dálítið þókti mjer það leiðinlegt, og mjer sýnist þú endilega ætla að segja þig í fjelagið aptur eins og ekkert hefði í skorist.

Það er annars mjög leiðinlegt að það skuli gánga svona alt, og dæmalaus maður er þessi Triggvi. gamall maður að láta eins og ílla uppalin götudreingur, og svo að hafa svo gott sem dætur sínar til að vinna allan óþverra, sem síðan gjörir það að athlægi, og einnig svívirðulegu kvennfólki. slíkt er að veita gott uppeldi!!! hjer um bæin hafa gengið öll ósköp á út af þeim. því ekki húshæfur eða kirkjugræfur, heldur en verst er, að Skúla ógleimtum þeim er víst ekki vel við hann hjer, og nú er nýlega búið að skrásetja um hann þann pistil, að hann sje alveg forfallið svín, og tekið til dæmis „næstum því verri en hann Gestur Pálsson.

Skúli hefur komið hjer, hann er víst ágætis dreingur, að öllu leiti, nóg um þetta, blessaður skrifaðu mjer hvað gengur með þettað alt. okkur líður heldur vel. jeg er altaf heldur bærilega frísk, bara heldur mikið að gjöra, en jeg má til að keppast við. jeg er svo skuldug, og þarf að vinna, já altaf að vinna, því ekki er jeg róleg fyrr en jeg er búin að borga allar mínar skuldir, jeg er þó dálítið búin að kolasía, Ingólfur og Villi hafa verið dálítið lasnir en er nú alveg batnað, þeim gengur báðum ágætlega vel, eins og þeir víst ekki gleima að skrifa þjer, yfir höfuð hefur okkuð liðið vel, við höfum alt af nóg. pabbi altaf frískur, en samt er hann farin að verða þreittur á þessu labbi altaf, en það er heldur, ekki fáar krónur sem þeir fá fyrir allar þessar stefnur, og er það góður búbætur.

Guðný er gróflega mindarleg, og dugleg, henni hefur ekki lítið farið fram við það að vera ráðskona. ert þú ekki að verða sokkalaus núna. góði Finnur ef það er eitthvað sem jeg get gjört fyrir þig, þá er mjer það sönn gleði en nú þarft þú þess ekki, því nú ert þú orðin sjálfstæður maður, guði sje lof. já eitt var en sem jeg ætlaði að sega þjer, fólkið hans Páls er ógn ergilegt yfir að hann skuli vera á móti Triggva, og yfir höfuð að hann skuli gefa sig við öðru, en að lesa í vetur, þar honum nú ríður á að fá góðan vitnisburð, þú heilsar honum kærlega frá mjer.

Jeg er glöð yfir að þið skuluð búa saman, því það er gaman fyrir ykkur báða og jeg vona að þú eða þið hafið fengið gott húsnæði, heilsaðu öllum, Petrínu og þeim báðum, Emmu skrifa jeg, ef jeg get, nú hætti jeg, og verður þú að fyrirgefa þettað leiða brjef, jeg get ekki verið neitt að tala um rífrildi, og þessháttar því jeg veit að það skrifa þjer aðrir betur færir, en jeg, þó alt þessháttar sje í mínu interesse, vertu svo blessaður og sæll elsku góði bróðir, þín elskandi systir Gunna

Heldur þú að þú komir ekki í sumar heim til okkar kalda lands, Johnsen biður innilega að heilsa þjer, það er eptirtakanlegt að sjá hvað það ber sig vel. eptir annan eins missir. jeg kem þar opt.

Heldur þú ekki að við gætum öll lagt saman og gefið Villa úr í fermíngagjöf.

Reykjavík 29/5 1884

Elsku góði Finnur minn

Mínar hjartans bestu lukkuóskir eiga þessar línur að færa þjer, frá mjer í dag. á fæðingardegi þínum, jeg veit að þú nú ert út á Fridriksberg eða einhverstaðar þar úti. Því nú er kl. 9. enn við hjeldum dagin hátíðlegan með því, að fylgja Valgerði Briem, til grafar, það meiga víst allir sem að henni standa lofa guð fyrir, hennar hvíld, eins og hún var orðin, Árni Jónsson hjelt mjög fagra húskveðju, og minnst rækilega á alla hennar fjarverandi ástvini, síra Hallgrímur, hélt ræðu í kirkjunni allgóða, jeg gaf krans, kvæði var ort. og færð þú það víst.

Jeg man vel eptir þessum degi í fyrra, og er ólíkt, á heilsu minni nú og þá. (þú manst það var þegar mjer varð ílt hjá gömlu mad. Buchart.) nú er jeg mikið vel frísk, það hefur víst ekki verið nema þúngt kvef, en jeg varð svo undur hrædd að

það væri nú gamla veikin en það varð ekki, nú finn jeg ekkert til, á sunnudagin var, var Villi fermdur og þá óskuðum við að þið væruð komin heim til okkar, en það var nú það nema, það gekk ekki, jeg hef puntað vel upp heima, jeg setti nýtt á sófan, betrekti stofuna, setti upp hvítar gardínur svo nú er fínt og mikið gott hjer hjá okkur, jeg gjörði þettað alt sjálf, svo kostnaðurin varð ekki mikill, svo keypti pabbi gamalt skattol, og ljet mála það, og svo stendur það þar sem skápurinn stóð, hjá norðurgluggan.

Villi fjeck ný falleg blá föt, hatt og stígvél, en svo þegar hann kom úr kirkjuni þá kom úrið (þú skalt fá með beinni ferðinni peníngana) og þeirri gleði ætla jeg ekki að lísa, hann var öldúngis hissa, svo keypti jeg handa honum ógn fallega keðju, Ingólfur gjörir það ógnar grín að honum fyrir þettað alt en öfundar hann náttúrléga sárt, hann sagði við Villa þegar hann kom úr kirkjunni, „nú nú Villi litli, jeg óska þjer til lukku að vera nú orðin maður“.

Hjer hefur verið margt að gradulera svo við höfum haft nóg að gjöra að gánga um, pabbi skrifar þjer allar frjettir, jeg er svo lukkul. yfir að jeg skuli vera svona frísk, líka yfir að búið er að ferma Villa, nú er þá bara Ingólfur eptir, ekki get jeg neitað að dálftið langar mig stundum til að vera horfin til ykkar þarna. einkanalega þegar jeg hugsa um skógin, mjer hefur opt leiðst í vetur mig hefur vantað Mensa minn, hann var lífið og sálin, í heimilinu. altaf kátur og glaður. en Guðný, er svo þver og köld, en hún er svo grófléga dugleg og mindarleg, mjer líkar vel við hana svoleiðis, nú er rjett allar mínar stúlkur farnar, bara 12 eptir, jeg ætla einga stúliku að hafa í sumar, það er svo bundið og þreitandi.

Skúli kom hjer stöku sinnum, mjer fellur hann vel í geð, Þórhallur orðin prestur. han var leiðinlegur í stólnum, þeir sögðu hann, hefði verið hræddur, það var líka ljóti tínungurinn, heilsaðu Mensa innilega frá mjer, einnig öllum sem kvæðju mína vilja. Guðný biður kærlega að heilsa þjer og óskar þjer til lukku, þú heilsar Emmu kærlega, vertu nú blessaður og sæll. guð gefi að þettað þitt níbirjaða ár verði þjer heilla og blessunarríkt. Þess biður af hjarta þín elskandi systir Gunna.

Þú verður að fyrirgefa þettað brjef.

Reykjavík 26/8 1884

Elsku góði Finnur minn!

Mínar innilegustu hjartans lukkuóskir, eiga þessar línur að færa þjer, þú getur ekki ímindað þjer hvað glöð jeg er að þettað skuli vera búið,¹ nú vona jeg að þú

1 Guðrún er að óska Finni til hamingju með doktorspróf hans. Doktorsritgerð Finns fjallaði um kvæði í Íslendingasögum. Í sjálfsævisögu sinni rekur hann aðdraganda þess að hann valdi sér kvæðin sem viðfangsefni. Þar segir: „Svo að segja frá barnsárunum hafði mjer þótt gaman að skáldakvæðum og reynt að skilja þau. Hjá Konráði [Gíslasyni] hafði jeg lært að skilja, hve meðferð vísanna í handritunum var bágborin oft og einatt, og jeg hafði af honum lært rjettan skilnínig á eðli skáldskaparins, kennínganna og samræmis þeirra við annað orðalag og orðaval.

hægir heldur á þjer með að hugsa eins mikið, þú verður að fara varlega. Því heilsan er dýrmæt, ó að mamma hefði lifað til að geta notið þessar ánægu með okkur, hvað þjer og ykkur gengur vel. Það er annars nokkurs vert þegar maður heyrir um það, að hugsa sjer pabba bláfátakan koma þessu öllu áfram.

Það er ánægulegt fyrir þig að geta gjört honum svona mikla gleði, því hann er í sjöunda himni síðan um dagin, að skipið kom, er það ekki líka von, hann er að verða hrumari, og er helst í fæturna, það er heldur ekki að furða á þessum ógnar gáangi sem hann verður að hafa en ekki er það reindar neitt sem orð er að gjörandi en sem komið er, hann er frískur að öðru leiti, bara þú nú ekki leggir of mikið á þig.

Það er skárna hvað þig hefur hulið það að verða doctor, bara þú fengir eitthvað viðunanlegt, að starfa, hvenær ætli þú verðir laus við þessa skuld, og getir gipt þig, til þess þarf nokkrar krónur, það er leiðinlegt að jeg skuli ekki geta borgað þjer það sem þú átt hjá mjer, og jeg hef aldrei einusinni nemt það við þig, þú mátt hugsa að jeg hafi gleimt því en það er eingan vegin, en jeg skal einusinni segja þjer hvernig á öllu stendur, jeg var nú fyrst skuldug þjer svo bætast ágætar 100, og síra Eiríki Breim 100. og svo var jeg í [] skildur eitthvað undir 100. og þær er jeg alveg búin að borga, jeg kláraði það í sumar snemma, en árætti jeg strax að birja að borga þjer á eptir, það hefði jeg ásett mjer upphaflega, en svo hefur dálítið komið fyrir, (sem jeg skal skrifa þjer á lausum miða,) svo jeg vil ekki láta Bríems hjónin eiga hjá mjer lengur en jeg þarf, svo jeg er búin að borga þeim 50 kr. og vona innan skams að geta losað það sem eptir er, og svo skal jeg strags birja að borga þjer, því fóget-anum liggur mjer ekki á að borga því af þeim peníngum borga jeg rentur.

Góði bróðir jeg vona þú misvirðir ekki þettað við mig, jeg hef opt ætlað að skrifa þjer um þettað alt en aldrei orðið af því, þakka þú ekki að mjer hafi gengið vel að borga, það er þó ekki nema eitt ár, og jeg hef ekki unnið eins mikið og jeg

Mjer datt þá í hug sú dirfska að reyna að lagfæra allan skáldskapinn eftir mætti. Jeg byrjaði með því að skrifa upp megnið af vísunum úr sögunum eftir prentuðu bókunum, og ætlaði svo að taka þær eftir öllum handritum og leiðrjetta textann þar sem þess þyrfti. Jeg byrjaði auðvitað að skrifa um vísur Braga gamla og náði aftur að Agli Skallagrímssyni, að honum meðtöldum; þetta efni var nóg í sæmilega dispútatú.“

Finnur segir einnig frá því að athöfnin hafi upphaflega átt að fara fram í september en á síðustu stundu verið frestað fram til 6. nóvember. „Athöfnin fór fram á háskólanum sjálfum, í 3. sal. Var hann fullur, aðallega af löndum. Þeir Wimmer og Konráð voru andmælendur af háskólans hálfu; taldi Konráð ýmsar smávillur upp hínagað og þánagað, Wimmer eina málfræðilega kórville, en endaði með ummælum og ósk, sem jeg varð ákaflega glaður við, en vil ekki endurtaka hjer. Af áheyrendum kom Gísli Brynjólfsson fram; það var ekki annað en hans vanalegi vaðall, og fyrir utan efnið, svo að decanus, Gertz, tók fram í og sagði, að hann yrði að hætta að tala um það, sem ekki kom máli við (Sonatorrek, sem jeg alls ekki hafði tekið til meðferðar). Jeg varð ánægður alls og alls með daginn, en ekki hafði jeg nein ráð á að halda nokkuð doktorsgildi, sem þó er og hefur verið vani. Jeg borðaði miðdegisverð hjá unnustunni.“ Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*, bls. 62-63. Eins og sjá má af bréfum Guðrúnar gladdist hún mjög yfir doktorsnafnbót Finns. Árangur hans vakti bæði athygli og öfund meðal bæjarbúa og má ætla að jafnvel Jón Borgfirðingur hafi við það tækifæri fyrirgefið Finni hversu illa honum gekk með cand. mag. prófið.

hefði átt að gjöra, en jeg vil fara vel með mig, mjer líður annars vel. er altaf vel frísk, og opt sem jeg finn als ekkert til, og altaf heldur að fara batnandi, svo jeg vona að jeg fáí alveg heilsuna smátt og smátt, og ef jeg fæ hana þá skal jeg vinna.

Yfir höfuð líður okkur vel heima, pabbi er altaf að verða betri og betri við mig, hann vill með öllu gera mjer lífið gott, og jeg verð líka að segja að jeg ligg ekki á liði mínu að gera heimilið þægilegt, og ljetta af honum þeim áhyggjum sem hægt er, jeg hugsa um alt sem þarf að gera utan húss og innan. og jeg er viss um að við húsbónda getur ekkert heimili komið minna, hjer er um ekkert annað talað í bænum en um Emil og Sjönu, það hjá Zoega segir E. hafi skit á gamla Geir, og sagt að Sjana væri ekki til neins að bíða eptir sjer, því hann væri ansi gálaus peningalaus, og forfallið dryggjúsín.

En sá sem er kátur er gamli Geir, og jeg held helst að S. sje hreint ekkert hrigg, og gott ef hún ekki er farin að hugsa um að klófesta eitthvern, er það satt að Emil sje svona, eða hvernig er þettað alt. heilsaðu Morisi og þeim konum. jeg óska til lukku með stelpuna, heilsaðu einnig innilega Emmu og því öllu saman, einnig Páli. hvað gjörir hann í vetur, hefur þú heirt að Kristján Jónasson ætli að sækja um amt-mannsembætti eða assisans. nú sendi jeg þjer eina sokka og nærbugsur. þú verður að fyrirgefa, þó það sje lítið, Mensi gefur þjer að smakka hángikjöt ef þú vilt og einnig kæfu. bærin er í uppnámi út af doctors titli þínum, karlarnir hugsa að þú sjert orðin lækni! að endíngu þakka jeg þjer fyrir þitt góða brjef, ásamt bók, þó jeg ekki hafi minsta vit á henni, þá á jeg enga dýrmætari bók, góð og Gleðileg jól og allar stundir góðar, þess óskar af hjarta þín elskandi systir Gunna.

Reykjavík 2/9 1884

Elsku góði bróðir

Línur þessar eiga að færa þjer allar góðar þakkir fyrir, brjef og alt gott, nú er veðrið farið að skána og alt er því betra og skemtilegra, jeg bærilega frísk, og allir hjer. Nú skal jeg segja þjer dálitlar frjettir, í sumar einu sinni þá fjekk pabbi brjef frá dóttur sinni fyrir norðan, og hún mælist til að hann taki sig. nú síndist mjer að þettað vera náttúrlegt og sagði pabba að frá minni síðu væri ekkert til fyrirstöðu, (eða síndist þjer ekki það vera rjett,) svo skrifaði hann aptur og sagði hún mætti koma, og svo nú um dagin kemur hún með pósti og verður hjer í vetur, en fer í átt-haga sína aptur í vor, og það vil jeg líka, jeg vil ekki hafa hana alveg, hún er ekki vitund lík okkur eða pabba, hún er samt heldur lagleg, hún er jeg hrædd um engin fyrirtakskvenmaður, mjer síndist rjett að pabbi hefði hana einn vetur það verður svo það eina sem hún hefur gott af því að vera hans dóttir, það er náttúrlega dálítið talað um það fyrst, en það er hlutur sem niður dettur, og mjer er þá alveg sama.

Nú er Margrjet Olsen farin að læra að sauma hjá mjer, gaman er að, allir eru óðir og uppvæjir að tala um doktorstitilin og þykir öllum vel gjört af jafnúngum manni, sagt er að Gestur ætli að stefna þjer, greið hann verður eitthvað að gjöra. hann, fór að skamma pabba um dagin, en jeg ólmaðist þángað til, að jeg held að pabbi ætti

ekki að svara honum, mjer finst það óþarfi að vera að gegna öðrum eins slóða og hann er, þeir háu herrar hér hafa hann eins og þeir vilja, en þeir eru líka lítillátir, það veit kunnugur, nú er hann hættur að heilsa á götu, og þú getur nærri að okkur líkar það sárt!

Það er leiðinlegt, með Soffíu Hafstein ef hún er orðin brjóstveik, hún hefur fjorkjólást í vetur á sínum Steingríms gaungum, það er sagt að móðir hennar vilji fá hana heim til sín í haust. Því nú er Lára farin, hún er orðin rektorsfrú í Flensburg, ljótt er að heira með Gísla, en það uppátæki að fara að drífa sig, svona úngur, og eiga unnustu, nl. Sigríði hjá rektor, hún er komin í alt svart, er víst harla sorgmædd sem von á, það er alveg eins og alt ógurlegt stefni að þeim hjónum, eingar fleiri frjettir veit jeg, jeg á að bera þjer kæra kveðju Skúla, hann fór vestur núna með skipinu.

Mensi hefur víst fengið brjef frá mjer núna með franska skipinu, jeg vona að það hafi komist, því í því var nóg af útrjettíngum, en jeg sendi alla peníngana með Láru, en umfram alt biddu hann að fara út á Kristjánshöfn til Mad. Hollberg, og biðja hana að láta mjer ekki bregðast, að jeg fái með næstu ferð sem jeg á hjá henni. heilsaðu öllum hjá Heracks, og sjerlega vel einnig Páli kærlega, Guðný og strákarnir biðja að heilsa þjer, mundu að láta Mensa gjöra þettað mjer liggur á því, vertu blessaður og sæll guð gefi þjer til lukku og blessunar með fyrirtæki þín öll, þess biður af hjarta þín elskandi systir Gunna.

Kondu innlögðum brjefum til skila, ef Þorleifur frá Bíldudal biður þig einhverrs þá vertu honum heldur innanhandar. móðir hans treistir þjer öllum mönnum betur.

XIV. Launbarn kemur úr felum

Sigurjóna Jónsdóttir var dóttir Jóns Borgfirðings og Sigurlaugar Jónsdóttur. Hún var fædd á Akureyri 19. ágúst 1865 en Guðný dóttir Jóns Borgfirðings og Önnu Guðrúnar var fædd 5. ágúst sama ár. Sumarið 1865 fluttist fjölskylda Jóns Borgfirðings frá Akureyri til Reykjavíkur og er hugsanlegt að tilvist Sigurjónu hafi haft einhver áhrif á þá ákvörðun þó að systkinin Finnur og Guðrún taki það skýrt fram í sjálfsævisögum sínum að ástæðan hafi verið vilji foreldranna til að bæta menntun og tækifæri barna sinna.

Sigurjóna hafði ekkert samband við föður sinn fyrr en árið 1884 en þá var hún nítján ára gömul. Jón mun þó alla tíð hafa vitað af dóttur sinni. Í ágústmánuði 1865 skrifar hann í dagbók sína: „Fyrir norðan fæddist mjer laundóttir 19. ágúst, Sigurjóna að nafni.“

Í bréfasafni Jóns hefur varðveist eitt bréf frá barnsmóður hans Sigur-

laugu. Bréfið er svohljóðandi: „Hjeðinshöfða 17/2 73, herra Jón Borgfjörð. Eins og að undanfögnu dirfist jeg til að biðja yður að framvísa þessum seðlum og sjá um að jeg geti fengið þessa skilinga með hentugri ferð. Virðingafylst, Sigurlaug Jónsdóttir.“

Í bréfasafni Jóns eru tuttugu og átta bréf frá Sigurjónu dóttur hans og veita þau lesandanum góða innsýn í tilfinningalíf og stöðu lausaleiksbarns sem gerir ítrekaðar tilraunir til að kynnast föður sínum og hálf systkinum á fullorðinsárum.

Fyrsta bréfið frá Sigurjónu er dagsett 4. maí 1884, rúmum þremur árum eftir að Anna Guðrún lést en líklegt verður að teljast að fráfall hennar hafi auðveldað Sigurjónu að hafa samband við föður sinn og jafnvel verið forsenda þess. Þrátt fyrir það segist hún harma fráfall Önnu Guðrúnar og oft hafa óskað þess að hún gæti hjálpað föður sínum og þannig létt „eitthvað hörmum þeim sem Guði hefði þóknast að senda þér, bæði með missir þinnar elskulegu konu og vanheilsu Guðrúnar.“ Á þennan hátt setur Sigurjóna fram ósk sína um að fá að dvelja hjá fjölskyldunni. Í framhaldi af þessu bréfi ákvað Jón í samráði við Guðrúnu að lofa Sigurjónu að vera hjá þeim vetrarlangt.

Sigurjóna hafði mikla þörf fyrir að tengjast föður sínum og tilheyra fjölskyldu hans. Það kemur skýrt fram í þeim bréfum sem hún skrifaði Jóni eftir að hafa dvalist á heimili hans veturinn 1884-1885. Ótti hennar við að missa tengsl við föður sinn var áberandi þar sem hún fann vel að Jón gat ekki haft mikið gagn af henni. Þessi ótti endurspeglast í hverju bréfi sem hún endar með orðunum „Þín ónít dóttir Sigurjóna“.

Þrá Sigurjónu að sameinast fjölskyldu Jóns Borgfirðings hvarf ekki eftir að hún gekk í hjónaband haustið 1890 og skapaði þar með grundvöll fyrir nýja fjölskyldu.

Bréf frá Sigurjónu Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings 1884-1907¹

Hlöðum 3 Maí 84

Hjartkæri Elskulegi faðir

Í fyrsta sinni á æfinni sest eg niður að pára þér fáar línur, það er langt síðan mig langaði til að gjöra það, því þó við höfum aldrei séðst, hef jeg fyrir laungu fundið að annað nánara samband tengir mig við þig en aðra, sem mér þó eru kærir; ei að síður gjöri eg þetta með hálfum huga, því hvorki þekki eg tilfinningar þínar til mín, né tilfinningar hálf sistkina minna – já jeg veit ekki hvort þaug vita að eg sje til.

1 ÍB 101 fol. a – Bréf frá Sigurjónu Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings.

Opt hef eg óskað að eg væri horfin til þín bezti faðir, og að mér þá hefði mátt auðnast að létta eitthvað hörmum þeim sem Guði hefði þóknast að senda þér, bæði með missir þinnar elskulegu konu og vanheilsu Guðrúnar. Jeg er frísk og mér líður vel, Þórey hefir reinst mér sem góð móðir og allir hennar eptir því, en mentun mín til muns og handa er lítil, það geturðu ráðið af skriptinni minni. Að endingu óska eg af hjarta að Guð gefi þér og þínum alskyns blessun bæði á þessu níbirjada sumri og alla æfi. Reiðstu nú ekki elsku faðir, en fyrirgefðu dirfskuna þínu vesælasta barni.

Sigurjónu Jónsdóttur

Hlöðum 5 júní 85

Elsku besti Pabbi

Af alúð þakka eg þér fyrir allt gott undanfarið, sem eg hvorki vil né mun gleima. Ferðin gekk vel norður; jeg kom heim að kvöldi hins títunda dags eptir að eg fór frá þér.

Sumarliði vildi fá 30 kr. fyrir hestalan og að borga nokkurn greiða; mér finnst líka að hann ega það því það urðu tveir hestar uppgefnir undir mér á leiðinni. Fóstra mín Borgaði (eða lofaði að borga, honum 10 kr. því eg vildi eigi láta það koma allt á þig, Jeg veit vel hvað þú hefir mikla þörf fyrir peninga og hvað þú þarft mikið á þeim að halda.

Stefán biður að heilsa þér og biður þig að gjöra svo vel og útvega sér þá áður-nemdu Konráðsorðabók; helst frá höfn, en ef hún er uppgengin þá ef þú gætir, fengið hana brúkaða en órifna, borgun fyrir hana sendir hann egi í þettað sinn.

Héðan er lítið að fréttu nema tíðin er köld og lítið sem ekkert orðið fisk vart hér innfjarðar en nokkuð hefir ablast út við ey og þó nú farið að mínka. Hér er heilbrigði manna á milli það jeg veit til. Friðbjörn Steinsson á Akureyri kvað hafa legið að öðru hvoru í vetur, og það í geðveiki, en nú er honum farið að batna þó egi sé hann orðin jafngóður.

Fyrirgefðu flítisklórið sem eg veit þú getur egi lesið því penninn er ónítur. Vertu svo Guði falinn hann leiði þig og styrki, þínar ófögnu æfistundir það mælir af einlægni þín ónít d. Sigurjóna.

Fóstra mín biður kærlega að heilsa þér.

Hlöðum 17 Ágúst 85

Alúðarheilsan

Kæri góði pabbi, Nú sest eg niður að pára þér línu og vildi eg að þessi miði færi lengra en bréfin sem eg skrifaði þér og sistrum mínum með næstliðinni póstferð, jeg fékk þau nefnil. heim aptur (sem fleiri) því pósturinn kom egi að Laugalandi sem hafa þó verið póststöðvar í vetur.

Jeg þakka þér kærlega fyrir tilskrifid ásamt sendingarnar í koffortinu og allt sem þú hefir vel gjört til mín hvar í og sé þína einlægu föðurást sem eg mun alldreir gleima.

Tíðin hefir verið fremur köld og frost um nætur; en nú er besta tíð, og væri óskandi að hún héldist því heldur er grasbrestur hér, og er það að kenna vatnavöxtum, þau hafa mjög víða skemt eingjar. Friðbjörn Steinsson liggur alltaf í hinu sama (nefníl) sinnisveiki; og halda sumir að hann muni eigi fá heilsu til að hafa fótaferð. Fóstra mín er alltaf mjög heilsulasin, hún biður kærlega að heilsa þér. Líka biður Stefán að heilsa þér og biður þig að gjöra svo vel og láta sig vita hvert þú getur útvegað bókina fyrir næstkomandi haust. Fyrirgefðu mér elsku pabbi og brendu blaðið. Guð annist þig, þínar ólifufðu æfistundir; það mælir af alhug þín ónít dóttir Sigurjóna.

Gaman þætti mér að fá línu frá þér síðar. Sama S.

Hlöðum 2/12 85

Ástkær heilsan

Elsku góði faðir; Mínar beztu þakkir fyrir brefið þitt síðar sem mér þótti vænt um. Jeg er frísk og allir hér (l.s.g).

Tíðin er nú sem stendur mjög góð og lítill sem engin fiskabli; okkur hefur ablást nokkuð af síld en það eru nú eigi allir sem hafa not af því, og fiskablin jafnara niður.

Stefán fósturbróðir gipti sig 6 Nov. og gekk að eiga vinnukonu sem hjá honum var og heitir Margrét; það voru 80,5 mans í veislunni hans; og hún var mjög skemtilegt. Hann biður að heilsa þér og biður þig að fyrirgefa að hann geti egi keipt þá opt nefndu Konráðsorðabók, því sá sem bað hann að útvega sér hana vill hana nú ekki og þikist vera búin að fá hana fyrir mikið minna verð. Jeg vildi að þú værir ekki búin að útvega hana; og bið þig um að hafa egi fyrir því.

Elsku pabbi skrifaðu mér aptur og þó þessi miði sje ljótur þá láttu hann ekki verða orsök til að þú hættir að skrifa mér. Hvernig hefur þú verið til heilsunar það sem af er vetrinum; og hvernig er G sistir, er hún en við rúmið. Jeg enda þá þennan miða með þeirri innilegu ósk að Guð láti þér alltíð vel líða hann stírki þig í stríði lífsins, og það sem þú átt eptir ólifað eins og hingað til; þess biður þín ónít dóttir S Jónsd.

Fóstra mín og Mamma biðja kærlega að heilsa þér.
Brendu blaðið.

Hlöðum 6/1 1886

Elskaði góði faðir

Jeg gjörði það rétt að gamni mínu að pára þér línu, það er eins og mér finnst að eg geti ekki skrifað nema að skrifa þér um leið. Hér eru allir með sæmilegri heilsu. Tíðin um jólin var mjög leiðinlegt; alltaf hríðar og nú er loxins birt upp en þó er mikill snjó. Jón Einarsson Laugalandi bar mér kveðju frá þér og fréttir; jeg sá af því að þú hafir ekki vitað að Guðrún sistir skrifaði mér með þeirri ferð; hún hefir skrifað mér fjögur bref síðan eg kom heim. Það gladdi mig að vita að hún er í apturbata bara að það irði fram hald á því; þeir eiga allir bágt sem heilsuna vantar; því engin gjöf guðs er jafn dírmæt sem heilbrigðin. Hvernig hefir Villi það í skólanum og hvar er Ingólfur í barnaskólanum.

Jeg verð að fara að slá í botnin með þetta ómindarklór, það eru allir fyrir löngu sofnaðir, kl. gengur til eitt, (og jeg er að sofna það sínir sig) Góður Guð verndi þig og stirki; hann annist þig betur en fær beðið þín óníta dóttir Sigurjóna.

Hlöðum 28/2 1886

Alúðar heilsan Elsku besti pabbi

Kærar þakki fyrir tilskrifid sem og allt annað gott. Jeg er frísk og allir hér l.s.g. Sunanpósturinn er en ókominn hann er nú búinn að vera vikur framyfir tíman það er líka eigi að furða því hann hefir fengið mjög vonda færð þessar tvær ferðir. Næst liðna ferð kom hann ekki fyrir en sama dagin og hann átti að fara og fór dagin eptir; það var nýtt að sjá! hann fór hestlaus af Akureyri og vestur fyrir heiði og varð hann því að kaupa menn til að taka töskunni; því svo var ófærðin mikil. Nú er tíðin mjög stilt og hefur verið í hálfan mánuð, en þó er jökull mikill á jörð og því optast frost hart.

Fóstra mín biður að heilsa þér. Skrifaðu mér línu og segðu mér hvernig þið hafið það. Fyrirgefðu klórið og brendu; Vertu svo blessaður og Guði falin af þinni ónítri dóttir Sigurjónu.

Hvar er hún Lína sem var pía hjá þér í fyrra vetur? eða hvort er hún lífs eða liðin? ef þú serð hana þá góði segðu henni að eg vonist eptir bréfi frá henni.

Hlöðum 16. Maí 1887

Kær heilsan

Elsku beztu pabbi; Jeg þakka þér kærlega fyrir tilskrifid síðast. Jeg er frísk og mér líður vel, Hér hafa gengið mikil veikindi í vetur og fjöldi fólks dáid, líka eru mikil bágingi manna á meðal og skepnufellir á útkjálkum landsins.

Hér þikir mér fólk huxa talsvert um Ameríku ferðir og er eg ein þar á meðal, jafn vel þó eg meigi ekki láta þá löngun mína í ljósi við Fóstru mína því hún heldur ekki af því; það eru nú víst færri sem geta farið til Amrk í ár vegna þess að þeir hafa ekki farareyrið eður aðrir sem ekki geta selt. Jeg nenni nú ekki að rugla nein-

ar fréttir hér enda veit eg að blöðin færa þér þær mikið greinilegar en eg gæti ritað.

Fóstra mín biður kærlega að heilsa þér. Jeg óska þér bezti Pabbi gleðilegs sumars, og enda svo þenna miða með þeirri innilegu ósk að Guð láti þér vel líða það mælir meðan heitir Sigurjóna

Kæri Pabbi skrifaðu mér fréttir af sistkynunum.
(Gleimdu ekki þínu óníta barni Jónu).

Hlöðum 28. janúar 1888

Kær heilsan.

Elskulegi góði faðir, innilega þakka eg þér fyrir þitt góða bréf. jeg var búin að skrifa þér heilmikið bréf fyrir Jól, en vegna ótíðar gat eg ekki komið því á póstin og fékk eg því eldinum það til geimslu. Jeg skemti mér vel um jólin og Níárið, það var líka svo ágæt tíð og við öll frísk (lof sé Guði) Frú Hjaltalín hélt hlutaveltu á Sunnudaginn var, og önnur var haldin á Hjalteyri, Jeg fór á báðar en dró ekki nema á þeirri síðarnemdu einn drátt og fékk bréfaveski víst 50 aura virði en drátturinn var 25.

Jeg ferðaðist smá inná Akureyri í vetur fyrir jólin og hitti Sigurbjörgu og Erlend gamla [Ólafsson, bókbindara í Kaupangi], það er furða hvað hann er frískur í tali kallinn, já! og er opt fullur með spaug og hnittirði; ekki get eg samt ætlað að hann egi mörg ár á baki svo mikið krossmark sem hann er. Jeg hefi frétt að Guðný sistir væri sigld; mér þætti gaman að fréttu hvernig hún hefði það og hvernig þið hafið það? Góði besti pabbi skrifaðu mér aptur og láttu þá mind fylgja með. Jeg enda þá þetta bréf með þeirri innilegu ósk að þessi miði hitti þig glaðann og heilbrigðann. Guð gefi ykkur öllum gleðilegt nítt ár, Berðu kæra kveðju mína sistkynunum og leiðbeindu bréfinu hennar Línu. Fyrirgefðu þínu óníta barni Sigurjónu.

Fóstra mín biður að heilsa þér.

Hlöðum 18 April 1888

Kær heilsan!

Elsku bezti Pabbi! hafðu beztu þakkir fyrir þitt góða bref; sem og mer þótti vænt um. Jeg er frísk og fóstra mín við sömu heilsu (l.s.g). Hér ber ekkert nítt við; sem eg man nema Paterson er núkominn að sunnan til að safna fólki til Ameríkuferðar; jeg veit en ekki um nema þrjár familfúr er ætla héðan úr sveit (það er að segja sem geta komist) en jeg held að allur fjöldin færi ef fargjaldið vantaði ekki; en það er nóg til að láta mann sitja kyrran í sessi sínum; þú getur ekki elsku pabbi ímindað þér hvað mig lángrar til að vera í þeirra tölu sem þangað eru nú þegar komnir, „já það er nú komið svo að laungun mín þangað vex með ári hverju, jeg er líka sannfærð um að ef eg hefði heilsu mundi eg af vinnu minni í Ameríku geta gjört æfíkvöld fóstru minnar og móður ánægjulegra en eg gjet gjört hér.

Elsku pabbi hvað mig langar til að eiga mynd af þér, en það er líklegast að þú hafir nóg annað með peningana að gjöra, en ef eg færi nú bráðum til Amr; þá „já,, þá máttu til að gefa mér mynd af þér áður.

Beztu pabbi skrifaðu mér aptur og segðu mér hvernig þú hefir það og hvernig öllum sistkynunum líður. hver heldur þú að hafi samið ritgjörðina með ingangsorðunum „Nellemann dauðl. fálkur og svipa og svo frv. Að endingu óska eg þér gleðilegs sumars og bið góðann Guð að vera þér allt í öllu þín ónít dóttir Sigurjóna

Jeg bið kærlega að heilsa sistkynunum. Fyrirgefðu. Eldurinn geimir blaðið bezt

sama SJ.

Fóstra mín biður kærlega að heilsa þér.

Hlöðum 12/7 1888

Elskulegi góði pabbi!

Hafðu beztu þakkir fyrir tilskrifid og myndina sem mér þótti vænt um að fá; jeg er nú búin að fá mér fallegann ramma utanum hana. Af mér er það að segja að mér líður vel og hef góða heilsu, fóstra mín er nú orðin mjög heilsulasin. Jeg bið þig um beztu pabbi að ómaka ekki að finna B Baldvinsson mín vegna, því þrátt fyrir Amírku laungun mína hefi eg nú lofað fóstru minni því að fara ekki af landi burt fyrir en hún er dain, jeg er líka vel til friðs með það, því það er mín gleði að geta gjört henni í vil. Ef jeg þarf á að halda að fara til Amrk; þá hefi eg huxað mér að fara með Thomsenslínuni og er þá vel að hún er reind áður.

Jeg er nýlega komin innanaf Akureyri og fann Sigurbjörgu og Erlend, Sigurb er nú farin að bila mikið með sjón en hann hefir líka heilsu, hann getur en þá spaugað kallinn.

Þú skrifaðir mér aptur beztu pabbi og segir mér hvernig þú og sistkynin hafa það, jeg hef svo gaman af að fréttu af þér. Fóstra mín biður að heilsa þér; fyrirgefðu flítirshripið og vertu Guði falinn af þinni ónítu Sigurjónu.

Berðu kæra kveðju mína systkynunum.

Skipalóni 10 Júní 89

Innileg heilsan

Elsku beztu pabbi, hafðu kærar þakkir fyrir tilskrifid það í haust, sem mér þótt mjög vænt um. þér þikir það víst undarlegt að jeg skrifa mig á skipalóni, en það er þó svo, Jeg fór þangað í vor til þeirra hjóna Þórsteins og Gunnlaugar, Lón er næsti bær við Hlaðir, eins og þú víst manst. Mér kom eitt sinn ekki til hugar að eg mundi yfirgefa fóstru mína, en það hlaut þó að vera þannig. Hún var nfl. búin að slá öllu frá sér og komin til Stefáns sonar síns og tengdadóttur fyrir tveimur árum. Mömmu leiddist víst að eg fór burtu, en hún sagði sér þætti betra að vita mig þar sem mér

líði vel þótt hún niti ekki samveru minnar. Jeg elska fósturu mína sem móðir og Stefán sem bróður, en ei að síður hlaut eg að yfirgefa þau.

Jeg er frísk hér og líður vel l.s.g. jeg get fundið fósturu mína svo opt sem eg vil og er það eitt sem brestur á hamingju mína að henni líður ekki eins vel og eg vildi, jafnvel þó Stefán reinist henni bezt sonur. Þú spyr mig eptir síra Matthíasi J. hvernig honum líði; jeg afla eptir sögn, að hann hafi það gott, að svo miklu leiti sem hægt er; hann hefir fyrir fjölskyldu að sjá, en brestur þó ekki hann hefir stækkað húsið sitt og skreitt stofurnar. Jeg bið þig beztu pabbi að yfirgefa mér að eg skrifaði þér ekki í vetur; jeg var einhvern vegin ekki vel upplögð til þess þá. Berðu kæra kveðju mína til sistkynanna og segðu sistrunum frá mér hvar eg er niður komin, mér er ómögulegt að skrifa þeim í þetta sinn. Gott þætti mér að fá línu frá þér aptur með bréfberanum, hann hefur ekki í Rvk. nema einn dag, og þætti honum víst gaman að, ef hann hefði einhvern til að ganga með sér um bæinn. Elsku pabbi yfirgefðu mér þetta flítirspár sem eg veit þú naumast getur lesið; að endingu bið eg Guð að annast þig, og vera þín stoð, þína ófögnu æfileið, það mælir af hjarta þin elskandi dóttir Sigurjóna.

E.S.

Þetta bréf sendi eg með Guðmundi samfylgdarmanni þeirra Hjaltalínshjóna, og óska eg að þú skrifir mér með honum til baka, og segir mér miklar fréttir. Þín S.

Fóstra mín biður að heilsa þér.

Skipalóni 5 janúar 1890

Kær heilsan!

Elsku beztu pabbi. Hafðu kærar þakkir fyrir þitt góða bréf í sumar sem eg meðtók með góðum skilum, Jeg hefi verið svo löt að senda þér allrei línu fyr. Af mér er það að segja að mér líður vel (lof sé Guði) jeg kann vel við mig hér, og er orðin kir næsta ár ef Guð lofar. Héðan er ekkert að fréttu nema það sem blöðin færa þér, menn fæðast og deyja, allt gengur hér sinn vana gang.

Jeg fékk tvö bref frá Ameríku með jólapóstinum; ekki segja þau mér að maður verði alsæll þar, enda er ekki við því að búast neinstaðar hérneigin. Þú spir mig um húsbændur mína, jeg get sagt þér að Þórsteinn er náfrændi gamla Þórsteins Daníelsens, er þú hlítur að muna eptir, en húsmóðir mín heitir Gunnlaug og er dóttir Gunnlaugs Gunnlaugssonar, hákalla formanns er druknaði, mér hefur verið sagt að þú þektir hann líka. Góði pabbi skrifaðu mér í vetur og segðu mér af sistkynunum og svo hvernig þú hefur það. Mér er ómögulegt að skrifa sistrunum núna, líka á eg bréf hjá þeim. Jeg bið þig beztu pabbi að yfirgefa mér þenna ómyndarmiða sem eg veit þú getur ekki lesið; jeg er líka að sofna, og sem en verra er, að jeg er loppin, það eru líkað allir sofnaðir fyrir laungu; jeg sit ein uppi á lopti við bréfaskriptir ef skriptir skyldi kalla. Jeg skrifa til þín, og þrjú bréf til Amr. með þessum pósti.

Berðu sistkynum mínum kæra kveðju mína. Jeg óska þér gleðilegs nýárs; og bið Guð að stíðja þig og vernda á þessu níbirjaða ári, eins og hann hefir gjört hingað til. Fyrirgefðu flítirskriptið þinni elskandi en ónítu dóttur Sigurjónu Lóni.

Skípalóni 7 November. 1890

Kær heilsan

Elsku góði pabbi!

Mínar beztu þakkir fyrir bréfið þitt síðast, það er langt síðan jeg hefi skrifað þér línu, en þú mátt ekki ætla að mér gangi leti til, nei! það er ekki svo; stundum hefur mig vantað aura en stundum fréttir. Héðan var það að vinnumaður Þórsteins drukknaði í hörgárinni í sumar, Árni Jónsson að nafni rúmt tvítugur að aldri efni-legur piltur, hann var á fyrirdrætti í ánni með fleirum og reið með strenginn í hyl og hné dauður af hestinum og kom ekki upp síðan, rúmum kl. tíma síðar var hann slæddur upp með neti, þá örendur. Heilbrigði hefur verið manna á milli seinnipartinn í sumar og í haust, síðan innflúenssóttin geisaði; hún fór illa með marga; jeg lá viku og svo varð eg frísk.

Núna 14. þessa mánaðar [þ.e. 14. október] gipti jeg mig með fátækum bóndasyni; er heitir Magnús Gunnarsson, við lögðum samanvið aðrar persónur er heita Helga og Haraldur. það voru nær áttatíu mans í veislunni. Mér voru gefnar 16. kr. í peningum. Elskulegi pabbi reiðstu mér ekki fyrir það að eg lét þig ekki vita þetta fyr. en jeg vildi ekki skrifa þér um það sem máské indi ekki að neinu eins og títt er. Bezti pabbi biddu fyrir mér og manni mínum með börnunum þínum.

Ó að jeg á þessari kvöldstundu væri horfin til þín að tala við þig, en jeg bið þig góði að skrifa mér línu og segja mér fréttir af ykkur öllum. Fyrirgefðu flítishripið, og láttu engann sjá það nema eldinn. Heilsaðu frá mér sistkynum mínum. Fóstra mín og Magnús biðja að heilsa þér. Jeg er ekki að geta klórað meira fyrir kulda; því jeg er loppinn. Að endingu bið eg Guð að annast þig og leiða; þín ófögnu æfispur, þess biður þín dóttir, Sigurjóna J.

Jeg þrái að fá bréf frá þér elsku pabbi.

Skípalóni 24. Febrúar. 1891

Elskaði pabbi!

Mínar beztu þakkir fyrir þitt góða bréf; sem gladdi mig, að fréttu um hagi þína, en jafnframt leiddist mér að huxa til þín þar sem þú ert einn í húsinu á næturnar, það gétur svo margt fyrir komið, þér getur orðið snögglega ílt og þá er enginn hjálp nærri. Góði pabbi skrifaðu mér hvað konan hans Klemensar br. heitir, og hvorra mann hún er, jeg man það ógjörla. Þú spir mig hvorra manna maðurinn minn sé, hann er Gunnarsson, Magnússonar, ættaður úr Eyjafirði. Móðir Magnúsar míns heitir Helga og er dóttir Andrésar er bjó lengi á Bægisá. (Þú máské mannst

eptir honum.) hennar móðir hét Helga og var hálfsisstir Þórsteins Danjelssens er hér bjó og dó. allsvo er Þórsteinn bóndinn hér og M. sistra synir, meira gét eg ekki ættfært mannin minn.

Mér fellur hér mikið vel eins og fyr; en hér verðum við þó eigi næsta ár, og er það vegna þess að við getum egi fengið hér engi; við eigum 12 kindur og 1 hross; náttúrl átti Mag. það (jafnframt allgóðu rúmi) jeg átti á og lamb af þessum ofanefndu kindum. Við getum víða fengið vinnu mensku því hér er ekla á fólki; en við þurfum að vera laus að parti. Það er afráðið að við förum að Svertingsstöðum í Kaupangssveit hann vinnum. að hálfu til Randvers gamla föðurbróður síns og jeg vinnuk. að hálfu til tengdasonar Randv. en að hálfu hjá okkur. Fóstra gamla er við líka heilsan nema hvað henni hnignar með aldrinum; og er það að líkindum, hún biður kærlega að heilsa þér. Lítið trúi jeg sóknarbörnum séra Mattíasar þiki varið í hann; og er það mikið, eitthvert bezta skáldið landsins; en það er víst meira utan kyrkju óvild; og mest ber á því með Akureyrarbúa sjálfa.

Nú er yndælis tíð; blóðrauð jörð já! og margþíð svo það má ríða ójárnað hvort sem maður vill. Ó! að vorið yrði sona skemtilegt. þér er óhætt að skrifa mig á Svertingsstöðum næst þegar þú skrifar mér; því eg bíst ekki við að fá línu frá þér fyr. Elsku góði pabbi fyrirgefðu mér þetta ljóta klór sem eg bið þig að brenna. Vertu blessaður og góðum Guði á hendur falinn, hann verndi okkur og leiði, þess biður þín dóttir Sigurjóna.

Magnús biður að heilsa þér.

Svertingsstöðum 1 Ágúst 1891

Alúðar heilsan

Góði bezti pabbi! Hafðu kærar þakkir fyrir bréfið þitt síðast sem eg nú loxins síni lit á að svara þó seint sé, Ekki get eg sagt eg kunni eins vel við mig hér fremra eins og þar ytra, og er það að líkindum þar sem maður er upp alin að manni þiki þar skemtilegast.

Við Magnús riðum einn sunnud. norður í Þórðarstaðaskóg og hafði eg mikið gaman af þeim túr, Við komum heim að Þórðarstöðum og fengum kaffi hjá gamla Jónatan hann er allra skemtilegasti kall jeg óskaði við hefðum mátt tevja dálítið hjá honum, en tímin var orðin svo naumur fyrir okkur til baka, hann sagði mér aðeins í flítir að hann ætti tvo vini sem hann hefði átt von á að hitta á þjóðhátíðarsýningunni í fyrra; en hvorugur komið, og að þú værir annar þeirra. Jeg gaf honum heldur von um að sjá þig þú kanske kæmir norður ef að Klémens fengi síslum sem nú er orðið;¹ því það er talið sjálfsagt að hann fái hana þótt hann sé settur fyrst, það er líka allra ædri og lægri ósk að hann verði hér síslumaður, nema ef eg undanskildi séra Magnús í Laufási því sonur hans sotti líka.

1 Klemens tók við embætti síslumanns í Eyjafjarðarsýslu seinni hluta árs 1891.

Jeg held þú þirftir að finna Jónatan ef þú kæmir; Magnús segist skuli verða manna fyrstur til að lána þér hross ef þér liggja á. Ó! hvað eg hlakka til og vona að þú komir beztu þabbi; þú sjálfur hefur gefið mér von. Jeg held eg komi nú ekki að því að láta Klémens sjá mig og þó hefði eg svo mikið gaman af að sjá hann og tala við hann. Magnús hefur verið mikið heilsulasin í sumar, við rúmið að kalla í þrjár vikur, og kipti það ekki lítið úr vinnu hans. hann hafði einhverjar innvortis þrautir samfara gikt; og hefir hann nú í bráð fengið nokkurn bata, hvað lengi sem það helst. Jeg er hrædd um að mér leiðist hér ef hann verður frá verkum framvegis, á hvað er þá líka að treysta þegar heilsan bilar? Elsku þabbi skrifaðu mér aptur línu og segðu mér af sistkynunum. Hvar er Guðrún? og hvernig kann Guðný við sig? Magnús biður að heilsa þér, hann óskar eins og eg að þú komir norður.

Að endingu bið eg Guð að vera með þér; þína ófögnu æfileið, þess óskar þín dóttir Sigurjóna

E.S. Góði beztu þabbi gjörðu nú svo vel að lána mér eða útvega mér til láns andabókina, mig langar svo mikið til að fá einu sinni að lesa hana. SJ.

Svertingsstöðum 1/3 92

Alúðar heilsan.

Elsku beztu þabbi! af alúð þakka eg þér allt gott fyrir og síðar. Jeg get ekki látið póstin fara svo suður að eg hripi þér ekki línu, og láti þig vita af högum mínum og jafnframt að biðja þig að skrifa mér og segja mér af þér.

Jeg skrifaði þér í sumar en þú elsku þabbi hefir ekki sent mér neitt skeiti sem gæti frætt mig um ástand þitt. Af okkur er að segja, við erum frísk lof sé G. Við erum búin að fá húsmensku hjá Sumarliða pósti, og hlakka eg til að flytja aftur út fyrir Glerána; þó eg hafi kunnað vel við mig hér. Jeg herti upp hugan og heimsótti sýslumanninn okkar (Klémens) í haust, (gamla Sigurb. vildi hafa það svo) hann tók mér mikið vel og gladdi það mig, líka vildi hann fá að sjá Magnús svo eg varð að presintera hann líka. Kl. bjóst við að þú kæmir norður; ef hann fengi sýsluna sem er talið víst.

Blöðin færa þér náttúrulega allar fréttir; jeg veit þú lest þau sem fyr, héðan er lítið af góðu að segja því tíðin er ervið, ekki er mikil kvörtum um heiskort hér, en Fnjóskdælingar hafa rekið bæði sauði og hesta hingað. Þú verður að fyrirgefa þettað beztu þabbi, jeg er ekki fjörugri skrifari, jeg er líka nær því sofnuð. Magnús biður að heilsa þér. Jeg enda blaðið með þeirri ósk að Guð láti þér vel líða; þess biður þín dóttir Sigurjóna.

Ó! að eg fengi bráðum línu frá þér SJ.

Ásláksstöðum 30/11 1892

Kær heilsan!

Elsku beztu pabbi. Nú sest eg loxins niður til að pára þér línu þó fátt sé í fréttum. Af okkur er það að segja að við erum frísk, M. var mjög heilsulasin í sumar en nú er hann vel frískur. Við heyðum eptir vonum, það voru erfiðir aðdrættir því engið sóttum við úti miðja heiði, Gunnar faðir M. lánaði okkur það og tekur ekki fyrir. Hvar að hvernig við verðum næsta ár veit eg ekki, það er en óráðið. Jeg átti alltaf von á að þú beztu pabbi kæmir til norðurlands í sumar en það brást. Fóstura mín lifir við líka heilsu nema hvað ellin hefir hana meir og meir. Barnaveikin hefir stungið sér niður á Akureyri og hafa nokkur börn dáði þar en með því að bannaðar voru samgaungur og brúkaðar allar varúðarreglur þá hefir hún ekki útbreiðst, Jeg, sem betur fer á ekki neitt barnið til að veikast; því barnaveiki er hræðilegur sjúkdómur.

Jeg bið þig góði að skrifa mér aptur þó þessi miði sé ekki þess verður, og sega mér hvernig aumingja Guðrún sístir hefur það, jeg þikist vita að Guðný hefir það svo gott sem verða má. Ætlar þú nú ekki að koma hingað norður að sumri, og lofa mér að sjá þig áður en þú deirð, eða annaðhvort okkar en þú getur lifað mig. Magnús biður að heilsa þér.

Jeg enda þá þenna miða með þeirri ósk að Guð leiði þig og stirki þína ófögnu æfileið. Guð gefi þér gleðileg jól þá þau koma. Þín elskandi dóttir Sigurjóna.

Ásláksstöðum 14 Apríl, 93

Kær heilsan!

Góði beztu pabbi, í mesta flíti hripa eg þér fáar línur með pósti til að láta þig vita um hagi mína. Við verðum hér kyr hjá Sumarliða í húsmensku eins og við höfum verið; hann bauð okkur það. Okkur er léttari húsmenska hér en víða annarstaðar, því Magnús smíðar hestajárn og ímislegt fleira er hann selur póstinum. Hann fæst dálítið við járnsmíði; líka fáum við hér hús yfir skepnur okkar sem ekki er víða afgang. Magnús hefur verið með betri heilsu í vetur og þakka ég Guði fyrir það.

Jeg skrifaði þér beztu pabbi í vetur með desember ferðinni, og hefi átt von á línu frá þér, hefir þú ekki fengið það bréf? Ætlar þú ekki að koma hingað á Akureyri í sumar. Villi bróðir sagði mér í vetur að þú mundir koma, en ekki til að flengjast hér niðra. Þú hefur víst frétt lát Erlendar gamla bókbindarans, hann dó í vetur. Anna dóttir hans kom heim í fyrra sumar og hjálpaði honum síðustu stundir hans. Sigurbjörg gamla lá lengi eptir andlát hans, en er nú komin til heilsu aptur.

Mikill Ameríkuhugur er í fólki hér, en það er lítið meira en hugurinn, því fáir hafa þau efni að komast því ekki margir sem geta keipt.

Jeg enda þetta bréf með þeirri ósk að Guð gefi þér gleðilegt sumar þá það kemur. Magnús biður að heilsa þér. Ó! að eg mætti biðja þig að skrifa mér línu og segja mér margt í fréttum. Fyrirgefðu flítirinn þinni ónítri dóttur Sigurjóna.

Kær heilsan!

Elsku góði Pabbi minn. Hafði beztu þakkir fyrir þitt góða bréf í vetur; það hryggði mig að vita þig vera svona yfirgefin af öllum þínum meðan að þú lást veikur, jeg vonast eptir að þú sért nú orðin frískur, eptir því sem von er til, en þú verður máske alldrei jafngóður í fætinum; það grær seint á gömlum.

Loksins hripa eg þér nú línu góði pabbi, eg hafði ætlað að gjöra það mikið fyr en það hefir verið margt í veginum; stundum hefur mig vantað aura stundum verið lasin og líka löt. Þá er nú að segja þér eitthvað af okkur. Við fluttum hingað á Bitrugerði í vor, bóndin sem hér var flutti burtu og Sumarl póstur byggði okkur hálf tótið. en sjálfur hefur hann það hálf með. fólkíð er ekki annað en við, og léttadrengur og húshjón er pósturinn lætur hingað. Jeg hefi 12 ær í kvíum, þar af eigum við 4; við fengum allt kvíldið.

Við keyptum kú í vor og var það neiðarkaup hún er 14-15 vetra gömul og kostar 90, kr. sem á að borga í haust; og má Guð vita hvornig það gengur, kúin er í 4 merkum enþá og á að bera hálfan mánuð af vetri. Túnið hér fóðrar illa 2 kýr svo við máttum þá annarstaðar keipt undir nokkra hesta kúgresi í viðbót. Utheiskapur er orðin um 50 hestar, engið er mjög ónít eins og víða en umkvörtun og það sem verra er að það er lítið líka, Magnús er góður heiskaparmaður og gæti því haft nokkra yfirferð ef engið vantaði ekki.

Magnús hefur haft bærilega heilsu í sumar og þakka eg Guði það, því þegar heilsan er farin þá vantar allt. Þó búskapurinn sé ekki meiri þá finnst mér hann þá útheimta meiri umhyggju en að ganga að vinnu sinni sem hjú; jeg hef nú samt ekki mikið að sjá af umhyggjum Magnús ber þær, hann er mér ástúðlegur eiginmaður og eg vil heldur lifa með honum í fátækt en við allsnæktir án hans.

Elsku pabbi minn skrifaðu mér línu hið fyrsta og segðu mér eitthvað af sistkynum mínum og hvornig þú hefur það. Berðu Ingólfi kæra kveðju mína og segðu honum að eg biðji hann að gefa mér mynd af sér áður en að hann sigli, hann var ekki búin að afsegja mér um að gefa mér hana þegar eg var hjá þér. og eg hefði svo gaman af að eiga mynd af honum hann var svo ljómandi fallett barn. Fyrirgefðu þetta ómerkilega bréf sem eg óska að hitti þig gláðan og heilbrigðan, Jeg enda þá þetta klór með þeirri innilegu ósk að Guð annist þig þína ófögnu æfibráut þess biður þín dóttir Sigurjóna.

Magnús biður kærlega að heilsa þér.

Moldhaugum 14/1 1898

Kær heilsan!

Elsku góði pabbi minn Kæra þökk fyrir allt gott. það er efni miðans að biðja þig að gjöra svo vel að lána mér tvær bækur sem eru Agmons og Týstransrímur. Jeg skal ekki láta sjá á þeim; Og ef þú getur gjört þetta þá óska eg að þú gætir sent þær

með Magnúsi. Fyrirgefðu flítirinn og vertu bezt kvaddur af þinni einl dóttur Sigurjónu.

Hrapstöðum 24 September 1904

Hjartkæri Góði pabbi minn;

Guð gefi að þessi miði hitti þig ánægðan og heilbrigðan. Loksins sest eg niður að hripa þér fáar línur að gamni mínu ef það irði til þess að þú sendir mér aptur línu bezti pabbi minn; Ó! eg hafði svo undur margt að tala við þig þegar að við skildum, en skilnaðin bar svo brátt að, og honum er þannig varið að maður gleim-ir sjálfum sér og því sem maður vildi síst gleima. Einasta að þér líði vel þar síðra að því leiti sem mennirnir geta að gjört. Af okkur er það að segja að eg entist ekki í kaupavinnunni í sumar nema 6 vikur þá fékk eg svo vondan verk fyrir bringspjal-irnar og stíng undir síðuna svo eg varð að leita læknis og nú er eg mikið betri.

Feðgarnir hafa verið hraustir; Gunnar litli stóð sig allvel við smalamensku og hafði fæði sitt í sumar,¹ hann er nú nýkomin heim, samt sejr hann að hann verði ekki smali næsta sumar fyrst hann megi ekki hafa með sér bók.

Jeg sendi þetta bréf með Pálínu Magnúsdóttur (stjúpdóttur minni) sem fer nú suður til Rvíkur og ætlar hún að verða þar í vetur hjá tengdafólki sínu. Pálína er góð og greind stúlka jeg veit að hún hefði gaman af að tala við um eitt og annað ef þið hittust. Fyrirgefðu flítirshripið; og enda eg svo þetta blað með innilegri ósk að Guð láti þér og þínum ætíð vel líða þess biður þín ónít dóttir Sigurjóna.

Feðgarnir biðja hjartanlega að heilsa þér.

Hrapstöðum 2/1 1905

Alúðar heilsan!

Elsku góði pabbi minn, hafðu beztu þökk fyrir bréfið sem mér þótti mjög vænt um að meðtekið 23 Nóvember. Það gleður mig að þér líður bærulega, en leiðinlegt er fyrir þig að vera í öðru húsi með þitt, og opt óska eg að þú værir horfin til mín svo að eg gæti talað við þig fáein orð mér til gamans.

Af okkur er það að sega að við erum frísk og líður allvel. Gunnar litli er að læra heima hann verður mánuð á skóla ef að mögulegt er. Þórey fóstura mín lifir enþá hún er nú búin að lifa 89 jólanætur, það er hár aldur, hún hefur þá sjón að hún sér á bók með gleraugum og líka spinnur hún 7 lóðaverk. Jeg heimsótti hana nýlega, hún biður kærlega að heilsa þér. Ekki get eg sagt þér hvert við verðum kyr hér eða ekki, Helgi bóndin hér er að fjölga skepnum svo að við höfum naumast pláss fyrir þær fáu skepnur sem við eigum. Jeg er líka að verða frá að vera mjólkurlaus, og óska eg að við gætum einhvernvegin haft mjólk næsta ár. Pálína sem eg sendi bréf þetta bít í Melsteðshúsi í Rvík, og læt eg það innaní bréf frá Magnúsi til hennar.

1 Það er Gunnar Magnússon, sonur Sigurjónu. Hann var fæddur 28. maí 1894 og er því tíu ára þegar Sigurjóna skrifar þetta bréf.

Fedgarnir biðja hjartanlega að heilsa þér, Gunnar segist ætla að skrifa þér línu þegar hann sé búin að vera á barnaskóla í vetur. Jeg enda þetta blað með innilegri ósk um að Guð láti þér ætíð vel líða, þess biður þín ónít dóttir Sigurjóna

Sigurður Sumarliðason biður að heilsa þér SJ.

Skipalóni 6 Júní 1907

Kær heilsan!

Elsku góði pabbi minn, það er orðið svo undur langt síðan við höfum skipst á bréfum að eg rek letina á brott og sendi þér línu um síðir, annars er mér vorkun þó eg hafi ekki snert á penna núna í tvö ár, því eg hafi verið svo kvalin af liðagigt að það má heita að eg hafi verið við rúmið, og opt vikum saman í því.

Núna er eg með betra móti og er það held eg, því að þakka að eg er búin að hvíla mig nokkra daga á Sjúkrahúsinu; það hafði myndast képpur á síðunni á mér, og var hann orðin á stærð við karlmanshnefa, þegar eg fór til Guðmundar Hannessonar, hann gjörði skurð í síðuna og sótti (grjón og baunir) en hann svo nefndi sulli er hann tók inná milli rifjanna. Ekki svæfði hann mig, þar eg er óhraust fyrir brjósti og hjartað mjög veikt, af því liðagigtin hefir lagst næstum eins á það og útlimina. Skurðurinn er næstum komin saman. Mikið sakna menn Guðmundar læknis hér norðan lands og er það ekki um skör fram jafn ágætur skurðlæknir sem hann er.

Fóstra mín blessuð er á lífi, og hefir þá heilsu að hún klæðir sig stund á hverjum degi og tekur þá annaðhvort rokkin eða prjónana. Lifi hún til 22. Ágúst þetta sumar er hún níræð. Af okkur er það að sega að við erum hér í húsmensku hjá Þórsteini bónda, og fellur vel, þó er eg farin að kvíða fyrir vetrarkuldanum í þessum húshjalli. Gunnar litli er allhraustur, hann var 13 ára 28 Maí næstliðin, mér finst hann meira hneigður til bókar en vinnu, þó segir hann sig langi mikið til að læra að smíða og margir hafa það álit á honum, að hann sé smiðsefni.

Margopt óska eg að þú værir til heimilis á Akureyri eins og áður, svo að eg gæti einstöku sinnum séð þig kæri pabbi minn, en það er ekki til neins að tala um það, tímin líður og kemur ekki aftur, og því fer líka betur, það væri til að gjöra hvern mann örvíta ef hann vissi það fyrir, að hann ætti að lifa æfi sína upp aftur, jeg held meira að segja að mörgum sé nóg að lifa 35-40 ár og trúa því þá fyrst, að hin ósínilega máttka hjálpar hönd alföðurins hafi stutt þá á stund reiðarinar. Góði pabbi sendu mér línu mér til gamans, og segðu mér af högum þínum og sistkynanna; mig langar svo mikið til að heira af ykkur, mig minnir að þú sért kringum 80 ára gamall, en það er máské misminnir hjá mér.

Jeg má fara að slá botnin í þetta ljóta bréf, sem eg bið þig að fyrirgefa og brenna. Magnús biður kærlega að heilsa þér, sjálf kissi eg þig í anda og bið algóðan Guð að vera þín aðstoð, það mælir þín einlæg dóttir Sigurjóna.

E.S. Gunnar litli ætlar að senda þér línu. sama S.

Skjalóni 4 Septemb. 1907

Kær heilsan

Elskaði pabbi minn! Jeg þakka þér kærlega fyrir bréf þitt frá 18 Júní síðastliðin. Mér þótti mjög vænt um að fréttu af þér og börnum þínum, og að þú ert ekki mikið verri til heilsunnar en áður. Af okkur er það að sega, að eg er með betra móti innvortis, en liðagigtin er söm og fyr sem við er að búast. Þeir feðgar mínir eru frískir og þakka eg Guði það. 22 Ágúst síðast liðin var eg boðin í nítugasta afmæli fósturu minnar; og var hún þá allhress blessuð gamla konan.

Prófessor Finnur sonur þinn var hér að grafa á Gæsabúðum um tíma í sumar ásamt öðrum fornfræðingum, mikið langaði mig til að sjá hann, en mér var ómögulegt að koma mér að því, mäske hann hefði ekki viljað kannast við mig og það hefði mér fallið þungt, jeg er líka orðin mjög hjartveik í seinni tíð, og læknar álíta að eg verði egi mjög gömul, en það er nokkuð sem ekki hryggir mig; þegar aðeins Gunnar minn blessaður er orðin sjálfbjarga og ef Guð gefur honum heilsu til sálar og líkama, já þá er ekkert sem bindur mig við lífið.

Jeg hripa þessar fáu línur af því eg fæ svo góða ferð með Valgerði bróðurdóttur Gunnars Einarssonar frá Nesi og bið eg þig því að fyrirgefa flítirinn. Feðgarnir biðja kærli að heilsa þér, og sjálf kveð eg þig og kissi í anda, Guð veri þín vernd og hlíf, þess biður þín ónít dóttir Sigurjóna.

XV. „Vertu svo bezt kvaddur“

Sigurjóna Jónsdóttir andaðist í desember árið 1907. Gunnar sonur hennar var þá þrettán ára gamall, fæddur 28. maí 1894. Liður í uppeldi Gunnars var augljóslega að gera hann vísan um uppruna sinn og bókhneigð móðurfjölskyldunnar. Ættingjar hans höfðu sýnt að góðar gáfur og rík menntunarþrá gat fengið ýmsu áorkað þrátt fyrir mikið mótlæti og fátækt. Eins og fram kemur í bréfum Sigurjónu og Gunnars var í uppeldi hans lögð áhersla á að ala með honum menntunarþrá og metnað til að fikra sig upp þjóðfélagsstigann.

Í bréfasafni Jóns Borgfirðings eru fjögur bréf frá Gunnari Magnússyni, skrifuð á árunum 1907 og 1908.

Bréf frá Gunnari Magnússyni til Jóns Borgfirðings 1907-1908¹

Skjalón 6. júní 1907

Elsku góði afi minn!

Nú sezt jeg við að skrifa þjer fáar línur, og óska jeg að þær hittu þig glaðan og heilbrigðan. Jeg verð hjá Þorsteini hjerna í sumar, og ætla mjer að vinna fyrir

1 ÍB 101 fol. a – Bréf frá Sigurjónu Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings.

trippi, sem jeg á; það er rauð hrissa rennivökur og mjer þikir mjög vænt um hana, hún er aðeins tveggja ára gömul en falleg er hún; svo á eg líka mórauða á, sem var svo væn að koma með tvö lömb, svarta gimbur og mórauðann hrút; og en á jeg eina skepnu gráhosóttan ketling. Þá held eg hætti þessu hrafnasparki, því eg veit að þú getur ekki lesið það. Góði afi minn sendu mér aftur línu. Vertu svo bezt kvaddur og Guði falinn af þínum frænda Gunnari Magnússyni.

Skipalóni 6 Febrúar 1908

Góði afi minn

Jeg skrifa þjer þessar fáu línur til þess að láta þig vita að guði þóknaðist að kalla hjeðan, mína góðu mömmu og þína dóttur Sigurjónu, þann 22 Des. 1907, eptir langvarandi lasleik og viku legu. Það voru heldur döpur jól fyrir okkur þakka.

Jeg get nú lítið sagt þjer af okkur nema að við erum frískir. Jeg veit ekki hvað við gerum af okur í vor þegar búíð er að ferma mig. Jeg ætla að biðja þig að senda mjer línu við tækifæri svo að jeg viti hvernig þjer líður og hvort þú hefur fengið þennan miða. Jeg þakka þjer fyrir allt gott og vertu svo best kvaddur og guði falinn það mælir þinn Gunnar Magnússon.

Pabbi biður kærlega að heilsa þjer. G.M.

Skipalóni 3/4 1908

Góði afi!

Eg þakka þjer fyrir brjefið þitt, og óska að miði þessi hitti þig glaðan og frískan. Þú biður mig að segja þjer hve nær mamma heitin var fædd. Hún var fædd 19. Ágúst 1865. Pabbi er fæddur 28 Desember 1861, giftingardagur þeirra var 14. da Október 1890. Ég er fæddur 28 Maí 1894. Af okkur er það að segja að við verðum hjer kyrrir, að því leiti að við teljum okkur hjer heimili, en ekki veit eg við hvar við verðum í sumar eða næsta vetur. Ég hef litla von um að eg geti komist á skóla, minsta kosti ekki að svo stöddu því hamlar fátækt þakka.

Eg hef litlar frjettir að segja þjer því allar stæðstu frjettirnar færð þú í blöð-unum. Gamla Þórey á Hlöðum lifir en og var hún 9. ræð í sumar er leið. Veturinn hefur verið góður, að því undanskildu að 27 Marz kom afar snöggur kvassviðris-bylur með hríð en varð aldrei mjög dimmur og því ratljóst.

Veðrið gerði töluverðan skaða sumstaðar á skepnum, engan þó hjá okkur. Inn í hlíðinni urðu skaðar að veðrinu einkum hjá Jósep í Titlingi hann náði ekki inn ánum sínum og morguninn eftir fór hann að leita, því þá var komið gott veður, og fann hann þær fyrir sunnan Rangárvelli hafði þeim kastað þar niður mjög illa og voru 4. dauðar, 15. varð hann hann að aka heim 18. gátu gengið en 2 vöntuðu. Dreng í Bitru kastaði niður í bilnum og braut olbogaskelina á öðrum handleggnum, sakt er að veðrið hafi gert skaða í Fnjóskadal en engar vissar frjettir en. eg hefði gaman af að fá bréf frá þjer aftur. Vertu svo bezt kvaddur og guði falinn þess óskar þinn Gunnar Magnússon.

XVI. Svikinn sonur og örvæntingarfull móðir

Jón Borgfirðingur var eins og Sigurjóna fæddur í lausaleik og sendur í fóstur á unga aldri. Móðir hans var umkomulítill vinnukona á Hvanneyri í Borgarfirði og hét Guðríður Jónsdóttir. Faðerni Jóns var nokkuð á huldu. Reynt var að fá vinnumann til að gangast við honum en hann neitaði og altað var að séra Jón Bachmann í sömu sveit væri faðirinn. Hvernig sem því var farið ólst Jón upp föðurlaus og að mestu móðurlaus. Hann var tekinn í fóstur af Jóni Þorvarðarsyni í Svíra, sem var kot á jörð Hvanneyrar, og Guðrúnu konu hans. Gefið var með Jóni af fátækrafé og var hann nefndur „Jón föðurlausi“ í reikningum sveitarinnar. Ekki er ólíklegt að þessi reynsla Jóns hafi mótað viðhorf hans og viðmót gagnvart Sigurjónu.

Samskipti Jóns og Guðríðar móður hans munu hafa verið mjög takmörkuð. Í sjálfsævisögu sinni segir Guðrún Borgfjörð:

Lítið hafði faðir minn af móður sinni að segja. Samt fór hann eitt sinn að heimsækja hana, þegar hann var orðinn fullorðinn. Þá var hún próventurkerling hjá síra Magnúsi Grímssyni og konu hans, Guðrúnu, sem var systir Bjarna rektors, og bjuggu, að ég held, á Mosfelli í Mosfellssveit. Tók hún honum vel og sýndi honum í kistu sína, sem var full af góðum fötum. Í handraðann sýndi hún honum ekki, og sagði faðir minn, að hún hefði ekki viljað láta sig sjá, hvað mikið hún ætti af peningum, sem hann hélt, að mundi hafa verið töluvert. [...] Svo gaf hún honum spesíu þegar hann fór. Það var allt, sem hann fékk frá henni fyrir eða síðar.¹

Í bréfasafni Jóns er að finna þrjú bréf frá Guðríði Jónsdóttur. Bréfin lýsa vel örvæntingu aldraðrar móður sem reynir að vinna traust og vinskap fullorðins sonar. Bréfin eru skrifuð óstyrkri hendi og bera vitni um hvort tveggja menntunarskort og öryggisleysi bréfitara.

Bréf frá Guðríði Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings 1852-1854²

Mosfelli jan 21. 1852

Elskulegi sonur minn sæll og blessaður hjartanlega þakka eg þér fyrir tilskrifnið er eg meðtók af Guðmundi, lítið er hér í frjettum að seia nema bærilega líðan mína L S Guði mér féll það illa að þú skildir ekki komma í firra þegar þú komsdt að framan því mig lángaði til að vita kvernig þér gékk erindið því ekkert hef eg af

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 8.

2 ÍB 96 fol. b – Bréf frá Guðríði Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings.

þér frétt síðan, og talað við þig er þú komst hér og þáðir hverki vott né þurrt er þú fyrst fram eptir enn í haust þegar séra Jóhann sóknar prestur minn kom hér sagði hann mér að þú værir á ferðinni hér suður og þá vonaði að þú mundir koma heim og tala við mig mér til ánægju enn sú von varð að aungvu enn það gladdi mig ekki lítið sá góði vitnisburður er þú fékkst frá honum því hann sagði að þú værir bæði frómur og fá málugur og að þú mundir koma þér vel hvar sem þú værir.

Nú hef eg verið að vonast eptir miða frá þér síðan í haust er þú komst hér suður en eg er ófróð í þíni stöðu eða hvornig þú ætlar að haga henni nú ætla eg að biðja þig að forlata þettað ófullkomna og ljóta blað og bið eg þig að skrifa mer til aptur so eg fáí vissað mig um þettað vertu so guði falin í bráð og leingd þess óskar af hjarta þín elskandi móðir meðan heitir.

Guðríður Jónsdóttir

Mosfelli þan 1ta mai 1854

Elskulegi sonur min guð géfi þér allar stundir gleðilegar hjartanlega þakka eg þér fyrir til skrifið er mikið gladdi mig lítið er hér í fréttum að seiga nema mér líður bæri lega L.S.G. langt er síðan eg vonaði eptir að sjá frá þér línu mér til gamans þar eg gat ekki skrifað þér og vissi heldur ekki hvar þú áttir heima en kvað arfi mínum líður er eg fékk eptir bróður minn sál hann var hjá JB Stefenssen þegar hann dó en anelísingin var hjá mér geimd enn í vetur tók Jón Stefán hana og færði hann síslu manni og um leið síndi hana erfingum hans enn þeir þóktust eki vita neitt um hana eg vona að eg fáí það seinna því húsbóndi minn geingur eptir því hjá síslumanni nu ætla eg að biðja þig að láta mig vita kvað þú tekur firir þig annað kvort að skrifa mer eða gætir þú komið hingað mér til ánægju mig lángaði til að gefa þér sokk á fótin enn eg get eki verid að senda þér so lítið nema ef að þú gætir komið eg vona ef þú fjarlægist mig að þú kveðir mig áður enn þu ferð eg bið hjartanlega að heilsa bróður mínum, nu ætla eg að hætta þessu ljóta pári og biðja þig að forlata vertu svo guði falin í bráð og leingd þess óskar af hjarta þín elskandi móðir Guðríður Jónsdóttir.

XVII. Betri borgarar gera fjölskyldunni lífið leitt

Það eru einkum samskipti fjölskyldunnar við vel efnað fólk, borgarastéttina, sem setja svip sinn á bréf Guðrúnar á árunum 1885-1889. Guðrúnu var mjög annt um stöðu fjölskyldu sinnar. Fjárhagsáhyggjur höfðu áhrif á daglegt líf hennar sem og sjálfsmynd. Hún var sífellt í vörn gagnvart þeim sem töldust betri borgarar í Reykjavík. Þetta kemur skýrt fram í samskiptum hennar við Guðrúnu Briem, móður Páls Briem, en hún sakaði Guðrúnu Borgfjörð um að gera sér dælt við Pál, þrátt fyrir að þjóðfélagsleg staða

byði henni annað. Kunningsskapur Guðrúnar við Guðrúnu Briem varpar ljósi á þær félagslegu hömlur sem voru á samskiptum einstaklinga af ólíkum stéttum og þar með á hina óformlegu stéttaskiptingu sem var við líði í nítjándu aldar samfélaginu.

Guðrún Borgfjörð hafði sjálf ákveðna fordóma gagnvart hjónaböndum fólks af ólíkum stéttum. Það kom meðal annars í ljós þegar Klemens bróðir hennar trúlofaðist Þorbjörgu Stefánsdóttur í aprílmánuði 1885. Þorbjörg var dóttir Stefáns Bjarnarsonar, sýslumanns í Árnessýslu og Karenar Bjarnarson. Sumarið 1884 fór Karen með dætur sínar tvær, Þorbjörgu og Camillu, til Kaupmannahafnar í því skyni að afla þeim menntunar. Þorbjörg kynntist Klemensi í Kaupmannahöfn og fljótlega mynduðust sterk bönd þeirra á milli. Þorbjörg var fædd 3. júní 1866 og því fjórum árum yngri en Klemens. Vorið sem þau trúlofuðust var hún nítján ára en hann tuttugu og þriggja.

Klemens fetaði í fótspor bróður síns og kvæntist konu úr borgarastétt. Guðrún var ekki mjög hrifin af þessari aðferð bræðranna við að komast áfram í stéttskiptu þjóðfélaginu. Hún óttaðist til að mynda að fjölskylda Þorbjargar myndi í krafti þjóðfélagsstöðu sinnar ekki sýna Klemensi og ættingjum hans tilhlýðilega virðingu. Þá efaðist Guðrún um að Þorbjörg yrði Klemensi góð húsmóðir þar sem hún hafi aldrei þurft að taka til hendi á sínu heimili heldur verið alin upp innan um vinnukonur og matseljur.

Ótti Guðrúnar við að betri borgarar á Íslandi sýndu henni og systkinum hennar lítilsvirðingu kemur enn skýrar fram í tengslum við ástarsamband Guðnýjar systur hennar og Ólafs Stephensen. Ólafur slítur sambandinu við Guðnýju, Guðrún bregst hart við og skrifar Finni: „Það hefur verið alveg vitlaust út af því að hún kæmist inní þessa göfugu ætt.“ Síðar heimsækir hún foreldra Ólafs í Viðey og lætur þar stór orð falla um framkomu fjölskyldunnar við Guðnýju.

Þegar Guðrún skrifaði sjálfsævisögu sína dró hún upp allt aðra mynd af fjölskyldunni í Viðey. Þar segir:

Magnús Stephensen bjó í Viðey, en engin kynni höfðum við af honum eða hans fólki, en haustið, sem Ólafur sonur hans fór í Latínuskólann, kom Magnús til foreldra minna og bað þau að taka Ólaf til vistar og veru næsta vetur. Þetta undraði þau stórum, þar sem Viðeyjarhjónin voru skyld og tengd öllu helzta fólki bæjarins. Þau gátu ekki skilið, hvers vegna hann bað þau um þetta. Fyrst neituðu þau því alveg sökum húsleysis, en hann lagði svo fast að þeim, að þau gjörðu það. Við kvíðum ekki svo lítið fyrir að fá piltinn, mest vegna þess að orð fór af því, hvað stolt og mikillát frúin væri.

Magnús var ósköp látlaus maður, en óþarft var að kvíða fyrir Ólafi. Hann var ekki búinn að vera lengi, þegar við fengum öll góðan þokka á honum.

Ólafur var ekki bókhneigður, en þennan fyrsta vetur sinn las hann þó vel. Eftir að Ólafur kom til okkar, varð töluverður kunningssskapur á milli okkar og Viðeyjarfólksins. Ólafur fór heim til sín oftast nær á hverju laugar-dagskveldi, og Klemens bróðir minn fór oft með honum. Sigurður Briem var líka með og smíðapiltur, sem Árni hét. Vanalega komu þeir aftur á sunnudag. Stundum voru þeir sóttir, en stundum fóru þeir á lítilli kænu. Við vorum oft hrædd um þá og stundum ekki að ástæðulausu, því að þeim var alveg sama, hvernig veðrið var. Ólafur var bara þennan eina vetur til húsa hjá okkur, en öll sín námsár var hann sem heimamaður hjá okkur, enda sagði hann oft, að hann ætti tvö foreldrahús. Það mátti hann líka vel segja. Viðeyjarhjónin voru ákaflega gestrisin og veittu svo vel sem föng voru á. Frú Aslaug var mjög vel að sér til handanna og kunni allar þessar gömlu hannyrðir, þar á meðal að spjaldvefa, sem mig hafði lengi langað til að læra. Ég átti bæði spjöld og aðsláttartré. Þetta vissi Ólafur og sagði móður sinni frá. Hún sagði mig velkomna inn eftir, hvenær sem ég vildi. Ég fór þangað einn vetur og lærði að vefa og komst fljótt upp á það.¹

Afstaða Guðrúnar til betri borgara var í meira lagi tvíbent. Hún fyrirleit borgarastéttina um leið og hún leitaðist við að tileinka sér hugsunarhátt þessa fólks og ýmsa þá siði sem féllu henni í geð.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1885-1888²

Reykjavík 6/2 1885

Elsku góði bróðir!

Nú sest jeg við að skrifa þjer seinast af öllum. jeg er búin að skrifa 11. brjef, og er það nóg fyrir mig, já þá er að þakka þjer fyrir elskulegt brjef að vanda, jeg þakka þjer fyrir alt innilega. heldur varð jeg glöð núna að fá fregn frá ykkur, svona um hátíðir, og ekki skemtilegra en hjer er núna, þá er þó tilbreitng að fá skipið, og það sem því fylgir til að hugsa um, þú ert búin að fá frjettir úr öllum áttum, svo ekkert verður eptir handa mjer, enda er jeg aldrei sjerlegur frjettaritari, svo þjer þarf ekki að bregða við þó magurt sje, í þettað sinn,

Mjer líður heldur vel. jeg er nokkurnvegin frísk, reindar fjekk jeg dálftið kast um nýárið, en það er alveg batnað aptur og hefur það víst helst verið af því að jeg keptist við, að sauma fyrir jólin, en síðan hef jeg ekkert kepst við, jeg þori það ekki því mjer er um að gjöra að fá heilsu ef auðið er, jeg vona að guð gefi mjer hana en það verður líklega ekki nema von. Hjer heima gengur alt við þettað sama, sinn vana gáng, ekki eru hjer skemtaniir í vetur til tafar, því hjer er ekkert, nei hreint

1 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 110-111.

2 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

ekkert, hjer var í orði í vetur að haldnar yrðu komedíur en, en kom Gestur þar til, og vildi vera með en fjekk ekki, en svo er sagt frá að á næsta bæarstjórnarfundu tók M. Stephensen til máls, og sagði eingin tiltök vera til að fara að leika þar sem liti út fyrir bágingu manna á milli, og svo var það sjálfsgagt að hætta, en íllgjarnir sögðu að Gestur hefði þá rjett áður heimsókt amtmanninn, svo þó mjer aldrei áður hefði verið illa til G. þá hefði mjer orðið það við þettað því jeg er svo ógn hrifin yfir að sjá leikið, hjer hefur annars verið virkilega leiðinlegt í vetur og þá er nú veðrið, aldrei varla fært húsa á milli, fyrir stormi og íllviðri svo maður verður nauðugur viljugur að hýrast heima.

Þú spyrð um Jónassen fólkið. Því líður heldur vel, gamli maðurin er orðin svo hrumur, hann er t.d. orðin svo skjálfhentur að það er varla að hann gæti drukkið úr bolla, Steingrímur er víst alveg tekin við höndluninni hann er alveg reglumáður, og jeg er viss um að það getur gengið vel hjá honum, því hann er virkilega góður maður, hvað frúin [þ.e. Inger Johnsen] gjörir, veit jeg ekki. sumir halda hún muni sigla, en jeg held, nú hún fari hvergi. menn eru að geta til að úr henni og S. verði þar, en um það skal jeg ekkert segja, því þó það verði, þá er ekkert útlit fyrir það en, jeg kom þar opt, því hún er altaf jafn elskuleg og góð mjer til handa, og jeg finn aldrei hjá henni neina fyrirlitningu, á ætt eða fátækt, jeg kem líka opt til Hólmsfr. Björnsdóttir, hún er mjer virkilega góð, og umhyggjusöm. já eingin móðir eða systir betri. jeg skal. segja þjer til dæmis hvað hún er góð við mig, hún hefur kú, og hún gefur mjer 1 1/2 pott af nýmjólk á dag til að drekka. er það ekki vel gjört, hún segir að jeg hafi gjört og gjöri svo margt, fyrir sig, að hún segjist aldrei geta borgað, það, en hafi jeg gjört henni greiða, þá hef jeg gjört það fleirum sem verr launa.

Að jeg fari að rifast við Guðr.[únu] B.[riem] um hvað jeg sje, er lánur vegur frá að jeg gjöri, nei það er ekki gjört svo mikið úr mjer að jeg hafi svo háar hugmyndir um mig, að jeg fari að halda mjer fram, og það síst við þettað tækifæri, en jeg vona að Guð borgi fyrir hrafnin, ef jeg á alla æfi að vera rángt dæmd, og allar mínar gjörðir misskildar. nú svo þá verður það að hafa það, jeg hef þá barist fyrir að verða duglegur kvenmaður eptir því sem hjer gjörir, jeg er annars fjarskalega leiðinleg yfir þessu fjárans kjaptæði og vera þó eins laus við að vera galant við pilta, og jeg þykist vera. jú jeg er svo leið að ef jeg sæi nokkurn veg vildi jeg helst komast, sem fyrst í burtu hjeðan, til Vesturheims eða, mjer væri annars sama hvert það væri, já það veit eingin nema guð einn.

Ó það er svo skamarlegt að vera bendluð við mann, sem maður er alveg saklaus við að hafa nokkur mök við, því æfinlega er sagt á eptir, sumsé hún sveik hann, eða hann sveik hana. G. hefur þó víst ekki skrifað P. [Páli Briem] og varað hann við þessum ósköpum. hún er vís til, eða fengið einhvern af hans fólki til að frelsa hann. elskan mín láttu eingan víta neitt um þettað, þú mátt aldrei á meðan jeg lifi láta G. víta að jeg hafi skrifað þjer eitt orð um þettað, því þá verð jeg hreint ólukkuleg, ef jeg dei þá mátt þú láta hana heira eitthvað af því, ef þú vilt, og umfram alt ekki Pál, jeg vona að hann hafi ekki heirt þettað kjaptæði, hann findi víst ekki upphéð fyrir sig, að vera gefin mjer, hvernig sem það lætur og hvað lítilfjörleg sem jeg á að

vera, skal jeg aldrei eiga neinn heilvítis ræfil, nei heldur vera piparmey, heldur en að eiga ekki eitthvað almennilegt. og mjer þykir verst, að geta ekki náð í einhvern, henni til íls, en jeg er hvergi lagin held jeg með þessháttar, og þar að auki orðin gömul og æfinlega ljót verið, svo það er líklega varla til að tala um. svei því annars öllu.

Innilegar ástarþakkir fyrir, alt þettað sem þú gefur mjer, nei það sæti varla á mjer að vera svo stolt á móti þjer að þiggja ekki slíkt, en jeg finn til þess fyrir því að vera svona mikill garmur, að þurfa að vera upp á aðra komin, ó að guð gæfi mjer að jeg aldrei þyrfti þess að vera alveg upp á mennina komin, þú hefur víst nóg við þitt að gjöra, það má svo sem nærri geta, ekkert gleður mig samt, nema það hvað ykkur gengur alt vel, jeg vona að Klemens, slái sjer ekki of lausu, hann ætti að fara varlega, hann er víst gróflega hrifinn yfir þessari ungu og ríku stúlkum sem eru þarna, en hann ætti að hugsa sig um áður en hann gjörði nokkuð alvarlegt. Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja Páli, og öðrum, vertu svo alla daga kistur af þinni elskandi systur Gunnu.

Jeg treisti þjer að geima þettað alt vel. mundu með fræið.

Reykjavík 20/3 1885

Elsku góði bróðir

Ástar innilegar þakkir eiga þessar línur að færa þjer fyrir þitt góða brjef, en ekki get jeg neitað að mjer finst þú vera svo undarlegur. ertu nokkuð ergilegur við mig? það vona jeg að ekki sje, það er náttúrlega vitleisa, mjer finnst það bara. mjer líður vel, jeg er og hef verið núna um tíma óvanalega vel frísk, svo jeg er orðin svo vongóð, að þettað ætli að fara heldur batnandi, jeg hef heldur ekki unnið svo lítið, síðan á nýári, en hvað það er hefur þú víst ekkert gaman, af að heira.

En einu ætla jeg samt að segja þjer frá, því það er svo einstakt í sinni röð. það er nl. avisholder, og á einn ríkur Einglendíngur að fá hann, hann sendi upp hingað, í haust, skjaldarmerki sitt, teiknað á pappír, og silki og garn, eins og það átti að vera litt, og það að saumað yrði eptir ef einhver treisti sjer til, svo var jeg beðin, og jeg rjedið í að taka það, og hefur mjer held jeg tekist heldur vel með það, og það sama sýnist öllum sem það hafa sjeð, jeg er dálítið montin af því, það er saumað, sumt með skatteringum sumt með blómstursaumi og sumt með kunstbroderi. það var mikill vandi og því meir er það gaman að hafa gjört það, það verður landinu aldrei til skammar, þettað er orðið heillángt mál, þú fyrirgefur.

Hjeda er sömu frjettir sama bága ástandið manna á milli, okkur líður vel, nema náttúrlega verr fyrir að aldrei skuli fást fiskur, jeg hlakka til sumarsins, og vona jeg að eitthvað lifni við. hjer, Guðný ætlar að vera í sveit í sumar, að gamni sínu, hún fer austur að Barkarstöðum í Fljótshlíð, það mesta mindarheimili. það er ófært að hún ekki venst sveitinni, hver veit hvort hún verður. hún er gróflega dugleg og flínk þegar hún vill.

Ekki fellur mjer neitt vel við þessa hálf systur okkar, hún er sönnu stilt stúlka en hún á ekki við mig, og ekki veit jeg hvað fólki hefur getað fundið að hún hafi þessa ógnar hæfilegleika. hún er reindar vel greind, en hún er heldur klaufaleg til handanna, og svo þrá að ómögulegt er við hana að eiga. hún fer norður í vor aptur. jeg get ekkert átt við hana, og pabbi hefur eingin efni til að halda stúlku uppá stáss, við Guðný verðum að vinna hvað við getum, eins og þú veist.

Það er gleðilegt að heira að þú ert farinn að hugsa um að gipta þig, þú ættir að drífa í því, þú þarft líka nokkra penínga til að lifa svona, og kaupa alt út. jeg get því nærri að þjer tekst vel að halda fyrirlestur, dálítið færð þú í Suðra núna, Gestur er ekki alveg búinn með þig en. hann nartar hvað hann getur en ómæt eru ómaga orð, og nú er hann sannarlegur ómagi alstaðar útrekinn. hvernig er nokkuð satt í því að þið hafið haft það eins hann segjir í blaðinu.

Já eitt er tíða. nú er Guðný farin að læra að spila á fortepíanó, hún fjekk það að æfa sig fyrir alls ekkert, og allar nótur líka fyrir ekkert, hjá E. Zoega, er það ekki vel gjört, mjer fanst að það vera sjálfsagt að nota það, eða sýnist þjer ekki það. það þykir nú samt heldur mikið, að við skulum láta hana gjöra það,

Kærar þakkir fyrir fræið. jeg sendi þegar 2. kr. fyrir það, heirðu góði ef þú getur þá gerðu nokkuð fyrir mig. kaupu handa mjer jeg skal borga þjer það, blómstur sem heitir „Hortensie“ og biddu Þorgrím eða eitthvað af þessu fólki, að flytja það, þegar það fer heim í sumar. mig lángrar svo ógn til að eiga það, nýdái er Soffía Hafstein, góði Finnur þú ættir einu sinni að koma til Mad. Bucharth. hún hefði gaman að þú kæmir einu sinni til hennar þegar þú ert orðin doktor. þú hefur komið þar svo opt áður, hvernig líður hjá Krabbe? heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja, og Páli. vertu svo alla daga kært kistur elsku bróðir af þinni þig elskandi systur Gunnu.

Innileg kveðja til Emmu og alls þess fólks.

Reykjavík 3/5 1885

Elsku góði Finnur minn!

Innilegar ástar þakkir fyrir þitt góða brjef, jú nú líkar mjer hvað þú ert glaður í anda, já þá eru nú frjettirnar. fyrst frá mjer sjálfri, jeg er vel frísk altaf núna, og er því mjög vel ánægð og alt hjer heima gengur við þettað gamla. heldur vel. Ingólfi gengur vel. hann er svo einstaklega vel greindur og þá Villi ekki síður, ekki veit jeg hvað jeg á að segja um Klemens. og það mál. jeg þekki þettað ekkert sjálf,¹ og get því ekkert, um það dæmt en ef dæma á eptir umtali fólks, þá er kynið slæmt og hábólvað í alla staði. Já á allar síður, mjer fanst það hefði mátt bíða þángað til

1 Guðrún er að vísa til trúlofunar Klemensar og Þorbjargar Stefánsdóttur í aprílmánuði 1885. Trúlofunin var ekki gerð opinber fyrir en á tuttugusta og þriðja afmælisdegi Klemensar, 27. ágúst 1885.

seinna, jeg er viss um að Klemens hefði ekki þurft að pipra fyrir því og hrædd er jeg um að hann kunni ílla við mikin sóðaskap, fátækt er hann vanur en hún ekki, en það er ekki við öðru að búast þar stúlkan er alin upp á öðru eins heimili og hún. En það sýnist mjer þjóðráð að halda því leindu núna fyrsta kastíð, það er nógur tími, að gjöra það opinbert. góði reindu að segja honum mitt álit, jeg er svo hrædd að þettað tefji hann frá lestri, blessaður segðu mjer hvernig þjer líst á hana, jeg marka ekkert hvað Std. segir, hann er náttúrlega hálfvitlaus! fyrsta kastíð.

Svo er nú Páll, opt hefur nú verið opnað sig í Reykjavík, og opt hefur nú verið talað um trúlofanir, en aldrei annað eins að jeg muni til, þettað vissu allir með hinni ferðinni, og hann hefur heldur eingan eingil fengið aumíngin, honum er vor-kunn. hann þekkir hana náttúrlega ekki neitt, en hún er víst ólík honum að mörgu ef ekki öllu leiti. Svona gengur það. jeg er hrædd um að það sje þyngri, eða sá þyngsti steinn sem á G. gat lagst, (en guð borgar fyrir hrafninn) því þettað hel. ólán er stærra en tárur taki,, hún er alveg vita vitlaus, og jeg er hrædd um að það sje alt hálf ergilegt. en því fer betur með hitt fólkíð, hvað ætlar P. að vilja hínagað til þess,, konan ætti nú ekki að láta tala sig til, jeg bið að heilsa honum og árna honum allrar lukku, jeg hefði vilja óska honum hepnari val en þettað, en það skalt þú ekki sega honum.

Jeg þekki K [Kristínu Guðmundsdóttur frá Auðnum] dálítið, en hún er rík og það náttúrlega rýkur hitt alt. því það er það eina sem á er litið nú á tímum. þú stíngur þessu öllu hjá þjer. nú er G. góð við mig! nú jafnast eingin kvenmaður á við mig einig og áður var. en jeg kem þar sársjaldan, jeg er ekki úr greinini, heilsaðu öllum, Emmu sér í lagi. nú fer hún að hafa nóg að gjöra, að kanna sitt Udstyr, jeg á brjef hjá henni þessari góðu Emmu, hún er svo skratti skuldseig í þessháttar, ef það ekki væri danska sem jeg þyrfti að skrifa, skyldi jeg skrifa með hverri ferð, því upp á Emmu held jeg mikið, hún hefur svo margt sem mjer líkar svo vel. jeg er viss um að hún verður sparsöm. og ekki er að tala um regluna. og þrifnaðin, og þar undir er líka alt komið, jeg fjekk mína penínga frá Eínglandi og það líkaði svo vel að, sá sem átti vill endilega fá saumað undirdekk alveg eins. og ætla jeg nú að fara til þess. þú spirð frú Jónassen

Mad. er nýbúin að biggja sjer lítið hús upp með franska prentstígnum, og býr nú þar með Möggu og Stínu, jeg kom þángað einu sinni fyrr um dagin, og talaði hún þá mikið um þig. og sagðist endilega hafa ætlað að ná í mig áður en jeg sigldi og biðja mig að bera þjer kveðju sína, og það með að Halldór heitin hefði beðið sig á dánardægri að bera ástarheita vinarkveðju, til þín, en hún sagðist ekki hafa komið sjer fyrir með að fara til mín, en bað mig að skila því til þín núna. henni líður held jeg bærilega. ekki sá jeg annað. Steingrím hef jeg hitt. hann var ergilegur yfir að hafa ekki sjeð þig. það heilsar alt. mundu eptir Hortensíunni. vertu nú blessaður og sæll. elsku bróðir. þín elskandi systir Gunna.

Jeg legg hér með 5 kr. og bið þig kaupa blöð, hvítan vír, sykur og fyrir 1 kr hvítar palíettur og kantalfúr.

Reykjavík 5/8 1885.

Kjæru bræður!

Þið verðið báðir að eiga þettað brjef. Það er ekki langt síðan, jeg skrifaði, hafið góða þökk, fyrir brjefið síðast, þið þurfið ekki að vera hræddir um mig, jeg tóri nokk, núna er jeg allbærileg, og finnst mjer að jeg sé loksins vera að batna, í það minsta um tíma, altaf hef jeg von um að verða frísk, jeg get ekki að því gjört, jeg veit ekki hvað jeg á að skrifa, þingmál og þessháttar fáid þið alstaðar frá, jeg fjeck í gær brjef frá Guðnýu, henni líður vel og leiðist ekkert. hún, er ansi drjú yfir að hún hafi bússýslu á hendi því konan er fötluð, hún getur verið nógu mindarleg þegar hún vill sú litla.

Nú fór Kristján Zøega með skipinu (það er að fara á milli eyjana) hún ætlar víst að gjöra lukku þar ytra en allir halda nú reindar að hún muni vera trúlofuð Kristjáni frá Ármóti, en hvert satt er veit jeg ekki, líka fór Frú Inger, alfarin, að allir halda, en jeg hef nú mína meiningu um það, jeg get vorkent aumíngja karlinum, jeg er hrædd um að hann lifi aldrei lengi eptir þettað, þvílíkt skar hann er orðin, honum hefur farið svo undur mikið aptur síðan Símon dó.

Góði Mensi, jeg bið þig að fara til Sjönu fyrir mig og sækja það sem jeg bað hana fyrir. hún er hjá frú Asgeirsen. líka deponeraði jeg 12 kr. og þar af biður Guðný Jóns Ólafssonar um að þú vildir gjöra svo vel og fá Frú Therp. 6. kr. en hinar 6 biður hún, þig að láta taka mindir fyrir. hún segir að þú eigir mind af sjer og hún biður þig að fá eins mindir, fyrir 3. kr. en svo fyrir hinar 3. biður hún þig um mindir eins og þá sem fylgir, stúlkan er systir Ól. búfræðings. líka lángrar mig að vita hvað Mad. Halberg hefur sagt, ekki hef jeg heirt neitt af Guðnýu, hún var og er sögð trúlofuð Jóni Tómassyni, heilsaðu Mad. Buchart, og vittu hvert beltið hefur selst. og einnig Ólöfu og þakka henni fyrir útrjettíngarnar.

Nú kemur Finnur, góði bróðir þú mátt ekki verða vondur. jeg sendi þjer vírinn sem þú keyptir í sumar. mjer er ómögulegt að brúka hann til nokkurs hlutar og verð jeg endilega að biðja þig að reina að skipta honum, og fá miklu finni í staðin. þettað er svo fjarska gróft, jeg skyldi ekki senda það aptur, og auka þjer ómak ef jeg mögulega gæti brúkað það, en hvað jeg er glöð yfir að þú hefur getað verið úti á landi, heirðu en lángrar mig til að biðja þig bónar, en hún er stór, en ef þú átt bágð með það þá skalt þú ekki geta um það, nl. þú vissir að jeg var hjá þessum „doktor“ Leman.

Hann sem var við Klokken, hann ljet mig fá mixtúru sem losaði svo mæta vel. nú hef jeg haft hana, og altaf ef jeg hef fengið þyngsli og mæði hef jeg tekið hana. og altaf batnað, en nú er hún hætt að verka og lángrar mig að vita hvert hann ekkert geti látið mig fá nýtt, nú lángrar mig að biðja þig, að fara til hans og tala við hann. jeg sendi þjer reseptið og bið þig að sýna honum þá man hann eptir mjer, hann var að hitta í Kronprinsessegadi No 22 í klokken kl. 1 á daginn, en sem sagt ef þjer þykir það á einhvern hátt leiðinlegt þá láttu það vera, þú getur sagt honum að jeg sje lík og jeg hafi verið þegar hann skoðaði mig, nema meiri verkur í hægri síðunni.

Æðardúnn kostar frá 16 til 18. kr. pundið, gétu þú ekki látið mig fá með næstu ferð dametidende, jeg vildi kaupa þaug, og fá síðasta árgang, og halda svo áfram, jeg skal senda peninga, heilsu öllum kærlega, verið svo báðir kærast kvaddir af ykkar elskandi systur Guðrúnu.

Mensi taktu 50 aura af því sem jeg sendi og keyptu maskínunálar.

Reykjavík 28/8 1885

Elsku góði bróðir

Innilegar þakki fyrir brjefið, nú er jeg altaf heldur slæm, í fyrradag lá jeg, og í gær að heita mátti, alt af þyngslin og mæði, það er leiðinlegt að verða að skrifa þetta en jeg er altaf held jeg að versna, og til þess er fleira en eitt, en um það er ekkert að tala eða gjöra, það er víst, mín leið að verða svona hrjóstrug og slæm. Í dag er jeg heldur betri, stundum er jeg að hugsa um að skrifa Guðna lækni og spirja, hann hvert hann, ekkert geti, jeg bað Jónassen og hann gat ekkert látið mig fá sem gagn var í, mig lángrar svo til að lifa, dálítið lengur, samt, hvað aum sem jeg er þá er altaf sú laungun svo rík, en slíkt er barnaskapur.

Jeg mætti víst þakka fyrir að fá að deija áður en jeg verð alveg ómagi, í það minsta ætti jeg að hugsa svo mikið um ykkur að vilja og óska að þið mættuð forðast frá þeirri byrði að gefa með mjer, en jeg get ekki að því gjört að, því að jeg er opt óróleg yfir þessum veikindum, og það gjörir sjálfsagt bara verra.

Þú verður að fyrirgefa þó að jeg ergi þig með þessari vitlausu raunatölu, en jeg veit að þú ert nú svo skynsamur að þú getur sett þig inni og fundið hvert ekki muni vera leiðinlegt að vilja, og hafa nóg vit til að gjöra og framkvæma ýmislegt en geta ekkert fyrir vanheilsu er þá ekki von að manni renni til rifja, og maður sje ólukkulegur. en það er nú ekki nema þegar jeg er veik sem jeg hugsa svona, en aptur þegar jeg er frísk þá finst mjer alt vera svo inndælt og alt eins og það á að vera. mjer hefur aldrei sem jeg man til leiðst annað eins og í sumar, og það gjörir mikið að Guðný er ekki heima, það er leitt að hafa eingan nálægt sjer, sem maður getur talað við, nú hætti jeg, þú heldur víst að jeg sje orðin vitlaus, að rausa þetta alt, jeg skrifa eingar frjettir. jeg get ekkert núna, jeg hef líka svo fjandi mikið að gjöra, að jeg má ekki uppúr líta, jeg er líka búin að borga síra Eiríki, og 20 kr. er jeg búin að borga fógetanum, 80 kr. eptir, og svo er alt búið nema, það sem aldrei verður borgað, nl. til þín.

Í dag gipti Margrjet Ólsen og Ólafur sig. þar var nú ekki heimafólkið. nei bara öll heila klikkan teigð og upptoguð nema amtmaðurinn og nú fara þaug til hafnar með skipinu. ekki batnar þegar hann kemur, ef hann verður þar eins og hann hefur verið hjer. nú koma líka allmargir stúdentar, Lárus Bjarnason, eingin þokkapiltur, væri nú strángur bindindismaður og er gamla konan víst hrædd um hann. Valtýr hefur farið hjá, þú getur látið hann segja þjer hvernig honum hafi litist á hjá okkur,

svo ef Páll kemur þá held jeg að hann geti sagt ykkur alt af ljetta. heilsaðu innilega öllum frá mjer, vertu margblessaður, guð annist þig æfinlega, þess biður þín elskandi systir Gunna.

Reykjavík 16/10 1885

Elsku góði bróðir

Hafðu bestu þakkir fyrir þitt góða brjef og alla alúð, nú líður mjer miklu betur og er jeg að vona að guð gefi að það haldist. mjer var ráðlagt að drekka af hreindýramosa og það hef jeg gjört, er jeg nú allgóð, en jeg hafði líka þörf á að fá einhvern ljettir, guð veit að í sumar hef jeg verið veik, kanske aldrei verri, en nú er jeg svo, hress og hugsa nú ekkert um það sem jeg skrifaði í Mensa brjefi með Thyru, á meðan jeg er svona, kanske mjer fari nú líka að batna fyrir alvöru, guð gæfi það, því jeg kvíði svo óseggjanlega fyrir, að fara að brjótast í að reina að sigla að jeg vona að guð leggi það ekki á mig, en nú sný jeg mjer að öðru, allir verða að gjalda þess, að jeg er svona veik og þú einna mest, jeg hafði þó ætlað að reina að senda þjer dálítið, en þú færð ekkert til núna, jeg hef ekkert getað gjört núna í 8 vikur, og lítið þar áður, jeg sendi þjer eina skirtu 2 klúta og tvenna sokka og verður þú að fyrirgefa mjer hvað þettað er lítið, sokka ætla jeg að reina að senda þjer fleiri, hitt er hægara að fá fyrir þig. jeg reini með næstu ferð, það er leiðinlegt að vita ekki uppá víst hvenær þið munið giptast, því jeg vildi, drekka eða hafa eitt-hvað gott þann dag. jeg er að hugsa um að gjöra það á fæðingardeggi Emmu.

Nú er Guðný komin úr sveitini. hún er hjólsþíkuð, við ljætum taka af okkur mind á Sunnudagin var og ætla, jeg að senda ykkur eina. bara guð gæfi að þú fengir þennan styrk sem þú talar um. jeg vona að það verði, jeg skil annars ekki í hvernig þú sjerð til að lifa, þú mátt vinna og það eigi lítið, en jeg vona að það hafi alt góða vegi. þú hefur altaf lánsamur verið, og þú verður það framvegis vona jeg og óska, okkur líður nokkuð vel. frjettir hef jeg eingar, jeg veit ekkert, hef hvergi komið. jeg veit ekki hvað lengi, það er mikið talað um trúlofun Mensa að jeg heiri og ýmislegt haft eptir unnustu hans sem hún hefur átt að tala og gjöra hjá áður en hún fór, en slíkt eru hleypidómar sem eingin ætti að taka mark á. jeg heiri sagt að Stepán gamli sje mjög kátur yfir trúlofunni, og þyki hún gott hafa hrept, og þakka jeg honum ekki.


Heilsaðu innilega frá mjer Emmu og segðu henni að hún sje löt, jeg skildi skrifa henni, ef jeg þildi að sitja svo lengi við, en því miður er jeg ekki svo stirk en, jeg þoli svo lítið að gjöra, þú ert að tala um að jeg ætti að gánga lánga túra, en góði Finnur þú getur ekki hafa hugmind um hvað hjer er kalt og ónotalegt, í dag hefur verið gott og milt veður. sá fyrsti dagur í þessum mánuði, og als eingin í septemb. en úti í slæmu veðri þoli jeg ekki að vera því þá fæ jeg þessi óbærilegu þyngsli. viltu gjöra svo vel að senda mjer reseptið aptur, jeg þakka glasið, heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja, vertu nú alla daga margblessaður. guð blessi þig eins í hjúskapnum, eins og að undanförmu, þess biður af hjarta þín elskandi systir Guðrún.

Það er leiðinlegt að vera ekki horfin til ykkar, á ykkar heiðursdegi er hugur minn og okkar allra er hjá ykkur á þeirri stundu með ósk um lukku og blessun, þín sama Gunna

Finnur Jónsson og Emma Herazeck gengu í hjónaband 7. nóvember 1885. Daginn eftir brúðkaupið skrifaði Finnur fjölskyldu sinni eftirfarandi bréf:

Elskulegi faðir minn! og þið öll sömul! Jeg er ekki tilkippilegur til þess að skrifa langt eða mörgum í þetta sinn. Klemens hefur víst líka að nokkru skyrnt málið betur. Jeg er þá inn genginn í það heilaga hjónaband í gærkveldi, að jeg held undir góðum auspícius (góðu heilli). Jeg er náttúrlega mjög ánægður og gláður. heimilið er snoturt.

Við höfum 4 herbergi 1 svefnherbergi 1 finni stofu, 1 stofu handa mjer og eina borð- og daglega stofu. Í svefnherb. eru rúmin, klæðaskápur, „servant“ og kommóða með spegli ofan á, sem leikur á nöfum til hliðanna. Í fínu stofunni er sófi með rauðu plussi og 6 stólar með sama, spegill frá gólfi til lopts og nokkrar myndir á veggjum, og stórt gólfteppi. Í minni stofu, dæilegt skrifborð með klappa til þess að reisa upp og skrifa við og svo tveir skápar til beggja hliðar, sófi (chaiselongue) og stólar, 2 bókaskápar og ágætur skrifstóll og borð, í 4 stofunni stórt borð og buffet með spegli, og margir stólar. það er allt snoturt, góðir og vandaðir búshlutir, allt heimanmundur konunnar nema bækurnar og Íslandskort. Svo hef jeg keypt gibsmýnd af Jóni Sigurðssyni sem jeg er ekki búinn að koma fyrir enn. Húsnæðið lítur svo út á mynd



Hjæraf sjáid þið „hver salarkynni“ sje hjá okkur. þau eru góð og allt leikur í lyndi og jeg vona að svo verði framvegis. Brúðkaupið var haldið á Skydebanen og fór vel fram. Í boðinu voru liðugt 20 manns. Dr. Wimmer var svaramaður minn, hann sem [hefur] gert mjer svo mart gott. Honum á jeg það mest að þakka, að jeg fjeck 500 krónur úr Karlsbergsjóðnum til að safna til fornsl. bókm. sögu. Jeg fjeck allt fjeð útborgað og kom það sjer í góðar þarfir enda er mjer nú full borgið í heilt ár.

Brúðarkvæði 3, sendast hjer með. Mjer þótti vænst um það íslenska. Mórítz og Klemens höfðu búid hin til. Jeg fjeck ex. innan í afarfornum skinnspjöldum upp á grín og Emma fjeck það skrifað á pálmblaðsviftu. Brúðgjafir margar og góðar. Frá Wimmer afarfalleq silfurskeið með letri: „Til Erindring fra L. Wimmer d. 7. nov. 1885“.

Frá Klemensi og kærustunni blómstatív (líkt og það sem við Gunna gáfum Móríz) annað líkt frá Krabbe og frá Kr. með fallegu blómi í (Aralía) tvö blóm frá tveim öðrum. Stóran skrautlegan hengilampa frá Móríz annan hengilampa og kaffikönnu með eldfati undir frá Bireh. Sofapúða frá Lovísu, lítið fallett teppi frá fröken Hayer; 2 ker til þess að standa á borði frá tveimur. Sardínudósir einkarfallegar frá Holcher. 2 einkarfallegar silfurskeiðar frá Thomsen. Tylft af diskum og bollum og könnu frá Lundi. 2 silfurskeiðar enn frá öðrum. Gibsmynd af hinni heimsfrægu Venus frá Míló með súlu undir frá Páli Briem og líkl. eitthvað enn fleira sem jeg man ekki upp að telja. það er mikið að gjafirnar eru stórar og góðar.

Ræðan í Kirkjunni var ónýt og mikið til bull, eins og prestum er tamt. Margar ræður haldnar firir okkur brúðhjónunum; og jeg mælti fyrir nokkrum. í fyrsta skipti sem jeg sagði „konan mín“, fór allur þingheimur að hlæja upp á grín.

Matarlistinn var:

oportto sherry	Súppa à la jardinére,
Haut Sauterne	Soðinn lax, hollensk sósa
Sèaville	Andarpatsteik champignon
Kampavín	Ís með vanille
Sherry	Kransakaka

Jeg verð nú að slá í botn. Jeg þori valla að bíða til morguns með brjef þetta. Við höldum selju frá morni til miðdags, laun: 6. kr. á mánuði.

Verið öll sömun kærast kvödd með elskulegustu óskum frá mjer og konunni, sem mjer þikir nú vænna um en nokkru sinni fyrr, ykkar son og bróðir, Finnur.

Eftir að þetta bréf hafði borist fjölskyldunni skrifaði Guðrún Finni og óskaði honum til hamingju með þá breytingu sem orðið hafði á högum hans.

Reykjavík 26 nov. 1885

Elsku góði bróðir

Mínar bestu og innilegustu lukkuóskir eiga þessar línur að færa ykkur, hjónunum í ykkar hjónabandi, jeg hugsaði til ykkar þann 7. og var alveg hjá ykkur, og ætlaði ykkur stundirnar, nú sendi jeg ykkur nonsens brúðagjöf! Þið verðið að fyrirgefa þó seint komi. Jeg ætlaði að verða búin, þegar hitt skipið fór um dagin, en heilsan sagði nei, en nú kemur það, jeg þorði ekki annað en að búa til tvent, sitt handa hvoru, ef þið ekki kæmuð upp til að slást saman strags, Emma á sambrotna teppið en þú átt púðan, það er ekkert við teppið nema að jeg hef gjört það, en öðru máli er að gegna með púðan!

Þar hafa 3 snillíngar lagt saman nl. kransin í kríng er eptir Sigurð málara, nafnið hefur Gröndal teiknað, og svo jeg sjálf saumað, og þá sje jeg ekki betur en snillíngarnir sjeu 3. Þú átt að hafa púðan á þínu herbergi, hann minnir þig þá á mig svo lengi sem hann er til þó jeg ekki sje leingur, jeg vona að þið fyrirgefið þettað, og takið viljan fyrir verkið, það er lítið, en það má ekki ætlast til mikils af mjer, sem er verri en eingin, vænt þókti mjer um að dr. Wimmer var svaramaður þinn, en jeg er hrædd um að dr. Ólsen hafi ekki þókt eins vænt um, trúað gæti jeg því, bauðst þú ekki frú Inger?

Jeg er bærilega vel frísk núna og vona jeg að það haldist, og okkur líður öllum vel. hvernig þókti þjer mindin af okkur systurum, hvernig sínist þjer það sem jeg skrifaði Mensa í sumar um að vera að kaupa lífsábirgð? jeg hugsa nú samt ekkert um það ef mjer batnar sem jeg alt af vona, því slæmt þækti mjer að þurfa að yfirgefa heimilið, því þó að stundum sje lítil stöð í mjer, þá er jeg þó stundum, að mjer finst ómissandi, en það er ef til vill vitleisa.

Guðný er reindar, mikið mindarleg og flínk en við erum eiginlega ekki líkar, en hún er heldur ekki eins reind og jeg er orðin, maður reinist þegar maður altaf er veikur, ekkert veit jeg hvað jeg á að tína til af frjettum, jeg held helst ekki neitt, mjer þykir ekkert varið í kvæði Þ. Erlíngssonar, kvæðið Mórís er eins og hann er sjálfur, en kvæði Mensa er að mínu álit best. en Villi hann verður skáld, það skuluð þið sanna, því hann er alt sem hann bara vill, hann er virkilega gáfaður og þar eptir er stillíngin. En Ingólfur er ekki alveg eins stiltur, það er mesta ólátafífl en skemtilegra barn hef jeg aldrei þekkt og aldrei er hann neitt ósvífin. það þykir öllum vænt um hann.

Heilsaðu Emmu innilega frá mjer ef jeg get þá skrifa jeg henni en annars gildir þettað fyrir ykkur bæði, heilsaðu öllu hennar fólki, svo óska jeg ykkur góðra og gleðilegra Jóla og sömuleiðis í hönd farandi árs, og allrar þeirra ánægu og blessunar í hjónabandi, sem hugsast getur, þes biður af hjarta ykkar elskandi systir og mákona Guðrún.

Þú færð bréfið seinna af því að ég varð að láta púðan fara án snúru því hún fjekst hjer hvergi en jeg vona að Mersi láti hana ekki slitna.

Elsku góði Finnur minn!

Mínar bestu þakkir eiga þessar línur að færa þjer, það gleður mig að þið skuluð vera svona ánægð, með þettað lítilræði sem jeg sendi, njótið þið þess eins vel. jeg þakka líka kærlega bókina, mjer þókti vænt um hana, eins og um allar bækur er jeg í næ, jeg held af að lesa, bara að jeg hefði gefið mig meir að því á meðan að jeg gat lært, en það var ekki hægt, jeg er altof ergileg yfir að geta ekki lesið Ensku til fullnustu, en hjéðan af læri jeg ekki, nú hefur mjer liðið heldur vel síðan síðast jeg skrifaði, jeg hef altaf verið frísk, og einusinni fengið kast en það varð svo að segja ekkert af því, því vona jeg að guð gefi, að mjer fari nú smábatnandi, fyrst þið trú sjeuð við þennan mosa, skárri eru það lætin, í þeim í Dagbladen, þeir eru náttúrlega alveg vitlausir eptir að geta komið þjer í ónáð, þar ytra, en sú svívirða ef Björn Ólsen er það sem ritar að geta fengið af sjer að nota Jón Þorkelsson, það má segja að þrællin er í þörfinni þekkur, blessaður varaðu þig á að segja nú ekki of mikið, en það er nú líklega varla hægt.

Páll Briem var hjer í gær og sagði okkur að hann ætlar að rita eitthvað í Þjóðólf næst, til varnar þjer, hann er alveg æfur út af þessu athæfi Þorleifur Jónsson er víst í vitorði líka, mjer fellur han vel í geð, hann hefur komið stökusinni með Páli, jeg fer ekki að tala um hvernig við höfðum það um Jólin, okkur leið bara vel. jeg gaf öllum sína gjöfina hverjum en sjálf fjeck jeg ekkert, hjer er nú annars heldur leiðinlegt, snjór er þungur. fádæmi að gamlir menn muna ekki meiri snjó hjer, og óvíst að hann hafi legið svona lengi í einu síðan á Jólum, mjer leiðist hann ætíð, þjer verður skrifað um leikina í Skólann, svo jeg get ekki verið að því,

Hjer gengur mikið á með þettað Goodtemplarfjelag, hjer gánga í það konur sem karlar, en ekki get jeg sat að nokkur almennileg stúlka sje í því hjer, en margir góðir menn eru þar, og halda allir vel búsandi en þá, það var leiðinlegt með Sigurð Briem að hann skildi ekki komast að Bánkanum, hvað getur hann nú fengið hjer á landi?

Já hver skyldi nú verða Lanshöfðingi, sumir segja, að sá „margvitri M. muni ekki vilja bitan, hvað sem verður, jeg er að hugsa um ef guð lofar að fara eitthvað í sumar, en jeg veit ekki hvert efnin leifa en gaman væri það. Það gleður mig hvað þú og þið eruð ánægð, jeg vona að það verði svo æfilángt, jeg skrifa Emmu ef jeg get. jeg fæ brjef úr öllum áttum, og er ekki lítil töf að þessháttar koma þau [] frá félögum ykkar sunnanað, það fór vel. og er gott, jeg vona að þú komir og heilsir upp á Frú Inger ef hún er í Höfn, hún hefur verið okkur og mjer svo einstakl. trygg og væn, nú er eingin stúlka á við mig hjá G. B. það er ekki lengi að skiptast veður í lopti, en jeg kom þar ekki opt, vænt þækti mjer um að fá aptur reseptið sem jeg sendi þjer í sumar, fyrirgefðu nú þettað ómaklega brjef þinni elskandi systur Guðrúnu.

Jeg bið kærlega að heilsa frú Inger ef þið sjáið hana. ef Klemens skildi vanta 1 kr. til að geta keipt alt sem jeg bið hann, þá ætla jeg að biðja þig að lána mjer þar til næst, jeg á ekki meiri peninga sem stendur.

Elsku góði bróðir

Innilegar þakkir fyrir brjefið, Nú er jeg altaf vel frísk, og er jeg nú heldur von-góð, og kát þar yfir, en hjer hefur verið vesöld samt, Ingólfur lá lengi, hann fór ekki í skólan í 6 vikur, en er nú orðin jafngóður, Villi hefur líka verið veikur, en er líka orðin frískur, það var nú bara kvef í honum. en jeg veit ekkert hvað að Ingólfi gekk, það var eitthvað í fótunum.

Nú er nokkuð að gjöra, hjer í bænum ekki talað um annað, en hvor ykkur Ólsens, muni fá embættið, þar ytra, en flestir halda að Ólsen muni fá, það, og sumt heldur og segjir, að þú ekki einusinni munir fá, hans pláss, hjer við Skólan, heldur muni hinir kennararnir hækka, og þú svo ef til vill fá það lægsta, og það er sagt að Ólsen muni telja alveg víst að hann fari hjeðan, í haust, og sje jafnvel farin að ráðstafa, öllu, en hvert satt er veit jeg ekki, jeg veit bara að jeg óska að guð gefi að þú fái það, og jeg er viss um að þjer er það ekki meira áhuga mál en mjer, jeg er ekki róleg fyrr en jeg veit eitthvað, en það er svo langt þángað til, að maður fær nokkuð að vita, blessaður fáðu meðmæli hjá öllum sem þú getur, er ekki hægt að láta acet-era? fyrir sig.

Bara að það væri hægt að drífa þettað í gegn eins og það var með Sherbeck, það er aumt að geta ekkert hjálpað, til, en hvað getur maður, nema ekki neitt, nú er líka sagt að Magnús Stephensen muni sigla, og þá má nærri geta að, reinir hvað hann getur að hjálpa Ólsen, jeg er annars hálftrylt út af þessu öllu, það er leitt, að láta það fjandans þakk, hælást um að geta komið öðrum í skítin, en nú er nóg komið af þessu, frjettir skrifa jeg ekki því þær koma blöðin með,

Hjer heima gengur alt sinn vana gáng, Pabbi við sömu heilsu, nema hvað mjer finst hann vera svo fjarska gleimin að verða, og stundum getur hann hreint ekki fylgt með, því sem verið er að tala um, jeg dauðhrædd, að hann verði, einn af þeim mönnum, sem alveg verða börn aptur, t.d. eins og gamli Jónassen, þettað, hef jeg fundið lengi, en það er heldur að ágerast, það t.d. mikið meir nú en í fyrra, um þettað leiti. þú lætur hann ekki vita, að jeg hafi nemt, þettað.

Svo skal jeg líka segja þjer nokkuð en það mátt þú heldur ekki láta vita, að þú vitir en þá, það er það að jeg held að eitthvað sje á milli Ól. Stephensen, og Guðnýar, jeg veit það er, en hvert að það verður nokkuð úr er ekki gott að vita, því hans fólk hefur víst heirt þettað, og vill víst með öllu móti reina að koma í veg fyrir það, því þykir hún ekki nógu stórættuð, en það getur vel verið ánægt með hana, hún er mikið mindarleg, og dugleg, jeg held upp á Ólaf, hann er allra besta skinn, og jeg íminda, mjer að hann láti ekki spilla sjer, en jeg ætla nú líka að vera á höttunum, þú lætur þettað alt sem ótalað, jeg skal láta þig vita meira næst, heilsaðu kærlega konunni og öllum en sjálfur ertu kistur í anda af þinni elskandi systur Guðrúnu.

Góði Finnur

Jeg birja nýtt brjef, því nú hefur dálítið komið fyrir, nl. þú vissir að þegar Pabbi keipti þettað hús, þá átti Sigurður Sæmundsen 400. kr. í því, og það hefur staðið í húsinu síðan, nú segjir hann þessari skuld upp, og hvað á nú að gjöra? jeg íminda mjer að Pabbi skrifi þjer þettað, ráðleggðu honum nú eitthvað, heldur þú ekki að Sæmundsen vildi líða hann en lengur, væri ekki gott að þú talaðir við hann, en þú gjörir nú sem þjer synist með það, það á kannske ekki við, mjer þykir leiðinlegt ef Pabbi þyrfti að selja húsið strags, því mig lángrar til að hann reini að halda öllu saman, í 3 ár en þá er Ingólfur fermdur og Villi búin í skóla, en lengur hugsa jeg ekki um að halda því saman, því svo ætla jeg til Ameríku. þar er fólk, sem hefur lofað að taka mig, og útvega mjer atvinnu hvenær sem jeg komi þángað, en að fara fyrr, en þeir drengir eru komnir þettað, vil jeg ekki, því einmitt vegna þeirra, hef jeg hafnað öllu sem mjer hefur boðist, jeg lofaði móður okkar því að reinast þeim vel og það hef, jeg reint að gjöra eptir fremsta megni, en um þessa ferð hef jeg ekki talað við nokkurn mann hjer nema núna við þig.

Pabbi hefur á móti Ameríckuförum, hvað sínist þjer hann eiga að gjöra, jeg vil láta reina að fá lán upp á húsið, og halda svoleiðis í það, en Sæmundsen vill helst fá það strags sem von er, en það er víst annað hægara en að drífa upp penínga í flughasti, jeg mátti til að láta þig vita þettað, það liggur svo þúngt á mjer, með öllu öðru, vertu nú blessaður og sæll og ef þjer synist, þá talaðu við manninn og heirðu hvað hann segir, hann má svosem vera viss um að hann fær sína penínga hvenær sem húsið verður selt, því það er mikið betra en þegar Pabbi tók það, vertu sæll, þín Gunna.

Mundu að láta eingan vita neitt um þetta.

Reykjavík 8/6 1886

Elsku góði bróðir!

þú ert víst ekki ergilegur út af að jeg ekki skrifaði þjer síðast, jeg hafði ekki tíma til þess, því jeg hef altaf svo mikið að gjöra, mig lángrar mikið til að fara norður í sumar en, jeg held jeg meigi eingan tíma missa, og reindar ekki penínga heldur, jeg er altaf bærillega frísk, og er jeg ekki lítið lukkuleg yfir því, guð ætlar þá að tænkur mig og gefa mjer heilsu, svo jeg geti unnið fyrir mjer, sem er sú eina ósk sem jeg hefi, hjer gengur alt sinn vanagang, við öll frísk, Sigga Jónsdóttir hefur verið hjer í kinnisferð, og lætur hún vel af sjer, og lítur reglulega vel út, og ólík er víst æfi konu Guðlaugs en hennar, þeim líður nú ekki vel, leiðinlegt, en ef þú ekki færð embættið sem því miður ekki verður að líkindum og er víst glatt á hjalla hjá sumum út af því, jeg er samt að vona að Birni, gjaldist einhverntíma fyrir, varmennsku sína, nú fer víst Björn og Lovísa að gipta sig, ógn er að sjá hana, hún er ekki sjerlega sælleg, mjer þókti vænt um að þær komu, mjer er heldur vel til þeirra, þær voru góðar við mig, nú er Ingólfur að læra að synda, og er hann heldur kappsamur að komast á stað á morgnana.

Villi að lesa undir prófið í ósköpum, en Guðný er altaf eitthvað að læra hjá mjer, hún er orðin mindarleg í öllum verkum og vona jeg hún verði dugleg kona, nú er Sighvatur trúlofaður stúlku sem heitir Ágústa Sigfúsdóttir, hún er að norðan, hún hefur verið hjá Póstmeistara vinnukona, hún er snotur stúlka og mjer sýnist mjög jafnt á komið þeim þeim, aðrar trúlofanir, ekki, Ragnheiður Zoega gipt Brynjólfi Bjarnasen, og passar líka ágætlega því þau er bæði jafn miklar ótuktir.

Hvernig gengur Kristjönu Zoega að ná sjer í mann? hún gerir víst það sem hún getur, það hefur hún ætíð gert, er það satt að hún sje að klófesta Ólaf Halldórsson? ef þú getur, þá segðu mjer ýmislegt frá löndum, jeg hef svo gaman af öllu þessháttar, heilsaðu öllum hjá Herazeck og Lunds, og hjónum á Garði, sjerð þú aldrei Frú Inger, heilsaðu einnig henni innilega ef þú getur, nú hætti jeg, þú verður að taka viljan fyrir verkið. Þú spurðir mig um hver það væri í Vesturheimi sem hefði boðið mjer að koma, það hefur eingin gjört, en þar er fólk sem hefur sagt að það skildi sjá um að jeg fengi vinnu ef jeg kæmi. heilsaðu Emmu innilega, vertu, margblessaður og sæll þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 27/6 1886

Elskulegi góði bróðir!

Hafðu innilega þökk, fyrir þitt góða brjef, leitt þykir mjer ætíð, þegar skipin koma, og færa mjer ekkert brjef frá þjer, það er alt af eins og einhver sólskinsgeisli, slái á mig þegar jeg fæ línu frá þjer, mjer þykir vænt já fjarska vænt um öll mín systkini en mjer finst altaf þú sjert samt sá fyrsti en það er víst af því, að aldur okkar er líkastur, það er gleðilegt að heira að ykkur líður vel, og vona jeg að sú velíðan haldist, og altaf er jeg að vona að guð gefi að þú fáiir embættið, ekkert er víst hæft í því að Olsen ætli að sigla, nei hann hættr nú um tíma öllum róg, og kjaptæði.

Mjer líður vel, jeg er altaf vel frísk, nú er jeg að hugsa um að bregða mjer norður á Sauðárkrók. 31. júlí ef jeg verð frísk, og alt gengur vel en reindar eru ástæður ekki sem bestar að sumu leiti, þú veist, að jeg hef sagt þjer að Ó og Guðní væru trúlofuð, nú hefir Ó. sagt móður sinni [Áslaugu Stephensen] frá að svona væri, og hún ætlar bersynilega vitlaus að verða og segjir að sjer lítist svo ílla á G. það er víst sú fyrsta manneskja sem slíkt segjir, en hnúturinn er að henni þykir hún sjálfsagt ekki nógu stórættuð, í þá stóru ætt, en jeg vona að hún meji reiða sig á hana, í það minsta, hef jeg sagt honum, að hann verði að vera maður, og enda loforð sín, hann á nú náttúrliga bágt, en það er ekki víst að hann sje búin að grípa, betri tengdadóttur handa þeim en hún lítur út fyrir að verða, hún móðir hans segir, að hann sje skyldugur að taka það alt, og annast, þegar hann sje komin í stöðu, en inn fyrir hans dyr segjist, hún ekki koma, ef hann eigi hana, hvað á að gjöra?

jeg er alveg í vandræðum, það er einginn sem getur neitt hjálpað þeim, hann segjir að hann hætti ekki nema því að eins að hann megi til, en jeg segji hann á aldrei að mega til, og alt sem jeg get gjört það gjöri jeg, G. er náttúrliga mjög ergileg útaf þessu, en jeg stappa í hana stálinu að vera hörð, þú mátt náttúrliga ekki

hafa orð á þessu, þaug vita ekki að jeg hafi nemt þettað við ykkur. Þú mátt náttúrlega láta Mensa sjá það, jeg sagði Ó, það í fyrradag að sú gamla skyldi fá með mig að gjöra ef hún kæmi þar í vegin, og það endi jeg, jeg læt ekki fara með Guð. eins og þræl. eða ambátt væri, að svo miklu leiti, sem jeg get, hvað á að gjöra, blessaður ráðlegðu mjer nú eitthvað heilt ráð, jeg er ein, eins og vant er, en kjark hef jeg óbilaðan en.

Heilsaðu innilega Emmu frá mjer, Margrét Ólsen, sem var, talar mikið um hjer í bænum, hvað Emma sje elskuleg og inndæl kona og doctorinn líka, Guðný og dreingirnir biðja ósköp vel að heilsa.

Ekki er Björn og Lovísa gipt en. þær hafa komið hjer, og jeg þar, mjer þókti sannarlega vænt um þeirra komu, heilsaðu öllum, og forláttu hripið, vertu svo best kistur ásamt þinni konu af þinni elskandi systir Guðrúnu.

Heyrðu þú hefur gleimt að láta málið af skónum í brjefið, en jeg sendi samt tvenna skó, ef þú átt að hafa þá sjálfur þá vil jeg ekki hafa, einn einasta eyrir fyrir, en ef aðrir eiga að fá þá 1 kr. fyrir parið, þú getur fengið fleiri ef þú vilt.

Reykjavík 4/7 1886

Góði bróðir!

Jeg má til að skrifa þjer fáar línur því, nú hefur margt skrítið, komið fyrir síðan um daginn, seinast þegar jeg skrifað þjer, þá sagði jeg þjer, að Áslaug væri heldur mikið á móti trúlofun sonar síns, á Mánudagskveldið var, háttuðum við eins og (vanalega), rjett þegar við vorum háttaðar, kemur Ól. (hann er nl. að lesa undir prófið heima) og er alveg frá, þaug hafa þá bara skipað honum að fara, og segja henni að alt sje, búið þeirra á milli, þú getur nú nærri hvað okkur varð við, jeg varð bálvond. Þaug vita vitlaus bæði, jeg vorkenndi honum líka, mannum, hann sagði sjer væri þettað óbærilegt á báðar síður, svo fór hann nú samt aptur án þess að hafa rústað neinu, en á þriðjudagsmorgun fór jeg snemma á fætur, í húðarrigningu, fjekk (hér vantar en þó má greina orðið Viðey á brotum), og jeg hafði best vit á, og leiddi henni fyrir sjónir, hvað það væri heimskulegt að skipta sjer af þessháttar, en hún var óbeijandi, og vildi ekkert heira, svo heimtaði jeg að hún segði ástæðu, en hún var þá bara sú, að sjer fjelli það ekki í geð, jeg var bæði góð, og vond svo fór jeg aptur í land.

Svo leið Miðvikudagur og fram á Fimttudag þá kom Ól. í land og þá var sú gamla alveg ????, og vildi það aldrei gjört hafa, að hafa á móti þessu, og sagði hún væri velkomin til sín þegar hún vildi, og sagði honum strags að fara til hennar, og láta hana vita, svo hvert þú heldur að ekki sje glatt á hjalla, þettað vona jeg á. en jeg læt víst þaug ekki heria að jeg hælist um, Ól. sagði bara „hún er ítæk hún Gunna litla þegar hún tekur sig til, þókti þjer jeg ekki vera dugleg? okkur líður öllum vel, jeg er heldur frísk, heilsaðu Emmu innilega og Klemens og láttu hann vita en umfram alt að eingin annar komist að þessu neinu, þar á ríður, Guðný biður að heilsa vertu margblessaður, þín elskandi systir Guðrún.

Elsku góði bróðir!

Nú sest jeg þá niður til að hripa þjer fáar línur, þó ekki væri nema til að þakka þjer brjef frá því í sumar, nú er jeg þá búin að fara norður í land og sjá mig um alstaðar, jeg kom í land á hverri höfn, og var alstaðar svo mæta vel tekið, að jeg var alveg hissa, jeg kom á Ísafjörð, til Skúla fólga, mjer leist vel á hjá honum, en ekki er hann rjett vel liðinn, þar, og hann heldur ekki vel ánægður, en hverjum er að kenna veit jeg ekki, hann sækir víst í burt þegar færi gefst, jeg dvaldi á Sauðárkrók, í 9. daga og þókti helst til of stutt, þar kunni jeg svo undurvel við mig. hjá Ólöfu [Hallgrímsdóttur], hún tók mjer eins og þú getur nærri mæta vel, mjer líst heldur vel á mann hennar [Stefán Jónsson, faktor], hann er einstaklega góður og eptirlátur, enda er hún góð kona.

Jeg lifði eins og kóngur, þaug gjörðu alt sem þaug gátu til að skemta mjer, en það var ekki gott að gjöra því veðrið var svo framúrskarandi vont, jeg sá þar aldrei sól, jeg sá þar marga af mínum gömlu kunníngjum að norðan, tvo daga var jeg á Gili hjá Jóhannesi Sýslumanni, og er mikið mindarlegt heimili hjá þeim, þaug eiga dreing sem heitir Ólafur, heldur efnilegur, hann er vel liðinn sem Sýslumaður, en heldur er orð á að hann sje óreglumaður, og optast, var hann meir eða minna kendur þegar jeg sá hann á Sauðárkrók, jeg hafði fjarskalega mikið gaman af að fara þettað, og jeg get varla sagt að jeg findi til sjósóttar og altaf hef jeg verið frísk, svo nú er jeg það að vona að guð gefi að jeg haldi því áfram að vera frísk, okkur líður öllum vel, heldur þykir mjer að Jóni Þorkelsson taka til þín í Fróða, jeg er alveg hreint forviða, það er meira en að maður geti reiðst, þvílíku, og jeg vona að þú svarir ekki þessu, því, það er líkara að vitlaus maður hafi ritað, en maður með viti, en veist þú líka hvað, mjer var sagt að Þorvaldur Thoroddsen mundi vera sá sem hefði skrifað, í Dagbladet, getur þú trúað því?

Það væri gaman að komast eptir hvern það væri, hefur hann nokkuð ílt til þín að segja? þú stíngur hjá þjer, það eru annars leiðu skammirnar og lætin, það rírir þig samt ekki í augum almenníngs, þvílík læti í því hvar sem jeg kem þá var ætíð talað um hver maður þú værir, og hver skömm það væri, að láta svona um þig, og það hef jeg heirt eptir Hannesi Hafstein, að þú værir sá eini af sínum mótstöðumönnum, sem hann, bæri virðíngu fyrir.

Nú hefur Guðný víst skrifað ykkur trúlofun sína, þau eru vel ánægð, en ekki held jeg að þaug gjöri það opinbert núna fyrst um sinn, því ekki, er nú víst alt, gott enn hjá þeim, þar í eyjunni, jeg er altaf að hugsa um hvert, jeg ekki geti lagað það eitthvað betur, en það verður alt að gjörast með mestu hægd, jeg segji það satt, það er ergilegt, að það skuli láta svona, ekki meira fólk en það í rauninni, er, því er náttúrulega öllu dauðilla, við mig en það er líka hrædd við mig og það dugir. Látt þú aldrei Ólaf merkja, að við höfum sagt þjer, að fólk hans sje svona á móti þessu, því honum þykir þettað svo leiðinlegt, en hann getur ekki að því gjört, jeg hef hugsað mjer að alt sem jeg get unnið inn af peníngum ætla jeg að láta gánga til þess að hafa hana út, því ekkert getur pabbi, en aumt þókti mjer að láta það segja

með sanni, að hún hefði ekki átt spjörina á sig, það sem jeg get það gjöri jeg, heilsaðu innilega Emmu frá mjer, jeg á brjef hjá henni en hún má víst ekki vera að skrifa mjer, heilsaðu yfir höfuð öllum sem kveðju mína vilja, vertu svo best kvaddur og kistur af þinni elskandi systir Guðrúnu.

Í september 1886 barst Jóni Borgfirðingi og fjölskyldu hans skeyti frá Finni:

Kæri Faðir! Jeg eignaðist son þann 3. ágúst. Gekk mjög ílla. Emma lá 36 stundir áður og hefur legið síðan alla tíð, en er í dag (þ. 28. ág) með besta móti; hitinn, sem hún hefur stöðugt haft, er næstum einginn nú. Drengurinn var tekinn með taungum, og var mjög lasburða fyrstu dagana. Læknirinn hjelt að hann mundi ekki fæðast með lífi. Hann var skírður skemri skírn í heimahúsum og kallaður Jón (einu nafni); nú dafnar knaddið vel, og er ógnar-arl. þægur, sefur mest en vaknar tilað fá eitthvað oní sig, og beljar þá blessunarlega ef ekki er strax komið með matinn, Augun blá, lítur greindarlega (!) út. Ekki er jeg enn búinn að ákveða hvað hann eigi að stúdera (!!)

Viku síðar skrifaði Finnur föður sínum bréf þar sem hann lýsti nánar fæðingu sonar síns og veikindum Emmu. Finnur óttaðist mjög um líf og heilsu Emmu og urðu veikindi hennar til að skyggja á þá gleði sem fæðing Jóns hafði í för með sér. Rúmum mánuði eftir barnsburðinn var Emma úr allri lífshættu og fór Finnur þá að njóta þess að umgangast nýfæddan son sinn. Í bréfi til Jóns Borgfirðings frá 4. september 1886 segir hann meðal annars um Jón:

Augun eru blá og hann er vel skapaður í öllu. Hann er ógnar þægur, og sefur oftast, eða liggur rólegur í rúmkyli sínu og skimar með augunum í allar áttir. Jeg hef nú í 2 nætur eingan haft [til að aðstoða við umönnun Jóns], og hef jeg þá farið einu sinni á fætur og gefið honum að jeta (byggmjólkur-saup) og svo sefur hann af til morguns. Jeg vona að jeg fái gleði og ánægju af stráksa með tímanum, skynsamlega lítur hann út, og ef hann ekki verður óskynugri en föðurafi hans þá er jeg ánægður. Við köllum hann Jónsa; „nonni“ er sunnlenska, sem jeg hef aldrei getað liðið.

Útlit var fyrir að bæði Emma og Jón litli væru að ná sér eftir það átak sem til þurfti svo barnið kæmist í heiminn. Ættingjar Finns á Íslandi glöddust sem von var við þær fréttir.

Reykjavík 24/9 1886

Elsku góði bróðir!

Jeg má til að skrifa þjer fáar línur þó, að jeg fengi ekkert brjef frá þjer, jeg óska þjer og ykkur til lukku og blessunar með litla Jón, jeg vona að guð gefi honum langt og gott líf, og hann verði góður maður, leiðinlegt er að Emma skildi gánga svona ílla en jeg vona að guð gefi að henni fari að batna, og hún verði jafn góð á eptir, heilsaðu henni innilega frá mjer, og biddu hana að kalla drengin bara Jón, ekki Jónsa, jeg get hreint ekki liðið það, og það er líka hreint ekkert styttra.

Nú er síra Ólafur farinn, hann fer í dag, úr Viðey, hann kvaddi hjer í gær, jeg er viss um að okkur bregður við í vetur, að sjá aldrei hans glaða andlit, þú trúir ekki hvað okkur hjer þykir vænt um hann, jeg sje nærri því eins mikið eptir honum, eins og ykkur, ekki gjörðu þaug opinbera trúlofun sína núna, þaug gjöra það í vor, ekkert veit jeg uppá víst hvenær þaug gipta sig, það væri vel gjört af þjer að skrifa Ólafi, í vetur við og við, honum væri skemtun í því, það er líklega ekki skemtilegt í Mýrdalnum, en ef þú skyldir skrifa, honum þá ætla jeg að biðja þig um að nefna ekkert við hann að þú vitir, nokkuð um að fólk, hans sje á móti Guðnýu því hún hann hefur beðið um að þið fenguð ekki að vita það, það er víst alt bálreitt, en hvað gjörir, það, skratinn elti það alt.

Gaman er að heira hvað þjer hefur verið mikill sómi syndur í Svíþjóð og er ekki ólíklegt að það stiðji að, að þú fáir embætti fremur, jeg er altaf, að vona það, okkur líður öllum, vel, jeg er altaf frísk, og þá líður mjer nú vel, jeg skrifaði þjer með Láru og vona jeg að þú sjert nú búin að fá það, og þar í sagði jeg þjer frá öllu ferðalaginu, í sumar, heilsaðu kærlega Klemens og hans unnustu, og öllu þínu nýja fólki, kistu Emmu og Jón frá mjer, en sjálfur ertu kistur í anda af þinni elskandi systur Guðrún.

Jeg má ekki vera að, að skrifa lengra.

Reykjavík 18/10 1886

Elsku góði bróðir!

Mínar bestu þakkir eiga línur þessar að færa þjer fyrir, þitt góða brjef, með Lauru, jeg hafði ekki tíma til að skrifa þjer, með henni aptur, en ætla nú að nota enska skipið, mjer leiðist að heira að Emma skuli altaf, vera svona veik, en vona samt að henni fari að batna, því leiðinlegt er að missa heilsuna upp á hvern máta sem er, en það veit jeg, reindar er mikill munur þar sem hún á eins góðan mann, sem þú ert henni, en það er líka skárrí ósköpin sem þú mátt vinna til að hafa eitt-hvað til að lifa á, blessaður reindu að vinna ekki meir en þú nauðsynlega þarft, því lánгур er þjer vinnutími, líklega ætlaður, og ekki yrði Emma og litli Jón vel stödd ef þín missti við, svo þú sjerð að þú verður að vinna varlega, en veistu líka hvað jeg spái nú bara að þú fáir embættið bráðum, mig hefur dreimt svoleiðis, ó bara þú fengir það, þá þyrftir, þú ekki eins mikið á þig að leggja, mjer líður vel, jeg er altaf

heldur bærilega frísk, og er jeg nú vongóð, að það ætli að verða algjörður bati, ó guð gæfi það, þá kvíði jeg ekki elli eða fjeleisi.

Nú er þá best að birja á frjettunum eða því sem tíðræðast er um í dag nl. trúlofun síra Þórhallar, það varð alveg heilt uppþot í morgun, þegar það frjettist, hann er trúlofaður Valgerði Jónsdóttur, og þú getur nærri, að það gengur nokkuð á, hann sem hefur verið átrúnaðargoð, alls fína fólksins, og svo tekur hann bóndadóttir er það ekki „makalaust!“ aumíngja Þóra biskups hún situr eptir með sárt ennið, einnig er sagt, að Sveinbjörnssen hefði ekki haft neitt á móti því þó hann hefði beðið hana bóna, en það varð ekki, hann er farinn og það fær hann ekki, nema einn.

Nú eigum við von á veislu í vikunni hjá Gunnari og Ísafold, það á að verða stór veisla, og Ingólfur hlakkar til, hann er nú farin að læra undir skóla, og grætur nú yfir málfræðinni, en endilega vill hann nú halda áfram, jeg verð fegin að hann skuli vera kominn þá þettað áleiðis, það smáþokast þettað áfram, Villi er gróflega stór orðinn, jeg held alveg eins stór og þú, en hann er grannur, fjarskalega hægur og stiltur en hann er gáfaður, það veit eingin hvað í honum kann að búa, gaman væri að geta hugsað, það að þú einhvern tíma ættir eptir að sjá okkur aptur, en það er líklega ekki að það megi, svo þú heldur ekki að Þorvaldur hafi ritað, getur verið, en trúuð er jeg ekki á hann.

Þjer hefur víst verið skrifað, að Þorleifur Jónsson var sóktur norður, faðir hans er dauður og átti hann að ráðstafa öllu saman, nú ætlar Jóhann Þorsteinsson að gipta sig á Fimmtudaginn, Elínu ríku frá Háeyri, nú fór Hafsteinn aptur með Lauru, og er sagt að Fröken Bjarnason hafi gefið honum körfu til ferðarinnar, heilsaðu innilega Emmu frá mjer og jeg vona og óska að henni fari að batna, betur að jeg væri komin til að hjálpa ykkur ef hún liggur altaf, kistu litla Jón, og segðu honum að mig lánge til að hann manni sig upp og láti taka af sjer mind til að afi og töntur geti sjeð hvað hann sje mindarlegur, heilsaðu einnig öllum sem kveðju mína vilja, vertu svo margblessaður og sæll, og líði ykkur öllum betur en beðið fær þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Guðný biður innilega að heilsa.

Reykjavík 27/11 1886

Elskulegi góði bróðir!

Línur þessar eiga að færa þjer þakkir fyrir þitt síðasta brjef, þú færð ekki langt brjef núna eða merkilegt heldur en vant er, því jeg er háflasin, en er þó að batna, annars líður okkur vel, ekki held jeg að Ingólfi gangi ílla, en hvert hann kemst inn í Skólann í vor, veit jeg ekki, jeg vildi það samt gjarnan, því það er þá einu feti fram á við, hann er heldur montinn af því sem þú skrifaðir honum, jeg held honum finnist að hann strags geti látið litla Jón eitthvað læra, hjer heima gengur að öðru leiti sinn vanagang, nú ætla jeg eptir nyár að láta Guðnýu fara að sauma sjer skautbúning, því ekki er að vita hvenær hún kann að fara, jeg vil gjarnan þiggja knipli-

brætted hjá Emmu, en hvað, á jeg að láta hana fá í staðin? heldur þú hún hefði ekki gaman af að fá baldiríngar, í háls á kjól, komstu eptir því, en láttu hana ekki vita samt.

Nú erum við þá komnar í Thorvaldsenfjelagið, Prestkonann linti ekki látum að fá okkur í það, við fórum í fyrsta sinn 19. Nóvember, og var það stórt knall í minningu Thorvaldsens, þar var fátt af öðrum en Broddurum, svo þú getur nærri hvert við eiginlega höfðum átt þar heima en alt fór nú vel, svo þú sjerð að við erum ornar hálfgerðir Broddar, ekki þókti mjer Páll veiða uppúr að fá Dalasýslu, líst þjer altaf jafn vel á konu hans? leiðinlegt er að vita að Emma skuli ekki batna betur og líka er leiðinlegt að heira af Þorbjörgu, ef það er ólæknandi brjóstveiki þá guð hjálpi henni, Páll segjist hafa heirt það, sjerð þú aldrei Frú Inger? jeg bið að heilsa öllum sem kvedju mína vilja, ekki finnst mjer þú þurfa að setja þjer grá hár í höfuðið, þó Fuglinn sje reiður, leiðinlegra er með veitingu á embættinu, en jeg vona að það verði góð og Gleðileg jól ykkur öllum, og einnig Nýárs, kistu Emmu og litla Jón frá mjer en sjálfan kissi jeg þig í anda og bið þjer allrar blessunar, þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 6/2 1887

Elsku góði bróðir!

Góðar þakkir fyrir brjef þitt, Gott og gleðilegt nýtt ár, þjer og þínu húsi, nú er þá komið 87. hvað sem það hefur að færa, Mjer hefur ekki eiginlega liðið vel það sem af því er, jeg heilsaði því í rúminu, en er samt fyrir laungu komin á fætur, það er eins og þessi brjóstþyngsli ómögulega geti yfirgefið mig, nú er jeg að brúka Hómopatameðul, og er eins og mjer finnst þaug bæta mig, aldrei get jeg fyrirgefið Móri, þegar hann hjelt bara að þettað væru skrópar, eða guð veit hvað, eins sagði þjer fjár... karlinn hann Sherbeck, jeg vildi bara þeir finndu einhverntíma annað eins til, og jeg þegar jeg hef köstin, samt hefur hún nú verið mikið betri síðast liðið ár, en að undanfögnu, Gott þykir mjer að heira að Emmu er batnað, en ekki þykir mjer sonurinn tröllvaxinn, hann, er einni mörk þyngri en Villi var nýfæddur, hann vóg 24 merkur, hann var stór, en hann fer nú að ná sjer sá litli, og hvað jeg hlakka til að sjá mind af honum, blessaður þú mátt til að senda hana næst, það gjörir ekkert til þó hann sje sköllóttur.

Hjer er ýmsar skemtanir en ekki get jeg verið að tyna þær til því það gjöra víst aðrir, frjettir þú aldrei neitt af Guðna læknir? Frú Krabbe skrifaði Hólmf. Björnsdóttur, ógnar lof um ykkur hjón, en jeg marka nú lítið, hvað hún segir, hún meinar það nú ekki æfinlega þó hún segi það kerlíngargreið. Ekki held jeg að Pabba líki neitt sjerlega vil við nya bæarfógetann, síst í Kristjáns málinu, systir hans, Ragnheiður er hjá honum, í vetur, mikið viðkunnanleg og góð stúlka, hún kemur opt því jeg þekki hana, Frú Svendsen og Lovísa koma hjer líka, og Ragnheiður Jensdóttir, hún er hjá bræðrum sínum í vetur, hjer er annars opt gestkvæmt, því jeg þekki svo marga, jeg hef nóg að gjöra en það er ekki gott að fá inn penínga, í þessari tíð, ein-

ginn getur borgað fyrir basli og bágingdum, jeg á eitthvað um 50. kr. útistandandi.

Nýlega hef jeg heirt að Elín Bríem eigi að vera trúlofuð, Andrjesi Árnasyni, hann er sonur Árna stóra í Gilinu, sem var kallað, á Akureyri, hann er bróður sonur Setselju, í Stöðlakoti, jeg veit ekki hvert þú kannast við hann, hann er Factor á Skagaströnd, jeg held fyrir Gránufjelagið, það segi jeg satt að þá er Stephán nokkuð laglegri maður, jeg sá þennan Andrjes, í sumar, og leit alt annað en vel á hann, hann er sagður heldur greindur maður og ráðsettur, en hvert satt er veit jeg ekki, þú hefur ekki orð á þessu fyrst um sinn, jeg hef ekki fengið brjef frá henni, í allan vetur, og skil jeg ekkert í því, nema ef vera skildi af því að Marta í Viðey, sje búin að laga það svo, því hún er á Skólanum hjá henni í, vetur en það hatar okkur, eins og sjálfan, alt það fólk, og ekkert veit jeg hvernig það fer, með Guðnýu og Ólaf.

Kerlíngarfjandinn er alveg eins og norn, jeg vildi hún væri steindauð, hvernig væri ef þú nú skrifaðir Ólafi, og spírðir hann hvenær að hann ætlaði að gjöra það opinbert, því það lángr mig til að yrði sem fyrst en þettað er ef til vill vitleisa, en þú ræður hvað þú gjörir, en ef þú gjörir það, þá máttu ekki láta, á þjer heira að þú vitir að það sje svona mikið á móti því hans fólk, þar á ríður, Áslaug hefur trúi jeg átt að segja að það skildi aldrei verða, en mjer þykir hálf íllt, ef það fær sínu framgengt, hvernig heldur þú að það yrði lagað?

Hægt og gætilega þarf að öllu að fara, hann skrifar Guðnýu altaf og það er ekkert á brjefunum að heira annað en gott en hann vill bara ekki gjöra það opinbert strags, þettað er annars leiðinlegt brjef sem þú færð frá mjer, heilsaðu innilega Frú Inger ef þú sjerð hana, sömu leiðis öllu þínu tengdafólki, kistu Emmu og Jón frá mjer, gott væri að fá þakkann við tækifæri, líka bið jeg að heilsa hjónunum á Garði, þú brennir blaðið, vertu svo marg blessaður og sæll, þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Reykjavík 21/3 1887

Elsku góði bróðir!

Innilegt þakklæti fyrir þitt góða brjef og þá mindirnar, og hvað okkur þókti vænt um getur þú ekki ímindað þjer, ó hvað Jón er inndæll. hann er bæði feitur og stór, mjer sýnist hann helst svipa til mömmu sinnar, allir sem hafa komið og sjeð strák eru hrifnir af honum, en þó einginn eins og Hólmsfríður Björnsdóttir, hún segjir að það sje sá falletgasti og skemtilegasti dreingur sem hún hún hafi sjeð, hún talar við mindina eins og Jón væri kominn, jeg skellihló að henni, mjer þykir ennið falletgast, hátt og svipmikið, mjer þókti nú líka vænt um að fá mind af ykkur, því jeg átti svo slæma af Emmu, en hvað hún er sælleg, það gleður mig að sjá að henni hefur ekki farið aptur síðan hún kom í þínar hendur, þið eruð það öll mikið ánæguleg, og er það ekki lítil ánæga að vita það, bara að þú nú fengir embættið, þá væri jeg ánægð fyrir þína hönd með lífið.

EKKI er nú eiginlega skemtilegt sem jeg skrifa þjer frá okkur, jeg altaf meira og minna veik, og altaf nokkuð, af þessum ógnar þyngslum fyrir brjóstinu, jeg óska

opt að það mætti fá einhvern enda, en allt er sama og áður, en það tjáir ekki að tala um það, jeg hef þettað en hinir hitt, en annað er verra eða minna í bili, og er það að 18 febr fjekkk Guðný uppsagnarbrjef frá Ólafi, og ætla jeg ekki að lisa hvernig henni varð við það, jeg lá sárveik í rúminu, og gat því ekkert, hann gefur henni náttúrlega eingar sakir því það getur hann ekki, það er náttúrlega móðir hans allt að kenna, hún hefur, og þær systur gjört okkur, og henni Guðnýu allt til skammar og svívirðingar sem þær hafa geta upphugsað, því það hefur verið alveg vitlaust út af því að hún kæmist inní þessa göfugu!! ætt.

Það er bóttin að Guðný er fjarska stilt, en bággt hef jeg átt með hana síðan um daginn, þettað er hennar fyrsta sorg og reinsla, en hún er únglíngur og heldur þúnglynd og fjarska dul. Henni hefur farið svo aptur síðan um daginn að jeg er alveg hissa að sjá hana, en það er varla að hún nefni þettað, jeg hef náttúrlega talað um fyrir henni sem jeg hef getað og hef vit á, og jeg er viss um að þettað verður henni til láns í einhverju, undirniðri þykir mjer vænt um að hún er laus við þettað fjandans hyski því það er ekki gaman að vera í fameliu með því fólki, sem gjörir manni allt til íls sem hægt er, en að hinu leitinu er jeg hreint ólukkuleg yfir að láta fara svona með hana og vita að hún er honum og því samboðin í alla staði, ó jeg vildi bara að þú værir svo ríkur að þú gætir haft hana hjá þér að vetri, svo það gæti sjeð að hún á þó fólk að, en um það er ekki að tala, þú hefur nóg með þig. Hún er helst að hugsa um að selja allt sem hún á, og fara til Ameríku að sumri komandi, mjer þykur nú slæmt að láta hana fara, en jeg get þó ekki aptrað henni því, að jeg held því hjer er ekkert við að skilja, mjer þykir verst að geta ekki orðið henni samferða en það get jeg ekki í þettað sinn, því jeg vil ekki yfirgefa pabba og dreingina strags.

En ef eitthvað batnar hagar þeirra svo fer jeg strags og get, hjer vil jeg ekki vera, maður er niðurníddur, og á manni troðið með öllu móti af því við vorum svo ólánsamar að vera skapaðar kvenmenn, þettað er auðvitað ekki afráðið enn að hún fari, þettað, jeg veit ekki hvað pabbi kann að segja til þess, hann er á móti þessum ferðum, hvað sínist þjer, þú ert skynsamur, henni finst hún ekki geta verið hjer, en jeg segji henni að það sje bara vitleisa, jeg ætla ekkert að lisa, því, hvað hjer hefur verið skemtilegt hérna, en nú vona jeg batni, jeg er ætíð vongóð, bara jeg væri frísk, þá væri allt öðru máli að gegna, þú fyrirgefur hvað þettað er allt leiðinlegt brjef, Guðný biður innilega að heilsa þjer og ykkur. hún getur ekki skrifað núna, hún lifnaði öll þegar hún sá Jón, hún er svo ógn barngóð, heilsaðu einnig Emmu, jeg skrifa henni næst, jeg er ekki upplögð, líði þjer og ykkur eins vel og best fær beðið, þín elskandi Gunna.

Reykjavík 6/5 1887

Elsku góði Finnur minn!

Innilegar þakkar fyrir þitt góða brjef. það gladdi mig að heira að ykkur leið vel, nú líður mjer heldur betur, og hef jeg um tíma verið bærilega frísk, jeg er að vona

að sumarið færi mjer betri líðan, en ekki er hægt samt en að finna að sumar sje, gaddharka, og stormur altaf, okkur líður bærilega, Pabbi er altaf heldur lasinn annað slagið, honum fer svo fjarska aptur þessi síðast líðin 2-3 ár, þjer brigði víst í brún ef þú sægir hann. Villi er næstum því eins stór og Klemens, hann er eða verður líkur honum að sjá, en hefur víst líka lund og þú, Ingólfur er ekki sjerlega stór en fallega vaxinn og þrekinn, hann er reglulega fallegur drengur, nú er honum farið að ganga vel, held jeg, og ef alt fer eins og nú áhorfist þá á hann að ganga inn í vor, hvernig sem það svo fer, en jeg vona að það gangi, en hann er svoddan barn, jeg gjöri það að gamni mínu að segja þjer sitt frá hverjum.

Ingólfur er líkur Klemensi að skapferli en Guðnýu í sjón, og þá er nú Guðný, henni líður líka bærilega, hún hefur tekið þessu svo skynsamlega sem unt er, hún er svo makalaust stilt, en hún er líka tilfinninganæm, og ekki fyrir að gleima, því er nú ver, ekkert hef jeg frjett af því pakki síðan, nema að kerlingarfjandinn er trúi jeg, svo fjarska lukkuleg, en allir hjer eru á móti því, alt fína fólkið auk heldur annað, það líst öllum svo vel á Guðnýu, stundum hef jeg átt bágt með hana en jeg hef reint sem jeg hef getað að hressa hana, og altaf látið hana hafa nóg að gjöra, núna er jeg að láta hana skattera sjer í samfellu og verður hún nokkuð lengi með hana, því það á að verða fallegur hennar búníngur, jeg vil syna því í Viðey, að hún ekki fari í skítinn.

Landshöfðinginn hafði hjer um dagin átt tal um þettað og hafði sagt að Áslaug mætti vara sig, það væru fleiri nýir embættismenn sem að Guðnýu stæðu heldur en Áslaugu, og það hefði mátt þakka fyrir ef hún hefði viljað Ólaf, jeg ætla að skrifa Klemensi dálítið um viðskipti okkar Ólafs og átt þú að lesa það, og segja mjer hvert jeg hef gjört rángt í í því, en jeg held ekki jeg hafi gjört það, það gladdi Guðnýu ekki lítið að hugsa til þess að það gæti skeð að hún fengi að sigla, og þó það aldrei verði af því þá heldur það henni við um tíma á meðan hún er að átta sig, brjef ykkar gjöra henni fjarska gott, hún sagðist nú sjá að það væri satt, en það er náttúrlégt að hún finni það ekki altaf, en jeg vona að guð gefi að þettað fari alt vel. en ekki veit jeg hvar þettað hefði lent hefði jeg þó ekki verið hjá henni, jeg vona að þú fáir docent plássíð allra hluta vegna, en þá helst vegna þess að þá þú ekki þyrftir að leggja eins mikið á þig, allir dáðst að Jóni, allir að skoða hann, jeg vona að guð gefi að hann fái að lifa og verði ykkur til ánægu í öllu.

frjettir úr bænum hef jeg eingar, Pabbi skrifar þær líka allar, er það satt sem jeg hef heirt að Páll Bríem sje að afsala sjer sýsluni og sækja um Próceratorsembættið hjer? líka hef jeg heirt að hann sje að hugsa um að kaupa „Þjóðólfr., af Þorleifi, en Þorleifur ætti að fara að búa á Stóradal, og eiga Guðrúnu dóttur síra Jóns sem var á Auðkúlu, en ef þú hefur ekkert af þessu heirt þá ætla jeg að biðja þig að stínga öllu hjá þjer, og láta eins og þú hafir ekkert af því heirt, mundu það en jeg veit það er satt að það hefur víst komið til orða með „Þjóðólfr“ jeg er alveg hissa á Páli ef þettað er satt, heilsaðu innilega Emmu frá mjer, og líka mínum kæra Jóni, jeg skoða hann á hverjum morgni.

Heirðu segðu mjer nokkuð, á lausum löppum næst, þókti ekki Emmu það

leiðinlegt að hugsa til þess, ef Guðný kæmi? jeg vona þið þikkir ekki við mig þó jeg spirji að því, en jeg skal heldur aldrei láta neinn vita frá þó það sje, líði þjer ætíð eins og best fær beðið þín einlæg og elskandi systir Guðrún.

Góði skrifaðu Guðnýu.

Reykjavík 27/6 1887

Elsku góði bróðir

Innilegar þakkir fyrir þitt góða brjef. Þú mátt trúa að jeg varð glöð þegar jeg las brjefin, þá er þá þessi sigur unnin að líkindum til, og jeg segi það satt að jeg hef opt beðið heitt og innilega, að þettað mætti verða, því mjer hefur satt að segja þókt það fjarskalega leiðinlegt að þú skildir, vera embættislaus, hvað sem fyrir kæmi, en nú vona jeg líka að þú leggir ekki eins afskaplega mikið á þig og þú hefur gjört, vel veit jeg að launin eru ekki mikil, en þið eruð líka víst bæði sparsöm, og svo hækka þaug líka með tímanum, er ekki svo? en ekki er jeg viss um að allir í Reykjavík gleðji sig yfir þessu þegar það frjettir það en það er nú eins og gengur, það megnar ekki altjent mikið, þettað fólk þó ekki vanti viljann, sem sagt jeg óska þjer af heilum hug til lukku með þettað alt og vona að ekkert komi nú fyrir sem þessu væri til hindrunar.¹

Jeg er bærileg núna sem stendur og er jeg en að vona að jeg fái heilsu, en það verður líklega heldur ekki meir, Guðný er núna upp á Akranesi, jeg dreif hana þágnað á Laugardaginn, með Rommy, hún er hjá Böðvar Þorvaldssyni og Helgu Guðbrandsdóttur, hann er kaupmaður, jeg veit að henni verður gjört alt til yndis sem hægt er, mjer var ekki um að hafa hana heima, því jeg hef heirt sagt að Ól. væri væntanlegur núna bráðum til bæjarins og ef hann skildi vera svo djarfur að koma hjer, þá vil jeg vera ein heima, jeg ætla að reina að vísa honum út, til þess hef jeg fullkomna einurð, ef þið vissuð hvernig það fólk fer með okkur, þá væruð þið víst hissa, en því máttu trúa að þó jeg sje stórlynd, þá læt jeg alt sem jeg heiri út um annað eirað og inn um hitt, mjer finst ekki annað við það að gjöra, en leitt er altaf að láta gánga á sjer eins og tusku, og jeg vona að guð láti mig ekki lifa leingi ef jeg æfinlega á að líða allan órjett þegjandi fyrir mig og mína.

Hvað siglingu Guðnýar viðvíkur, get jeg lítið sagt, en ekki ætla jeg að tala um hvað það væri ákjósanlegt ef hún gæti farið til þín eitt missiri, annað hvert í haust eða vor, það verða náttúrlega vandræði að drífa upp ferða penínga, af því hjer er alt í svoddan vandræðum, jeg vildi reina til að hjálpa henni svoliðis að hún þyrfti

1 Finnur segir frá því í sjálfsævisögu sinni að árið 1887 hafi hann verið skipaður dósent við Kaupmannahafnarháskóla í 3 ár „til reynslu“ og hafi hann fengið 2000 kr. í árslau. Að þremur árum liðnum fékk Finnur fasta stöðu við háskólann. Árið 1898 fékk Finnur prófessorsstöðu við háskólann. Þrátt fyrir að hann sjálfur væri sannfærður um að hann ætti mikið eftir sem fræðimaður var hann látinn fara frá háskólanum árið 1928 vegna aldurs.

ekki að þiggja annað af þjer en veruna, því það er þjer nóg, jeg get vel getið því nærri, að þú hefur nóg, jeg gæti altaf smámsaman sent henni penínga, til að hún gæti gengið vel til fara í fatalegu tiliti en meiru get jeg ekki lofað, en það er nú dagur til stefnu þá koma dagar og þá koma ráð.

Jeg er nú ekkert hnuggin út af þessháttar meini, jeg vona að eitthvað leggist til, það er ætíð svo, jeg hugsa nú sem stendur mest um Ingólf, hann á að gánga upp á fimtudaginn og jeg er hálfhrædd um að hann komist ekki, og þá er jeg hrædd um að mjer þyki nú leiðinlegt í svipin, jeg get ekki að það gjört, að jeg er orðin svo spent fyrir öllu sem ókomið er og yfirvofir, það gjörir mjer opt fjarska óþægilegt, en það er víst af veikindunum, jeg nötra eins og hrísla ef eitthvað er, jæa jeg legg það alt í drottins hönd hvernig þettað alt fer.

Heilsaðu Emmu innilega frá mjer, með þakklæti kæru fyrir brettið, jeg ætla að skrifa henni seinna, heilsaðu líka Klemensi, jeg skrifa honum næst, kistu elsku litla Jón, opt hugsa jeg til hvað gaman væri að fá að sjá ykkur einusinni, en svo segi jeg stopp, slíkt verður aldrei, fyrirgefðu þettað brjef, það er eins og vant er alt ílt að því jeg get aldrei skrifað skemtilegt brjef, Guðný bað mig að heilsa ykkur öllum kærlega. guð annist ykkur öll, þess biður þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 4/8 1887

Elsku góði Finnur minn!

Innilegar þakkir fyrir þitt góða brjef sem gladdi mig og okkur svo ósegjanlega mikið þar er þó þín braut rudd. þarna sjer maður, að eitthvað ræður meir en illgirnir mannanna. hrædd er jeg um að sumum þyki þettað skrítið að þú skulir hafa fengið þettað, jeg meina þá sem sögðu að það yrði aldrei neitt, fyrst Björn Ólsen ekki hafði viljað þiggja það. Þegar að honum hefði verið boðið það. jæa sleppum því nú öllu saman. það fór vel sem fór, guði sje lof.

Við hugsuðum mikið til ykkar í gær, og óskuðum að við værum horfin til ykkar til að óska litla Jóni til lukku og blessunar munnlega, jeg sendi honum í huga heita lukku og blessunarósk, þettað næsta ár, og öll hans ár elsku dreingnum litla, já innilegar þakkir fyrir mindina, altaf ertu að verða alvarlegri og alvarlegri, sem von er, maður verður það eptir því sem árin og reinslan færast yfir mann.

Þá kemur nú til að tala um Guðnýu, henni líður nú bærilega, helst vildi jeg að hún gæti farið í haust fyrst þjer er sama þó hún komi, mjer finst nl. að það vera rjettast, þess fyrr því betra, jeg verð að hafa einhver ráð með farareirir, það er penínganna vegna ekkert betra að bíða til vors, því þeir verða þá ekki fremur til en nú. hana lángr líka meir til að fara í haust, jeg á núna um 30 kr sem jeg má eiða til þess og svo fæ jeg að láni hitt, mig lángr til að hún gæti komið í Október, þá fer Dagmar Bjarnason, svo það er skemtilegra ef hún yrði nú samferða, föt á hún nóg, hún býr sjer til danskan búníng, strags og hún kemur, jeg skal hugsa um það alt, jeg vildi helst að Emma þyrfti sem minnstar áhyggjur eða umstáng að hafa af því nóg er samt, rúmföt getur hún komið með, ef þú vilt, sjálfsagt yfirsæng og

kodda, það er til heima, og ekkert þart þú að kvíða því að hún verði tiltektarsöm, eða vandlát, hún er ekki von við svo gott, jeg get ekki annað en hlegið þegar þú sagðir hún yrði að gjöra sjer gott að fá að sofa á sófa, já jeg held þó það væri lak-ara, altsvo að öllu forfallalaus kemur hún í haust, ef guð lofar.

Jeg er bærilega frísk núna, og hef verið um tíma, kannske mjer ætli nú að batna, Ingólfur er heldur montinn síðan hann varð skólapiltur. honum finst hann vera orð-
inn maður, jeg vildi bara þú sæir hann, hann er svo fallegur, og þar eptir skemtileg-
ur, altaf kátur en Villi er altaf eins og ljós, talar varla nema ef á hann er yrt, en komi
það að honum að tala þá er hann bara einstaklega skemtilegur því nógar eru gáf-
urnar. þabba fer altaf aptur, en er alloptast frískur, ekki fer jeg að skrifa þjer um
þíngmál. Það gjöra blöðin, það er fjölgunar von hjá Páli Briem. konan hans hefur
verið fjarska veik af einhverslags brjóstveiki, og er slæmt ef við hana festist, Björn
Jensson hefur nýlega eignast stúlku, það gekk vel. frúin er ekki komin á fætur apt-
ur, en er vel frísk, nú koma fjölda margir með Rommy. þar á meðal Eggert og
Sigríður Briem. það er hvortveggja góðar manneskjur. Sigríður á að læra eitthvað,
heilsaðu innilega Emmu frá mjer og kistu litla Jón kærlega frá mjer, vertu svo
margblessaður og sæll, guð annist ykkur öll, þess biður þín elskandi systir Guðrún
Jónsdóttir.

Hólmsfríður Björnsdóttir biður kærlega að helse þjer og óskar þjer til lukku með
docent plássið, hún segir jeg sje skildug að traktera sig á sjókolaði og það gjörði
jeg í gær. það var sá þriðji, svo það mætti vel vera þín Gunna.

Reykjavík 19/10 1887

Elsku góði Finnur!

EKKI hef jeg brjef að þakka, með „Laura“ en með Thyru fjekk jeg víst brjef og
þakka jeg þjer það kærlega, jeg skrifaði Emmu um dagin fáar línur, og vona jeg að
það haldist, jeg er alt öðru vísi en jeg hef verið, áður, nú kemur Guðný, og vona jeg
að ykkur lítist vel á hana, og hún sækji lán og lukku og ánæju á fund ykkar, hún
hlakkaði mjög til að fara, sem von er, hún er altaf núna heldur vel kát, jeg hef látið
hana búa sig svo vel út sem jeg get, en það er náttúrlega fráleitt eins gott og það
ætti að vera, hún á fáeinar krónur, en jeg vona með næstu ferð að geta dálítið sent
henni, það er ekki svo gott að drífa upp penínga núna, allir hafa nóg með sig,

Hjer heima gengur alt sinn vana gáng, jeg er ekkert að tína neinar frjettir til,
Guðný færir þjer þær allar, það verða ljótu lætin þegar ykkur slær saman að ólmast
með litla Jón, Guðný er sú einstök barnagæla, allir krakkar vilja vera hjá henni, svo
það má nærri geta hvernig hún lætur með Jón, það væri munur ef jeg kæmi, jeg er
ekki alveg eins og hún í því efni, við erum annars fjarska ólíkar, eins og þú kemur,
til að sjá, jeg þarf ekki að biðja þig fyrir hana, jeg veit þú reinist henni, eins og mjer
ástúðlegur bróðir, jeg er hrædd um að fólki hjer þyki nóg um, að hún getur komist,
þettað, það er hin gamla öfund sem kemur út, það hefur lengi loðað við, það sem

við eigum hlut að máli, nú hefur Páll Bríem eignast son, hann er vel frískur, en konan mikið veik, hvert hættulegt er veit jeg ekki, vænt þókti mjer að heira að þú hafðir tekið vel á móti Halldóri, hann er einstæðingsgrei sem einginn hjálpar, vel er hann gáfaður, en því miður drykkfeldur, svo jeg er sáhrædd um að ekkert vit sje fyrir hann að birja á þessu, heirðu.

Finnur segðu mjer hvernig álit hefur þú á Birni Bjarnarsyni,¹ mig lánkar að vita það, hann hefur komið hjer mikið, síðan hann kom, híngað, af þessum tengdum náttúrlega, en jeg þekki hann ekkert, að öðru leiti, og segðu mjer nú hreinskilnislega hvert álit þú hefur á þessu fólki yfir höfuð, þú hefur aldrei sagt mjer það greinlega, hvað Klemens segjir í því efni er nú ekki vel að marka, ef til vill það eru margar sem bera því ílla söguna, en fyrir mitt leiti það sem jeg þekki af því þá kann jeg vel við það.

Nú er komin sá 22. og Laura farin. nú hefur Frú Bríem verið fjarska veik, en er heldur betri í kveld, það er mjög leiðinlegt fyrir Pál, það er búið að skíra hjá Birni Jenssyni og heitir Ólöf, hún er alveg eins og faðir hennar, heilsaðu innilega frá mjer Emmu og Jóni, en sjálfan kveð jeg með óskum als hins besta, þín elskandi systir, Guðrún.

P.S. Jeg er hrædd um að Guðný geti ekki strags farið á danskan búníng, fyrr en að jeg get sent henni penínga með næstu ferð, hefur ekki nóg til þess, þín sama Gunna.

Reykjavík 30/11 1887

Elsku góði Finnur minn!

Hjartanlega þakka jeg þjer fyrir þitt góða brjef, og móttöku Guðnýar, hún lætur nú heldur vel yfir sjer, hún er bara lukkuleg, svo þjer syndist hún lík mömmu sáluugu, ekki sínist mjer það nú eiginlega, en það getur nú verið fyrir það, jeg kalla það vel gjört af þjer að vilja gefa henni svona alt, jeg vildi svo gjarnan leggja til það sem jeg gæti, þegar jeg er frísk, þá er jeg dugleg skaltu vita, og það hef jeg verið síðan í vor, er leið, það er virkilega að veikindin, eru í rjenum, ó hvað jeg er lukkuleg, ef jeg ætti eptir að lifa frísk í nokkur ár, þá gleimdi jeg þessum, slæmu árum fljótt, Guðnýu líst einkar vel á Emmu, er eins og mjer leist á hana, sparsöm og nýtin, og góð kona.

Nú er Páll Bríem búin að missa konu sína eins og þú víst hefur heirt, hann bar sig víst mjög ílla fyrst, eins og von er, dreingurinn hans [Kristinn Briem] er komin að Auðnum til afa síns og ömmu, þaug bera sig fjarska aumlega sem von er, það er sorglegt, þegar svona kemur fyrir, ekki veit jeg hvert fólk hans hefur tekið sjer það mjög nærri, það var víst, aldrei undir en svo ánægð þó lítið bæri á, Guðrún

1 Björn Bjarnarson var sonur Stefáns Bjarnarsonar sýslumanns og þar með bróðir Þorbjargar, unnustu Klemensar.

Bríem labbaði til og fór og skoðaði líkið, en vildi aldrei sjá hana í lifanda lífi, jeg hef heirt að hún hafi boðið Páli að taka barnið, en hvert satt er veit jeg ekki, hún vill, nú víst verða vinur hans aptur, hann sefur hjá Þorleifi Jónssyni, en borðar hjá foreldrum sínum, svo þú sjerð að hann er alveg hættur við búskap, jeg skrifa þjer svo nákvæmlega, um þettað af því jeg veit þú hefur gaman af að vita það,¹ opt óska jeg núna að jeg væri horfin til ykkar þegar jeg sit ein niðri á kveldin en alt, er farið sama þegar, jeg lít upp þá er jeg heima, það eru víst falleg læti í Guðnýu með Jón, hún hefur alla krakka góða.

Gaman þókti mjer að heira álit þitt um Gerðiskotsfólkið, það er líkt og mjer finnst það vera, jeg kann vel við það alt saman, það lítið sem jeg þekki það, þá á vel við mig hreint og beint, og hræsnislaust, og það á vel við mig, frjettir fer jeg ekki að skrifa, það læt jeg aðra hafa fyrir, er ekki Halldór greið reglupiltur, hann er fátækur en góður dreingur, er hann þar fyrir utan og vel greindur, jeg vildi að hann gæti haldið því að vera reglumaður, Friðrik varð heldur kátur þegar hann fjekk mind þína, Hólmsfríður biður að heilsa þjer kærlega, það væri vel gjört ef þú ættir mind afgangs af Jóni litla að senda henni, henni líst svo vel á hann, svo bið jeg þig bera Emmu innilega hjartans kveðju frá mjer, og kissa litla frá Töntu sinni, svo óska jeg ykkur öllum góðra og gleðilegra jóla og als góðs, og kveð ykkur með bestu heilla og hamíngju óskum, alls góðs, þín elskandi systir Gunna.

Reykjavík 1/2 1888

Elskulegi góði bróðir!

Innilegar þakkir eiga þessar línur að færa þjer fyrir þitt góða brjef, og allar hamíngjuóskir þínar, til hins nya árs, sem jeg árna þjer allra heilla á því, slæmt þykir mjer að heira um, þettað fjárans uppþot, það er líka svo lítið, jeg hef verið hálf trylt síðan skipið kom, því það segji jeg þjer satt, að þó þettað sje yfirgengið í þettað sinn, þá máttu vera viss um að þeir gjöra, þjer alt ílt sem þeir geta, þú verður, að passa þig að tala ekki eitt orð án umhugsunar, og svo er með hvert spor opt hvert viðvik, alt verður að passa, það er eins og þú standir, á hálum ís sem alstaðar eru vakir, á, jeg vona að guð gefi að þessir vondu menn orki ekki neitt, það er óttalegt hvað vondar manneskjur geta á unnið, og óuttreknanlegt hvað þeim getur dottið djöfullegt í hug, til að geta gjört öðrum ílt, flestum hjer þykir samt ílla með þig farið, það hafa allir um þettað skrifað, svo þettað er alveg í hámmeli, og mjög mikið um talað en til eru þó sjálfsagt þeir sem ekki þykir þettað neitt verra, en jeg er ekki hrædd um, að fyrst þeir settu þig ekki af strags þá fara þeir ekki að gjöra það eptir 3 ár, þeir verða þá búnir að gleima því, því Danir eru víst fremur fljótlyntir en lángræknir.

1 Kristín, eiginkona Páls, dó 24. október 1887. Klemens segir frá andláti hennar í yfirlitsgrein um ævi Páls sem birtist í *Andvara* árið 1907. Þar segir: „Hann harmaði mjög fráfall konu sinnar, því hann hafði ríkar tilfinningar; liðu mörg ár þangað til hann kvongaðist á ný.“

Fjandans greið hann Þorsteinn, það er líka skrítið, að vera að yrkja níð, um dani, rjett þegar verið er að halda heiðursamkomu til að heiðra minningu dansks manns, því þó þettað alt sje satt, og mikið meira mætti og ætti að segja, þá verður að „heiðra skálkin svo hann skaði þig ekki“ Jón Þorkelsson er eins og mjer altaf hefur á hann litist en þó mennirnir aldrei geti gjört honum neitt, má reiða sig á, að hann fær sína makleg málagjöld, maður sjer Gísla Brynjólfsson, það er guðs dómur að hann er frávita, og svona er það, mínar heitustu óskir og bænir, eru að þeir ekki geti gjört þjer mein, og jeg trúi því að guð bænheiri menn þegar maður biður af hreinu hjarta, eða það hefur mjer viljað til.

Mjer líður heldur vel, jeg er optast frísk, köstin eru altaf að mínka, svo jeg hef von og hana góða, að þettað heldur eldist af mjer, en aldrei verð jeg dugandi kvenmaður frammar meir, og er það leitt og hafa þó margt gott, af guði þegið og verður að litlum notum, en um það tjáir ekki að tala, það hafa allir eitthvað að bera, og margir mikið meira en jeg, þó jeg opt sje þreitt, vænt þykir mjer að heira að ykkur fellur Guðný í geð, ekki heiri jeg annað á henni, en hún sje fjarska vel ánægð, ekki öfunda jeg hana af neinu, nema ef vera skildi, af því að sjá, og vera við sýninguna, það má vera gaman, því jeg veit þú lofar henni að vera fram yfir hana, fyrst Guðný var svo heppin að vera í Höfn þettað ár.

Heilsaðu Emmu kærlega frá mjer, og biddu hana að sjá til að Guðný drífi sig til að læra eitthvað smávegis, hún Guðný getur kostað það sjálf, það er ekki svo mikið, mig lánkar til hún læri ýmislegt smávegis sem jeg ekki kann, ekki sýnist mjer að Páli hafi farið mikið aptur síðan, hann missti konuna, mjer fanst það gott, því hún var eingin kona en sárt er það í bili, og von að allir nákomnir syrgi sárt, þegar svona kemur fyrir, mjer sýnist fara vel um hann hjer í Reykjavík, allgóða atvinnu og undir handarjaðri góðra foreldra en það má hann nú reindar vita betur, jeg hlakka til að fá mind af Jóni mínum, litla, elsku litli strákurinn, bara hann verði frískur, og pabba og mömmu til gleði og blessunar, heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja, kistu Jón og Emmu frá mjer, en sjálfur ertu kvaddur með bestu óskum um alt gott, þess biður þin elskandi systir Guðrún.

Brendu.

Reykjavík 20/3 1888

Elsku góði bróðir!

Innilegar þakkir fyrir þitt góða brjef, sömuleiðis fyrir hina ósjeðu sumargjöf, jeg segji þjer satt, að jeg er fjarska spent fyrir að sjá það, svo mikið er eptir af mínum úngdómi, að jeg get verið svo fjarska bráðlát, og barnslega glöð, þegar jeg hlakka til einhvers, mamma sagði opt seinustu árin, sem hún lifði að það gæti grætt sig að sjá hvað jeg væri, orðin alvarleg og stilt, en þess þurfti jeg við, því jeg var óstilt sem barn eins og þú manst“ sem þá ávalt varst eins og ljós, en alvarlegri er jeg nú orðin en einstöku sinnum get jeg þó fundið að jeg á dálítið eptir, af mínum

gamla glannaskap, líka þakka jeg þjer innilega fyrir Guðnýu, það þarf ekki annað en að sjá mindina, til að geta sagt hvernig henni líður, en það spik sem hún er hlaupin í, betur að jeg væri orðin eins, en það bíður, henni fer vel þessi búningur, það var leiðinlegt að fá ekki mind af Jóni, jeg hlakkaði svo mikið til þess, en mjer þókti vænt um að hann var orðin frískur, með næstu ferð, fæ jeg víst mind, af honum. Jeg er svo hrædd þegar að skipið kemur að jeg fái nú slæmar frjettir að því það er leiðinlegt að heira altaf þennan undirróður og fals, þú mátt víst passa þig, en jeg vona að þeir fái ekki höggstað á þjer, blessaður reindu ekki til að hefna þín á þeim strags, það kemur samt, en eptir þessi þrjú ár þá er alt öðru máli að gegna, nú er Þorleifur þó búinn að yfirlýsa að þú ekki hafir átt neitt í þessum Þjóðólfsgreinum.

Páll er heldur reiður fyrir þína hönd, jeg hef talað um það við hann, hann er sá sami í sinni og skinni, sem hann áður hefur verið, hann, er orðinn vel kátur aptur, og lítur nú orðið vel út, okkur líður vel, jeg er bærilega frísk núna altaf, en ekki er jeg hraust, og verð víst aldrei, jeg er svo fjarska þollaus, en hef altaf nóg að gjöra, opt óska jeg að jeg væri horfin til ykkar um sýninguna, ó það væri gaman, jeg má ekki til þess hugsa, en það verður ekki þessi sýning sem jeg kom á, nú er Hannes Hafstein búinn að ná í Ragnheiði Melsted, frúnni er mjög illa við það en hún lætur það alt hafa sinn gang, þú verður að fyrirgefa hvað þettað brjef er ómerkilegt, jeg hef ekkert núna til að skrifa, en kann ekki við að hafa það ekkert, jeg ætla að skrifa Emmu fáeinar línur, ógn þykir Guðnýu víst vænt um Jón, hún hefur ekki lítið af atgjörfi hans, og gjörir víst ekki minna úr því en það er, Hólmsfríður bíður að heilsa, vertu svo alla tíma best kistur og kvaddur ásamt þínum, af þinni elskandi systur Guðrúnu.

Reykjavík 13/5 1888

Elsku góði bróðir!

Kærar þakkir fyrir þitt góða brjef, og einnig fyrir svuntuefnið, það er bara ágætt, það eru allir skotnir í tauinu, það þykir svo fallett og fásjeð, svo þakka jeg innilega fyrir mindina, ó hvað mjer þókti vænt um að fá elskuna litlu, Jón er inndæll, blessaður dreingurinn, mjer sýnist, hann líkari mömmu sinni heldur en þjer, en það er nú aldrei að marka að sjá mindir, hann hefur heldur ekki horft rjett vel, guð gefi honum langt líf og gott, mjer líður vel, jeg er með besta móti og svona góð, hef jeg ekki verið í mörg ár, eins og jeg hef verið í vetur og nú í vor, það fer að lagast vona jeg, Pabbi skrifar þjer víst um okkar hagi, það lítur heldur svart út nú sem stendur, en jeg er ekkert hrædd, okkur legst eitthvað til vona jeg, það er von að Pabbi væri látinn hætta, hann er als ekki orðin fær, um að gegna öllu, þeim störfum, svo alt sje eins og það á að vera, það veitir ekki af úngum og duglegum, lögregluþjónum, bærinn er orðin svo stór, að ekki er of góð regla þó vel væri að gætt.

Pabbi horfir með kvíða fram á komandi daga, og það er reindar von, Villi á eptir eitt ár hjer, en Ingólfur alt, en aldrei verður Pabbi þó ómagi, ekki þarf hann meir en þessar 300. kr. handa sjer einum, það er sjálfsagt, að halda áfram næstu ár, jeg

vil gjarnan láta, alt gánga til heimilsins, sem jeg vinn inn, jeg þarf eingin fót að kaupa mjer næsta ár, svo jeg get það vel, svo tekur þá eitthvað við á eptir, jeg er alveg ákveðin fyrir mjer, bara ef jeg hef heilsu, jeg vildi óska að Guðný væri gipt góðum manni, en það getur beðið, vel fyrst þjer við hana, hún er líka vel ánægð og þakklát, þið skuluð ekki marka þó hún fjasi ekki mikið um það, hún er svoléiðis gerð að hún gjörir það ekki, henni finnst bara að þið kosta of miklu til skemtana handa sjer, það er öðru nær en að hún ætlist, til að hafa vasafje, hún er því óvön og veit ekki einusini hvað það er, það er víst fallega gjört af þjer að vera henni svona góður, mömmu sáluðu þókti æfinlega svo undurvænt um hana, það er líka móður-nafn hennar, ef Guðný skildi tala við þig um Ameríkuferðina, þá blessaður taktu því fjarri að hún fari, jeg vil það með eingu móti.

Hvernig sem alt fer, er jeg ókvíðin og treisti drottini, að hann leggi okkur eitthvað gott, nú ætlar frú Friðriksen að fara, en nú er hún veik svo óvíst er að hún komist, en ef hún kemst, þá verður víst eitthvað talað, sem hefði mátt vera ótalað, ílla mælist hjer fyrir hjá öllum árásir þeirra við Klemens, þú varar þig á öllu, og öllum, því eingum er að trúa, jeg vona að guð gefi að þettað nýbirjaða sumar, verði þjer betra en veturinn var kæri bróðir, jeg skrifa Emmu ef jeg get fáar línur, Hólm-fríður biður kærlega að heilsa og þakkar innilega fyrir mindina, hvað glöð hún varð getur Guðný ímindað sjer betur en jeg líst því, jeg hætti, efnid og tími á förum, vertu svo margblessaður og sáll, þín elskandi systir Guðrún.

Kistu Jón frá mjer.

Páll Briem og Finnur Jónsson skrifuðust jafnan á þegar þeir dvöldust í sitt hvoru landinu. Vinátta þeirra hófst í Lærða skólanum og lauk ekki fyrr en með dauða Páls árið 1904. Þeir vinirnir sögðu jafnan hvor öðrum frá helstu viðburðum í lífi sínu auk þess að skrifast á um þjóðmál og önnur almenn fréttæfni. Í byrjun desember árið 1887 skrifaði Páll Finni og sagði honum frá andláti Kristínar eiginkonu sinnar. Í bréfinu segir meðal annars:

Elskulegi Finnur minn.

Jeg þakka þjer innilega fyrr tilskrifid ásamt öllu öðru góðu og elskulegu. Jeg veit að þú hefur frjett um sorg mína, mína miklu sorg, þegar konan mín elskulega dó. Jeg hef misst svo mikið, að mjer er ómögulegt að segja það, jeg get aðeins fundið það. Mjer hefur fundizt lífið alltaf verða betra og betra, eptir því sem árin liðu frá því að jeg var barn, og aldrei gat jeg fullþakkað það að jeg eignaðist mína inndælu góðu konu, en nú er eins og mjer sje kastað ofan af fjallstindi hugargleðinnar ofan í kulda og myrkur.

Það er öfund guðanna, sem nú hefur bitnað á mjer. Það eru heimsk og blind forlögð, sem nú hafa hrifið hana frá mjer: en það er ekki til neins að

barma sjer, hún getur ekki framar veitt mjer unað með sínum yndisleik og blíðu, hún hvílir í sinni köldu, dimmu gröf. – Jeg er nú annars farinn að geta hindrað mig frá að hugsa um missi minn um stund, en stundum kemur að mjer svo nístandi sorg, að mjer finnst jeg ekki geta borið þetta. Og þá óska jeg mjer að jeg væri kominn undir græna torfu, þó að jeg hins vegar finni að slíkt er vottur um þrekleysi. Drengurinn minn litli, sem heitir Kristinn, er hjá móðurömmu sinni, en sjálfur er jeg hjá Þorleifi, hann er mjer besti vinur og gerir allt fyrir mig sem hann getur.¹

XVIII. Nýtt líf í Kaupmannahöfn

Guðný dvaldist hjá Finni og Emmu í Kaupmannahöfn veturinn 1887-1888. Guðrún segir frá för Guðnýjar til Kaupmannahafnar í sjálfsævisögu sinni. Hún rekur ekki ástæður ferðarinnar heldur lætur í það skína að það hafi eingöngu verið vegna góðmennsku þeirra systkina, Finns og Guðrúnar, að Guðný fékk tækifæri til að láta rætast gamlan draum um að sigla.

Hana langaði mikið til að sigla og sjá sig um. Finnur bróðir minn var þá giftur. Við báðum hann að taka hana vetrarlangt (1887-88). Þá var ég búin að borga ferðaskuld mína. Ég fór því á stúfana til að fá lán bæði fyrir ferðinni og fötum. Nokkuð átti ég til, en lítið var um vasapeninga. Samt sendi ég henni alltaf dálítið af peningum, á meðan hún dvaldi í Höfn. Það var vel gjört af Finni að taka hana, því að þá hafði hann svo lítil laun. Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður í Dalasýslu, var þá alkominn heim frá útlöndum. Hann bað Guðnýjar þá um haustið, áður en hún fór út, en þau giftust ekki fyrr en 1890.²

Í bréfasafni Jóns Borgfirðings eru tvö bréf sem Guðný skrifaði föður sínum frá Kaupmannahöfn en gera má ráð fyrir að eitthvað hafi glatast af bréfum hennar til Jóns frá þessum tíma.

Bréf frá Guðnýju Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings 1888³

Höfn 28. febr. 1888

Elskulegi faðir minn

Jeg ætla að skrifa þjer nokkrar línur þó að jeg fengi ekki brjef frá þjer á undan öllum eins og þar áður. Mjer líður vel og öllum hjer nafni þinn var veikur af mislingonum en nú er honum batnað hann var nú eiginlega ekki mjög veikur með þeim

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Páli Briem til Finns Jónssonar, 2. desember 1887.

2 Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 171.

3 *ÍB* 96 fol. a – Bréf frá Guðnýju Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings.

bara lasin, hann er gróflega skemtilegur en dálítið óþekkur, hann vill skrifa þegar að hann sjer mig vera að því hann fær pennaskapt og rúllu þar dýfir hann ofaní og svo skrifar hann, hann er mjög líkur mömmu sinni í sjón. Nú fer oddur heim með skipinu, það er víst ekki gott á milli hjónanna, þegar að þaug ganga saman á götu þá er hún alltaf langt á eptir og er alltaf að kalla á hann að biðja hann um að bíða eptir sjer en hann lætur sem að hann heyri ekki.

Nú er Breiðfjörð komin vondur var hann heima en verri er hann núna hann er svo montinn að hann getur í hvoruga löppina stigið. Það er búið að koma Dóra upp hjá Morisi og ekkert dregið af nafninu hans, það var ágæt skírnarveisla, og svo verð jeg í annari bráðum hjá hinni systrinni, það geingur ekki á öðru en alltaf boðum hjá einhverri af familfunni fæðingardagar og ýmistlekt.

Ekki sje jeg Halldór því hann er ekki í Íslendingafjelagi, en jeg sje sjaldan íslendinga nema þar þó kemur það fyrir að jeg mæti þeim á götu. Jeg hef verið opt á leikhúsonum og þar skemti jeg mjer vel, jeg var líka boðin út til Krabbe um daginn og þar hitti jeg Kaalen hann talar svo gróflega vel íslensku hann interressar sig fyrir öllu heiman að, það er svo mikið frost hjer að það er hrætt um að skipið komist ekki af stað út fyrir ís, svo er líka svo mikill snjór hjer að togin komast ekkert áfram.

Nú hefur Klemens mikið að gjöra það fer að nálgast að hann gangi upp bara að það fari vel fyrir honum, það eru aldrei læti þarna hjá ykkur fyrir fólkinu að fyrirfara sjer það er eins og hjerna, og þó er það svo margt hjer svo það er nærri því sem hjer. Það verður nú ekki langt eða merkilegt þettað brjef, en það er bótin að bræðurnir bæta það upp, þeir geta betur vitað hvað þjer kemur að frjetta en jeg og vita líka meira, nú sendi jeg ykkur mynd af mjer í danska búningnum þjer þykir nú víst ekki mikið varið í hann, en hann fer mjer nú eins vel eins og hinn, nú fer jeg að hætta þessu bulli og kveð þig með óskum alls góðs það mælir þín dóttir Guðný.

Höbn 17. Apríl 1888

Elskulegi Pappi minn

Jeg skrifa þjer nokkrar línur jeg kann ekki við að skrifa öllum öðrum en ekki þjer en það verður ekki eins langt eins og brjefið þitt, því að jeg veit ekki hvað jeg á að skrifa þjer sem að þjer þykir gaman að. Nú erum við flutt það er dálítið út fyrir bæinn [Erik Menvedsvej 3, Fredriksberg], það er eins og út að bráðræði, nema manni finnst það ekki eins langt af því að það er dálítið fleira fólk á götunni hjer, það er fallelgra hjer að sumrin en heldur vildi jeg búa inní bænum.

Ekki eru þær svo litlar skammirnar sem þeir fá fyrir meðferðina á Finni þeir eiga það skilið en Finni er ekkert vel við það, hann seigir að það gjöri ekki nema ílt verra þeir koma þá alltaf með eitthvað á móti svo það helst alltaf á lopti, en ekki gátu þeir mikið sakt á móti greyin þeir ætluðu nú að reyna að koma Klemensi í það með því að seigja að hann hefði ritað í kvöldblaðið, en þeir höfðu ekki nema skömm-

ina af því, því stjórnin sagðist ekki einu sinni þekkja hann, en það var söm þeirra gjörð þeir hafa víst ætlað að spilla fyrir honum með prófið, hann er alltaf að lesa og gefur sjer ekki tíma til neins annars samt heldur hann að hann fái ekki láð.

Hilmar Stephensen sá æðsti við rjettin hjer fjeck máttleisiskast um daginn það er haldið að hann verði kannski ekki jafngóður þá lækka allir hinir og þá gæti verið að Mensi feingi það sem Ólafur Halldórsson hefur, en Finnur heldur nú ekki þú skalt ekki seiga þettað við neinn, því það eru bara bollaleggingar, svo hefur Mensi líka heyrt að Einar Thorlasíus vildi koma hjer niður í sumar, og þá kemst Mensi þar að, hann segist ekkert geta skrifað heim núna en biður að heilsa öllum hann á að ganga upp núna þann 26.

Nú hve Skeving vera búin að eiða öllu og ekkert hafa eptir en þó hve hann ganga með pípuhatt og finn. Nú færð þú líklegast að sjá nafna þinn, og stúlku sem að þú þekkir ekki. Ekki er orðið mjög vor/sumarlekt hjer ennþá á laugardaginn snjóaði og það er frost á hverri nóttu og Seglskipinn komast ekki út en gufuskjopin komast samt ísinn liggur allt í kring fyrir utan það á bátt með að trúa því hjer að það sje nýtt fyrir mig að sjá það, en það er víst aptur víst fjarska heitt þegar að hitt er á annað borð, nú hef jeg bráðum ekki meira að skrifa þjer, og óska þjer gleðilegs sumars, og óska að þú getir notað tóbakið sem Finnur sendi þjer, jeg bið að heilsa þeim sem kveðju mína vilja hafa, og sjálfan þig kveð jeg með óskum bestum það mælir þín elskandi dóttir Guðný.

XIX. Að vera upp á aðra komin

Guðný kom heim um sumarið og virðast þær systur hafa haft nóg að gera næstu mánuðina því bréfaskriftir Guðrúnar til Finns lágu niðri fram í október 1888.

Jón Borgfirðingur var nú hættur störfum sem lögregluþjónn og kominn á eftirlaun. Sá launamissir sem fjölskyldan varð fyrir í kjölfarið lagðist þungt á Guðrúnu. Hún óttaðist mjög að verða upp á aðra komin þegar fram liðu stundir og leitaði sífellt leiða til að komast hjá því hlutskipti. Guðrún reyndi að sannfæra bæði sjálfa sig og Finn um að skyldur sínar við fjölskylduna væru ekki aðrar en þær að hugsa um heimilið þar til Ingólfur væri fermdur. Í einu bréfa sinna segir hún: „Þó vona jeg, að jeg hafi borgað Pabba uppeldi mitt, það var ekki svo merkilegt eða miklu upp á mig kostað, enda stend jeg líka að baki allra kvenna að mentun til.“

Guðrún hafði horfið frá þeim áformum sínum að annast föður sinn í ellinni og fórna sér fyrir systkini sín. Þá hafði hún gefið upp á bátinn alla drauma um frekari menntun og taldi nú að hamingjuna væri að finna í Ameríku.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1888-1889¹

Reykjavík 13/10 1888

Elsku góði Finnur minn!

Þú mátt víst hugsa mjer, gott að hitt þó heldur, jeg held að það sjeu margir mán-uðir síðan að jeg hef skrifað þjer, þú mátt til að fyrirgefa mjer, því jeg lofa bót og betrun, að láta það ekki koma fyrir aptur, jeg hef svo margt að skrifa að jeg veit ekki á hverju jeg á að birja, jeg held á heilsu, jeg hef verið vel frísk í alt sumar, þar til núna í hálfan mánuð, er jeg aptur slæm, og má jeg þá ekki eiginlega missa mig frá vinnu minni, opt hef jeg þurft að vinna, en aldrei eins og nú, þú getur nærri hvort við getum lifað á því sem þabbi fær eingaungu, hann hefur ekkert annað að gjöra.

Það er mitt hlutskipti í þessum heimi að vinna á meðan jeg get staðið, og hvað er svo á efri árum? borða náðarbrauð hjá öðrum, og alstaðar óvelkomin, en jeg ætla ekki að sjá eptir því að geta hjálpað Pabba, systkinum mínum og gjöra það ekki heldur, bara jeg hefði heilsu þá gætum við vel lifað, það verður nú betra í vetur, en aptur seinna því nú verður Klemens heima, og hann leggur sitt til, það er jeg viss um, jeg segi þjer satt jeg er ekki lítið glöð yfir að hafa hann í vetur, hann er alveg eins og hann var, hann gjörir sjer alt að góðu hjá okkur, jeg reini að láta hann eiga svo gott sem jeg get, ekki skalt þú halda að okkur líði illa, nei það er bara mesta furða hvað, vel það gengur.

Jeg gat saumað svo mikið í sumar, að jeg átti mikla penínga í haust, jeg gat vel tekið á móti öllu okkar fólki, það var alt hjer þángað til það fór austur, þá fór jeg með því, og var í Gerðukoti í 10 daga, og skemti mjer uppá það besta, það vissi ekki hvað vel það átti að fara með mig, jeg kann eptir því betur við það eptir því sem jeg þekki, það betur, Sigfús kom að vestan um daginn, og dreif, móður sína vestur með sjer, til að vera hjá sjer í vetur, svo okkur kom öllum saman um, að þor-björg mætti ekki vera ein heima í vetur, svo Guðný fór austur og verður fyrir það fyrsta til jóla, svo ekki gat það orðið að við yrðum saman og verðum víst aldrei til núna, það verða ef til vill, meiri tengslin á milli Bjarnarsonar og okkar ef mig grun- ar rjett en þey, við alla, það er ef til vill vitleisa.

Þú trúir ekki hvað mjer fellur illa að jeg get skilið á brjefum þínum að þið ekki hafið kunnað vel við Guðnýu, og jeg satt að segja skil als ekkert í því, því allir sem kynnast henni, hjer á landi kunna svo vel við hana, það má til að liggja í þessu danska lopti, líka er það hreinn misskilningur að halda að hún vanþakki ykkur, eða finni ekki að þú hefur vel við hana gjört, í það minnsta hefur hún látið þakklæti til ykkar í ljósi við mig, sem sagt hefur það verið einhver misskilningur og er það mikið leiðinlegt, því það verður víst í það eina skipti sem við systur verðum á ykkar vegum, Guðný náttúrulega giptist, og er þau [], en jeg ætla mjer aldrei, að verða hjá neinu minna systkina, hvað sem um mig verður, og er það ekki af því að jeg van-

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

treisti neinu ykkar, nei þvert á móti, en jeg hef mínar ástæður, jæa, jeg þakka þjer innilega fyrir Guðnýu, þú getur víst verið rólegur, þú reindist henni sem góður bróðir, og hún finnur það og virðir þó þú haldir það ekki, um það mátt þú vera viss, og ekki eitt orð hef jeg á henni heirt að það hafi verið nokkur misskilningur en mjer heirist það bara á þjer, en ef það er vitleisa úr mjer, þá fyrirgefur þú, alt þettað röfl.

Jeg skrifa þjer aptur með Lauru, góði Finnur minn, heilsaðu innilega Emmu frá mjer og kistu þinn inndæla Jón, mikið segir Guðný af atgjörfi hans, jeg er hálfhrædd um að það sjái ekki, hver maður alla þá kosti sem hún telur upp um hann, en ef alt er satt, þá er dreingur hreina afbragð, jeg fjeck brjef frá Guðnýu í gær, henni leiðist ekkert, og hún biður ógn vel að heilsa ykkur, Klemens fór austur í fyrradag og verður viku í burtu, vertu margblessaður og sæll og þið öll, þín elskandi systir Gunna.

Reykjavík 21/10 1888

Elskulegi góði bróðir

Jeg verð að skrifa þjer nokkrar línur þó að jeg hafi ekki mikið núna til, jeg skrifaði þjer um daginn, en það brjef var svo leiðinlegt, jeg má til að slúðra dálitlu í þig, en þú mátt eingan láta vita það, ekki einusinni Emmu, mundu það, Guðný er trúlofuð Birni, hún skrifaði mjer í gær, en bað mig að láta þig ekki vita það strags, því þjer þækti þettað víst nokkuð fljótt ráðið, en jeg get ekki þagað við þig, jeg get ekki haft heimuglegheit við þig, hvernig líst þjer á þettað, jeg veit ekkert hvernig mjer líst á það, en það veit jeg að einginn hefur á móti henni af hans fólki, mundu það að þegja, annars fæ jeg ósköp skömm í hattinn, jeg gjet sagt þjer meira slúður, jeg gjöri það næst, heilsaðu kærlega Emmu, og kistu Jón, líði ykkur ætíð eins og best fær beðið þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Jeg er frísk

Reykjavík 29/11 1888

Elsku góði bróðir!

Bestu þakkir fyrir brjef þitt, það gleður mig að heira að þjer og ykkur líður vel, jeg vona að Jón sje orðin frískur, okkur líður vel, jeg er frísk núna altaf, og vona að það haldist, hjer ber nú lítið til tíðinda er jeg get skrifað, blöðin færa allar frjettir, jeg hef nýlega fengið brjef frá Guðnýu, henni líður vel, ekki get jeg verið neitt sjerlega hrifin yfir trúlofun hennar og þú segjir víst alveg satt um Björn, jæa bara að það fari vel þá er jeg ánægð, það er sagt að Benídikt Sveinsson vilji fá mann, í staðinn sinn í vor komandi, og ætlar víst Björn að ná í það, svo gæti skeð að hann fengi sýsluna á eptir, og þá væri þeim borgið, hann er núna Goodtemplar, og þess þarf hann, líka með, því Guðný er ekki fær um að eiga drykkjumann.

Guðný skrifar Emmu líka um þettað, þaug gipta sig ugglaut í vor, um leið og Klemens og Þorbjörg, það verður víst ólíkur heimanbúningur þeirra því nú get jeg

ekkert hjálpað henni, jeg má ekkert missa til þess, Þorbjörg er vel frísk, svo það getur skeð að Guðný komi um jólin, og þykir mér vænt um það og þá fer hún ekki austur aftur, eða ekki vil jeg það, ekki hef jeg þurft eða þarf núna sem stendur að brúka meðalið, Jonassen kom til mín í haust, jeg mátti til að sækja hann, jeg var svo veik, jeg hef nú ekki sókt hann í 3 ár, og nú heldur hann því fast fram, að það standi þessi veikindi, í sambandi við einhvern ofvökt sem er upp í annari nösinni á mér, og verði það læknað sje jeg sloppin, hvert þettað er vit eða vitleisa gefur tíðin að reina, því hann ætlar að fara að gjöra við það, heilsaðu kærlega Emmu og hennar fólki, kistu Jón og ykkur öllum gleðileg Jól, óskar þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Viltu biðja Emmu að kaupa 3 lód af stálperlum smáum og senda mér.

Reykjavík 2/2 1889

Elsku góði bróðir!

Gott og gleðilegt nýtt ár óska jeg þjer og þínu húsi, góðar þakkir fyrir brjefið, það gleður mig að heira að ykkur líður vel. og Jón var betri bessaður dreingurinn, jeg vona að guð gefi að hann fái að lifa, ykkur til gleði og blessunar, jeg er heldur vel frísk en finn samt altaf til, jeg fjeck eitt slæmt kast, og sókti jeg Jónassen og nú vildi hann alt gjöra til að mér gæti batnað, hann spurði mig meðal annars hvert jeg findi aldrei til í nefinu, en jeg hef í annari nösinni, stóra kúlu eða ofvökt, þettað er jeg búin að hafa í mörg ár, jeg veit ekki í hvað mörg, það er svo langt síðan, jeg sagði honum eins og var, og sagði hann að þessi kúla eða hvað það er, væri aðalorsökin, til allra minna veikinda. og var mjög ólukkulegur að sjer skildi aldrei hafa dottið þettað í hug, jeg hef aldrei verið spurð að þessu fyrr, og jeg hef heldur aldrei sagt neinum frá því.

Jónassen segir að ef þettað verði læknað, þá sje jeg allra meina bætt, hann er nú birjaður að brenna þettað í burtu, það er sárt, en það hugsu jeg ekki um, jeg hef verið svo lángröð um þettað því mig lángrar, til að biðja þig að spirja einhvern lækni hvert þettað geti átt sjer stað, jeg get þess líka að þegar jeg fæ þyngsli þá á jeg að taka jodcalium, og það hjálpar mikið, þettað er leiðinlegt brjef, það birjar ekki vel árið, mátt þú segja en jeg hef það betra næst, nú er Guðný komin heim, og varð jeg fegin, jeg hef opt haft mikið að gjöra og alt af mikið, Björn kom með hana, þaug eru mikið lukkuleg bæði, en það er nú ekki langt af, jeg er svo hrædd um að það dragist að Björn fái sýslu, okkur líður vel.

Klemens hefur þó nokkuð að gjöra, ekki held jeg að hann fari norður til Benedikts, það er sagt sýslumaður á Akureyri muni fara að segja af sjer, hann er að verða blindur, þar vildi, jeg vita Mensa. mig lángrar að biðja þig bóonar og er það, að láta búa til hálsfesti (jeg sendi málið) handa karlmanni. hún á að kosta 9. kr. jeg sendi peninga með næstu ferð en þá vildi jeg að keðjan væri búin svo hún kæmi í Apríl, á lásin í miðjunni eða gullinu ætti að vera öðru megin tru haab og kjærlig-

hed og svo einhver skollinn hinumegin, rauður steinn eða eitthvað þvílíkt, tak fyrir perlunar, hvað kosta þær? heilsaðu kærlega Emmu, jeg á hjá henni brjef, kistu þinn inndæla Jón en lifðu sjálfur eins vel og best fær beðið þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 24/3 1889

Elsku góði bróðir

Innilegar ástarþakkir fyrir þitt góða brjef, jeg birja á sjálfri mjer, mjer líður vel, jeg hef ekkert kast fengið, og þessi kúla eða hvað það er, er heldur að mínka og Jónassen hefur góða vona um að alt þettað lagist, og jeg lifi við vonina, yfir höfuð líður okkur öllum vel. Klemens hefur altaf nokkuð að gjöra, hann giptir sig víst í sumar, og Björn og Guðný víst strags og hann fær embætti, og ef Villi siglir, þá fer að fækka heima í litla húsinu, nú á að ferma Ingólf í vor, hann er góður dreingur, mitt uppáhald. Þegar þettað alt er um götu gjört, þá vil jeg að pabbi hætti, að búa, sínist þjer ekki það, jeg tala um þettað í fullri alvöru, jeg má til að hugsa dálítið sjálfa mig, ef jeg verð svona áfram þá gengur, alt sem jeg vinn inn til heimilisins og eptir því sem jeg vinn leingur þreitist jeg, en ef jeg t.d. drifi mig til Ameríku, gæti hittst að jeg væri svo heppin að komast að einhverri góðri atvinnu og þá eru fljótfengnir peníngar, jeg mundi ekki eiða þeim til óparfa, heldur geima þá, til efri árana, jeg er fjarska óánægð að hugsa til að verða alveg uppá aðra komin.

Jeg get með góðri samvisku sagt, að jeg hafi efnst heit mitt við mömmu sálugu, með að yfirgefa ekki dreingina á meðan þeir væru ósjálfbjarga börn, það er líka það eina sem jeg hef til að gleðja mig við, segðu mjer nú hvað þjer sínist um þettað alt, en láttu ekki Pabba vita að jeg hafi nefnt þettað, hann heldur svo á móti Ameríckuferðum, Sigfús Björnson er hjer, og ætlar, með skipinu, hann kemur víst til þín, þú getur spurt hann hjeðan, hann hefur opt komið, hjer, og nokkrum sinnum borðað hjá okkur, á hann líst mjer vel, og betur en á Björn, mjer virðist hann stöðugri að öllu ytra áliti, víst gróflega duglegur, hann á vel við mitt skap, jeg bið hann fyrir penínga til þín, 9 kr. fyrir keðjuna, og þækti mjer gott að fá hana með honum til baka.

Er það satt að Ólafur Halldórsson sje trúlofaður Karólínu Breiðfjörð, það frjettist með skipinu, hefur þú aldrei sjeð Önnu? vilt þú gjöra svo vel og koma böggli til frú Krabbe, eins ef jeg skrifaði frú Ínger þá konuð því fyrir mig, þennan dag fyrir 6 árum lagði jeg á stað til hafnar, margt hefur breist síðan, opt hugsa jeg um, að gaman væri að sjá þig einhverntíma en það verður líklega ekki en hver veit, jeg held það væri snjallast fyrir mig að reina að ná í einhvern ríkan karlfjanda, en jeg er svo skratti ljót, það er það versta, ef jeg gjörði það þá gæti jeg rússað þetta er slúður, mig lánkar til í vor þegar Ingólfur verður fermdur, að við legðum til og gæfum honum úr, er ekki rjett, hann á það skilið greið litla, eitthvað ætlaði jeg að skrifa meir en jeg man það ekki, tíminn er á förum, kistu Jón og Emmu frá mjer, og heilsaðu öllu hennar fólki en sjálfur ertu best kvaddur af þinni elskandi systur Gunnu.

Reykjavík 26/7 1889

Kæri Finnur!

Jeg þakka þjer tvö brjef, ekki færð þú langt frá mjer núna því bæði er það að þú færð allar frjettir frá öðrum, og svo hef jeg ekki tíma heldur en vant er, nú er Klemens giptur, við riðum öll austur, og var það ágæt veisla, brúðurin var bara inndæl, þaug eru nú hjer, þaug borða hjá okkur, en sofa annarstaðar. jeg kann mjög vel við Þorbjörgu, hún getur vel gjert sjer að góðu þettað lítilfjörlega heimili og veitingar sem jeg hef að bjóða henni, ekki hef jeg en þá talað við biskupsfrúna að gagni hún er önnum kafin, það þókti mjer vænt um að þú bauðst þeim heim og þeim hefur líka þókt það mjög fallett af þjer svo mikið hef jeg heirt, nú kemur Villi með Lauru næst, þó ekki kæmist hann að þingskriptum.

Klemens og Björn ætla að skildínga saman handa honum ferðakostnað, og jeg ætla að gefa honum föt sem jeg get. Þú spirð um Ingólf, hann er vel greindur, en hann er barn, hann er eitthvert það skemtilegasta og besta barn sem jeg hef þekt, og ef honum fer þettað framm, verður hann ekki minnstur maðurinn, það gengur vel með Guðný og Björn, þaug gjöra það víst opinbert bráðum, jeg er altaf frísk núna, og eru það þær bestu frjettir sem hægt er að fá af mjer. ó hvað Jón er inndæll, jeg ljét hann fyrstan í Albúmið, eptir því sem jeg skoða hann optur eptir því líst mjer vel á strákinn, jeg vildi bara að jeg ætti optar að sjá hann og ykkur, þú færð ekki meir í þettað sinn, verið þið öll guði á hendur falin af þinni elskandi systur Guðrúnu

kistu Jón frá mjer 3 ágúst.

Reykjavík 30/10 1889

Góði Finnur minn!

Nú er langt síðan að jeg fengið brjef frá þjer en sjálfsagt er leingra síðan að jeg skrifaði, en þú hefur nú reindar fengið það sem er betra en brjef frá mjer þar sem þú hefur fengið bræður, þeir hafa sagt þjer alt af ljetta, jeg er altaf við þettað sama, ekki mjög slæm, en heldur ekki rjett góð, það verð jeg víst aldrei, núna er jeg öll stokkbólgin í andlitinu og á því sárþágt með að lúta, það er eitthvað frá þessu í nefinu, en það batnar nú bráðum aptur, jeg má heldur ekki vel vera að því, að vera veik því nóg er að vinna og nóg, að brúka penínga til, ógn þókti mjer vænt um að þú tókst svona vel á móti Villa, hann er nú heldur lukkulegur og hrifin yfir ykkur, hann er víst góður vinur litla Jóns, Villi er svo undur barngóður, eins og hann er yfir höfuð góður dreingur, hvernig líst þjer á hann?

Nú er þá bara Ingólfur eptir, það smáþokast svona áfram, það er nokkuð betra að Klemens komst þarna að, en betri hefði mjer, mín vegna þókt að hann hefði verið á Íslandi, jeg sje fjarska mikið eptir honum, hann var mjer svo fjarska góður, og jeg hafði svo mikið athvarf hjá honum, þettað síðasta ár, sem hann var hjer, okkur líður bærulega.

Pabbi við sömu heilsu, þaug gipta sig víst í vor er kemur Björn og Guðný, hvað sem hann nú fær, góði ef þú mátt því nokkuð þá legðu til að hann fái Árnessýslu ef

hún losnar, þar vilja þaug víst helst vera, Björn er hjer núna, og les hann nú hátt fyrir Guðnýu fram í stofu, kl. er nl. að gánga 10. um kveld, jeg er inn í kamersi, en Pabbi og Ingólfur, eru uppi á lopti, nú er Hannes og Ragnheiður gipt, þar var nú mikið um dýrðir, þaug eru bæði hjá Melsted í vetur, hann fær sjálfsagt ritaraembættið, konu biskups Hallgríms leist heldur en ekki vel á hjá þjer, hún ljet mikið yfir hvað henni hefði þókt gaman að koma til ykkar, hún segir að Jón sje inndæll dreingur og það er hann víst, skyldi jeg nokkur tíma sjá hann? jeg get ekki skrifað meir núna, jeg á svo bágð með að skrifa vegna bólgunnar, heils Emmu kærlega, kistu Jón, frá töntu, vertu 1000 sæll. Þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 25/11 1889

Góði Finnur minn!

Jeg þakka þjer brjefið, þú hefur ekki verið búinn að fá brjef, sem jeg skrifaði þjer með enska skipinu, þegar þú skrifaðir mjer, annars hefðir þú ekki talað um brjefleisi frá minni hendi, en nú ert þú víst búinn að fá það, okkur þykir vænt um að þjer og ykkur, geðjast vel, að Villa, hann er líka góður og óspiltur unglíngur, og það vildi jeg óska að hjeldist, ekki að jeg sje hrædd um það mótsetta, þú hefur tekið vel á móti honum, þess þurfti hann líka með, því ekki var hann ríkmannlega úr garði gjörður, heldur en þið hinir, fyrst hefur Pabbi ekkert að miðla, og hann gjörði það ekki heldur.

Mjer fanst Pabbi heldur hefði átt að hugsa um að Villi kæmist skammlaust að heiman hvað fatnað snerti, heldur en að fara að kosta til norðanferðar, því til þess voru eingar ástæður, og þegar maður er svo fátækur, að maður verður að reikna hvern eirir sem maður lætur út, ætti maður ekki að hugsa um að skemta sjer, en honum er víst sama um alt nema sjálfan sig, enda lætur hann eingar heimilisáhyggjur koma sjer við, ef jeg segji að mig vanti þettað eða þettað, þá svarar hann bara, það get jeg ekki gjört neitt við, og er eins rólegur eptir sem áður.

Það er ljótt að segja þettað um föður sinn en það er ekki ósatt, og á milli systkina sagt, en ekki hefur okkur vantað daglegt brauð sem betur fer, jeg hef verið vel frísk, og getað unnið, og þá fær maður nokkuð í aðra höndina og haldi það áfram er jeg ókvíðin vetrarlángt, leingra hugsa jeg ekki fram í veginn, Björn og Guðný gipta sig í vor, Björn sækir um Rángárvallasýslu, sem er nú laus, bara að hann mætti fá hana, þá er Guðný komin í góða stöðu, sem betur fer, og ekki nema 3 ár þar til Ingólfur er búinn og þá er jeg um leið horfin burt, ef jeg annars held það svo leingi út, þá vona jeg, að jeg hafi borgað Pabba uppeldi mitt, það var ekki svo merkilegt eða miklu upp á mig kostað, enda stend jeg líka að baki allra kvenna að mentun til.

Jeg heiri að Björg Sigurðardóttir, sje komin til hafnar, ekki legg jeg til að þið hjálpið henni því þeim peníngum er illa varið, hún galt mjer ekki nema skömm og ótukt fyrir það sem jeg gjörði fyrir hana, og það fá víst flestir af henni smjörþef sem hún kemst í tæri við, hún kann að tala fyrir sig, hún er vel greind, Ingólfi

gengur gróflega vel núna í skóla, hann er góður og ástundunarsamur, hann sækir sig, hann er elskulegt barn, að öllu leiti, heilsaðu Emmu kærlega frá mjer og kistu litla Jón, hann þekkir nú reindar held jeg, lítið til mín blessað barnið, að endingu óska jeg ykkur öllum góðra og gleðilegra jóla, vertu blessaður og sæll, þín elskandi systir Guðrún.

Ef þú getur nokkuð gott lagt til með að Björn fái Rangárvallasýslu þá vona jeg að þú gjörir það, vertu sæll þín Gunna.

XX. Heimilið leysist upp

Veturinn 1889-1890 ríkti mikil óvissa um framtíð heimilisins að Vesturgötu 20 í Reykjavík. Vilhjálmur hélt utan um haustið, og Guðný var í óða önn að undirbúa brúðkaup þeirra Björns sem vera átti um sumarið. Því var útlit fyrir að sumarið 1890 yrðu þau aðeins þrjú eftir í kotinu, Guðrún, Ingólfur og Jón Borgfirðingur. Heimilisreksturinn heimtaði töluverð útgjöld og Guðrún velti fyrir sér hvort forsendur væru til þess að halda heimilinu gangandi þar sem Ingólfur var sá eini sem ekki var floginn úr hreiðrinu að henni sjálfri undanskilinni.

Í bréfunum kemur glögglega í ljós hvernig Guðrún lítur fremur á sjálfa sig sem höfuð fjölskyldunnar en sem eitt af börnum Jóns Borgfirðings. Hún hafði borið ábyrgðina á heimilishaldinu frá andláti móður sinnar árið 1881 en virðist þegar hér er komið sögu eiga nóg með að búa svo um hnúta að hún þurfi ekki að vera upp á aðra komin.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1889-1890¹

Reykjavík 2/2 1890

Elskulegi bróðir!

Gleðilegt nýtt ár óska jeg þjer og þínu húsi, þakka þjer kærlega fyrir þitt síðasta brjef, Guðný er heldur lukkuleg yfir mindinni, hún þykist himin höndum hafa tekið og svo er hún nísk á henni að hún varla tímir, að hún sje skoðuð. Þettað er nú kannske nokkuð mikið sagt, en það er ætíð laglegra að færa í lag en úr þegar farið er að segja frá. Þettað brjef verður að vanda ómerkilegt, jeg er svo sjaldan upplögð, að skrifa, Jólin liðu hjá okkur á vanalegan hátt, jeg var altaf lasin.

Bæði um Jól og Nýár, á milli Jóla og Nýars, var ball hjá biskup Hallgrími, og

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

var okkur boðið þángað en jeg varð að fara heim kl. 11. Því þá var mjer svo ílt, svona gengur það, þegar maður er heilsulaus, líka vorum við boðin til Breiðfjörðs á gamlárskveld og þá var jeg líka veik, annað vorum við ekki boðin út, enda kann jeg best við mig heima, á hátíðum, þá spilum við og höfum mikið huggulegt, þó í smáum stíl sje, jeg hafði mikið að gjöra, fyrir Jólin, svo jeg gat haft það, sem við þurftum þess vegna en síðan hef jeg heldur, ekkert haft að gjöra, sem peningar hafa fengist fyrir, svo nú hefur okkur ekki heldur liðið rjett vel þennan mánuð, og jeg hef orðið að lána dálítið en jeg vona að jeg fái eitthvað að gjöra, þettað er verstí tíminn, af árinu til þeirra hluta.

Guðný er að sauma sjer „udstyr“ alt upp á Björns vasa, hann er henni hreint einstaklega góður, þú skalt ekki láta það berast að hann skaffi henni „udstyr,, jeg veit ekki hvert þaug vilja það, þaug giptast í vor eða sumar, bara að hann fái Ráng-árvallarsýslu, hann lángrar svo mjög til þess, heirst hefur að Páll Bríem sæki um hana, en hvert satt er veit jeg ekki, heldur þú að Klemens sæki híngað upp ef eitthvað gott losnar? eins og þú kanske veist erum við systur í Thorvaldsensfjelaginu, eptir nýár fórum við sem í því erum að hugsa um að leika comedúr, svo að peningar kæmu inn í sjóðinn.

Þettað gekk nú alt vel. við vorum búnar að fá karlmenn til að leika, hún á gamla spítalanum birjaði að útleggja stykki, en þá kom sá gamli dauði og svæfði gömlu frú Jónassen svo hætt var við að hugsa um leiki, þennan vetur en ákveðið að birja að hausti, hver sem þá lifir, og viltu trúa jeg ætlaði líka að leika, jeg hafði ekki frið á mjer fyrr en jeg var búin að lofa því, mjer var nú reindar sama ef, jeg bara hefði getað gjört það skammalaust. en það þurfti ekki á að halda, jeg var búin að gleima því að jeg ætlaði að hrósa Jóni litla, hann er einstaklega inndæll dreingur að sjá en íslenskar eru brýrnar á dreingnum, og hugsað gæti jeg að hann segði einhverntíma það sem hann meinar, kistu hann kærum koss frá mjer, og þegar hann hefur vit á þá láttu hann þekkja mindina mína, heilsaðu Emmu kærlega frá mjer en sjálfan þig kissi jeg í anda, þín elskandi systir Guðrún.

Reykjavík 5/7 1890

Elsku góði bróðir!

Nú er lángrt síðan að jeg hef skrifað þjer, jeg hef haft heldur slæma tíð, jeg hef verið svo veik alt af, en nú held jeg að mjer muni fara heldur að batna, því nú í liðinni viku hef jeg lítið fundið til, nú er þá Guðný gipt, þaug giptu sig 26. júní, hjer heima, það láu allir í þessari pest, svo það var ekkert gaman að vera að fara í kirkju, varla að nokkur gæti súngríð, það var borðað í kamersinu og gipt, í stofunni, við höfðum 4 rjetti matar og deser, 10 mans sat, ekki kom gamli sýslumaðurinn, hann var víst vesæll svo Páll Bríem var svaramaður Björns, hann, ætlaði að fá Kristján assesor en hann lá, eins og aðrir góðir menn, það var mikið skemtilegt eptir því sem fátt var, mælti síra Jóhann fyrir skál brúðhjónanna, eptir að kvæðið var súngríð og var hún svo drukkin í kampavíni, Páll talaði fyrir foreldrum brúðhjónanna, og fjarverandi systkini.

Opt var óskað um kveldið að þið, væruð nálægir, eða vissuð hvað um væri að vera, jeg er viss um að Björn verður Guðnýu góður því hann er svo vænn dreingur, svo fóru þaug á stað, dagin eptir, og fylgdum við Pabbi þeim á leið, Páll gaf þeim fallega smjörkúpu og sardínudós, Brieffssysturnar, sjókölaðistell, Biskupssynirnir, fiskispaða, Guðni lýsislugt, Gústa teppi á stól, þú hefur nú víst ekki gaman af þessu en Emma hefur það þá.

Mjer hefur leiðst síðan Guðný fór, en það gengur fyrir aptur. þaug verða á Breiðabólstað, í sumar, hvar sem þaug nú verða í vetur, því nú er frjett komin, að Páll hafi fengið sýsluna. hann liggur sáraumur í lúngnabólgu, og er óvíst en að hann lifi það af, og er það skaði ef hann skildi deia, það liggja mjög margir, ekki hef jeg orðið veik af þessu en þá, mjer þókti vænt að frjetta að, Þorbjörg væri búin að eignast dóttur,¹ líka vænt um að Villa gekk vel, bara að Björn fengi gott embætti, ef þú skrifar honum, þá haltu fram Dalasýslu.

Nú erum við að hugsa um að hætta að búa í haust, það er orðið ólifandi, í húsinu, nema með mikilli aðgjörð sem yrði ofmargir peningar, að kasta í burtu fyrir fá ár, jeg hef beðið gömlu Kristínu í húsinu fyrir Ingólf, ef til þess kemur, og ætlar hún að gjöra það, það er góður staður, en hvað pabbi gjörir veit jeg ekki og jeg, jeg veit ekkert hvað jeg á að gjöra, jeg verð víst einhver vandræði, Björn vill gjarnan hjálpa með alt sem hann getur látið að nokkru leiti með Ingólfi og líka hjálpa, mjer á einhvern hátt, en mjer þykir leitt að vera upp á aðra komin, jeg vona að guð gefi mjer heilsu, þá get jeg unnið fyrir mjer, jeg á náttúrlega ekkert núna, því alt sem jeg vinn gengur til hússins, og þykir gott að hafa það, pabbi ætti að hafa nóg af þessum peningum, fyrir sjálfan sig, nú hætti jeg, heilsaðu Emmu og kistu Jón, vertu margkistur elsku bróðir af þinni systur Guðrúnu.

Reykjavík 7/7 1890

Elsku góði Finnur!

Bestu þakkir eiga línur þessar, að færa þjer, fyrir brjefið þitt nú síðast, þó fáar sjeu frjettir, og jeg sé svo að segja nýbúin að skrifa þjer, get jeg þó ekki látið skipið fara svo að jeg ekki skrifi þjer fáar línur, fyrst jeg er við þolanlega heilsu og hef jeg verið bærileg nú um tíma, jeg óska til lukku með veitínguna fyrir embættinu, þú getur ekki trúað hvað mjer þókti vænt um, að þú ert orðin fastur, það er leitt að eiga alla sína í óvissunni, nóg er samt eptir þar sem bæði er Klemens og Björn, sem báðir bráðlega þurfa að fá, eitthvað viðunanlegt. og ekki verð jeg róleg fyrir en það er orðið, það er ef til vill heimskulegt að bera kvíðboga fyrir þeim en jeg get ekki að því gjört að jeg er svo óróleg, svo leingi sem ekkert er fast, nú hætti jeg að hugsa um þig, en þeir eru eptir, elsku bróðir þú veist ekki hvað opt jeg hef óskað, að þú værir orðin fastur, þá ættir þú ef þú nú færð launaviðbót, ekki að vinna eins mikið og þú hefur gjört.

1 Fyrsta barn Þorbjargar og Klemensar var Anna Guðrún. Hún var fædd 19. júní 1890. Anna Guðrún gekk síðar að eiga Tryggva Þórhallsson prest, síðar ráðherra og bankastjóra, og átti með honum sjö börn.

Mjer brá í brún þegar jeg sá síðustu mind því þar sem þú ert með Jón, hvað þú ert orðin þreittur að sjá svo úngur maður, gættu að því, að þú verður að fara vel með þig, þettað fer alt á höfuðið, og augun, og þaug er jeg altaf svo hrædd um, ekkert get jeg sagt þjer en hvernig hjer verður eptirleiðis, Ingólfur er í búð hjá Breiðfjörð og líður vel. Það er alt svo undur gott við hann, hvað leingi hann verður þar veit jeg ekki, en mjer þykir vænt um hvern dagin sem hann er ekki á götunni, ekki hef jeg frjett af Guðnýu leingi, eitt brjef síðan hún fór, og þá var hún lasin af kvefinu en jeg vona að hún sje lukkuleg.

Björn er mjög vænn maður, jeg er viss um að hann verður góður við hana, ekkert veit jeg hvað hann gjörir, en ekki held jeg að hann sæki um prokuru embættið hjer, jeg vildi líka heldur að hann gjörði það ekki, en bara að hann vildi sækja um Dalasýslu, það væri nær, nú er Páll að batna, hann varð mjög slæmur, bara hann nú tolli fyrir austan, nú fer Elín systir hans til hafnar, hún ætlar á þennan kvennafund. hún heimsækir þig, vænt þykir mjer um hvað Emma hefur verið Þorbjörgu góð, þegar henni lá á, það var vel gjört af henni, heilsaðu henni kærlega frá mjer, heldur er Villi lukkulegur yfir lífinu, hann sjer alt í rósræðu, gott á meðan að það helst, hitt kemur nógu snemma, nú hætti jeg og bið vel virða og kissa Jón en sjálfur ertu kistur í anda af þinni elskandi systur Guðrúnu.

XXI. Samband föður og dóttur

Haustið 1890 var heimili fjölskyldunnar leyst upp. Jón Borgfirðingur bjó áfram í húsi sínu að Vesturgötu 20 í Reykjavík. Ingólfur fékk húsaskjól hjá vinafólki en Guðrún hélt austur á Seyðisfjörð til frænku sinnar Guðrúnar Wathne og eiginmanns hennar Ottós Wathne. Á Seyðisfirði var mjög vel búið að Guðrúnu sem í fyrsta skipti í langan tíma þurfti ekki að taka ábyrgð á öðrum en sjálfri sér. Guðrún hélt þó áfram að skipta sér af málefnum föður síns, og eru bréf hennar til hans full af ráðleggingum um hvernig hann skuli haga sér.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1890-1891¹

Seyðisfirði 18/10 1890

Elsku faðir minn

Nú er jeg þá hingað komin, og gleimdi þvi og setti Reykjavík, svona er vanin. Jeg kom hingað á föstudagsmorgunin kl. 9 og varð jeg fegin. Við fengum hálf vont veður og svo vorum við tvo daga í Fáskrúðsfyrði að taka síld. Þar var altaf grenj-

1 ÍB 96 fol. b – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings.

andi bilur. Mjer brá við að sjá svona mikin snjó. Þar var mjög óskemtilegt eins og þú getur nærri. Jeg var altof sjóveik, en merkilegt er það að mjer batnaði alveg á sjónum, svo jeg er alveg frísk nú sem stendur.

Mjer var tekið hjer svo fjarska vel, og jeg finn að jeg er hjer velkomin. Stórt og mikið hús og nóg af öllu. Jeg drekk öl og mjólk, svo það er útlit fyrir að jeg fitni. Ekki hefur mjer leiðst neitt. Jeg var svo heppin að sjá Seyðisfjörð, í glaða sólskini og blálogni, og þá er hjer fallett. Hjer fiskað heldur vel, og er hjer biggilegt. Hjer er altaf fult af skipum, sem fara til Englands og Hafnar. Jeg er nýbúin að skrifa bræðrunum. Það er hægara að koma brjefum hjedan, en úr Reykjavík. Ekki hef jeg komið til Kristjáns Hallgrímssonar en, en jeg fer þangað á morgun eða úr því. Ekki hef jeg heldur komið á Vestdalseyri en þá, en fer þangað bráðum til kirkju.

Jeg sef í stóru herbergi og lítil stúlka inni hjá mjer. Það á að setja upp ofn svo að jeg hafi nógan hita. Það vill alt fyrir mig gjöra, svo mjer geti liðið vel. Jeg má víst til að vera hjer í vetur. Sigga vill endilega að jeg verði líka eitthvað hjá sjer en ekki er jeg hrædd um að jeg þurfi að kosta mikið til, til að komast til Hafnar.

Ætti jeg ekki við tækifæri, að senda pakkana til Mensa til Hafnar? Viltu gjöra svo vel og borga til Björns Kristjánss 7 kr. 29 aura. Þegar þú ert búin að selja það sem jeg átti heima. Það er fyrir skó sem hann lánaði mjer. Hefur þú keypt þjer flibba? Með næsta pósti skal jeg senda þjer brjósthlíf, þú átt enga almennilega.

Jeg vona að þjer líði vel. Ekki má jeg opt hugsa heim. Jeg þoli það ekki. Þú ættir ef þú getur að selja húsið það fyrsta og aldrei að leigja það því þá berst það út hvað slæmt það er. Það er nóg ef þú færð 18 hundruð fyrir það. Það er ekki að búast við meir. Þú manst eptir ef þú getur að láta Ingólf fá stígvjel, þú þarft líka að fá þjer ein. Jeg ætla í vor að láta þig fá bugsur ef jeg get utan yfir að segja. Þú ættir að reyna að kaupa þjer nærbugsur. Jeg fór með þær sem þú keyptir þjer í millunarskirtu. Jeg sauma það og sendi þjer það líka í vor. Þú hefur nóg þangað til. Þú manst að kaupa þjer 3 flibba. Þú þarft þessa no. 19. Þeir fást hjá Breiðfjörð.

Heilsaðu kærlega Önnu Pjeturs. Jeg skrifa henni næst. Heilsaðu líka biskupinum og Friðrikku, og Ingibjörgu og öllum sem kveðju mína vilja. Jeg hlakka til að fá brjef frá þjer. Guð gefi að jeg fái góðar frjettir. Jeg kvíði svo fyrir að það verði ekki. Nú hætti jeg, og bið góðan Guð að annast minn gamla föður. Þín elskandi dóttir, Guðrún.

Þú skrifar mig Jónsdóttur á Búðareyri. Pabbi segðu Önnu hans Pjeturs að jeg muni eptir því sem jeg hefi lofað henni, hún skal fá það.

Seyðisfirði, 8/11 1890

Elsku faðir

Jeg má til að skrifa þjer fáar línur, þó ekki hafi jeg fengið neinar frjettir af ykkur að sunnan en, því jeg er nú búin að vera hjer í rjettan mánuð. Mjer líður ágætlega vel, en fundið hef jeg til minna veikinda þó ekki mikið, og nú er jeg frísk.

Aldrei hefur mjer leiðst en ótrúlega langur hefur þessi mánuður verið. Jeg hlakka og þó kvíði, að fá brjef. Jeg er svo hrædd að ykkur líði ekki vel en jeg vona að guð gefi að það sje ekki tilfellið.

Það er ánægjulegt að mjer líður betur en þjer líður. Systurnar vilja alt fyrir mig gjöra. Jeg hef heitt og gott herbergi þar. Ekki að gjöra nema það sem jeg vil. Jeg hef komið víða hjer og allir taka mjer svo undur vel. Jeg kom til Sigurðar, sonar Jóns á Gautlöndum. Hann sagðist þekkja þig svo vel. Ekki hef jeg en talað við Kristján Hallgrímsson. Jeg ætla til kirkju á morgun ef veður leifir.

Hjer má heita góð tíð. Í dag er rigning, en stilt veður. Hjer er annars opt logn, optar en í Reykjavík. Á sunnudaginn var þá var skírt barnið þeirra Ásdísar [og Carls Wathne]. Hún heitir Dagný. Það var boðið 20 manns, dansað til kl. 2. Annað kveld erum við öll boðin til norska kaupmanns, sem hjer er. Þá er nú ekki talað annað en norska. Hún er töluvert öðruvísi en danska.

Hjer fiskast vel og er róið á hverjum degi. Á sunnudaginn var, var mjög vont veður. Scheving var sóktur í Húsavík (ekki norður) til konu í barnsnaud. Hann fór heimanað kl. 1 um daginn en fór aldrei nema að Dvergasteini um kveldið. Fór samt á stað morguninn eptir, en þá kom boð á móti honum að hún væri dáin. Hún dó frá 8 börnum. Allir segja að það hafi verið slóðaskapur, að komast ekki þangað áður en hún dó. Annars er hann ekki mjög illa liðin hjer. Einhver síra Stefán, uppgjafaprestur er nýdái. Hjer ganga mikil veikindi alstaðar. Það kom maður úr Reidarfirði í gær hingað, og sagði það sama þar, og margir dánir. Og 10 lík sagði hann standa upp í Fáskrúðsfirði.

Jeg held að jeg hafi ekki meiri frjettir. Jeg ætla að biðja þig að bera Helgu og Árna kæra kveðju mína. Jeg skrifa eingum fyrir en jeg er búin að fá brjef, að sunnan. Ó þessar póstgaungur á Íslandi, þær eru aumar. Er ekki fljótara að senda Guðnýju brjef. Öðru vísi en [til Reykja]víkur fyrst? Von er senn á Gufuskipti frá Höfn á hverjum degi og þá fæ jeg brjef þaðan. Heilsaðu öllum sem eptir mjer spyrja. Líði þjer svo eins vel og best fær beðið þín elskandi dóttir, Gunna.

Góði pabbi, þú brúkar náttúrlega flibba á hverjum degi og gengur ekki í ljóta frakkanum. Þjer er óhætt að brúka hann. Það verður eitthvað til þegar hann er búin. Systurnar biðja að heilsa. Þín elskandi dóttir Gunna.

Seyðisfirði, 1/12 1890

Kjæri faðir!

Bestu þakkir fyrir brjef. Mjer var nokkuð mikið farið að leiðast að fá ekkert brjef. Jeg hef skrifað tvö fyrir utan þettað. Mjer líður svo vel sem unt er frá manna hálfu. Hjer eru [allir] jafngóðir við mig, og jeg áður hef sagt, en altaf er jeg hálfasin, en aldrei hef jeg legið, og er það sjálfsagt af þeirri góðu meðferð sem jeg hef, og altaf nógan hita nótt og dag.

Hjeda er fátt að frjetta, og þó má ýmislegt til tína. Hjer er að heita nú góð tíð en umhleyplingasöm, sem á Suðurlandi væri og hæðst frost 5 gráður, og stutt í einu,

og snjólaust hjer en. En fiskilítið er hjer, en nóg eru kol og aðrar nauðsynjar. Hjer kom gufuskip um dagin, en ekki fjekk jeg brjef, en jeg frjetti að öllum liði vel. Með því komu þessar óttalegu frjettir um Móris.¹ Jeg hef lesið um það alt í blöðunum. guð hjálpi fólkinu hans og honum. þú segir mjer hvernig því varð við í Reykjavík. þettað sama skip kemur aptur fyrir jól, og þá fæ jeg brjef vona jeg, og ætlar Wathne að fara með því. Hann ætlar víst að fara að fá sjer gufuskip.

Hjer er fjelag eitt sem er að tala um að fara að gefa út blað og verður það víst í vor sem það byrjar. †msileg nöfn hafa verið gefin, en jeg held að „Garðar“ verði hlutskarpast en ekki er það víst. þeir vilja helst kaupa nýja prentvél því sú gamla er lítt brúkandi. Hverjir eiga að verða ritstjórar er ekki alveg ákveðið en helst er Scheving nemdur. Hann hefur ekki mikið að gjöra, því hann situr oftast heima, konan sleppir honum ekki út.

Hjer á að vera stórt át, og ball á laugardaginn í þessum klúbb sem hjer er. Við förum öll þángað ef jeg verð frísk, eithvert klammarí er hjer með síra Björn en jeg veit ekki greinilega um það, og vil því ekki með fara. Fleiri frjettir man jeg nú ekki. Slæmt er að Björn sókti ekki um Dalasýslu en hann um það.²

Pabbi ef þú selur familie journal, fyrir mig, ætla jeg að biðja þig að leita vel í bókunum. það getur vel verið að jeg hafi stungið inn í þær brjefum. þú bara brennir þaug. Nú man jeg ekki meir. Jeg bið kærlega að heilsa öllum þarna í kríng. Líði þjer eins vel og best fær beðið, þín elskandi dóttir Guðrún.

Rjett núna heirði jeg nákvæmar um blaðið. Það á að heita „Víkíngur“ og það á að fá Skapta Jósepsson fyrir ritstjóra, en það veit jeg ekki hvert allir meiga vita. Hús á að byggjast, og á að vera prentsmiðja og fyrir nýstofnaðan sparibanka. Wathne leggur víst ríflega sinn part í alt þettað, ef til vill mest, þín sama Gunna.

Kæri pabbi og Ingólfur

Gott og gleðilegt nýtt ár, eiga þessar línur að færa ykkur báðum. Jeg hef svo lítið að skrifa að jeg hef ekki nóg í tvö brjef svo þið eigið þettað báðir. Jeg hef verið mjög lasin, en er nú töluvert betri. Jeg lá fyrir jólin, en ekki uppá það versta, en annars líður mjer svo vel sem unt er. Bara ykkur líði eins vel.

Jeg þakka fyrir brjefin frá Höfn. Jeg fjekk þaug á Porláksmessu, en engin af landspóstum kom hingað svo það er í landi? að Finsen verði klagaður, fyrir það. þeir eru óttalega reiðir hjer út af því. Á aðfangadag jóla kom hjer gufuskip frá Noregi. Jeg fjekk brjef með því, skrifað þann 5 des. Öllum leið vel þá. Annað skip kom hjer á gamlársdag en með því fjekk jeg ekkert. það koma ekki svona skipin hjá ykkur. Annað skipið fór aptur sunnudaginn milli jóla og nýárs, með því fóru báðir bræðurnir, hjeðan Wathne til að skip, en Carl til að kaupa vörur. Það er

1 Mórítz Friðriksson var kærður fyrir að stunda ólöglegar fóstureyðingar í Kaupmannahöfn.

2 Hér er átt við Björn Stefánsson, mág Guðrúnar. Björn og Guðný, systir Guðrúnar, gengu í hjónaband árið 1890.

von á þeim í miðjum mars aptur, en hitt skipið fer aptur helgina. Þórarinn Guðmundsson ætlar með því og fleiri.

Hjer er sú einmuna tíð altaf logn og frostleysir, auð jörð. Bara maður hefði sól, en hún sjest ekki frá því í miðjan nóvember, þartil í miðjan febrúar. Þess sakna jeg mest af öllu að sjá hana aldrei. Fiskilítið er hjer.

Jeg fjeck margt fallett í jólagjafir. Jeg fór ekkert um jólin en hjer var opt [gestkvæmt]. Jólatrje var hjer á fyrsta dag jóla, á gamlársdag var jólaboð hjá Sigríði og var jeg þar.

Ásdís hefur verið fjarska veik, svo við hugðum hún mundi deia á hverri stundu, en hún er mikið betri og lítið eitt farinn að fara á fætur, og verður víst langt þar til hún verður jafngóð. Það eru einhverrar afleiðingar af barnsburði. Scheving reindist heldur vel. Hann var hjer yfir henni heila nótt, svo lagðist jeg líka, svo þá var ekki gaman, hjerna þá dagana. En svo gott sem jeg á hjer getur eingin trúað. Ekki gat jeg farið til kirkju um hátíðirnar. Jeg saknaði kveldsaungsins. Jeg las í Helgabók á hverjum degi helgum. Mjer þykir vænt um að eiga hana.

Ekki hef jeg nú lengi heirt talað um prentsmiðjuna, en það er víst ekki búii en. Nú er Wathne að hugsa um að leggja telifone milli Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar, uppá sinn eigin reikning í vor er kemur. Jeg held ekki að fólk sje hjer vel samtaka heldur en víða annarstaðar. Eitthvert nýtt stríð er á milli prestsins og safnaðarins, en jeg veit það ekkert greinilega, og vil því ekkert um það skrifa. Hann er víst stríður og stífur, og söfnuðurinn ekki betri.

Jeg hlakka til að fá brjef frá ykkur. Guð gefi jeg fengi góðar frjettir. Jeg er svo hrædd. Hvað fór gamli Halldór [Friðriksson] að gjöra til Hafnar. Jeg hef [heyr] að hann hefði farið. Jeg held ekki að hann gjöri mikið í þessu með Mórítz. Jeg bið kærlega að heilsa Hólmsfríði, Helgu í húsið, og til biskupsins og yfir höfuð öllum sem kveðju mína vilja. Þið skrifið mjer þegar þið getið. Mjer þykir svo vænt um að fá brjef. Í þeirri von að þettað ár verði ykkur heilla og blessunarríkt, enda jeg þessa línur því jeg hef engu við að bæta. Líði ykkur eins vel og óskað fær ykkar Guðrún.

Systurnar biðja að heilsa.

Seyðisfirði, 2/2 1891

Kæri faðir!

Bestu þakkir fyrir þín laungu og frjetta miklu brjef, og einnig fyrir Reykvíking sem er það einasta númer sem hefur komið á Seyðisfjörð, og hefur því gengið rúnt, sem maður segjir. Jeg hef líka sjeð öll blöðin. Jeg er svo alveg hissa að þeir skuli geta látið svona út af ekki meiri tilefni, og ekki meiri persónum, en hjer um ræðir. En svona eru nú þessir svonefndu höfðingjar. Þeir eru verri en sauðsvartur almúgin. Hann mundi skamast sín fyrir, að eiga orðastað við Jón bala.

Jeg hef þettað brjef ekki langt, því það kemur ekki fyrr eða neitt, en [gufuskipið] Thyra, í næsta mánuði. Hjer er altaf sama öndvegis tíð, ekki neinn fiskur lítill síld.

Jeg er heldur vel frísk nú sem stendur, en finn altaf til, þoli lítið að fara út, og er því optast heima. Ásdís er heldur að batna, hún er samt ekki farin að klæðast en. Enginn almennileg tíðindi. Við eigum von á þeim [Wathne] bræðrum heim á hverjum degi, og verður þá líflegra hjer, en hefur verið í vetur. Ekki veit jeg hvenær jeg fer hjeðan fyrir en Wathne kemur.

Opt hef jeg hugsað til þín í vetur. Blessaður reindu að komast til síra Eggerts, ef Mensi fær Eyjafjarðarsýslu, þá vilt þú víst vera þar hjá honum? Umfram alt að reina að selja húsið sem fyrst. Vænt þækti mjer um að ef þú ekki seljir grænu kómóðuna eða skattholið þitt, og yfir höfuð ekki það sem þú ert búin að eiga leingst. Ef þú ekki ferð úr Reykjavík, þá selur þú hvorki stólana nje sófan og ekki borðið uppá loptinu því þú þarft að hafa það svo og vaxdúkinn af gólfinu og teppið. Það getur þú líka hapt og spegilin. Það er hvort sem er ekkert með í því hvar er hnakkurinn hans Mensa. Hann átti líka reiðsokka? Út á hjúalopti. Brúsan átti Guðrún frænka þín sem var hjá [] Ekki skalt þú sína Önnu þó hún biðji þig, hún er svo yfirgangssöm. Því fyrirgefur þó jeg sje að minna þig á þettað alt. Jeg gjöri það svo þú gleimir því ekki.

Nú er mjer farið að leiðast að frjetta ekkert frá Höfn síðan í desember. Heilsaðu kærlega öllum sem kveðju mína vilja. Líði þjer eins vel og best fær beðið þín elskandi dóttir, Guðrún.

XXII. Lifað fyrir sjálfan sig

Dvöl Guðrúnar á Seyðisfirði var ekki eintóm sæla. Samviskubitið nagaði hana í fyrstu. Þegar leið á veturinn notaði hún ólund og eigingirni Jóns Borgfirðings til að létta á samviskunni og réttlæta fyrir sjálfri sér og Finni veru sína fyrir austan. Þegar öllu var á botninn hvolfst hafði henni, þrátt fyrir erfíð veikindi, sjaldan eða aldrei liðið betur. Á Seyðisfirði dvaldi hún á heimili fólks sem mat verðleika hennar og bauð hana velkomna í heim borgarastéttar þrátt fyrir að fjárhagsleg staða Guðrúnar greindi hana frá hópnum.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1890-1891¹

Seiðisfyrði 12/10 1890

Elsku Finnur!

Þú verður víst hissa þegar þú sjerð þessa yfirskript. en nú þakka jeg þjer tvö eða þrjú góð brjef, sem jeg ekki hef svarað, sömuleiðis peningana, sem þú sendir mjer

1 NkS 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

Í sumar, jeg hef aldrei skrifað því það hefur viljað svo illa til að jeg hef altaf verið veik, þegar skipin hafa verið á ferðinni, jæa jeg verð þá að segja frá hjerkomu minni, Gunna bauð mjer að vera hjer í vetur, Wathne sendi nl. gufuskip suður um daginn og með því skrifaði hún að jeg skildi nú bara koma. skipið stóð við einn dag í Reykjavík en jeg var svo heppin að Guðný og Björn voru nýkomin, og þaug drifu mig á stað, annars hefði jeg aldrei haft dáð, til að drífa mig að stað. jeg hef skrifað Mensa um alt heima og átt þú að vita það hjá honum. jeg get ekki tekið það upp aptur, það er óþarfi, jeg vona að guð gefi, að Pabba líði vel í vetur og jeg þurfi ekki að hafa samvisku af að fara frá honum, en jeg get ekki haldið það út leingur, en jeg er hálfóróleg yfir því, en hann hefur nóga penínga handa sjer, hann þarf ekki svo mikið, finst þjer það vera órjett af mjer að fara?

Jeg er óhrædd, um Ingólf, honum líður eins vel og hann hefði verið heima, það er jeg viss um, hann og þeir voru nú heldur ólukkullegir yfir að missa mig, en það gengur nú yfir, vona jeg, þókti þjer ekki fallega gjört af Gunnu að bjóða mjer að vera? jeg kom hjer í fyrradag, og hef verið svo heppin að það er svo inndælt, veður, svo jeg fæ svo gott inntrykt af Seiðisfyrdi, hjer er inndælt hús og nóg af öllu, þaug tóku mjer svo vel hjónin að það er ómögulegt að gjöra það betra. jeg hef herbergi fyrir mig. þar á að setja upp ofn. svo þar verði heitt í vetur. jeg á ekkert að gjöra, bara að hvíla mig segir Gunna. þess þarf jeg nú reindar með, jeg held að mjer leiðist ekkert. jeg veit að þú verður glaður yfir að mjer líður vel í vetur því mjer leið ekki vel árið sem leið. bara Björn fái sýslu þá væri jeg ánægð, um Klemens er jeg ekki hrædd. hann fær altaf eitthvað.

Guðný er vel ánægð í hjónabandinu, Björn er bara einstaklega vænn maður, þú getur bara ekki trúað hvað góður og umhyggjusamur hann hefur verið við mig og okkur, hann hefur sagt að jeg skildi bara láta sig vita ef mig vantaði penínga, hann skildi hjálpa mjer það sem hann gæti og þegar jeg fór gaf hann mjer 50 kr. svona er hann góður við mig, jeg þurfti náttúrliga ekki að kosta ferðina hínaga en jeg þarf að fá mjer tau, því jeg hef ekkert getað keipt mjer síðastliðin ár, jeg bjó svo vel um Pabba og Ingólf sem jeg gat, Ingólfur fjeck 50 kr. hjá Breiðfjörð og fyrir það keypti jeg handa honum það sem hann þurfti með, til næsta árs af fötum, svo það er alt í góðu lagi, þar verður hann svo næsta sumar, þeim líkaði svo undur vel við hann. blessaður dreingurinn, hann er allra besta barn að öllu leiti. jeg ætla að biðja þig að skrifa honum við og við, það gleður hann svo mikið.

Jæa svo er þá okkar heimili búið að vera. Það er ekki von að það hafi, gengið betur, það hefur verið sómasamlegt. í gær var jeg hjá Siggju, hún á efnileg börn og sínist hafa það fjarska gott. Gunna biður kærlega að heilsa ykkur. sömuleiðis bið jeg innilega að heilsa Emmu og þínum litla Jón. viltu gjöra svo vel og hjálpa mjer um ein hnappagataskæri. þaug ættu ekki að kosta meir en 1. kr, þú verður að fyrirgefa þó að þettað brjef sje leiðinlegt. jeg er með sjósótt en þá. líði þjer og ykkur betur en beðið fær þín elskandi systir Gunna.

Heirðu góði Finnur, jeg má til að kvabba dálítið á þjer en þá, jeg þarf sjálfsagt að gefa hjer eitthvað svolítið í jólagjafir en hef ekkert af því jeg mátti ekkert vera

að hugsa áður en jeg fór. mig lángr að biðja þig eða rjettar sagt Emmu, að útvega mjer áteiknað klæði á tvo Toelettpúða eins eða líkt klæði og er á Þorbjargar en hafa rósirnar ekki vandasar og silki til að sauma þá með og svo 1. al af silkitaui sem gæti passað með en því miður get jeg ekki sent penínga af því jeg kann ekki að senda þá hjeðan, en þú gjörir mjer með reikning fyrir því. fyrirgefðu þinni elskandi systur Gunnu.

Seyðisfirði 28/12 1890

Elsku góði Finnur minn!

Jeg er þá svo skálfhent að jeg held jeg geti ekki skrifað, en það er víst bara fyrst. á Þorláksmessu fjekk jeg brjef þitt, og sendínguna, yfir land. og þakka jeg þjer það innilega og sömuleiðis Emmu. mjer líkað það ágætlega svo á aðfángadaginn, kom hjer gufuskip frá Noregi, og með því fjekk jeg brjef frá Mensa. svo þú getur nærri að jeg er glöð yfir, að vera svona nýbúin að frjetta frá ykkur. jeg fjekk líka brjef frá Ingólfi með póstinum, og leið þeim vel. mjer heirist þú vera hálfóánægður, með að Ingólfur, fór úr húsinu, frá pabba en það er ekki rjett, hjá þjer, en ef þú þektir alt, þá undraðist þú ekki yfir því, fyrst vissi jeg nú ekki hvort hann pabbi mundi verða í húsinu í vetur, því hann þóktist ætla að selja það þegar minst varði, og það gjörir hann, og ef pabbi fer úr því um mitt ár, þá var Ingólfur vegalaus því jeg segji þjer satt, pabba veitist nóg að hugsa um sig, og er heldur ekki svo ákaflega mikið fyrir að hugsa um aðra.

Mjer fanst því sjálf sagt, að Ingólfur gæti haft fast heimili, hann þarf að hafa gott, hann er vanur við það, og er líka mikið barn í öllu, pabbi er t.d. aldrei heima og þá hefði litla greið, átt að vera einn alt kveldið, nei jeg held að það sje ekki rángt, að hafa það svona, nú fer víst pabbi til Mensa þegar hann fær embætti hjer á landi, nú segjir frá mjer, mjer líður svo vel, sem hægt er, jeg er borin á höndum af öllum, en jeg er altaf slæm, jeg lá mjög veik fyrir Jól, en fór á fætur á Þorláksmessu og er lánt frá góð en, jeg hef varla komið út um jólin, en er bærileg innanum húsið, það er bággt að vera svona, en það dugar ekki að tala um það.

Jeg fjekk brjef frá Guðnýu nokkru fyrir jól, henni líður vel að öllu nema að Björn hefur ekkert að gjöra, og ílla og svívirðilega var það gjört af Páli Bríem, að rægja Björn svo að hann varð ekki settur, því það gjörði hann, bæði við amtmann, og Landshöfðínga, til að koma Sigurði að, jeg hef aldrei trúað að Páll væri eitt í dag og annað á morgun, og margt fleira sem fólk hefur sagt um hann fyrr en nú, því jeg veit að það er satt, jeg líð ekki svo lítið í öllu tiliti ef Björn ekki fær sýslu, fyrst hvað jeg tek mjer það nærri þeirra vegna og svo var Björn búinn að lofa mjer að hjálpa til, til að sigla svo jeg gæti ef mögulegt er að fá bót á þessu. en það verður nú ekki. ef alt, fer eins og áhorfist, en það getur nú breist til batnaðar. og þá lætur hann mig víst fá penínga, því hann er mjer svo dæmalaust velviljaður.

Ásdýs, varð svo veik um daginn að við hugðum henni ekki líf. en er að komast á fætur aptur, það voru einhverjar afleiðingar eptir fæðínguna. ljótt er að heira með Maríus, við vorum búin að lesa það alt í blöðum, það er náttúrlégt, og gott, þegar

upp komast svona glapir, en sárt má það vera fyrir þeim, þú ættir ef þú getur að senda hjónunum hjer mynd af ykkur. jeg [bið] að heilsa innilega frá því öllu. Carl Wathne fór í dag til Noregs. en Wathne sjálfur eptir nýár, Wathne ætlar að fara til að fá gufubát, sem á að ganga milli landa, nú hætti jeg og óska þjer, og þínu húsi gott og gleðilegt nýtt ár og alla góða hluti, þín elskandi systir Gunna.

Seyðisfirði 23/3 1891

Elsku góði bróðir!

Nú skrifa jeg þjer nokkrar línur með Waggensem fer beina leið eða því sem næst til Hafnar, hún kom hjer þann 18. og báðir bræðurnir með henni, það væri góð ferð að komast með til Hafnar en það kemur víst fyrir aptur seinna að hún fari sömu leið, Wathne hefur fraktað hana fyrir sumarið, jeg fjekk brjef þitt yfir land, þann 17. þ.m. sem kom í jan. Það gengur ekki fljótt. jeg þakka þjer það kærlega, það var mjer mjög kærkomið, jeg varð orðin leið að hafa ekkert frjett af ykkur síðan, fyrst í des. stundum hefur mjer dálítið leiðst, en ekki mikið, hjer er ekki skemtilegt á veturna.

Ásdýs hefur líka altaf legið, og er nú nýfarin að fara á fætur, jeg var allan janúar mjög veik, en ekki lá jeg, jeg sit bara þar sem jeg er komin, og get hvorki talað eða neitt gjört, bara berjast við að ná andanum, það er þreitandi að hafa þettað við að stríða, jeg var svo aptur betri allan febrúar, en nú það sem af er mars, hef jeg aptur verið nokkuð slæm en er nú að batna aptur, en aldrei skal jeg gleima hvað Guðrún er og hefur verið mjer góð í vetur, maður finnur það svo vel, þegar maður stendur einmana fjarri öllum sínum og þar að auki vesæll, mjer hefur gjört það mjög órótt í vetur að hugsa til pabba, jeg er hrædd um að honum hafi leiðst, en jeg sje líka að jeg hefði aldrei haldið það út í vetur, að vera heima, ef við sjáumst einhverntíma, skal jeg segja þjer það alt nákvæmar hvernig alt var lagað heima, það var ekkert gaman orðið að vera þar. Ingólfi getur ekki liðið betur, hann er iðin og stiltur skrifar Kristín mjer, vænt þókti mjer um að Björn fjekk Dalasýslu, hún er að mínu álitu mjög heppilega valin handa honum, og ekki er Guðný óánægð að fara þangað, það er öðru nær.

Björn er að bjóða pabba að koma til sín í vor, en ekki held jeg að pabbi vilji þiggja það, enda held jeg að pabbi kunni aldrei við sig í sveit, líka held jeg að honum sje mikið betra að vera hjá vandalausum, honum finst víst að við viljum hafa einhver not af honum. og það er honum ekki um, annars skipti jeg mjer als ekki af hvað hann gjörir, hann er fær en til þess, en ef þú skrifar honum nokkuð þessu viðvíkjandi þá blessaður segðu honum að selja húsið, það versnar altaf, en ef hann getur selt það núna, eins og það er, þá er hann skuldlaus. og það kalla jeg gott.

Hann var að segja mjer í vetur að síra Eggert Bríem mundi flitja til Reykjavíkur í vor, og ljet þá sem sig lángaði mest til að komast til hans, það væri nú náttúrulega ágætt ef það gæti lukkast. ef jeg fæ heilsuna aptur þá vildi jeg víst alt til vinna að hafa pabba svo honum gæti liðið vel. mig lángrar mjög til að komast til Hafnar

Í sumar að reina ef jeg gæti einhverja bót fengið, því ef jeg fæ hana, er jeg upp á eingan komin, en eins og jeg hef verið síðast liðið ár, get jeg als ekki unnið fyrir mjer, svo jeg verð að vera einhverra handbendi, og er það þúngt, ekki eldri en jeg er, Guðný hefur boðið mjer að vera hjá sjer, þettað er orðið mikið rugl en þú verður að fyrirgefa, hjeðan eru svo lítil tíðindi, Carl Wathne gaf mjer þegar hann kom, inndælt armband. og Ottó Wathne slíps og ógn fallett herðasjal, svona er það alt gott við mig, jeg á að heilsa ykkur kærlega frá því öllu saman, jeg bið að heilsa Emmu og Jóni innilega, hann er víst orðinn mikill maður? líði þjer og ykkur betur en óskað fær þín elskandi systir Guðrún.

Seyðisfirði 28/4 1891

Elsku bróðir!

Gott og gleðilegt sumar upp á íslensku, jeg þakka þjer fyrir brjefið, mjer þókti vænt um að ykkur líður vel, en slæmt þykir mjer að vita að þú skulir vera svo ílla staddur í efnalegu tilliti, jeg veit vel hvað er að hafa búsaýggjur, leiðinlegt þykir mjer ef Ingólfur þarf að hætta skólanámi, ekki fyrir það, að jeg álfí það þann eina veg til að geta orðið nýtur maður, heldur ykkar vegna ef þið allir 3 getið ekki hjálpað honum í þessi þrjú ár sem hann átti eptir, þegar jeg fór frá, bara hann gæti orðið stúdent, þá er mjer nóg, jeg hjelt annars að Mensi hefði í fyrra talað um það við þig að þú legðir til með Ingólfi, að þriðja parti, jeg bað hann um það og jeg man ekki betur en hann segðist hafa gjört, það, en kanske jeg hafi misskilið þettað að jeg talað meir um þetta við Mensa en það kom til af því, að jeg vissi að hann var kunnugri heima síðast, en þú og hjelt því að hann betur gæti útlistað það munnlega hver þörf var á því að hætta búskap.

Þú manst að það er nóg, að vita að pabbi hefur ekki full 3 hundruð í laun, og jeg dauðheilsulaus, í alveg ónítu húsi, sem þirfti mikla viðgjörð ef það átti að vera lifandi í því, jeg get því ekki neitað að brjefið þitt í haust gjörði mig mjög leiða því mjer fanst þú heldur ásaka mig fyrir alt ráðlagið með Ingólf, og þettað brjef kom mjer heldur ekki betur, enda var jeg við rúmið þegar það kom, auðvitað þarf Benedikt að fá sína penínga fyrir dreinginn, Björn lofaði mjer að borga sinn 3ja part og svo eru hinir tveir eptir, og þá verðið þið Klemens að hafa einhver ráð með að borga, en svo verður þú strags í sumar að gjöra einhverja ráðstöfun með Ingólf, það verðið þið líka að gjöra. Um Pabba er ekki að tala, til þessa hluta því hann hefur nóg að hugsa um sig, hann hefur nægilega penínga fyrir sig og getur verið eins og hann vill, og það er líka best, hann verður víst aldrei ánægður hvar sem hann er. mjer finst við öll megum vera glöð yfir að hann er sjálfstæður fyrir sig svo leingi sem hann lifir, alt svo er það að bara Ingólfur sem um er að tala, en verra og meiri birði hefði getað legið á ykkur ef Pabbi til dæmis hefði gipt sig aptur, og safnað ómegð því ekki hefði hann staðið fremur straum af því, en þessum eina dreing, og þó ekkert eigi jeg þakklæti skilið fyrir veru mína hjá honum síðan mamma dó, þá á jeg það þó skilið fyrir

þettað, því það segji jeg þjer satt, að hann hefði víst gípt sig ef jeg hefði ekki verið heima, og ef til vill, hvorki til gagns eða sóma sjer og sínum.

Um mig þurfið þið ekkert að hugsa, jeg skal ekki verða neinu af mínum systkinum þúng byrði ef jeg held áfram að versna, svona lifi jeg vona jeg ekki í mörg ár, en þá, enda er jeg vel ánægð, með það, þettað er eingin ímindunarveiki sem eldist af mjer, jeg má nú fyrst og fremst vera hjer svo leingi sem jeg vil, og svo gott sem jeg á hjer hef jeg aldrei átt, og kem víst aldrei til að eiga, það veit ekki hvað gott það á að vera við mig, það er alt eins.

Svo þegar jeg fer hjeðan þá hefur Ólöf Hallgrímsdóttir beðið mig að vera hjá sjer, svo jeg er als ekki í neinum vandræðum fyrst um sinn þó jeg lifi, þjer þykir jeg ef til vill nokkuð berorð í þessu brjefi, en annað hvort er betra að þegja alveg eða þá tala hreint út, þú mátt ekki hugsa að jeg sje reið, nei jeg er als ekki reið, jeg er bara ólukkuleg, yfir þessu öllu saman, ef Mensi fær Akureyri fer pabbi kannske til hans, jeg er altaf slæm, það er hvort um sig að frjettir eru eingar, enda heirir það ekki til þessu brjefi að klína neinu í það, þú lætur eldinn geima það, þegar þú ert búinn að lesa það, það biður alt að heilsa ykkur kærlega, jeg bið að heilsa Emmu og Jóni, líði þjer og ykkur eins vel og best fær beðið þín elskandi systir Guðrún.

Seyðisifirði 12/7 1891

Kæri bróðir!

Jeg skrifaði þjer ekki um daginn með „Thyru,, af því jeg hjelt þú værir í Þýskalandi, en nú vona jeg að þú verðir kominn heim, þegar Laura kemur, jeg þakka þjer mjög vel fyrir þitt góða tilboð, að mega vera hjá þjer á meðan jeg er að vita uppá víst hvert jeg get fengið lækningu á veiki minni, þykir mjer náttúrlega fjarska vænt um, en þúngt er að vera svona mikið uppá aðra komin, því jeg veit að þú átt víst mjög bágnt með það, svo eruð þið náttúrlega hrædd við að taka mig svona veika, en jeg verð að segja ykkur, að það þurfið þið ekki að vera því þó jeg segji sjálf þá er jeg alls ekki neitt slæm viðureignar þó jeg sje veik, lundin breittist ekkert við það.

Eg ligg heldur ekki rúmföst, mjög leingi í einu, þegar jeg hef köstin vil jeg helst sitja í einhverjum krók, sem eingin sjer mig, jeg get ekkert talað hvort sem er, en á milli kastanna finn jeg als ekkert til, jeg hafði langt á milli núna síðast 6 vikur, svo fjekk jeg auman sunnudag en var, töluvert slæmt kast, en svo vildi vel til að hjer lá enskt skip. Þar með var þýskur læknir nafnfrægur, dr. Blasius, Wathne fór um borð og sókti hann til mín, hann skoðaði mig í krók og kríng, sagði að það væri als ekki hættulegt en slæmt viðureignar, en sagði að það mætti mikið bæta það, ef jeg væri undir læknishendi, sem kunni með að fara, og ef til vill gjört það alveg gott, hann var hissa, hvað vel jeg bæri svona þreitandi veiki.

Jeg fjekk meðöl og bættu þaug mikið úr því köstin og nú er jeg bærileg, jeg kem í sumar með einhverju skipi frá Wathne, líklega yfir Noreg, en uppá víst veit jeg ekki hvenær það verður, það er ódýrara fyrir mig en með póstskipinu, jeg á noga penínga, til að fara með þeim, ekki skal jeg níðast á þjer meir en jeg þarf, Klemens

hefur lofað að hjálpa mjer, og Björn líka, svo jeg vona að það verði ekki beinlínis peningaútgift fyrir þig, opt óska jeg að jeg fái heldur að deia, heldur að þurfa að vera svona öðrum til þyngsla, því einginn maður getur trúað hvað jeg á bágð með að lifa því lífi. Mjer líður hjer alt jafnvel, það er hverjum degi öðru betri við mig, heilsaðu Emmu, frá mjer kærlega, mjer þykir allraverst ef hún kvíðir mjög mikið fyrir að jeg kem, heilsaðu einnig Villa, jeg skrifa honum ekki núna, kistu litla Jón, góði Finnur þú ættir endilega ef þú getur að senda hjónunum hjerna mind af ykkur, þaug lángrar svo ógn til þess, þú verður að fyrirgefa þettað leiða brjef og ekki kvíða alt of mikið fyrir mjer, jeg á að heilsa ykkur mjög vel frá hvorutvegga, hjónunum hjer, guð gefi að jeg megi sjá þig glaðan og frískan elsku bróðir, líði þjer betur en óskað fær þín elskandi systir Guðrún.

XXIII. Veikindi setja strik í reikninginn

Í nóvember árið 1891 sigldi Guðrún frá Seyðisfirði til Kaupmannahafnar. Tilgangurinn var að leita lækninga við langvarandi veikindum hennar. Guðrún dvaldist í Kaupmannahöfn í nærri tvö og hálfð ár. Á þessu tímabili skrifaði hún Jóni Borgfirðingi föður sínum átján bréf. Það sem einkennir öðru fremur skrif hennar á þessu tímabili er hversu slæm áhrif veikindin hafa á sjálfsmynd hennar og framtíðarsýn. Hún virðist hafa verið á barmi örvæntingar þegar hún skrifaði: „Það er aumt að vera ómagi, og síst hjelt jeg að það mundi verða, svona mikill garmur. Aldrei batnar mjer almennilega fyrr en jeg hef eitthvað hjá sjálfri mjer, svona get jeg ekki lifað.“

Guðrún harmaði hlutskipti sitt, ekki aðeins vegna sjúkdómsins sem gerði henni lífið leitt, heldur einnig hversu háð hún var bræðrum sínum, þeim Klemensi og Finni, og fjölskyldum þeirra. Eftir komuna til Kaupmannahafnar bjó Guðrún hjá Klemensi og Þorbjörgu konu hans en flutti til Finns sumarið 1892 og dvaldi á heimili hans í tvö ár. Bréf Guðrúnar varpa ljósi á samskipti þeirra systkina og samhjálp fjölskyldunnar á erfiðum tímum auk þess sem skrif þessi eru ómetanleg heimild um samband föður og dóttur.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1892-1894¹

Kaupmannahöfn, 16/1 1892

Kjæri faðir!

Gott og gleðilegt nýtt ár óska jeg þjer. Nú er þó hjer komið, hvað sem hínagað er að sækja. Jeg kom hjer 28 nóvember. Ferðin gekk vel. Jeg var lítið sjóveik. Finni

1 ÍB 96 fol. b – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings.

þókti held jeg vænt um þegar jeg kom. Jeg kom við í Norveje, Stavanger og líka í Arnedal, og þókti mjer það sviplíkt og heima.

Þegar jeg var búin að vera hjer í 3 daga fjekk jeg þessa fjandans Influenzu sem hjer geisar eins og pest. Fyrst lá jeg hálfan mánuð heima, og svo var jeg flutt á spítala og þar lá jeg mjög þungt haldin, þar til á Nýársdag, þá fór jeg heim. Þú getur nærri að það hafa ekki verið skemtileg Jól. Mig lánkar ekki til að lifa þaug upp aptur. Það stendur á sama hvað veik jeg verð, jeg tóri altaf. Ekki hef jeg haft astma síðan jeg kom. Jeg hef talað við tvo lækna og halda þeir að jeg muni geta batnað. Nú á að fara að gjöra við nefið þegar jeg er orðin vel frísk.

Jeg fór fyrst út í fyrradag, svo nú er jeg að heita vel frísk og hugsaði til þín um jólin. Jeg vona að þjer hafi liðið vel. Jeg ætlaði að senda þjer brjósthlíf og smávegis, en jeg hef ekkert getað gjört, svo þú verður að eiga það til næstu ferðar, ef jeg verð frískari þá. Hvergi hef jeg komið. Jeg ætla nú einhvern þann fyrsta dag til frú Inger. Jeg sá daginn eptir jeg kom Sigríði Jónassen. Líka hef jeg sjeð Maríu Finsen. Villi er orðin ansi bústinn. Ekki hef jeg sjeð Halldór okkar, en Finnur vinnur ósköpin öll.

Jón litli er mjög skemtilegur dreingur en heldur er hann veiklulegur. Að sjá hann er held jeg líkari í móður en föðurætt, og tel jeg það ílla farið. Við erum góðir vinir. Hann segist ætla til Íslands að heimsækja Bestefader. Dönsku talar hann en allvel skilur hann íslensku. Hvort hann er greindur veit jeg ekki.

Anna litla er mesta efnisbarn, greind og skemtileg. Hún líkist í báðar ættir. Hún gæti vel verið á 3ja ári svo stór er hún. Þú veist það að Klemens hefur boðið Villa að vera hjá sjer að vetri svo hann spari sjer eitt ár hjer. Það er vel gjört af honum. Ekki veit jeg upp á víst hvenær Þorbjörg fer heim. Þorbjörg hefur verið mjer svo einstaklega góð, eins og reindar allir. Það kom alt til mín á meðan jeg lá á spítalanum, jeg meina alt mitt fólk.

Þú verður að fyrirgefa þó þú fáir ekki langt brjef frá mjer. Jeg er ekki vel styrk til að skrifa. Það er auma þessi influensa. Það er eins og manni ætli aldrei að geta batnað, eða fá mátt aptur. Það er fjöldi fólks sem hefur dáíð hjer úr henni.

Við biðjum Guðmund Ottesen fyrir þakka. Það á að fara til Klemensar, og nokkurt til Björns, því skiptir þú í sundur. Og sá matur á að fara á náttúrulega að vera eitt og eitt pund. Það er Parletikkur, og lánkur pappakassi. Þú ættir ef þú getur að láta hann sjálfur niður, annars væri best að láta hann innaní eitthvað af Parletikku. Líka ætla jeg að biðja þig að sjá um það sem vestur á að fara.

Þorbjörg og Anna litla biðja kærlega að heilsa þjer. Hún kemur til að tala íslensku, því hún heirir varla annað.

Ekki er jeg komin á kjól en, en jeg er á útbúningi með það. Þá ætla jeg að senda þjer mind af mjer, svo þú sjáir mig, þú átt annars enga af mjer. Nú hætti jeg. Hjer er altaf besta tíð, aldrei frost. Jeg bið að heilsa gömlu Ingibjörgu. Líði þjer svo eins og best fær óskað þín elskandi dóttir, Guðrún.

Jeg hef þjer að þakka ósköp mörg brjef og Reykvíking, sem jeg alt hef fengið.

Kæri faðir!

Bestu þakkir fyrir brjef þitt. Það gladdi mig ekki lítið að heira að þjer leið vel um jólin. Jeg hugsaði víst til þín á jólanóttina, þar sem jeg lá á spítalanum. Jeg vil ekki lifa annað eins.

Jeg hef verið frísk síðan og er það óvanalega langt á milli kastana. Hjer er líka að heita smá sól og sumar altaf. Já það er munur en fjandans kuldin heima, sem alveg ætlaði að klára mig. Ekki er jeg búin að láta gjöra við nefið en. Jeg dreg það altaf, en nú læt jeg það varla dragast mjög lengi.

Frjettir hef jeg ekki margar. Ekki er jeg komin til Finns aptur. Þorbjörg vill ekki gjarnan missa mig strags en nú fer jeg að fara aptur til hans.

Jeg vildi bara þú sæir hvað Anna litla er skemtileg. Hún er svo stór að hún gæti vel verið 3ggja ára, og svo er hún svo skrítin og skynsöm, ógn dugleg verður hún, og það á hún ekki langt að sækja.

Þú sjerð af þessu að mjer líður mikið vel. Allir eru mjer góðir og þess þarf jeg líka með. Nú er jeg pabbi minn komin á kjól, og ættir þú nú að sjá dóttur þína. Ekki hef jeg efni á að láta taka mind, af mjer því nú eru ekki mikil peníngaráð hjá mjer.

Jeg sendi þjer brjefhlíf og mátt þú taka viljan fyrir verkið. Það er svo lítið að það er varla til að senda en efni hljóta að ráða. Jeg bið þig að senda Guðnýju það sem jeg skrifa utaná til hennar. Helga hans Ólafs á að taka við pilsinu. Jeg bið annaðhvort Guðmund Ísleifsson eða Björn Kristjáns fyrir þakkan.

Jeg hef komið til frú Inger. Hún er sú sama inndæl og góð sem hún æfinlega hefur verið. Ekki hef jeg sjeð Halldór okkar. Hann kemur aldrei í Íslendingafjelag, en Albert hvað hann lesa, og ekki drekka mjög mikið. Yfir höfuð er hjer regla á flestum yngri mönnum. Jeg hef 2svar verið í Íslendingafjelagi og er þar mikið fjör og líf. Jeg hef skemt mjer þar vel. Villi skrifar þjer gjarnan um það alt. Hann er komin í stjórnina.

Wathne sendi skip í gær heim til Akureyrar og sentum við Mensa brjefin með því. Annað skip fer bráðum frá Höfn heim. Þorbjörg fer líklegast heim 5. maí. Systir Wathne er nýtrúlofuð mjög ríkum grossera og ætla þaug að halda brúðkaup í Apríl og fer jeg líklast til í þá veislu, þó jeg viti það nú ekki.

Bara þettað brjef megí hitta þig heilan á húfi. Heilsaðu kærlega frá mjer Imbu gömlu og öllum sem kveðju mína vilja. Líðið þjer svo vel sem best fær óskað þín elskandi dóttir, Guðrún.

Þorbjörg biður innilega að heilsa þjer og Anna litla afa sínum, segir mamma hennar. Hún þykist skilja hana. Átti mamma sál einga bók sem Anna gæti fengið eptir hana. Hún er sú fyrsta Anna og þessvegna verður þú að hafa mikið við hana. Þín Gunna.

Kæri faðir!

Ekki missir sá sem fyrst fær, jeg þakka þjer kærlega brjefið síðast, en ekki geld jeg líku líkt, að skrifa frjettir því nú er jeg ekki frísk, og skrifa jeg því fáar línur, bara til að þú sjáir að jeg sje lifandi, ekki ætlar þettað að yfirgefa mig þessi veikni meina jeg, nei núna hef jeg verið slæm í hálfan mánuð, en er nú að batna, aptur en leingi verður það varla, jeg er líka orðin alveg kjarklaus, svo jeg vona að jeg egi ekki mörg ár á baki, það er líka það eina sem jeg gleð mig við, að lifa heilsulaus og alveg upp á aðra komin, það er eimdarlíf, í það minnsta fyrir mig, ekki svo að skilja að jeg egi ekki gott hjer, jú þaug eru bæði góð við mig, en hvað um gildir, maður veit að hver hefur nóg með sig, og það hefur Finnur sannarlega, það náttúrlega verður betra núna þegar hann fær þessa launaviðbót, en það er líka heimtað meir af svo háttstandandi manni en hverjum öðrum.

Jón litli er allra besti dreingur einstaklega hjartagóður, en hvert hann verður eins duglegur og faðir hans skal jeg ekki spá, neinu, einungis vildi jeg óska að hann yrði þeim til ánægu, þeim þykir svo undur vænt um hann, en Anna litla það er kvenmansefni af betra tagi, hún er ágæt, ekki fríð, en víst afbragðs vel gáfuð, og svo skemtileg, þjer þækti víst gaman að sjá hvað hún getur verið skritin, Jóni litla þykir svo undur vænt um hana. Jón talar dönsku en skilur mikið í íslensku, en það lítið sem Anna talar þó er það bæði danska og íslenska, og hvor skilur hún jafnt, þann 12 Apríl gipti systir Wathne sig, eins og þú getur nærri var mjer boðið, en sú gamla Asmha sagði stopp, þann dag var jeg í rúminu, það var ofmikil ánæja fyrir mig, náttúrlega, það hefði verið mjög skemtilegt brúðkaup. fólk úr öllum áttum 80 mans, með gunnu hefði verið að vera með.

Jeg má ekki koma út fyrir dyr núna jeg veit ekki hvað leingi, enda þó veðrið sje eins og í Júlí heima á Íslandi reindar hefur í nokkra daga verið dálítið kaldara, en samt er nú indælt sóleyan fyrir laungu skínandi gular, heilsaðu kærlega Imbu gömlu, og jeg vildi gjarnan biðja þig að finna Friðrikku gömlu, og með hægum orðum biðja hana að sjá til að sú sem keipti kjólin vildi borga hann, helst sem fyrst, jeg skildi ekki gánga eptir þessu ef jeg ætti það sjálf, Þorbjörg og Anna biðja kærlega að heilsa þjer, meir hef jeg ekki í þettað sinn líði þjer eins og best fær óskað þín elskandi dóttir Guðrún?

Í dag er 20 apríl og síðasti vetrardagur, svo það er alveg eins og fyrir 10 árum síðan þegar mín ástkæra móðir var jarðsett, margt hefur skeð síðan, en við höfum þó öll ástæðu til að vera glöð yfir þeim, eingin burtkallast á þeim tíma og er reindar meir en maður getur vænst eptir í svo stóri fameliu og okkar er orðin, gott og gleðilegt sumar óska jeg þjer kæri faðir, heilsaðu kærlega Hólmsfríði og Helgu, jeg get ekki skrifað þeim, mjer er fyrirboðið að skrifa núna, en í dag er jeg allhress, líði þjer eins vel og óskað fær þín dóttir.

Elsku pabbi og Ingólfur

Jeg þakka ykkur kærlega fyrir ykkar góðu brjef síðast. Jeg skrifa ykkur báðum sama brjefið. Jeg hef ekki held jeg efni í fleiri. Jeg er líka skjálfhent í dag, en þó bærileg. Betri en jeg hef verið um tíma, því nú hef jeg veri lasin síðan í Mars. Ekki nein stór köst, en mjög þreitt. Að öðru leiti líður mjer vel, og altaf hef jeg von að mjer skáni. Maður hefur leifi til að vona. Að það fari eptir óskum er annað mál.

Hjer er regluleg sumarblíða. Fjarska heitt og indælt, og þá hefur heldur en ekki verið viðhöfn hjer vegna Gullbrullupsins. Öll þaug stórmenni sem eru hjer. það er ekki fátt og sú dýrð og það skraut um allan bæin. Jeg hef aldrei ímyndað það svo stórkostlega fallett sem það var. Jeg sá allan skaran þegar það kom frá kirkju þann 26. og var það fallett hópur. Kóngur og drottning litu ekki út fyrir að vera eldri en 50 ára, svo mikið gjörði ánægjan þaug yngri. Þið ættuð að fá dönsku blöðin og lesa um það alt, það borgar sig. Það er ómögulegt að skrifa það. Jeg hef opt sjeð alt þettað fólk, og er það gaman. Jeg hjelt ekki að prinsinn af Wales væri eins mannlegur maður og hann er.

Á sunnudaginn var höfðu þeir Falketag. það voru 117 fánar og fleiri þúsundir manna. Það var 3 þ kl. tími að fara fram hjá manni. Það þókti mjer gaman að sjá. Íslendingur bar Fálkan, og dönsk flögg sitt hverju megin við. Þeir voru bara altof fáir. Finnur var ekki með, því það var hans fæðingardagur. Við óskuðum að þið væruð komnir, en það er oflángt á milli.

Í tilefni af Gullbrúðkaupinu náðaði Kóngur Mórítz, með þeim kosti að hann færi af landi burt og kæmi aldrei aptur, en eina viku má hann vera hjer í bænum, og er hún útrunnin á morgun. Þá fer hann áleiðis til Qvíbek, Kanada. Konan fer ekki með honum núna, en strags og hann getur veitt henni móttöku fer hún. Finnur á mestan þátt í að hann er laus, og náttúrlega konan hans, og það er hennar og barnanna vegna að hann er laus. Það hafa mjög fáir meðaumkun með honum.

Ekki er Þorbjörg farin en hún fer þann 30. Júní. Villi fer með Wathne skipi líka um það leiti. Hann fær víst frítt far, og er það gott. Anna litla hefur verið lasin, en er orðin frísk. Þær biðja að heilsa ykkur. Jeg bið kærlega að heilsa Benedikt og Kristínu. Það er leiðinlegt ef Ingólfur fær nú ekkert að gjöra í sumar, en það var viðbúið, fyrst hann missti þettað hjá Breiðfjörð, sem var mjög leiðinlegt. það er ekki nema að grípa þessháttar upp. Jeg bið að heilsa Imbu gömlu, Hólmfríði kærlega. Hún getur nú skrifað mjer, það er svo langt síðan hún hefur gjört það. Jeg skal heilsa Bestefader segjir Jón litli. Hann er góður drengur. Nú hef jeg held jeg ekki meir. Jeg vildi óska að Friðrikka gæti borgað kjólin. Það ætti hún að geta. Nú eru bráðum 2 ár síðan hún fjekk hann, en hægt skalt þú fara í það pabbi. Líði ykkur eins vel og best fær óskað ykkar elskandi, Gunna.

Engetoftvej 8, 11/7 1892

Kæri faðir!

Kæra þökk fyrir brjef þitt með Lauru, sokkana, alt kom það að góðum skilum. Eins og vant er birja jeg á að tala um mig. Mjer hefur liðið betur með heilsuna núna í viku. Jeg var altaf slæm frá því í Mars, ekki eins og heima, því jeg fjekk aldrei þessi stóru köst.

Emma fjekk uppspurt, einhvern ágætis læknir sem á að vera og til hans dreif hún mig. Það er eldri maður sem bara gjörir það að gamni sínu að hjálpa þeim sem koma til hans, annars er hann hættur við alt. Hann spurði mig mjög nákvæmlega, og sagði svo að með guðshjálp vonaði hann, að geta hjálpað mjer til fulls. Það sagði hann að jeg gæti ekki vonast eptir, þar til væri sjúkdómurinn of gamall, en svo mikið vildi hann gjöra, að lángt liði á milli kastanna. Og svo strags og þau kæmu mætti eyða þeim með því meðali sem hann ráðlagði. Það er nokkurskonar duft, tvenslags mixtúru á jeg að brúka. Önnur þeirra á að vera við sjúkdóminum, en hin á að gefa mjer kraptana. Hann var hissa hvað jeg var vel byggð, og sagði jeg mundi vera hörð, og mundi hvert margir Íslendingar væru líkir mjer. Svo á jeg að hafa ýmsa varkárni með mig, og reglur sem jeg á að fylgja.

Jeg vona nú að guð gefi að þettað verði mjer til góðs, svo jeg geti aptur farið að vinna fyrir mjer. Það er aumt að vera ómagi, og síst hjelt jeg að það mundi verða, svona mikill garmur. Aldrei batnar mjer almennilega fyrr en jeg hef eitthvað hjá sjálfri mjer, svona get jeg ekki lifað. Það er satt máltæki að sælla er að gefa en þygga, ekki af því að jeg á hjer mjög gott. Emma er mjer makalaust góð og okkur kemur vel saman. Finn tala jeg ekki um. Hann er mesta ljúfmenni. Svo jeg ætti að vera ánægð og er það líka, að því leiti sem þaug áhrærir. Það er bara leiðinlegt að liggja eingaungu uppá honum. Þú lætur hann ekki heira að jeg skrifa þettað, það er rugl.

Nú er Villi farin, það eru 14 dagar síðan. Hann fór með Vágler. Jeg vona að honum hafi gengið vel. Þorbjörg og blessuð Anna fóru þann 7. Júlí. Nú eru þær vona jeg í Englandi. Bara að blessuð litla Anna ekki hafi orðið sjóveik. Hún hjelt ósköp uppá mig. Hún vissi ekki hvað góð hún átti að vera við mig, en næst sem jeg sje hana verður hún víst búin að gleyma mjer, ef það annars verður nokkurntíma. Næsta vetur verð jeg hjer hjá Finni, hvað sem leingur verður, veit jeg ekki. Það er nógur tímin að kvíða því sem þá við tekur.

Nú er kalt sumar hjer, rjett eins og það væri heima á Íslandi, stormur og rigningar og þrumur, en líka gott á milli. Ekki hef jeg sjeð Halldór okkar, enn þó hann hefði nú gjarna getað heilsað uppá mig. Ekki var jeg honum svo slæm, en hann er eins og aðrir, að það er gleimt þá gleipt er. Hvernig gengur hjá Benedikt á Akranesi? Ætlar sú gamla vestur? Ansi er hún dugleg.

Jón litli biður að heilsa Bestefader. Hann er altaf að tala um að fara til Íslands. Það er reglulega góður dreingur. Jeg bið að heilsa Imbu gömlu, Önnu Pjeturs og endilega biðja þig að fara til Hólmsfríðar og þakka Fríðu fyrir brjefið, hún skal fá

næst, og segja þeim hvernig mjer líður. Helgu skrifa jeg ef jeg get. Nú hef jeg ekki meir. Líði þjer svo eins vel og óskað fær þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kjöbenhavn 6/11 1892

Elsku faðir minn!

Kærlega þakka jeg þjer fyrir þitt góða brjef. Það gleður mig að þjer líður þó ekki ver en þettað. Það er ekki að búast við verra. Jeg er altaf frísk núna og vona jeg að það verði áframhald á því. Jeg ætla ekki að lofa miklu. Ef jeg fæ heilsu, hvort jeg skal liggja á líði mínu, með að vinna fyrir mjer.

Ég hitti í gærkveldi í Íslendingafjelagi Ola Finsen. Hann er eins og hann var, góður dreingur. Hann sagði mjer frá þjer. Það er svo gaman þegar maður hefir einhvern sem hefur nýlega sjeð ykkur. Ásmundur Sveinsson kom til Finns um daginn, og vildi fá hann til að gánga í ábyrgð fyrir sig, svo hann gæti fengið peningalán, en það gerði Finnur ekki. Hann gat það ekki. Það er víst sama baslið á honum. Bara hann lendi ekki á latragarðinum.

Pabbi, jeg sendi þjer dálítið af fötum. Þaug eru reindar ekki ný, en þú getur brúkað þaug samt. Dökka frakkan á sunnudögum og úti, en þann gráa heima, og á Pósthúsið. Bláu bugsunar hvern dag, og þær svörtu á Sunnudögum. Það er það versta, að það þarf víst að stytta þær, en jeg fjekk þær svo seint að það er ekki tími til þess. Þettað er af Finni. Jeg hef stytt þær bláu. Finni þókti lítilfjörlegt að senda þjer þettað, en það eru góð föt, og þú þarft þeirra víst með. Ekki skalt þú spara þaug um of, þú skalt fá fleiri seinna.

Pakkan til Þorbjargar ætla jeg að biðja þig um að búa vel út. Það er brothætt, ef hann verður of stór þá skiptir þú honum eða lætur pelan í Paletiken. Þá verður hitt ekki meir en pund. Best væri að láta hann í langan pappakassa og stoppa vel. Jeg á eingan. Þettað verður þú góði pabbi að gjöra fyrir mig að um framm alt senda það með fyrstu ferð, og sömuleiðis pakkan til Guðnýjar. Hann er nú ekki stór.

Nú nálgast jólin og óska jeg að guð gefi þjer þaug góð og gleðileg. Klemens orðin þingmaður. Hann ætlar ekki að verða gamall maður, áður en hann finnr sig á þing. Einginn hefur hugsað þettað, eða líkt, þegar við riðum burt af Akureyri að Klemens mundi koma þangað aptur sem valdsmaður, og þá ekki eptir fleiri árafjölda. Jeg er nú ekkert glöð yfir þessu, að hann er þingmaður, því úngir embættismenn meiga ekki segja meiningu sína en Klemens er gætin maður svo það hjálpar. Jæja það er nú alt gott og blessað, og síst að mjer komi það við.

Hjer er góð tíð. Ekki erum við farin að sjá snjó hjer. Jón litli er lasin af kvefi, en ekki mikið. Leiðinlegt er að Ingólfur fjekk ekki meir en skitnar 50 kr. Hver á skuld í því? Nú hef jeg ekki meir. Þú manst að búa vel um pakkan. Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja svo slæ jeg botnin og bið guð að varðveita þig. Þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kæri faðir!

Guð gefi að þettað nýbirjaða ár verði þjer blessunarríkt. Þakka þjer fyrir öll þín brjef á hinu liðna ári. Sömmuleiðis fyrir þitt síðasta lánga og frjettatróða sem jeg get því miður ekki endurgoldið, því jeg er svo frjettalaus, nema af sjálfri mjer. Hver er líka sjálfum sjer næstur.

Mjer líður nú líka heldur vel núna. Síðan um jól hef jeg verið nokkurnveginn frísk, en til jóla frá því í október aldrei vel, en ekki heldur mjög slæm. Svo jeg má víst vera ánægð með hið liðna ár. Jeg hef ekki í mörg mörg ár verið eins vel frísk. Bara það verði áframhald á því, skal jeg víst vera þakklát, enda veitir mjer ekki af því, að hafa heilsu þegar jeg stend ein, og þarf að vinna fyrir mjer, því ekki ætlast jeg til að systkini mín hafi mig að handbendi leingur, en þarf. það er vel gjört af þeim að hjálpa mjer, til að reina að fá heilsu. Þaug hafa víst eins og aðrir nóg hvert fyrir sig, en ekki meir. það er ekki gaman að vera orðin alveg kjarklaus, það er ekki glæsileg framtíð, og þó ekki svo gömul að jeg geti hugsað að stutt sje eptir. Nei jeg hef opt óskað að jeg hefði verið karlmaður. Nóga hæfilegleika hafði jeg, en þeir verða að eingu. Það er öðruvísi framtíð sem bræðurnir hafa að líta fram á. En tilhvers er að tala um þettað. Eingin getur ráðið bót á meini þessu. Það verður hver sína götu að gánga. Jeg hef ekki verið betra verð.

Jólin liðu eins og aðrir dagar. Smá jólagjafir. Jeg hugsaði til þín þá daga og óskaði þjer þaug góð. Rjett fyrir jólin komu Wathnes hjónin og þóktu mjer heldur vænt um. Jeg kem þar opt, en aldrei nógu opt eða þeim þykir. Þaug eru mjer sannir vinir. þeir eru sjaldgæfir svo góðir.

Gott var að þú gast brúkað fötin. Jeg vona þú sparir þaug ekki. Jeg sendi þjer líklega bugsur núna. þú ættir þá heldur að brúka þær í vetur en geima þær bláu til í sumar. þær eru þinnri, en þessar. Góði farðu nú í þessi fót, þá veit jeg þú gengur vel til fara. Frakkan ættir þú nú kanske að geima til í sumar. Jakkin er góður í vetur.

Aldrei sje jeg Halldór. Hann er ekki tryggur, aldrei að heilsa upp á mig. Honum var jeg þó ekki slæm. Jeg sje Óla Finsen ætíð í Íslendingafjelagi. Hann er altaf sá sami alúðlegur og góður unglíngur og hann hefur alltaf verið. Maður getur ekki sagt það um alla sem maður hefur þekt heima. þeir breittast þegar þeir koma híngeað, þá halda þeir sjeu stórir menn þó þeir sjeu ekki meiri en Narfi var hjá Sigurði Pjeturssyni.

Mjer þykir Guðný ætla að halda áfram. þaug voru óheppin að birja í búskap í svo vondu ári, en það lagast nú kanske. Hjer er ákaflega kalt síðan um jól, altaf frost, 8 gráður. Það þykir nú kalt hjer, og er það líka. það er eins og 12 til 17 heima eða mjer finst. Jeg kem ekki út fyrir dyr. Jeg fæ það ekki fyrir Finni. Hann er svo hræddur um að mjer verði kalt.

Fyrirgefðu þettað brjef. Það er leiðinlegt, eins og jeg er sjálf. Guð gefi þjer alt gott mikið betur en beðið fær þín elskandi dóttir, Gunna.

Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja.

Góði Pabbi nú er komin sá 26. Mjer líður vel, minni kuldi. Á morgun sendir Wathne á stað með pósti. Íslendingar meiga vera honum þakklátir.

Pann 17. Laura frosin inni. 15 gráðu frost í dag. Ekki þorum við annað en senda brjefin samt. Þín Gunna.

Kaupmannahöfn 4/3 1893

Kæri faðir!

Þó jeg sje ekki búin að fá brjef með Våglen birja jeg á að skrifa þjer. Jeg vona jeg verði búin að fá brjefin áður en jeg þarf að loka því. Våglen kom til Stavanger á Miðvikudagskvöld, svo við vonumst eptir brjefunum á Mánudag. Laura á að fara hvenær sem hún kemst út. Það verður nú víst einhvern daginn. Nú er orðið íslaust. Þettað hefur verið aumi veturinn.

Ósköp þókti okkur vænt um að fá brjefið, frá 14. Jan. Það kom víst um miðjan febrúar. Skaltu hafa bestu þakkir fyrir það. Jeg hef altaf verið veik síðan jeg skrifaði síðast. Jeg hef legið en er nú á fótum en langt frá að vera frísk. Nei, jeg þarf víst aldrei að vona eptir að fá heilsuna fram, í þessu brjefi, en um það er náttúrlega ekki til neins að tala, en þúngt og þreitandi er það á unga aldri.

Frjettir hef jeg ekki margar. Í Íslendingafjelag hef jeg ekki komið í síðan fyrir Jól. Þegar jeg er vesöl, á jeg eins og þú veist, svo bágnt með að ganga, en hjeðan er hálf-tíma gangur inn í bæ. Jeg kem, þegar jeg get til Wathne. Þaug eru mjer altaf jafn góð. Þaug vita ekki hvað þaug, eiga fyrir mig að gjöra. Væri jeg ekki veik, gæti jeg haft marga ánægjustund. Hjer hjá Finni á jeg einsog þú veist, svo undur gott. Hvar sem jeg kem er fólk mjer svo gott og alúðlegt, en einskins get jeg notið.

Klemens sendi mjer penínga í haust, sem jeg hef haft fyrir meðöl og þess sem jeg hef þurft með. Var það vel gjört af honum, annars hefði jeg ekki verið vel stödd. Jeg var alveg búin með það sem jeg átti, líka búin að selja saumamaskínuna mína, og tvö sjöl. Það þarf ekki lítið til fyrir meðöl og föt. Jeg þarf náttúrlega að vera vel klædd. Ekki hef jeg ráð á að láta taka mynd af mjer. Kanske jeg geti það seinna. Ekki þarf jeg að syna mig af því að mjer hafi farið fram. Nei, þvert á móti.

Líklegast verð jeg hjer næsta ár, en svo hugsu jeg til að sjá gamla Ísland aptur, þó jeg ekkert heimili eyji, eða viti hvar það ætti að vera. Það er einhvern ósjálfráð þrá heim. Auðvitað hef jeg ekkert að gjöra heim, jeg þoli ekki að vinna, altaf minka kraftar, kjarkur og þolgæði.

Hjer var óttalegur eldsvoði um dagin, um það er alt að lesa í blöðunum. Ekki sá jeg það, það var svo kalt jeg þorði ekki út. Jeg hefði aldrei trúað að hjer gæti orðið svona óttalega kalt, kuldin er mikið bitrari en heima. Hjer er líka altof kvast, eins og í Reykjavík. Hjer er alþakið af snjó en þá, og er það ómögulegt hjer.

Aldrei sje jeg Halldór. Hann er eins og allir aðrir að gleimt er þá gleypt er. Aldrei var jeg honum slæm. Hann hvað lesa, ekki mjög mikill óreglumaður. Heilsaðu kærlega til Helgu og Hólmsfríðar, og öllum sem kveðju mína vilja. Vertu svo best kvaddur af þinni elskandi dóttur, Gunnu.

Kæri Faðir!

Hafðu bestu þakkir fyrir brjef þitt með Lauru. Óskaplega þókti mjer leiðinlegt að frjetta að þú hafðir meitt þig. Bara að þú sjert nú orðin góður aptur. Þjer bregður við að liggja. Þú ert ekki vanur því, það er líka leiðinlegt. Vel verði þeim sem voru þjer góðir á meðan á því stóð.

Það er leiðinlegt að Dagbjört skildi deija. Það var skaði að henni. Hver fer til Egils aptur? Mjer líður heldur ekki vel. Jeg er altaf lasin, en jeg er nú orðin vön við það. Það verður víst aldrei öðru vísi, en það er nú. Jeg fæ ekki stór köst en er altaf jafn lasin. Samt er jeg heldur betri núna í tvo þrjá daga. Nú er líka farið að hlýna í veðri, enda var mál til komið.

Jeg fjekk penínga sem þú ávísaðir. Það verður gaman fyrir þig að sjá bræðurnar í sumar. Heldur þú ekki að þú farir norður með Klemensi aptur.¹ Ef þú gjörir það, skalt þú ekki flytja þig alfarin úr Vík, fyrr en þú veist hvernig þú kant við þig á Akureyri. Það er nátturlega margt umbreitt síðan þú varst þar, en gaman væri fyrir þig að vera þar ef þú getur unað þar.

Ekki kemur Finnur heim í sumar, enda þó hann lángi. Hann hefur ekki ráð til þess. Hann vill ekki fara heim nema hann geti haft konuna og sonin með og kemur það til að kosta nokkuð, en hann hefur sókt um ferðapenínga til Noregs, og er ekki vonlaus um að fá þá. Ef það verður fara þaug öll þángað, og verða í burtu 2-3 mánuði. Hvar jeg verð eða hvað jeg tek fyrir, þegar þaug fara, veit jeg alls ekki. Það fer einhvervegin. Lifa verð jeg, einhverju lífi.

Sigfús hefur komið hjer einu sinni. Hann sagði hann hefði ekki verið heima hjá þjer áður en hann fór, og þókti mjer það skrítið. Hann ljjet vel fyrir búskap bróður síns Björns, og gladdi það mig.

Þú spurðir mig í síðasta brjefi þínu, hvert nokkuð væri varið í leikrit Finsens. Nei ekki svo det. Það var gaman að því. Það er á íslensku. Var heldur vel leikið. Aldrei sje jeg Halldór. Jeg hef heirt að Friðrik og Haraldur komi heim í sumar að gamni sínu. Svona er að vera Biskup, þeir hafa skildíngaráð. Hefur Páll Bríem gjört nokkuð axarskapt núna nýlega? Jeg hef heirt það eitthvert slúður en jeg veit ekki hvað það er. Sorglegt var að Guðrún Bríem skyldi deya svo úng. Hún hafði margt til síns ágætis, en öll höfum við einhvern brest. Svo var þú tækir þjer nærri að missa síra Eggert [Bríem] en það var ekki von að hann hjeldi út að fá lungna-bólgu, eins og hann drakk. Hann hafði þegið of mikið til að fara svo illa. Hefur ekkjan nokkuð til að lifa af?

Blessaður reintu að sjá til að Ingólfur lesi vel til prófs, því þó hann aldrei nema hætti við að stúdera ætti hann að fá fyrsta karakter. Jeg skil ekki í að hann er svo

1 Klemens varð sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu árið 1891. Klemens var einn á Akureyri fyrstu mánuðina en sumarið 1892 fluttu Þorbjörg eiginkona hans og Anna dóttir þeirra til Akureyrar. Vilhjálmur, bróðir Klemensar, var einnig hjá þeim á Akureyri veturinn 1892-1893.

neðarlega. Jeg hjelt hann væri þó vel greindur. Allir segja hann lesi vel en eitthvað er að. Jæja það gjörir nú ekki til. Jeg gjöri mjer ekki sorg útaf því. Bara jeg veit að hann er óspiltur únglingur þá er mjer nóg.

Nú hef jeg ekki meir. Guð gefi að línur þessar hitti þig frískan. Gott og gleðilegt sumar. Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja. Líði þjer svo eins vel og óskað fær þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kaupmannahöfn, 12/7 1893

Kæri Faðir!

Bestu þakkir fyrir brjef þitt. Þú hefur verið hræddur um að jeg mundi deija, eða muni deija þá og þegar. Svei, það er nú ekki svo vel. Það fer einhver þarfari úr mannfjelaginu, á undan mjer. Einginn ræður sjálfur sínum skapardægum, en ósköp var jeg veik um daginn. Jeg misti ráð og rænu, svo þú getur næri að jeg hef ekki hugsað mikið skynsam, þá dagana. Jeg er náttúrlega fyrir laungu komin á fætur, en er mjög lasin, altaf andarþrengsli, nótt sem dag. Get varla komið út, í þettað indæla veður sem er hjer, dags daglega. Þettað fer að verða þreitandi líf. Nú er jeg búin að vera veik í 16 ár. Jeg vil ekki lifa þaug upp aptur. Jeg má ekki hugsa til ef jeg á að lifa svona í önnur 16 ár til. Það versta er að vera svona alveg upp á aðra komin. Það get jeg ekki borið. Það má til að verða einhver breiting á því, ef jeg á að halda það út en til þess sje jeg eingin ráð. Hjer verð jeg næsta vetur. Finnur vill það, svo fer jeg heim að vori. Klemens hefur boðið mjer að koma, en hann hefur nóg á sinni könnu, og svo er hver fyrir sig.

Vel hefur Klemens og þaug hjer reinst Villa. Það er ekki lítil hjálp fyrir hann þettað, að vera heima hálf ár. Nú ætti hann að geta klárað sig að ári. Hvað sem nú Ingólfur gjörir. Mjer fynst ekkert gjöra til þó hann hætti og snúi sjer að verslun. Hann getur orðið nýtur maður í mannfjelaginu í þeirri stöðu ekki síður en hverri annari. Það er orðið alt of margt af þessum lærðu mönnum. Þeir fá ekkert embætti, ekkert er til. Jæja hvað sem er um það, þá er best að hann ráði sjálfur hvað hann gjörir. Þá hefur eingin neitt að ásaka sig fyrir.

Finnur, kona og sonur eru í Noregi að skemta sjer. Þaug fóru þann 20. Júní. Jeg hef opt fengið brjef frá þeim. Þeim líður ágætlega, indælasta veður altaf. Finnur er í sjöunda himni yfir að vera í Noregi. Hann skrifar sjálfsagt þaðan til ykkar. Það má nota það að ferðast svona. Jeg skildi heldur ekki hafa á móti, því að fara til Ítalíu, en mjer verður víst aldrei boðið upp á það, er jeg hrædd um.

Hjer eru þeir dæmalausustu þurrkar. Ekki regn síðan í Apríl, sem kallast getur, ógurlegur hiti. Samt gjet jeg ekki verið frísk. Ekki þarft þú að halda að Hafnarlífið hafi breitt mjer. Jeg get varla vitað af að jeg lifi í Höfn, svo lítið kemur hún við mig eða jeg við hana. Það sem heldur mjer hjer fastri, er að jeg hef einhverja veika von, að mjer muni skána, fremur hjer en heima, en þettað er bara vitleisa.

Nú er Wathne og Guðrún farin heim. Jeg sakna þeirra fjarska mikið. Þaug eru mjer svo góð, altaf jafn indæl. Komi Wathne til Reykjavíkur og þú átt tal við hann,

að þú þakkir honum fyrir mig. Það má ekki minna vera, eins og hann hefur reinst mjer. Þettað er leiðinlegt brjef en það er ekki við betra að búast frá mjer. Jeg er sjálf svo illa upplögð.

Slæmt er með Gunnu á Hól, en þettað vorkenni jeg henni ekki, að hún er óánægð með manninn. Það átti hún að sjá strags, og ekki giptast bara til að verða ekki piparmey. Það hefur það gott af.

Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja, sérstaklega Hólmsfríðunum báðum. Jeg þakka þeim fyrir sendíngar og biddu þær að segja hvað mikið jeg skuldi Ólafi. Jeg sendi slipsin. Þau eiga að ganga upp í hin, svo hætti jeg og bið góðan guð að annast þig. Þess óskar þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kaupmannahöfn 21/8 1893

Kæri Faðir!

Bestu þakkir fyrir þitt góða brjef. Það gleður mig að þú ert altaf vel frískur, bara jeg gæti sagt það sama en það er ekki þeim Birni að heilsa. Jeg er altaf lasin, reindrar var jeg bærilæg í eitthvað 3 vikur, en nú er jeg slæm aptur, svo ekki verður mikið um brjefaskriftir. Jeg þoli ekki svo vel að skrifa þegar jeg er lasin.

Nú sendi jeg slipsið. Jeg vona að Helgu líki það. Það er hæðst móðins. Jeg hefi fyrir laungu keypt það og sent, ef jeg hefði haft ráð á því. Jeg get ef til vill einhvern tíma glatt Helgu fyrir hvað góð hún hefur verið þjer. Gætir þú ekki fengið leigt út í Norska húsi? Jeg er viss um að Helga yrði þjer notaleg, en þjer þykir það kannske of langt frá bænum, og það er það nú reindrar. Umfram alt reindu að komast til góðs fólks, undir því er alt komið. Hver er í vesturendum hjá frú Hansen?

Leitt þókti mjer að Ingólfur fjekk ekki nema aðra einkunn, en um það tjáir ekki að tala. Jeg vona að hann komist að á Akureyri. Ekki lángrar mig að hann komist á Seiðisfjörð. Þar er margt gott fólk, líka margt misjafnt, en hann er barn að aldri og í öllu. Það fer alt einhvern vegin.

Nú eru hjónin komin heim fyrir rúmri viku og þókti mjer vænt um. Heldur hefur mjer leiðst á meðan þaug voru í burtu. Hjer er líka heldur leiðinlegt á sumrin, allir úti á landi sem geta. Gamla frú Herazeck var úti á landi í heilan mánuð. Jeg var úti hjá henni í 3 daga. Veðrið var indælt og jeg skemti mjer vel.

Tivoli hjelt 50 ára afmæli, núna og var mikið um dýrðir. Jeg var þar inni eitt kveld, og skemti mjer vel. Það kvöld voru þar inni 15000, þar mátti sjá mann. Aldrei sje jeg Halldór. Jeg veit í hvaða götu og númeri hann býr, svo fór jeg einu sinni og ætlaði að færa honum mat til að geta sagt þjer af honum. Jeg fann húsið, fór upp allar tröppur, en þú mátt ekki halda að hann hafi nafnið sitt á dyrunum, svo ómögulegt var mjer að finna hann. Svo jeg fór sneipt aptur.

Viltu heilsa Benidikt og Kristínu kærlega frá mjer. Jeg hefði skrifað þeim ef jeg hefði verið frísk. Kanske jeg verði betri næst. Heilsaðu sömuleiðis nöfnunum Rósinkrans og Helgu Jónsdóttur. Allir eiga brjef hjá en verða að bíða með það. Nú hef jeg ekki meir. Slipsið kostaði 3 kr. Þakka þjer fyrir hinar 2. Aldrei borgar Friðrikka

Þessar 5 kr. það er ekki til neins að nefna þær. Þú skalt heldur láta vera. Heilsaðu Imbu gömlu. Líður þjer svo betur en óskað fær þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kjöbenhavn 2/10 1893

Kæri Faðir!

Bestu þakkir fyrir þitt góða brjef síðast. Ekki verður langt brjef sem þú færð frá mjer. Jeg verð svo þreitt þegar jeg skrifa mikið og jeg skrifa ekki svo á brjef í þettað sinn.

Gaman þókti mjer að þú sendir mjer fötin þín. það er besta vaðmál. Hvernig geta þjer passað fót af Jóhanni? það skil jeg ekki, hann sem er svo fjarska stór, eða voru þaug mínkuð? Ekki fórst þú norður í þettað sinn. Það er náttúrlega rjett af þjer að þú ert eins og þú helst vilt vera. Gott að þú getur það.

Villi kom okkur heldur á óvart. Vænt þókti mjer um að sjá hann. Hann er birjaður að lesa af kappi. Heldur hefði jeg viljað að Ingólfur hefði komið hingað í haust, en að vera eitt ár aðgjörðarlaus, en það tjáir ekki að tala um það. Hann vill ekki stúðera meir. Jeg veit náttúrlega að vel fer um hann fyrir vestan. Ætli að Jón Norðmann vildi ekki taka hann. þú ættir að nefna það.

Ekki vill mjer batna. Jeg er alltaf veik. Það er það sama hvað reint er. Mjer bara versnar. Nú ætla jeg heim í vor. Skeð getur að mjer skáni um tíma. það er gott að það hjálpar um tíma að breita um loptslag. Til Mensa fer jeg líklega fyrst, en síðan kem jeg til Reykjavíkur. þar vil jeg helst vera, en hvernig jeg á að geta lifað þar veit jeg nú ekki en þá. Jeg get svo sem ekki unnið fyrir mjer eins og jeg er, en þá koma tímar og þá koma ráð. það dugar ekki að kvarta. það er eingin sem getur ráðið bót, á þessum sjúkdóm. Maður á bara svo bággt með að skilja, að meira er næstum því steyp á mann, en maður getur borið.

Ekki þókti mjer, nú að Guðrún veiddi það þykkasta, að fá Tullínus. það er rjett eins og hver önnur borgaraleg stúlka getur fengið. Jeg hugsaði ætíð að Biskupin yrði svo vandlátur í þá átt. Heldur Sveinn áfram í skólan? Hver er hjá gamla Briem? Komdu fyrir mig til Hólmsfríðar og berðu þeim kæra kveðju mína. Jeg skrifa henni næst.

Nú er farið að hausta að. Rigningarveður og mjög hvast opt. Jeg hef ekki komið út í heilan mánuð. það eru lágir dagar, og nætur opt svefnlitlar. Jeg er samt betri núna í tvo daga, en jeg hef verið leingi.

Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja. Jeg hugsaði til þín þann 20. Villi var hjer það kveld. Jeg óska til lukku með næsta ár. Kannske við sjáumst á því. Nú gengur Jón í skóla á hverjum degi. Honum gengur vel, opt er hann að spirja mig um þig. Hann segjist ætla til Íslands þegar hann verður stór. það er gott að þú hefur ný fót. Jeg vona að þú tímur að brúka þaug. Nú hef jeg ekki meir. Líði þjer eins vel og óskað fær þín elskandi dóttir, Gunna.

Kjöbenhavn 8/11 1893

Kæri Faðir!

Nú er „Laura“ farin og jeg hef ekki skrifað þjer. Jeg hafði svo mikið að hugsa síðustu vikuna. Nú hef jeg verið frísk í heilan mánuð, að fráteknu einu litlu kasti sem jeg fjekk en strags gekk yfir aptur. Nú hef jeg líka gengið til nafnfrægs læknis allan þann tíma. Hann er að gjöra við nefið, og gefur mjer góðar vonir um fullan bata, þegar það sje orðið eins og það eigi að vera. Því ætla jeg að trúa, þar til jeg má til að trúa því móttsetta. það verður víst fjarska dýrt. Hamingjan veit hvernig jeg fer að komst frá því, en það dugar ekki að hugsa um það. Bara að jeg fái heilsu get jeg borgað, eitthvað af því sem jeg hef verið uppá aðra komin.

Wathne og Guðrún komu hjer, fyrir viku síðan. Hún hafði einhverslags meinsemd í tanngarðinum, sem var skorin burt. Hún var svæfð á meðan og lá í tvo daga á eptir, en nú er hún orðin gróflega hress en langt verður víst þar til hún verður jafngóð. Þaug ætla heim fyrir jól. Jeg hef altaf verið hjá þeim síðan þaug komu. Jeg er svo glöð yfir að jeg hef verið frísk þennan tíma. Viltu segja Helgu systur Guðrúnar frá þessu, og bera henni kæra kveðju okkar beggja.

Jón litli er heldur montin yfir að hafa skrifað afa sínum brjef á íslensku, og segir öllum að hann eigi von á brjefi frá þjer næst, svo þú mátt ekki láta honum bregðast sú von.

Ekki fór jeg í Íslendingafjelag síðast. það er búin að vera einn fundur, en jeg ætla að fara næst. Villi kemur opt hingað. Í gær var giptingardagur Finns. Hann hefur nú verið giptur í 8 ár. Tímin hleypur áfram. Mensi skrifaði mjer að hann ef til vill væri búin að fá stað handa Ingólfi að vori. Hann hefur gott af að vera á Sauðafelli þennan vetur. Helst hefði jeg nú viljað að hann hefði haldið áfram að stúðera, en fyrst hann hefur ekki lyst þá dugar ekki að tala um það. Hann getur orðið dugandi maður fyrir það.

Heirðu pabbi, ef að Rjúpur fást fyrir 10 eða 12 aura ættir þú að kaupa 10 til 20 og senda. þú skalt fá það borgað, en ekki ef þær eru dýrari. Jeg hefði sent 2 kr. ef mjer hefði dottið það fyrr í hug en í þessu augnabliki.

Heilsaðu innilega Hólmsfríði og öllum sem kveðju mína vilja. Góð og gleðileg jól og gott nýtt ár. Guð gefi að [við] fáum að sjást á því. Líði þjer betur en óskað fær þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kjöbenhavn 28/2 1894

Kæri Faðir!

Hafðu kæra þökk fyrir brjef þín. það var leiðinlegt að þjer skyldi ekki líða vel um hátíðirnar, en bótin er að það er gleimt þegar það er liðið. Mjer leið heldur ekki vel. Finnur hefur skrifað þjer að jeg væri veik en hann hefur ekki viljað óróa þig með að segja þjer hvað mikið. Jeg hef legið í liðlegar 10 vikur, optast með mestu kvöllum í hægri síðunni. Læknirinn hjelt fyrst lengi vel að það væri nærvesmærter, sem hann kallaði. Svo fór síðan að bólgnu, ekki mikið samt, og seinast kom ofur-

lítil kúla, sem hann sagði að eitthvað væri inni í, annað hvort blóð eða vatn. Svo á mánudaginn í föstunngangi skar hann í það, og þá bunaði út í annan pott af hreinasta grepti, og það sem verra (eða betra var) þar á meðan sullir, sem hann sagði að hefði legið á lifrinni, og hefði látið við þessi ósköp, í 8 daga á eptir mátti jeg ekki hreifa legg né lið.

Læknirinn kom alla þá tíð tvisvar á dag til að gefa ráð. Það altaf vall út úr sárinu. Þvílíkt sem út er búið að fara. Þú getur nærri hvað holan hefur verið djúp, að hann setti inn pípu sem var 5 tomur að lengd, og út úr henni rann svo gröpturinn. Eptir 3 vikur fjeck jeg að fara á fætur. Þettað er þriðji dagur sem jeg er á fótum. Pípan er inni en, og verður svo leingi sem nokkuð kemur. Af þessu sjerðu að mjer hefur ekki liðið vel í vetur. Jeg má ekki skrifa þó jeg gjöri það. Jeg má ekki reina á handlegginn svo þú verður að láta þjer nægja þessar línur í þettað sinn.

Heilsaðu ef þú sjerð Kristínu Guðmundsson. Jeg skal skrifa henni þegar jeg get. Sömuleiðis kæra kveðju til Hólmsfríðanna, Helgu, Margrétar Zoega. Þú segir þeim hversvegna jeg ekki skrifa. Líði þjer svo kæri faðir eins vel og best fær beðið, þín elskandi dóttir, Guðrún.

Kaupmannahöfn 18/4 '94

Kæri faðir!

Leitt var að heira að þú ekki varst orðin frískur, en gott að þú varst búin að hafa þessa ólukku veiki, annars hefði jeg verið hrædd að frjetta frá þjer. Hamíngjan veit hvað þessi veiki hefur drepit af vinum og vandamönnum. Jeg kvíði fyrir að frjetta það.

Nú er jeg vel frísk, finn ekki til andaþrengsla, en máttlítil, sem ekki er furða. Nú er sárið rjett gróið. Jeg geng bogin en þá, en er altaf að rjettast. Nú kem jeg heim í sumar. Finnur er búin vel að gjöra, að hafa mig svona leingi. Hvert jeg fer norður eða vestur veit jeg ekki. Helst vildi jeg geta unnið fyrir mjer sjálf, en hvort jeg verð svo dugleg þettað ár veit jeg ekki. Jeg er hrædd um jeg geti það ekki. Jeg má til að fara svo vel með mig. Læknirin heldur að jeg sje orðin laus við andaþreingslið að fullu og öllu. Alt muni hafa stafað að sullnum. Ef svo væri, má jeg víst vera glöð, og jeg er það líka. Eingin veit hvað jeg var búin að líða í öll þessi ár. Auðvitað er æskan og bestu árin liðin, og eingu láni að mæta, eða vænta eptir hjeðan af en gott er ef jeg gæti haft heilsu það sem eptir er. Jeg skal líka vinna, því jeg hef lofað og skal efna það.

Það gladdi mig að heira að Klemens hefur von um að geta komið Ingólfi að verslun á Oddeyri. Það er ágætt að Ingólfur getur verið nálægt sínum. Hann er svo úngur greið. Mjer heirst á Klemens að hann hálfpartinn eigi von á þjer norður?

Leitt er að Björn skyldi vera settur setudómari á Ísafirði. Lárus er sá dæmalaus fantur, og gjörir honum alt ílt sem hann getur, en jeg vona að hann sleppi frí í þessu vínmáli. Hvenær jeg kem heim veit jeg ekki upp á víst. Jeg vona að jeg fái að sjá þig glaðan og frískan.

Gott og gleðilegt sumar óska jeg þjer. Hjer veit maður ekki af sumardeginum fyrsta. Hjer má heita sumar fyrir laungu. Sú inndælasta tíð, alt grænt, skógurinn að springa út. Nú hef jeg ekki meir og hætti því og bið góðan guð að annast minn gamla föður. Gunna.

Kaupmannahöfn, 2/6 '94

Kæri Faðir!

Hafðu bestu þakkir fyrir brjef þitt síðast. Aðeins fáar línur skrifa jeg í þettað síðasta sinn hjeðan, til að láta þig vita að mjer líður ágætlega vel. Finn ekki til astma, og er því nær jafn góð eptir leguna, bara dálítið stíð, og ofurlíttill sársauki innvortis sem altaf er að minka. Bara að allir sullirnir hafi farið, en það fullvissar læknirinn mig um að jeg þurfi ekki að vera hrædd um.

Þú spírð mig hvernig að hann uppgvötaði að það væru sullir þegar hann skar í. Þá komu þeir úldnir út með greptinum. Þettað var ekki ósköp sem út kom, og þær kvalir áður, þeim get jeg ekki með orðum líst. Nú er jeg orðin svo feit, að jeg hef víst aldrei verið eins feit áður. Já, jeg hef þessum læknir mikið að þakka, og sárt er að vera svo fátæk. Guð hefur gefið mjer næga hæfilegleika ef jeg get brúkað þá.

Þú lætur í ljósi að þú ætlir norður í sumar. Ætlar þú með allar þínar bækur? Ekki veit jeg hvort jeg fer til Reykjavíkur í sumar. Ef jeg kem þángað verður það í næsta mánuði með Vikarós, annars er það afgjört nú sem stendur að jeg fer með Wathne næst sem hann kemur.

Heilsaðu öllum kunnugum. Ekki skalt þú skrifa mjer fleiri brjef hingað. Nú hætti jeg í þeirri von að ekki verði langt þar til við sjáumst annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík. Líði þjer eins vel og óskað fær, þín elskandi dóttir, Guðrún.

XXIV. Ást í stað áfengis

Haustið 1889 voru þrír tilteknir bræður samankomnir í Kaupmannahöfn í fyrsta skipti. Þetta voru þeir Finnur, Klemens og Vilhjálmur. Vilhjálmur hóf nám í málfræði við Kaupmannahafnarháskóla í september 1889. Athyglisvert er að bera aðstæður hans saman við aðstæður Finns rúnum tíu árum áður. Fjölskyldan stóð nú ekki eins illa að vígi fjárhagslega og Vilhjálmur naut þess að hafa ættingja sína í borginni. Hann hafði mikla ánægju af að umgangast Jón bróðurson sinn og fara með hann í langa göngutúra um stræti borgarinnar.

Vilhjálmur virðist raunar ekki hafa verið mjög ginnkeyptur fyrir lysti-semdum borgarinnar þessa fyrstu mánuði sem hann dvaldi ytra. Bréf hans til Jóns Borgfirðings fjalla einkum um samskipti hans við aðra Íslendinga

og um íslensk þjóðmál. Íslensk menning er Vilhjálmi hugleikin og gerir hann sér far um að vera vel að sér í ýmiskonar þjóðmálum enda metnadarfullur ungur maður sem vill ekki vera í neinu eftirbátur bræðra sinna.

Vilhjálmur var ólíkur eldri bræðrum sínum að eðlisfari og aðstæður hans við upphaf háskólanáms aðrar en aðstæður þeirra Finns og Klemensar höfðu verið. Vilhjálmur þurfti að standa undir ýmsum væntingum sem yngri bróðir þessara miklu námsmanna og virðist það hafa verið honum um megn. Félagslífið tók sinn toll og drykkjuskapur setti svip sinn á líf Vilhjálms.

Námið sóttist því hægt og sumarið 1892 fór Vilhjálmur heim til Íslands í því skyni að rétta úr kútnum og dvaldist hjá Klemensi á Akureyri í tæpt ár. Hann hélt sig fjarri flöskunni þann tíma en hallaði sér sífellt nær að sextán ára gamalli stúlku sem hét Engel Jensen. Þau bundust tryggðum vorið 1893 og skrifar Vilhjálmur föður sínum af því tilefni: „Annars er mjer sama um allt vín og allar skálir, úr því að jeg á Engel núna.“ Líf Vilhjálms hafði þar með öðlast nýjan tilgang.

Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings 1889-1894¹

Kaupmannahöfn 26. sept. 1889

Elskulegi faðir!

Nú hefi jeg þá loks lokið við ferðina og „Laura“ ruggar ekki lengur undir mjer, heldur sit jeg rólegur inn á kontór hjá Finni, þar sem er lagt í ofninn, þó að glaða sólskin sje úti fyrir. Jónsi litli er að eiga við leikfang sitt og stundum að mala eitt-hvað við mig, sem jeg skil ekki eða hlusta ekki á. En jeg hef sagt í hinum brjefunum að jeg skrifað þjer sjerstaklega um ferðina og að þar gætu þau lesið hana, og verð jeg þá að efna það.

Á laugardagsmorgun fór Laura af stað. Um nóttina svaf jeg hjá Þórarni og var þröngt um okkur stórmennin og svaf jeg lítt. Fór jeg ekki á lappir fyr en skipið var komið út í flóann. Var bezta veður en þó fann jeg til ógleði strax. Flýtti mjer upp á þilfar. Voru Þorbjörg og Anna komnar upp og var þar margt fleira. Var töluverð undiralda og reis skipið hátt að framan. Þótti mjer það óviðkunnanlegt og illa leist mjer á Ægi og hugði jeg hann mundi brátt krefjast fórna af mjer. Var jeg nokkra stund uppi, en er jeg kom niður fórnaði jeg Ægi, en blíðkaði þó ei, því að nú fór að blása á austan og ægir að ygla sig og fór flest að týna sig niður í kojur sínar. Ekki kom skipið við í Vestmannaeyjum fyrir ofviðri og sjógangi. Reyndar var einn öldungur með þangað, en hann var settur á land á Seyðisfirði. Jeg svaf í kojunni hjá Þórarni og Oddi. Var sófa slegið upp og svaf Þórarinn hjá honum.

1 ÍB 102 fol. a – Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings.

Til Seyðisfjarðar var versta veður, bálviðri á austan og sjógangur þar eptir. Heyrði jeg hvernig bárunnar skullu yfir skip og hvínir í storminum og brakaði stundum eða hrikti í skipinu, þegar einhver bára fjöllum hærrí, hamaðist á þessari litlu skel, sem dirfðist að bjóða þeim byrginn og kljúfa sumar í sundur. Stundum komst skipið mjög lítið áfram, enda vorum við helmingi lengur á leiðinni til Seyðisfj. en áætlað var. — Jeg ældi ekki nein ósköp, en hafði ógleði og höfuðþyngsli. Jeg át helst skonrok og drakk te. Fjórdi maðurinn í kojunni var Þogr. Guðmundsson og tókst honum opt að kvikka mig upp með gamni sínu og fjöri. Fleiri voru sjóveikir en jeg t.d. Valtýr og Anna, Þorl. frá Bessast. og svo kvennfólkið. Mjer fannst jeg geta etið allt annað en mjer var boðið.

Eptir 4 daga komið við á miðvikudagsmorgun á Seyðisfjörð. Drógst jeg þá á lappir, því að jeg vissi að eitthvað gott mundi maður hafa af að fara í land. Var jeg fjandi slappur, fór samt í sparifötin og fínkaði mig til. Þorbj. og Kl. drifu mig upp á þilfar. Sumum þótti lítið fallett á Seyðisf. og jeg segi ekki það sje ljótt þar, en það er þessi hrikalega og ægilega náttúrufegurð, sem þar sjest. Fjöllin ganga snarbrött fram að sjó og gnæfa upp yfir manni, eins og þau ætli þá og þegar að steypa sjer yfir oss, og ekki kynni jeg vel við mig þar til lengdar. Undirlendi er þar lítið sem ekkert og húsin standa alveg fram með sjó og sum út í sjó t.d. hús Wathnes, er stendur á stólpum fram í sjónum. Þar við bryggjuna var gufuskipið litla eða bátur, sem hann bjargaði sjer á til Færeyja, er Mínos strandaði. hann býr sunnan megin, Sigríður og Práinn fyrir fjarðarbotni, en lækurinn [Guðmundur] Scheving norðanmeginn.

Fórum við í land norðan megin og urðum því að ganga inn fyrir og suður með til, þess að koma til Wathne. Á leiðinni bjó Þórarinn og því fórum við fyrst þar inn og náðum í morgunkaffi hjá Siggu. Svo hjeldum við til Wathne og átum þar frokost. Komum svo til Gvendar, er býr í snotru húsi þar skammt frá. Wathne ljet flytja okkur um borð, en við höfðum kvatt hann í Kampavíni. Til Schevings höfðum við ekki tíma til að koma, þó að Klem. langaði mjög að sjá konu hans. Kvæð hann hafa það gott, en hún vera fjandi dugleg og hlífi sjer lítt. -

Meðan við sigldum út fjörðinn stóð jeg mig vel, því að jeg hafði alveg náð mjer eptir landgönguna og var vel hress. Er fjörðurinn mjór og fórum við því nærri landinu báðum megin. Húsin á landi líða fram hjá, sjást ógjörla og hverfa. Lítil Færeyingabátur kom á móti okkur siglandi með þver- eða skautsegl og fór hann sem ör flygi. þeir heilsa löndum sínum, er voru með á skipinu svo tugum skipti, og hverfa svo brátt úr auglýn. Brátt sjáum við út á reginhaf og þá fór jeg að pilla mig niður. — Var nokkuð íllt í sjóinn þann dag og hjeldum við nú til Færeyja. Var jeg allhress, þó að jeg væri í kojunni, en borðaði lítið annað en Skonrok. Til Klakksvíkur komum við daginn eptir (fimmtud) um kvöldið seint.

Föstud. morguninn fór jeg snemma á fætur eins og aðrir og var vel hress. Voru Færeyjingar farnir að skipa út vörum sínum og komumst við margir í hóp í land á uppskipunarskipi. Í Klakksvík er háfljótt, húsin lítil og strjál. Þar eru 2 bakarí og fjekkest ekkert nema Skonrok í öðru. Í búð þar voru eigi til betri vindlar en 4 aura

njólar. Mjólkin var þar góð og kostaði 10 a. potturinn og þömbuðum við óspart. Þar voru slegnir akrar og lá kornið í stökkum Kornstengurnar skera þeir af. Sumstaðar var verið [að] hirða hey, hafði verið þar óþurkar en þeir slá aldrei nema einu sinni. ekki sýndist fólkið þar vera neitt fjörugt eða skemmtilegt, en margir af þeim Fær. sem voru með frá Seyðisf. voru ræðnir og skemmtilegir, og sungu opt sína þjóðsöngva með einkennilegu föstu og jöfnu hljóðfalli. Á Klakksvík hitti Klemens, þegar hann kom aptur um borð, einn af kunningjum sínum frá Garði. Var hann prestur þar og hefur 7 kirkjum að þjóna.

Þaðan fórum við um morguninn kl. 10^{1/2} og komum eftir 2 tíma ferð til Þórshafnar. Var fagurt að sigla milli eyjanna í nærri logni og sólskini og innan um eintóma grasivaxna hóla og um mjó og þröng sund. – Nú fór jeg fyrst að fá matarlyst og hamaðist við borðið, áður en við fórum í land á Þórshöfn. Komu margir bátar út og einn með fána; var það amtmannsbáturinn.

Mjer þykir fallett á Þórshöfn og er hún stór bær með verksmiðjum og stórbyggingum. Fyrsta sem við gjörðum er við komum í land, var að kaupa epli. Át jeg þau með lyst. Frjettum við að lagþingið stæði enn og langaði mig til að koma þangað, en Klemens vildi ekki koma með mjer og enginn annar, svo að jeg fór að leita það uppi upp á mínar eigin spýtur. Fann jeg brátt húsið og fór jeg fyrst inn um vitlausar dyr, en fann svo þær rjettu. Voru þeir í stórum sal sem samt ekki er samanberandi við okkar þingsal. Var 1/3 af honum aðgreindur fyrir áheyrendur. Enginn var inni að heyra á, er jeg kom inn, en einn af þingmönnum gamall Færeyingur, kom til mín og spjallaði við mig. Amtmaður er forseti og 2 eru skrifarar. Töluðu flestir þvöglulega og illa dönsku, nema Schröter, sem er fyrir framfaraflokknum á þinginu.

Voru mörgum málum frestað til næsta árs, en atkv. greiðslan er skritin. Skrifarinn les upp nöfnin, þegar nafnakalla er við haft, sig fyrst, hina svo og forseta síðast (hann greiðir þar atkv.) Við hvert nafnakall voru fjöldamargir sem sögðu: stemmer ikke (greiði ekki atkv.) og er það tekið gilt án nokkurra ástæða frá þeirra hálfu fyrir því. Einn talaði hreinasta bull, því að hann var kenndur, svo að það brennur víðar við en hjá okkur, en er ekki betra fyrir það. Flestir voru eldgamlir hrosshausar, 3 eða 4 ungir og skynsamir: Amtmaðurinn er lítillfjörlegur og fram úr hófi nærsýnn.

Þegar jeg fór þaðan hitti jeg Klemens í hinum enda bæjarins. Hafði hann verið hjá consulanum með Valtý. Sýndi hann okkur þar verksmiðju, þar sem fiskilím er búið til og fiskur þurkaður. til þess að ekkert fari forgörðum úr fiskinum, eru hryggjasig og annað „affald“ (úrkast) safnað saman. Beinín eru mulin í smátt og það verður í gegnum margar vjelar að þunnum massa, sem svo verðr lím úr í gengum aðrar vjelar. – Við gengum svo upp að minnisvarða sem var reistur í minningu. Chr. ix, en hann kom þar á Ísl. ferðinni 1874; er þar mjög snoturt og sjest vel yfir bæinn. Veðrið var yndislegt þennan dag, sólskin og blíða. Komum við þar á bakarí og fengum ágætiskökur. Amtmannshúsið er mjög fallett hús og gjörir skömm landshöfðingjahúsinu okkar. Virki eitt er þar í bænum eða batteri mjög gamalt með

4 kanónum til málamynda. Þar eru jafnan tveir danskir hermenn á verði með kórða við hlið. Þar er aðeins skotið á hátíðisdögum, fæðingard. konungs og öðrum.

Við fórum um borð um kvöldið kl. 6, en skipið fór ekki fyr en seinna um kvöldið á stað til Trangisvogs og kom þangað í góðu veðri um nóttina og áður en jeg kom á fætur á laugardagsmorguninn, var skipið lagt af stað frá Trangisv. til Skotlands, Höfðum við nú verið viku á leiðinni. Fengum við nú besta veður og var heldur en ekki keyrt á Lauru, er fór með mestu ferð, er hún hefur sem eru 10-12 mílur á vagtinni. Át jeg nú vel sem frískur væri. Var uppi á þilfari, þegar mjer svo bauðst hugur eða niðri ýmist að spila hálf tólf eða lesa.

Sunnudaginn eptir sigldum við suður með Skotlandi. Var enskur prestur með á skipinu og vorum við að hugsa um að fá messu hjá honum, en ekkert varð þó af því. Þessi prestur var einkennilegur og flestum minnistæður, er sáu, af því hvað hann var illa til fara. Sonur hans var með honum ungur vísindamaður og var engu betri. Þeir komu um borð á Seyðisfirði og voru að ferðast. Karlinn var með grátt skegg sítt og aldrei á öðru en gulleitri olfukápu og gaudrifnum brókum faktiskt) og strákur var með tærnar út úr báðum stígvjelunum; þetta voru lærðir menn og eptir því sem aðrir Engl. sögðu, stöndugir menn.

Mánud. morguninn vaknaði jeg snemma. Var þá nokkuð dimmt inni og leit jeg út í gluggann, en sá ekkert út nema trejdrumb. Lágum við upp við bryggju í Granton. Klæddi jeg mig skjótt og kom upp á þilfar. Var þá þoka mikil á landi uppi; úr verksmiðjunum rauk gríðarlegur, hvítur gufustrókur þeyttist upp úr járnbrautar - foranddanum (locomistiv), er jeg nú sá í fyrsta sinn. Þótti mjer heldur en ekki ferð á þeim. – Af skipinu fórum við mörg í hóp upp í Edinburg. Hestarnir eru heldur en ekki risavaxnir. Jeg mældi mig við einn og var jeg jafnhár honum á hrygginn. En þeir vöðvar, hófar og hestajárn.

Frá Granton keyrðum við með omnibus upp í Edinborg. En þar skildumst við Kelmens, Þorb. og Þór. frá hinu fólkinu (Valtýr ofl.) af einhver. klaufaskap og var það illt eitt, því að Valtýr er kunnugri en Kl. þar og fór með sitt lið upp á kastalann og ljet það horfa þar á heræfingu og sjá margt fleira. En við spásæruðum bara um göturnar, keyptum okkur góðgæti, tókum vagn niður í Leith og gengum upp í Edingborg aptur. Þá mættust herliðin og fylgdumst við að þaðan í frá. Fórum með hinum aptur niður í Leith og þaðan fótgangandi eða hlaupandi niður í Granton, því að seint var orðið og tíminn naumur. Avantgarder eða framliðið, (jeg Þorbj. og Þór.), kom kl. 6 accent niðr á skip og þá hafði kapt. sagt um daginn, að skipið ætti að fara. En það fer sennilega ekki fyrir en kortjari seinna en ákveðið er, enda var það heppil. fyrir arrieregarden eða apturliðið, sem Valtýr var fyrir, því að það kom í seinasta augnabliki, er landfestar voru leystar.

Frá Engl til Hafnar fengum við besta veður og hofmesterinn var súr fyrir hvað allir átu vel. Því að þegar einhver er á annað borð frískur á sjó, hefur hann „glubende appetit“. Allir voru á fótum, enda var gaman að sjá hinn mikla skipagrúa, er sást í öllum áttum, sum fjær, sum nær. Miðvikudagskvöld fórum við fyrir Skagann

og var telegraferað af skipinu um leið og það fór fram hjá. Frá skaganum er altjend telegraferað um að nú hafi skipið farið þar fram hjá.

Í Kattegatinu fengum við storm en eigi var sjerlega illt í sjóinn; var nú urmull af seglskipum í kring um okkur. Fór skipið nú inn Eyrarsund. Sást land á báða bóga. Sigli maður fram hjá Salthólma þar sem Brahe var, stjörnuspekingurinn mikli. Af setri hans Uraniuborg eru aðeins rústir eptir. Nú sigldum við hjá batteriinu Trekroner, sem orðið hefur tilefni til dumvittigheder hjá Dönnum. „Hvað margir aurar eru í sundinu?“ „300.“ Þá voru allir búnir að koma brjefum sínum í gott lag fyrir tollþjónunum, annaðhvort þútti þeim á vasana eða troða þeim niður í eitt-hvað. Við sigldum mjög nærri Löngulínu, og ekki er langt þangað til skipið leggst að. Fjöldi fólks er komin niður að sjó og nú fer maður að þekka einstaka andlit. „Er þetta hann“? spyr maðr og „Hver er þetta“? –

Skipið leggst að; landgangsborðið er látið síga og fjöldin streymir inn á skipið. „Komdu nú sæll og velkominn“ það gengur ekki á öðru. Tollþjónarnir komu strax og heimtu dót manns, er þeir keyra upp á tollbúð. Þar var mitt dót lítið, sem ekkert skoðað, kassar mínir allir ekki slegnir upp. Nú er ferðasagan á enda og jeg er komin til kóngsins Kaupmannahafnar.

Finnur gat ekki sjálfur tekið á móti mjer, því að svo óheppilega vildi til að þá var hann á Borchs Coll. 200 ára hátíð. Jeg ók með dót mitt heim til hans, eins og hann ljét skila til mín, að jeg skyldi gjöra. Kom Emma til dyra og litlu eptir sá jeg á glóbjart höfuð stinga út og var það Jónsi, lítill og fjörugur, snjóhvítur á hár, við urðum strax fínustu vinir og erum það enn. Finnur kom snöggvast heim kl. 3 og varð að fara strax aptur á sama gildi og mátti aðeins vera að að skoða mig. Jónsi er fjörugur og skríttinn strákur, stundum ofsakátur, stundum líka rellinn og hálf óþekkur. matmaður mikill. Vil helst gjöra það, sem hann sjer aðra gjöra. Ef hann sjer mig skrifa, vill hann skrifa líka o.s.frv. Mynd þín hangir yfir sófanum, sem jeg sef á. Jeg spurði hann að hvaða mynd þetta væri. „Bedstefar“ sagði hann. Hann er opt stutturður og snöggur í svörum.

Hjá Finni fer ágætlega um mig, jeg hef þar allt sem jeg vil. Á þriðjudag flyt jeg inn á Garð. Ekki hef jeg sjeð Boga enn. Halldór er alveg óbreyttur og hinn sami. Hefur það víst knappt, greyið. Segist spandera of miklu í kaffi. Kem alltaf til hans er jeg kem á Garð. Er farinn að ganga á fyrirlestra. Þekki engan nema fyrir utan kunningjana. – Þætti gaman af að, fá smárit og bæklinga og ef þú gætir einhvern-veginn náð í alþingistíðindi í ár. Rata þó nokkuð eptir þenna stutta tíma. Hef verið til kvöldv. hjá Morits með Klemens og Finni. Hef fengið 40 kr. í Garðpeninga fyrir þennan mánuð og veitti mjer ekki af, því að margt verður maður að kaupa sjer hjer. –

Finnur er farinn að leggja í ofn hjá sjer, þó að aldrei sje hjer eiginlega kalt, Stundum er rigningar miklar, eins og hellt sje úr fötu. En sólskin og blíðviðri á milli. Þó að rigni mikið, verður maður aldrei mjög saurugur að neðan, þar sem allt er steinlagt. †msir höfðingar (Rússakeisari og inna, Grikkjakon.) hafa verið hjer á

flakki, en jeg hef samt ekki sjeð það góða fólk. Ekki hef jeg enn farið á neitt safn eða þesskonar staði, þar sem munir ýmsir eru sýndir.

Í dag 28. sept. kl. 2 voru allir hinir nýju stúdentar (yfir 400) safnaðir saman í hátíðarsal háskólans, sem allur er málaður með myndum að innan. Áttum við þar að taka á móti okkar akademiska borgarabryjfi á latínu. Hjelt rektor fyrst ræðu, sem jeg heyrði ekkert af og síðan kallaði einn upp nöfn allra og var einkum fastmæltur á Íslenzku nöfnunum t.a.m. Síkúndur. Allir eða flestir þeir dönsku mættir á kjól. við Ísl. allir á frakka. Er jeg þá orðin reglulega innskrifaður á háskólann og hlýði hinum akademisku lögum, sem við fengum um leið. Rektor var andskoti finn á kjól með margvafna gullfesti um hálsinn.

Jeg gratulera þjer með nýja árið og að það megi verða þjer gleðilegt og ánægjulegt. Óska þjer góðrar heilsu og er þinn þakklátur og einlægur son Vilhj. Jonsson.

Halldór Bjarnason biður kærlega að heilsa, segist líklega ekki komast að að skrifa.

Garði 5. nóvember 1889

Elskulegi faðir!

Kæra þökk fyrir þitt fróðlega og góða brjef. Nú skrifa jeg á Garði, þar sem jeg kann mæta vel við mig, enda væri nú annaðhvort ef manni leiddist innan um hundrað ungar og fjörugar sálir og maður sjálfur er heldur gefinn fyrir fjör og kátínu. – Halldór er einna draugalegastur nema að tala við hann. Hann dregst þetta áfram eins og áður karlinn og les vel og tekur skorpur. Ekki bragðar hann vín, það veit jeg upp á hár, en á móti kaffisopa slær hann ekki hendinni, enda drekkur hann mikið kaffi og það fyrsta sem jeg naut á Garði, var kaffi hjá Dóra. Og kaffið hjá pronernum hjer er líka drekkandi, jeg fæ aldrei eins gott kaffi, enda er því viðbrugðið. Bollinn kostar 12 a brauðlaus og er það glettilega freistandi svona rjett við hliðina á sjer.

það eru heldur en ekki læti, þegar brjef eða blöð koma að heiman, og þá ekki sízt, þegar eitthvað matarkyns kemur, þá þurfa menn samt að standa yfir, meðan slegið er upp og reyna að nappa sjer einhverju eða fá að smakka á og þá er allt náttúrlega svo andskoti gott, að maður verður að fá dálítinn bita af. – Blöðin til Íslendingafjelags eru vanalega látin liggja inni hjá einhverjum á Garði og nú var það látið lenda á okkur, af því að við Bjarni erum rússar (svo kallast þeir nýju, líkt og busar heima). Svo var náttúrlega alltaf fullt hjá okkur af öllum sortum, doktórum, læknum, lögfræðingum, guðfræð., málfræð., allir þurftu jafnt að lesa blöðin að heiman.

Jeg kalla Hafstein heldur en ekki hvassan við byskupinn og Björn, og held jeg hann sje orðinn eitthvað ringlaður aptur. Lílegast hefur Vald. ritstjóri róið í honum. – Eintómt rifrildi í blöðunum heima. „Fjallk.“ og „Ísafold“ um byskupinn, „Þjóðólfur“ og „Þjóðviljinn“ um stjórnarskrána heldur hvassir, „Norðurlj.“ og „Lýður“

í persónulegum skömmum. – Jeg hef lesið lýsingu Magnúsar landshöfð. í þjóðviljanum og er hún góð. Næst kemur víst um fleiri. Jeg held með þeim, í pólitíkinni heima, sem vilja fara meðalveginn, það er ekki til neins að vera að stritast með þetta sama og slaka aldrei dálítið til, því að með því vinnst ekkert. Frumvarp efri deildar í sumar var vel aðgengilegt. Minnsta kosti var alls ekkert á móti, að þingið hefði beðið stjórnina að leggja líkt frv. fyrir alþingi næst. Jeg álit, að þeir ofsamennirnir Benid. og Sig. Stef. hafi þar skemmt stórkostlega fyrir okkur í þessu máli. – Gaman var að lesa brotin úr ræðunum hans Demospenisar á Eyri. það þurfti að koma, þær eru dæmalausar.

Historíurnar um Stjána og Simpa eru brilliant. Soleiðis anektotur er alltaf gaman að heyra. Heilsaðu Simpa frá mjer. Við vorum jú mestu mátar og honum þótti mjög varið í mig sem skrifara. Hver skyldi nú skrifa fyrir hann og trekkja hann upp um leið? Helvíti karlinn ætti að láta mig hafa nokkra enska miða, ha,ha, ha Gaman verður þegar „eldingunni“ skýtur hingað og sjá hvernig Torfhildi hefur nú tekist. Blessaður sendu mjer annaðhvort sjerstaklega sem jeg á að hafa eða bræðurnir um leið gegnum mig, því að það er miklu þægilegra fyrir mig og ekkert óþægilegra fyrir þá, því að svo fer jeg strax út með brjefin til þeirra. það er svo leiðinlegt að sjá hina vera að fá frjettir að heiman og fá ekkert sjálfur. En jeg var ánægður að fá brjefið svona með utanáskript til mín og svo vonast jeg eptir því framvegis.

Eptir hvaða Odd Jónsson er ríman? Ekki þó lækniinn. Nú er Halldór karlinn að reyna að verja sig gegn Ólsen og verður það mäske hörð rimma á endanum. Nú svarar Ólsen náttúrlega. það er ekki von að þú getir skrifað okkur öllum þremur hverjum fyrir sig öll ósköp, en það gjörir ekkert; við lesum brjef hvers annars og supplerum svo hver annan. Satt er það að ekki kemur það víst opt fyrir að menn eigi hjer 3 lærða sonu í einu, þó er það enn annar en þú og það er síra Helgi, síðan Ólafur kom. Þakka þjer fyrir grafskriftirnar og enn á blöðin; mjer þykir gaman að fá svoleiðis smádót og ekki skal því verða stolið frá mjer, því að jeg hef það niður í læstu kúfforti.

Skyldi nú Ríkkarð halda bindindið, fyrst hann hefur auglýst það í blöðunum. Bróðir hans Magnús er allt annar, reglumaður og ötull piltur. Væðrið kvað hjer vera óvanalega gott. Reyndar kom rigningin við og við, en svei mjer ef jeg tek eins eptir því og heima, því að þar verður allt svo forugt strax á götunum, en hjer er allt steinilagt.

Frost hefur enn ekki komið en napur austan og norðanvindr blæs stundum. Kannske eigi að fara að steinleggja bakarastiginn; á að lækka hana eða hækka eða hvernig á að fara að gjöra hann góðan. það er satt, það er gott fyrir þig með bæjarþingsbókina. Jón Ólafsson hefur mäske verið að gera sig bara merkilegan, með að segja sig úr bæjarstjórninni eða kannske hann hafi reiðst út af einhverju eins og hann er vanur. Í einu hljóði, það var nærri sem oppungur. Dóri segist gjarnan vilja þiggja „Víkverja.“

Í gær var Jónsi hjerna með pabba sínum. Jeg tala alltaf íslensku við hann og

skilur hann það, en talar dönsku. Við erum miklir mátar og förum stundum aleinir út að spásæra og segja þau að það sje nærri eins dæmi að hann hafi viljað fara með öðrum en þeim. Jeg fór upp á lopt þar sem dót Magnúsar Eiríkssonar á að vera geymt. Og að sjá það, jeg fjell alveg í stafi, rifrildi af bókum lá þar troðið upp undir súðinni og ekkert var þar merkilegt. Mikið af 1. hepti af 1001 nótt og ekki meir af henni. Hitt voru theolog. skræður innan um annað sem einhver annar hefur víst átt. Svo var ekki hægt að snerta á þessu því að allt var svo rykugt og skítugt. Exempla af Jóni Þorleifs. lá þar og tók jeg það. Ekki gat jeg fundið neinar draumaskræður eða þessa 1001 nóttar hefti, sem þú biður um. Það er sem sagt ekki nema rusl og tætingur eptir. það er herfilega ljótt að sjá það.

Systrunum hef jeg skrifað um Björg, hún er komin bara hingað. Á laugardaginn á fyrsti Íslendingafundur með söng og dansi og skemmtunum. Jeg fer náttúrlega þangað. Jeg óska þjer góðrar heilsu. Halldór biður að heilsa kærlega og sleikir út um, ef hann fær „Víkverja.“ Hann skrifar annars kannski, en þú vissir annars að hann var ekki sem bestur á það. Enginn held jeg sje eins ólatur að skrifa og jeg. Gleðilegt nýttár og að þú megir heil og hress lifa mörg gleðileg nýjár enn þá. Gleðileg jól. Þess óskar þinn elskandi sonur Villi.

Jeg bið kærlega að heilsa Sigurði Briem og enn þá betur Páli mínum, sem þú verður að þakka frá mjer fyrir allt gott og blessað frá hans hendi. Jeg er ekki orðinn nógu mikið með í pólitik heima eða hjer, að jeg geti skrifað honum, en þú getur glatt hann með því, að jeg er alveg með honum og hans flokki í miðlunarpólitíkinni. Óla Finsen geturðu líka borið kveðju mína, lækninum. Sami Villi.

Seyðisfirði 14. júlí 1892

Elskulegi faðir!

Nú er jeg þá kominn til Íslands aptur. Það var sumarblíða og sólskin, hiti og blíðalogn er jeg lagði á stað frá Höfn og hjeðan heyrðist eigi annað en -ís og aptur ís, snjór í stað grænkandi hlíða, vetur stað sumars og við Færeyjar fjeck maður íslenskan storm svo að brakaði í skútunni og maður fann kuldaneþjuna er maður kom upp á þilfarið; jeg bjóst við að jeg mundi verða segja með skáldinu: Að kaldur sje faðmur þinn móðurfold mær, því megna jeg ekki að neita, enda mátti svo að orði komast er við lágum í Reyðarfirði í roki og kulda. En – síðan jeg kom á Seyðisfjörð þessa viku hefur verið besta veður, sólskin og blíða, svo að náttúran hjer er svo hressandi og loptið svo gott. Jeg verð að bíða eptir „Thyru“, er kemur nú líklega bráðum.

Jeg bý hjá Wathne og hef það upp á það besta. Er jeg kom að heilsa hjá Þórarni, hitti jeg amtmann Havstein þar, sem er hjer á ferð. Var jeg með honum þar í stórum frokosti. Hann lætur mikið af Klemens og er mjer hinn besti. Hann kvað þig mundi koma til Akureyrar í sumar og varð jeg glaður við að heyra. Hann er hjer opt hjá Wathne og spjöllum við saman. Verðum við samferða með „Thyru“ norður.

Þorbjörg kemur með Thyru. Jeg býst við að þetta nái þjer í Rvík og þú verðir

eigi farinn, en hjer heyrði jeg að Ingólfur hefði verið að fara á leið vestur og var það gott.

Hjer hefur verið skriðuhlaup á Seyðisfirði og tekið burt vörur og eyðilagt fyrir kaupfélagi, en eigi gjört annan skaða; það var um nótt er hlaupið átti sjer stað. Hjóldampur Wathens er stórt og skrautlegt skip og vel útbúið farþegaskip, svo að pótskipssalirnir eru ólíkt ljótari og dónalegri. Hann ætlar nú að reyna að komast upp á Lagarfljótsás á því og verður það stór atburður, ef það tekst. Hvað það er eitthvað stórgert og mikilsvert við þennan rólega og gætna kaptein, sem hefur sjeð og reynt svo margt í henni veröld; hvað höfuðið hlýtur að vera járnsterkt og viljinn mikill og krapurinn enn þá meiri að halda öllu í rjettu horfi og þau áhrif sem þessháttar maður hefur á aðra, ef honum er hlýtt eru ómetanleg.

Gunna hafði það sona, er jeg fór. Ekki stór köst, en svona alltaf við og við veik. Vilhj. Finsen gamli látinn. Jeg hef komið á bak ísl. hestum og þótti mjer gaman að þenja klárinn, enda var veður himneskt og vegur allgóður. Býst við að maður fái sjer sprett við og við á Akureyri, að minnsta kosti á sunnudagana. Hlakka til að sjá ykkur feðgana og óska þjer góðrar ferðar norður, þinn Vilhj. Jónsson.

Akureyri 14. ág. 1892

Elskulegi pabbi!

Kæra þökk fyrir brjefið með „Thyru“. Mjer líður sem best hjer á norðurherberginu hjá Klemens uppi á loptinu í rauðgulu húsi gamla Hansens, erkiapotekara og premier-pharamceuts, eins og Gröndal nefndi hann. Hansen er altjend með eitthvað í kollinum og situr við frokost sinn frá 11-5 og drekkur diverse snapsa með og heldur varð hann vondur í gær hjá amtmanni (það var fæðingardagin amtmanns), er Schiöth sagði, að Hansen hefði einu sinni sagt: þetta er nú sá fjörlandi (nefnil. snaps) enda sat Peter (Hansen) við hlið Biskups og þótti hneysa að. Hann þykist vera filosof mikill og yfir höfuð vita allt, en þvoglar er hann talar, karlinn. Biskup fór í gær hjeðan og skrifaði jeg eigi með Sveini, af því að jeg hugði að póstur kæmi fyr.

Fallegt er hjer, en veður er fagurt og vill svo vera síðan, en sjerstaklega er frítt á kvöldin við sólsetur að horfa á fjöllin í vestrinu gulliroðin og líta yfir fjörðin spegilsljettan, nema hvað síldin veður yfir sjáfarflötinn, og sjá grænar hlíðar, sólroðin ský og hvítu húsin á Oddeyrinni mynda einhvern töfraheim niðri í djúpinu. Sólaruppkomu hef jeg eigi sjeð enn, því að farið er á fætur seinna en svo og sólin er vanalega komin nokkuð hátt á lopt, er jeg kem út. Já, skemmtilegt er að ríða gæðingunum, sem eru samt ekkert fyrirtak. Klemens hefur keypt einn málóttan handa Þorbjörgu.

Norðurljósið er alveg á hausnum. Friðbjörn er jú engin ritstjóri og hefur ekki vit heldur en köttur á að halda út blaði, enda er hann líka að bjóða það til kaups. Enginn vill rita í blaðið, það er sagen. Mattías fer með sín kvæði í Þjóðólf t.d., sem eðlilegt er. Jeg held að trúar-greinirnar í Fjk. geri ekki svo fjarska mikinn skaða,

heldur gera það gott, að menn þó kannske trúá einhverju, í stað þess að allur þorri manna alls ekki trúir eða hugsar um þessháttar.

Eitthvað er „skítt“ með sjera Pjetur, og líka sjera Magnús í Laufási, sem engin ástæða er til, fremur en aðra presta yfirhöfuð, að „skúffa“ burt. Síra Magnús á að hafa svo mikla kæki og þess vegna eigi liðinn; hann messaði nú hjer fyrra sunnudag og óaðfinnanlega. Jeg bið að heilsa Göju og Gústu og óska þjer sem bestrar vellíðunar, þinn Villi

Akureyri 13. apríl 1893

Elskulegi faðir!

Kæra þökk fyrir brjefið með póstinum. Það er orðin sú breyting á högum mínum, að jeg nú í tvo mánuði hef lifað þann lukkulegasta tíma, sem jeg hef átt og nokkurn tíma get átt, þar sem jeg hef bundist tryggðum við unga stúlku, mjög unga á 17. árinu, en allravænsta og gáfaðasta og sem jeg vona að þjer falli ekki miður. Hún heitir Engel og ber nafn með rentu, dóttir Jensens og systur amtmannsins. Hún kann öll ósköpin af kvæðum utanað bæði útlend og innlend og er ljómandi skynsöm stúlka, sem þykir vænna um mig en allt annað. Við erum fjarska lukkuleg og vonum að við verðum það æfinlega. Jeg er viss um að þjer litist vel á hana fyrir tengdadóttur, ef þú sæir hana. Hún er há og grannvaxin, hefur dökk augu og dökkt hár. Mynd færðu af okkur þegar Schöth fer að taka þær.

Við settum upp hringi á sunnudaginn er var og allir eru glaðir yfir okkur hjer, sem hlut eiga að máli. Konsúllinn drakk skál okkar í champagne, er við komum þangað og á sumardaginn fyrsta á að verða stórt boð hjá Chr. Havstenn og býst jeg við að eitthvað freyði þar fyrir okkur, þó að mörgu sinnum hafi skál okkar verið drukkin þar í almennu víni. Annars er mjer sama um allt vín og allar skálar, úr því að jeg á Engel núna. Margopt sit jeg þar út frá hjá henni í litla húsinu nyrst á Eyrinni og er það mínar ánægjulegustu tímar. En þú skalt ekki halda að þetta kippi mjer frá lestri, heldur þvert á móti. Nú er um að gjöra að verða sem fyrst klár og verða eitthvað.

Engel Jensen heitir hún altsvo og þú skalt vita að hún er eins íslensk í andi og jeg. Móður hennar þykir mjög vænt um okkur og eins systur Engel, sem er gipt Chr. Havsteen. Annars munt þú þekkja þessa Havstens famíliu og forfeður hennar frá fornu fari. Við komum til Halldórsens gamla upp í húsinu hjer fyrir ofan og spjölluðum við margt um Reykjavík, er hann var þar. – Trúlofunarskart brúkum við ekki.

Halldór Gunnlaugsen er kominn hjer að tala við Gránufjelagsverzlanirnar. Kom með Ernst fyrst í apríl. Besta tíð hjer. Allt af hiti og nær logn.

Sollsagan er eptir mig, eins og Ísbrot og kæri jeg mig kollóttan, þó að þeir segi bragvillu í næstseinustu hendingunni. en stúlkan – svo viðkvæm og tilfinningasár. Ef einhver bara vildi skrifa um það, þá skyldi jeg fara út í það efni og sýna fram á smekkleysið og hortítturnar með hv sem borið er fram k, en bara á bókinni er rjett

sem stafurinn h! t.d. nje hjúpaða (k=) hvóttleika þig höndum um spenna (ekki var neitt hljóðstafa-hljóð þar saman hjá Bjarna og hjá Jónasi: Hvarmaskúrir harmurinn sári (k)harðar ætti, minst er varði.

Porbjörg mun vera langt komin. – Anna litla er mikil fyrir sjer og vill nú alltaf vera úti. Engel biður kærlega að heilsa þjer og hlakkar til að sjá þig að hausti. Kær kveðja til Ingólfs. Með óskum alls góðs, þinn Villi.

Akureyri 20. maí 1893

Elskulegi faðir!

Ástkær þökk fyrir brjefið þitt. Engel þótti ósköp vænt um brjefið og sagðist víst hlakka til að sjá þig, af því að hann væri pabbi hans Vilhjálms síns. Hvar var það sem sagði þjer í Reykjavík, að hún væri efnileg stúlka. Einhver sem hefur þekkt hana náttúrlega. Það er líka satt, efnileg er hún, stór og stæðileg af 16 ára gamalli að vera og gáfuð eptir því.

Pórarinn kemur með skipinu og eins og vant er, þegar maður hefur ekki skrifað áður en skipið kemur, er allt í vitleysu fyrir manni og þessvegna verður þú að fyrirgefa þó að brjefið verið snubbótt. Jeg er náttúrlega fjarska upptekinn líka af kærustunni. Mynd færðu þegar jeg kem suður og þá verður þú að fá bætt upp þetta brjef. Pórarinn er líka af mörgu eins góður og brjef.

Herbergið sem jeg hef er gott þegar maður hefur tvöföldu gluggana á veturna og allt er vel stoppað, en vel verður að kynda þegar kalt er og á sumrin er það yndislegt. Annars er ekki víst nema þú fáiir svefnherbergi hjónanna mót austri eða suður herbergi, því að sjálf taka þau kannske mitt herbergi fyrir svefnherbergi.

Jeg bið kærlega að heilsa Ingólfi og biðja hann að fyrirgefa í þettað sinn. Fyrirgefðu sjálfur, pabbi minn, þetta stutta og leiðinlega brjef, þinn Vilhjálmur.

Akureyri 5. júní 1893

Kæri faðir!

Jeg bið þig fjarska mikið að afsaka, að þú skyldir ekkert brjef hafa fengið með Thyra. En ekki var það af því, að jeg myndi það ekki, heldur gleymdi jeg í öllum asanum að senda það. Þú mátt trúá að jeg sá það með súrum augum, en jeg vona að þú fyrirgefir það.

Við höfum nýlega setið fyrir, en því er nú ver og miður, að svo stutt er síðan að við höfum ekki einu sinni fengið prövekort enn auk heldur fullgerðar myndir. Þú getur trúað að við sjeum lukkuleg og nú er svo sárt, einkum fyrir hana sem verður aptur, að skilja og ekki höfum við verið lengi saman. Það er þungt, en það er nokkuð sem er sjálfsagt. Aldrei hefði nokkur stúlka getað elskað mig heitar en hún.

Kelmens var að fara á stað út í Siglufjörð og víðar, verður vikuna í þeim tús. Jeg er eins opt og jeg get út frá hjá kærustunni; nú fer líka hver dagurinn að verða síðastur. 20. júní leggjum við víst á stað og verður Stefán kennari okkur samferða

eitthvað vestur. Hjer hefur verið og er besta tíð með hitum miklum t..d í dag, þó að einstaka dagur komi aptur kaldur.

Síra Matt, kvaddi í gær söfnuðinn. Hann fer með Thyra og dóttir hans til Englands. Þorbjörg hefur ekki verið vel frísk síðan hún átti telpuna. Jeg bið þig nú að fyrirgefa allt saman. Kæra kveðju á jeg að bera þjer frá Engel, sem segist þykja vænt um þabba og systkinin hans Vilhjálms vegna mín. Hún er allrabesta stúlka líka. Bið að heilsa Ingólfi og óska honum góðs prófs. Með bestu óskum, þinn Villi

Nansensgade 46 A stuen

1. okt. 93.

Elsku þabbi minn!

Þakka þjer fyrir brjefið með Lauru. Jeg komst hingað á 10 dögum og hefði getað verið fljótari, ef jeg hefði ekki þurft að bíða í Englandi 4 daga. Jón Stefáns-son var samferða frá Leith til Hafnar, en ekki hitti jeg hann fyr en á Herpinn. Hann var um allt Skotland í sumar. Hann ferðast manna ódýrast. Kemst alstaðar að góðum kostum. Hann er mjög hirðulaus og trúir sjer til alls. Hann fer nú frá því konunglega. Valtýr höfðar nú mál gegn Jóni. Jeg er farinn að lesa upp á krapt. Bý hjer áfram. Kem sjaldan neitt út til fólks.

Það er satt! Eitt má jeg endilega til að biðja þig um fyrir alla muni. Jeg fjekk bók lánaða hjá rektor af bókasafninu. Hún er dýr, eitt bindi af „Beiträge“ (zur geschichte der deutschen sprache und literatur): Það lá uppi á herberginu okkar á Hotel Reykjavík og í hastinum gleymdi jeg því alveg, en það reyndar Þorgrím Guðmundsson um borð, að skila í land til Klemens að koma fyrir mig bókinni til rektors. Jeg vona líka að hann hafi gjört það. – Annars hefur Einar Zoëga eða maddama tekið hana til hliðar vonandi.

Þessa bók Jónasar [], svolítið smáhepti, óttalega ómerkilegt, hef jeg annað hvort skilað honum eða skilið eptir á skúffunni minni á eftir deild. Ef hann ekki finnur hana þar, skal hann nok fá andvirði bókarinnar eða bókina sjálfa (2. exemplar). – Jeg ætla að reyna að vera búinn um jól. '94.

Jeg ætla að biðja þig um að líta í brjefið og blaðböggulinn til Engel, hvort ekki er nóg frímerki og ef ekki er, að setja það sem þarf. Þú skalt fá það endurborgað í einhverju síðar. Engel biður að heilsa þjer í brjefunum, sem hún hjelt að mundu hitta mig í Reykjavík. Hún sagðist hafa þekkt höndina þína á einu brjefi til sín, í sumar frá mjer, þar sem þú hefðir sett á : Akureyri, sem vantaði. Hún er svo góð og skynsöm, og getur líka orðið dugleg og myndarleg; hún er hjá mömmu sinni og verður í vetur að minnsta kosti. Líði þjer nú sem allrabest, elsku þabbi minn. Þinn Vilhjálmur

Þú kemur fyrir mig brjefinu til Guðnýjar vestur, innaní er mynd til Ingólfs.

6. nóv. 1893

Elsku pabbi minn!

Pakka þjer fyrir brjefið með „Lauru“. Hjer hafa verið rigningar miklar og nú í dag fyrstu snjókorin. Jeg er nýfarinn að leggja í, því að ekki hefur verið neitt kalt að undanfögnu.

Það var gott að bókin komst til rektor, það hefur sjálfsagt verið hún sem Klemens fjeck þjer. Var karlinn nokkuð leiður yfir því að fá hana svona í gegnum þig?

Jeg er viss um að Engel þykir vænt um brjef frá þjer. Hún hefur ekki neitt þessháttar stolt í sjer, henni þykir einmitt gaman að heyra frá þjer. Hún er gáfuð og vel að sjer og hefur gaman af bókum, sjerstaklega kvæðabókum. Hún er fjarska næm og kann lifandi ósköp af íslenskum og útlendum skáldskap utan að. Þú ættir að ef þú hefir tíma til að binda sjálfur einhver ljóð inn handa henni; jeg man að jeg talaði um það við hana, að jeg skyldi biðja þig um það, er jeg kæmi til Reykjavíkur. Jeg man ekki hvort jeg nefndi það. jeg er viss um að hún verður himinlifandi glöð yfir því. Kannske eina tengdadóttirnin sem kann að meta það!

Já, jeg fjeck skóna með „Lauru“ fyrir ferðina. Ættartalan er hjá Klemens. Það var leiðinlegt annars að jeg skyldi aldrei skrifa hana upp.

Stúdentafjelagið hjer er heldur dauft, finnst mjer. Þar var rætt fyrir skómmu háskólamálið, en allt var það botnlaust og vitlaust. ekki voru þingmennirnir þar. Kristinn Havsteen er kominn hingað. Hann er giptur systur kærustunnar og er jeg þar boðinn og velkomin hvenær sem er, og er það allrabesta fólk.

Jeg les og les, og er það best að illu sje sem fyrst aflokið. Samt fer jeg ekki upp að sumri. Það get jeg ekki. Fólk er almennt 6 ár með það og þykist jeg góður að geta það á 5^{1/2} kannske.

Nú kemur stimpiblekið til Ingólfs og kemur þú því vonandi einhvernveginn til hans. Jeg bið kærlega að heilsa Bensa og Kristínu, og eins Halldóri Jónssyni, ef þú sjerð hann. Óska jeg þjer svo gleðilegra jóla og nýjár. pabbi minn! Með bestu sonarkveðju, þinn Villi.

4. jan. 1894

Elsku pabbi minn!

Það var mikið að jeg mundi að skrifa nýja árið, því að það er svo ungt enn og maður lítt vanur við 1894. Vetur hefur hjer einginn verið fyr en nú um nýjárið, 6-7^o frost um nætr, 4-5^o daga og napur austanvindur. Jeg var ýmist hjá Havsteen eða Finni um hátíðirnar og þó meir hjá Havsteen. Þau hjónin eru mjög svo góð og viðkunnanleg.

Jeg var svo heppinn rjett fyrir jólin að komast í kynni við rússneskan prófessor frá Moskva fyrir tilstilli dansks stúdents, sem stúderar sama og jeg og er góður vinur minn. Stúdentinn var að kenna prófessornum dönsku og nú vildi hann koma sjer niður í íslensku. Hef jeg haft tíma með honum síðan 2. í jólum og 1 tíma á dag, 2 kr.

fyrir tímann. Hann talar þýsku og fer kennslan fram á því máli. Hann er af tignum aðalsættum og hefur sgú ráð á að borga, og er prófessor í lögum, en langar að kynna sjer norræn lög og hefur verið í Svíþjóð og komið sjer niður í sænsku. – Ef hann nú bara yrði hjer lengri tíma, þá væri það ekki svo illa farið að hafa einar 12 kr. á viku, enda veitir eigi af því að margar bækur vantar mig, sem jeg þarf á að halda.

Jóla kortin sendi jeg út eptir sjálft jóla kvöldið. Jeg tók nefnilega pakkann hjá Bensa. Jeg hef verið mikið með honum í jólafríinu. Tvö kvöld var hann hjá Finni. Leiðinlegt var að hann (Bensi) fjekk strax influensa sem geysar, og var slæmur lengi, þó að ekki væri hann mjög hart haldinn. Það er sterkt kvef með máttleysi og nefrennsli og svo með eyrnarskít eða kverkaskít og ýmsu ótæti.

Gunna hefur nú verið lengi veik bæði af því gamla og af influensu. Lá öll jólin. Nú er henni samt að batna og fer bráðum að skrífast á fætur. Hún fer víst heim í sumar ef hún getur. Svo vill Finnur líka, vegna loptsins hjer.

Þórarinn er kominn í skóla, sem undirbýr sjóhermanna efni og ætlar sjer altsvo í sjóherinn á endanum eða eitthvað þessháttar. Fyrst verður hann að vera „kadet“ etcetra.

Það er nú eigi æðilangt þangað til póstskipið fer heim og færðu þá aptur línu. Vaagen fór 31. dec. hjerðan með póst til Austfjarða. Gunna getur víst eigi skrifað og biður því kærlega að heilsa. Einnig bið eg þig að heilsa frá mjer Ingólfi og Guðnýju og Birni ef þú skrifar í millitíð, því að jeg skrifa þeim með póstskipi. Með óskum alls hins besta og beiðni þess að greiða fyrir brjefinu til Engel, svo að það komist með næsta pósti er jeg þinn Villi.

Skrifa aptur með „Maja“ 28/1

Höfn 15. jan. 1894

Elsku pabbi minn!

Pakka þjer fyrir brjefið með Lauru fyrir jólin. Með Fishcers skipinu sendi jeg þjer brjef, sem jeg vona að þú þegar hafi fengið. Gunnu líður ekki vel, en er þó á batavegi. Það var influensan sem lagðist svo þungt á hana. Aptur á móti hefur hún ekki nein þyngsli fyrir brjóstinu núna. Um jólin var jeg mikið með Bensa og fórum við um allan bæjinn að heyra og sjá, því að hann þarf að komast yfir að sjá sem flest. Hann getur víst ekki haft það betra en hann hefur. Fischer er hann ákaflega góður, svo að maður skyldi því ekki trúa, eptir því sem látið hefur verið af Fischer.

Íslendingafjelag stendur sig ekkert vel núna og lítið legst fyrir það, þegar það hefur ekki vól á öðrum til forsetatignar en Dengsa gamla, sem auðvitað er sprækur og fjörugur, en alltof ungur og óþroskaður til þess að vera formaður Íslendingafjelags. Jeg býst við að fólk sje orðið leitt og þreytt á fjelaginu, því að enginn almennilegur málsmetandi maður er í stjórninni, heldur eintómir ungir menn.

Hjer er alltaf besta veður, hæst 4-5° kuldi eptir nýjár. Nú aptur hiti og hláka.

Annars finnur maður svo lítið til þó að snjóí, því að snjórinn er strax fluttur langt burt úr bænum.

Jeg held áfram að kenna þeim rússneska íslenskuna. Í gær og í fyrradag var jeg ekki hjá honum, því að þá var eptir þeirra tímatali nýjársgdagur og gamlaársdagur, en fer svo til hans í dag og vonandi sem lengst. Hann á bággt með að bera fram hrt.d. hræða, hryðja þó að hann hafi hart og íslenskulegt r, því að það er h-ið sem er í veginum. Hann er annars mjög gefinn fyrir mál og höfum við lesið saman ýmislegt úr Eddu, bæði í bundnu og óbundnu máli. Seinna tökum við eitthvað nýíslenskt. Jeg æfist líka ekki svolítið sjálfur í að tala þýsku, því að kennslan fer fram á þýsku. Hann getur ekki talað annað en þýsku auk náttúrlega rússnesku.

Jeg býst við að geta klárað mig að minnsta kosti um jól hin næstu um þetta leyti og það verður gaman að koma heim aptur. Með bestu óskum og kærri kveðju, þinn Villi.

Höfn 25/2 94

Elsku pabbi!

Pakka þjer fyrir brjefið með pósti síðast. Engel segist gjarnan vilja eiga mynd af þjer, ef þú ættir aflögu. Jeg skil ekkert í, að við skyldum ekki fá brjef frá Klemens með síðustu ferð. Það lítur út fyrir að hann hafi haft mikið að gjöra.

Jeg hef enn þann rússneska, en þó færri tíma á viku nú en áður. Við höfum lesið margt í Wimmers lesbók og svo í nýíslensku kvæði ýms og „Grasferðinni“. Nú byrjum við á Heimskringlu. Hann verður nokkuð enn þá. Það er fjölgað hjá Chr. Havsteen um lítinn dreng. Það gekk mætavel. Jón Þorkelsson ætlaði á fundi að fá því framgengt í bókmenntafjelaginu, að hann fengi sjerstaka borgun fyrir prófarkalestur á fornbrjefasafninu. Það gekk alls ekki.

Gunna hefur verið alltaf rúm föst síðan fyrir jól Hún fjekk bólgu mikla í síðuna um mánaðarmótin og fyrir tveim vikum stakk læknir á þessu og kom út sullur með miklum greptri og vilser. Nú verður það að gróa og hún hefur það nú allgott, laus við „astma“ alla þessa tíð og fer nú víst bráðum að geta skriðið á fætur.

Vetur hefur verið hjer dæmalaus, því að vetur hefur maður varla orðið var við. Það er alltaf hlýtt í veðri, þó að stormasamt sje og í vikunni er leið var hjer í Höfn svo mikill fellibylur, að eigi var stætt á götum. Þá sást nú margt á ferð og flugi í loptinu, hattar, regnhlífar, klútar og hefðu íslenskar stúlkur (jeg meina íslensk-klæddar) verið úti í því veðri, hefði ekki vantað svuntur og sjöl í loptferðir þær.

Þú hefur víst lánað Einari Benediktssyni ýmislegt merkilegt honum til stuðnings við útgáfu Breiðfjarðar, hefur Einar skilað því aptur? Blessaður náðu í það aptur og láttu hann ekki týna því. Jeg bið að heilsa kærlega Halldóri bankagjaldkera og óska þjer svo sjálfur alls hins besta, þinn Villi.

Viltu heilsa Sæm. Eyjólfssyni kærlega frá mjer og biðja hann að afsaka að hann fjekk ei brjef frá mjer með þessari ferð. Jeg mun rita honum næst. þinn Villi.

Höfn 18. apríl 1894

Elskulegi faðir!

Jeg frjetti í brjefinu síðast að þú værir sjúkur af þessari bannsettu influensu en vonandi er að hún hafi eigi lagst þungt á þig. – Jeg fer nú upp næstu jól, hvernig sem það nú gengur. Jeg get ekki verið lengur að púla í þessum examenslestri og þarf að verða dálítið frá. jeg býst við að jeg fari þá strax heim og reyni þar að fá mjer eitthvað að gjöra.

Gunna er á batavegi alltaf og líklega að henni batni nú það heila. – Veður hjer er yndælt vorveður, sólskin og hiti þegar í apríl og allt að grænka og springa út. Engin veiki er hjer nú svona almenn, nema bóla hefur stundum verið að gjöra vart við sig en þó ei með vissu frá lækna sjónarmiði.

Skírmarveisla var jeg í í fyrradag hjá Christen Havesteen og heitir drengurinn Jakob Kristján. – frú Lára kona Jóns Þórarinssonar andaðist hjer um daginn og fer lík hennar heim nú. Jón Þorsteinsson kaupmaður kvað vera hjer í Höfn, en ei hef jeg sjeð hann.

Magnús Jónsson lögfræðingur frá Laugarbóli og Guðmundur Hannesson lækni-ir fara nú heim og sömuleiðis Jón Jónsson frá Mýrarhúsum til að rannsaka landsbókasafnið fyrir ríkisarkivið hjer, hvort þar sje ekki einhver opinber skjöl er því safni tilheyri. Hann hefur ritað mjög fróðlega ritgjörð í „Historisk Tidsskrift“ er heitir „Fæstebondens kår på Island I d. 18. århundrede“ Jón ætlar ei að taka próf í söguvísindum, heldur arbejda sig svona fram með frjálsum lestri og rannsóknum og hefur góðan styrk mikilsmetandi manns, forstjóri ríkisskjalasafnsins.

Best væri víst fyrir Ingólf forlöbblig að komast í þetta lausa verslunarmannspláss við Gránufjelagsverslunina á Oddeyri. Engel skrifaði mjer síðast að hún hefði skrifað þjer. Hvernig líkar þjer hennar brjef og ber það ekki vott um góðar gáfur og flinka rithönd?

Jeg óska þjer nú og um leið Birni, Guðnýju og Ingólfi gleðilegs sumars. Viltu bera þeim hjartanskæra kveðju og sjerstaklega þakka þeim átsamlega fyrir myndina, sem var frammar öllum vonum og sjerlega góð og skýr af þeim öllum; einkum er Anna litla mjög geðug og falleg. Jeg má ei vera að því að skrifa þeim nú. Með bestu sonaróskum alls góðs. Þinn einl. Villi.

10. Nóv. 1894

Kæri pabbi!

Kæra þökk fyrir brjefið með Thyru. það er gott að þjer líður vel á Akureyri, enda er ekki við öðru að búast. Fólkið þar er viðkunanlegt mjög og vinallegt og gott, og jeg tala nú ekki um Þorbjörgu og Klemens. það var fjarska gott að Ingólfur komst þarna að í Stykkishólmi, þó að ekki sje nema um tíma að við og við. Jeg er viss um að hann hefur óbeit á preststöðunni. Og það er einmitt þörf á dálítið menntuðum mönnum í kaupmannsstörfinn. Og lækni vildi hann ei vera og að fara að stúðera mál, sjerstaklega gömlu málin, hefði verið alveg vitlaust. Jeg skal segja

þjer það að Ingólf hefði iðrast þess og syrgt, ef hann hefði gjört það. Og þú skalt ekki halda að Ingólfur sje nokkuð að baki öðrum eða minna verði úr honum, þó að hann hafi ekki haldið áfram lærða veginn, sem menn kalla; nei hann er einmitt sá fornúftugi. Þú hefur gjört alveg eins mikið fyrir hann eins og okkur, að koma okkur í skóla og vertu ekkert óánægður með það, þó að hann fari verslunarveginn. Hann verður eins nýtur maður fyrir það.

Jón Porkelsson afhenti mjer æfiágrip þitt hjer um daginn og tók jeg við því, en sendi það ekki núna yfir land; mig langar líka að lesa það. Jeg sá Sunnanfara með mynd af þjer í og æfisögu eptir Ól. Davíðsson mikið laglegri. Þú ert þar með Gísla Konráðssyni og er það sjerstaklega vel valið. Jeg bið að heilsa Páli Jónassyni og apótekararanum. Með bestu óskum gleðilegra jóla og nýjárs, þinn Villi.

XXV. Skilinn einn eftir

Vilhjálmur hafði ráðgert að ljúka prófi frá Kaupmannahafnarháskóla í ársbyrjun 1895. Sú áætlun gekk ekki eftir og virðist ýmislegt hafa farið úr skordum í lífi Vilhjálms á fyrstu mánuðum ársins 1895. Aðskilnaðurinn við Engel reyndist Vilhjálmi erfiður. Bréfin sem hún skrifaði honum urðu sífellt færri og brátt fóru að berast út sögusagnir um að hún væri honum ekki trú. Vilhjálmur lét ekki mikið uppi um tilfinningar sínar í bréfunum til föður síns en af öðrum heimildum má skilja að örvæntingin hafi verið mikil.

Hjá Finni fékk Vilhjálmur lítinn stuðning. Finnur virðist hafa haft lítinn skilning á vandamálum bróður síns og eins og kemur fram í bréfi Guðrúnar frá 8. ágúst 1894 töludust þeir bræður ekki við um tíma. Þeir héldu þó bréfasambandi eftir að Vilhjálmur fór heim vorið 1895 en ekki virtist það byggt á traustum grunni. Vilhjálmur bað Finn að aðstoða sig við að komast til Kaupmannahafnar á ný og ljúka prófi. Finnur neitaði og tók Vilhjálmur því illa. Raunar virðist Vilhjálmur hafa brugðist trausti allrar fjölskyldunnar og enginn gaf sig fram til að veita honum aðstoð.

Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings og Finns Jónssonar 1895-1896¹

23/5 '95

Elskulegi pabbi minn!

Jeg þakka þjer kærlega fyrir brjefið með Thyru og frjettirnar. – Jeg get ekki glatt ykkur með neinu prófi, því að jeg gekk aldrei upp. Er jeg ekkert sjerlega hrif-

1 *NKS* 4597 4to – Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Finns Jónssonar; *ÍB* 102 fol. a – Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings.

inn af þeirri tilhugsun að vera kandidat. Jeg álfít meira varið í að maður hafi eitt-hvað lært sjer til gagns og gamans, og að vera annars sem mest eins og aðrir menn frá náttúrunnar hendi, sem þurfa að vinna fyrir lífinu. Nú ætla jeg að fara að gjöra það heima upp á einhvern hátt; eitthvað fæ jeg að gjöra; jeg er þó ekki síður en aðrir fær um margt. Jeg fæ þingskriptir og eitthvað að kenna og svo sjer maður hvað maður getur útrjettad í Reykjavík.

Síðan jeg fjekk þessa inskydelse, hef fyrst lesið með interessi og áhuga, – þú heldur kannske rómanarusl og þessháttar, nei hávísindalegar bækur, miklu vísindalegri grammatikur en heimtað er af þessum háttvirtu prófkandidötum að þeir hafi lesið. Og jeg er að undirbúa og safna til merkilegrar ritgjörðar, er snertir bæði okkar gömlu sagnir og þýskar og angelsaxneskar, nl. þessi litli kaflir um Hildi í Skáldskaparmálum, um sama efni með sömu nöfnum er til stórt þýskt gamalt epos (svo er og Laxo) og ennfremur margar líkar sagnir aðrar hjá Germönnum og angelsöchsum. Jeg hef líka nýlega ritad á dönsku um nýrri ísl. literatur og þótti Finni það gott; er ritgjörðin nú hjá prof. Jul. Lange til yfirlestrar.

En – hvað er það hjá því, hvað jeg finn mig andlega frjálstan, úr fjötrum andleysis leystan, því að pressaður að ofan og neðan hef jeg verið svo deigur að vera að lesa til prófs og hefur það verið meir með aumara manna vilja en mínum eigin. – Sje jeg mjög eptir að jeg skyldi ei hafa krapt til að hafa fyr mitt studium frjálst, en ekki próf-studium, þá væri jeg nú búinn að afreka margt til ánægju í stað þess að jeg hef ekki afrekað neitt – og verið mönnum til leiða. jeg er svo fastur í minni skoðun að jeg læt ei bifast fyrir hverju sem er. heldur lifa við bölg og neyð eptir sínu eigin höfði heldur en að lifa með ólyst og óbeit á öllu sem maður gjörir og hafa það annars gott.

Nú fer jeg heim sem sagt að hafa ofan af fyrir mjer á einhvern hátt, en fegnastur yrði jeg ef jeg gæti komist að landsbókasafninu einhverntíma, því að það er mitt yndi og ánægja að eiga við bækur. Og hvaðan hef jeg það nema frá þjer, pabbi minn, og það er ómetanlegt gott og lukkulegt að fá það að erfðum.

Jeg vona að þú sjert, þó aldraður sjert, svo fordómsfrí að þú sjáir, að fleiri komast af en konunglegir embættismenn á Íslandi, þó að þeir maki krókin best, og maður er ekki neinn ómögulegileiki þar þó að hið fína kandidatsnafn sje ekki límt á mann. Þeir eru ekki allir svo lærðir þessir háttvirtu kandidatar; próf gerir menn ekki lærðari en áður, og udsigt til að komast að latínuskólanum var enginn fyrir mig, þó að jeg væri kandidat. Það er því sama hvert er, nema þetta er miklu betra og frjálssara. Líði þjer sem allrabest altjend, þinn elsk. Villi.

Rvík. 21. júní 1895

Kæri Finnur!

Jeg vona að þetta brjef nái fyrir en Thyra, með henni skrifaði jeg ekki. – Ferðin gekk vel hingað. Jeg er að studera ‚Guðin, og þýsku þangað til jeg fæ þingskriptir.

Halldór karlin búinn að segja af sjer. Jeg hlustað á hann, er hann varð að exa-

minera, [] og er ótækur hans framburður í ýmsum atriðum, en hann er nú farinn karlin frá 1. október. – Jeg hef ekki viljað tala neitt um við Pálma enn um það, hvort hann mundi halda bókvarðaremb. ef hann yrði adjunkt. við erum annars góðir kunningjar, þó að við höfum ei talað mjög mikið saman enn og á jeg að censera hjá honum í íslensku ásamt rektor. Ef nú tveir af þeim þremur (Pálma, Þorleifi og Bjarna) tímakennurum við skólann verða adjunktar, hlýtur að verða eitthvað að gjöra fyrir mig sem tímakennara. Jeg gæti tekið eins íslensku ef í það færi sem dönsku, þýsku og latínu. – Jeg hef ekki getað talað við amtmanninn enn um þetta, vil bíða þar til Klemens kemur nú með Lauru 26. þ.m. – Hef ekkert brjef fengið að norðan, hvorki með Thyru eða pósti, enn sem komið er.

Viltu ekki skrifa fyrir mig eitthvað amtmanni Havsteen (þau spurðu bæði hjónin mikið eftir ykkur) og leggja orð inn fyrir mig um það, að jeg eigi einmitt nú að komast að tímakennslu við skólann og það geti jeg vel af hendi leyst, þó að jeg hafi ekki prófið og svo kannske líka Pálma, ef þið eruð góðir vinir og ef þú heldur að það annars hafi nokkuð upp á sig, því að ef hann fer frá bókavardarstörfum á annað borð, þá verður hann varla mjer mótmæltur fremur en öðrum í það pláss.

Ef þú hefur eitthvað nýtt eða gamalt sem [] mína germönsku eða eitthvað um fornorræn fræði, er þú mættir missa, væri jeg mjög þakklátur þjer fyrir að fá það. ‚Ásgeir‘ fer á hverri stundu og verð jeg því að enda brjefið. – Þórður Thoroddsen kosinn þingm. í Gullbr. – Þingvallafundur 28. þ.m. og fulltrúar úr Vík Bened. úr Eyjaf. Stefán kennari og Friðbjörn sk. Bið kærlega að heilsa Emmu og Jóni litla. Með þakkæti fyrir allan þinn greiða og góða hug er jeg þinn einl. Villi.

Jeg bý hjer hjá Birni múrara í herberginu sem Klem. hefur leigt frá 1. júlí og jet á ‚Hótel Rvík‘. Jeg er hófsmáður og mjer líður vel. Jeg er mikið að hugsu um að gjöra úr garði lítið kver um framburð í þýsku Bið að heilsa vísiprófasti. Þinn Villi.

Reykjavík 1. sept. 1895.

Kæri bróðir!

Jeg er aptur í óvissunni, hvort jeg eigi ekki að reyna, að ná prófinu og vera ytra í vetur þó að það þá verði mjer til kostnaðar fyrir eptir tímann, eða [] mjer alveg á að verða hjer að eilífu svona. Ef Klemens og þú og aðrir góðir menn viljið hjálpa mjer til hins fyrrnefnda, þá gjöri jeg það og ef það gengur ekki, gjöri jeg hitt.

Jeg vildi gjarnan mega biðja þig um að útvega mjer þessar bækur, sem jeg vona að fá með ‚Lauru‘ 13. sept., því að brjefið kemst vonandi til þín fyrir þennan tíma. Ipsen: 100 timer í tyske (2 hefti; fæst mäske antiqvaritet). Danske lyde [] af Jespersen og [] Bíddu við! jeg sje það núna, að það er best og fyrirhafnarminnst að fá þær gegnum Eymundsson, svo að þú skalt ekki kæra þig um það.

Jeg veit ekki enn hvað mikið jeg mundi fá af tímum, en eitthvað get jeg fengið

og ef jeg yrði alveg staðráðinn í að setjast hjer að, skyldi jeg fá svo mikið að jeg gæti þó lifað þolanlega af því. En bæði hef jeg breyst aptur sjálfsagt til hins betra og í skynsamari áttir og svo um leið var skotið þessari flugu aptur að mjer, sem jeg vil fanga alveg, að sigla og ljúka mjer af.

Mjer líður annars rjett vel eptir því sem gerist. Jeg bý hjer einn í 2 herbergjum, rjett fyrir utan byskupinn. Jeg hef ásamt Stgr. Jóhnsen skrifstofustjóra verið eptir þing við prófarkalestur og niðurröðun skjala og er það góð atvinna. Við hættum því á morgun eða hinn daginn, og þá fer jeg að lesa fyrir mig og að líkindum sem mest próflestur.

Það er lítið um frjettir hjeðan nema þingfrjettir og þær ber Valtýr og blöðin. Valtýr vildi gjarnan verða fargæslumaður hins fyrirhugaða eim skips en Vidalfn varð það í neðri deild og Jón Jakobsen mágur hans í efri. – Þóttist Valt., þar brögðum beittur.

Sig. Stiv. fór strax að Höfn og hef jeg eigi sjeð hann. Hann fær tíma hjá Morten í barnaskólanum og svo í kvennaskólanum, kannske því að hann hafði fyrir laungu lagt það undir þá. Klem. fór með Thyru 28. og tók pabba með í Hólminum. Guðný hefur átt 4. króann og heitir Ragnar. Sig. Jens fær sjálfsagt Garð og Geir verður hjer við kennslu í vetur sem að undanförmu. Jeg bið kærlega að heilsa Emmu og Jóni, og óska ykkur bestu vellíðanar, þinn Villi.

Rvík. 19. sept. 1895

Kæri bróðir!

Jeg skrifa þjer nú með skipi ‚Agli‘, sem fer með mig á morgun á leið til Seyðisfjarðar. það kom í dag að austan og sendi Wathne mjer boð að koma til sín, ef jeg vildi og verða húskennari hjá honum í vetur. Hjá honum eru 3 krakkar (yngst 12 ára), sem bróðir hans Herman á, og á jeg að kenna þeim. Mjer þótti vænlegast að fara, því að hjer fæ jeg ekki eins gott eða mikið, og þótti þó slæmt að vita ekki með vissu, hvort jeg mundi geta siglt. Það getur þó látið sig gjöra síðar ef til vill. Tím-inn er naumur og því verð jeg að slá botninn í. Með kærri kveðju til konu þinnar og Jóns, er jeg þinn Villi.

Seyðisfirði 10. nóv. 1895.

Kæri bróðir!

Jeg þakka fyrir brjefin. Mjer líður vel. Ekki þótti mjer þú taka vel í þetta sem jeg nefndi við þig í sumar og var gott að jeg þurfti ekki að hugsa um það meir. Jeg ímynda mjer að jeg þurfi aldrei þinnar hjálpar við, því að jeg tek víst aldrei próf. Ef Wathne fer til Hafnar í vetur, sem hann gjörir víst fer jeg líka hvað sem svo verður. Veður hefur verið hjer hið besta og allt er uppá það besta. Bið að heilsa konu þinni og Jóni. Þinn Vilhjálmur Jónsson.

Seyðisfirði 18. apr. 1896.

Kæri bróðir!

Það er máské ekki til neins að jeg skrifi þjer fáeinar línur, þó að jeg sje mjög leiður yfir að jeg skyldi hafa brotið af mjer bróðurlega vináttu með augnabliksbræði eða vitleysu. Jeg vildi gjarnan mega eiga von á línnum tilbaka frá þjer, því að jeg sakna þess mjög að það skuli aldrei koma neitt brjef frá þjer. – Jeg hef haft það mjög gott hjá Wathne og ætlar hann að styrkja mig að einhverju leyti að vetri til að ljúka af prófi mínu og þætti mjer þá leiðinlegt að mega ekki tala við þig um það og fræði mín, og vildi jeg því mega biðja þig að láta sem jeg aldrei hefði gjört það, sem jeg hef brotið á móti þjer og vona að þú getir fyrirgefið mjer það. –Jeg vildi gjarnan að allt yrði sem best milli okkar framleiðis, í hvaða átt sem það verður og vona, að þú skrifir mjer nokkrar línur aptur, sem vott þess að þú sjert mjer ekki reiður og að jeg meiga skrifa þjer til framvegis. Með kærri kveðju til konu þinnar og Jóns litla. Þinn einl. Villi.

XXVI. Nýr fóstursonur og ný hlutverkaskipan

Guðrún tók mjög nærri sér að Vilhjálmur skyldi ekki klára námið og þótti erfitt að horfast í augu við þá staðreynd að tveir yngstu bræðurnir, sem hún hafði gengið í móðurstað, skyldu ekki ljúka háskólanámi. Í ársbyrjun 1895 skrifaði hún Finni: „jeg hef lagt meira í sölurnar fyrir Ingólf og Villa en systur alment gjöra, sjá það alt verða að eingu, þyngra en frá megi segja, en það dugar ekki að tala um það, nema að reina að taka því vel.“

Sjálf hafði Guðrún fórnað góðu tækifæri til að öðlast frekari menntun svo hún gæti alið upp yngstu bræður sína tvo og haldið heimilinu gangandi eftir lát móðurinnar. Þeirri fórn virðist hún hafa gefið tilgang og merkingu með því að láta sig dreyma um að yngstu bræðurnir tveir yrðu menntaðir og mikilsmetnir menn. Því er ekki að undra að það hafi komið illa við Guðrúnu þegar hún frétti að Vilhjálmur hefði ekki lokið prófi. Hún vildi leggja allt í sölurnar til að koma honum á rétta braut á ný og segir í einu bréfa sinna til Finns að hún sé fús til að fórna aleigunni til hjálpar Vilhjálmi að ljúka prófi.

Sjálf bjó Guðrún hjá Klemensi á Akureyri og var að mörgu leyti upp á hann komin. Sjálfsmynd hennar mótaðist mjög af því hlutskipti að vera ekki sjálfs síns herra en sumarið 1895 lét hún gamlan draum rætast. Hún tók að vinna sjálf fyrir sér með því að kenna stúlkum hannyrðir og selja hannyrðavörur sem hún fékk sendar frá Kaupmannahöfn.

Í bréfi dagsettu 6. september 1895 kemur fram að Guðrún hafði sex

nemendur sem hún kenndi þrisvar í viku og fékk tvær krónur á mánuði fyrir hvern. Þessi laun dugðu henni ekki til upphalds en veittu henni samt aukið sjálfstæði. Guðrúnu dreymdi um að kaupa borgarabréf, setja upp verslun og flytja í eigið húsnæði. Sá draumur varð að engu haustið 1896 þegar Þorbjörg, eiginkona Klemensar, fæddi dreng en lagðist í rúmið vegna veikinda. Það kom í hlut Guðrúnar að hugsa um litla snáðann, Agnar Stefán, fyrstu mánuðina og hlutverk hennar á heimilinu varð sífellt mikilvægara.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar 1894-1898¹

Akureyri 19/11 94

Kæri Finnur minn!

Bestu þakkir eiga þessar línur að færa þjer fyrir þitt síðasta brjef, með Thyru sem jeg ekki hef þakkað, sem og alt annað gott, mjer sýnist þettað brjef hefði eiginlega átt að vera til Emmu í tilefni af fæðingardegi hennar. jeg hugsa til hennar þann dag og sendi henni í anda bestu lukkuóskir, kort fást hjer ekki svo ekki er hægt að senda þaug, frjettir hef jeg ekki nema af sjálfri mjer, eru þær alt annað en góðar, hvað heilsuna snertir, jeg er orðin sami aumíngin og jeg var, altaf með Asthma annað slagid, og svo bætist við verkur undir síðunni að heita má sífeldur, Jeg má ekki ætla dr. Friis svo vondan mann, að hann sagði mjer að sjóferðin gæti eingin áhrif haft á þettað, eða framkallað það, ef það hefur ekki verið sannfæring hans að svo færi, honum gat ekkert gengid til að eggja mig á að fara heim, en hafi hann hugsunarlaust talað um þettað eða svarað mjer þegar jeg spurði hann, þá er það mjög illa gjört af honum því eins og þú varst búin að hafa mig svo leingi, hefðir þú haft mig dálítið lengur ef þú hefðir vitað að það gæti orðid til þess arna. að jeg fór svona snemma. en nú er búid sem búid, er, hjedanaf er sama hvar jeg er, jeg fæ aldrei heilsu meir, Að öðru leiti líður mjer ágætlega vel.

Klemens er eins og þú getur nærri fjarska góður við mig, og Þorbjörg eingu síðri, nærgætin og góð enda þarf jeg þess við, Pabbi er að jeg held vel ánægður, enda líður honum vel, hann er víst glaður yfir jeg er hjer líka, hann er að binda bækur núna sjer til gamans svo er hann úti hvern eptirmiðdag, að finna kunníngjana, honum hefur ekki mikið farið aptur, hjer á Eyafirði lifir maður eins og blóm í eggí, maður hefur nýtt kjöt, fisk, andir (rjúpur sjást ekki enn), hænsni og alt mögulegt, Kýrin er í 9 merkum í mál, tvær gæsir hafa þaug til jólanna, líka lifa 3 kindur til slátrunar eptir hendinni, nóg er að bíta og brenna, húsið stórt og rúmí gott, vel hlýtt, en ekki falleg útsjón, bara yfir að Varðgjá, ekki hef jeg verið svo mikið úti en, að jeg hafi komið um allan bæin, og er hann þó ekki stór,

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

Kærustu Villa hef jeg sjeð, hún er mikið lagleg stúlka, stærri en jeg, ljómandi falleg augu, en heppin hefur aumínga Villi ekki verið, satt sagði hann að sorgir hefir hann haft, þær ekkert litlar eptir því sem jeg heiri hjer, í fyrrahaust birjaði hún Engel að daðra við trúlofaðan strákslána, mjög ómerkilegan, þettað kemst upp á því að kærastan hans (Porleifur heitir hann.) fann brjef frá Engel í vasa hans, fór með það til síra Mattíasar, alt varð í uppnámi, amtmaður fór og sagði Klemens frá svo var stelpa tekin fyrir, sem lofaði bót og betran, sem þó víst lítl hefur verið í sumar að sögn, hennar fólk er svo ógn eiðilagt út af þessu, það heldur svo uppá Villa, af þessu sjerðu að Villi hefur átt bágt, að fá svona frjettir, það eru ekki allir jafn sterkir að bera þessháttar.

Þú mátt samt ekki halda að jeg beri alveg, blak af Villa, en heldur ekki kasta of þúngum steini á hann, hann er þó ekki annað en maður, breiskur maður, aumínga Villi, jeg vildi hann væri vel út úr þessu öllu saman, Klemens hefur útvegað honum peníngalán, jeg skrifa þjer þettað, til þess þú dæmir Villa ekki eins hart, af því jeg líka veit þettað er alveg satt, annars er jeg ekki fyrir að skrifa eða segja óhróður á mákonu mínar, og bið jeg þig fyrir að láta engan heira þettað, hún var mjög vinaleg við mig, ef jeg væri frísk, skyldi jeg vera meir með henni, þettað er unglíngur sem ekkert hugsar, hjónin hjer eru svo fjarska reið, við hana. þaug vita líka hvaða áhrif, það hafði á Villa, svo það er reindar von. hún er í slæmum solli út á eyrinni,

Jeg fjekk brjef frá Guðnyú um dagin, þeim líður mikið vel, nema Björn datt af baki og knjeskel brotnaði, en var á góðum batavegi. hún ber sig mjög illa yfir að fá svo sjaldan brjef frá systkinum sínum, þú ættir að skrifa henni stöku sinnum, það væri vel gjört, Ingólfur hefur fengið pláss í Stykkishólmi eins og þú hefur víst heirt, það var gott, þó það sje lítið þó batnar það smámsaman, það er trú jeg, besta fólk, Klemens biður kærlega að heilsa ykkur, hann segjist ekki skrifa í þettað sinn, Porbjörg biður sömuleiðis að heilsa, hún biður þig að biðja Emmu um að kaupa fyrir sig 14 al. af sama slags taui og þessi pröva, er sem jeg sendi, nema það á að vera hvít önnur röndin en bleikrauð hin, og tvo blýkamba ef þeir fást, þeir eiga að vera til að greiða stelpunum með, en hitt á að vera í sumarkjóla handa þeim, þaug biðja þig að leggja penínga út fyrir þettað, jeg veit ykkur leiðist ef til vill að gjöra þettað, en mjer hálfleiðist að segja það þjer, svo jeg gjöri það að skrifa það til þín,

Nú hef jeg ekki annað til baka en að biðja þig að bera kæra kveðju mína allri fameliunni með bestu ósk um Gleðileg jól og gott nýtt ár sem jeg og óska ykkur öllum, af heilum hug, kistu blessaðan litla Jón, nú er hann víst duglegur að lesa, og skrifa, Anna er inndæl stelpa, hún er að þekkja stafina hjá afa sínum, ósköp þækti mjer vænt ef Emma vildi vita fyrir mig hvað einn gamall árgangur af þeim gulu dame tidende mindu kosta, hún veit hvar það er, heilsaðu til Valtýrs, með bestu kveðju til þín og Emmu er jeg þín einlæg systir Gunna.

Akureyri 4/1 95,

Kæri bróðir!

Gott og gleðilegt nýtt ár óska jeg þjer og þínu húsi, sömuleiðis þakka jeg þjer fyrir þitt góða brjef, sömuleiðis Emmu þakka jeg líka mjög vel fyrir bæði sín brjef, jeg get ekki skrifað henni núna, jeg er svo lasin, jeg er altaf eins hvert kastið á fætur öðru, öll Jólin og Nýárið var jeg svo ógn slæm, en er nú að skána í þettað sinn, köstin eru alveg eins slæm og þaug voru áður, nú þarf ekki að kenna um að jeg fari of mikið út, jeg kom aldrei út fyrir dyr, að heita megí, svo er altaf heldur að verða meir og meir tilkenníng undir síðunni, það situr víst eitthvað eptir, að öðru leiti líður mjer vel. jeg á hjer mjög gott enda þarf jeg þess með, jeg á miklu bágara, með að bera þessi veikindi, nú en áður, þá auðvitað sje að maður á að taka það með skynsemi og ró.

Jeg hef nýlega frjett frá Guðnýu, þeim leið mikið vel, nema pestin var þá búin að drepa hjá þeim yfir 30 falleg lömb, það er mikill skaði, bara að það hafi setið við það, það er hætt við hún haldi áfram þegar hún er komin, Líka fjekk jeg brjef frá Ingólfi, hann sýnist koma sjer vel þarna, hann verður þar næsta ár, við viðunanleg laun, segjir hann, jeg vona að hamíngjan gefi að það gáangi vel, Ingólfur var gott barn, og hlýðið, en það var Villi líka, jeg þekti ekkert ílt í honum, sem ungling, og var aldrei hið minsta hrædd um hann, svo það er sárt ef hann ekki sjer, að sjer, og ef til vill sárara fyrir mig en ykkur hin.

Jeg hef lagt meira í sölurnar fyrir Ingólf og Villa en systur alment gjöra, sjá það alt vera að eingu, þyngra en frá megí segja, en það dugar ekki að tala um það, nema að reina að taka því vel, frjettir eru víst fáar enda skrifar Pabbi þjer, og Klemens, þær, litlu stelpurnar eru frískar, litla Karen er altaf að koma til,¹ hún er mikið skemtílegt barn, hún syngur hvaða lag sem hún heirir, en hún talar lítið, Anna þekkjir stafina, nú er Jón víst orðin læs, hann ætti að skrifa Faster einu sinni svo hún sæi hvað honum fer framm að skrifa, blessaður dreingurinn, heilsaðu allri fameliunni frá mjer, ef þú sjerð dr Friis, Jóni og Emmu kærlega. segðu henni að ekki hafi jeg meiri von um bata, hún er nl. að segja mjer að vera vongóð, en mjer finst ekki jeg hafa ástæðu til þess, nú hætti jeg og verður þú að taka viljan fyrir verkið, með kærri kveðju, þín einlæg systir Gunna.

Viltu gjöra svo vel ef þú veist hvar Björg er, að senda henni þettað brjef, en annars til baka, það er frá systur hennar.

Akureyri 27/2 95

Kæri bróðir

Bestu þakkir fyrir þitt góða brjef síðast, ekki fær þú langt brjef frá mjer í þettað sinn, enda hef jeg ekki margar frjettir, jeg hef eitt kastið núna og er búin að hafa það í 14 daga svo jeg vona nú að það fari að mínka aptur, jeg er gróflega slæm,

¹ Karen Emilie, yngri dóttir Klemensar og Þorbjargar, var fædd 6. maí 1893. Hún var þroskaheft.

núna, það getur vel verið að það sje misskilningur með dr. Friis, ekki skalt þú vera óánægður með sjálfan þig. Þó þú ekki gætir hjálpað, mjer að komast seinni ferð, heim eins og þú kemst að orði, fyrst og fremst hefðir þú gjört það ef þú hefðir getað, og annað hitt, að óvíst er að mjer hefði [liðið]. svona vel, ef jeg hefði farið til Reykjavíkur eins og mjer líður hjer, mjer getur ekki liðið betur, og jeg er mjög vel ánægð hjer í alla staði, þaug eru mjer bæði hjónin, svo innilega góð, enda þarf jeg þess með, aldrei batnar mjer meir.

Ekkert fjekk jeg brjef frá Villa, en Klemens fjekk, hann þykist muni gánga upp í vor, guð veit hvort það verður, eingin veit hvað jeg tek mjer þettað, nærri, en kannske þettað fari alt betur en maður hugsar, Engel er stilt í vetur, og heldur sig heima, en það er of seint, að byrga brunninn þegar barnið er dottið ofaní, hún er eins glöð og ekkert hafi í skorist, Villi skrifar henni altaf, Já það er víst satt að betur væri að hann hefði látið hana fljúga, jeg er hrædd um að hún verði aldrei trigg. Villi var of gott barn til að fara illa, Ingólfur kemur sjer mjög vel hjá þessu fólki, og er það ekki lítið gott, þú spirð hvert Guðný viti með Villa, já jeg hef skrifað henni það, það vita allir hvort sem er, elsku Finnur minn ef þú getur þá liðsintu bróðurlega Villa ef þú getur, hann hefur hrasað, en þá eiga þeir sem sterkari eru að reisa við og hjálpa, jeg get ekkert en vilja vantar mig ekki en það er ekki nóg, mjer er alveg sama hvaða árgang jeg fæ af gulu blöðunum eptir 90. það ekki Klemens þig í vetur eða haust um eitt lóð af giltum ektavír?

Biddu Emmu blessaður, að útvega mjer nál í Morfínsprautuna mína, jeg átti eina en lánaði læknum hana handa veikum manni, en hún brotnaði, Emma veit jeg kom henni í aðgerð en tók hana aldrei aptur, hún fæst ef til vill heldur ekki, en bara á aðra nýa, jeg skal borga hina, heilsaðu Emmu og Jóni kærlega frá mjer, ekki þykkja jeg það við Emmu þó hún ekki skrifi mjer, jeg veit það er af leti, en öðru ekki, það gleður mig að Jón litli er frískur og góður drengur, hann er óheimskur, heilsaðu allri Fameliunni frá mjer, líði ykkur öllum eins vel, og óskað fær þín elskandi systir Gunna.

Akureyri 28/2 95

Kæri bróðir!

Gott og gleðilegt nýtt ár óska jeg ykkur öllum, þá eru þessi jól liðin, gott hvað líður, fyrir mig, jeg er orðin þreitt og vildi helst fá hvíld, en það bíður sjálfsagt lengi lengi en. ekki af því að mjer líði ekki vel. jú jeg á svo gott sem mögulegt er, að öllu leiti, sem þaug geta að gjört, Klemens og Þorbjörg, en jeg er altaf slæm núna, eitt kast síðan í október, ekki upp á það allra versta en altaf jafnt, aldrei að tala um að geta lagt sig út af næstum í 3 mánuði, það er lánkur tími, en núna síðustu 2 nætur hef jeg getað ofurlítið lagst niður svo það er heldur að skána aptur, en jeg var líka frísk í alt sumar svo jeg má ekki vera vanþakklát, eða gleima því sem gott er, en maður verður svo þreittur, okkur leið vel um jólin að öðru leiti.

Nú er þá Engel búin að segja skilið við Villa, jeg álfít það stórt lán að hann er

laus við hana. eins og það var stórt ólán að hann nokkur tíma þekti hana. hann virðist að hafa tekið það rólega en jeg er hrædd um að það hafi eptirköst, hann er dulur og tilfinninganæmur, honum hefur víst þókt fjarska vænt um hana. hvað hún hefur haft fyrir ástæðu vitum við ekki. en sagan segir hjer að hún hafi orðið svona skotin í þórði Guðjónssen, hann var hjer um tíma í haust. nokkuð var það að jeg vissi að hún hefði stefnumót með honum áður en hún sagði Villa upp og spásseraði með honum eins og hún væri hans unnusta en ekki öðrum bundin, hún er ófær í þessháttar sökum, hún er vitlaus í hverjum nýum strák sem hún sjer, ónkel hennar Havsteen er fjarska reiður við hana. og Móðir hennar ætlaði að verða vitlaus af reiði, sem sagt öll famelian var í uppnámi, svo hún á víst ekki sjö dagana sæla. það hjelt alt svo uppá Villa, hann var heppinn að vera hjá þessu góða fólki einmitt í þessum kríngumstæðum, en hvort hann heldur áfram með að hugsa um að fara til Hafnar aptur veit jeg ekki, en hvernig sem alt fer, þá er gott að hann er laus við hana.

Ingólfur trúlofaður. Það er eins og ekki þurfi neitt annað um að hugsa, fyrr en það er búíð, fyrir þessum dreingum, mjer finst þeir ættu fyrst að sjá svo fyrir að þeir gætu sjálfir haft framtíð áður en þeir fara að binda sjer stúlku, nei bara að fá hana þó þeir hafi ekkert að bjóða nema sjálfa sig. en þeir um það. þettað er stúlka af góðu fólki, heldur víst í góðum efnum. Ingólfur skrifaði síðast að skeð gæti að hann fengi pláss sem væri betur launað en þettað sem hann hefur og væri það gott. líklega hugsar hann ekki til að gipta sig strags. jeg held hann ætti að fara á presta-skólan,? hann þarf ekki að verða prestur fyrir það, en það væri ef til vill gott að geta gripið til þess,

Nú er dálítið sem mig lángrar til að biðja þig eða Emmu, stórrar bónar, sem er að fara til Grosserer Holger, Petersen, hann býr á Kaupmakaragötu einhverstaðar í No 40, jeg man ekki uppá víst númerið, og vita hvert hann vill ekki senda mjer vörur fyrir eins 100. kr. það ætti að vera líkt því sem hann sendir frú Svendsen í Reykjavík, það er allrahanda smávegis, frú Svendsen sagði mjer að. maður sendi penínga eptir á til hans, jeg ligg hjer með brjef frá henni, svo getur þú betur skilið mig, skeð getur að þú þurfir að gánga í ábirð fyrir mig en það ætti ekki að geta orðið þjer til skaða, það máttu reiða þig á, heldur get jeg ekki skilið að þú getir ekki verið þektur fyrir að gjöra þettað, en ef svo er lætur þú mig vita það, þá verð jeg að biðja einhvern annan, jeg er nl. að drífa upp dálitla verslun, nú sendi jeg fróken Jónassen 70 kr. sem hún á að kaupa fyrir ýmislegt áteiknað og það sem heirir til fínum hannyrðum, jeg hef selt í vetur töluvert, jeg verð að kaupa borgara-brjef í vor, jeg vona þú reiðist mjer ekki, fyrir þettað kvabb. Þorbjörg biður Emmu blessaða að kaupa nóg af svarta garninu í teppið góða sem aldrei verður nóg í, heilsaðu kærlega Emmu frá mjer, kystu Jón frá FASTER opt og vel, svo hef jeg ekki annað en óska þjer og þínum alls hins besta, kær kveðja til Famelíunnar, vertu blessaður og sæll. Þín elskandi systir Gunna.

Mjer er ómögulegt að finna brjefið frá frú Svendsen, mjer þykir það svo leiðinlegt að geta ekki sent það, það sem hún fær frá Holger Petersen er allrahanda smá-

vegis tvinni, bendlar, silkitau en ekki mikið af því, garn, tölur yfir höfuð alt smá-vegis, en þeir vita mikið betur þar uppi hvað gott er að senda hingað, bara biðja þá um að senda mjer sína ögnina af hverju sem þeir senda, frú Svendsen, fyrir svo sem 100 kr. þettað er leiðinlegt kvabb, en jeg vona þú skiljir mig og forlátir um leið þinni systur Gunnu.

Akureyri 27/6 95

Kæri bróðir!

Bestu þakkir fyrir, víst tvö brjef sem jeg hef ekki þakkað, sömuleiðis þakka jeg kærlega fyrir, gulu blöðin, sem mjer kemur svo fjarska vel að fá, einkanlega af því að jeg hef nokkrar stúlkur til að kenna, og vona að fá fleiri með tímanum, það er reindar ekki mikil borgun sem jeg fæ, en það er þó betra en ekkert, það er þá meðvitundin að hafa unnið fyrir því sjálf, Jeg er að hugsa um að setja alt sem jeg fæ af peníngum, í að panta mjer smávegis til útsaums, til að selja hjer aptur, her er alt þessháttar útgengileg vara það fæst ekkert hjer, en verst fyrir mig er að fá einhvern til að kaupa fyrir mig, það þarf að vera einhver sem þekkir vel til bæði hjer og þar. helst er jeg að hugsa um að biðja Fröken Jónassen, hún er svo vön að kaupa, en hvort hún vill gjöra það er óvíst.

Hjer verð jeg næsta ár, mjer líður ágætlega vel. nema hvað jeg fæ altaf þessi vondu köst, þaug eru als ekki minni en þaug voru, samt hef jeg verið bærileg síðan um miðjan fyrri mánuð, en nú er það líka að birja aptur, það verður aldrei öðruvísi úr því það kom aptur, Ekki ætla jeg að tala um hvað mjer þykir leiðinlegt með Villa, samt gott að hann er komin heim, hvað sem við tekur, nú er gamli Halldór búin að segja af sjer, svo það hefði þá verið gott ef hann hefði verið búin, eithvað losnað, sem hann hefði fengið, en nú fær hann ekkert, hvað þýðir þó hann sje ef til vill vel að sjer? þegar prófið vantar, maður getur ekki annað en tekið sjer það nærri,

Nú er Engel komin hingað, hún á að vera hjer í sumar, Klemens og Þorbjörg vildu endilega reina að hafa hana, ef hún gæti stilsts ofurlítið, hún er búin að vera í viku, og hefur verið mikið almenileg, hún er vel gáfuð og skemtileg, þettað er únglingur, og vona jeg þessvegna að hún lagist, jeg skal í það minsta gjöra alt sem jeg get, til þess að hún geti orðið manneskja.

Öllum líður hjer vel, litla Karen er altaf að batna, Klemens fór með Lauru þann 20. og Pabbi líka til Stykkishólms, og þaðan vestur að Sauðafelli til að vera þar í sumar, hann fór með „Laura“ af því hann lángaði svo fjarska mikið til að sjá vestfyrði, Þorbjörg fjekk í gær brjef frá Klemensi skrifað á Ísafirði, hann segjir að Pabbi sje ekki svo mjög sjóveikur, Jeg bið að heilsa Emmu kærlega og þakka henni fyrir kaupin, jeg skrifa henni með „Laura“ næst.

Ögn þókti mjer leiðinlegt að jeg náði aldrei í Apótekan til að senda með honum penínga, jeg var þá svo veik, en jeg sendi peníng með „Lauru,, og þá læt jeg þína fylgja með, en líklega verð jeg að biðja þig að sækja þá upp til Kristíns Havsteens, það er svo leiðinlegt að ávísa svo litlu, jeg ætla að borga henni hjer, en get ekki núna, hann er á Siglufirði, kistu Jón litla, það gleður mig að hann er orðin svo

flínkur, hann sækir sig, nýlega hef jeg fengið brjef. bæði frá Guðnýu og Ingólfi og leið þeim báðum vel. Þorbjörg biður að heilsa ykkur kærlega. jeg bið að heilsa allri famelúnni og óskaði mákonu þinni til lukku í huganum í gær, líði þjer svo eins vel og best fær beðið þín elskandi systir Guðrún Jónsdóttir.

Það gladdi mig að þið Villi urðuð sáttir, jeg veit ef þú getur hjálpað honum með að ná í einhverja stöðu.

Akureyri 19. ágúst 1895

Kæri bróðir!

Ósköp þótti mjer leiðinlegt að sjá ekki eina línu frá þjer með Thyra! en jeg íminda mjer, að þið hafið verið að ferðast, en ekki neitt annað verra, Mjer líður eins og vant er, köstin alt af við og við, en bærileg á milli, nú allgóð í 3 vikur, að öðru leiti líður mjer vel. mjög vel. Þorbjörg er mjer góð, ekki vill hún að jeg fari í burtu frá þeim, jeg get nú líka gjört ekki svo lítið þegar jeg er frísk, hjer er nóg, það er stórt hús, mikill gestagangur og nóg að sauma, sem hún annars þyrfti að kaupa ef jeg ekki væri, Karen litla er altaf að batna, hún er nærri altalandi, en ekki farin að gánga nema með, Anna er vel greind og skemtileg og heldur mikið uppá mig.

Veðrið er svo ógn leiðinlegt í sumar, alt af súld og kuldi, einn og einn sólskinsdagur í einu, jeg fór út að Möðruvöllum í gær, þar er mjög fallegt, og, gott að koma. Jeg þoli að ríða ef jeg hef þýðan hest, fyrir ekki als laungu fjekk jeg brjef frá Ingólfi, sem lætur mjög vel af sjer, og Guðnýu sem líka gjörir það, nema hún er, rjett að því komin að leggjast á sæng að 4 barninu, og er það vel mikið. Pabbi kann vel við sig hjá henni en kemur hingað samt aptur 4 sept. Villi hefur von um að komast að Latínuskólanum í vetur, Klemens skrifar að hann sje alveg reglumaður, ekki einu sinni bjór með mat, kanske að alt fari betur en áhorfðist, það er mín stærsta ósk og von.

Þorbjörg biður að heilsa ykkur kærlega og biður þig ef að móðir hennar er í Höfn, þá að senda henni brjefið sem er hjer innaní, en ef hún skyldi vera farin, þá biður hún þig að láta sækja kassa sem er á Blegdamsvej N 104 annen sal, fröken Juby, það er glas taug í honum sem á að kaupa eptir, og biður hún ykkur að gjöra það ef svo fer að hún er farin, 8 glös af Sjerríglös, 6 af hverru hinna, 5 ísdiskar, 4 kökudiskar, 4 pör heil, og eina undirskál, 6 lampaglös. brotnu karöfluna til Drewsen á Austurgötu, og fá í hana glas. bollapörin eiga að vera eins og undirskálin. Emma var með að kaupa það, blár hángi á yfirbollanum, 4 pund af faldssæbe. hvort sem frúin er farin eða ekki.

Blessaður sendu epli eins og í fyrra. þaug voru ágæt, seinast með Thyru það hún um smávegis, heilsaðu kærlega Emmu og Jóni, jeg hlakka til að fá mynd af honum, blessaður dreingurinn hvað það er gaman að honum gengur vel að læra. þettað er ílla skrifað brjef en pennin er líka slæmur! heilsaðu allri famelúnni d. Friis ef þú sjerð hann, Klemens sendir þjer víst það sem hann kemur til að skulda þjer í haust. lífðu svo eins vel og best fær beðið þín elskandi systir Guðrún.

Akureyri 6/9 1895

Kæri bróðir!

Bestu þakkir fyrir brjef, bæði frá Emmu og þjer, jeg skrifaði þjer með, Ásgeir, í gær komu Pabbi og Klemens heim, og get jeg ekki annað en sagt, að mjer þókti vænt um. að sjá þá báða. Pabbi er víst lukkulegur yfir að vera komin heim, aptur. og þá Klemens ekki minna, Jeg hef verið óvanalega leingi frísk núna, eitt kast í júlí og ekkert síðan, og finn ekkert til en þá, kanske mjer sje að batna aptur, guð gæfi að svo væri, altaf lángr mig til að verða svo að jeg sje ekki upp á aðra komin, það er ekkert sem jeg tek eins nærri mjer og það, ekki einu sinni að vera heilsulaus. jeg reindar gjöri mikið hjer, þegar jeg er ekki veik, þá er jeg ekki ómagi. Jeg hef líka 6 stúlkur 3var í viku til að kenna, og tek 2 kr. um mánuðin fyrir hverja. það vinn jeg fyrir sjálf. annað hef jeg ekki núna. en það er líka nóg.

En hvað það var gaman að fá mynd af ykkur, ástarþakklæti. Jón er inndæll dreingur öllum líst svo vel á hann, kistu hann marga kossa, fyrir mig, það er fallega gjört af honum að biðja svo vel að heilsa mjer. Jeg hugsa opt um hann. hann er góður dreingur.

Jeg má ekki vera að núna að skrifa Emmu. en fái jeg lambskinn skal hún fá þaug með næstu ferð, jeg hef fyrir laungu lagt drög fyrir þaug, hún skal ekki hugsa að jeg hafi verið erkileg út af kaupunum, því það var lánt frá því, en mikið vantar í teppið en. svo það var rjett hjá mjer, þettað hefur ekkert verið sem þær í Klosterstræde ljetu til að fylla upp með, þær hafa fallega snuðað okkur, en það gjörir ekkert til, jeg fæ garn annarstaðar frá. Villi kemst ef til vill að skólanum í vetur, en annars fær hann víst ekkert að gjöra, Engel hefur verið hjer í sumar, hún er ekki slæm stúlka, en alin upp, í stjórnlauðu eptirlæti, það er hennar stóri skaði en greindari stúlku hef jeg ekki þekt og vel þrifin og mindarleg, hvernig það fer er ekki gott að sega, Ingólfi líður ágætlega. Guðný nýbúin að eignast númer fjögur, sem heitir Ragnar. það er helst sem of mörg börn, heilsaðu Emmu og Jóni kærlega frá mjer, sömuleiðis allri familfunni, líði þjer ávalt eins og best fær óskað þín einlæg systir Guðrún Jónsdóttir.

Akureyri 12/4 96

Kæri Finnur!

Mörg brjef hef jeg víst að þakka þjer, og frá Emmu, hef jeg tvö brjef að þakka, sem jeg gjöri hjer með kærlega. Jeg get ekki skrifað henni núna, jeg hef meira fyrir að skrifa á dönsku, jeg er nl. svo lasin núna. einn dagin þegar Vesta átti að fara, var jeg svo ógn slæm að þá gat jeg ekkert skrifað, en svo varð jeg þá en þá verri, því jeg varð viðþolslaus um alla Páskana, en er nú komin á fætur, en er fjarska máttfarin, svo jeg á bággt með að skrifa, blessaður Jón verður líka að eiga hjá mjer sitt brjef, en hvað hann er farin að skrifa vel, það gleður mig hvað honum gengur vel að læra.

Þakka þjer kærlega fyrir ómakið sem þú hefur haft við að fara til Grosser Pet-

ersen. mjer þykir vænt að eiga þig að með það, í allri þessari vesöld hef jeg ekki getað gjört neitt mjer til gagns, en með næstu ferð vona jeg, að vera búin að geta leist borgarbrjef. náttúrlega með Klemensar hjálp. en hann er búin að lofa mjer að hjálpa mjer með það, jeg skil ekki annað en að mjer geti gengið vel með þettað, verst er að fá hjer leigt herbergi á hentugum stað, nálægt því hjer heima get jeg haft það, jeg fer ekki framm á það, því jeg held þeim þækti það leiðara, en neita mjer um, það gjöra þaug ekki, í sumar ætla jeg að halda skóla fyrir minni stúlkur, jeg fæ skólan til þess sem er hjer rjett hjá, jeg vil reina til með öllu móti að geta verið sjálfbjarga, en það er ekki svo gott heilsan skamtar, og maður hefur ekki gagn af þó maður hafi kunnáttu og hæfilegleika til einhverra starfa, jæa fegin vil jeg eiga þig að með þettað þegar þar að kemur. jeg get líka fengið dálítið lán til að birja með svo sem 200. kr. og það ætla jeg að taka.

Porbjörg biður að heilsa þjer, og biður þig blessaðan að kaupa fyrir sig Albúmið þó hún sendi ekki peníngana, (þjer er það óhætt, jeg skal ábyrgast þú skalt fá þá.) hún biður þig að hafa ekki fleiri en eins og hjer um bil 12 Pabihettsmyndir, því það er svo sjaldan að maður fær þær, þá má gjarnan vera 2 til 4 kr. dýrara, en hún tók til um dagin, bara það sje fallett og stórt og helst hæðstmóðins ef að nokkuð er, Klemens veit ekki af því, fyrr en það kemur. helst með næstu ferð óskar hún að fá það, líka biður hún ykkur í öllum bænum, að senda sóða í tunnu, hjer eru þaug vandræði að fá hann og svo er hann svo dýr, en varaðu þig á að láta bækur eða þessháttar þar á, það er svo hætt við að sóðin höggvi það í sundur, það gjörði hann síðast, líka biður Klemens þig um tvö slíps, til uppistandandi flippa til selskabsbrug, annað hvítt en hitt svart. heilsaðu innilega Emmu og Jóni frá mjer, jeg skal skrifa henni langt seinna, heilsaðu allri fameliunni, líði þjer vel, þín elskandi systir Gunna.

Akureyri 11/6, 96

Kæri Finnur!

Bestu þakkir, fyrir þitt síðasta brjef, að eins fáar línur í þettað sinn. við erum að ríða á stað í brúðkaup að Prastarhóli, hjer út frá, svo þú getur nærri að það stendur ekki lítið til, Anna er í sjöunda himni, hún á að fara, jeg held að Pabbi sje eins glaður, yfir að fara, eins og hún, það er satt að tvisvar verður gamall maður barn.

Jeg er bærileg sem stendur, heldur er jeg altaf að skána, finnst mjer, það líður lengra á milli, kastanna, kannski það eldist af mjer, jeg er alt af að vona það, Porbjörg biður kærlega að heilsa ykkur með miklu þakklæti fyrir öll kaupin, henni líkaði það alt vel, helst þókti henni að sínu kjólaefni, að það var blátt, en hún er vel ánægð, með það, það er svo dæmalaust gott, hún lætur ekki sauma hann að svo stöddu, hún er nokkuð gild, hún á von á erfínga, bara það verði drengur, hún er ekki vel frísk, hún finnur til sinna gömlu veikinda, sem er mjög sorglegt, lítið vill hún láta tala um það, þó jeg segi þjer það.

Albúmið er inndælt, hefði mátt vera heldur stærra, við sendum peníngana núna

og bestu þakkir fyrir það alt, Emma má ekki vera reið við mig þó, jeg ekki hafi svarað henni, síðan hún skrifaði mjer, jeg gjöri það með Vestu næst, hún hefur skrifað mjer tvisvar, sem var fallega gjört af henni, heilsaðu henni innilega frá mjer, sömuleiðis Jóni, jeg ætla að skrifa honum til fæðingardagsins, vill Emma hafa eitt gæruskinn en þá? jeg get það vel í haust.

Jeg hef nýlega frjett frá Villa, það gengur vel með hann, og er jeg ekki lítið glöð yfir því, Guðnýu leið líka vel síðast og Ingólfi, Nú hef jeg ekki meira held jeg, jú ekki hef jeg fengið Borgarabrjef en, hjer er svo ómögulegt að fá leigt herbergi, það er hvergi til, en hjer í húsinu get jeg ekki selt. jeg held að Klemens vilji það síður, jeg fer ekki framm á það, alt gjörir hann sem jeg bið hann, þaug eru mjer einstaklega góð, bæði, heilsaðu allri familfunni, vertu marg blessaður, alla daga og fyrirgefðu flítinn þinni elskandi systur Gunnu.

Klemens skrifar þjer víst um þettað sem Guð. talar um út af Pabba, jeg vil víst vera með í það, það er vel til fallið um þessi tugsmót á aldri hans, þín sama Gunna.

Akureyri 2/7 96

Kæri Finnur!

Fáeinarn línur verð jeg að hripa þjer, þó aldrei væri nema til að afsaka, að penín-garnir ekki komu um dagin, það kom af því að bærin var ekki svo ríkur, að hann gæti átt danskan sedil, jeg kom of seint til póstmeistarans, en nú er hann fengin, þú fyrirgefur þettað, en tvær krónur verða að bíða þar til við sendum fleiri penínga, annars biður Þorbjörg kærlega að heilsa þjer og biður þig að taka hjá Theodór Jensen tólf krónur sem hún á hjá honum, ef þú færð þær tekur þú náttúrlega þessa 2. kr. þar af, en geimir hinar, til seinna.

Jeg er altaf frísk núna, síðan á Páskum, að heita má lítils háttar einu sinni, það er mikill munur eða hefur verið, þú getur nærri að jeg er glöð yfir því, jeg hef nóg að gjöra, enda þykir mjer það miklu betra, það er svo undur þreitandi að vera ómagi, bara jeg gæti orðið sjálfstæð aptur, ekki af því að jeg á hjer einstaklega gott, og er velkomin, en þegar maður er komin á þessi ár vill maður helst vera sjálfs sín ráðandi, ekki hef jeg fengið borgarabrjef en þá, en vona að geta fengið það bráðum, ef jeg fæ heilsu aptur, þá held jeg að mjer sje ekki vorkun að vinna fyrir mjer.

Jeg hef verið að hugsa um það sem þú skrifaðir um Pabba, jeg held satt að segja að hann kæri sig ekkert um að fá neinn hlut, hann gjörir svo fáar körfur til lífsins þægilegheita, það eina sem hann hefur ánægu af eru bækur, alt annað er honum sama um, en kannske þettað sje vitleisa úr mjer, hann er altaf vel frískur, og glaður að sjá. betur getum við talað um þettað.

Jeg hef skrifað Emmu fáar línur, jeg er löt að skrifa, og minst lætur mjer að skrifa á dönsku, svo jeg dreg það mjer til skammar, nú hef jeg ekki meir, nema að kveðja, Klemens hefur svo mikið að gjöra og skrifar því ekki, kveð jeg þig með

bestu óskum um góðan bata, það gleður mig að þú tekur þjer frítt, þjer veitir ekki af með óskum bestum til ykkar allra, þín elskandi systir Gunna.

Kærar þakkir fyrir Gulu blöðin, mjer þykir fjarska vænt um að fá þaug. Klemens biður að heilsa þjer kærlega, og biður þig að láta setja gler í gleraugun, svo óheppilega vildi til að þaug dattu í gólfið, með kærri kveðju, þín Gunna.

Akureyri 8/8 96

Kæri Finnur!

Ekkert hef jeg að skrifa nema þakka þjer fyrir brjef og lukkuósk, ekkert hjelt jeg upp á fæðingardagin núna, jeg á hjer einga vini utanhúss svo jeg kærði mig ekki um það, jeg hugsaði til Jóns litla þann 3ja og óskaði honum heilla í huganum, altaf er jeg frísk núna, í alt sumar, gott svo lengi það varir, ílla gengur mjer að fá hús, ekkert hef jeg fengið en, hjer er sú ógnar ekla á þessháttar, en skeð getur að jeg geti fengið hús í haust, mig lángrar svo fjarska til þess, þegar maður er komin á þessi ár vill maður helst hafa nokkuð fyrir sjálfan sig, það er þreitandi að þurfa að þygga af öðrum þó með góðu sje veitt.

Nú ætlar víst Villi að sigla, hann hefur víst von um hjálp, ekki frá Wathne, það hefur brugðist, það hefur ekki reinst Villa eins gott og mjer, hvar sem það liggur í, Wathne er víst mikið breittur eða er að breittast, bara að Villa verði þettað til gagns, jeg er svo hrædd um hann, hann er svo veikur fyrir, ekki tala jeg um hvað vænt mjer þækti um að hann næði prófi, en ekki er jeg hvatamaður að þessari siglíngu, guð ræður en mennirnir þinga, öllum líður vel hjer, Þorbjörg fer víst að falla úr sögunni bráðum seint í þessum mánuði, bara að það gángi alt vel. almennar frjettir í blöðum, jeg er nýbúin að fara út í skógin, fjekk ágætt veður, var með skemtilegu fólki, við fórum í Þórðarstaðaskóg, hann er furðu stór, Jeg bið kærlega að heilsa Emmu og Jóni, sömuleiðis famelfunni, nú hef jeg ekki annað en að óska þjer alls góðs, sjerstaklega góðs bata, þín elskandi systir, Guðrún.

Akureyri 9/9 96

Kæri Finnur!

Bestu þakkir fyrir brjef þitt, með „Thyru“ fáeinar línur ætla jeg að hripa þjer, jeg er nl. ekki frísk núna, jeg hef haft kast, en þó ekki upp á það allraversta, svo er það líka að skána aptur, enda kemur það sjer betur, Þorbjörg er altaf hálfslasin, en altaf eða optast á fótum.

Eplin komu óskemmd, og vel hínagað, þaug eru ágæt, bara að þið nú fáiið nokkuð kjöt, hjer görði það afarveður svo eingin komst eða kemst með kindur, Kl. er svo sem ekkert búin að fá en þá, en hann á von á því hvenær sem komist verður með það, svo við vonum að þú getir fengið það sem um er talað með „Thyru“ rjúpur verður líklegast hægt að fá líka, að allir halda.

Pabbi varð ákaflega glaður yfir sendingunni enda var það líka fallega úr garði gjört hvortveggja, og það eina sem honum kom vel, svo það var heppilega valið, hann var glaður og kátur þann dag, við óskuðum ykkur hingað, en þar við sat, hann er lasin núna, í gær og dag, annars er hann altaf vel frískur og fer furðulítið aptur, það þykir okkur svo vænt um að hann er frískur, hann er ekki góður í lund ef eitt-hvað er sem ábjátar, hann er líka orðin gamall, en betra getur hann ekki átt, allir góðir við hann, og alt sem hann þarf hefur hann, Kl. er honum mjög góður, opt uppi hjá honum, það þykir þabba svo gaman, Þorb. er líka mjög notaleg, hann hefur miklar ánægu af litlu stúlkunum, þær eru opt inni hjá honum, sjerstaklega er Karen elsk að honum, hún er líka meira inni en hin, Litli dreingurinn dafnar vel. stór og falletur. hann er með dökkt hár, það þókti mjer vænt um.

Pakka þjer kærlega fyrir gulu blöðin, það er skömm að taka altaf við þeim, en mjer kemur það svo undur vel að fá þaug, Gott er að þú ert að skána, það er leiðinlegt að gánga altaf lasin, jeg trúi því vel að Jóni hafi þókt gaman á landinu í sumar, hann er orðin svo stór og mikill maður. Ekkert ætla jeg að tala um hvað ílla mjer fellur, að heira um Villa, það er nú það sem liggur þyngst á mjer núna, það er óttalegt að vita hann á þessum flækíng, kanske svángur, og allavega ílla ásigkomin, en sjálf að hafa alsnægtir, og geta ekkert hjálpað honum, það sker mjer meir en frá yði sagt, mjer þókti aldrei vænt um að hann færi þettað núna aptur, og vildi helst að hann hefði verið kyrr, því hann nær svo aldrei prófi hvert sem er, en það dugar ekki að tala um það, það verður að hafa sinn gáng, mjer finst samt að þú sem eldri ættir samt að reina að gjöra eitthvað, þá bara að koma honum heim, áður en hann fer alveg aptur í hundana, en það er kanske ekki svo gott, heilsaðu kærlega Emmu og Jóni, jeg skrifa henni með „Thyru“ sömuleiðis bið jeg að heilsa familfunni, líði þjer svo eins vel og best fær óskað, þín elskandi systir Guðrún.

Akureyri 4/12, 96

Kæri bróðir!

Bestu þakkir fyrir þitt síðasta brjef, jeg segji eins og þú, segjir um mig, jeg er glöð yfir að þjer er að batna, jeg vona að það haldist, heldur held jeg, að jeg mætti fara, heldur en þú, sem hefur svo mörgu af að ljúka og mikið um að hugsa. átt konu og barn, guð gefi þjer líf og heilsu, til að ljúka þínu vel birjaða æfiverki af í öllum greinum.

Jeg er líka svo ósköp glöð yfir að þú ert búin að taka Villa undir þína vernd, hamíngjan gefi honum það lán að brjóta það ekki af sjer aptur, kanske alt fari betur, en maður hugsar, jeg veit úr því þú tekur þig af honum þá gjörir þú alt sem í þínu valdi stendur, það er stór sómi fyrir þig, jeg íminda mjer að Klemens gjöri það sem hann getur, jeg hef skrifað, Guðnýu og Ingólfi um að styrkja hann eptir því sem þaug geta, ef allir legðust á eitt, þá ætti það þá að muna hann dálítið, þú getur ekki trúað hvað mikið jeg finn til þess að geta ekkert, en það dugar ekki að tala um það, jeg á 5 kr. í eigu minni, og þær sendi jeg honum, svo gefur Klemens

mjer æfinlega eitthvað af peningi í Jólagjöf, jeg ætla líka að senda hann, sem sagt ef jeg eignast eirir skal hann fá hann, en það er eins og dropi í hafið, bara jeg gæti selt búníngin minn, þá væri það góður skildíngur, en það get jeg ekki fyrr en að sumri, en jeg er að hugsa um að fá lán einhversstaðar, upp á það, jeg vildi alt til vinna að hann næði prófi, það fer sem auðið er.

Í alt haust hef jeg verið meir og minna lasin, en ekkert kast fyrr en nú, í nokkra daga hef jeg verið slæm, það kom mjer heldur ílla, því hjer var stórt gildi þann 30 sl.m., litli dreingurinn var skírður,¹ en jeg gat þá búið til matin með því að harka mikið af mjer en ekki gat jeg setið við borðið, litli Agnar er innðæll dreingur, stór og fallegur, dökkblá stór augu, en heldur þykir mjer hann slæmur á nóttunni, jeg hef altaf haft hann, því Þorbjörg er altaf svo lasin, en er þó heldur betri nú um tíma.

Nú fáid þið rjúpur og kæfu, jeg vona að hún sje góð, það getur skeð að ykkur þyki hún of kridduð en Klemens vill hafa svo mikið í henni, og jeg verð að búa hana alla til í einu, kjötið vona jeg líka sje gott, en því miður get jeg ekki sent skinnið núna, af því jeg vissi ekki fyrr, en þið skuluð fá það seinna, það er víst alhægt að fá það, Jeg er svo leið út af að geta ekki fengið neinstaðar hentugt herbergi, svo jeg geti höndlað svolítið, það væri þá framtíðarvon, en það er ekki til.

Heilsaðu kærlega Emmu og Jóni, og segðu þeim að jeg er mjög ergileg þessa dagana, jeg hef týnt, litlu brjóstnállinni sem Jón gaf mjer einusinni í fæðíngardagsgjöf, jeg sje svo mikið eptir henni af því hún var frá honum, en þeir verða að missa sem eiga, jeg bið líka að heilsa fameliunni, góð jól og gleðilegt nýtt ár óska jeg ykkur öllum, bara jeg vissi að Villi liði vel um jólin, það væri mjer nóg jólagleði, fyrirgefðu flítishripið, við óskum alls hins besta til þín og þinna, er jeg þín elskandi systir Gunna.

Heilsaðu til Valtýrs, hvernig gengur þar?

Akureyri 2/1 97

Kæri Finnur minn!

Aðeins fáar línur til að óska ykkur öllum gott og gleðilegt nýtt ár, að það færi ykkur alla þá blessun sem mest má verða í öllu, þá eru þessar hátíðir liðnar, okkur leið svo vel á þeim, allir frískir og jeg bærileg, en samt er jeg altaf mjög, lasin, í allan vetur en sjaldan í rúminu, það skánar þegar vorar, í Jólagjöf fjekk jeg hjá Klemensi 20 kr. hjá Þorbjörgu slips og svuntu, og hitt og þettað smávegis, að aðfángadagskveldið höfðum við stórt jólatrje og 12 aðkomandi, á gamlárskveld var það aptur kveikt, þá var 10 aðkomandi, við vorum líka boðin út um jólin, svo selskapslífíð er nóg hjer, á morgun á að víga hið nýa leikhús með miklu stássi, ræðum, saung og balli á eptir.

Vænt, jú svo ósegjanlega vænt þykir mjer um að þú ert Villa innan handar, bara

1 Hér er átt við Agnar Stefán, son Klemensar og Þorbjargar, en hann fæddist 20. ágúst 1896.

guð gefi honum lán til að geta notið þess, jeg er altaf svo hrædd. nú er líka Engel komin til Hafnar, bara þaug rotti sig svo ekki saman aptur, það væri verra, það kæmi mjer ekki á óvart þó svo yrði.

Nú er Wathne komin til Hafnar, viltu heilsa þeim frá mjer kærlega ef þú sjerð þaug, jeg skrifa þeim ekki núna, Klemens rekur svo á eptir að jeg næ ekki skrifa meir, Heilsaðu kærlega Emmu og Jóni með bestu Nýárs ósk, sömuleiðis allri fameliunni, fyrirgefðu flítirinn, lifðu alla tíma sem allra best, þess óskar þín elskandi systir Guðrún.

Akureyri 15/3 97

Kæri bróðir

Bestu þakkir fyrir þitt síðasta brjef, ó hvað jeg varð glöð að sjá og heira að þið ætlið að koma heim í sumar, guð gefi að það komi nú ekkert í vegin, sem geti hamlað því að svo verði, hvað jeg hlakka til að sjá Jón, hann skal víst fá að ríða, þú spyrd um hvort þú munir geta fengið húsnæði á Akureyri, jú þó það væri, jeg held að Klemens yrði ergilegur ef hann hugsaði þú ljetir þjer detta í hug að vera annarsstaðar en hjá sjer, jeg hef ekki sagt eitt orð um það, þið eruð víst öll guðvelkomin, já víst margvelkomin, Klemens lyptist allur upp þegar hann las brjefið þitt, að jeg ekki tala um Pabba, ó hvað það verður gaman að sjá ykkur, en ekki þykir mjer dvölin hjer eiga að vera laung, bara 14 dagar, hefur þú skrifað Guðnýu að þið væruð væntanleg? hún er nýbúin að eignast dóttur 24 jan.

Þetta verður ekki lángt brjef, jeg er altaf svo veik núna, þá á jeg svo bágð með að skrifa, seint ætlar þettað að yfirgefa mig en samt er jeg þó nokkuð betri en þegar jeg var hjá þjer, já tiltölulega mikið betri.

Kistu Jón fyrir náлина, hún er svo gullfalleg, mjer þókti svo undur vænt um að fá hana, en í aðra röndina skammast jeg mín fyrir að hafa skrifað þjer um þá týndu, því jeg er hrædd um þú hafir hugsað jeg mundi vera að mælast til að fá aðra, en því fór fjarri, það var ekki mín meiníng, því jeg er ekki sníkin, en þakka ykkur kærlega fyrir hana, hún skal ekki týnast, kæra þökk fyrir gulu blöðin.

Bara Villi náí í próf, en það er ekkert við að gjöra nema taka því sem að höndum ber, hver er sinnar lukku smiður, guð hjálpi honum, ó að jeg gæti gjört eitthvað fyrir hann, móðir okkar bar hann svo mikið fyrir brjósti, en því miður er jeg aumíngi, Heirðu Finnur ef Jón ekki er búin að farga gamla cyklinum sínum, ætlar þú að láta Önnu litlu fá hann, hann er víst orðin honum of lítill núna, þú fyrirgefur þó jeg segji þettað við þig, það er jeg sjálf sem finn upp á því.

Porbjörg biður að heilsa ykkur kærlega með þakklæti fyrir kartöplunar og fræið sem kom í góðu standi, hún biður Emmu að gjöra svo vel, og útvega sjer tvær Okirgiur, jeg get víst ekki skrifað það rjett, en svona er það borið fram. líka biður hún hana um ofurlítið af fræi, af Aralíu, Emma þarf að hafa reiðföt elegant. Það var satt jeg gleimdi því sem ekki varð það minsta að óska þjer til lukku með að verða prófessor, það var ekki svo slorlegt, guð gefi þjer ætíð alt gott elsku bróðir,

nú hætti jeg með kærri kveðju til Emmu og koss í anda til Jóns, með þökk fyrir nálina elsku drengur, ó hvað það verður gaman að sjá hann, jeg má bara ekki hlakka of mikið til, þá er jeg hrædd um að minna verði úr, fyrirgefðu alt þetta ómerkilega rugl þinni elskandi systur Guðrúnu.

Akureyri 2/7 1897

Kæri bróðir

Bestu þakkir fyrir brjefið með „Vestu“ ekkert fjekk jeg með „Thyra“ Jeg hef nú eiginlega ekkert til að skrifa, nema bara segja þjer hvernig okkur líður, Klemens segir þjer alt sem þú vilt vita, og svo vona jeg að ekki verði langt að bíða þar til við fáum að sjást, jeg er farin að telja dagana, okkur líður vel, börnin hafa haft kíghósta, (mjög vægan) en eru nú að batna, svo jeg vona að hann verði alveg búin þegar þið komið, Anna hóstaði aldrei í nótt, en Kara einu sinni, svo það er stór bati, en Agnar er verri, hann byrjaði seinna, en við vonum að næsta vika, gjöri hann góðan, að öðru leiti eru þaug alveg frísk á milli þess þaug hósta, en hamngj- unni sje lof að það verður búid áður en þið komið.

Við hlökkum öll ósköp til að sjá ykkur. Þið skuluð svei mjer hafa það gott hjá okkur, jeg er bærliga frísk núna en aptur hefur mjer farið síðan þú sást mig síðast, jeg er líka orðin kerling, bara Emmu gáangi vel að ríða, jeg er svo hrædd um hana, hún ætti að koma hingað með skipi, en þú og Jón að fara landveg, henni skal líða vel hjá okkur og við skulum skemta henni, það gleður mig að Emmu líst vel á sig, jeg hef heirt sagt að Jón hafi sagt þegar han kom í land í Reykjavík, „það er fallett á Íslandi,, dreingurinn hefur smekk fyrir fallettri náttúru það er auðheirt. hann er víst ánægður, jeg get honum nærri, bara ykkur gáangi ferðin vel. Guðný hlakkar til komu ykkar. henni þykir verst húsakynnin vegna Emmu, svo hef jeg ekki meir.

Jú eitt orð um Villa, jeg er þjer alveg samdóma um, að hann hefði aldrei átt að fara aptur til hafnar, en það er ekki til neins að tala um það, jeg er svo glöð yfir að hann er komin heim að jeg get ekki frá því sagt, han ætlar víst að vera á Sauðafelli í vetur, og er það víst gott, ef það gæti lukkast, han getur líka verið Birni til gagns, með skriptir, jeg eggja hann mikið til þess, jeg vona að hann hafi fengið hina þing- skriftir núna, það er gott sem það nær, ef hann er reglumaður. heilsaðu innilega Emmu og Jóni, góða og lukkulega ferð hingað, Þorbjörg biður líka að heilsa með sömu óskum, þá Anna, hún talar ekki um annað en ykkur. hún er svo fjarska lukku- leg, fyrir hjólhestin að hún keirir úti og inni, vertu margblessaður og sæll elsku bróðir, þín Gunna.

Akureyri 22/10 97

Kæri Finnur!

Bestu þakkir til ykkar hjóna fyrir brjefin síðast með „Thyru“ jeg má ekki vera að, skrifa nema öðru ykkar, og mjer er tamari Islenskan, enda er ekki efnið til að

skipta því, það er ekki nema eins og vant er, mjer sjálfri viðvíkandi, jeg er bærileg, altaf núna, aðeins eitt lítið kast síðan þið fóruð, það er óvanalega langt á milli, ekkert síðan um miðjan maí, því jeg tel ekki þettað, jeg held það sje því að þakka að jeg tók uppá að reikja, það er leiðinlegt að þurfa að gjöra það, og jeg hálf-skammast mín fyrir það, líka kostar það penínga, en eptir þeim sje jeg nú ekki svo mikið þegar jeg hef þá, nú er jeg að hætta við að brúka morfhin, segðu Emmu það, jeg veit það gleður hana, en þó mest af öllu mig, því það er jeg reglulega ólukkuleg yfir að þurfa að brúka, það er dr. Friis að kenna að jeg nokkur tíma birjaði á því, en hann gjörði það í góðu skyni, nei jeg ber engan kala til hans fyrir það.

Pú heldur að jeg hafi lagt á mig vegna ykkar í sumar, nei Finnur það máttu ekki hugsa að jeg telji eptir mjer að gjöra nokkuð fyrir mín systkini, og þó meira væri, en það litla sem jeg gat fyrir ykkur gjört, bara jeg mætti hafa fyrir ykkur á hverju sumri, þá væri jeg sannarlega glöð, en því miður verður það víst bara í þettað eina sinn, sem mjer veitist sú ánæga að vera með ykkur.

Pú talar um að jeg ætti að láta stúlkurnar gjöra meira, það er að vísu satt, en ekki svo gott að koma því við samt, þær eru svo ófullkomnar, og opt óþjálar, viðureignar, og líka við þig að segja, gæti Þorbjörg hlípt mjer meira en hún gjörir, en það dugar ekki að tala um það, því er nú svona verið, jeg tala aldrei um það við Klemens því jeg hef ásett mjer að segja aldrei neitt sem gæti orðið að deiluefni þeirra á milli, jeg þarf að vera uppá þaug komin, og verð svo að gjöra mjer alt að góðu, jeg er líka að mörgu leiti ánægð, þettað lætur þú aldrei neinn heira, jeg er ekki fyrir að bera út, þó eitthvað væri, jeg veit líka þú passar það, Klemens hefur reinst mjer vel þegar mjer lá á, og það vegur mikið, já á móti öllu, Heilsaðu innilega Emmu og Jóni, jeg skrifa henni bráðum, sömuleiðs familíuinni, bið jeg að heilsa. fyrirgefðu þettað brjef sem er minna en ekki neitt.

Kæra þökk fyrir gulu blöðin, viltu ekki gjöra svo vel og gefa mjer nokkrar ljónsfætur til að hafa undir smákassa. þær kosta 2-3 aur stykkið. og eru sem gull að sjá, vertu margblessaður ásamt öllum þínum, þín elskandi systir Gunna.

Akureyri 26 okt 1898

Kæri bróðir!

Nú er langt síðan jeg hef sent þjer línu, einu sinni í sumar skrifaði jeg þjer frá Sauðafelli sem jeg vona þú hefur fengið, það var um veislugleðina Ingólfs, svo jeg fer ekki að taka það upp aptur, mig minnir helst að jeg ekki nemdi í því, hvaða lukku kvæðið þitt gjörði, það voru allir hrifnir yfir því, það var sungið þrisvar sinnum, það var líka ágætt, Ingólfur fjekk mjer líka um 9 kr. sem hann sagði að þú hefðir sagt að ættu að gánga til mín sem jeg þakka þjer innilega fyrir, hafi jeg ekki gjört það í hinu brjefinu.

Þá er nú heim komið aptur, þó það væri ekki skemtileg aðkoma, eins og þú veist að líkindum nú, en fegin varð jeg að koma, heim barnana vegna, þó ekki væri annað, því við sjálf lá að jeg yrði kyrr fyrir vestan í vetur, þaug lögðu svo að mjer,

en jeg vissi að Þorbjörg var lasin og mátti mig ekki missa, en að það væri svona slæmt ástand datt mjer ekki í hug, þettað bar svo brátt að, að henni versnaði svona líka mikið, seinasta brjef sem jeg fjekk frá Þorbjörgu var skrifað 10 sept. og í því segist hún vera eins og hún væri svona altaf lasin, en ekki verri en þegar jeg hefði farið í vor, svo fór svona að þann 23. s.m. siglir hún, ómögulegt að koma bréfum til mín, svo jeg vissi ekkert fyrr en jeg kom heim, bara guð gefi að henni batni nú til fulls og hún komi heil heim aptur, jeg náttúrlega, gjöri alt sem best jeg get fyrir Klemens og börnin, hvert það verður lengi eða stutt, sem á því þarf að halda, meira verður ekki af manni heimtað, en slæmur tími er þettað fyrir mig, en það gengur yfir eins og alt annað, blessuð litlu börnin fögnuðu mjer svo undur vel, að jeg er viss um að þaug verða ekki glaðari þó móðir þeirra komi heim, enda skal jeg reinast þeim vel. Þaug eru svo þæg og góð við mig.

Mjer leið fjarska vel á Sauðafelli í sumar, það er regluleg ánæga að sjá hvað alt gengur vel hjá þeim, Björn er reindar, ekki vel góður en, það er vonandi að það smábatni samt, hann er orðin feitur aptur og líður líka vel. hann verður bara að fara varlega með sig, húsið er ekki alveg búið en, næsta vor verður það klárað, svo þá verður komandi að Sauðafelli, börnin öll efnileg eins og þú veist, yfir höfuð leist mjer vel á allan þeirra búskap og hjúskap.

Ingólfur er líka vel settur, inndælt lítið heimili alveg samsvarandi hans stöðu, jeg held líka hann sje mæta vel giptur, mjer fjell Kristín og hennar fólk alt mæta vel í geð, yfir höfuð hafði jeg mikla ánægu [af] ferðinni, bara alt hefði verið vel þegar jeg kom heim, jeg vona sterklega að Klemens komi nú með „Vestu“. „Thyra,, lætur sig ekki sjá en.

Jeg sendi þjer eins og vant er Kvartil með kjöti sem jeg vona að sje gott, líka Kassa með 30 rjúpum, jeg þori ekki að kaupa fleiri, samt eru þær nú alveg nýar, 11 dósir af kæfu, hún á líka að vera góð, 2 gæruskinn sem Emma bað um í vor, annað hvítt en hitt svart, jeg vona að ykkur líki það alt. heilsaðu Emmu og Jóni kærlega frá mjer, jeg hef ekki tíma til að skrifa Emmu nú, öll haustverk bíða mín, svo jeg hef nóg að gjöra, vertu svo best kvaddur af þinni elskandi systur Gunnu.

Alt af er jeg lasin annað slagið, viltu gefa mjer eina morfinnál núna.
kæra þökk fyrir gulu blöðin, jeg er hálf vitlaus yfir þessu öllu.

Þann 30 október 1898

Alveg varð jeg hissa þegar Þorbjörg kom heim, með Klemens, það var og er fjarska leiðinlegt að hún skyldi eingan bata fá, samt varð jeg fegin að hún kom heim, það er ekki lítill vandi sem maður hefur á að taka að sjer, mörg börnin og stórt heimili, því þó hún ekkert eða lítið gjöri, þá hefur hún ábyrgðina, það er nóg, því þegar jeg er nokkurnvegin frísk, er jeg æfinlega fús að vinna, og mjer þykir mikið betra að geta verið til gagns því þá er jeg ekki í þáguskyni, en það er sú tilvera sem jeg á bágð með að þola, mikið bágara en vera heilsulaus, og er ekki skemtilegt líf, en það dugir ekki að tala um það.

Það var fallega gjört af þjer að taka svona vel á móti Klemens og Þorbjörgu, þaug eru ykkur svo fjarska þakklát, fyrir það, jeg hjelt ekki þið hefðuð húsakynni til þess, en máltækið segir, þar sem er hjartarúm þar er húsrúm, Þorbjörg er mjög lasin síðan hún kom en á fótum og hreint ekki uppá það versta, hún var að tala um að skrifa Emmu ef hún þyldi, jeg veit ekki hvað verður.

Nú er Wathne dáin, eins og þú víst verður búin að heira, þar misti Ísland góðan og fágætan mann, það skarð fillist ekki fljótt aptur, mjer fjell þúngt að heira það, hann hef jeg haldið mest uppá af vandalausum, hann var mjer alla tíð jafn innilega velviljaður, aumínga Guðrún, hún á bágð að missa annan eins maka, þó kannske að efnin sjeu nóg, þá má það vera sár sem ekki grær fljótt aptur.

Ekki er Thyra komin en, allir eru hissa, hún getur komið en í dag, mjer þykir verst ef Rjúpunar skemast. heilsaðu innilega Emmu og Jóni, guð gefi þjer allar stundir góðar, þín elskandi Gunna.

XXVII. Að standa á eigin fótum

Sumarið 1899 fór Guðrún í þriðja skipti til Kaupmannahafnar, nú í boði frænku sinnar Guðrúnar Wathne sem þá var nýorðin ekkja. Guðrún dvaldist í Kaupmannahöfn í rúmt ár og hafði þar ekki annað hlutverk en að veita frænku sinni félagsskap og aðstoð í hinu daglega lífi.

Bréf Guðrúnar frá þessu tímabili skera sig úr að því leyti að nú eru áhyggjur hennar af öðrum í fjölskyldunni víðs fjarri. Hún lætur hjá líða að skipta sér af lífernri föður síns eða hafa áhyggjur af yngri systkinum og systkinabörnum. Þá er Guðrún óvanalega fáorð um heilsu sína og andlega líðan, og svo virðist sem hún tjái sig á mun formlegri og þvingaðri hátt þegar hún skrifar föður sínum en Finni. Bréf hennar til Jóns Borgfirðings á árunum 1899-1900 veita samt sem áður ágæta innsýn í þetta sérstaka tímabil í lífi Guðrúnar.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings 1899-1900¹

Tholdbodvejen 18, 4. sal.
Kaupmannahöfn 30. júní 1899

Kæri Faðir!

Ekki fór heppilega með brjefið sem þú skrifaðir mjer og sendir með fröken Ingibjörgu Torfadóttur. Koffortið hefur tapast, og ekki víst að hún sjái það nokk-

1 *ÍB* 96 fol. b – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings.

urntíman meir. Hún kom til mín að segja mjer frá óförum sínum. Svona er stundum að biðja aðra fyrir brjef.

Mjer líður ágætlega vel, er nokkuð frísk, en ekki alveg þessa viku. Her er svo ákafur hiti, að alt ætlar að stikna, en jeg heiri að heitt hefur líka verið heima, svo nú hefur þjer þó ekki verið kalt. Ekki hef jeg opt komið til Finns. Jeg fer svo lítið út, nema með Guðrúnu [Wathne]. Bráðum förum við út á land. Það er gaman, þar er heldur ekki eins heitt.

Jeg vona að þú sjert búin að fá bugsurnar. Sigurður Óla ætlaði að láta sauma þær. Ekki kem jeg heim fyrr en í haust. Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja, og eptir mjer spirja. Nú hef jeg ekki meir. Jeg læt þettað innaní hjá Þorbjörgu, svo það verði ekki tvöfalt hef jeg ekki umslag. Líði þjer svo ætíð eins vel og óskað fær þín elskandi dóttir, Gunna.

Kaupmannahöfn, 20. Júlí 1899

Kæri Faðir!

Nú skrifa jeg við ljós kl. 9 [um] kveld, en nú hafið þið bjarta sumarnótt. Það mundi þjer þykja skrítið. Pakka þjer kærlega fyrir brjefið þitt síðast.

Mjer líður ágætlega vel. Jeg hef það gott í alla staði, en það er eins og vant er, að altaf kann jeg best við mig á Íslandi, en indælt er hjer, og natlúsiublíða nóg. Hjer er næstum því of heitt. Það bráðnar alt sem bráðnað getur. Fólk er alveg í vandræðum með að halda matnum óskemdum.

Nú ætlum við Guðrún [Wathne] að fara til Stavanger, með Eigli og vera þar, þangað til að hann kemur til baka aptur. Við verðum hjá Carl Wathne og Ásdísi.

Finnur er að ferðast núna og er ekki væntanlegur fyrr en eptir 14 daga, en Emma og Jón eru heima. Jeg kem þar einstöku sinnum. Það er svo ansi langt. Jeg [er] 1 tíma þángað þó jeg keiri alla leið með sporvagni. Það er ekki smábær! Ekki hef jeg sjeð nokkurn Íslending hjer. Maður mætir aldrei neinum þó maður sje úti.

Viltu skila kveðju minni uppá Hótel Anna, kærlega. Guðrún biður kærlega að heilsa þjer. Jeg er vel frísk núna, og sem sagt líður svo vel sem mögulegt er. Guðrún er með hverjum deginum öðrum betri. Nú hef jeg ekki meir, og verður þú að taka viljan fyrir verkið. Líði þjer kæri pabbi betur en óskað fær þín einlæg dóttir, Gunna.

Kaupmannahöfn, 14/9 1899

Kæri Faðir!

Pakka þjer fyrir brjef, sem jeg fjekk frá þjer. Jeg veit ekki með hvaða skipi. Mjer líður mikið vel, er nokkuð frísk, en þó hef jeg nú ofurlítið kast en það er ekki teljandi, svo lítið er það.

Jeg hef verið að ferðast eins og þú, en það er sá munur, að þú ferðast á hestbaki en jeg á sjó, en það er mun verra. Samt er jeg lítið sjóveik en mjer leiðist æfinlega á sjó. Mjer þókti gaman að vera í Norvegi. Það er svo líkt og heima. Blessað fjalla-loptið. Það er svo fallett í Stavanger, skógi vagsið öll fjöll og smá eyrar úti fyrir

bænum. Jeg fór ofurlítið út á land, dag og dag. Veðrið var altaf heldur gott, ekki nærri eins heitt og hjer í Höfn, en samt kann jeg betur við mig hjer. Sjaldan sje jeg landa. Björn Ísafoldari kvað vera hjer, að fá lækningu.

Jeg kem til Finns við og við. Hann hefur það eins og að undanfögnu ágætt. Jón er stór og efnilegur og er farin að lesa Latínu. Í dag mætti jeg á götu Sigríði Jónasson. Hún er farin að vera ellileg, en hún var sú sama glöð og kát, og það að heilsa þjer. Magnús Jónsson sá jeg líka á götu um daginn en hann þekti eða sá mig ekki. Berðu kæra kveðju mína til frú Halldóru, á Vertshúsið, Möllers Ola fólksins, Önnu Erlendar og öllum sem kveðju mína vilja. Það var gott að þú fórst að ferðast. Jeg vona að þú hafi haft ánægu af því. Nú hef jeg ekki meir í þettað sinn. Líði þjer svo betur en óskað fær þín elskandi dóttir, Guðrún.

Guðrún [Wathne] biður kærlega að heilsa þjer.

Kaupmannahöfn, 18. Október 1899

Kæri Faðir!

Bestu þakkir fyrir þín frjettafróðu brjef. Það var gott, og gaman að þú fórst í þessar ferðir, og hafðir svona mikla ánægu af því. Af mjer er alt bærileg, heldur góða heilsu, að öðru leiti góðan líðan. Hér er sumar en þá, ekkert frost, en heldur leiðinlegt loft, rigningar og súld. Samt skín sólin af og til, en hjer er komið skamdegi, dimt úr því kl. er 4 til 5. Laufin farin að detta af trjánun, svo maður sjer að það er að því leiti farið að hausta að.

Ekki sje jeg marga Íslendinga, helst ef jeg kem ofaneptir þegar skipin fara heim, en það er farið að mínka um Íslendinga þar. Áður var alveg fult af þeim, þegar þaug [þ.e. skipin fóru heim], en nú eru þeir svo morgunsvæfir!

Einstöku sinnum kem jeg út til Finns, en það er ekki opt. Bæði er það svo langt, frá því sem jeg bý, og svo er Finnur ekki heima nema seinnipart dagsins, og þá er komið mirkur og ekki svo gott að vera seint úti. Jón er orðin svo fjarska stór. Hann er farin að lesa Latínu, og hvað gánga heldur vel.

Hjer um dagin sá jeg Svein Hallgrímsson á götu. Jeg hefði ekki þekt hann, svo stór og laglegur er hann orðin, en hann þekti mig. Hann var vel kátur, og sagðist nú vera hættur að stúdera. Hann er á kontór hjá Tuleníus. Hann það að heilsa þjer. Björgu frændkonu hef jeg líka sjeð, hún er sú gamla. Henni líður vel, hún er gipt og lifir mest á að hafa landa í kosti.

Viltu skila kærru kveðju til allra sem eptir mjer spirja, en helst á Vertshúsið, frú Halldóru, til Ola fólksins, Jóhönnu Þorvaldar, síra Pjeturs. Guðrún biður að heilsa þjer. Líði þjer svo eins og best fær óskað þín elskandi dóttir, Guðrún.

Tolbodvej 18, 9 apríl 1900.

Kæri Faðir!

Innilegar þakkir fyrir öll þín kærkomnu frjettafróðu brjef. Jeg man ekki hvað mörg jeg hef að þakka, en þaug eru víst 2 ef ekki fleiri. Það er svo gaman að fá brjef frá þjer. Þú tínir þó frjettir til.

Slæmt er að heira af Þorbjörgu. Jeg vona að guð gefi, að það sje nú betra. Jeg bæði hlakka til og kvíði að frjetta næst að heiman. Það má nærri geta að það er ekki skemtilegt, þegar veikindi eru á heimili, og síst þegar það eru húsbændur.

Mjer líður bærilega hvað heilsuna snertir. Jeg var fjarska slæm seinast þegar Egil fór, svo að jeg gat ekki skrifað og heldur ekki með Váglen. Annars hef jeg ekki verið slæm í vetur. Að öðru líður mjer vel. Guðrún er mjer góð, hef alt sem jeg þarf! Lítið að hugsa og gjöra. Frjettir hef jeg því miður lítið af. Jeg sje sjaldan Íslendinga. 2 hef jeg komið í Íslendingafjelag. Þar hefur verið líflegt í vetur, en það er ekki fyrir mig að koma þar. Það er alt nú úng andlit, sem jeg hef sjeð í vögggu, eða als ekki sjeð fyrir. Maður er orðin svo gamall. Til Finns kem jeg við og við. Það er svo ansi langt. Jeg er næstum kl. tíma að gánga þángað. Það þækti langt heima, það er stíf bærleið.

Veðráttu hjer í vetur hefur verið mjög óstöðug, sífeldir austanstormar sem eru svo kaldir, enda er alt fólk með þessar nýmóðins Influenсур. Jón Magnússon frá Grenjaðarstað, datt hjer um daginn niður aflvana. Þeir huga honum ekki líf. Hann er giptur dóttir Ásgeirsens. Nú sendi jeg þjer mynd af mjer en jeg er á kjól, en þú þiggur hana samt. Hún er lík mjer, að allir segja. Svo Aggi litli er mikill fyrir sjer, því trúi jeg vel.

Jóni litla gengur vel að læra. Hann er vel minnugur. Það er allrabesti dreingur, vel innrættur. Þú verður að fyrirgefa þó litlar sjeu frjettir en taka viljan fyrir verk-ið. Heilsaðu öllum sem kveðju mína vilja. Guðrún biður að heilsa þjer. Líði þjer eins vel og best fær óskað þín elskandi dóttir, Guðrún.

Toldbodvej 18, 11. júní 1900

Kæri Faðir!

Mörg brjef hef jeg þjer að þakka og þakka jeg þjer þaug kærlega öll. Að jeg skrifa þjer svo sjaldan kemur sannarlega ekki af því, að jeg ekki vilji gjöra það, og heldur ekki af því að mjer þykji ekki vænt um að fá brjef frá þjer. En það kemur af því að þegar Egil fer heim, þarf jeg að skrifa heil ósköp fyrir Guðrúnu, og sit sjálf með mín brjef til seinast, og svo er jeg orðin löt, og nenni ekki að skrifa nema það sem jeg mest þarf, og jeg hef opt líka svo mikið að kaupa. Svo þú mátt til að fyrirgefa góði Pabbi, að jeg læt þig opt ekkert brjef fá, en jeg veit þú þekkir mig svo vel að þú veist, að jeg þó vildi gjarnan gleðja þig ef jeg gæti. Bara þú sjert nú orðin frískur aptur, en það vona jeg þú sjert.

Mjer líður vel, að öllu leiti nema jeg fæ altaf köst annað slagið, en þaug eru bæði að stytast og koma sjaldnar og ætti það að gleðja mig, og gjörir það líka en

það er næstum of seint. Alt lífið er spilt, og jeg er orðin að vesalíng, en það tjáir ekki að tala um það.

Hjer er altaf sumar og hiti næstum stundum of mikill. Það mætti vel miðla af honum heim til Fróns. Hjer er indislegt um þennan tíma árs, öll náttúran í blómskrauti og mikill er munur, eða heima, og þó er eins og mann altaf lángi heim, helst þegar skip fara.

Aldrei varla sje jeg Lauru. Jeg sá samt Steingrím Matta hjer um dagin. Hann er víst reglupiltur. Það er annars víst yfir höfuð góð regla milli Íslendínga hjer, óvanalega góð. Jeg kem aldrei á Garð. Jeg þekki eingan af þessum ungu mönnum sem byggja þar nú. Svein Hallgrímsson sje jeg við og við. Hann er sami galgopin, en eitthvað er hann óviðfeldin, ekki eins og jeg bjóst við honum. Nei, hann líkar mjer ekki. Hann er trúlofaður ríkri stúlku, sem sagt er að eigi að heita að hafa lítt vit en ekki snús meir. Hvert satt er veit jeg ekki en heimskuleg er hún. En hún á 20.000 og það er nóg.

Nú hef jeg ekki meir. Það eru minni frjettir en hjá þjer. Þú ert líka sá eini sem skrifar mjer frjettir. Heilsaðu öllum heima. Jeg skrifa eingum þar nú því nú skrifa jeg vestur, jeg hef heldur ekki sömuleiðis. Heilsaðu öllum sem eptir mjer spirja. Guðrún biður að heilsa. Líði þjer eins vel góði Faðir, og best fær óskað, þín Gunna.

XXVIII. Líf sem fjarar út

Vorið 1900 fékk Finnur bréf frá Klemensi þess efnis að Þorbjörg væri mikið veik. Guðrún var í Kaupmannahöfn á þeim tíma en afréð að fara heim um sumarið og dvelja á heimili Klemensar þar sem hún gæti aðstod- að Þorbjörgu við heimilishald og barnauppleði. Guðrún hafði upphaflega ráðgert að fara aftur út um haustið til Guðrúnar Wathne sem virðist ómögulega hafa viljað missa nöfnu sína. Ástandið á heimili Klemensar var verra en Guðrún hafði getað ímyndað sér.

Þann 10. júlí þetta ár lést Agnar Stefán eftir langvarandi veikindi. Hann var þá á fjórða ári. Guðrún tók lát hans mjög nærri sér enda hafði hún bundist honum mjög sterkum böndum þegar hún tók að sér að annast drenginn dag og nótt fyrstu mánuðina eftir að hann fæddist. Klemens og Þorbjörg voru jafnframt yfirkomin af sorg. „Jeg er veikur á sálinni, og allkvefaður, svo að ástandið er ekki gott,“ skrifaði Klemens í bréfi til Finns. Þorbjörg var lengi að ná sér eftir andlát Agnars og átti sjálf við erfið veikindi að stríða.

Í september árið 1901 fæddi Þorbjörg andvana dóttur og náði sér aldrei eftir það. Hún lá rúmföst þar til í október sama ár að þau Klemens fóru til Kaupmannahafnar í því skyni að leita læknishjálpar. Þorbjörg lést í Kaupmannahöfn þann 30. janúar árið 1902. Hún var þá 35 ára gömul.

Klemens var hnípinn maður þegar hann hélt frá Kaupmannahöfn í febrúarmánuði 1902. Vegna mikils veðurofsa komst hann ekki til Akureyrar fyrr en í byrjun aprí; aðkoman sem við honum blasti var heldur kuldaleg. Heimili hans hafði orðið eldi að bráð í brunanum mikla á Akureyri í desember árið áður. Fjölskyldan bjó í bráðabirgðahúsnæði og Anna, dóttir Klemensar, lá veik í skarlatssótt. Á meðan þannig var ástatt gat Klemens alls ekki fengið sig til að segja dætrum sínum frá andláti Þorbjargar. Þau Guðrún tókust á við vandamálin í sameiningu og deildu sorgum sínum í bréfum til Finns.

Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð og Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar 1900-1902¹

Akureyri 22. mars 1900

Kæri Finnur!

Pakka fyrir brjefið og sendingu, vantaði Hof og Stah. Kalender 1900, vona að fá hann næst. Því miður hef jeg engar góðar frjettir að skrifa, Þorbjörg hefur legið nú í 7-8 vikur, byrjaði með hálsbólgu, sem gekk hjer, síðan fjekk hún kvalir í axlirnar og sting gegnum brjóstið alveg eins og í lungnabólgu, Guðni H. vissi ekki hvað þetta var, og því fjekk hún enga rational Behandlung, fór tvisvar á fætur, sló niður aptur, og varð nú í þriðja sinn með langversta móti svo jeg ljæt sækja Sigurð Hjal. „betur sjá augu en auga. Og einmitt í dag gerðu þeir ástungu, og kom út gul materia úr lungnapokanum, og við það eina stateraði þeir brjóstthimnubólgu, en halda að eitthvað meira liggí á bak við t.a.m. tumor í lifrinni, það hefur verið heldur óskemmtileg tíð fyrir mig, allt gengið á trjefótum í húsinu og verst, að Þorbj. á en langa legu í vændum, og svo fáum við náttúrlega inflúensu með vorinu. Hjeðan ekkert til tíðinda.

— —

Börnin eru nú vel frísk en hafa öll legið í hálsbólgu, það er einungis einn maður í húsinu, sem er vel frískur, og það er okkar gamli pater, og yfir því er jeg glaður, því þá mætti heyra eitthvað, undireins og kuldinn er 1 gráðu byrjar hann að bölvva yfir þessum norðlenska kulda, hann reynir ekki sjaldan á þolrifin í manni sá gamli, og er í rauninni afar mikill kyrðarauki fyrir mig einan, það hef jeg best fundið núna, meðan Þorbj. hefur verið veik. Jæja, jeg vona, að jeg geti skrifað betra brjef næst, og þá betur upplagður.

1 *NkS* 4597 4to – Bréf frá Guðrúnu Borgfjörð og Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar.

Akureyri 17. júlí 1900

Kæri Finnur!

Það verða aðeins fáar línur í þetta sinni, enda hefi jeg engin gleðitíðindi að skrifa, drengurinn minn litli dó þann 10. þ.m. um morguninn, hann hafði verið hálfslasinn viku hverri á undan, alltaf síðan Inflúensan gekk hjer um miðjan apríl, en kveldið fyrir þann 10. fjekk hann voðalegt fiberkast, og þeirri nótt ætla jeg ekki að lýsa, jeg vona, að jeg fái aldrei að sjá annað eins aptur. Þorbjörg, sem var veik fyrir, fjellst ákaflega mikið um þetta, svo jeg var hræddur um hana en nú er hún öllu rólegri. Jeg er veikur á sálinni, og allkvefaður, svo að ástandið er ekki gott. Það á að jarða drenginn þann 20.

Mikið hefði mjer þótt gaman, ef þú hefðir komið hjer, við erum að hugsa um hjónin að fara til Reykjavíkur með Ceres, sem á að fara þann 16. ágúst hjerðan og kemur til Víkur þann 22. Verður þú þá farinn?

Hjer er hálfleiðinda tíð, rigningar og óþurkur, og hálfkalt á milli, og svo miklir hitar, regluleg forkelelestíð.

Meira hef jeg ekki að skrifa þjer að sinni, en óska þjer góðrar ferðar og skemmtunar, og umfram allt góðs veðurs. sem líkl. er nú á Suðurlandi. Við biðjum að heilsa þjer. Þinn elsk. bróðir, Klemens.

P.L. Rvík 27. ágúst 1900

Kæri Finnur!

Þakka fyrir brjefin, og þá hluttekningu sem þau lýstu. Við erum nú farin að verða rólegri, að minnsta kosti jeg. Guðni Magn. hefur nú skoðað Þorbjörgu og heldur að hún sje alveg búin með sinn sjúkdóm (brjósthimnubólguna), og er jeg auðvitað mjög glaður yfir því, svo að við förum nú aptur heimleiðis með Lauru, enda er jeg búinn að fá nóg af Rvík að þessu sinni, enda er iðjuleysið ekki skemmtilegt.

Það gleður mig innilega, að stúdentarnir voru ánægðir, því að jeg álit, að þessi ferð geti haft óútreiknanlega þýðingu fyrir sambandið milli landanna, og efla góð forstaaelsi þeirra á milli, það er mjög virðingarvert af Reykjavík hvernig hún tók við gestunum, og hún hefur vaxið talsvert í mínum augum við það, því jeg get ekki neitað, að jeg hef síðustu árin haft djúpa fyrirleitningu fyrir þeim bæ og bæjarstjórn, ekki síst oddvita. Því verður gaman að heyra, hvað stúdentarnir segja og skrifa. Jeg trúi að þeir hafi verið óánægðir með N. Thomsen enda hefur hann getið sjer illan orðstýr hjá flestum, sem hann hefur farið með. Þannig var hann með Englendinga í Akureyri snemma í sumar, og þeir kvörtuðu um permanent sult og bölvuðu Thomsen fyrir allt, hann þyrfti að fara sem fyrst frá þeirri sýslan, að vera guide Turistafjelagsins.

Jeg fjekk Politiken með Lauru en aðeins til 3. ágúst. Frjettir annars engar, nema góð tíð um allt land. Guðný með Gunnu dóttur sinni kom hingað með okkur úr Hólminum, og fer aptur með Lauru. Ingólfur var mjög glaður, á von á erfingja í ágúst. Með kærri kveðju til ykkar allra frá okkur öllum. Þinn elsk. bróðir Klemens.

Akureyri 16 september 1900

Kæri bróðir!

Það er skömm að jeg skuli ekki hafa látið neitt frá mjer heira síðan jeg fór, en til þess eru margar ástæður, það fyrsta að jeg varla haft sinni á neinu, jeg varð alveg sem steini lostin þegar jeg á Seyðisfyrði frjetti lát, elsku litla Agnars míns, mjer finnst nú jeg hafa mist alt sem jeg gat haft gleði af, hann var mjer kærastur af öllum mínum systkinabörnum, sem eðlilegt var, jeg hafði sjeð hann fæðast, vagsa og dafna. Þá festir það sig betur hjá manni en ellegar en það tjáir ekki að tala um það, hann er sjálfsagt betur komin þar sem hann nú er, en hjer hjá okkur, elskan litla, en sárt er það, að koma heim og sjá hann ekki þar að auki hef jeg altaf verið og er lasin, af þessu mínu gamla svo nú sem stendur treisti jeg mjer ekki á Sjóin, það er ekki gott að fá sjósótt og hafa andþreingsli, jeg reindi það í sumar, jeg hjelt jeg mundi alveg sprínga.

Porbjörg er mjög slæm, altaf og líttl bati virðist mjer vera á henni, jeg er hrædd um að hún fari í rúmið, strags og fer að kólna, hvern enda sem það svo annars hefur, svo bættist á að hún hefur verið alveg yfirkomin af sorg, hún er þó nú að verða heldur rólegri, þaug fóru suður um dagin, og hafði það góð áhrif á Porbjörgu hvað það snerti, að það bráði mikið af henni, en í engu bót fjekk hún á heilsunni, og ekkert þóktust þeir læknanir í Vík geta sagt hvað það væri, en eitthvað er það þó slæmt, því alla tíð hefur hún þrautir, og altaf síköld.

Klemens stendur eins og hetja en aptur hefur honum farið, þessi síðasti vetur hefur víst komið við hann með öllu móti, og svo að fá þettað, í ofanálag, jeg held það væri synd af mjer að fara í haust frá þeim, því jeg er náttúrlega sú eina manneskja sem hann getur talað hjer við, fyrir utan Porbjörgu, hann er henni einstaklega góður og umhyggjusamur, börnin eru frísk, Kara hefur ósköp farið fram þettað síðasta ár, hún er stór og sterk að sjá, farin að lesa og talsvert að draga til stafs, Pabba hefur lítið farið aptur, hann er altaf frískur.

Þú hefur víst haft gagn og gaman af ferð þinni heim, það var sannarlega gleðilegt að þú gast komist það með góðu móti.

Heilsaðu innilega Emmu og Jóni, Emma má ekki vera reið við mig þó jeg ekki hafi skrifað fyrr, það er ekki af neinni ótukt sprottið, jeg hef átt svo bág, sömu-leiðis kveðju til Famelíunnar. Líði þjer og ykkur eins vel og óskað fær þín elskandi systir Gunna.

Hjónin biðja að heilsa kærlega.

Guðrún fer nú til Hafnar með Egil, hún verður víst ekki glöð að jeg kem, en maður getur ekki verið alstaðar.

Kæri bróðir!

Bestu þakkir fyrir brjef þitt, um dagin, jeg ætlaði að skrifa með Egil, en varð naumt fyrir, Ómögulega gat jeg fengið af mjer að fara hjeðan í haust, þó jeg heiri úr öllum áttum að Guðrún vilji fá mig aptur, og segji að jeg staðfastlega hafi lofað því, en það er als ekki satt, því fór jeg heim með alt mitt, að jeg bjóst við hvortveggja og það sagði jeg henni, en jeg lofaði, að koma aptur ef jeg gæti, og þegar jeg gæti, og það gekk hún inn á þá, það getur vel verið að það sje ekki rjett af mjer að fara ekki, en það verður þá að bitna á mjer.

Mjer finst að Kl. eiga svo bágð ef jeg fer, þar sem Þorbjörg, ekki hið minnsta getur gjört, eða hugsað um heimilið, því þó hún sje á fótum, annað veifið, þá er það meir af vilja en mætti, en Kl. sagði samt, að hann hreint ekki vildi láta mjer í ljósi fyrir því að vera hjá G. ef jeg sjálf vildi, en jeg sem sagt, get ekki með góðri samvisku farið, fyrr en jeg sje fyrir einhvern enda á þessu, jeg veit, líka jeg hefði einga ró, og kvíði altaf fyrir að frjetta að heiman, svo er nú eitt, að jeg er altaf meir og minna lasin síðan jeg kom heim, og að fara veik til G. vil jeg ekki, því hún á svo bágð með að sjá mig veika, og jeg líð, svo aptur undir því, svo er og frú Eism-an flutt, og jeg fann vel í seinni tíð, að hún hafði ekki svo lítið áhrif á G. mjer viðvíkjandi.

Það er von þegar altaf er verið að naga einn, að eitthvað festist við, en samt hefði jeg gengið framm hjá þessu öllu ef Þorbjörg ekki hefði verið svona veik, og Agnar hefði lifað, jeg segji þjer satt góði bróðir, að jeg er ekki fær um að taka á móti, miklum íllvilja, en þá, eptir þá hjartasorg, sem jeg fjekk við missir hans, en tímin læknar alt, eða fyrrir, þjer að segja var G. mjer ekki nærri eins góð, síðari partin sem jeg var hjá henni sem hún var fyrst, jeg var mikið þvínuguð, en þettað má eingin heira, hún er svo ákaflega mislynd, þú fyrirgefur alt þetta rugl að öðru leiti líður okkur vel, Stefán litli á Sauðafelli er hjer í vetur, á skólanum, hann er inndælasti dreingur, okkur þykir öllum vænt um hann, hann er bara dálítið latur að læra, það er það eina sem okkur þykir að honum, en hann er fullvel greindur, það er eins og þ. sje rólegri síðan hann kom, henni sýnist hann ekki ólíkur Agga, hún sjer svo fjarskalega mikið eptir honum sem von er.

Bón hef jeg að biðja þig, sem er að gjöra svo vel að innleisa fyrir mig innlagðan seðil, það skal vera í fyrsta og síðasta sinn sem jeg bið þig, um þessháttar útrjettíngar og jeg bið þig að fyrirgefa að jeg bið þig þess, en jeg get eingan annan beðið, mjer er sjerstaklega umhugað um að missa ekki þettað, penínga get jeg ekki sent, núna, jeg get hvergi fengið danskan seðil, en strags og jeg fæ hann skal jeg senda hann, helst vildi jeg að þettað færi ekki fleirum á milli, þú gætir skrifað utan á það til pabba, mjer liggur ekki á að fá það, bara að það verði leist út áður en það fellur úr gildi, jeg hjelt að jeg mundi geta gjört þettað sjálf, láttu ekki Emmu vita þettað, jeg skrifa henni, Líði þjer svo betur en best fær beðið þín elskandi systir Gunna.

Leith 4. nóember 1901

Kæri Finnur.

Þú skalt ekki verða hissa, það er eins og fyrir 3 árum síðan, við erum komin hingað áleiðis til Hafnar Þorbjörg og jeg. Jeg hef víst skrifað þjer um hvernig allt gekk til með barnsfæðinguna, jeg man það ekki, jeg hefi gegnumgengið svo mikið. Jeg bjóst nú við að Þorbj. færi batnandi, en það var langt frá því, Hún fjekk nú fyrir liðugum 14 dögum síðan svo ákafa gallsteinaverki, að jeg hjelt að það væri búíð, með það sama, og sama hélt víst Guðni. Hann sagði þá við mig, að það væri ekki um annað að gjöra, en sigla með hana, og jeg bjó mig strax til þó ástæðan væri ekki til þess, til allra lukku var Gunna þá nýkomin heim frá Sauðafelli. Jeg lagði á stað með Cent. sem var talsvert seinkað, og það því fremur sem jeg í þann svipinn fjekk brjef frá próffessor Grann, sem Dagmar hafði talað við, er hún var í Höfn og hann hvatti til þess sama.

Við höfum haft góða ferð um Ísland, og Þorbj. líður furðanlega vel nú sem stendur, þó hefur hún haft Vinerteanfald á leiðinni. Hvort jeg svo á að leggja hana nú í Klinik (Roosings) eða spítala þegar til Hafnar kemur, veit jeg ekki, og er víst ekki hægt að segja það, fyrir en þangað kemur. Ef til vill gætir þú spurt próf. Grann um það. við eigum, hefi jeg heyrt að koma við í Christianssand á leiðinni, ef til vill væri rjett, að jeg fengi Politiken sent þangað. Jeg skrifa þetta nú í því augnabliki, sem við komum, kannske jeg skrifi línu áður en við förum væntanlega á morgun. Engar frjettir frá Íslandi. Með kærri kveðju til Gunnu. Þinn elsk. bróðir, Klemens.

Akureyri 3ja jan 1902

Kæri bróðir!

Bestu þakkir fyrir þitt góða brjef, nú með Egil, það er skömm að jeg hef svo lengi látið dragast að skrifa þjer, sömuleiðis Emmu sem á mörg brjef hjá mjer, en jeg bið ykkur bæði virða mjer til vorkunnar, alt hefur gengið mjer svo mjög á móti, að jeg gái mín varla eins og vera ætti, jeg þakka þjer kærlega öskjunar.

Já þettað hefur verið hörmúnga tíð fyrir okkur hjer heima, það var óttalegur dagur sá 19. des. honum gleimi jeg víst ekki á meðan jeg lifi, að standa ein með gamalmenni og börn, og eina huglausa stúlku, það er ekki gott, jeg setti mjer strags að vera róleg, þegar jeg sá að alt ætlaði að fara, og það var jeg líka, annars hefði víst ekki farið vel, í það minnsta hefur ekki mikið farið út, af bókum pabba, ef jeg hefði ekki verið, því hann ætlaði alveg að gugna þegar hann sá að ætlaði að brenna hjá okkur, og sagði að það væri ekki til neins að reyna að bjarga og ætlaði helst að sitja inni með alt saman, jeg stökk út, fjekk mjer duglegan mann, og bað hann að annast pabba og bækurnar, dreif öll ver og pakka inn, og svo gekk alt vel svo að alt sem uppi var fór út, en tveir kassar voru í pakkhúsinu sem brunnu.

Pabbi er opt ósköp hugfallin yfir þessu öllu, og hefur tapað sjer fjarska mikið síðan sem von er, það var aumast að Klemens var ekki heima, það hefði farið eitt-hvað öðruvísi en fór ef hann hefði verið við, því hjer er eingin stjörn á neinu síðan

hann fór, það segja líka allir, og þrá heimkomu hans, því þó það líti svo út sem Eyfirdingar sjeu honum óhollir, þá er það einhver misskilningur sem jafnar sig aptur, en stór skömm er þettað fyrir þá, að hafa ráðist á hann í fjærveru og iðrast víst flestir eptir að sögn.

Okkur líður yfirleitt svo vel sem hægt er undir þessum kringumstæðum, jeg er vongóð um betri daga, bara að Þorbjörgu gæti batnað, það er þúngur kross sem er lagður á þaug, bæði þau hjón, Kl. á nú part í honum, aumínga Klemens, mjer þyk-ir vænt að heira að Emma hefur verið Þorbj svo góð, hún þarf þess með, hún er þjád á sál og líkama, hún getur ekki gleimt dreingnum sínum, það skil jeg vel, hún sem móðir, því jeg á svo bággt með að sætta mig við að missa hann, hann var minn hjartans dreingur, sár sem seint grær, góði bróðir, en ekki tjáir um að tala,

Systurnar biðja kærlega að heilsa, þær eru mjer þægar og eptirlátar og fer vel fram, andlega og líkamlega. Heilsaðu innilega Emmu og Jóni, Emma má ekki vera reið við mig þó jeg skrifi ekki núna, segðu henni í kyrþey að það sem hún sendi mjer í sumar hafi jeg mist í brunanum, hún skilur hvað það þýðir, líði þjer ætíð sem best, þín elskandi systir Gunna.

Fyrirgefðu flitin, skipið er rjett að fara.

Akureyri 14. apríl 1902

Kæri Finnur!

Loksins komst jeg þó hingað 2. apríl eptir langa og stranga útivist. Þú hefur náttúrulega frjett það, að Vesta komst ekki að vestanverðu lengra en móts við Patreksfjörð, snéri svo aptur til Víkur, og hún kom þangað fáeinum tímum áður, en póstur átti að fara. Jeg bjó mig út eptir föngum, auðvitað var hann alltof lítilfjörlegur í slíka langferð, og svo var nú farið á stað. Sig. Bríem og Sig. Thor fylgdu mjer uppí Mosfellssveit. En sú ferð, hesta fjekk jeg hjá pósti norður að Stað, ljelegar bykkjur, enda var nú ekki hart farið, 11 daga á leiðinni. Færið mátti lengi vel heita afbragð, en frostið þó 15-20° ásamt ofsastormi á norðan gerði ferðina allt annað en tiltalandi, einn dag vorum við bráðteptir í einu ljelegasta kotinu á Hvalfjarðarströnd, gott veður fengum við þó yfir Holtavörðuheiði, á Blöndós fjekk jeg hest hjá Gísla sýslumanni, og forresten bestu viðtökur.

Við Öxnadalshéiði kom fyrst ófærðin, en þá var hún líka að gagni. Hálfkalinn og kvefaður kom jeg á Akureyri, en hefi annars ekki kent mjer neins, sem er furða mikið. Þegar hingað kom, hittist svo á, að Anna, var nýlögst í skarlatssótt svo heimkoman var ekki hlý, ofan á allt, veikin hefur samt verið mjög væg, hún er nú öll að flagna, Anna mín, og jeg byst við að hún fari nú bráðlega á fætur. Kara kennir sjer einskis meins, hún er stór og þrekin, enda borðar alt. Sökum veikinda Önnu þá erum við ekki að segja þeim systur lát móður þeirra. En nú ætlum við að gera það næstu daga, það er það, sem jeg kvíði mest fyrir, en auðvitað verður sorgin sárust fyrst. Þú getur trúað, að systurnar urðu fegnar heimkomu minni eins

pabbi og Gunna, og á allri sýslunni hefi jeg fengið [], og góðar óskir svo jeg get ekki kvartað yfir viðtökunum. – Jeg fjekk fljótt mikið að starfa, sýslufundur stóð fyrir dyrum, og er nú nýafstaðinn eptir 5 daga setu, svo jeg get varla sagt, að jeg hafi getað snúið mjer við, þar við bætist, að jeg hefi orðið að vera á 2 politiskum fundum.

Menn hjer í bæ voru almennt gramir við Saurbæjunga útaf undirróðri þeirra hér, – víða í sýslunni eru menn það einnig – þeir boðuðu því til fundar um daginn, og þar var samþ. í einu hljóði traustsyfirlýsing til mín, og óbeit á framferði Vaunb. Á þessum fundi var borið á mig ósköp af lofi, en farið af ýmsum niðrandi orðum um Stefán í Fagraskógi, sem þar að auki var grunaður, og það með rjettu um að hafa verið í vitorði um þennan gauragang gegn mjer. Stefán var á fundinum og sagði ekki eitt einasta orð og þótti það hneyksli mikið. Nokkrir kunningja hans hjer kvöttu hann því til að boða til nýs fundar, daginn eptir, og það gerði hann, en fjekk þá öllu verri útreið en daginn áður. Jeg held, að jeg talist alveg viss, en hvar hann verður, er eigi gott að segja; nú á jeg auk þess eptir, að halda fund með mönnum, og halda manntalsþing, og tala þar við bændur, en þau falla til rjett fyrir kjörfund. Ef þú vilt fylgja með í kosningarbaráttunni hjer verður þú að lesa Norðurland því Bjarni Stefnisritstjóri ætlar ekki að minnast á kosningar eptir því, sem hann hefur sagt mjer; hann er með mannanafn en er undir commando af Júlíusi amtsskrifara, sem er Loki Laufeyjarson allstaðar þar sem hann getur, og er pottur og panna því fyrstur í öllu þessu uppþoti gegn mjer.

Hjer er heldur harðindalegt, ís allstaðar úti fyrir, eigi inni á Eyjafirði, svo mikinn snjó og nú hefi jeg aldrei sjð fyr, síst í apríl, þau 11 ár, sem jeg hefi verið hjer, Kaupmenn uppiskroppa með flest. Jeg hef reiknað út, að jeg get fengið bæjar fríkost til krossmessu, en ekki lengur. víðast virðast vera nóg hey, svo ástandið er eiginlega ekki ískyggilegt enn, og verður ekki fyrst um sinn. Þú getur trúað því kæri Finnur, að það var heldur ömurlegt að horfa yfir brunarústirnar, það var hryggðarsjón, og svo þau húsakynni, sem við höfum nú, drottinn minn góður, nú þau gætu auðvitað verið verri, við höfum engar muþlur, get ekki einu sinni haft skrifborðið mitt hjer og enga bók, hvað segir þú um það, það finnst varla nokkur bók hjá okkur feðgunum, það þykir okkur nú verst, eins og þú getur nærri. Jeg kom hingað náttúrliga allslaus í görmunum sem jeg stóð í, og varð því strax að láta búa mjer til nýjan fatnað.

Það var mikil heppni, að jeg tók ekki kistuna með í þetta sinni. Blessaður láttu hana ekki koma fyrir en í sumar, að ugglaust er um, að ís geti hindrað skipaferðir; jeg treysti þjer til að sjá um það á sem bestan hátt.

Brjef þitt sem átti að ná mjer í Stavanger skrifað 1. mars fjekk jeg með austanpósti í gær. Bið kærlega að heilsa Jóni og Emmu og allri familiunni, og óska ykkur góðrar heilsu og vellíðunar. Þinn elsk. bróðir Klemens.

Náttúrl. biðja Pabbi, Gunna og krakkarnir að heilsa.

Akureyri 31 júlí 1902

Kæri bróðir!

Ekki man jeg hvert jeg hef brjef að þakka þjer, eða þú mjer, en ef það er jeg, þá gjöri jeg það hjer með.

Aðeins fáar línur ætla jeg að hripa þjer nú, með Egil, helst þess vegna að Klemens bað mig að senda þjer með fyrstu ferð, Silfurkross sem gefin var á kistu Þorb. sál, og sem á að greipast inn í legsteininn, þettað veistu nú víst alt áður því hann skrifaði þjer daginn sem hann fór, og sendi með einhverju skipi, en þorði þó ekki að senda krossin af því að ferðin var ekki viss, en nú fæ jeg ekki þá, á pósthúsinu til að taka kassan, þeir segja að þakkin megi ekki takast, nú ætla ætla jeg að biðja þig, að láta ekki fullgjöra steinin, fyrr en eptir að „Vesta“ kemur út, því með henni sendi jeg, krossin, blessaður sjáðu um að þettað takist vel, Kl. er það töluvert áhugamál, að krossin komist í eða á steinin, Okkur líður við þettað sama bærilega heldur vel, frísk, Pabba fer fjarska aptur, enda fer hann, að eldast, hann er að verða eins og barn, aumínga karlin, svo hefur hann altaf óhreinan hósta, annars daglega frískur, nú er búin grunnur undan hús Kl. og á að birja á grindinni eptir þann 5 n. k. mánaðar, jeg þori varla að hlakka til að komast í betra húsnaði því margt getur komið þar á milli, í 3 mánuði, en jeg vona samt að við þurfum ekki að vera annan vetur til á hrakningi.

Það getur eingin ímyndað sjer alla þá örðugleika sem jeg hef haft við að stríða, síðan í vetur að brann, alt okkar dót sem náðist er hingað og þangað, geimist, sumt vel og sumt ílla, eins og gengur, en það dugar ekki að festa hugan við þettað, nema taka það eins og það er, jeg er glöð yfir að geta orðið Kl. til liðs í þessum hans bágu kríngumstæðum, því guð veit að hann á og hefur átt bágnt nú í nokkur ár, þessvegna gat jeg ómögulega yfirgefið, alt aptur þegar jeg fyrir tveim árum kom heim, jeg sá, að það gat alt komið fyrir, eins og kom á dagin, systurnar eru út á Möðruvöllum nú í nokkra daga, þær voru heldur glaðar yfir þeim túr, óttalega köld tíð, frost á hverri nóttu heilt niður í bygð, snjóar í fjöll um hádagin.

Heilsaðu kærlega Emmu og Jóni, jeg bið Emmu að bíða eptir brjefi þar til seinna, jeg hef svo mikið að gjöra, jeg er að sauma tjald og búa út í heiskapin, líði þjer og ykkur eins vel og best fær óskað, þín elskandi systir Gunna.

Guðrún hugsaði um heimili Klemensar allt til ársins 1908 og gekk dætrum hans í móðurstað. Í október 1908 gekk Klemens að eiga unga konu, Önnu Maríu Schiöth og átti með henni tvö börn, Agnar Klemens sem fæddist í október 1909, og Ölmú Valborgu sem fæddist ári seinna. Alma Valborg lést 1919, aðeins átta ára gömul. Hún var þriðja barnið sem Klemens missti því Karen Emilie dó árið 1911.

Guðrún bjó áfram á heimili bróður síns eftir að hann gekk að eiga Önnu

Maríu og var í huga barnanna sem eftir lifðu órjúfanlegur hluti af fjölskyldunni. Í eftirmála að sjálfsævisögu Guðrúnar minnst Agnar Klemens hennar með þessum orðum:

Guðrún var í miklum metum hjá allri fjölskyldunni, bæði systkinum sínum, börnum þeirra og öðrum vandamönnum. Hún gekk alltaf undir nafninu „tanta“ eingöngu og þótti góður gestur, hvort sem hún kom í heimsókn til Ingólfs bróður síns í Stykkishólmi, en honum gekk hún í móðurstað, Guðnýjar systur sinnar að Sauðafelli í Dölum, eða til Önnu bróðurdóttur sinnar, meðan hún var prestsfrú á Hesti. Hún kom oft, ef hún gat aðstoðað, og gafst þá ekki upp við erfið ferðalög, því hún var vön að fylgja fram því, sem hún ætlaði sér, og var reiðubúin að leggja sig alla fram fyrir þá, sem henni þótti vænt um.¹

Godsögnin um Guðrúnu Borgfjörð lifir góðu lífi. Í minningunni, sem varðveist hefur mann fram af manni, er hún harðgerð kona en jafnframt fórnfús, ætíð reiðubúin að fórna eigin hagsmunum fyrir þarfir fjölskyldunnar og rétta öðrum hjálparhönd. Hvort sú lýsing er einföldun á annars margslungnum persónuleika Guðrúnar Borgfjörð eiga bréfin hér að framan að geta gefið vísbandingu um.

1 Agnar Klemens Jónsson, „Eftirmáli.“ Guðrún Borgfjörð, *Minningar*, bls. 178-179.

Heimildaskrá

Skráin sem hér fer á eftir er yfir þær heimildir sem nýttar eru í bókinni. Mun fleiri heimildir sem varða fjölskylduna, er að finna í handritadeild Landsbókasafns og Det kongelige Bibliotek í Kaupmannahöfn. Þess má og geta að enn er nokkuð magn heimilda í eigu afkomenda þeirra sem hér koma við sögu.

Prentaðar heimildir

Caputo, John D., (ritstj.) *Deconstruction in a nutshell: A conversation with Jacques Derrida* (New York, 1997).

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Sveitalífið og Reykjavíkurlífið* (Reykjavík, 1894).

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna* (Reykjavík, 1888).

Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna.“ *Fjallkonan* 11-12 (1859), bls. 45-46.

Finnur Jónsson, Páll Briem og Skúli Thoroddsen, *Brjef til Íslendinga um lærða skólann frá Velvakanda og bræðrum hans* (Kaupmannahöfn, 1882-1883).

Finnur Jónsson, „Af Finnur Jónsson Saga.“ *Íslands Aarbog 1934* (Kaupmannahöfn, 1934).

Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*. Safn Fræðafjelagsins X. bindi (Kaupmannahöfn, 1936).

Foucault, Michel, „Skipan orðræðunnar.“ Gunnar Harðarson þýddi. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskíj til Foucault*. Fræðirit Bókmenntafræðistofnunar 7. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir ritstýrðu (Reykjavík, 1991).

Foucault, Michel, *The History of Sexuality: Volume 1: An Introduction*. Robert Hurley þýddi (New York, 1990).

Foucault, Michel, *Discipline and Punish: The Birth of the Prison*. Alan Sheridan þýddi (London, 1977).

Guðrún Borgfjörð, *Minningar* (Reykjavík, 1947).

Jón Aðils, *Merkir Íslendingar*. Nýr flokkur I (Reykjavík, 1962).

Páll Briem, „Menntun barna og unglunga.“ *Lögfræðingur* 4 (1900), bls. 86-95.

Ragnhildur Richter, *Lafað í röndinni á mannfélaginu. Um sjálfsævisögur kvenna* (Reykjavík, 1997).

Óprentaðar heimildir

Einkaskjöl

Klemens Jónsson: Handrit að sjálfsævisögu Klemensar Jónssonar. Handritið er í vörslu afkomenda Klemensar.

Sigrún Sigurðardóttir, „Frelsi einstaklingsins felst í vitund hans sjálfs. Tjáning og tilfinningar nokkurra einstaklinga í samfélagi 19. aldar.“ Ritgerð til B.A prófs í sagnfræði (Háskóli Íslands, 1998).

Lbs: Landsbókasafn Íslands. Handritadeild

ÍB 96 fol.a – Bréf frá Guðnýju Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings.

ÍB 96 fol.b – Bréf frá Emmu Herazeck Jónsson til Jóns Borgfirðings.

ÍB 96 fol.b – Bréf frá Finni Jónssyni til Jóns Borgfirðings.

ÍB 96 fol.b – Bréf frá Guðrínu Borgfjörð til Jóns Borgfirðings.

ÍB 96 fol.b – Bréf frá Jóni Finnssyni til Jóns Borgfirðings.

ÍB 101 fol.a – Bréf frá Sigurjónu Jónsdóttur til Jóns Borgfirðings.

ÍB 102 fol.a – Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Jóns Borgfirðings.

ÍB 976 8vo – Stutt æviágrip Jóns Borgfirðings, 1860-1884.

ÍB 977 8vo – Dagbækur Jóns Borgfirðings.

NKS: Ny kongelig Samling. Det kongelige Bibliotek. København

NKS 4597 4to – Bréf frá Finni Jónssyni til Önnu Guðrúnar Eiríksdóttur.

NKS 4597 4to – Bréf frá Önnu Guðrínu Eiríksdóttur til Finns Jónssonar.

NKS 4597 4to – Bréf frá Guðrínu Borgfjörð til Finns Jónssonar.

NKS 4597 4to – Bréf frá Guðnýju Jónsdóttur til Finns Jónssonar.

NKS 4597 4to – Bréf frá Ingólfi Jónssyni til Finns Jónssonar.

NKS 4597 4to – Bréf frá Jóni Borgfirðingi til Finns Jónssonar.

NKS 4597 4to – Bréf frá Klemensi Jónssyni til Finns Jónssonar.

NKS 4597 4to – Bréf frá Vilhjálmi Jónssyni til Finns Jónssonar.

